

---

# Blöndulína 3: Fornleifaskráning vegna úttektar á línukostum

---



Fyrri hluti

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Gylfi Helgason,  
Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmisdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir,  
Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir, Sædís  
Gunnarsdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson

---

Fornleifastofnun Íslands

FS818-20282

Reykjavík

2021

---



*Forsíðumyndin er af stekk EY-229:004 á Geirhildargörðum í Öxnadal. Horft er til norðurs.  
Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands ses 2021  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík

Sími: 551 1033  
Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)  
Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Sumarið 2020 vann Fornleifastofnun Íslands skráningu fornleifa vegna endurskoðunar á línukostum fyrir Blöndulínu 3. Áætlað er línun að liggi milli Akureyrar og Blönduvirkjunar. Við skráninguna voru áhrifasvæði allra línukosta gengin og minjar á þeim skráðar. Samanlögð heildarlengd áhrifasvæða línukostanna er um 220 km og öll eru þau 300 m á breidd. Að auki voru könnuð 49 efnistökusvæði tengd framkvæmdunum.

Við fornleifaúttekt vegna samanlagðra línukosta Blöndulínu 3 voru samtals skráðar 624 fornleifar á 475 minjastöðum og birtast upplýsingar um þær í skýrslunni. Ekki er búið að ákveða endanlega hvar þungamiðja framkvæmdanna verður en í skýrslunni er aðaláhrifasvæðið skilgreint sem 50 m breitt belti út frá miðlínu þess. Fornleifar innan þessa beltis teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna. Aðrar fornleifar innan áhrifasvæðis teljast hins vegar í hættu vegna þess rasks sem gjarnan fylgir stærri framkvæmdum sem þessum. Einhverjar minjar voru skilgreindar í engri hættu en þá er vitað að öll ummerki minjanna eru horfin. Niðurstaða hættumatsins fyrir alla línukostu var sú að 167 fornleifar teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna, 433 fornleifar í hættu en 23 fornleifar sem skráðar voru á áhrifasvæðinu voru ekki í hættu, oftast vegna þess að öll ummerki voru þegar horfin. Nokkuð misjafnt er hversu margar fornleifar eru í hættu vegna hvers línukosts og hefur nálægð línulegu við heimatún og selstæði þar nokkur áhrif.

Lagt var mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar en einnig var lagt mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Alls töldust 146 fornleifar hafa mjög mikið gildi, 147 með mikið gildi, 272 fornleifar með nokkurt gildi og 59 með lítið gildi.

Ljóst er að framkvæmdin mun hafa talsverð neikvæð áhrif á fornleifar og menningarlandslag á svæðinu óháð því hvaða línukostir verða teknir til framkvæmda.

Efnisorð: Blöndulína, Eyjafjörður, Skagafjörður, Húnavatnssýsla, Mannvit, Fornleifastofnun Íslands, fornleifar, fornleifaskráning

## Summary

The Institute of Archaeology (*Fornleifastofnun Íslands*) undertook an archaeological survey during the summer of 2020 to re-evaluate the power line options for the construction of *Blöndulína 3*. The proposed power line lies between Akureyri and the Blönduvirkjun power plant. During the surveying all archaeological remains located

at impact areas were registered. The total combined length of impact areas was approximately 220 km, but each area was 300 m wide. Additionally, 49 quarry areas were surveyed.

The information concerning a total of 624 archaeological remains, registered at 475 heritage sites during the survey, are published in the report. As the precise location of the construction has not yet been determined the main impact area is identified in the report as a 50 m wide section stretching from its centre line. Archaeological remains contained within the section are considered to be at high risk due to the construction. Other archaeological remains located within impact areas are additionally considered to be at risk due to possible disruption caused by such a large scale construction. If a heritage site had lost all traces of remains it was defined as not at risk. The conclusion of the survey is that 167 archaeological remains are at high risk due to the construction, 433 archaeological remains are at risk while 23 remains were determined as not at risk. The number of archaeological remains at risk varies depending on the line options, as they were effected by a line's orientation in relation to heritage sites in the area.

The possible effect on archaeological remains caused by the construction was evaluated in keeping with the National Planning Agency's guidelines. Additionally, the heritage value of remains were evaluated and countervailing procedures were proposed, as well as monitoring. 146 archaeological remains were found to have a great heritage value, with 147 having a considerable value, 272 having some value and 50 having little value.

Evidently, the proposed construction will have a substantial negative effect on heritage sites in the area.

Keywords: Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, Mannvit, Eyjafjörður, Skagafjörður, Húnavatnssýsla, Blöndulína power line

Efnisyfirlit

Fyrri hluti:

1. Inngangur	11
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	13
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	15
4. Fornleifaskrá	17
4.1 Eyjafjörður	
EY-193 Langahlíð	17
EY-195 Hallfríðarstaðir	17
EY-207 Ásgerðarstaðir	18
EY-208 Ásgerðarstaðasel	23
EY-209 Flögusel	27
EY-212 Einhamar	31
EY-213 Bás	39
EY-214 Búðarnes	41
EY-215 Staðartunga	44
EY-219b Bakkasel	58
EY-226 Gil	60
EY-227 Gloppa	62
EY-228 Fagranes	72
EY-229 Geirhildargarðar	75
EY-232 Þverá	79
EY-233 Steinsstaðir	84
EY-234 Efstaland	85
EY-235 Efstalandskot	88
EY-237 Neðstaland	89
EY-238 Syðri-Bægisá	90
EY-254 Grjótgarður	92
EY-255 Laugaland	94
EY-257 Krossastaðir	95
EY-258 Steðji	97
EY-259 Ás	98
EY-260 Neðri-Vindheimar	104
EY-261 Efri-Vindheimar	106
EY-262 Neðri-Rauðilækur	108
EY-264 Ytri-Bægisá	110
EY-266 Efri-Rauðilækur	113

EY-268	Skógar	114
EY-269	Vaglir	117
EY-270	Skútar	119
EY-272	Sílastaðir	119
EY-277	Syðri-Brennuhóll	120
EY-284	Hraukbær	122
EY-287	Ásláksstaðir	122
EY-288	Hrappsstaðir	123
EY-291	Lögmannshlíð	125
EY-651	Fornleifar á afrétti Skriðuhrepps	127
EY-661	Fornl. á fleiri en einni jörð Glæsibæjarh.	136

#### 4.2 Húnavatnssýsla

HV-249	Eiðstaðir	137
HV-273	Eyvindarstaðir	140
HV-275	Bollastaðir	144
HV-279	Stafn	148
HV-281	Kúastaðir	149
HV-284	Hóll	156
HV-289	Barkarstaðir	157
HV-290	Torfastaðir	159
HV-292	Eiríksstaðir	161
HV-701	Fornleifar á fleiri en einni jörð	162

#### 4.3 Skagafjörður

SK-085	Vatnsskarð	164
SK-086	Valadalur	165
SK-087	Valabjörg	167
SK-088	Brekka	168
SK-091	Kirkjuhóll	172
SK-092	Víðimýri	179
SK-092b	Víðimýrarsel	184
SK-096	Syðra Vallholt	186
SK-116	Kolgröf	187
SK-117	Álfgeirsvellir	189
SK-118	Yztavatn	199
SK-120	Syðstavatn	204
SK-121	Brekkukot	206
SK-122	Mælifellsá ytri	208

SK-123	Mælifellá syðri	212
SK-125	Mælifell	217
SK-126	Hamarsgerði	222
SK-127	Starastaðir	224
SK-159	Brúnastaðir	225
SK-162	Litlidalur	226
SK-163	Litladalskot	228
SK-167	Steinstaðir	231
SK-168	Vindheimar	232
SK-169	Reykir	236
SK-170	Reykjagerði (Reykjasel)	237
SK-174	Daufá	238
SK-175	Saurbær	239
SK-176	Brenniborg	241
SK-177	Kríthóll (Kryddhóll)	242
SK-178	Stokkhólmi	245
SK-202b	Gulreitur (Víðivellir)	246
SK-220	Flatatunga	246
SK-222	Egilsá	250
SK-223	Borgargerði	252
SK-224	Krákugerði	255
SK-225	Hálfvánartungur - Silfrastaðaafreittur	260
SK-641	Fornleifar á fl. 1 jörð	269
SK-651	Fornleifar á fl. 1 jörð	269

#### 4.4 Jarðir þar sem ekki fékkst leyfi fyrir vettvangsúttekt

EY-231	Hólar	274
EY-265	Garðshorn	276


Seinni hluti:

5.	Niðurstöður	279
5.1	Hættumat	280
5.2	Fornleifar innan línukosta og mat á gildi þeirra	281
	Línukostur A1: Kiðaskarð	284
	Línukostur A2: Vatnsskarð, vestari leið	296
	Línukostur A2: Vatnsskarð, eystri leið	301

Línukostur B1: Efribyggð	306
Línukostur B3: Héraðsvötn	311
Línukostur B4: Breytingar á Héraðsvatnaleið	316
Línukostur C1: Hörgárdalur	321
Línukostur C1b: Hörgárdalur	334
Línukostur C2: Öxnadalur	348
Línukostur C2: Belti á Moldhaugahálsi	363
5.3 Námur	364
5.4 Breytingar á línukostum og námum	375
6. Helstu niðurstöður	383
6.1 Samantekt um áhrif línukosta C1 og C1b	384
6.2 Samantekt um áhrif línukostar C2	385
6.3 Samantekt um áhrif línukosta A1, A2 og B1	385
6.4 Samantekt um áhrif línukosta B3 og B4	386
6.5 Námur	386
Heimildir	387
Viðauki I: Tafla skráðar fornleifar	397
Viðauki II: Minjakort	421







# 1. Inngangur

Til stendur að endurnýja Blöndulínu á milli Blönduvirkjunar í Húnavatnssýslu, um hluta Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu, að Akureyri. Tilgangurinn er að styrkja flutningskerfi raforku á Norðurlandi. Í tengslum við gerð umhverfismats vegna framkvæmdanna (Blöndulínu 3) hafði verkfræðistofan Mannvit samband við Fornleifastofnun Íslands, fyrir hönd Landsnets, og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa vegna verksins. Fyrir liggur eldra umhverfismat en með tilliti til breytinga, m.a. kröfu um úttekt á fleiri línukostum, var þörf var á nýju mati. Fornleifastofnun Íslands skráði minjar vegna eldra umhverfismats Blöndulínu árið 2008.<sup>1</sup> Þar voru línukostir B1 og B3 settir fram í Akrahreppi og Skagafirði, C2 í Eyjafirði og Hörgárbyggð og A2 í Húnavatnshreppi. Í þeirri úttekt sem hér er til umfjöllunar haldast þeir línukostir í nánast óbreyttri mynd en talsvert margir línukostir bætast við. Nýir línukostir voru umfangsmeiri en eldri tillögur og kallast A1, A2, B4, C1 og C1b. Að auki er í skýrslunni fjallað lauslega um C2, belti á Moldhaugahálsi sem ekki var skoðuð á vettvangi. Upplýsingar um það bættust við eftir að öllum vettvangsrannsóknum var lokið. Allir línukostirnir eru sýndir á yfirlitskortu hér til hliðar en umfjöllun um hvern línukost er að finna í skýrslunni. Áhrifasvæði línukostanna var 300 m breitt og samanlögð heildarlengd áhrifasvæða línukostanna er um 220 km. Auk áhrifasvæða línanna voru 49 efnistökusvæði tengd framkvæmdunum tekin út sumarið 2020. Áhrifasvæði framkvæmda liggur í gegnum lönd tæplega 130 lögbýla<sup>2</sup> í fimm sveitarfélögum (Akureyri, Hörgársveit, Akrahreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði og Húnavatnshreppi) í þremur sýslum (Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu).

Fornleifaskráningin var unnin sumarið 2020. Samtals eru þekktar tæplega 3000 fornleifar innan þeirra lögbýla sem skráningin náði til en stór hluti þeirra eru utan við áhrifasvæðið. Úttektin sem gerð var að þessu sinni laut að aðferðafræði svonefndrar deiliskráningar. Gengið var skipulega um öll ný áhrifasvæði, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki um fornleifar mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Úttekt á þeim áhrifasvæðum sem rannsökuð höfðu verið í eldri skráningu frá árinu 2008 fór þannig fram að allar þekktar fornleifar voru heimsóttar aftur, eldri skráning endurmetin og minjar mældar upp. Þessi úttektarsvæði voru því ekki þaulgengin aftur. Á áhrifasvæðum þeim sem skýrsla þessi nær til (áhrifasvæði línu og efnistökusvæða) fundust 624 fornleifar á 475 minjastöðum og birtast upplýsingar um allar þessa minjar í skýrslunni. Rétt er að geta þess að ekki fékkst leyfi til vettvangsrannsókna á þremur jörðum og sérstaklega er fjallað um þær í kafla 4 í skýrslunni. Áður en gengið var um hverja landareign var rætt við ábúendur á jörðinni til að afla frekari upplýsinga um staðhætti og fornleifar og fá leyfi til að fara um jörðina.

1 Eva K. Dal, 2008.

2 Farið er eftir lögbýlaskrá frá miðri 18. öld, sjá nánar í kafla 3.

Ábúendur tóku almennt mjög vel á móti skrásetjurum og fá þeir sérstakar þakkir fyrir góðar móttökur og hjálpsemi.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur, sá um verkstjórn og ritun skýrslu. Um vettvangsvinnu sáu Ragnheiður Gló, Kristborg Þórsdóttir, Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir, og Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingar, auk Sigrúnar Drífu Þorfinnsdóttur, fornleifafræðinema. Lilja Laufey sá um alla myndvinnslu og kortagerð.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla er yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands og aðferðafræði. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir niðurstöður úttektarinnar. Að beiðni Mannvits er að finna tvenns konar nýjungar í skýrslunni. Annars vegar var minjagildi fornleifa innan úttektarsvæðisins metið og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið og hins vegar eru í skýrslunni settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Umrætt mat á minjagildi og tillögur að mótvægisáðgerðum eru byggðar á álitum sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun síðar í ferlinu leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og

bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,  
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,  
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,  
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,  
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,  
i. skipsflök eða hlutar þeirra.  
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgrftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist eininganúmer aftan við (dæmi: EY-162:001\_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: EY-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu. Enn er ekki að fullu ljóst hvar innan áhrifasvæðis línulögnin verður nákvæmlega en við vettvangsvinnu og

úrvinnslu var miðað við ákveðna miðlínu og aðaláhrifasvæði framkvæmda skilgreint sem 50 m breitt belti frá umræddri línu. Fornleifar innan þess voru því taldar í *stórhættu* vegna framkvæmda. Aðrar fornleifar innan áhrifasvæðis (þá á bilinu 51-150 frá miðlínu) voru taldar í almennri *hættu* vegna þess rasks sem gjarnan fylgir stærri framkvæmdum og óvissu um endanlega staðsetningu mannvirkja. Í öllum tilfellum er því nauðsynlegt að sýna aðgát við framkvæmdir til að tryggja að slíkum stöðum verði ekki raskað. Nokkrir minjastaðir sem koma við sögu voru skilgreindar í *engri hættu* en ástæðan var þá sú að ljóst þótti að öll ummerki minjanna væru þegar eru horfin og því gæti framkvæmdin ekki ógnað þeim frekar en orðið var. Einstaka fornleifar voru skráðar fast utan áhrifasvæðisins og töldust þær ekki í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna en voru skráðar sökum nálægðar við mörk framkvæmdasvæðis en í öllum tilfellum náði friðhelgað svæði umhverfis minjarnar (sem er 15 m) inn fyrir mörk framkvæmdasvæðis. Þrjár friðlýstar minjar sem voru enn lengra frá áhrifasvæðinu voru skráðar þar sem helgunarsvæði þeirra er 100 m frá ystu mörkum minja og náði því inn fyrir áhrifasvæði framkvæmdanna.


Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens    Númer fornleifar á tiltekinni jörð    Sérheiti    Tegund    Hlutverk    Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn    **SP-175-009**    **Sveinshlaða**    **tóft**    **hlaða**    **E: 528751 N: 352323**



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppstilling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar    Hætta sem stoðjar að fornleif

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

*Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands*



## 4. Fornleifaskrá

### 4.1 Eyjafjörður

EY-193 Langahlíð

30 hdr.1712. Bændaeign. JÁM X, 138.

Lönguhlíðar (eða Efri-Lönguhlíðar) er getið í Sturlungu I (útg. 1988, 147) en samkvæmt henni fékk Björn Steinmóðsson prestur á Öxnhóli konu sinni, Birnu Guðmundardóttur bústað á jörðinni 1197 eftir að hann skildi við hana.

1387: Bæjarins er fyrst getið (í framhjálaupi) í Íslensku fornbréfasafni árið 1387. DI III, 396-397.

1394 og 97: Minnst er á bæinn (þ.e. Syðri-Skriðu) í framhjálaupi í kaupbréfi annarra jarða 1394 og 1397. DI III, 504 og 621.

1839: Samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 eyddist bærinn 1769 af skriðuföllum og aftur um vorið 1795 en þá “umveltist gjörsamlega með húsum og 1/2 túni bærinn Lönguhlíð” SSE, 138.

“Eyðibýlin Hallfríðarstaðir og Hallfríðarstaðkot, sem fóru í eyði 1962, eru nytjuð af Lönguhlíð. Bærinn stendur rétt ofan Hörgárdalsvegur um miðbik Lönguhlíðarfjalls og nær landið frá Skriðu að Hallfríðarstöðum frá fjalli niður að Hörgá” segir í Byggðum Eyjafjarðar (BE), 450.

Túnstærð 1917: 7,6 ha. Sléttað tún 2/5, sáðreitir 200. “Skógarhögg segja menn að jörð þessi eigi á Staðartungu jörðu, en til ummerkja þykjast þeir ei kunna að segja.” Torfrista er hjer lök og lítt brúkandi,...” segir í JÁM, 138. “Viðáttumiklar grashlíðar eru þarna meðfram fjallinu og allmiklir bakkar meðfram Hörgá sem þó hafa eyðst af ágangi árinna á seinni árum.” BE, 450.

**EY-193:020** frásögn rétt

A 527408 N 577454

Kristján Hermannsson, fyrrverandi ábúandi í Lönguhlíð, man eftir rétt, um 200 m neðan (suðaustan) við bæ 001, austarlega í núverandi túni. Svæðið er um 140 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Engin ummerki réttarinnar sjást nú enda hefur hún verið sléttuð í tún.

Réttin var aðeins fyrir Lönguhlíð og samanstóð úr einum dílk og almenning. Hún var hlaðin úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-195 Hallfríðarstaðir

30 hdr.1712. Bændaeign. Einnig nefnt Hallfríðarstaðir Syðri.

Á bæinn er getið í framhjálaupi í Sturlungu I (útg. 1988, 149).

1396: Upplýsingar um jörðina hafa varðveist í sölubréfi í Íslensku fornbréfasafni frá 1396: “Jón Þorbjarnarson selr Böðvari subdjákn Ögmundarsyni jörðina Hallfríðarstaði í Hörgárdal með tilteknum ítökum og landamerkjum fyrir lausafé. [...] hann varð fremst eigandi at með þessum ummerkium. Rædr gardr fiirr utan upp j lækinn [...] selfaur j myrkardal arligha [sbr. 203b: 003]. [...] skogr j tungu jordu [Staðartunga] með þessum ummerkium. Uarda a halsinum fierer sunnan stigadæli [215:030]. Drangsteinn midre uid skuggagotu [sjá 215:009] ok rædr hon ut æ hlas.[...] skildi jon af ser bænhus fyrnd.” DI III, 503-504.

1621: Samþykkir Guðrún Halldórsdóttir kaup sem höfðu átt sér stað milli föður hennar (Halldórs Oddssonar) og Guðbrands biskups Þorlákssonar á hálfum Hallfríðarstöðum og Saurbæ öllum. Jarðabréf frá 16.-17. öld, 220.

1694: Guðbrandur Þorláksson gefur Þorláki litla Halldórssyni 10 hdr jarðapart í Syðri-Hallfríðarstöðum. Jarðabréf frá 16.-17. öld, 228. Sama ár samþykkir Þórunn Benediktsdóttir þennan jörning og gjöf eiginmanns síns til Þorláks Helgasonar. Jarðabréf frá 16.-17. öld, 228.

1839: Samkvæmt Sýslu og sóknarlýsingum (frá 1839) gjöreyddist bærinn í miklum aurskriðum um 1769 [1762 samkvæmt Ferðabók Ólafar Olavíusar] (sjá SSE, 138).

Túnstærð 1917: 4,3 ha (dagsl.13,5). Sléttað tún 2/3, sáðreitir 300. “Tún var greiðfært, en nokkuð harðlengt, fremur snögg, en mjög heygott og fóðraði um fjórar kýr. Útheyskapur var drjúgur og skammt að sækja. Land er þar ekki mikið og útbeit léleg.” Mannfellirinn mikli, 54. Alltaf hafa Hallfríðarstaðir verið taldir til betri, þó að ekki sé þar landmikið.” segir í Búskaparsögu Skriðurhepps forna III, 117. “Íbúðarhúsið stendur syðst við Lönguhlíðarfjall austanvert, uppi undir fjallsrótum.[...] Hallfríðarstaðir hétu áður Hallfríðarstaðir syðri.” BE I, 452.

EY-195:012 varða óþekkt

A 526110 N 575984



Varða EY-195:012, horft til austurs.

Varða er um 760 m SSA við bæ 001 og rúmum 400 m austan við vörðu EY-196:012 sem var á merkjum milli Hallfríðarstaða og Öxnhóls. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þessi varða var hlaðin. Varðan er norðarlega á grjótmel í ræktuðu túni. Hún er 85 m norðvestan við miðlínu fyrirhugðar Blöndulínu.

Melurinn er í miðju, ræktuðu túni. Hann er grýttur og lyng vex inn á milli steina.

Varðan er 2 x 2 m að stærð og 0,2 m á hæð. Hún er brunin til norðvesturs og grjót úr henni sést liggja á melnum. Varðan er hlaðin úr stóru grjóti neðst en smærra grjót er ofar. Það má greina 1-2 greinileg umför grjóthleðslu í henni.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-207 Ásgerðarstaðir

20 hdr. 1712. Konungseign. JÁM X, 146

1447: Minnst á Ásgerðarstaði í reikningum Möðruvallaklausturs frá árinu 1447. "Jtem þessa ero ódajarder claustrærens þer jngen ero kogylde med. Jn primis.[...] Jtem asgeirderstader." DI IV, 712.

Túnstærð 1917: 2,5 ha. Sléttað tún 1/3, sáðreitir 96. "Eigandinn kóngleg Majestat, en liggur undir Möðruvalla



klaustur.[...] Rifhrís til ljettirs við eldivið. Túninu grandar hjer merkilegur vatnsuppgangur. Kvíkfje er hjer mjög hætt fyrir forröðum. Reiðingsrista er hjer engin.” JÁM X, 146 “Ásgerðarstaðir þóttu góð bújörð, beutiland gott og útheyskapur góður en nokkuð raklent umhverfis.” BE 1990, 485. “Flatlendi nokkuð er neðan við bæinn, niður undir ána. Þar var léleg mýri, en nú orðið tún. Ásgerðarstaðir voru taldir meðaljörð í betra lagi, tún til þriggja kúa og drjúgur engjaheyskapur. En snjóþungt er þar og útbeit ekki trygg.» Mannfellirinn mikli, 45. Rósa Guðmundsdóttir, Skáld-Rósa, var fædd að Ásgerðarstöðum 1795. Búsetusaga í Skriðuhreppi forna II, 149. “Nýbýlið Staðarbakki var byggt árið 1939 úr landi Ásgerðarstaða og eru nú Ásgerðarstaðir nytjaðir frá Staðarbakka.» BE, 485. Ásgerðarstaðir fóru í eyði 1979.

**EY-207:001** *Ásgerðarstaðir* bæjarhóll bústaður  
 Ásgerðarstaðir fóru í eyði árið 1979. Síðasta íbúðarhúsið á jörðinni var steinsteypt, án kjallara og stendur það ennþá uppi þó að það sé í talsverðri niðurníðslu. Steinsteypta íbúðarhúsið er fast utan (norðaustan) við gamla bæinn sem stóð á jörðinni áður. Engar leifar sjást um gamla bæinn. Bæjarhóllin er 105 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu. Sléttaður en greinilegur bæjarhóll er á Ásgerðarstöðum. Bærinn hefur verið í miðju gamla túninu. Túnnum hallar til suðausturs.

A 517300 N 567099



*Bæjarhóll EY-207:001, horft til austurs.*

Greinilegur bæjarhóll, mikill og veglegur. Hann er um 65 x 60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllin er allt að 5 - 6 m að hæð. Mikið af ójöfnum eru í bæjarhólnum og grjótdreifar hér og þar en enga mynd er að sjá á nokkrum af þeim leifum sem þar sjást á yfirborði. Samkvæmt Sigurði Skúlasyni og Jóhönnu Margræti Halldórsdóttir, heimildamönnum, var fjós sambyggt gamla bænum og sömuleiðis var fjárhús og hlaða byggð við hann að norðvestan.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-207:002** *Lækjarhús* tóft fjárhús

A 517261 N 567162


Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 50 m ofan og utan (norðan) við bæ 001. Á þessum stað sjást enn tóftir útihússins sem kallað var Lækjarhús þar sem lækur rennur niður túnið fast utan (norðaustan) við tóftina. Tóftin er 47 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu.

Tóftin er á e.k. stali efst í túninu. Neðar (suðaustar) eru sléttuð tún en ofar (norðvestar) er grasi gróinn bratti og klettabelti.

Tóftin er 13 x 14 m stór og snýr nálega suðaustur-norðvestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Sjálft fjárhúsið, A, er 6 x 5 m að innanmáli og snýr h.u.b. norðvestur-suðaustur. Garði gengur eftir því endilöngu og op eru bæði á miðjum suður-útvegg þess og á miðjum norðurvegg, yfir í hólf B, að baki sem líklega hefur verið hlaða/heytóft. Hólf B er 5x2 m að innanmáli og snýr hér um bil norðaustur-suðvestur. Það er að hluta byggt inn í brekkuna fyrir ofan. Ekki er annað op á því en það sem liggur yfir í fjárhúsin og áður er frá greint. Austast í tóftinni er lítið hólf C



*Útihús EY-207:002, horft til suðausturs.*



Skýringar

Fornleifar Náttúrulegt

Torfblið — Kantur

0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af útihúsi EY-207:002.*

sem var hesthúskofi. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr h.u.b. norðvestur-suðaustur. Op er vestast á suðurvegg þess en ekki er það tengt hinum hólfunum tveimur. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og stendur enn ágætlega þó sumir veggjanna séu talsvert farnir að hrynja. Hæð veggja er 1,5 m þar sem mest er.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-207:003** *Hólshús* heimild um fjárhús A 517317 N 567156

Um 30 m utan (NNA) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin hafa staðið ofarlega í túni á hól sem enn er greinilegur í sléttuðu túninu. Útihúsin voru um 100 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu.

Engin ummerki sjást um útihúsið en hólinn sem þau stóðu á, og voru kennd við, er enn greinilegur í sléttuðu túninu. Samkvæmt heimildamönnum var húsið fjárhús sem ætíð var kallað Hólshús. Úr húsunum var sléttað um 1970 en lengi mátti sjá ummerki um þau.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast utan (norðaustan) við Hólshús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-207:005** *Kvíaból* örnefni kvíar A 517224 N 567170

“Brekkan ofan við túnið heitir Kvíaból, en Kvíhóllinn er ofan við Berg,” segir í örnefnaskrá. Kvíabólið er um 100 m ofan (NNA) við bæ 001 og fast ofan við tún. Engar kvíaleifar er nú að finna á þessum slóðum. Miðlína Blöndulínu 2020 liggur 23 m norðvestan við Kvíaból.

Grasi gróið svæði milli tveggja lækjarspræna. Kvíabólið sjálf er ofan túna og girðingar en kvíatóftin kann að hafa horfið í tún fast neðan við þetta svæði. Sigurður Skúlason, heimildamaður mundi ekki eftir tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 49

**EY-207:006** *Víghóll* sögustaður vígi A 517639 N 567543

Í Frásögum um fornaldarleifar 1821 segir: «Víghóll krínglött Hæd rúmlega 20 fadmar um hring, skamt frá Bænum Flögu ... stendur á Hall- enn þó nærstum Sliett-lendi. gomul Relatio er, að þelamerkur Menn hier nedra, hafi vilíad reka Gielfie sitt frítt framm á Land, /: so kallast afrietter lands partur hier í Hörgárdal, enn bondi á Flögu, er helgadi sier þetta pláts, hafi varid vopnum Reksturinn, og Fundurinn ordid á þessum Hól,” segir í Frásögnum af fornaldarleifum. Víghóll er, samkvæmt örnefnalýsingu Ásgerðarstaða skammt sunnan (innan) við Flögumerki. Á þessum stað er greinilegur hóll, um 580 m norðaustan við bæ 001 en 1,5 km suðvestan við Flögubæ 206:001. Hóllinn er ofan (norðvestan) við þjóðveg, fast ofan við timburrétt sem þar er nálægt merkjum. Miðlína úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 liggur yfir Víghól.

Hóllinn hefur verið talsvert skemmdur við malarnám (sérstaklega suðausturhlíð) þótt hann sé enn stæðilegur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** FF, 550

**EY-207:007** *Berg* heimild um huldufólksbústað A 517208 N 567116



*Berg EY-207:007, eru lágreistir klettir milli bæjar 001 til austurs og Berghúsa til vesturs.*

“Sunnan og ofar við túnið á Ásgerðarstöðum er klettabrún sem heitir Berg. Huldufólksbústaður og kirkja,” segir í handriti að örnefnaskrá. Berg er nafn á klettabelti sem er í hlíðinni rétt ofan við bæ 001, á milli bæjar 001 og Bergshúsa sem eru útihús úr timbri og bárujárnri (byggð á 4. áratug 20. aldar) í suðvesturjaðri túna. Berg er um 90 m VSV við bæ 001.

Berg er grasi gróið en afgerandi klettabelti. Neðar (ASA) eru sléttuð tún en ofar (VNV) aflíðandi fjallshlíð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Handrit að Ö-Skrið

**EY-207:010** garðlag túngarður A 517239 N 567136

Túngarður hefur legið umhverfis tún eða hluta túna á Ásgerðarstöðum. Hann er nú að mestu leyti horfinn í umrót og



Túngarður EY-207:010, horft til norðausturs.



Uppmæling af túngarði EY-207:010.

túnasléttun en sést þó en á um 70 m kafla ofan (NNV) túna, milli Lækjarhúsa 002 og útihúsa úr timbri (Bergshúsa). Túngarðurinn markar af tún í halla til ASA sem enn eru slegin.

Ólögulegur garður, byggður úr torfi. Hann er talsvert hruninn en innri brún hans er skýrari en sú ytri. Garðurinn er um 100 m langur norður-suður, en víðast 1,5-2 m á breidd og mest 0,8 m á hæð. Hann fjarar út rétt sunnan við Lækjarhús 002.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-207:011** náma mógrafir

A 518009 N 567704

Mógrafasvæði er niður við Hörgá, á norðvesturbakka árinna. Er það 15 m suðvestan við annað mógrafasvæði 013 og 920 m norðaustan við bæ 001. Ofan og norðvestan við minjarnar eru mýratún á milli djúpra skurða. Túnið sem er næst mógröfunum er ekki lengur í rækt. Miðlína úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 liggur yfir suðurhorn mógrafanna.



Mógrafir EY-207:011, horft til norðausturs.

Niður við ána er þýft og mjög grösugt svæði svo ördugt er að sjá mörk mógrafanna. Víða eru ójöfnur og skorningar. Skurðirnir sem hafa verið grafnir í gegnum mýrlendið norðvestan við mógrafirnar hafa þurrkað svæðið upp og eru mógrafirnar þurrar, þýfðar og grösugar. Einnig vex arfi í þeim á stöku stað.

Mógrafasvæðið virðist vera 100x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafasvæðið er nokkuð skýrt afmarkað af tveimur stöllum í suðvesturenda en lágur kantur afmarkar þær til norðausturs. Stallarnir við suðvesturjaðar mógrafanna eru 0,4-0,6 m háir. Miðsvæðis ofan og vestan við efri og vestari stallinn er grænni grasgróður en í kring og hart undir fót. Mögulega hefur þar verið þurrkvöllur og ekki útilokað að þar hafi verið mótóft en þó er ekkert tóftarlag á þýfinu. Frá mógrafasvæðinu hallar til suðausturs í átt að ánni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-207:012** náma mógrafir

A 517623 N 567574

Óljós ummerki um mógrafir eru 40 m norðvestan við Víghól 006, neðan við vallendisbarð í brekku og ofan við mikinn skurð sem er á milli mógrafa og hól. Mógrafirnar eru 570 m norðaustan við bæ 001 og 15 m norðan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.



Mógrafir EY-207:012, horft til SSV.

Innan mógrafasvæðisins og í næsta nágrenni þess er votlendisgróður og djámosi. Víða eru djáuppsprettur á svæðinu.

Mógrafasvæðið er nokkuð samfellt, 55x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafið hefur verið neðan við þurrt barð eða í jaðri þess og að auki sést ein stök ferhyrnd

gröf. Hæst er um 1 m upp á bakka mógrafanna en víðast er það lægra. Staka gröfin er 0,2-0,3 m djúp og gróin. Innan mógrafanna er deiglent og gróið og hallar frá því til suðausturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-207:013** náma mógrafir

A 518074 N 567770



Mógrafir EY-207:013, horft til SSV.

Mógrafasvæði er niður við Hörgá, á norðvesturbakka árinna. Er það 15 m norðaustan við annað mógrafasvæði 011, 8 m suðaustan við tóft 014 og rúmum 1 km norðaustan við bæ 001. Ofan og norðvestan við mógrafirnar eru mýratún á milli djúpra skurða. Túnið sem er næst mógröfunum er ekki lengur í rækt. Miðlína úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 er 10 m suðaustan við mógrafasvæðið. Niður við ána er þýft og mjög grösugt svæði svo örðugt er að sjá mörk mógrafanna. Víða eru ójöfnur og skorningar. Skurðirnir sem hafa verið grafnir í gegnum mýrlendið norðvestan við mógrafirnar hafa þurrkað svæðið upp og eru mógrafirnar þurrar, þýfðar og grösugar. Einnig vex arfi í þeim á stöku stað.

Mörk mógrafasvæðisins sjást einkum á norðvesturjaðri þeirra en þar er ógreinilegur kantur, um 50 m langur, sem liggur norðaustur-suðvestur. Ekki er ljóst hversu breitt svæðið er því ekki sést afmörkun þess til suðausturs. Það

virðist hafa náð langleiðina að Hörgá og verið um það bil 15 m breitt. Mógrafirnar eru mjög samansignar og grunnar, ekki dýpri en 0,3-0,4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-207:014** tóft heystæði

A 518069 N 567795

Lítill ógreinileg og tvískipt tóft er á milli skurðs og mógrafa 013, nærri norðvesturbakka Hörgár. Tóftin er um 1 km norðaustan við bæ 001 og 95 m NNA við miðlína úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.


Tóftin er á þurru barði í deiglendi sem hefur verið þurrkað upp þegar framræsluskurðir voru grafnir og tún ræktuð ofan og norðvestan við hana. Mikill grasvöxtur er á tóftinni og allt í kring.

Tóftin er 6,5x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda er lítið en skýrt hól og er op inn í það á SSA-hlið. Hólfið er 1,6x1,3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Í suðvesturhluta tóftar er allstórt hól sem er nokkuð skýrt afmarkað til suðausturs en mun síður til norðvesturs. Er það hringlaga, tæpir 4 m í þvermál. Hæð veggja er 0,3-0,4 m en breidd veggja meiri í suðvestari hlutanum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt er út frá gerð hennar, en ekki síst staðsetningu, að hún hafi verið móstæði og/eda heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Heystæði EY-207:014, horft til suðausturs.



Skýringar

Fornleifar  
Torflaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af heystæði EY-207:014.

## EY-208 Ásgerðarstaðasel

“Ausgierdastadasel, byggt úr heimajörðinni. Næst afliðin vi ár hefur þetta býli í eyði staðið. Árið næst fyrir bóluna Anno 1707 var hjer bygð og nokkrum sinnum áður. Landskyld xl álnum, og kortaðist þá um so mikið landskyld heimajarðarinnar.” JAM X,146 “Ásgerðarsel er nú nytjað frá Staðarbakka,…” BE, 486. Byggt að nýju árið 1900, byggt af Kristjáni Þorsteinssyni frá Öxnhóli, fór í eyði 1979.

Túnstærð 1917: 1,4 ha. Sléttað tún 1/5. “Bærinn er rétt neðan vegarslóðans allnokkru framan við Staðarbakka og standa hús þar enn að hluta. Fyrrum var túnið í Ásgerðarstaðaseli lítið, en mýrlendi í nágrenni bæjarins var framræst og ræktað upp úr miðri þessari öld. Gott slægjuland var í nágrenni og grasgefið en nokkurt vetraríki.” BE,486. “Raklent er í kringum túnið nema að ofan, þar sem heiðarbrekkurnar taka við. Allt er þar grasi vafið og gott um slægjuland, en vetraríki er mikið.” Mannfellirinn mikli, 44.

### EY-208:002 heimild um útihús

A 516136 N 565932

Um 15 m ofan og utan við bæ 001 var útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Engin ummerki sjást nú um húsið sem var nálega þar sem jeppaslóði inn Hörgárdal liggur nú.

Grasi gróid svæði fast neðan (suðaustan) við jeppaslóða.

Grasi gróin hæð ofan (norðvestan) við bæ 001 en neðan við vegarslóða. Hleðsluleifar sjást í jaðri hæðarinnar þar og eru þar líklega leifar af hleðslu sem rutt hefur verið út. Aðrar leifar um húsið sjást ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-208:003 tóft útihús

A 516106 N 565889

Um 30 m innan við bæ 001 og örlítið ofar (suðvestan) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sjást ennþá leifar hússins sem er fast neðan (suðaustan) við jeppaslóða inn Hörgárdal, innan (suðvestan) við Bæjarlæk. Tóftin er 163 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu 3 en helgunarsvæði tóftarinner lendir þar innan.

Á suðvesturbarmi Bæjarlækjar. Innar eru grasi gróin tún í órækt og í afliðandi halla að Hörgá.



Uppmæling af tóft EY-208:003.



Tóft EY-208:003, horft til suðausturs.

Tóftin er einföld og 8 X 4 m að stærð. Hún snýr VNV-ASA og er hlaðin úr torfi og grjóti. Op er syðst á austurvegg. Tóftin virðist örlítið niðurgráfin. Hæð frá tóftarbotni og að innri brún veggja er 0,3 m en frá ytri brún veggja er hæðin 0,1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

### EY-208:009 Kvíhóll örnefni kvíar

A 516108 N 566031

“Ofan við tún í Ásgerðarseli er Kvíhóll og gegnum hann Bæjargil,” segir í örnefnaskrá. Kvíahóllinn nær frá efri jaðri túna í Ásgerðarstaðaseli og upp á heiðina fast innan (suðvestan) við bæjarstæðið. Engar kvíar eru greinilegar á eða við hólinn. Kvíhóll er 60 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu 2020.

Kvíahóll er melhóll sem er ber í toppinn en grasi gróid er í kringum hólinn. Líklegast hafa kvíarnar ekki verið á hólnum heldur í hólrótum og þá helst neðan (suðaustan) við hann, í túnjaðri Ásgerðarstaðasels. Ef sú er raunin hafa þær líklega horfið við túnasléttun eða jafnvel í jeppaslóðann sem liggur inn Hörgárdalinn efst í túni.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Skrið, 48

**EY-208:012** tóft heystæði

A 516211 N 566152

Heystæði er tæpum 260 m NNA við bæ 001 og um 150 m norðaustan við Kvíhól 009, ofan við heimatúnið. Deiglent er á milli lækja og hryggja í brekkunni, heystæðið er í deiglendum fláka og sést ekki fyrr en að því er komið. Heystæðið er 52 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu 2020.

Tóftin er fremst á stalli, deiglent er til norðausturs en melur til suðurs. Brekkunni hallar til suðausturs, niður



Heystæði EY-208:012, horft til suðausturs.

**Skýringar**

Fornleifar  
Torflaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft EY-208:012.

fjallið.

Tóftin er 5,7x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er ferhyrnd og einföld. Veggir eru 0,2-0,5 m á hæð, ytra byrði hærra en hið innra. Tóftin er líklega torflaðin, veggir eru algrónir og þýfðir. Ekkert op sést á yfirborð inn í tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**EY-208:013\_1** tóft sel

A 516410 N 566446

Nokkrar tóftir, sumar mjög skýrar en aðrar ógreinilegri, eru í miðri hlið ofan við láglandið og neðan við melbörð norðaustarlega í landi Ásgerðarstaðasels. Minjarnar eru á tungu milli tveggja lækjardraga, 1,1 km suðvestan við Ásgerðarstaði 207:001 og 600 m norðaustan við bæ 001. Hlutverk minjaheildarinnar er ekki þekkt en staðsetning þeirra innan jarðar, umfang og útlit gætu bent til þess að þarna hafi verið haft í seli. Sú tóft sem hér er skráð er þá sjálf seltóftin og er hún 19 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Efst í tungunni er þýft og gróið en eftir því sem neðar dregur verður vart við jarðvegsrof. Sumsstaðar virðist það hafa gróið aftur en neðarlega í brekkunni er rofið ofan í mel. Á grónu svæðunum er vallendisgróður með lyngi inn á milli.

Minjasvæðið er 30x18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess eru fjórar tóftir, tvær þeirra eru mjög greinilegar (013\_1-2) en hinar tvær ógreinilegri. Lýsingin hefst á tóft 013\_1 sem er efst og norðvestast á svæðinu. Hún er hlaðin undir lága brún sem myndar að hluta til veggja á þeirri hlið. Tóftin skiptist í fjögur hólf en ef til vill væri réttara að tala um tvær aðskildar tóftir. Tóftin er í heild 14x8,5 m stór, hlaðin í vinkil, og snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturhlutinn er tvískiptur. Op er inn í fremra hólfíð í suðausturenda. Það er 3x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í þessu hólfí eru rofskörð í veggjum á norðaustur og suðvestur hliðum. Op er úr þessu hólfí til norðvesturs inn í

**Skýringar**

Fornleifar

Torflaðið

Ótjóst

Náttúrulegt

Kantur

Úttkektargögn

Miðlína

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af seli EY-208:013, alls eru fjórar tóftir innan minjasvæðisins.



innra hólfíð sem virðist lítillega niðurgrafið. Þar standa veggir betur en í fremra hólfinu og eru 0,4-0,5 m á hæð. Hólfíð er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðvesturhluta tóftarinnar eru tvö hólf hlaðin undir brúnina. Lítið hólf er þar suðvestan við norðausturhluta tóftarinnar. Það er 1,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í það á suðausturhlið. Suðvestast í tóftinni er svo mjög skýrt hólf, mjótt og langt, sem minnir á kvíar. Það er 6 m langt og 1-2 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í austurhorni. Ytri brún veggja á suðausturhlið er 0,7 m á hæð og er það mesta veggja hæð í tóftinni. Hvergi sést í grjót í hleðslum en ætla má að veggir séu bæði hlaðnir úr torfi og grjóti. Þýft er framan og suðaustan við tóftina og er stutt frá henni að tóft 013\_2 til þeirrar áttar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-208:013\_1, horft til suðausturs.*



*Tóft EY-208:013\_2, horft til austurs.*

**EY-208:013\_2** tóft óþekkt

A 516418 N 566441

Einföld og ílång tóft er 5 m suðaustan við seltóft 013\_1. Hún er 10 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er 6,5x4,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni á miðri suðausturhlið. Rofskað er í norðausturvegg og talsvert hrun virðist vera í austurhorni en þar er veggurinn allbreiður. Viðast er hæð veggja 0,4-0,5. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-208:013\_3** tóft óþekkt

A 516417 N 566448

Ójós tóft, einföld og nokkuð hringlaga, er á milli og norðaustan við tóftir 013\_1 og 013\_2. Tóftin er 16 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er 4,5x4 m að stærð, litlu lengri norður-suður en austur-vestur. Veggir eru útflattir nema suðvestast þar sem þeir eru 0,2-0,4 m á hæð. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt en þar sem umfang hennar er lítið og veggir útflattir er líklegt að þarna hafi verið heystæði eða mannvirki sem ekki hefur borið þak.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-208:013\_3, horft til norðausturs.*



*Tóft EY-208:013\_4, horft til suðvesturs.*

**EY-208:013\_4** tóft óþekkt

A 516429 N 566441

Suðaustast á minjasvæðinu er afar óljós og óregluleg tóft sem kann að vera náttúrumyndun. Miðlína úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 liggur yfir meinta tóft.


Meint tóft er 10x10 m að stór og virðist skiptast í þrjú hólf. Austurhluti tóftarinnar snýr norður-suður og út frá honum gengur mjög ógreinilegt hólf til vesturs. Nyrst í tóftinni er skýrasta hólflið sem er um 3 m í þvermál innanmáls og er breitt op á austurhlíð þess. Þar sunnan við er grunnt og fremur óreglulegt hólf sem er 4x2,5 m að innanmáli, snýr VNV-ASA. Op er á því í suðurhorni. Vestan við þetta hólf er þýft svæði sem stendur hærra en umhverfið og er nokkuð skýr kantur meðfram því sem virðist geta verið ytri brún veggja en lögun þeirra er fremur óregluleg. Innan þýfisins er lægð sem virðist geta verið þriðja hólflið í tóftinni. Það er 3x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir í þessari tóft eru mun signari og þýfðari en í hinum tóftunum, eru 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sést í grjóti í meintum veggjahleðslum. Vesturhluti þessa meinta mannvirkis er síst sannfærandi kann að vera náttúrumyndun. Í austurhlutanum er afgerandi niðurgröftur eða lægðir þar sem virðast geta verið hólf í tóft en mögulega hafa þau myndast við efnistöku þegar önnur mannvirki voru reist.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-208:015\_1** náma mógrafir

A 516202 N 566329

Ummerki um móskurð eru norðaustan og austan við hól sem skagar út úr brekku í norðvestanverðum Hörgárdal, innan og suðvestan við grasi gróið gil. Uppi á hólnum er ógreinileg, einföld mótóft. Minjarnar eru 240 m suðvestan við meint sel 013 og 420 m norðan við bæ 001. Hér verður fjallað um mógrafirnar sem eru 66 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Skýringar**

Fornleifar   Óljóst  
  Torhlaðið   Mógrafir

0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmæling af minjum EY-208:015.*

Í brekkunni eru grösugar hallamýrar á stöllum og kann móskurður að hafa verið víðar á þessu svæði.

Afmörkuð mógrafasvæði sjást á tveimur stöðum á svæði sem er 30x10 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Annars vegar eru mógrafir fast norðaustan við hólinn sem tóft 015\_2 er á og hins vegar ofan í grónu gili, neðar og suðaustar. Í gílinu er ein stök gröf inn í bakkann, nokkuð skýrt afmörkuð. Hún er 4x2 m að stærð og snýr norður-suður. Gröfin er gróin og vex djámosi í henni. Í efri gröfunum næst tóftinni eru enn greinanlegar stokkagrafir á svæði sem er 16x4 m að stærð. Þær eru að mestu þurrar og grónar en vatn stendur í einni slíkri. Dýpstu grafirnar eru 0,5-0,7 m djúpar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-208:015\_2** tóft

A 516193 N 566321

Mótóft við mógrafir 015\_1 er 80 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á þurrlandi uppi á klapparhóli.

Veggir tóftarinnar eru útflettir og sést ytri brún þeirra nánast ekki vegna rofs. Það má greina hana óljóst og er



*Mógrafir EY-208:015\_1, horft til vesturs.*




*Mótóft EY-208:015\_2, horft til suðausturs.*

tóftin 4,5x4,5 m að stærð. Ekkert op sést á henni og ólíklegt að það hafi verið. Innri brún veggja er nokkuð greinileg og í henni má sjá glitta í grjóti. Hæð veggja er 0,1-0,2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-209 Flögusel



10 hdr. 1712. Konungseign. “Eigandinn kóngleg Majestat, en liggur nú undir Möðruvallaklaustur. Óljóst hvört þetta lögbýli kallast, því að nokkrir ætla að þetta býli jörðinni Flögu fyrrum fylgt hafa.» JÁM X,146-147. Túnstærð 1917: 1,6 ha. Sléttað tún 1/4. “Flögusel var lengst af fremsta byggt ból í Hörgárdal. Bærinn stóð rétt utan við Flöguselshóla og eru tóftirnar greinilegar skammt ofan vegarslóðans sem liggur fram Hörgárdalinn. Niðri við ána er grjótrétt [...] Framan við Flöguselsland tekur Möðruvallaafreittur við og skammt sunnan við Laugareyri eru rústir Saurbæjarsels en selstaða mun hafa lagst af þar í lok átjándu aldar. Í Flöguseli var meðaltún og góður

útheyskapur, enda grasgefið þar í kring og landgæði mikil, en snjóþungt og vetrarþing því nokkuð ótrygg.” BE, 487. “Upphaflega var þar selstaða frá Flögu. Bygð var þar stopul allt til loka átjándu aldar. Í Flöguseli var rösklega tveggja kúa tún, talsverðar engjar, landgæði mikil, en vetrarþing ótrygg, enda snjóþungt nokkuð.” Mannfellirinn mikli, 43. Í eyði frá 1926.


### EY-209:003 tóft fjárhús

A 515478 N 565315

Tæpum 30 m ofan (VNV) við bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Á þessum stað eru enn fjárhústóftir



Tóft EY-209:003, horft til suðausturs.



Uppmæling af tóft EY-209:003.

ofarlega (vestarlega) í túni. Tóftin er 135 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu 2020.

Fjárhúsin eru ofarlega í túni sem er komið í algjöra órækt og hlaupið í þúfur. Ofar (vestar) tekur við meiri bratti. Tóftin er 17 X 9 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún skiptist í tvö hólf. Að austan er sjálft fjárhúsið sem er 9 X 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Garði gengur eftir fjárhúsinu endilöngu. Greinilegt er að timburgafl hefur verið fyrir austurendanum en hann hefur verið rifinn burtu. Op hefur verið úr fjárhúsinu og yfir í hlöðu að baki. Grjóthleðslur eru greinilegar víða í fjárhúsinu og ná veggheðslur sem eru úr torfi og grjóti ná mest 1,6 m hæð. Hlaðan er 5 X 3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Ekki er annað op á henni en það sem er yfir í fjárhúsið. Veggheðslur hlöðunnar eru lægri en fjárhússins og er hún að hluta niðurgráfin. Hæð veggja innanfrá er 0,8 m en mælt utan frá eru þeir aðeins 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**EY-209:004** tóft fjárhús

A 515438 N 565351


Útihús er merkt inn á túnakort um 80 m ofan (VNV) við bæ 001 og um 40 m ofan (VNV) við fjárhústóft 003. Á þessum stað er óljós tóft, líklega af fjárhúsum. Tóftin er 80 m suðaustan við miðlínu áhrifasvæðis vegna Blöndulínu 2020.

Tóftin er í raun ofan (VNV) eiginlegra túna, milli hennar og fjárhústóftar 013 er talsverður bratti.

Tóftin er hrunin, sigin og hlaupin í þúfur. Að auki er hún á kafi í grasi. Tóftin er 12 X 9 m að stærð og snýr



Tóft EY-209:004, horft til SSA.



Uppmæling af tóft EY-209:004.


suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt en í raun er erfitt að fullyrða mikið um innri skipan hennar þótt hér sé gerð tilraun til að túlka þá óljósu tóft sem enn sést. Suðaustar er aflangt hólf, líklega um 5 X 3 m að innanmáli. Op virðist hafa verið á miðjum suðausturvegg hólfsins og sömuleiðis yfir í annað hólf vestar, á norðvesturvegg miðjum. Óljóst má sjá hrygg sem gengur eftir endilöngu hólfinu og er hann líklega leifar alveg hrunins garða. Hólfíð að baki (norðvestar) hefur líklega verið hlaða og snýr þvert á fjárhúsið eða norðaustur-suðvestur. Ekki er annað op á hólfið heldur en það sem liggur yfir í fjárhúsið. Þetta hólf er örlítið stæðilegra heldur sjálft fjárhúsið og veggir eru mest 0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919



Tóft EY-209:007, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft EY-209:007.

**EY-209:007** Tóft útihús

A 515504 N 565316

Um 5 m ofan (norðvestan) við bæ 001 er óljós tóft eða þúst. Hún er rúmum 5 m utan við áhrifasvæði Blöndulínu 2020 en helgunarsvæði tóftarinnar skarast við áhrifasvæðið. Af þeim sökum er fornleifin hér með.

Tóftin er fyrir miðju túni. Túnin umhverfis eru í aflíðandi halla til suðausturs og eru löngu komin í órækt.

Tóftin er afar óljós. Hún er 10,5 X 5 m að stærð og snýr h.u.b. norðvestur-suðaustur. Norðausturhornið er sæmilega greinilegt en aðrir hlutar tóftarinnar eru vart meira en dæld. Sökum þess hversu óljós tóftin er er ómögulegt að vita hvort/hvar op hafa verið á henni. Líklegast hefur hún þó verið einföld. Veggir eru mest 0,2-0,3 m á hæð og hvergi sjást grjóthleðslur

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-209:008** Vörðuhóll varða óþekkt

A 515055 N 565173

“Margir hólar eru á þessum slóðum og heita þeir allir einu nafni Flöguselshólar. Ná þeir allt út undir túnið á Flöguseli. Á einum hólnum er svolítill varða og nefnist hann því Vörðuhóll,” segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll/Vörðumelur er um 120 m ofan og innan við (norðvestan) við stekk 010. Hóllinn er utan við jeppaslóða sem liggur inn Hörgárdal, þar sem hann ber hæst í hlíðinni. Varðan er 48 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Lítt gróinn melur. Sunnan við melinn er Vörðugil.

Vörðubrot er á melnum nokkuð ógreinilegt. Brotið er um 0,3 m á hæð en 1,0-1,5 m í þvermál, alveg hrúnið. Varðan var fyrst skráð á vettvangi árið 2005. Farið var aftur á vettvang í ágúst 2020 og virtist varðan hafa verið endurhlaðin að nokkru. Var hún um 1 m í þvermál og 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 48



Varða EY-209:008, horft til austurs.

**EY-209:009** garðlag túngarður

A 515494 N 565346

Túngarður hefur verið umhverfis tún eða hluta túna í Flöguseli. Hann sést á kafla ofan (norðvestan) við heimatúnið. Túngarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1919 og ekki ljóst hvað afmarkaði heimatún Flögusels á þeim tíma sem kortið var gert. Á túnakorti er búið að stækka túnið til norðvesturs, að úthúsi 004 og líklega er túngarðurinn eldri. Túngarðurinn er 123 m suðaustan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020.

Garðurinn markar af tún sem eru í aflíðandi halla til suðausturs og eru löngu komin í órækt.

Túngarðurinn er algróinn, stórpýfður og liggur í sveig á milli tófta 014 til suðvesturs og útihúss 012 til norðausturs. Garðurinn er fyrst greinilegur fast utan (norðaustan) við dæld þar sem lítill lækur hefur runnið ofan og rétt innan (norðan) við tóft 003. Þar er garðurinn greinilegur á um 8 m kafla til norðurs. Á þessum kafla er garðurinn 1,5-2 m á breidd en 0,5 m hár og grasi gróinn. Garðurinn verður mun óskýrari Þá beygir garðurinn til ASA og liggur í um 20 m áður en hann fjarar alveg út, sunnan við tóft 012. Alls sést túngarðurinn á um 50 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

**EY-209:010** tóft stekkur

A 515158 N 565113

“Niðri við á er grjótrétt [005] og önnur rétt er nyrst í Flöguselshólum skammt ofan vegar,” segir í Árbók Ferðafélagsins 1990. Tóftin er um 1,2 km innan (suðvestan) við Flögusel 001, neðan (suðaustan) við stóran mel, á milli hóla. Hún er 60 m suðaustan við miðlónu áhrifasvæðis vegna Blöndulínu 2020.

Grasi vaxið svæði en melar eru allt um kring.


Tóftin er 18 X 7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er mun stærra eða 12 X 4 m að innanmáli. Það er sporöskjulaga og snýr eins og tóftin. Op er á suðurvegg sunnarlega og inn í vestara hólfið austast á milliveggnum milli hólfa tveggja. Vestara hólfið er 1-1,5 m á kant, ferhyrnt. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást grjóthleðslur alls staðar vel. Hún er talsvert niðurgráfin en hæð veggja, mæld innanfrá er 1,2 m en að utan aðeins 0,2 m. Lag tóftarinnar, staðsetning hennar og fjarlægð frá bæ bendir helst til að hún sé stekkjartóft.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bjarni E. Guðleifsson: “Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal”, 170



*Stekkur EY-209:010, horft til norðausturs.*



**Skýringar**

**Fornleifar**  
 Grjóthlaðið

0 2 4 6 8 m


*Uppmæling af stekki EY-209:010.*

**EY-209:011** tóft útihús

A 515440 N 565288

Tóft er fast utan (norðaustan) við bæjarlæk. Hún er 30-40 m innan (suðvestan) við útihústóft 003. Tóft er fast utan (norðaustan) við bæjarlæk. Hún er 30-40 m innan (suðvestan) við útihústóft 003. Tóftin er 130 m suðaustan við miðlinu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Í grasi grónu túni sem er í óráekt og á kafi í grasi. Lækur rennur niður túnið fast utan (norðan) við tóftina.



**Skýringar**

**Fornleifar**  
 Torfhláðið

0 1 2 3 4 m

*Uppmæling af tóft EY-209:011.*



*Tóft EY-209:011, horft til austurs.*

Tóftin er 10 X 7 m að stærð og snýr h.u.b. suðaustur-norðvestur. Hún skiptist í tvö hólf. Suðustar er hólf sem er 3 X 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega hefur op verið úr þessu hólf og yfir í norðvestara hólfid syðst á millivegg en hann er nú of hruninn til að hægt sé að fullyrða um það. Op virðist vera til suðvesturs, inn í hólfid. Norðvestara hólfid er 4 X 2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á vesturvegg þess nyrst. Tóftin er á kafi í grasi og nokkuð óljós af þeim sökum. Veggir hennar eru mest 0,7 m á hæð en helgast það að talsverðu leyti af umfangsmiklu stórþýfi. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-209:012, horft til norðausturs.*



**Skýringar**

**Fornleifar**  
 Torfhláðið

0 1 2 3 4 m

*Uppmæling af tóft EY-209:012.*

**EY-209:012** tóft útihús

A 515506 N 565356

Óljós tóft er um 50 m norðan við bæ 001 og níu metrum norðaustan við túngarð 009. Tóftin er í jaðri heimtúnsins líkt og það var afmarkað 1919. Tóftin er byggð utan (sunnan) í óljósa brekku og að öllum líkindum grafinn inn í hana að hluta. Miðlína Blöndulínu 2020 er 135 m norðvestar.

Í grasi grónu túni sem er í órækt og á kafi í grasi. Vegna mikils gróðurs var erfitt að greina tóftina.


Tóftin er 6 x 4 m stór, einföld og snýr ANA-VSV. Hún er afar óskýr vegna mikils gróðurs og þúfna. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og 2-3 m á breidd. Þeir eru algrónir en það glittir í steina norðan í opinu. Tóftin er opin til vesturs. Ekki er útilokað að þetta sé túngarður o g hrun til suðurs, sást ekki greinilega vegna mikils gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-209:013** tóft útihús

A 515456 N 565324

Sigin tóft er átta metrum norðvestan við útihús 003 og rúmum 70 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er innan heimatúnsins, mitt á milli útihúsa 003 og 004 en ekki sýnd á túnakorti frá 1917. Líklega var hún fallin úr notkun



Uppmæling af tóft EY-209:013.



Tóft EY-209:013, horft til suðausturs.

þá, hún er signari en hin útihúsin. Tóftin er 116 m suðaustan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Í grasi grónu túni sem er í órækt og á kafi í grasi. Vegna mikils gróðurs var erfitt að greina tóftina.

Tóftin er 10 x 5,5 m stór, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er óljós vegna mikils gróður og þúfna en er á sama hrygg í túninu og tóft 003. Veggirnir eru algrónir, 0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Tóftin er opin til norðvesturs, upp í brekkuna enn ekkert annað op sést né hólfaskipting.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-212 Einhamar

10 hdr. 1712. Konungseign. JÁM X, 147.


”Nafn sitt dregur Einhamar af stakstæðum klettadrangi þar beint upp undan, en hann sést ekki fyrr en komið er að honum vegna þess að hann ber í klettaþilið á bak við.” BE, 489 “Einhamar var nærri Hörgá, austan ár undir Halloki um það bil sem Staðartunguháls og Háafjall mætast. Einhamar er á milli Báss og Nýjabæjar en nyrst í landi Einhamars var fornþýlið Glaumbær sem fyrr á öldum mun hafa eyðst af skriðuhlaupum. [...] Á Einhamri voru tún raklend og mikil mýrlendi umhverfis, en ágætt sauðland uppi í hlíðinni. [...] Engjaheyskapur var þar nokkur, en Einhamar var talin kotjörð. Enn sjást tóftir bæjarins.” BE, 489.

Túnstærð 1917: 1,7 ha. Sléttað tún 1/4. “Túnið var fremur raklent enda mýrar á þrjá vegu. Útheyskapur var nokkur, en engið raklent Beitiland í fjallinu mjög gott á öllum árstímum og snapaseigt á veturnum.” Mannfellirinn mikli, 41. Í eyði frá árinu 1933.

**EY-212:001\_1** Einhamar bæjarhóll bústaður

A 518502 N 567867

Bærinn er merktur sunnarlega á túnakorti frá 1917. Bærinn er nokkuð innarlega í Hörgarárdal, rétt austan við Hörgá. Einhamar fór í eyði árið 1934. Búið er að rækta landið fram umhverfis bæjarhólinn en hann er enn mikið til óraskaður. Hér er bæjarhóll 001\_1 og tóftir seinasta bæjarins 001\_2 sem enn eru greinilegar skráðar á svæði sem er 30 x30 m að stærð. Bærinn er á miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.



Uppmæling af bæjarhóll EY-212:001\_1.



Bæjarhöll Einhamars EY-212:001\_1. Tóftir 001\_2 eru á honum.

Tún Einhamars hafa nú verið ræst fram og eru miklir skurðir umhverfis þau. Túnin eru á kafi í grasi.

Bæjarhöll Einhamars er enn vel merkjanlegur og á honum eru tóftir síðasta bæjarins (sjá 001\_2) þótt lag tóftarinnar sé á köflum ógreinilegt. Á bæjarhólnum er lág, fagurgræn hæð sem líklega er gróinn öskuhaugur (sjá 010). Bæjarhóllinn er 34 x 27 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er mest 1,5 m á hæð. Norðvesturhlið (sem snýr að dalsbotni) og austurhlið bæjarhólsins eru skýrastar.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

#### EY-212:001\_2 tóft bústaður

Á bæjarhólnum er bæjartóftin, sem er á köflum illgreinileg. Hún er 20 x 17 m stór og snýr eins og hóllinn, norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist a.m.k. upp í 6 hólf og göng og verður hverju þeirra gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Inngangur inn í bæinn var á norðvesturhlið hans (sjá F). Allra vestast (innst) á norðvesturhlið er stakstætt hólf A. Það var líklega þiljað að norðvestan, a.m.k. sést enginn veggur þar. Hólfid er 5 x 2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hólf A er fremur stæðilegt og sjást grjóthleðslur í því. Ekki sést inngangur á því en hann hefur væntanlega verið á þili. Fast utan (norðaustan) við hólf A eru bæjargöngin F. Þau liggja meðfram norðausturhlið A og inn (suðaustur) eftir öllum bænum miðjum. Vel sést móta fyrir göngunum en þau eru þó óljós og hvergi er að sjá grjóthleðslur í þeim. Fast norðaustan við bæjargöngin hefur verið hólf, G, en það er nú alveg ógreinilegt. Líklega hefur hólfið snúið norðaustur-suðvestur en ekkert er annars hægt að segja um lögun þess. Annað hólf, E, er að baki G. Það er einnig norðaustan við göngin. Hólfid er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er greinanlegur suðvesturveggur fyrir því milli þess og gangna og er helst að giska á að þar hafi verið þil. Ekki er greinilegt annað op á hólfinu sem er ógreinilegt og hrúnið. Suðvestan við bæjargöngin, aðeins innar (suðaustar) en til móts við hólf E er enn eitt hólfið, B. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

A 518504 N 567860



#### Skýringar

**Fornleifar** Öskuhaugur Úttektargögn  
 Bæjarhöll Gryfja Úttektarsvæði  
 Torf Öljoð Miðlina  
 Sáðslétta

Uppmæling af minjum innan úttektarsvæðis við Einhamar. Allar þessar minjar eru innan heimatúnsins.



Hólf B er skýrt og eru skýrar grjóthleðslur í því. Op er á hólfinu úr göngum norðvestarlega á þeim vegg sem aðgreinir göng og hólf. Annað op er frá hólfinu og út úr bæjarsamstæðunni suðvestast á norðvesturvegg. Opið er meðfram suðurhorni hólfs A. Bæjargöngin hafa endað í stóru hólf, C, aftast (suðaustast) í bæjartóftinni. Hólfið er 10 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðjan norðvesturvegg þess, inn í bæjargöngin. Hólf C er skýrt og grjóthleðslur sjást á stöku stað. Auk þeirra hólfa sem hér hafa verið lýst er hólf D austast í bæjartóftinni. Hólf D tengist ekki hinum hólfum bæjarins, hefur verið að bæjarbaki og er inngangur í það norðaustast á suðausturhlíð bæjartóftar, við austurhorn hennar. Hólfið er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er skýrt og talsverðar grjóthleðslur sjást í því. Suðvestan við bæjartóftina, austast er óljós þúst H. Hún er sambyggð bæ og um 6 X 6 m að stærð. Ekkert tóftarlag er að sjá á þústinni. Norðausturhluti bæjartóftarinnar er lang ógreinilegastur. Veggir eru mjög mismunandi skýrir en mest um 0,5 m háir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-212:002\_1** tóft fjárhús

A 518449 N 567871

Á túnakorti frá 1917 eru fjárhús merkt um 60 m VNV við bæ 001 og rúmum 20 m austan við túngarð 006. Á þessum stað sést greinileg grjóthlaðin fjárhústóft 002\_1 og dæld 002\_2 á svæði sem er 25 x 13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Svæðið er um 45 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Túnin á Einhamri hafa verið ræst fram og nú eru miklir skurðir umhverfis þau. Túnin eru loðin og hafa sjálfsagt ekki verið slegin um langt skeið. Þau, og tóftirnar sem í þeim eru, eru á kafi í órækt. Túnin eru í aflíðandi halla að Hörgá til VNV. Ofan (ASA) þeirra er mýri upp að brattri fjallshlíð.


Fjárhústóftin er 16 x 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er úr torfi og grjóti og er á kafi í grasi. Veggir eru mjög misháir, oftast 0,4-0,5 m en suðvesturveggur er greinilegastur eða 1 m á hæð. Viða sést í grjóthleðslur í veggjum. Sjálf fjárhúsið (hólf A) er norðvestar í tóftinni. Það er 10 x 8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Eftir því endilöngu ganga tveir garðar. Op eru á NV-vegg miðjum. Hlaðan (hólf B) er að baki. Hún er 9 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsið. Hún er 0,2 m djúp og er botn hennar mjög þýfður. Framan NNV við tóftina er 4 m langur stallur og má í raun segja að fjárhúsin séu á dálitlum, uppsöfnuðum hól sem er áþekkur tóftinni að stærð nema að NNV þar sem hann nær lengra.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917



Fjárhús EY-212:002\_1, horft til norðvesturs.



Uppmæling af minjum EY-212:002.

**EY-212:002\_2** dæld

A 518455 N 567870

Greinileg dæld er um 10 m suðaustan við fjárhús 001\_1. Dældin er 4 x 3,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er nokkuð djúp, um 1-1,5 m á dýpt. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað. Mögulegt er að dældin sé leifar af e.k. súrheysgrýfju, þá líklegast í tengslum við fjárhúsið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**EY-212:003** Glaumbær þúst býli

A 518975 N 568091

“Glaumbær er hjer nefndur. Tóttaleifar nokkrar eru hjer. Öngvir þykjast til muna, að hjer hafi byggð verið,” segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1706. Jörðin er talin með í jarðatali 1802 en komin í eyði fyrir 1847, segir í Jarðabók Johnsens. “Á norðurmerkjum Einhamars er miðhlíðis tvöföld klettasyllla, sem heitir Smjörskleið. Neðan undir henni stóð fyrrum býli, sem hét Glaumbær. Eyddist það í skriðuhlaupi úr Tindaskeið,” segir í örnefnaskrá. «Skammt út og upp frá Einhamri eru rústir af eyðibýli, sem Glaumbær hét. ... Túnið hefur farið í skriðu einhvern tíma fyrr á öldum og býlið eyðzt, en hvenær það var, veit enginn,” segir Eiður Guðmundsson í



*Glaumbær EY-212:003, horft til norðausturs.*



*Uppmæling af þústum EY-212:003.*

bókinni Mannfellirinn miklu. Glaumbær hefur verið um 530 m utan og ofan (norðaustan) við bæ 001 en ekki alveg út undir merkjum eins og örnefnalýsing gefur til kynna. Minjarnar eru 97 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Þar sem bærinn stóð er nú mýri með grónum skriðum inn á milli. Í aflíðandi halla til norðvesturs að Hörgá. Hartnær engin ummerki sjást nú um býlið. Þó má á einum stað á þessum slóðum glitta í mjög óljósar þústir undir gróinni skriðu og er hér gert ráð fyrir að þar séu fundin ummerki um býlið þó erfitt sé um það að fullyrða. Um er að ræða litlar veggjaleifar á tveimur stöðum á svæði sem er 10x10 m stórt. Þústirnar eru um 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM X,148; Ö-Skrið, 44; Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 41; Búskaparasaga í Skriðuhreppi forna II, 110-11, Jarðabók Johnsens, 295nm

**EY-212:006** garðlag túngarður

A 518492 N 567835



*Túngarður EY-212:006, horft til suðvesturs.*

Túngarður umlykur allt heimatún Einhamars á túnakorti frá 1917. Hann hefur afmarkað svæði sem var um 180 x 150 m að stærð og snúið h.u.b. norður-suður. Túngarðurinn sést enn afmarka suðvesturhluta og suðurhluta heimatúnsins en aðrir hlutar eru sokknir í deiglendi. Túngarðurinn liggur þvert yfir miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á þessum slóðum er mjög þýft, hátt gras er allt í kringum túnin sem eru í órækt.

Túngarðurinn sést sem mjög gróinn hryggur. Hann er um 135 m langur. Fyrir sunnan bæ 001 liggur hann í um 25 m til suðvesturs áður en hann beygir í næstum 90° og heldur áfram til VNV og síðan norðausturs í um 85 m. Í vesturenda sveigir hann til norðurs en hverfur fljótt. Garðurinn er mjög þýfður og gróinn þar sem hann er sýnilegur. Hann er mest 0,4-0,6 m á hæð en 2-3 m á breidd. Hann fjarar út til beggja enda í þýfi. Innan

heimatúnsins eru önnur garðlög, sjá t.d. 016 og 021 og ljóst að stærð túnsins hefur tekið breytingum í aldanna rás.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-212:008** Gerði tóft útihús

A 518564 N 567807

Inn á túnakort frá 1917 er merktur afmarkaður skiki, "Gerði", tæpum 60 m suðaustan við bæ 001. Þar sjást enn óljósar tóftaleifar. Þær eru 60 m SSA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.


Tóftin er í grasi- og mosagrónu mýrlendi sem hallar 25-30° til VNV.

Tóftin var skráð 2006 og var aftur heimsótt 2020 við úttekt Blöndulínu 2020. Við þá skráningu fékkst betri mynd af tóftinni. Tóftin er 9x6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og op er til suðausturs á austurvegg. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m breiðir en 0,8 m háir. Deiglent er innan tóftar. Ekki sjást nein garðlög í kringum tóftina og ekki er ljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað þó líklegast hafi hún verið e.k. útihús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-212:008, horft til norðurs.



Skýringar

Fornleifar

Torfhlaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft EY-212:008.

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-212:010** þúst öskuhaugur

Fagurgrænn öskuhaugur er yst og neðst (norðaustast) á bæjarhól Einhamars, um 15 m NNA við bæ 001 og rúmum 70 m austan við fjárhús 002. Öskuhaugurinn er um 15 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tún Einhamars hafa nú verið ræst fram og eru miklir skurðir umhverfis þau. Svæðið er á kafi í grasi.

Öskuhaugurinn er um 5 m í þvermál en um 1,5 m á hæð.

Hann er fagurgrænn og nokkuð brattur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

A 518510 N 567873



Öskuhaugur EY-212:010, horft til norðurs.

**EY-212:011** tóft heystæði


Torfhlaðin heytóft er rétt sunnan við Hörgá, um 670 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 150 m ASA við Flöguhól 005. Tóftin er um 148 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2002.

Tóftin er á grónum hól. Fyrir neðan (VNV) er mýri en annars eru víðast umhverfis móar með deiglendisflákum á milli.

A 518929 N 568388



Tóft EY-212:011, horft til NNA.



Skýringar

Fornleifar

Torfhlaðið

Úttektargögn

Úttektarsvæði

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af heystæði EY-212:011.

Tóftin er 7,5 x 3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Veggir eru signir, 0,3 m á hæð. Ekki er greinilegt op á tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-212:013** garðlag óþekkt

A 518404 N 567730



Garðlag er í votlendi, 140 m suðvestan við bæjarhól 001, rúmum 30 m SSA við vélgarfinn skurð og 70 m SSA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Votlendi í affiðandi brekku til norðvesturs niður að Hörgá. Garðlagið er 16 m að lengd og 0,5-1 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Garðlagið er grasigróið og er um 0,2-0,3 m á hæð. Garðlagið getur mögulega verið áveitugarður en garðlagið liggur í votlendi og fjarar svo úr við háa grasivaxna hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Garðlag EY-212:013, horft til NNA.*

**EY-212:014** þúst óþekkt

A 518077 N 567629



Um 60 m sunnan við Hörgá og 390 m VSV við tóft 015 er há þúst. Hún er um 60 m frá miðlínu Blöndulínu 2020. Þústin er í miklu og háu grasi, þar er þýft og vélgrafnir skurðir eru til suðvesturs og suðausturs.

Þústin er há, um 2 m á hæð og er nokkuð regluleg, um 25 m í þvermál. Í henni vex mikið grænt gras og sker hún sig úr umhverfinu. Norðvestan í þústinni er mjög þýft og er mögulegt að þar leynist mannvist undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Þúst EY-212:014, horft til suðvesturs.*

**EY-212:015** tóft kvíar

A 518437 N 567779

Óljóst tóft er um 65 m sunnan við túngarð 006 og tæpum 90 m SSV við bæ 001, utan heimatúnsins. Lag tóftarinnar bendir einna hest til þess að um kvíar sé að ræða. Tóftin er 45 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis



*Tóft EY-212:015, horft til norðvesturs.*



Skýringar

Fornleifar — Kantur  
Torfhlaðið

0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af tóft EY-212:015.*

Blöndulínu 3.

Tóftin er norðan undir hól í brekku sem hallar niður að Hörgá. Hóllinn eða stallurinn er stórþýfður og deiglent vestan hans. Svæðið til norðurs er framræst.

Hólbrúnn er nokkuð bein og 0,5 m á hæð. Tóftin er afar óljós, það mótar fyrir henni sem stórum þúfum, inn á milli annarra þúfna. Hún er 8,5 x 5 m að stærð, er einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Með góðum vilja er hægt að greina annað hól austan við tóftina en það sést einna helst sem slétt svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-212:016** garðlag túngarður

A 518460 N 567906

Fyrir norðan túngarð 006 sést annar túngarður, við tóftir 017 og 018. Hann liggur í norður frá bæjarhól og sveigir til norðausturs að útihúsi 018. Túngarðurinn er 108 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Túngarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1917 en er innan heimatúnsins.



*Túngarður EY-212:016, horft til VSV.*

Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting og því er túngarðurinn orðin mjög illgreinanlegur.

Túngarðurinn liggur í suðvestur milli tófta 017 og 018 á 40 m löngum kafla. Vesturhorn hans er alveg horfið en hann sést aftur á 60 m löngum kafla þar sem hann liggur upp brekkuna í átt að bæjarhólunum. Alls afmarkar hann svæði sem er 60x55 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarðurinn er mjög þýfður og ógreinilegur en greinilegastur er hann norðaustast, við tóftir 017 og 018. Hann er 0.7-1 m á hæð og mjög breiður, allt að 4-5 m en það er líklega út af þeirri stórtæku þúfnamyndun og frostlyftingu sem á sér stað á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-212:017** tóft útihús

A 518490 N 567971

Tóft er rúmum 100 m norðan við bæ 001 og 5 m vestan við tóft 018. Hún er rúmum 100 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Tóft EY-212:017, horft til suðvesturs.*



Skýringar

Fornleifar Sáðsletta  
TerfllaSö

0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af tóft EY-212:017.*


Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting og því er tóftin orðin mjög illgreinanleg. Tóftin er 12 x 6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er utan við túngarð 016 en þó byggð upp við hann. Annaðhvort hefur verið hægt að ganga á milli veggja tóftarinnar og túngarðsins eða að frostlyfting á svæðinu sé búin að gjörbreyta lagi tóftarinnar enda eru veggir mjög ógreinilegir vegna þúfnamyndunanna. Tóftin er tvískipt og bæði hólfr eru 3x2 m að innanmáli. Hugsanlega hefur verið gegnið inn í tóftina milli túngarðs og tóftar, á suðausturhlíð. Veggir eru 2-2,5 m á breidd og 0,7-7 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-212:018** tóft útihús

A 518475 N 567963

Tóft er um 105 m norðan við bæ 001 og um 5 m austan við tóft 017. Hún er rúmum 100 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



Uppmæling af tóft EY-212:018.



Tóft EY-212:018, horft til norðurs.

Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting og því er tóftin orðin mjög illgreinanleg. Tóftin er 17,5 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarður 016 nær nánast upp að suðvestur

vegg hennar. Tóftin er tvískipt. Hólf I er norðaustar í tóftinni. Það er 3.5 x 2.5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin, norðaustur-suðvestur. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er það 3.5 x 2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert greinilegt op er á tóftinni en ætla má að það eða þau hafi verið á norðvestur hlið hennar. Veggir eru mjög breiðir eða 3-4 m og 0.7-1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


#### EY-212:019 tóft útihús

A 518489 N 568008

Tóft er rúmum 140 m norðan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við rétt 022, nyrst í heimatúninu. Sé tekið mið af afmörkun túnsins 1917 var hún að öllum líkindum innan þess en ekki sýnd þar. Tóftin er 145 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 3.



Tóft EY-212:019, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft EY-212:019.

Stórþýft tún er umhverfis tóftina sem er á mörkum deiglendis og þurrari svæða til suðurs við bæinn. Framræsluskurður er um 10 m vestan við tóftina.

Tóftin er 10 x 8 m stór, er einföld og snýr ANA-VSV. Veggir eru stórþýfðir og útlínur óljósar á köflum vegna þess. Þeir eru 0,5-1 m á hæð og ytra byrði einna skýrast til austurs. Óljóst op er í suðvesturhorni tóftarinnar, inn í heimarúnið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

#### EY-212:020 sáðslétta tún

A 518873 N 567945

Greinilegar beðasléttur eru suðaustan og norðaustan við tóftir 017 og 018 og túngarð 016, tæpum 65 m norðan við bæ 001 og tæpum 80 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



Beðasléttur eru innan norðurhluta heimatúnsins og sjást sem ílangar rákir. © Bing.com

Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting og því er beðaslétturarnar því orðnar mjög illgreinanlegar.

Alls sjást 10 beð suðaustan við túngarð 016 og 2 beð norðaustan við tóft 018 á svæði sem er 80 x 65 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Beðin eru 0.3-0.4 m á hæð og eru frekar stórþýfð vegna frostlyftingar. Beðin verða ósljósari eftir því sem suðvestar dregur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-212:021** heimild um túngarð

A 518439 N 567903

Nokkurn veginn hringlaga hryggur sést á loftmynd af túni Einhamars sem gæti verið eldri túngarður. Hann liggur frá túngarði 016, áfram til suðvesturs og þaðan í gegnum norðurhluta bæjarhóls og áfram að útihúsi 018. Suðurhluti túngarðisins er 20 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting.

Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn á vettvangi en hann er greinilegur á loftmynd. Hann afmarkar tún sem er 90 x 90 m að stærð og nær frá bæjarhól 001 að túngarði og tóftum 016, 017 og 018. Þó svo að ummerki eftir túngarðinn séu horfin á vettvangi má ætla að leifar hans sé enn að finna undir yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**EY-212:022** hleðsla rétt

A 518476 N 567975

Norðan við útihúsi 017 og 018 er hleðsla eða hlaðinn veggur. Hún afmarkar svæði norðan við tóftirnar og líklega er um rétt að ræða, svæðið milli hleðslunnar og tóftanna er flatt og grænna en nánasta umhverfi. Réttin er 115 m norðan við miðlínu Blöndulínu 2020. Réttin er innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1917 en ekki sýnd þar.



Rétt EY-212:022, horft til norðurs.



Uppmæling af rétt EY-212:022.

Svæðið er mjög stórþýft og þar hefur átt sér stað mikil frostlyfting, hleðlan orðin mjög illgreinanleg.

Hleðslan afmarkar svæði sem er 12 x 18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er stórþýfð og ekki er ljóst hvort að hún var sambyggð útihúsi 017 að suðvestan. Annaðhvort hefur verið hægt að ganga á milli veggja tóftarinnar og hleðslunnar eða að frostlyfting á svæðinu er búin að gjörbreyta lagi minjanna sem eru mjög ógreinilegar vegna þúfnamyndunar. Hleðslan er 0,3-0,8 m á hæð og 2- 4 m á breidd. Fast norðaustan hennar er möguelga annað hólf eða beðalséttur 020 náðu fast ytri byrði réttarinnar. Ekki var hægt að greina á milli þess á vettvangi. Að öllum líkindum var op inn í réttina til suðausturs, við tóft 018.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-213** Bás

10 hdr. 1712."Eigandinn kóngleg Majestat, en liggur undir Möðruvallaklaustur." JÁM X, 148. Bás fór í eyði árið 1964.

Túnstærð 1917: 2,3 ha. Sléttað tún 2/5. "Engjaítak er hjer í Myrkárland, nefnt Búðarnesmór. Ekkert framkemur að staðurinn hjer mót eigi í Búðarness jörðu. Túnið spillist hjer merkilega af vatnuppgangi, og verður ei við gjört. Engjar eru hjer so yfirmáta slæmar, að auk áðurnefnds ítaks hlýtur ábúandinn til að fá slægjur." JÁM X, 149. "Tún var lítið en Bás var talin meðaljörð. Miklir ræktunarmöguleikar eru þar á nútímavísu. [...] Bás er á milli Búðarness og Einhamars í Hörgárdal austanverðum undir Staðartunguhálsi syðst. Bás stendur undir



Bæjarhóll EY-213:001, horft til suðausturs.

hlíðinni nokkuð frá ánni.[...] Mýrlent er þar nokkuð, en engi talsverð. Tún var lítið en Bás var talin meðaljörð. [...] Frá Bási var gengið yfir Staðartunguhálsinn yfir í Öxnadal. Hús standa enn að hluta í Bási, en jörðin er í eigu ábúenda Búðarness og nýttuð þaðan.”BE I, 489. “Túnið var lítið, en grasgefið, engjaslægjur talsverðar, en blautar með köflum.” Mannfellirinn mikli, 41.

**EY-213:001** Bás bæjarhóll bústaður  
A 520498 N 569495


Bás er næsti bær innan (suðvestan) við Búðarnes (214:001). Bás fór í eyði árið 1964 en á jörðinni stendur enn uppi steinsteypt íbúðarhús í niðurniðslu. Bæjarhóllinn er 147 m suðaustan við útlínu úttektarsvæði Blöndulínu 2020.

Hæð í grasi grónu túni sem enn er slegið þó að bærinn sé kominn í eyði.

Síðasti bærinn á Bási er steinsteyptur. Gamli bærinn var á svipuðum slóðum. Síðustu leifar hans stóðu lengi utan (NNA) við steinsteypta húsið, samfast því og var sá hluti lengi notaður sem fjós. Bæjarhóllinn á Bási er gríðarstór en sjálfsagt að töluverðu leyti náttúrulegur hóll. Hann er um 65 á lengd norðaustur-suðvestur. Breidd hans er erfiðara að ákvaða þar sem hóllinn hverfur inn í brekkuna skammt ofan (suðaustan) við íbúðarhúsið. Áætluð breidd er þó um 50 m. Hóllinn virðist, eins og áður sagði, að stórum hluta náttúrulegur en suðvestasti hluti hólins, um 10-20 m suðvestan við íbúðarhús er einna ræktarlegastur og verður að teljast afar líklegt að þar leynist minjar undir sverði. Ómögulegt er að áætla hæð uppsafnaðra mannvistarleifa í hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917



**EY-213:002** heimild um útihús

A 520484 N 569513

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 25 m neðan (norðvestan) við bæ 001. Útihúsið er í túnjaðri núverandi túns, um 120 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Engin ummerki sjást um húsið. Til vesturs erusléttuð tún sem enn eru slegin. Túnnum hallar til norðvesturs, að Hörgá.

Þetta hús var horfið þegar Gunnar Gunnarsson, heimildamaður, fór að muna eftir sér.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-213:003** heimild um útihús

A 520459 N 569499

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 50 m neðan og örlítið utan (VNV) við bæ 001. Húsið stóð nokkurn veginn þar sem seinna voru byggð fjárhús úr timbri, grjóti og bárujúarni sem enn standa. Húsið er 100 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.



Engin ummerki sjást um húsið. Umhverfis eru sléttuð tún sem enn eru slegin. Túnnum hallar til norðvesturs, að Hörgá.

Húsið sem nú stendur á þessum stað er tvístæðuhús með hlöðu að baki. Norðvestar er sjálft fjárhúsið með tveimur gördum (sem hlaðnir eru úr grjóti með timburgrind) en að baki er hlaðan. Hlaðan er alveg grafin inn í brekkuna. Húsið er 10 X 19 m stórt. Framan (norðvestan) við það er uppsafnaður haugur sem nær í um 5 m frá húsinu. Engin merki sjást um eldra hús enda yngra hús sjálfsagt byggt á leifum þess og á nákvæmlega sama stað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-213:007** *Básstekkur* heimild um stekk A 520220 N 569460

“Básstekkur er suður og niður frá bænum. Nokkru sunnar eru Höllin og Gamlistekkur [008], Stekkjarhóll er ofan og utan við ytri stekkin (Básstekk),” segir í örnefnaskrá. Suður og niður frá Básbænum 001 eru víðáttumikil tún en þar innan við tekur svo við Flóinn, framræst deiglendi. Líklegast hefur Básstekkur horfið í túnraekt á þessum slóðum. Hann var um 270 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 230 m VSV við útihús 003. Svæðið er um 20 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Lægð í skjóli við stóran hól í rennislétu túni.

Engin merki um stekk sjást lengur á þessum stað vegna sléttunar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 43

**EY-213:009** *Húsflói* örnefni A 519719 N 569094

“Suður með Hörgá er Húsflói eða Básflói. Þar í ánni er Básfoss,” segir í örnefnaskrá. Húsflói/Básflói eða bara Flóinn, eins og hann er oftast nefndur, er nú geysistört, framræst svæði milli hlíðar og Hörgár nærri suðurmerkjum Báss, rúmum 880 m suðvestan við bæ 001 og um 610 m suðvestan við stekk 007. Svæðið er 103 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Deiglent graslendi nokkuð flatt. Í Flóanum eru á nokkrum stöðum afar lágar hæðir, grænni en umhverfið en hvergi fannst töft. Hnit var tekið á einni slíkri hæð.

Hægt er að efast um að hús hafi nokkru sinni verið byggð í Flóanum. Ýmsar skýringar gætu verið á nafngiftinni Húsflói og má t.d. nefna að Litli-Bás er í hlíðinni ofan við ysta hluta Flóans. Um þetta verður þó ekki fullyrt án frekari heimilda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið 43

**EY-213:012** varða A 519454 N 568786

Varða er 1,2 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 400 m suðvestan við Húsflóa 009. Varðan er um 60 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á grónum mel sem er rétt sunnan við framræst votlendi.

Varðan er ferköntuð í botni, 3 x 3 m að stærð. Hún er 0,3 m á stærð og hlaðin 15-20 mosavöxnum steinum. Óvíst er með hlutverk hennar en hún er ekki á þekktum leiðum eða merkjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða EY-213:012, horft til SSV.

EY-214 Búðarnes

20 hdr. 1712. Eign biskupstólsins á Hólum. JÁM X, 148

1464: Búðarnes selt fyrir 20 hdr: “hier j mot skyllði hvn hafa adra peninga jafnmikla. var þar j myrka firir segstigi huudrut ok þriar tutugu hundrata jarder myrkardal ok budarnes j haurgardal ok kross j liosauzskardi.” DI V, 415.

“Hann [Búðarnesbær] stendur á Skriðuhólum undir Staðatunguhálsi gengt Myrká og á land frá merkjum við

Staðartungu í norðri og að Einhamri í suðri. Eyðibýlið Bás, í eyði frá 1964, tilheyrir Búðarnesi, en það er nokkru sunnar við Búðarnes og standa hús þar enn að hluta, en tóftarbrot af fornbylínu Litla-Bási eru spölkorn sunnan við Bás. Haustið 1390 féll skriða á bæinn í Búðarnesi og létust 12 manns. [...] Ennfremur eru friðlýst tóftarbrot innantúns á nesinu neðan við Búðarnesbæinn, kallaðar Búðir, en ókunnugt er um sögu þessara tófta.” BE, 470. Túnstærð 1917: 2,9 ha. Sléttað tún 2/3. “Rifhrís er hjer nokkurt til styrks við eldivið. Engjaitak er hjer í Myrkárlanð, nefnt Búðarnessmór. [...] Torfrista er hjer nú so slæm orðin, að valla er nýtandi. Túnið spillist hjer merkilega af vatnsuppgangi, og verður ei við gjört. Engjar eru hjer so yfirmáta slæmar, að auk áðurnefnds ítaks hlýtur ábúandinn að fá til slægju.” JÁM X,-148-149. “Við bæinn er skógarreitir og skjólbelti á ysta hluta túnsins.” BE, 470. “Gamla túnið í Búðarnesi var allt að því þriggja kúa völlum, harðlent, snöggsælt, en heygott. Útthyskapur lélegur og seintekinn, en haglendi gott. Þar var vorhart nokkuð og oft síðgróid, enda nýtur sólar þar verr en á öðrum bæjum sveitarinnar, þeim er nú eru í byggð. Skóglendi var þar lengi, en mun hafa verið þrotið að mestu í lok sautjándu aldar.” Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 39.

**EY-214:002** *Búðarnes* heimild um útihús A 520999 N 570405

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 60 m innan og ofan (sunnan) við bæ 001. Á þessum stað standa nú steinsteypt fjárhús. Á sama stað er talið að elsti bærinn í Búðarnesi hafi staðið áður en mikil skriða féll á hann 1390. “Bærinn [001] stendur á fornri stórskriðu, þar sem hún hefur stanzað í fjallinu og hlaðið upp afar mikilli dyngju, en snarbrött brekka er framan undir. Sennilegt er, að þetta sé sama skriðan og sú, sem féll á Búðarnes í nóvember 1390,” segir Eiður Guðmundsson. Áætluð staðsetning útihússins er 160 m vestan við miðlínu Blöndulínu, rétt utan við áhrifasvæðið. Helgunarsvæði tóftarinnar er hins vegar þar innan. Steinsteypt fjárhús standa nú þar sem eldri útihús og líklega elsti bærinn stóðu. Umhverfis eru sléttuð tún í halla til VNV að Hörgá.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917 og Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 40

**EY-214:003** heimild um útihús A 521063 N 570325

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 150 m ofar en bærinn 001 og örlítið innar (eða SSA). Húsið hefur verið um 80 m beint ofan (suðvestan) við útihús 002. Áætluð staðsetning útihússins er 50 m vestan við miðlínu Blöndulínu,

Húsið hefur nú verið sléttað í tún. Umhverfis eru sléttuð tún í halla til VNV að Hörgá.

Þar sem útihúsið stóð er hóll í túninu. Hann er um 30 x 20-25 m snýr eins og hlíðin, norðaustur-suðvestur. Húsin voru horfin þegar heimildamaður fór að muna eftir sér.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-214:005\_1** *Sauðhústóftir* þúst fjárhús A 521932 N 57165

“Tóftir nokkrar eru út undir merkjum. Kallast þær Sauðhúsatóftir og Snæbjarnarhús [Snæbjarnarpartur skv. heimildamanni],” segir í örnefnaskrá. Gunnar Gunnarsson, heimildamaður kannaðist ekki við Sauðhústóftir. Gengið var eftir allri hlíðinni innan (suðvestan) við Snæbjarnarhús 006 án þess að sambærilegar tóftir (og 006) myndust. Tæpum 300 m innan (suðvestan) við Snæbjarnarhús fannst hins vegar tóft á melhól sem líklegast er Sauðhústóftir. Tóftin er 1,5 km utan (norðaustan) við bæ 001. Á staðum eru tvær þústir á svæði sem er 20 x 12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þústirnar minna á tvær heytóftir fremur en fjárhús. Erfitt er þó að greina innri lögun þeirra. Fornleifarnar eru um 70 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Þúst EY-214:005\_1, horft til norðurs.*



*Þúst EY-214:005\_2, horft til SSV.*

Ofan (suðaustan) við tóftina er svæði á kafi í grasi en ofan þess tekur við mýri. Neðan (norðvestan) við hólinn er bratti niður að árbökkum Hörgár.

Staðurinn var fyrst skráður við aðalskráningu 2005 en bætt var við lýsinguna þegar staðurinn var heimsóttur aftur og mældar upp 2020. Hér er vestri þústin skráð. Hún er 8 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún ris 0,3 m hærra en umhverfið. Hún er á kafi í grasi, Ytri brúnir hennar eru skýrar en ekkert tóftarlag er greinilegt á henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 43

**EY-214:005\_2** þúst fjárhús

A 521945 N 571654

Hér er eystri þústin skráð. Hún er eilítið minni, 7,5 x 4,5 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Þústin er á kafi í grasi og er um 0,4 m á hæð. Ekki er unnt að greina innra lag hennar þótt ytri lögun sé skýr.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-214:006** Snæbjarnarhús tóft beitarhús

A 522176 N 571816


“Tóftir nokkrar eru út undir merkjum. Kallast þær Sauðhúsatóftir [005] og Snæbjarnarhús [Snæbjarnarpartur skv. Gunnari Gunnarssyni, heimildamanni],” segir í örnefnaskrá. Snæbjarnarhús eru um 1,7 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 280 m norðaustan við þúst 005. Snæbjarnarhús eru um 20 m austan við miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í grasi grónum, aflíðandi haga. Um 100 m ofar tekur þverbrött fjallshlíð við.

Tóftin er 16 x 9 m stór og snýr ASA-VNV. Hún skiptist upp í tvö hólf. Vestar er sjálft fjárhúsið (hólf A) sem er 10



Beitarhús EY-214:006, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-214:006.

x 5 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Eftir því endilöngu gengur garði. Op er fyrir miðju á vesturvegg. Austar er svo afar óljóst hólf, líklega hlaða (hólf B). Hún 6 x 2,5 m að stærð og snýr þvert á fjárhúsið. Ekki er greinilegt op á milli hólfanna. Í fjárhúsunum sjást vel grjóthleðslur en heytóftin er mjög ógreinileg. Veggir ná mest 0,5 m hæð. Ekki er hægt að skera úr um með fullri vissu hvort sú tóft sem hér er skráð sé í raun Snæbjarnarhús eða hvort mögulegt er að þessi tóft sé sú sem nefnd var Sauðhúsatóftir (sjá 005).

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 43

**EY-214:008** garðlag túngarður

A 521085 N 570337

Túngarður hefur umlukið tún, eða a.m.k. hluta túna, í Búðarnesi en hann er víðast horfinn í tún og annað umrót. Stuttur spotti af túngarði er þó enn ofan (suðaustan) við tún. Túngarðurinn er um 30 - 70 m norðvestan við miðlinu Blöndulínu.

Neðar eru sléttuð tún í halla til VNV að Hörgá. Ofar er gróin fjallshlíð. Þar sem enn má greina túngarð er hann í túnjaðri.

Garðurinn er fyrst greinilegur um 30 m austan við útihús 003. Þaðan liggur hann í um 10 m til NNA en er mjög óskýr. Áfram heldur garðurinn til NNA í um 17 m til viðbótar en verður þá alveg óskýr. Á þessum kafla er garðurinn um 1 m á hæð, 1,4 m á breidd og algróinn. Aftur má greina garðinn um 30 m NNA. Þar má á 30 m kafla norður-suður greina tvo stutta garðkafla. Samtals mátti því greina garðslittrur á um 90 m löngum kafla. Um 70 m suðvestar, utan heimatúnsins, sést framhald túngarðsins. Líklega er þetta undirhleðsla undir vírgirðingu sem set var eftir efstu mörkum túna. Ekki er vitað hvort að þessi hluti sé jafngamall nyrðri hluta. Hann er

rúmlega 30 m langur, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Líkt og hinn er hann algróinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Túngarður EY-214:008, horft norðausturs.*



*Hleðsla EY-214:009, horft til vesturs.*

**EY-214:009** hleðsla óþekkt

A 520737 N 569746

Einföld grjóthleðsla er í hlíð um 780 m SSV af bæ, um 140 m frá miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Hleðslan er um 140 m suðaustur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Hlíðin er lynggróin, smápýfð og víða grýtt. Lækjarsprænur renna víða niður hlíðina.

Hleðslan liggur norðaustur-suðvestur og þverar læk í litlum slakka, innan við 40 m djúpum. Hún er einföld röð af grjóti, um 0,1-0,2 há, 0,3-0,4 m breidd og 4 m löng. Grjótíð í hleðslunni er mosa og skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-215 Staðartunga

30 hdr. 1712. Konungseign en liggur undir Möðruvallaklaustri. JÁM X, 149.

1394: “xviii. Mýrckær kýrckia.[...] þar er prestzskylld. tekur prestur heima. iiij. merkur. enn vtann gardz. v. merckur. ef Tunga fylger.” DI III, 526

1396: Íslensku fornbréfasafni hefur varðveist sölubríf fyrir Hallfríðarstaði frá 1396 þar sem fram kemur að jörðin átti skógarhögg í Staðartungu sbr : “... skogr j tungu jordu [Staðartunga] með þessum ummerkium. Uarda a halsinum fierer sunnan stigadæli. Drangsteinn nidre uid skuggagotu ok rædr hon ut æ hlas.” DI III 503-504.

1442: Staðartungu er getið í reikningi Möðruvalla frá 1442 og 1447. DI IV, 626 og 711.

1560: Saurbær hefur átt skógarhögg í Staðartungulandi 1560 samkvæmt sölubrifi sem varveist hefur frá því ári en þar kemur fram að Saurbær átti “skög á Stadartungu jordu fyrer ofan skogagötu. millum tveggja skridna” DI XIII, 471-472.

”Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls áttu þá Myrká og Saurbæ rétt til skógarhögg í landi Staðartungu. JÁM X, 144-145. Í Ö-Skrið segir á s. 42 að Möðruvallaklaustur hafi átt Staðartungu. “Staðartunga átti fyrrum land upp með Öxnadalá og 1712 eru Missjálfsstaðir taldir til eyðibýla í Staðartungulandi. Því mun hafa verið skipt út um miðja 18.öld (Miðhálsstaðir í Öxnadal).” Ö-Skrið, 42.

Túnstærð 1917: 5,1 ha. sléttað tún 1/3, sáðreitir 120. “Skógur er hjer, sem sjálfjörðin á framhleypt hinum öðrum. Mjög er hann í rýrnun, þó nægjanlegur ábúandanum.” JÁM X, 149 “Staðartungutúnið gamla var talið grasgefið og fremur heygott. Umhverfið er að mestu leysi mýrarsund, lyngholt og klappir í hálsinum upp frá bænum. Túnið var sundurskorið af mýrardrögum, sem náðu sums staðar heim undir bæinn. Engjaheyskapur var fremur lélegur og seintekinn, en útbeiti tryggari en að nokkurri annarri jörð í hreppnum. ... Í Staðartungu er beitiland gott og mikið, og berjaland var þar ágætt.[...] Staðartunga var ein af mörgum jörðum Möðruvallaklausturs. Hafði klaustrið þar ýmis ítök til forna svo sem hestagöngu, vetrarþing fyrir sauði og engjaheyskap. Þar eru í landinu rústir eftir sauðahús, sem Klausturhús voru kölluð,” Mannféllirinn mikli, 39.


**EY-215:001** Staðartunga bæjarhóll bústaður

A 524936 N 575003

“Gamli bærinn í Staðartungu stóð allmiklu ofar en íbúðarhúsið er nú, eða þar sem peningahúsin eru,” segir í örnefnaskrá. Bærinn er merktur suðvestarlega innan heimatúns á túnakorti frá 1917. Bærinn í Staðartungu stóð áður 180 m ofan (SSA) við íbúðarhúsið sem nú stendur á jörðinni. Gamli bærinn var líklega í norðurjaðri



Bæjarhóll EY-215:001, horft til norðausturs.



Uppmæling af bæjarhól EY-215:001. Útihús EY-215:008 er undir skemmuni.

peningshúsanna en hefur náð lengra til NNA en þau gera. Búið er að ryðja út suðvesturhluta hólans og er hann því mikið raskaður. Engin ummerki um gamla bæinn sjást lengur. Bæjarhóllinn er um 143 m norðvesta við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Norðvesturhluti hólans er utan áhrifasvæðis framkvæmda.

Bæjarhóllinn er stór hól, á kafi í órækt og illgresi. Hólnum hefur talsvert verið rótað vegna byggingu útihúss og peningsgirðinga. Þegar útihúsið var byggt á hólnum var heilmikilli uppfyllingu bætt við hann norðvestanverðan. Líklega hefur gamli bærinn staðið fremur ofarlega og suðaustarlega á hólnum.

Ómögulegt er að giska á hversu stór hinn eiginlegi, uppsafnaði bæjarhóll hefur verið enda hefur efni verið rutt úr suðausturhluta hans til norðvesturs. Að auki fellur suðausturhlutinn inn í brekkuna ofan við. Stærð bæjarhólans, eða það sem sést á yfirborði, er um 60 x 30 m og snýr hann VNV-ASA. Hann er um 2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Síðustu leifum gamla bæjarins var rutt út á 6. áratug 20. aldar en þá var ekkert hreyft við sjálfum hólnum. Mikilla mannvista er því að vænta undir sverði á þeim hluta sem ekki var rutt út.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Skrið, 41

**EY-215:002** Kirkjuhóll þúst kirkja A 524974 N 574978  
STAÐARTUNGA Í HÖRGÁRDAL (E). Kirkjunnar er getið í máldaga árið 1399: “[á Myrká] er prestzskyld. tekur prestur ... vtann gardz. v. merckur. ef Tunga fylger,”. Kirkjunnar er ekki getið í öðrum máldögum. “Kirkjuhóll er örnefni á hólabungu steinsnar út frá gamla bænum. Ekki er til þess vitað, þar þar hafi kirkja eða bænhús verið. Þó bendir örnefnið í þá átt,” segir í bók Eiðs Guðmundssonar. Kirkjuhóll er um 60 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m austan við útihús 008. Á þessum stað sést greinileg þúst. Hún er um 102 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Þústin er innan hóls þar sem hross eru nú á beit. Þústin og nánasta umhverfi er vaxinn snöggu grasi en nokkru ofar (suðaustar) taka við móar í sama hólfi.

Þústin er um 12 x 12 m stór. Hún er tæplega 1 m á hæð. Hún var sléttuð fyrir nokkrum árum án þess að komið væri niður á bein eða hleðslur en þá var reyndar farið mjög grunnt og aðeins sléttuð yfir efsta yfirborðið. Vænta má nokkurra mannvista undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 39; DI III 526-527



Kirkjuhóll EY-215:002, horft til norðvesturs.



Þúst EY-215:003, horft til NNV.

**EY-215:003** þúst fjárhús

A 522158 N 571949

Útihús eru merkt inn á túnakort um 120 m ofan (suðaustan) við 001 og 25 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis fyrir Blöndulínu 2020, Ennþá sést óljós þúst eða hæð efst (suðaustast) í túninu þar sem húsin stóðu.

Húsið stóð á lágri hæð í túninu. Þar eru nú afgirt beitarhólf umhverfis.

Hæðin eða þústin þar sem húsið stóð er 23x15 m stór og snýr norður-suður. Hún er 0,7 m á hæð og er mjög ræktarleg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-215:006** heimild um útihús

A 524742 N 574846

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 200-210 m innan (suðvestan) við bæ 001. Erling Einarsson, heimildamaður, man ekki eftir útihúsi á þessum stað og var það horfið fyrir hans minni (fyrir miðja 20. öld). Meint útihús er 150 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis fyrir Blöndulínu 2020.

Sléttuð tún eru á þessum slóðum.

Engin ummerki eru um útihús á yfirborði vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-215:007** þúst hesthús

A 524711 N 574787

Útihús er merkt inn á túnakort um 280 m innan (suðvestan) við bæ 001. Húsið var um 60 m innar og örlítið ofan (suðvestan) við útihús 006 en 10-15 m norðaustan við túngarð 007 og 120 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis á Blöndulínu 2020.

Þar sem húsið stóð er greinileg en lág þúst í túninu. Þústin er á kafi í hávöxnu grasi.

Hæðin er um 25 m í þvermál en 0,4 m á hæð og var skráð aftur árið 2020 og mældist hún 10 m í þvermál en erfitt er að sjá nákvæmlega hvar ytri brúnir hennar byrja og enda. Hún er á kafi í órækt eins og reyndar allt túnið í kring en þó heldur ræktarlegri og grænni en umhverfið. Erling Einarsson, heimildamaður man eftir húsi á þessum stað í bernsku sinni og taldi helst að það hefði verið hesthús. Samkvæmt honum var sléttuð úr húsinu snemma á 6. áratug 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-215:008** heimild um skemmu

A 524925 N 574988

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917, rúmum 20 m suðvestan við bæ 001 og um 120 m NNV við útihús 003. Engin merki um útihúsið sjást lengur á þessum stað. Samkvæmt Erling Einarssyni, heimildamanni var húsið skemma. Hún var í raun tvær sambyggðar byggingar úr torfi og grjóti. Staðurinn er um 149 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Mikil útihúsasamstæða er nú þar sem útihúsið stóð.

Engin merki um útihús sjást lengur á yfirborði vegna þess að búið er að reisa yngri útihús á staðnum sem ljóslega hefur raskað fornleifinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-215:009\_1** Skuggi tóft býli


A 523934 N 573948



Tóft EY-215:009\_1, horft til SSV.

“Fornbýlið Skuggi var alllangt sunnan við Staðartungubæ, ofarlega, nokkurn veginn beint upp af Hörgárbrúnni,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. “...en býlið Skuggi var ofan við Skuggahvamm, og þar er síðan alltaf kallað á Skugga uppi á hjallanum,” segir í örnefnaskrá. “Skuggi heitir örnefni tæpum kílómetra suður frá Staðartungu, uppi undir fjallsrótunum, og mun líklega hafa verið býli. Skugga mun hvergi vera getið í rituðum heimildum, en nafnið lifir enn. Niður undan rústunum af Skugga er Skuggahvammur við Hörgá, þar sem brúin er nú. Garður hefur verið umhverfis túnið, en er þó horfinn á köflum. Túnið hefur verið um tveir hektarar. Það er þýft valllendi að mestu og ágætt ræktunarland. Tóttaleifar eru mjög fornar, og mun bæjarrústunum hafa verið rótað að nokkru og hús þar byggt síðar, líklega beitarhús.

Nokkrir götutroðningar, sem nú eru grasigrónir fyrir löngu, liggja neðan frá ánni upp að túnstæðinu,” segir Eiður Guðmundsson. Íslensku fornbréfasafni hefur varðveist sölubréf fyrir Hallfríðarstaði frá 1396 þar sem fram kemur að jörðin átti skógarhögg í Staðartungu og er þar vísað í Skuggagötu (sjá 033) sem kennileyti sem afmarkaði reitinn. Er það líklega gata sem lá að býlinu en er nú ógreinileg. Orðrétt segir í bréfinu: “... skogr j tungu jordu [Staðartunga] með þessum ummerkium. Uarda a halsinum fierer sunnan stigadæli [030]. Drangsteinn nidre uid skuggagotu ok rædr hon ut æ hlas.” Má telja þetta góða vísbendingu um að býlið hafi verið komið í byggð á 14. öld þó ekki sé minnst á sjálft býlið berum orðum. Skuggi er um 1,3 km SSV við bæ 001, í



### Skýringar

<b>Fornleifar</b>	— Kantur	<b>Úttektargögn</b>	0 10 20 30 40 m
□ Bæjarhöll	- - - Óljóst	— Miðlina	
■ Torfhlaðið			

*Uppmælingar af minjum sem tilheyra býlinu Skugga EY-215:009.*

og ofan (suðaustan) við efstu framræstu túnskikana í hliðinni. Mannvistarleifar fundust á svæði sem er 170x150 m stórt og snýr nálega austur-vestur (út-inn sem er ANA-VSV). Á svæðinu má á tveimur stöðum greina leifar túngarðs (009\_6), fjórar tóftir (009\_1, 2, 4 og 5) og að auki fagurgræna hæð sem kann að vera öskuhaugur (009\_3). Minjasvæðið er nokkurnvegin í miðju úttektasvæði Blöndulinu 2020. Fornleifastofnun fór fyrir fornleifauppgrefti á Skugga árin 2008-2009 og aftur 2013-2014. Grafinn var upp öskuhaugur 009\_3 sem er staðsettur um 15 m norðvestan við 009\_1. Öskuhaugurinn var aldursgreindur og var í notkun á víkingaöld fram á 12. öld. Undir öskuhaugnum kom í ljós mannvirki sem er frá seinni hluta 9. aldar en það var ekki grafið upp. Perlur, dýrabein og tveir beinprjónar eru meðal þeirra gripa sem fundust í uppgreftinum að sögn Ramonu Harisson sem fór fyrir uppgreftirnum. Nánari upplýsingar um uppgreftinn má sjá í skýrslunum Gásir Hinterlands Project 2009: Midden Prospection and Excavation, 2010 og Investigations into the Gásir Hinterlands and Eyjafjörður Human Ecodynamics:

Preliminary Field Report of the 2013 Skuggi and Staðartunga Excavations in Hörgárdalur, Eyjafjörður. Tóft 009\_1 er 15-20 m ofan (suðaustan) við framræst tún (þ.e. efsta skurðinn), í grasi vaxinni aflíðandi hlið en aðrar tóftir eru neðar, á því svæði sem hefur verið framræst. Talsverð hrossabeit er á þessum slóðum. Tóft 1 er efst (suðaustast) á svæðinu. Hún er á fagurgrænum og ræktarlegum hól sem auðveldlega mætti giska á að hefði verið bæjarhöll. Höllin er 24 x 16 m og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin sem er á honum, er 11 x 10,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt, fagurgræn og gróin. Austar er hólf sem er 6x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í norðausturhorni. Vestar er annað hólf áþekkt. Það er 5x 2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er greinilegt op á því. Hvergi sjást grjóthleðslur í tóftinni og veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BE 1990,472; Ö-Skrið 41, DI III 503-504; Harisson, Ramona 2010 og 2014.

**EY-215:009\_2** Skuggi tóft útihús


A 523915 N 573939

Um 8 m vestan við tóft 009\_1 er tóft 009\_2. Hún er 14x8 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin er tvískipt og er greinilegri en tóft 1 og ekki eins gróin. Í henni sjást grjóthleðslur á einstaka stað en hleðsluhæð er mest 0,3. Austara hólfid er 6x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á norðausturvegg þess nyrst. Vestara hólfid er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er greinilegt op á því. Hlutverk tóftarinnar er líklega útihús, hún er innan heimatúns og virðist hafa verið í notkun á samátíma og tóft 009\_1.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-215:009\_2, horft til norðausturs.



**Skýringar**

Fornleifar ■ Torflaðóð

■ Bæjarhöll

— Kantur

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af minjum EY-215:009\_1 og 2.

**EY-215:009\_3** öskuhaugur

A 523915 N 573961

Um 5 m neðan við austurhluta tóftar 009\_2 er lítill, grænn haugur/hæð. Frá því að staðurinn var skráður



Mynd sem sýnir rannsóknarsvæðið árið 2014. Tóftin sem var undir haugnum sést vel.

fyrst 2005 hafa verið gerðar fornleifarannsóknir á öskuhaugnum en hann var grafinn upp á árunum 2008-2009 og aftur 2013. Á vettvangi 2020 mátti sjá ummerki eftir uppgröftinn um 8 m norðan við tóft 2. Þar sást 4,5x2,5 m stór skurður sem snýr norðvestur-suðaustur en aðeins norður og austur brún var sjáanleg. Sumarið 2008 tóku starfsmenn Fornleifastofnunnar Íslands og nemendur úr City University New York talsvert af borkjarnasýnum í hæðina við Skugga. Borkjarnasýnin bentu til vel að vel varðveittur öskuhaugur væri þar undir sverði. Því var þar tekinn prufuskurður, 2 X 1 m að stærð. Niðurstöður hans voru að öskulag, líklega H1300 innsiglaði hóllinn og virðist hann því eldri en það. Í öskuhaugnum er mikið af dýrabeinum (bæði brenndum og óbrenndum), m.a. bein húsdýra sem og fugla- og fiskabein. Í haugnum fannst einn járnþútur og gjallmoli og nokkrir jaspis steinar. Rannsóknir á öskuhaugnum héldu áfram árið 2009 og aftur var grafið á Skugga árin 2013-2014. Þá kom tóft í ljós við öskuhauginn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-215:009\_4** tóft útihús

A 523856 N 573984

Um 80 m norðvestan við tóft 009\_1 er tóft 009\_4. Hún er 9,5 X 5,5 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur og virðist einföld. Op á tóftinni er á suðvesturhorni. Vestan við tóftina er þýft svæði og er vel mögulegt að þar hafi verið hölf/heytóft. Það er þó of óskýrt til að hægt sé að fullyrða um það nú. Tóftin er mjög þýfð og grösug og



Tóft EY-215:009\_4, horft til suðvesturs.



Tóft EY-215:009\_5, horft til NNV.



engar grjóthleðslur sjást í henni. Hlutverk tóftarinnar er líklega einhverskonar útihús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-215:009\_5** tóft útihús

A 523842 N 574020

Um 18 m utan og neðan (norðan) við tóft 009\_4 og 90 m norðvestan við tóft 009\_1 er tvískipt tóft 009\_5. Hún er 19x9,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrðra hólfið er 9x4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðjum norðvesturvegg þess. Op er einnig yfir í syðra hólfið sem er 3,5x2,8 m og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki er annað op á þessu hólfi. Þessi tóft er mjög sigin, gróin og eru veggir allt að 3 m breiðir. Hún sýnist forn. Hlutverk tóftarinnar er líklega einhverskonar útihús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-215:009\_6** garðlag túngarður

A 523948 N 574079

Árið 2005 voru skráðir tveir hlutar túngarðs umhverfis tóftirnar en á vettvangi 2020 fannst aðeins annar hluti garðsins á vettvangi sem hér er kallaður A. Hann er 50 m NNV við tóft 009\_1 og 55 m norðaustan við tóft 009\_4. Hann liggur nálega norður-suður en suðurendinn sveigir til suðvesturs síðustu 7 metrana en hann er allt í allt um 20 m langur. Hann er mest um 0,5 m á hæð, er grasi gróinn, sigin og engar grjóthleðslur sjást í honum. Úr lýsingu frá árinu 2005 er hinum hluta garðsins, þ.e. B, lýst svohljóðandi: „Um 80 m ANA má aftur greina garðinn. Þaðan liggur hann í um 45 m til norðurs áður en hann fjarar út.“ Svæðið var gengið en þessi hluti garðsins fannst ekki á vettvangi 2020 en ástæður fyrir því gætu verið að garðurinn er mjög siginn og mikill gróður var á svæðinu þegar skráningarmenn voru á vettvangi í ágúst 2020.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-215:010\_1** Sandhólar tóft býli

A 522262 N 571971

Sandhóla er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1706. Þar segir: “Tóttaleifar mjög margar eru hjer enn þá á landplássi fyrrnefndu (Skriðum) að nafni Sandhólar. Ekki heldur hefur hjer bygð verið í manna minnum. Vatnsleysis og annarra ókosta vegna hyggja menn hjer megi ei aftur byggja.” “Fornbýlið Skuggi [009] var alllangt sunnan við Staðatungubæ, ofarlega, nokkurn veginn beint upp af Hörgárbrúnni, og annað fornbýli, Sandhólar, var suður við merkin,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. “Tvö eða þrjú býli hafa verið sunnan bæjar og er eins þeirra getið í Jarðabók Á.M. og sagt, að það hafi staðið í Skriðum og heitið Sandhólar. Svarar þetta til svæðisins suður við merkin og mun bærinn hafa farið undir jarðfall.» segir í örnefnaskrá. «Langt fram með fjallshlíðinni, hér um bil á mótí Saurbæ, voru Sandhólar. ... Skriða hefur fallið yfir meginhluta túnsins og þá sjálfsagt tekið bæinn og flest hús önnur. Hefur það trúlega gerzt ekki síðar en á fimmtánda öld, annars hefði þess sennilega verið getið í annálum. Beggja vegna skriðunnar eru lítil garðbrot greinanleg og óglögg rúst af litlu húsi við syðra garðbrotið. Um aldamótin átjánhundrað var byggt sel frá Saurbæ syðst og efst í hússtæðinu. Leifar þess eru greinilegar og rækt enn í jörðu,“ segir Eiður Guðmundsson en hann hefur líklega misskilið staðsetningu Saurbæjarsels [sjá 011] svolítið þar sem selið er um 900 m norðaustan við Sandhóla og ekki byggt upp á þeim. Býlið Sandhólar er um 4 km suðvestan við bæ 001 í Staðartungu. Sjálfir Sandhólarnir eru á merkjum Staðartungu og Búðarness og er býlið fast utan (suðaustan) þeirra. Staðurinn var skráður árið 2005 og svo heimsóttur á ný árið 2020 við úttekt á Blöndulínu. Á þessum stað eru þrjár fornlegar tóftir sem hafa verið gefið eininganúmer hér til aðgreiningar. Samtals ná minjar í Sandhólum yfir svæði sem er 170 x 130 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarhóll 010\_1 er fast suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu. Í lýsingu hér að ofan eru talað um lítil garðbrot beggja vegna við skriðuna. Svæðið var gengið en aðeins annað garðbrotið fannst á vettvangi 2020.

Tóftirnar eru í grasi gróinni hlíð í halla til norðvesturs að Hörgá.



Uppmæling af minjum í Sandhólum EY-215:010.



Rústahóll EY-215:010\_1, horft til ANA.

Tóft 1 er í raun mikill rústarhóll og er hún og hóllinn líklegasta bæjarstæðið á svæðinu. Hóllinn er 35 x 32 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mest um 3 m á hæð. Á honum sjást víða óljósar leifar hólfa en ekki er hægt að tala um skýra húsaskipan. Alls má greina 3 dældir eða hólf og auk þess er lítil þúst byggð upp við norðvesturhlíð hólans neðst. Á vettvangi árið 2005 var þústinni lýst svona: Þessi þúst er 7 X 3 m að stærð, einföld og snýr ANA-VSV. Hún er torfhlaðin og op kann að hafa verið á henni VSV vegg hennar syðst. Þegar svæðið var heimsótt 2020 var þústin mæld upp með bæjarhólnum og aðeins innamál hennar mælt upp, en það er 3x2,3 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og veggheðslur eru hvergi hærra en 0,2-0,3 m. Afar erfitt er að greina hvar einu hólfu sleppir og annað byrjar á háhólnum og verður því nákvæmri húsaskipan ekki lýst nánar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** BE 1990,472; Ö-Skrið 41; Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 40, JÁM X, 150.

**EY-215:010\_2** tóft óþekkt

A 522165 N 571948

Um 85 m VSV við tóft 1 er tóft 010\_2. Hún er 50 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er fornleg, 22x10,5 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og torfhlaðin, aflöng og mjókkar til beggja enda. Veggir eru 3,5-5 m á breidd en tóftin er mjög sigin og óljós til suðausturs. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Innamál hennar er 12x3,3 m og hæð veggja er frá 0,3-0,4 m. Sunnarlega á norðvesturvegg tóftarinnar liggur garðlag 010\_3 til norðvesturs frá tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er líklega einhverskonar útihús, út frá staðsetningu og fjarlægð frá bæjarhól 010\_1.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft EY-215:010\_2.



Tóft EY-215:010\_2, horft til suðausturs.

**EY-215:010\_3** garðlag túngarður

A 522158 N 571949

Túngarður liggur út frá tóft 010\_2 í norðvestur og er og er 63 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðlagið er um 48 m á lengd og er nokkuð skýrt í um 20 m en verður svo óljósara. Í norðvesturenda sveigir garðlagið til suðvesturs og fjarar svo út. Garðlagið er grasi gróið og um 0,4 m á hæð og gengið í þúfur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-215:010\_4** tóft útihús

A 522213 N 572031

Þriðja tóftin á svæðinu, 010\_4 er um 80 m NNA við tóft 010\_2. Hún er fornleg, sigin og grasi gróin. Hún er 24 X 9 m stór og mjókkar til beggja enda. Tóftin




Túngarður EY-215:010\_3, horft til VNV.

snýr NNV-SSA og skiptist í þrjú hólf. Inngangur er inn í tóftina á miðjum langvegg (VSV-vegg) og er þar gengið inn í miðjuhólfid sem er þeirra stærst eða 13 X 6 m að innanmáli og snýr eins og tóftin NNV-SSA. Úr miðjuhólfinu er innangengt yfir í hólf á NNV-enda. Það er 2-3 X 1 m að stærð og snýr VSV-ANA. Op er einnig á VSV-vegg þessa hólfis fyrst. SSA-ast í tóftinni er svo þriðja hólfid. Það er 3-4 X 2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Ekki er greinilegt op á því. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er sigin og grasi gróin. Hleðslur eru mest 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-215:010\_4, horft til ANA



Uppmæling af tóft EY-215:010\_4.

**EY-215:011\_1** Saurbæjarsel tóftir+garðlag sel

A 522770 N 572749

“Á milli þessara fornþýla [Skugga 215:009 og Sandhóla 215:010] eru tóftir Saurbæjarsels alveg niður við Hörgá,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. “Utar [en Sandhólar] heitir Saurbæjarsel á svonefndum Grundum, sem er uppgróið skriðusvæði. Vafasamt er um býli þar,” segir í örnefnaskrá. Saurbæjarsel er á milli Staðartungubeitarhúsa 029 og Sandhóla 010. Selið er um 3,1 km innan (suðvestan) við Staðartungu 001 og rúmum 670 m SSV við Staðartungubeitarhús 029. Í Saurbæjarseli sjást leifar tveggja tófta og garðlaga umhverfis. Svæðið er samtals um 45 x 30 m stórt og snýr h.u.b. norðvestur-suðaustur. Seltóftinar eru rúmum 30 m norðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.


Selið er á grasi- og lyngivöxnu svæði sem er í aflíðandi halla að Hörgá. Nær Hörgá er brattur og smágrýttur árbakki en gróður þéttist því nær sem dregur landi.

Hér er eystri tóftinni lýst. Hún er 10 x 5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er tvískipt. Norðaustar er hólf A sem er 5 x 3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, op er á norðvesturvegg hólfisins. Suðvestar er sambærilegt hólf B, þó heldur minna eða 4 x 2 m að innanmáli. Op er til vesturs. Ekki er op á milli

hólfa. Tóftin er gróin og sigin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Frá norðurvegg tóftarinnar gengur L-laga garðlag. Það liggur í 5 m til NNA en beygir þá til NNV og liggur áfram í um 15 m til NNV áður en það fjarar út. Garðlagið er gróið og sigið og hvergi sjást grjóthleðslur í því. Það er um 0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BE 1990,472 og Ö-Skrið 41



Uppmæling af minjum EY-215:011.



Tóft EY-215:011\_1, horft til norðurs.




Tóft EY-215:011\_2, horft til norðausturs.

**EY-215:011\_2** tóft stekkur

A 522749 N 572742

Hér er vestari tóftin skráð. Hún er um 20 m suðvestan við tóft 011\_01. Tóftin er einföld, 10 x 5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Op er á norðurvegg til austurs. Tóftin er torflaðin og sigin, veggir eru mest 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft EY-215:011\_2.



Túngarður EY-215:011\_3, horft til norðvesturs.

**EY-215:011\_3** garðlag

A 522752 N 572745

Rétt austan við tóft 011\_2 er garðlag sem virðist hafa legið umhverfis allt svæðið. Garðurinn liggur um 50 m til VNV og NV áður en hann veður óskýr. Hann var greinilegri þegar tóftin var aðalskráð 2006 og var honum lýst svo: “Hann [garðurinn] er greinilegur um 15 m sunnan við suðurhorn tóftar A (011\_1) og liggur hann í um 85 m til VNV og NV áður hann beygir í 90° til norðausturs. Þaðan liggur hann í um 15 m áður en hann beygir í um 90°, nú til norðurs. Garðurinn liggur í um 15 m til norðurs áður en hann verður ógreinilegur. Er hann þá til móts við garðendann sem fyrst var lýst en hann er um 40 m suðaustar. Því er ljóst að garðurinn hefur upphaflega markað af svæði sem hefur verið 100 X 30 m þó að hann sé á köflum óskýr.»

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.) 2008, 235

**EY-215:014\_1** Stekkjarhóll heimild um stekki

A 525794 N 575537

“Miðja vega frá sporði tungunnar heim til bæjar er stekkur og Stekkjarhóll á bakka Hörgár. Þar umhverfis heitir Nátthagagi,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 1 km norðvestan við bæ 001. Nú liggur þjóðvegur yfir Stekkjarhólinn, þar sem stekkurinn var. Að sögn Erlings Einarssonar, heimildamanns var stekkurinn austan í hólnum. Austurhlíð hólsins hefur nú verið tekinn í malarnám og því sjást engar leifar stekkarins. Hluta nátthagans 014\_2 sem var umhverfis stekkin má þó enn greina neðan (norðvestan) þjóðveggar. Stekkjarhóll er við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ofan (suðaustan) þjóðveggar sjást enn leifar Stekkjarhóls þótt hann hafi bæði verið skemmdur við vegagerð og

við malarnám. Umhverfis hólinn, ofan þjóðvegjar er grasi vaxin slétta, nú bithólf hesta. Neðan (norðvestan) þjóðvegjar er grasi gróinn hagi.

Ekki sjást merki um stekk á Stekkjarhól.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 41


**EY-215:014\_2** *Nátthagi* garðlag nátthagi

A 525776 N 575572

Nátthaginn sést fast neðan þjóðvegjar og snýr norðaustur-suðvestur en suðurhluti hans hefur horfið við framkvæmdir. Nátthaginn sést um 26 m norðvestan við miðlínuna. Ef garðurinn lá umhverfis Stekkjarhól hefur hann náð a.m.k. 45 m lengra til suðurs en hann gerir nú. Norðvesturhlíð garðsins er um 28 m löng en



*Nátthagi EY-215:014\_2, horft til norðausturs.*



Skýringar

Fornleifar

Torflaðið

0 5 10 15 20 m

*Uppmæling af nátthaga EY-215:014\_2.*

norðausturhlíð um 20 m löng en líklegt er að báðar hlíðar hafi upphaflega verið lengri. Garðurinn er víða 1,5-2 m á breidd en 0,4 m á hæð. Hann er fornlegur og lyngivaxinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 41

**EY-215:015** *Hálsgötur* gata leið


A 526232 N 575557

“Við rætur hálsins liggja Hálsgötur, gamall reiðvegur,” segir í örnefnaskrá. Hálsgötur lágu frá bæ 001 og út hlíðina (til norðausturs) á mörkum móa og brattrar fjallshlíðar. Göturnar beygðu til austurs í Skinndráttargjá 018, lágu í láginni yfir Miðhálsstaðaháls en síðan hafa þær vafalaust greinst í tvennt, annars vegar legið til suðvesturs í átt að Miðhálsstöðum og öðrum bæjum undir Skjaldarstaða-/Bakkahálsi en hins vegar hefur götuslóði legið niður að Öxnadalsá, og hugsanlega yfir ána á Grænubrú 013. Leiðin sést nyrst um 45 m NNV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020, hún liggur til austurs á rúmlega 200 m löngum kafla og sveigir þá til suðausturs og liggur út af úttekarsvæðnu. Göturnar sjást víða en þær eru hvað greinilegastar rétt utan (norðaustan) við bæ 001. Þar má greina þær í hlíðinni norðaustan við sumarþústað í landi Staðartungu og svo áfram til norðausturs að Skinnastaðalág.

Göturnar eru víða nokkrir samsíða slóðar í móann, á 5-10 m breiðu svæði. Dýpt gatna er víðast 0,3-0,4 m. Göturnar sjást á um 545 m löngum kafla, þar af eru um 385 m innan áhrifasvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 41



*Leið EY-215:015, horft til austurs.*

**EY-215:018** *Skinndráttargjá* þjóðsaga

A 526342 N 575421

“...nafnið höfðar til sögunnar um Þorgeirsbola, er hann dró á eftir sér húðina og plægði jafnframt upp þetta smáræðisfar í hálsinn,” segir í örnefnaskrá. Skinndráttargjá er þröng lægð á milli hóla í Miðhálsstaðahálsi um



1,5 km ANA við bæ 001. Lægðin liggur yfir hálsinn ASA-VNV. Gjáin er um 100 m SSA af miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Lyngivaxnir hólur eru beggja vegna dældarinnar. Sjálf dældin er grasi gróin í botninn en hliðar hennar eru lyngivaxnar. Lægðin er þröng og skjólsæl og hafa Hálsögötur legið um hana (sjá 015).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 41

*Skinndráttargjá EY-215:018, horft til vesturs.*

**EY-215:022** *Klausturhúshóll* tóft beitarhús

A 523243 N 573596


“Utan við Grundir er Klausturhúshóll. Munu þar fyrrum hafa verið beitarhús frá Möðruvallaklaustri, en það var eigandi Staðatungu,” segir í örnefnaskrá. Tóftin er á hól sem er fast ofan (suðaustan) við suðaustustu kvísl Hörgár, um 2,2 km VSV við bæ 001 og rúmunum 770 m suðvestan við Skugga 009. Lögung tóftarinnar gefur til kynna að hún hafi mögulega verið býli á einhverjum tímavarki en frekari fornleifarannsóknir þarf til þess að staðfesta það. Tóftin er um 90 m norðan við miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Neðar (norðvestar) eru áreyrar, ofar (suðaustar) deiglendur og gróinn kaffi sem nær um 100 m upp hlíðina þar til brött en gróin fjallshlíðin tekur við.

Beitarhústóftin er ofaná og utan í hól. Þau eru fornleg og sigin og engar grjóthleðslur sjást í þeim; veggir eru 0,3 m á hæð. Tóftin er allsérstæð og minnir á býlistóft. Hún eru 30 x 7 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Tóftin er breiðust um miðjuna en mjókkar til beggja enda og er þar 4,5 m. Hún skiptist í 5 hólf og verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Norðustarlega á tóftinni er op til norðvesturs og þar verið innangengt í tvö hólf (A og B). Hólf A er til norðausturs frá opinu. Það er 4 x 2 m að innanmáli og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Frá hólfi A var gengt í hólfi B nyrst á milliveggnum milli hólfanna (sem er til móts við inngang á útvegg). Hólf B er 3 x 3 m að innanmáli. Á nálega miðri vestur-langhlið tóftar er op á útvegg hennar, u.þ.b. þar sem tóftin er breiðust. Opíð er inn í miðjuhólf tóftarinnar (C) sem er stærst hólfanna eða 8,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Annar inngangur hefur verið á norðurvegg þessa hólfes vestast og virðist sem þar hafi verið gengið inn e.k. göng inn í hólfið í suðvestari hluta tóftarinnar eru tvö hólf, D og E. Þessi hluti stendur nokkuð hærra en hinn hluti tóftarinnar og er líklega aðskilinn frá henni þó það sé ekki alveg skýrt. Norðaustar er lítið hólfi D. Það er um 1,5-2 m í þvermál (innanmál þ.e.) og op er til norðvesturs. Allra syðst er svo hólfi E. Það 4 x 2 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Op er til norðausturs. Tóftin er á ræktarlegum hól sem er áþekkur tóftinni af stærð (nær reyndar 2-3 m lengra til vesturs) og er sjálfsagt að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Sumarið 2008 tóku starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands og nemendur í City University in New York borkjarnasýni í og við Klausturhús. Þau sýndu að greinilegt gólfslag er í húsinu og að í torfi eru einhver gjóskulög þó að ekki væri hægt að skera úr að sinni hversu gömul þau væri. Ekki fundust greinilegar leifar af öskuhaugi á svæðinu.



*Tóft EY-215:022, horft til norðausturs.*



**Skýringar**

Fornleifar  Rustahóll

Torflablið

0 5 10 15 20 m

*Uppmæling af tóft EY-215:022.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Skrið, 42 og Ramona Harrison, 2010

**EY-215:025\_1** garðlag túngarður  
Túngarður var umhverfis tún í Staðartungu. Leifar hans sjást á tveimur stöðum. Annar hlutinn (vesturhluti) sést innan (suðvestan) túns þar sem hann markar af tún frá grasivöxnum móa, 340 m suðvestan við bæ 001, 25 m vestan við þúst 007 og 130 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vesturhluti túngarðsins sést þar sem hann er enn á mörkum túna og haga en austurhlutinn er í grasivöxnu og þýfðu beitarstykki.

Vesturhluti túngarðsins er á vesturmörkum heimatúnsins. Hann liggur norðvestur-suðaustur og er um 80 m langur. Um 10 m norðvestan við suðvesturenda túngarðs er lítil tóft 025\_2) sambyggð garðinum að suðvestan. Vestan við tóftina er dæld meðfram túngarði, líklega þar sem torf hefur verið rist í garðinn. Sjálfur túngarðurinn er grasi gróinn og engar grjóthleðslur sjást í honum. Hann er mest 0,4 m á hæð en 1,5 m á breidd. Garðurinn endar fremur snögglega

A 524682 N 574780



Túngarður EY-215:025\_1 og tóft 2, horft til VSV.

Uppmæling af minjum EY-215:025.

norðvestast en samkvæmt túnakorti frá 1917 hefur hann um þetta leyti beygt til ANA. Til ANA eru hins vegar sléttuð tún og má ætla að garðurinn hafi horfið við túnasléttun. Þó má á kafla, bæði að sunnan og norðaustan greina hryggi í túninu sem gætu verið útsléttadar leifar þessa garðs. Austurhluti túngarðsins sést um 80 m austan við bæ. Hann liggur norður-suður og er um 3 m á breidd og 35 m á lengd. Hann er grasigróinn og genginn í þúfur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-215:025\_2** tóft útihús

A 524669 N 574784

Um 10 m norðvestan við suðvesturenda túngarðs 025\_1 er lítil tóft. Hún er sambyggð garðinum að suðvestan. Tóftin er 143 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis fyrir Blöndulínu 2020. Tóftin er einföld, 12 X 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op eru þar sem veggir tóftar og túngarðs koma saman bæði að norðvestan og suðaustan. Tóftin er er gróin og veggir hennar eru mest 0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Vestan við tóftina er dæld meðfram túngarði, líklega þar sem torf hefur verið rist í garðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-215:026** hleðsla brú

A 526492 N 576094

Ytri-Brúarhvatn er suðaustan við Hörgá þar sem núverandi brú liggur yfir ána um 1,9 km norðaustan við Staðartungu 001. Fast norðaustan við núverandi brú eru hleðsluleifar, þar sem eldri brú hefur staðið. Brúin er 118 m suðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar Blöndulínu.

Eldri brúin er fast við þá yngri sem notuð er í dag. Umhverfis er grasi- og lyngivaxið.



Brú EY-215:026, horft til VNV.

Hleðsluleifarnar eru norðvestan Hörgár. Hleðslan er um 2,5 m á breidd en 0,5-1 m á þykkt. Hún er rúmir 2 m á hæð. Austan ár eru illa greinilegar hleðsluleifar en þar er klettur til móts við hleðsluna handan ár. Á klettinum má greina lága upphleðslu á stuttum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**EY-215:027** garðlag landamerki

A 522077 N 571965

Fornlegur garður, sem virðist hafa verið á merkjum milli Búðarness EY-214 og Staðartungu, er greinilegur um 4,1 km suðvestan við bæ í Staðartungu 001 og um 160 m suðvestan við tóft 036. Fast innan (norðaustan) við Sandhól er merkjagirðing og undir henni og örlítið innan (norðaustar) er merkjagarðurinn sem liggur til norðvesturs að Hörgá. Garðurinn er um 110 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hann liggur að hluta út fyrir afmörkum svæðisins.

Garðurinn liggur í grasi gróinni hlið. Hliðin hallar til norðvesturs að Hörgá.

Garðurinn er samtals um 190 m langur. Hann er mjög greinilegur á um 70 m löngum kafla en erfitt er að rekja hann á öðrum köflum. Hann liggur norðvestur-suðaustur. Hann er hlaðinn úr torfi og er 2-3 m á breidd en 0,4-0,5 m á hæð. Hann liggur langleiðina að Hörgá en sést ekki á engjunum neðan (norðvestan) við Sandhól.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Garður EY-215:027, horft til suðausturs.



Tóft EY-215:028, horft til norðurs.

**EY-215:028** tóft smalakofi


A 522302 N 572253

Smalakofatóft er á háum melhól um 3,8 km suðvestan við bæ 001 og rúnum 680 m SSV við Saurbæjarsel 011. Tóftin er rúnum 114 m norðvestan frá miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á háum melhól sem gróinn er mosa og lyngi.

Á toppi hólsins er gróin hleðsla. Hún er 3 x 2 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru algrónir en grjóthlaðnir og aðeins um 0,2 m háir. Innri brún veggja er alveg ógreinileg. Líklegast er að á þessum stað hafi verið smalakofi enda afar gott útsýni til allra átta frá hólnum. Umhverfis eru grösugar árgundir, prýðis beitarland.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**Skýringar**

**Fornleifar**  
Torfhlaðið

0 2.5 5 7.5 10 m

**EY-215:029\_1** Staðartungubeitarhús tóft beitarhús

A 523096 N 573353

Staðartungubeitarhús eru um 2,4 km innan (suðvestan) við Staðartungubæ 001 og rúnum 290 m SSV við Klausturhóla 022. Beitarhúsin eru tæpum 80 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Á staðnum eru tvær tóftir á svæði sem er 30 x 25 m að stærð og snýr norður-suður.

Tóftirnar eru í aflíðandi, deiglendum en grasgefnum halla að Hörgá.

Beitarhúsin eru á flata við ána. Þau eru 17 x 16 m stór og snúa VNV-ASA Tóftin er hlaðin út torfi og grjóti og er mest 0,4 m á hæð. Hún skiptist í 5 hól og verður hverju þeirra gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Suðvestast í tóftinni er annað af

Uppmæling af Staðartungubeitarhúsum EY-215:029.



tveimur fjárhúsum (hólf A). Hólfid er 5,5 x 4,5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Tvö op eru á vesturvegg en á milli þeirra gengur garði eftir hólfinu endilöngu. Norðaustan við þetta hólf er hlaða (hólf B). Hún er 5 x 4 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Austan við hólf B og allra austast í tóftinni er önnur hlaða (hólf C). Hún er 7 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Hún er um 0,3 m djúp. Norðvestan við hólf C er svo annað fjárhús (hólf D). Það er 5 x 3 m að innanmáli og snýr nálega ANA-VSV. Garði gengur eftir hólfinu endilöngu og op er á miðjum vestur þess. Nyrst í tóftinni er síðan heytóft (hólf E). Hún er 2 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er greinilegt op á því.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-215:029\_1, horft til VNV.



Tóft EY-215:029\_2, horft til suðausturs.

**EY-215:029\_2** tóft heystæði

A 523089 N 573375

Torfhlaðin og sigin heytóft 029\_2 er um 15 m NNV við beitarhús 029\_1. Tóftin er einföld og er 4,5 x 4,5 m að stærð. Hún er tofhláðin og eru veggir signir, 0,3-0,5 m á hæð. Botn hennar er þýfður. Ekkert op er greinilegt á tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-215:036** tóft beitarhús

A 522321 N 572050

Beitarhústóft er um 3,9 km suðvestan við bæ 001 og rúnum 200 m SSA við smalakofatóft 028. Tóftin er um 10 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.


Tóftin er í grösugri fjallshlíð sem hallar til norðvesturs.

Tóftin er þrískipt, 21 x 9 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð, veglegastir til suðurs. Ekki sér í umför í veggjum vegna þess hve grónir þeir eru. Sjálf tóftin (hólf A) er vestast. Það er 10 x 4 m að innanmál og snýr austur-vestur. Botn þess hallar lítillega til vesturs. Líklega er op í norðvesturhorni hólfins en það er ekki skýrt. Hlaðan (hólf B) er að baki. Hún er 6 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsið. Botn hennar er þýfður og aðeins 0,1-0,2 m djúp. Heystæði (hólf C) er um 2 m ANA við hlöðuna. Heystæðið er mjög óljóst, 3 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki virðist hlaðinn veggur á norðurhlíð heystæðisins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-215:036, horft til vesturs.



Skýringar

Fornleifar Úrtektargögn  
 Torfhlaðið — Miðlína

0 2 4 6 8 m

Uppmæling af tóft EY-215:036.

**EY-215:037** heimild um traðir

A 524947 N 575033

Traðir lágu að bæ Staðartungu úr norðvestri samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki um traðir sjást lengur á þessum stað. Traðirnar eru 160 m vestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði fornleifa (15 m) skerst hins vegar inn á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda.

Á þessum slóðum er sléttað tún.

Engin merki traða sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1917

## EY-219b Bakkasel

+Skráð hér sem b númer Bakka í Öxnadal. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1839 segir: “Kirkjustaðurinn Bakki á selstöðu í Seldal í Almenni, sem er fyrir löngu aflögð; hvenær eða hvers vegna er nú óljóst.” SSE, 151. “... þar var áður fyrr haft í seli frá Bakka, kirkjujörð dalsins. En sumarið 1850 var selið leigt til ábúðar og byggt þar...” Fátækt fólk, 247.

“Bærinn stóð fyrrum neðst undir brekkurótinni, sunnan Nautár sem kemur af Öxnadalshéiði og sjást þar enn rústir gamla bæjarins. Undir heiðarbrúninni er stakt og áberandi þursabergsbjarg, Lurkasteinn, en þar segir sagan að þeir hafi barist Sörli sterki og Þórður hreða. Féll Sörli og er heygður hér í Sörlhóli [...] Býli var reist í Bakkaseli árið 1850 en þar var áður selstaða frá Bakka. [...] Árið 1929 var bærinn fluttur norður þangað sem núverandi byggingar standa, en þær eru raunar í Gilslandi.” Byggðir Eyjafjarðar I, 528. Bakkasel fór í eyði 1960.

1915: “Túnið spratt seint og stráin urðu aldrei hávaxin en þó stóðu svo þétt að þetta litla tún gaf af sér tvö kýrfóður.” Fátækt fólk, 138. “Bakkasel átti gott engi á svokölluðum Flóa sem er austarlega á heiðinni, að öðru leyti var búskaparaðstaða þar nokkuð erfið. Þar var gisting og greiðasala um skeið.” Mannfellirinn mikli, 28.

**EY-219b:007** hleðsla vegur

A 514944 N 552638



Vegur EY-219b:007, horft til norðurs.

Greinleg grjóthleðsla er á Öxnadalshéiði, um 680 m VNV við bæ 001 og rúmum um 20 m ofan (NNA) við Þjóðveg 1. Á Öxnadalshéiði hefur legið þjóðleið um aldir og víða eru ummerki eldri vega þó mest áberandi séu leifar frá 20. öld. Ekki er ljós leifar hvaða vegar sjást á þessum stað þar sem hann hverfur í umhverfið beggja vegna við hleðsluna og einungis hefur verið hlaðið undir deiglendiskafli. Hleðslan er um 160 m SSA við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún er því rétt utan áhrifasvæðis framkvæmdar en helgunarsvæðis fornleifa (15 m) sker í áhrifasvæði Blöndulínu.

Veghleðslan er í grasi gróinni hlíð.

Hleðslan er um 12 m löng og sést hún í sniði frá þjóðvegi. Hún gengur inn í brekkuna og því er ekki hægt að áætla hversu breið hún hefur verið. Hún er um 1 m á hæð þar sem mest er en þynnist til beggja enda. Ofan við hleðsluna hefur umhverfi verið umturnað og þar er hún á kafi í grasi

og ógreinileg. Sjá má 3-5 umför af stæðilegu grjóti í hleðslunni.

**Hættumat:** engin hættu



Lurkasteinn EY-219b:011, horft til NNA.

**EY-219b:011** Lurkasteinn þjóðsaga legstaður

A 515551 N 552939

Við Lurkastein hittust þeir Þórður hreða og Sörli sterki og börðust í Þórðar sögu hreðu (sbr. ÍF XIV, 224). Kristian Kálund getur um Lurkastein í Íslenskum sögustöðum en þar segir: “Fremst í hæðunum er mikið bjarg, nefnist Lurkasteinn, með vörðu, og hafa verðamenn bætt þar við fyrsta sinn sem eir fara um heiðina.” Í örnefnaskrá Tryggva Emilssonar segir: “Lurkasteinn er ofarlega á skriðunni fyrir ofan gamla Bakkaselbæinn og er annarrar bergtegundar en grjót skriðunnar. Í nánd við Lurkastein börðust þeir Þórður

hreða og Sörli sterki og þar féll Sörli fyrir ofurmenninu. Líklegt má telja að bein Sörla séu hulin í þeim mikla haug sem honum var orpinn 226:021, ekki gat ég séð þess merki að grafið hafi verið í hólinn.” “Mikil grjótskriða ævagömul er norðan við Nautána og þar efst í skriðunni stendur Lurkasteinn og var hann aðeins steinsnar frá þjóðveginum,” segir Tryggvi í bók sinni Fátækt fólk. Jóhannes Óli getur um steinninn í sinni örnefnalýsingu. Þar segir: «Þar sem göturnar - gamli vegurinn - sveigja upp til heiðarinnar, stendur hinn nafnfrægi Lurkasteinn. Á hann lögðu ferðamenn steinvölu og gerðu um leið bæn sína, áður en þeir lögðu á heiðarveginn. Þessa steins er getið í fornritum. Þar féll Sörli sterki fyrir Þórði hreðu.” Um steinninn er líka fjallað í örnefnaskrá fyrir Bakkasel og Gil (Margeirs Jónssonar). Þar segir: “Er hóllinn [Sörlahóll] kippkorn frá Lurkasteini, þar sem þeir börðust Þórður og Sörli. Þessi tvö síðustu örnefni eru alþekkt, en þó skal þess getið að steinninn er spottakorn fyrir utan og ofan Bakkaselsbæinn, sem lagður var í eyði, þegar steinhúsið (gistihúsið) var reist um 1930.” Lurkasteinn er um 315 m utan og ofan við bæ EY-219b:001 en um 350 m innan við (suðvestan) steinsteypta húsið sem enn stendur í Bakkaseli. Lurkasteinn er um 50 m SSA af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Steinninn er á grasi grónu svæði á milli þjóðveggar 1 og Seldalsár. Umhverfis hann eru grónar skriður sem halla til austurs að Seldalsá.

“Gömul venja er og þjóðtrú að vegfarendur kasta steini að Lurkasteini í minningu Sörla.” segir í bók Tryggva Emilssonar Fátæku fólk. Margeir Jónsson segir í neðanmálsgrein við örnefnaskrá sína (n.m.gr. nr. 3, bls. 3): “Er nefndur í Þórðarsögu hreðu, og nálega öllum kunnugt nafnið, þeim er um Öxnadalsheiði fara. Steinninn er ekki stór, enda mun hafa molnað úr honum, því að (gos)grjótið í honum er aðallega móberg og blágrýti. Í rauninni er ekkert merkilegt við steinninn, nema sögnin. Ferðamenn eiga að leggja stein á Lurkastein, sér til fararheilla (Stefán Bergsson).” Suðurmerki Bakkasels voru um Lurkastein og telst því hinn meinti legstaður Sörla sterka (sjá Ey-226:021) í Gilslandi. Steinninn er stæðilegur og úr rauðleitu hraungrýti. Hann er um 4 m á lengd en 1,5-2 m á á breidd. Hann er mest 1,4-1,5 m á hæð. Í hann hefur verið skrúfuð lítill málmlata þar sem nafn hans “Lurkasteinn” er áletrað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÍF XIV, 224, KK III, 80; Ö-Öxn (TE), 5, Ö-Öxn (JÓS), 4, Ö-Bakkasel og Gil (MJ), 1 og 3 og TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 249

**EY-219b:024** hleðsla óþekkt

A 512648 N 552212

Hleðsla er fast neðan (sunnan) við þjóðveg 1 á Öxnadalsheiði. Hún er um 1,4 km vestan við endurvarpsstöð. Hleðslan er um 150 m suður af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasi-, mosa og lyngivaxinn hagi í aflíðandi halla til norðurs.

Erfitt er að dæma um hlutverk mannvirkisins en mögulegt er að hleðslan sé síðustu leifar af smalabyrgi. Hleðslan er 3,5 X 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjóthleðslur eru mest 0,5-0,6 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Hleðsla EY-219b:024, horft til suðvesturs.*



*Varða EY-219b:030, horft til vesturs.*

**EY-219b:030** varða samgöngubót

A 514872 N 552888

Grjóthlaðin varða er á Öxnadalsheiði, um 800 m VNV við bæ 001 og rúmum 70 m VNV við vörðu 032. Varðan er tæpum 90 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er í lynggróinni fjallshlíð, nokkuð brattri, sem hallar til austurs.

Varðan er 1,5 x 1 m að grunnfleti og 0,5 m há. Hún er sæmilega hlaðin úr stæðillegu grjóti í bland við smágrýti. Steinarnir eru grónir skófum. Líkast til hefur varðan vísað á leið sem legið hefur um Öxnadalsheiði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-219b:031** tóft óþekkt


A 515522 N 552980

Tóft er um 300 m suðvestan við steinsteypt hús sem stendur í landi Gils og 54 m sunnan við Lurkastein EY-219b:011. Lækur, líklega svokallaður Merkjälækur, rennur um 10-15 m norðan við tóftina. Tóftin er við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grónar skriður í halla til austurs.



Tóft EY-219b:031, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-219b:031.

Tóftin er 6 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslurnar eru signar og veggirnir um 0,4 m þar sem þeir eru hæstir. Tóftin stendur í halla til austurs og er gróin. Hvergi glittir í grjóti í veggjum né sjást hleðslur. Tóftin er opin til norðurs og engin annar inngangur er sjáanlegur. Merkjälækur er um 10-15 m til norðurs og er bakki hans um 1 m á hæð framan við tóftina. Skriður hafa greinilega fallið á svæðinu og sjást grjótaumar vestan við hana.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-219b:032** varða samgöngubót

A 514942 N 552885



Varða EY-219b:032, horft til suðurs.

Grjóthlaðin varða er á Öxnadalsheiði, um 740 m VNV við bæ 001 og rúmum 70 m ASA við vörðu 030. Varðan er tæpum 85 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á bungu í lynggrónni fjallshlíð. Mosi er nokkur í sverði.

Varðan er um 1,8 m í þvermáli og 0,6 m á hæð. Hún er vel hlaðin úr 16-18 steinum. Ekki er ljóst um hlutverk vörðunnar, mögulega hefur hún varðað leið sem legið hefur gegnum Öxnadalsheiði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-226 Gil

10 hdr. 1712. Bændaeign. JÁM X,155. "Bærinn stóð undir rótum Gilshnjúksins rétt sunnan við Gilsgilið. Síðasti ábúandi á Gili var Emil Peteesen (1866-1936), faðir Tryggva Emilssonar sem lýsir lífinu á Gili í bókinni Fátækt fólk." BE 1990,527

Túnstærð 1917: 1,7 teigar. Sléttað tún 1/3. "Rifhrís hjálpleg til eldiviðar. Engjar eru hjer að miklu leyti af skriðum foreyddar." JÁM X,155. 1916: "Parna var þýft tún og grýttar engjar..." Fátækt fólk, 165.

**EY-226:010** Móbakki heimild um mógrafir

A 515876 N 553166

Í örnefnaskrá Tryggva Emilssonar segir: "Framundan beitarhúsunum [008] var mýrarspilda allbreið og hét Mómyri frá túni að Öxnadalsá, þar hét árbakkinn á kafla Móbakki og var þar ágætis mótekja, sem talin var til

hlunninda. Í Móbakka voru árlega teknar mógrafir frá Gili og ruðningnum kastað í árna, allur sá mór var fluttur upp á Beitarhúsatóftir [008] og þurrkaður þar. Mig minnir að þarna væru allmargar skóflustungur af úrvals mó, þrjú eldfjallaöskulög voru í þessum mógröfum, misþykk og mislit.“ Í Fátæku fólki segir ennfremur: “... svarðargrafir eru syðst í Gilslandi þar í árbakka, mýri er upp af gröfunum og seytlar þar vatn úr keldum dreift um alla mýrina. Á hverju vori var reynt að fjarlægja vatnið með skurðrispum og veita því fram af bakkanum beggja megin við gröfina, síðan var hafist handa við að stinga ofan af... en mótekja er í Gilslandi á árbakka undan beitarhúsunum.” Móbakki var neðan (austan) við íbúðarhúsið í Bakkaseli (byggt 1930) og nær svólítið innar (til suðurs). Raflínustæði gengur yfir bakkann. Hann er um 2,4 km SSV við Gilsbæ EY-226:001. Mógrafirnar eru um 75 m norðan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Nú hafa skurðir verið grafnir á þessum slóðum og mýrin ræst fram. Allt svæðið er á kafi í grasi og engin ummerki mógrafa merkjanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Öxn (TE), 5, TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 137, 195, 208

**EY-226:021\_1** *Sörlahóll* þjóðsaga legstaður


A 515732 N 553163

Í Þórðar sögu Hreðu er sagt frá bardaga Þórðar og Sörla sterka hjá Lurkasteini og samkvæmt sögunni var Sörli heygður í hól þar hjá sbr. “heygðr þar í hólunum, sem fundurinn var.” Í Frásögum af Fornaldarleifum segir: «ad sönnu sjá menn litinn Hól all nærri Lurkesteine undir Yxnadalsheiði og kalla hann Haug Sörla ens Sterka er þar féll (sem seigir í Þorðar hræðu Sögu). Þessi svonefndi Haugur lítur út sem lítill grasi vaxinn hóll og vita menn óglöggv hvar haugur edur hóll er; því Sörle var heigdur þar í hólum,». Kristian Kálund getur um staðinn í Íslenskum sögustöðum en þar segir: “Segir sagan að andstæðingur hans [þ.e. andstæðingur Þórðar hreðu] Sölvi, sé heygður á orrustustaðnum sjálfum í einum af hólunum. Þennan haug hafa menn bent á nálægt Lurkasteini (fornminjaskýrsla)”. Í örnefnaskrá Tryggva Emilssonar segir: «Við þjóðveginn skammt sunnan við beitarhúsatóttir [EY-226:008] var Sörlhóll. Sunnan við hólinn var slétt flöt, ferkönntuð og var það getgáta dalbúa að þar hafi fylgdarmenn Sörla sterka, tekið efni í hauginn, enda var flötin aðeins lægri en landi í kring,». Í örnefnaskrá Bakksels og Gils (MJ) segir: «Sörlahóll er lágur, kollóttur hóll rétt fyrir sunnan nýja húsið (gistihúsið), og er nú (1935) lítill jarðeplagarður sunnan í honum. Þar á Sörli sterki, sem Þórður hreða drap, að vera heygður. Ekki þekkja núlifandi menn til þess, að grafið hafi verið í Sörlahól.” “Mikil grjótskriða ævagömul er norðan við Nautána og þar efst í skriðunni stendur Lurkasteinn [EY-219B:011] og var hann aðeins steinsnar frá þjóðveginum...Skammt frá Lurkasteini er Sörlhóll, hann er allmikill ummáls og gæti vegna reglulegrar lögunar verið gerður af mannahöndum, sunnan undir hólum er slétt flöt grasi gróin og mætti ætla að þar hafi menn tekið efni í hólinn eða hauginn þar sem Sörli á að vera heygður,»segir Tryggvi Emilsson í Fátæku fólki. “Frá því er sagt í Þórðar sögu hreðu að Sörli sterki, sem var húnvetnskur maður, kom utan með skipi og gekk á land á Gásum í Glæsibæjarhreppi, fékk hann þar léða hesta og reið eins og leið liggur vestur um Moldhaugnaháls og Þelamörk og síðan þjóðleiðina fram Öxnadalinn. Sörli var við átjándanda mann...Vestan Öxnadalsheiði kom Þórður smiður hreða við annan mann og mættust þeir Sörli við Lurkastein. Þessir menn áttu sakir að jafna og háðu því einvígi skammt frá Lurkasteini og þar féll Sörli, ungur maður og efnilegur, og var heygður á staðnum...”segir Tryggvi ennfremur í Fátæku fólki og vísar þar í Þórðar sögu Hreðu (ÍF XIV). Sörlahóll er náttúrulegur hóll um 60 m innan (suðvestan) við íbúðarhúsið (gistihúsið) í Bakkaseli. Hann er 80 m norðan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Minjasvæðið er 40x20 m stórt og samanstendur af hólum 021\_1, kálgarði 021\_3 og tóft 021\_2. Allt umhverfis er



*Sörlahóll EY-226:021\_1, horft til austurs.*



*Uppmælingar af minjum við Sörlahól EY-226:021.*

gróskumikið tún sem komið er í órækt.

Hóllinn er 40-50 m langur en 20 m breiður og um 2 m á hæð. Hann snýr norðaustur-suðvestur og er með tvo hóltoppa nálægt báðum endum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÍF XIV, 214, FF, 552, Ö-Öxn (TE), 5, Ö-Bakkasel og Gil (MJ), 1 og Tryggvi Emilsson, 249

**EY-226:021\_2** tóft óþekkt

A 515740 N 553168

Nyrst í Sörlahól er niðurgrafin tóft sem er 0,8 m djúp en 5-6 m í þvermál. Mögulegt er að þarna hafi verið grafinn lítill kofi í hóllinn eða menn hafi reynt að grafa í hóllinn í leit að Sörla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-226:021\_2, horft til SSV.*



*Kálgarður EY-226:021\_3, horft til austurs.*

**EY-226:021\_3** gerði kálgarður

A 515713 N 553165

Norðvestan í hólnum eru óljósar leifar kálgarðs. Þær leifar sem sjást nú eru um 14 x 13 m á stærð og snúa NNV-SSA. Torfhláðnir veggir, 0,3 m á hæð, sjást til allra átta nema norðurs, þar skemmdi vegur að gistiheimilinu líkega kálgarðinn. Sunnan eða suðvestan í hólnum eru ekki minjar sem sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-226:022** hleðsla brú

A 515802 N 553101



*Brú EY-226:022, horft til suðurs.*

Upphlaðin torfbrú sést í mýri suðaustan við gistiheimili 007, þ.e. Bakkasel. Brúin var notuð á leið EY-651:028 sem lá að öllum líkindum frá bæ 001 að Bakkaseli 219b:001. Brúin er 8 m sunnan við áhrifasvæði Blöndulínu 3

Hún sameinaðist heimreið EY-219b:016 innan heimatúns Bakkasels. Leiðin liggur þvert yfir áhrifasvæði Blöndulínu 3.

Brúin sést í mýri austan og sunnan við Sörlahól 021. Hún er 71 x 4 m að lengd og algróin. Hún sést vel og er um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

EY-227 Gloppa

10 hdr. 1712. Bændaeign. Til forna reiknað heimaland Auðbrekku. "Ábúandi enginn, því jörðin hefur ei byggð fengist síðan árið 1704. Ekki heldur sýnist hún byggjast kunni landbrota vegna, þar engjar allar eiðu af skriðu og vatnagangi eyddar eru." JÁM X, 15. Gloppa er í byggð er Jarðatal Johnsens er gert 1847. Fer í eyði um 1950. Túnstærð 1917: 1,9 teigar. Sléttað tún 2/3. "Túnið sýnist sje bággt aftur að rækta, þar það mjög so er uppblásið

stórviðra vegna.” JÁM X, 155. “Gloppa stendur austan Öxnadalsár undir Gloppufjalli, rétt sunnan við Gloppugil. Tún var þar lítið og engjar grýttar, en beitiland víðáttumikið. Í Gloppu er skriðuhætta og í september 1887 féllu skriður á megnið af engjunum [...] Um Gloppuskarð má fara yfir í Branda [...] Enn stendur steinsteyppt íbúðarhúsið í Gloppu og sunnan og neðan þess er Gloppurétt byggð úr timbri.» BE I 1990, 529. «Landkostir voru þar svipaðir og í Fagranesi og lík áfallahætta enda urðu stórkostleg landspjöll haustið 1887. Gloppa er eða var fremsta býli í Öxnadal austan ár annað en Vaskárkot sem var fast utan við Vaskánna.” Mannfellirinn mikli, 28. “Eyðibýlið Gloppa, sem er framarlega í Öxnadal og fór í eyði árið 1950 [...] nytjað héðan [frá Auðnum]” BE I, 498.

**EY-227:001** *Gloppa* bæjarhóll bústaður

A 519039 N 557993

“Fremsti bær að austanverðu heitir Gloppa..,” segir Tryggvi Emilsson í bók sinni Fátækt fólk. Gamli bærinn í Gloppu var um 2,7 km innan (SSV) við Fagranes (EY-228:001) á fagurgrænum hól. Bærinn var utan og ofan (norðaustan) við íbúðarhúsið sem síðast stóð í Gloppu. Steinsteyppta húsið var byggt 1938 en jörðin fór í eyði um 1950. Bæjarhóllinn er fremur ofarlega (austarlega) í sléttuðu túni, um 370 m ofan (suðaustan) við Þjóðveg 1 og um 82 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Bæjarhóll EY-227:001, horft til norðurs.*

Bæjarhóllinn sést ennþá ágætlega í sléttuðu túninu sem enn er slegið. Umhverfis eru aflíðandi tún til norðvesturs. Tryggvi Emilsson lýsti bænum í Gloppu í bók sinni Fátækt fólk. Þar segir: “Bærinn í Gloppu er einn sá hrörlegasti sem ég hef séð, baðstofan þröng og lág með fjósið til hliðar og einfalt þil á milli gisið, fjósylurinn var eina upphitun baðstofunnar, þar var sterk fjóslykt og megn í nef ókunnugra, allar húsbyggingar á bænum voru lágar og ljótlegar.” Allar rústir gamla bæjarins hafa fyrir löngu verið sléttaðar í tún. Bæjarhóllinn sést hins vegar vel þó vafalaust hafi eitthvað verið hreyft við honum við túnasléttun. Hóllinn er 34 X 34 m að stærð og um 2 m á hæð þar sem mest er.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 242, 286

**EY-227:002** tóft fjárhús

A 518969 N 557894

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 tæplega 100 m innan (suðvestan) við bæ EY-227:001. Á þessum stað er tóft sem var fjárhús samkvæmt Hreini Jósavinssyni heimildamanni, fast aftan (suðaustan) við steinsteyppta íbúðarhúsið sem síðast stóð í Gloppu. Vegarslóði að hjólhýsum sem eru á bæjarstæðinu liggur fast neðan (norðvestan) við tóftina og umrót við lagningu vegarslóðans hefur skemmt norðvesturhlið tóftar. Við norðvesturhorn beygir slóðinn upp með tóftinni (til austurs) og liggur meðfram norðurhlið hennar. Tóftin er um 99 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Greinilegt er að suðaustan við sjálft fjárhúsið hefur verið hlaða en henni hefur verið rutt út. Malarhlað og lítill skúr eru nú þar sem hlaðan var áður.



*Útihús EY-227:002, horft til austurs.*



Skýringar

Fornleifar  
Torchlaðið

0 1 2 3 4 m

*Uppmæling af tóft EY-227:002.*

Tóftin er 11 X 9 m stór en hefur áður náð lengra til suðausturs og hugsanlega einnig örlítið lengra til vesturs. Sú tóft sem eftir stendur er eitt hólf, með garða eftir endilöngu. Veggir fjárhússins eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur eru mest 1,2 m á hæð en strengjatorf þar ofan á í mest 0,5 m. Op hefur verið á suðausturvegg yfir í hlöðu og líklega á norðvesturvegg en veggurinn er alveg horfinn í umrót vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-227:003\_1** Vaská þúst býli

A 517178 N 554574

“Gloppa er fremsti bær í byggð í Öxnadal austanverðum. Sagnir eru um Vaská rétt utan við Vaskáanna og Vaskáarkot [EY-227:016] frammi á Vaskárdal, en ekki er vitað með vissu hvar þessi býli stóðu,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá segir: “Tóftarbrotin neðan við þá [Vaskárhóla] eru Vaskáarkot eða Vaská hin forna (sbr. þjóðsögna).” Tryggvi Emilsson getur einnig um býlið í bók sinni Fátækt Fólki: “Í mynni Vaskárdals eða norðan undir Vaskárdalshólum var kotbær til forna í kapólskum sið og síðar beitarhús frá Gloppu...Hið næsta Vaskárhólum, þar sem kotið stóð í þúfnastykki sem enn er grænna en umhverfið, eru Vaskáarkinnar að austan og Rauðuskriðukinnar að vestanverðu við ána.” Um tóftirnar getur einnig í Súlum en þar segir: “Næri ánni, neðan við Vaskárhóla, eru tóftarbrot, sem heita Vaskáarkot, kannski hefur bærinn staðið þar?” Óljósa tóftir eru um 3,9 km innan (suðvestan) við Gloppu 001 en rúmum 700 m innan (suðvestan) við beitarhús EY-227:021. Tóftirnar eru beint undir raflínu og er raflínustaur 5 m innan (suðvestar). Eins og sést af lýsingunum virðist mismunandi hvort menn telji bæina Vaská og Vaskáarkot vera tvö aðskilin býli eða eitt og hið sama. Hér var Vaská og Vaskáarkot skráð á tveimur stöðum (sjá líka EY-227:016). Minjasvæðið er 90x60 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan þess eru tvær minjaeiningar, tóft 003\_1 og þúst 003\_2. Vaská er 42 m austan við miðlinu Blöndulínu 3. Um 100-150 m neðar taka við áreyrar. Mýri er utar og ofar (SSA) en annars graslendi að Vaskárhólum (sem eru um 300 m innan). Nokkuð deiglent er á svæðinu.



Tóft EY-227:003\_1, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-227:003.

Tryggvi Emilsson segir einnig í Fátæku fólki: “Bóni er nefndur á koti þessu og hefir hann sennilega byggt bæinn, hann hét Vaskur og hafði það til sín ágætis að hann var karlmenni að burðum en sagður óspektarmaður. Konu tók hann sér til fylgilags úr Öxnadal nauðuga og þannig gekk hann um fjármuni manna sem sína eign, ekki stal hann þó fé Öxndælinga en sótti til fanga um Vaskárdal til Eyjafjarðar. Að því kom að Eyfirðingum bárust nýjónir af atferli Vaskáarkotsbónda og þótti hart að búa undir hans ránshöndum. Söfnuðust þeir saman sem helst áttu harma að hefna og riðu vestur Vaskárdal og komu um nótt að koti einyrkjans að honum óvörum og lét hann þar líf sitt.” Í Súlum segir: “Efri hluti Vaskárdals, eða Vaskárdalsbotnar, nær allt til móts við Kambfell í Djúpadal í Saurbæjarhreppi. Þaðan austan að, segir þjóðsagan að Vaskur útilegumaður muni komið hafa, lagzt á dalinn, rænt sér konu frá Öxndælum, byggt sér býli og gerzt fingralangur á fénað sveitabænda. Austanfjalls áttu menn einnig sökótt við Vask, einkum Djúpadalabóndi. Sótti hann ójafnaðarmanninn að lokum heim og felldi hann nálægt Vaskáarkoti eða Vaskárhólum.” Um er að ræða lágan hól þar sem gras er hærra og grænna en umhverfið. Á efri (suðaustari) hluta hólsins má greinilega sjá óljósa þúst þó erfitt sé að rekja nákvæmt lag. Neðri hluti (norðvestari) hólsins er fagurgrænn en engar þústir sjást þar. Þústin á hólnum er óljós og að auki á kafi í grasi. Hér verður þó gerð tilraun til að ráða í lag hennar. Þústin er 10 X 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist skiptast í 3-4 hólf. Norðvestast eru þrjú lítil hólf í röð, öll með opi á norðvesturvegg. Nyrsta hólfíð, A, er stærst 3 X 2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin norðaustur-suðvestur. Sunnan við það er miðjuhólfíð, B, sem er mjög óljós og 1,5 m á hvorn veginn og syðst er annað hólf áþekkt, C, um 2 X 1,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Að baki gengur veggur í um 3 m til austurs og er mögulegt að þar hafi



fjórða hólfið, D, að baki hólfi A. Hvergi sjást grjóthleðslur í tóftinni. Veggir eru um 1 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Hóllinn sem tóftin er á er samtals um 20 X 16 m stór.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** BE 1990, 529; Ö-Skrið, 112; Súlur, VIII. árg, 69; TE:Tryggvi Emilsson, 243

**EY-227:003\_2** þúst útihús

A 517113 N 554530

Um 50 m innar og neðar (suðvestar) er annar hól sem virðist þess líklegur að mannvistarleifar gætu leynst í honum. Óljóst sér móta fyrir vegg, mögulega langhlið og þvervegg til vesturs frá honum. Hann virðist vera 17 x 11 m að lengd og snýr norður-suður. Á yfirborði sjást þó engar greinilegar rústir. Þústin er 6 m austan við miðlínu Blöndulínu 3.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Skýringar

Fornleifar Úttektargögn

Þúst

Miðlína

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af þúst EY-227:003\_2.

**EY-227:004** frásögn hesthús

A 519009 N 558024

Neðan (norðvestan) við gamla bæinn EY-227:001 var hesthús og sáust tóftir þess lengi að sögn Hreins Jósavínssonar heimildamanns. Húsið var um 20 m neðan (norðvestan) við bæjarhól EY-227:001 og örlítið utar. Staðurinn er um 133 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Í sléttuðu, aflíðandi túni sem hallar til norðausturs að dalsbotni.

Varla má greina nein ummerki á þessum stað en þó sést, ef vel er að gáð, afar lág og illgreinileg hæð í rennisléttu túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:005** tóft hesthús

A 519040 N 557933


Hesthús var á hæð suður og upp (SSA) frá bæ EY-227:001. Tóft hesthússins er enn greinileg á óræktarhól fast ofan (suðaustan) við tún og um 60 m innan og ofan (SSA) við bæ EY-227:001. Tóftin er um 56 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Girðing liggur ofan (suðaustan) við sléttuð tún og liggur hún yfir norðaustanverðan hólinn (norðaustur-suðvestur). Önnur girðing liggur yfir hann miðjan suðaustur-norðvestur. Hóllinn er á milli túna og brattrar hlíðar. Hann er á kafi í grasi.

Tóftin er utarlega (norðaustarlega) á hólnum. Hún er 10,5 X 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er tvískipt og á kafi í grasi. Vegg- og þakhleðslur hafa hrunið inn í hana. Allt gerir þetta að verkum að erfitt er að greina nákvæmt lag á henni. Svo virðist þó sem vestara hólfið hafi verið stærra eða 4,5 X 4 m að innanmáli. Það



Tóft EY-227:005, horft til vesturs.



Skýringar

Fornleifar

Torflahið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft EY-227:005.

snýr norðvestur-suðaustur. Op er á vesturvegg þess syðst. Innra hólfið hefur verið niðurgrafið, hæð þess utanfrá er 0,1 m en innanfrá 1,5 m. Innanmál hólfsins er 4 X 3 m og snýr það þvert á vestara hólfið. Mögulegt er að op hafi verið milli hólfa syðst á milliveggnum en það er ógreinilegt til að hægt sé að fullyrða um það. Önnur op var ekki að sjá á austara hólfinu. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar mest 1,6 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:008** Stekkjarskriða tóft stekkur


A 518646 N 557352

“Stutt sunnan við túnið er Stekkjarskriða,” segir í handriti að örnefnaskrá. Hreinn Jósavinson, heimildamaður, kannaðist hvorki við örnefnið né tóft skammt sunnan við bæ. Lítil tóft er hins vegar neðan við gróna skriðu um 750 m innan (suðvestan) við bæ og er þar líklega kominn stekkjartóftin við Stekkjarskriðu. Tóftin er 80-100 m neðan (norðvestan) við raflínustaur í efri raflínu sem liggur um dalinn. Tóftin er um 25 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasi gróinn flati í aflíðandi halla til vesturs að Öxnadalsá. Ofar er brött fjallshlíð.



Tóft EY-227:008, horft til VNV.



Uppmæling af tóft EY-227:008.

Tóftin er afar óskýr. Hún er 14 X 7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Skýrasti hluti tóftarinnar er syðsti (innsti) hlutinn. Þar er hólfið sem er 7 X 5 m að utanmáli. Á því er op austarlega á suðurvegg og mögulega austast á norðurvegg. Síðarnefnda opið er líklega inn í miðjuhólfi. Norðar eru ógreinilegri leifar en þó líklega a.m.k. eitt hólfi til viðbótar, hugsanlega jafnvel tvö. Tóftin er byggð undir brekku/skriðu og svo virðist sem skriðan hafi að hluta til hlaupið fram yfir tóftina. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og er hún mest 0,2 m að hæð. Hún virðist fremur fornleg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Handrit að Ö-Skriðu, 4

**EY-227:009** frásögn fjós

A 518970 N 557918

Fjós úr torfi og grjóti var um 100 m innan (suðvestan) við gamla bæinn EY-227:001 en fast (5-10 m) utan (norðaustan) við steinsteypta íbúðarhúsið sem lengi stóð í Gloppu. Húsið hefur verið utan (norðaustan) við þar sem vegur beygir til austurs, upp að hjólhýsi sem er nú á bæjarstæðinu. Staðurinn er um 116 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Óræktarblettur milli túns og vegarslóða. Nú eru nokkur tré á þessu svæði.


Engin ummerki sjást nú um fjósið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:010\_1** tóftir sel

A 517665 N 555491

“Nokkru sunnar Selskriðugil stærsta gilið í Gloppufjalli og neðanundir því Selskriða. Sunnan við hana eru æfagamlar seltóftir...» segir í handriti að örnefnaskrá. Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er 28 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru 40-50 m sunnan við Selskriðugil en um 2,9 km innan (SSV) við Gloppu EY-227:001. Tóftirnar eru 24 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.



Uppmæling af seli EY-227:010.

Tóftirnar eru á grasi gróinni grundu milli brattrar fjallshlíðar og árbakka. Aflíðandi og mjög grasgefið svæði. Vestari tóftin er stærri og er hún 13 m neðar (suðvestar) en tóft 2. Hún er tvískipt og 9 x 5 m stór. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðvesturvegg tóftarinnar miðjum en ekkert op er á milli hólfa eða í suðaustara hólfið. Bæði hólfín eru áþekkt eða um 2 m á kant að innanmáli. Það sést glitta í grjóthleðslur á stöku stað í tóftinni þó að hún sé að mestu á kafi í mosa og grasi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Handrit að Ö-Skrið, 5



*Tóft EY-227:010\_2, horft til ASA.*



*Tóft EY-227:010\_1, horft til norðausturs.*

**EY-227:010\_2** tóft kvíar

A 517678 N 555478

Eystri tóftin er einföld og snýr, líkt og tóft 1, norðvestur-suðaustur. Hún er 5 X 3 m að stærð. Op hefur verið á norðvesturvegg hennar miðjum. Tóftin virðist að mestu hlaðin úr torfi en grjóthleðsla sést þó á einum stað. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Líklega voru þetta kvíar sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-227:011** frásögn túngarður

A 519072 N 557957

Túngarður lá áður umhverfis túnið á Gloppu. Hann hefur nú alls staðar horfið í framkvæmdir s.s. túnasléttun en Hreinn Jósavínsson, heimildamaður, man vel eftir honum. Staðurinn er um 45 m VNV af miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Nokkrar grjóthrúgur eru í túnjaðri ofan (suðaustan) við bæ EY-227:001 og virðist túngarður hafa verið á svipuðum slóðum og jaðar túnsins er nú.

Engin merki sjást lengur um túngarðinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:014** heimild um vað

A 516926 N 554250

“Heldur þótti ótryggt vað á Vaskánni þar sem flóttamaðurinn braust yfir og lengi sást hann þar á sveimi og gerði gangnamönnum glettur. En altað var að aldrei þyrði hann út yfir ána afturgenginn, svo varð hann hræddur við bændurna sem eltu hann forðum,” segir í Fátæku fólki. Samkvæmt þessu var vað á Vaská líklega einhversstaðar neðan Vaskárhóla. Ekki er greinilegt vað á ánni og ekki var farið yfir ána á þessum slóðum svo langt aftur sem Hreinn Jósavínsson, heimildamaður, man.

Á þessum stað rennur Vaská úr Vaskárgljúfrum og um áreyrar.

Ekki er greinilegt vað á þessum slóðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** TE, 244

**EY-227:015** dys legstaður

Friðlýst er meint dys á suðurbakka Vaskár. Á þessum stað eru tveir friðlýstir staðir sem friðlýstir voru saman (sjá einnig EY-227:023) en dysin er innan (suðvestan) við Vaská tilheyrir því í raun afréttarlandi en ekki því landi sem heyrir undir Gloppu. Hún er þó skráð hér með Gloppuminjum til að halda samhengi á milli friðlýstra minja. Í grein Brynjólfs Jónssonar í Árbók hins íslenska Fornleifafélags frá 1906 segir: “Vaská heitir dálítill á, sem kemur að austan í Yxnadalsá móts við Gil, sem er vestanmegin, nær suður við Öxnadalsheiði. Vaská kemur fram úr gljúfrum. Norðan við ána, bak við litla hæð, vottar fyrir lítilli rúst [EY-227:023]. Er sagt að þar hafi sekur maður haft aðsetur um hríð. En er menn komu og sóttu að honum, á hann að hafa hlaupið suður fyrir gljúfrið

og fallið þar. Er þar sýnd dys hans. Þetta kann að hafa söguleg sannindi við að styðjast. Þótt staðurinn væri eigi óhultur, þá hefir hann eigi verið ver valinn en ýmsir aðrir staðir, sem skógarmenn neyddust til að hafast við á. En hafi gljúfrið eigi verið víðara en svo í fornöld, að nokkur maður gæti hlaupið yfir það, þá hefir mikið mátt hrynja úr börnum þess síðan.” Í örnefnaskrá Öxnadals, Gils og Bakkasels sem rituð var af Tryggva Emilssyni segir um staðsetningu dysjarinnar: «Á áreyrum sunnan við Vaská er grjóthrúga, gerð af manna höndum og heitir Dysin...» Engin grjótdys sést nú á áreyrunum. Gengið var með bökkum Vaskár og inn á dal norðaustan við á og skimað eftir dysinni yfir ána árangurslaust. Ekki verður þó loku fyrir það skotið að dysin leynist í einhverjum af melhólunum suðvestan ár því ekki reyndist unnt að komast yfir ána og leita af sér allan grun við skráningu 2006. Hún fannst ekki við skráningu 2008 né 2020 og gæti allt eins verið utan áhrifasvæðis Blöndulínu en frásagnir af staðsetningu benda eindregið til þess að svo sé ekki. Í Friðlýsingarskrá er staðnum lýst á eftirfarandi hátt: “dys skógarmannsins sunnanmegin við það gljúfur [Vaskárgljúfur].”

Klettaveggir eru víða upp af Vaskánni á þessum slóðum. Suðvestan við þá taka við melhólar með grónum dældum á milli.

“Ég kom að dys þessari nokkrum sinnum á árunum 1915-20 og var greinilegt að þar hafði verið kastað saman grjóti allmiklu enda hefir þurft nokkuð til þar sem ekkert var grafið þegar maðurinn var urðaður. Haustið 1918 var ég þernan á ferð í rökkurbyrjun og þá sá ég allskýrt að vofubjálfi var á rölti þarna í árkrikanum og hvarf í urðarbinginn. Ekki var mér um sýnina gefið og forðaðist eftir það að ganga nærri dysinni,” segir Tryggvi Emilsson í Fátæku fólki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Brynjúlfur Jónsson, 23, TE:Tryggvi Emilsson, 244; Friðlýsingaskrá, 49

**EY-227:018** heimild um rétt

A 516937 N 554246

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: «Á þessum áreyrum við ána [þ.e. við Vaská] stendur sú önnur aðal sauðarétt Öxndælinga.” “Undir Vaskárhólum var lengi skilarétt Öxndælinga en þá voru lögréttir tvær í dalnum, Þverár- og Vaskárréttir. Í Vaskárrétt hefur verið rekið það safn er af dölunum kom og svo af Öxndalsheiði...»segir í Fátæku fólki. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar réttin var. Þó er ljóst að hún var fast við Vaská, neðan (norðvestan) við Vaskárhóla.

Á þeim slóðum sem réttin hefur staðið eru áreyrar og greinilegt að áin hefur runnið yfir eyrarnar. Hugsanlegt er að hún hafi hrifsað til sín allar leifar réttarinnar, a.m.k. sjást engin ummerki um réttina lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** SSE, 146; TE:Tryggvi Emilsson, 244-245


**EY-227:019** tóft óþekkt

A 517031 N 554362

Lítill rúst er utan (norðaustan) við hólinn sem varða EY-227:026 er á. Tóftin er 10-20 m neðan (norðvestan) við raflínu. Tóftin er um 50 m utan við vörðu EY-227:026 en 10 m neðar (norðvestar) taka við áreyrar. Hún er 25 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.



Tóft EY-227:019, horft til NNA.



Uppmæling af tóft EY-227:019.

Tóftin er á grösugu svæði ofan áreyra. Sjálf er tóftin á kafi í grasi sem gerir hana illgreinilega.

Tóftin er 5 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er norðarlega á norðausturvegg. Hún er grasi gróin og engar grjóthleðslur eru í henni. Hæð veggja er mest 0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-227:020** tóft sel

A 518349 N 556760

Stór tóft er um 1,4 km innan (suðvestan) við Gloppu EY-227:001 en 1,4 km utan (norðaustan) við seltóftir EY-227:010. Tóftin er um 40 m neðan (norðvestan) við efri raflínu, í raun á milli raflínanna tveggja sem liggja inn Öxnadal. Tóftin er við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á grasi gróinni grundu í halla að Öxnadalsá. Um 100 m ofar tekur við brött fjallshlíð. Litlir, uppþornaðir lækjarfarvegir eru bæði norðan og sunnan við tóft.



Uppmæling af tóft EY-227:020.



Sel EY-227:020, horft til vesturs.

Tóftin er 20 X 18 m að stærð og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Hún skiptist í 6 hólfs. Tóftin er vaxin grasi og mosa og veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð. Á stöku stað sést glitta í grjóti og sést að grjóti hefur verið í hleðslum þó lítil merki þess sjáist nú. Verður nú lýst hólfskipan og hverju hólfi gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hefst lýsingin syðst í tóftinni. Þar er lítið hólfi, A, sem er 3-4 X 3 m að innanmáli. Ekki er op á útveggjum A en vestast á norðurvegg þess er op yfir í hólfi B. Það er enn minna eða um 2 m á kant. Norðan við B er svo hólfi C en ekki er hægt að sjá neitt op á því. Hólfi C er 5 X 2-3 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Norðan við hólfi C er hólfi D sem snýr þvert á það. Ekki er heldur að sjá neitt op á D sem er 3 X 1,5 m að innanmáli. Vestan við D er enn eitt hólfið, E. Það er 4-5 X 2-3 m að innanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Op virðist hafa verið á því á vesturvegg og e.k. göng yfir frá því yfir í vestasta hólfi tóftarinnar, F. Það er um 4 m á kant (að innanmáli). Ekki eru önnur op á því en það sem liggur með göngum yfir í E. Lag tóftarinnar, staðsetning og fjarlægð frá bæ bendir til að hún sé seltóft.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**EY-227:021** tóft beitarhús

A 517518 N 555202

Tóft af beitarhúsum er um 330 m innan (suðvestan) við selið EY-227:010 en um 3,2 km innan (suðvestan) við bæ EY-227:001. Tóftin er 5-10 m neðan (norðvestan) við efri raflínu sem gengur inn Öxnadalinn og er 38 m austan við miðlínu Blöndulínu 3.



Tóft EY-227:021, horft til austurs.



Uppmæling af tóft EY-227:021.


Tóftin er á grasgefnu, aflíðandi svæði milli brattrar fjallshlíðar og áreyra. Innar er fremur deiglent. Tóftin er 12 x 7 m að stærð, snýr vestur-austur og er tvískipt. Stærra hólfíð er vestar og hefur það verið sjálft fjárhúsið en heytóft eða hlaða að baki (hólf 2). Garði gengur eftir endilöngu fjárhúsinu sem er 7 x 4 m að innanmáli. Op er á því norðaustast á vesturvegg. Ekki sést op á milli hólfna og ekkert op er sjáanlegt á heytóftinni. Hún stendur svolítið hærra en fjárhúsið. Hlaðan er 3,7 x 1,7 m að stærð og sýr norður-suður. Nokkrar grjóthleðslur eru í fjárhúsinu en engar sjást í heytóftinni. Hleðslur eru mest 0,7 m háar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:022** tóft rétt

A 517100 N 554359

Lítill, ferhyrind tóft eða gerði er um 170 m innan (sunnan) við Vaská EY-227:003. Tóftin er um 4,1 km innan (SSV) við bæ EY-227:001 en um 40 m ofan (suðaustan) við efri raflínu sem gengur inn Öxnadalinn. Hún er byggð utan í (norðaustan í) nyrstu Vaskárhólana. Hún er 83 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Tóftin er byggð upp við Vaskárhóla (þ.e. ystu og neðstu hólana). Neðar er deiglent graslendi að áreyrum, utar mýri en innar og ofar hólur.



Uppmæling af tóft EY-227:022.



Tóft EY-227:022, horft til SSV.

Réttin er 13 x 6 m að stærð og er einföld. Hún snýr nokkurn veginn norður-suður. Tóftin er byggð þannig að hólarnir mynda suður- og vesturhlíð hennar. Op er til norðvesturs. Veggheðslur eru mest 0,3 m á hæð og engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Deiglent er í botni hennar. Hún virðist hafa verið byggð með því að stinga upp úr miðju hennar og hlaða upp á barmana. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en helst er að gíska á að hún hafi verið e.k. aðhald eða rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-227:023** þjóðsaga útilegumannabústaður

A 517046 N 554059



Tóft EY-227:023, horft til vesturs.

Í grein Brynjólfs Jónssonar í Árbók hins íslenska Fornleifafélags frá 1906 segir: «Vaská heitir dálítill á, sem kemur að austan í Yxnadalsá móts við Gil, sem er vestanmegin, nær suður við Öxnadalsheiði. Vaská kemur fram úr gljúfrum. Norðan við ána, bak við litla hæð, vottar fyrir lítilli rúst. Er sagt að þar hafi sekur maður haft aðsetur um hríð. En er menn komu og sóttu að honum, á hann að hafa hlaupið suður fyrir gljúfrið og fallið þar. Er þar sýnd dys hans [sjá 015]. Þetta kann að hafa söguleg sannindi við að styðjast. Þótt staðurinn væri eigi óhultur, þá hefir hann eigi verið ver valinn en ýmsir aðrir staðir, sem skógarmenn neyddust til að hafast við á. En hafi gljúfrið eigi verið víðara en svo í fornöld, að nokkur maður gæti hlaupið yfir það, þá hefir mikið mátt hrynja úr börmum þess síðan.» Utan (norðaustan) við Vaská er friðlýst fornleif. Tóftin er að meintu útilegumannabyrgi í Vaskárhólum. Í Friðlýsingaskrá segir: “a “Kofarúst

skógarmanns”, norðanmegin við Vaskárgljúfrið, Sbr. Árb. 1906: 23.” Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 07.07.1932. Tóft, sem líklegast er umrædd tóft, er í hvammi við Vaská, 10-20 m frá sjálfri ánni. Tóftin er 4,4 km

SSV við Gloppu 001. Hún er um 150 m ofan (suðaustan) við efri raflínu sem gengur inn Öxnadalinn á þessum slóðum. Hún er 38m suðaustan við áhrifasvæði Blöndulínu 3 en friðlýstar minjar hafa 100 m helgunarsvæði og ljóst að skörun er þar á milli.

Tóftin er í grösugum, sléttum hvammi við ána. Hvammurinn er hálfmánalaga og í algjöru skjóli. Klettabelti eru bæði ofan og neðan við hvamminn og handan árinna. Norðan er hvammurinn í skjóli af brattri brekku. Til móts við tóftina er stakstæð klettadrangur úr bjarginu suðvestan Vaskár.

Tryggvi Emilsson getur um útilegumanninn meinta sem átti að eiga heima í rústinni í bók sinni Fátækt fólk: “Sú saga er úr Vaskárkinnum að þar duldust sakamaður sumarlangt, hann var þingeystur og svo lítilla manna að enginn studdi hann til undankomu. Eitthvað vingaðist hann við konu á Varmavatnshólum sem veitti honum nokkra aðhlyningu um sumarið. Um haustið urðu gangnamenn hans varir inn á Rauðskriðudal eða þar í kinnunum en í það sinn hvarf hann til fjalla. Eftir réttir gerðu bændur út leitarleiðangur og þá fundu þeir sakamanninn í Vaskárhólum þar sem hann kúrði í grjótblugi allkuldalegu og var hellusteinn lagður í stað hurðar. Strax þegar byrgisbúinn varð var leitarmanna tók hann á rás niður með Vaskánni og kastaði sér í strauminn þar sem að bar. Hrakviðri var á með skýfalli á afdalnum og því var áin í vexti og kastaði grjóti. Í hræðsluæði tókst manningum að skriða upp úr ánni hinum megin en þar féll hann dauður niður. Þegar bændur sáu aðekki yrði veslingur þessi dregin fyrir lög og dóm varð að ráði að þeir urðuðu hræið þar í árkríkanum án yfirsöngs og sjálfsagt hefur allur hans útgangur ytra og innra verið með þeim hætti að hvorki hefir hans aumur og horaður líkami verið til þess hæfur að berast í kirkju kristinna manna né grafast í vígðri mold.” Umrædd tóft er grjóthlaðin og allsérstök. Hún er 11 X 6 m og snýr h.u.b. austur-vestur. Tóftin er einföld og er op vestarlega á suðurvegg. Nokkuð grjóthrun er inni í tóftinni og ekki loku fyrir það skotið að litlir veggstúfar kunni að hafa verið inni í henni. Tóftin er svolítið sérkennileg í laginu. Veggir hennar eru víða 0,3 m á hæð en mest ná hleðslurnar 0,9 m hæð. Þær eru víða algrónar mosa og grasi. Ekkert friðlýsingarskilti er við tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, 23; Friðlýsingaskrá, 49; TE: Tryggvi Emilsson, 244

**EY-227:026** varða óþekkt

N 517020 A 554319

Lítill varða er á hæðarenda, ofan við áreyrar Vaskár, neðst í Vaskárhólum og um 5 m neðan við (norðvestan við) efri raflínu sem liggur á þessum slóðum um Öxnadal. Varðan er um 150 m utan norðaustan við Vaská og 41 m austan við miðlínu Blöndulínu 3.

Melhólar. Varðan er alveg frammi á barði og er þverhnipt niður af því niður á áreyrar Vaskár.

Varðan er nær alveg hrúin og gróin. Hún er um 1,5 m í þvermál en mest 0,3 m há hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða EY-227:026, horft til VSV.

**EY-227:027** hleðsla óþekkt

N 518583 A 557343

Grjóthlaðinn garður er um 10 m ofan (austan) við eldri rafmagnslínu sem liggur um Öxnadal. Garðurinn er um 800 m SSV af bæ 001. Garðurinn er um 77 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Garðurinn þverar hvílt í aflíðandi hlíð. Hlíðin er grasi gróin og smápýfð. Gamli vegurinn um Öxnadal liggur um 23 m vestan við garðinn.

Garðurinn liggur NNA-SSV og er um 7 m langur, 1 m breiður og 0,3-0,5 m hár. Stærsta grjótið í garðinum er hugsanlega náttúrulegt en minni steinum hefur verið raðað ofan á það. Syðsti partur garðsins er hulinn grasi en grjót sem sést er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Hleðsla EY-227:027, horft til austurs.

EY-227:028 garðlag óþekkt

N 519239 A 558030



Garðlag er í mynni Gloppugils, sunnan við ána sem rennur um gilið, um 200 m ANA af bæ 001. Garðlagið er um 55 m ASA af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðlagið myndar aðhald við ána og gæti hafa verið notað sem kvíar.

Djúpt klettagil er ofan (austan) við svæðið. Lyngi vaxið er sunnan við ána en skriður norðan við hana. Stórgrýtt er næst ánni.

Garðurinn er L-laga og afmarkar aðhald við ána. Hann snýr norðvestur-suðaustur og er um 13 m langur og 4 m breiður en skammhliðin er töluvert óljósari en langhliðin. Garðurinn er grjóthlaðinn, um 0,3 m hár og 0,6-1,1 m breiður. Í honum sjást 2-3 umför. Garðurinn er hálfgróinn lyngi. Gaddavírsdræsa og fúnir girðingarstaurar liggja meðfram langhlið garðsins. Svæðið innan garðsins er mjög grýtt og raskað af ánni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

Garðlag EY-227:028, horft til suðausturs.

EY-228 Fagranes

20 hdr. 1712. Bægisáarkirkjueign.”Bærinn stóð kippkorn frá Öxnadalsánni, syðst undir Fagranesfjalli. Tóftir sjást enn í Fagranesi en jörðin tilheyrir nú Engimýri.” BE 1990, 530.

Fagranes er getið í Sturlungu. Samkvæmt henni átti þar að búa Helgi leistur Þorvaldsson, sonur Þorvalds Guðmundssonar dýra árið 1253. Sturlunga II (útg. 1988), 634.

1461: “luckti sira olafur þorgeirsson kirkiune a bægisa iordina fagranes er liggur i backapingum til æfinligrar eignar firir.” DI V, 295. Fagranes fór í eyði 1945.

Túnstærð 1917: 2,5 teigar. Sléttað tún 4/5. “Túninu hafa hjer grandað skriður, og um vor í vatnavöxtum er hjer ei óhætt fyrir leirlækja áhlaupum. Engjum spilla hjer einninn oftast árlega skriður skadlegar.”JÁM X, 156 “Fagranes var góð jörð, undirlendi flatt og grösugt og góð útibeit, en landið hefur skemmst af skriðuföllum. Haustið 1887 féllu þar skriður svo sem á öðrum bæjum í framanverðum Öxnadal og eyddist þá næstum allt engið og mestallt túnið.” BE 1990, 530. “Fagranes var góð jörð, en hefur skemmst mjög af skriðuföllum. Haustið 1887 fóru skriður yfir mestallt slægjulandið, engi og tún. Þá var vel búið í Fagranesi. Síðan hefur gengið nokkuð erfiðlega. Fagranes fór í eyði 1945.” Mannfellirinn mikli, 28.


EY-228:007 tóft beitarhús

A 519734 N 558861

Tvískipt tóft er í Fagraneslandi um 1,6 km innan (SSV) við bæ Ey-228:001 en 750-800 m utan (NNA) við suðurmerki jarðarinnar. Tóftin er byggð fast innan (suðvestan) við lítinn læk sem fellur úr gili í fjallinu. Hún er um 100 m ofan (VSV) við efri raflínuna sem liggur inn Öxnadal á þessum slóðum. Hún er 67 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Tóftin er á mörkum grasgefnna engja og brattrar fjallshlíðar. Hún er í halla, neðar er nokkuð deiglent.

Tóftin er 19 X 13 m að stærð og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Hún er tvískipt og á kafi í grasi. Vestara



Uppmæling af tóft EY-228:007.



Tóft EY-228:007, horft til suðvesturs.



hólfíð er stærra, eða 7 X 3 m að innanmáli og eftir því endilöngu gengur garði. Þetta hólf er sérlega óskýrt og þá sérstaklega vestur- og suðurveggur þess. Austara hólfíð hefur líklega verið hlaða. Það er talsvert greinilegra og er 5 X 3 m að innanmáli. Sjálfst fjárhúsið snýr nálega austur-vestur en hlaðan þvert á það. Op er á vesturvegg fjárhúss og einnig milli hólfa. Víða sér í grjóthleðslur þó tóftin sé vel gróin. Mest ná hleðslurnar 0,8 m hæð. Garðinn í húsinu, sem og önnur ummerki benda helst til að húsið hafi verið beitarhús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-228:008** tóft beitarhús

A 519928 N 559331

Tvískipt tóft er í landi Fagraness um 1,1 km innan (SSV) við bæ EY-228:001 en um 500 m utan (NNA) við tóft EY-228:007. Tóftin er 20 m utan (NNA) við læk sem liggur úr stóru gili í fjallinu í nokkrum fossum en um 50 m ofan (ANA) við efri raflínu sem liggur um Öxnadal á þessum slóðum og 10 m suðaustan við miðlínu úttekarsvæðis fyrir Blöndulínu 2020.

Neðar (VNV) eru aflíðandi mýrar en ofar brött fjallshlíðin. Sjálf er tóftin á sléttri, grasgefinni sléttu.

Tóftin er 13x9 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggjahæð er mest 0,8-1 m. Tóftin er hartnær alveg eins og EY-228:007 í laginu. Vestar er aflangt hólf sem er 6,5x3,5 m að innanmáli og gengur garði eftir því endilöngu. Á vesturveggnum er op og annað á austurvegg sem liggur inn í



Tóft EY-228:008, horft til VNV.



Skýringar

Fornleifar

Torfhlaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft EY-228:008.

hólf sem snýr þvert á það fyrrnefnda og hefur líklega verið hlaða. Hún er 6x2 m að stærð. Fyrir framan (vestan) tóftina er mikill þúfnabakki og leynast þar án efa mannvistarleifar. Garðinn í húsinu er 4,5x1 m á stærð en hann ásamt öðrum ummerkjum benda helst til að húsið hafi verið beitarhús.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-228:009** tóft heystæði

A 520256 N 560088

Lítill, einföld tóft er um 350 m innan og ofan (SSA) við bæ 001 en um 15 m neðan (VNV) við efri raflínu sem liggur um Öxnadalinn á þessum slóðum. Tóftin er um 72 m vestan við miðlínu áhrifsvæðis Blöndulínu 3.

Á aflíðandi, grónu svæði sem hefur verið nokkuð deiglent.



Skýringar

Fornleifar

Torfhlaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft EY-228:009.



Tóft EY-228:009, horft til austurs.

Tóftin gæti hugsanlega verið af heystæði. Hún er 8 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er alveg hlaðin úr torfi og veggir eru mjög útflattir og ógreinilegir þó að tóftin sjást vel úr fjarska sem græn þúst. Op er til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**EY-228:010** tóft rétt

A 520409 N 560521

Ferhyrnd tóft sem líkist mest lítilli rétt, er um 280 m innan og ofan (norðaustan) við bæ 001. Tóftin er 100-150 m neðan við efri raflínuna sem gengur inn Öxnadalinn á þessum slóðum og er um 40 m ofan (ASA) við gamla þjóðveginn. Tóftin er 2 m vestan við áhrifasvæði Blöndulínu 3 en helgunarsvæði hennar er þar innan. Tóftin er á afliðandi, grasgefnu svæði neðan fjallsróta.



Tóft EY-228:010, horft til SSV.



Skýringar

Fornleifar Úttektargögn

Torflaðið Úttektarsvæði

0 1 2 3 4 m


Uppmæling af tóft EY-228:010.

Tóftin er 13 x 7,5 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Hún er einföld og hlaðin úr torfi. Veggir eru hvergi meira en 0,8 - 1 m á þykkt en 0,3 m á hæð. Op er á miðjum norðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-228:018\_1** tóft heystæði

A 520296 N 559848



Skýringar

Fornleifar

Torflaðið

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af tóftum EY-228:018

Tóftir eru um 240 m SSA við tóft 020 og 75 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 3 árið 2020. Staðurinn var áður skráður við úttekt Blöndulínu 2008 en við skráningu 2020 fékkst önnur mynd af tóftunum og er sú lýsing sem hér fylgir sú sem gerð var þegar tóftirnar voru mældar upp 2020. Tvær tóftir eru á svæðinu sem er um 20 x 15 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hægt að segja neitt um hlutverk tóftanna, en hugsanlega gætu þetta verið heystæði en engar slægjur eru þó í grenndinni.

Tóftirnar eru í gömlu árgljúfri en áin hefur breytt farvegi sínum og rennur nú suðvestan við þær. Þær eru í hörðum en lyngi vöxnum móa.

Stærri tóftin og sú greinilegri er sunnar. Hún er hringlaga, um 6 m í þvermál, inngangur virðist vera til suðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m, ekki sést í grjóti í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-228:018\_2** tóft heystæði

A 520298 N 559867

Tóft 018\_2 er 12 m norðan við tóft 1. Hún snýr norðvestur-suðaustur með op til norðvesturs. Tóftin er mjög ógreinileg og sigin. Hún er 6x4,5 m á stærð, einföld og innanmál er um 3x1,2 m. Inni í tóftinni vaxa gul sinustrá sem skera sig úr umhverfinu. Austurveggurinn er ógreinilegur að norðanverðu. Hæð veggja er um 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-228:018\_1, horft til suðvesturs.




Tóft EY-228:018\_2, horft til norðvesturs.

### EY-229 Geirhildargarðar

12 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig nefnt Geyrhildargarðar og Geyreyrargarðar. JÁM X,156

Í Landnámu segir: “Geirhildr hét fjolkunnig kona ok meinsom...” en í neðanmálgrein segir: “Af Geirhildi er líklegt að Geirhildargarðar í Öxnadal dragi nafn sitt”. ÍF I, 258.



Heimatún Geirhildargarða er að hluta beint undir línukosti C1. ©Loftmyndir ehf

1694: Sr. Gísli Oddsson selur sr. Halldóri Þorlákssyni Geirhildargarða 12 hdr að dýrleika fyrir 20 hdr í lausafé og sama ár samþykkir eiginkona Gísla viðskiptin. Jarðabréf frá 16.-17. öld, 228.

“Nafn jarðarinnar er vafalítið dregið af nafni Geirhildar hinnar fjölkunnugu sem getið er í Landnámu, ... Bærinn stóð sunnan við skriðuvæng sem kemur nyrst úr Fagranesfjalli. Jörðin tilheyrir nú Engimýri.” BE 1990, 531.

Geirhildargarðar fóru í eyði árið 1940.

Túnstærð 1917: 2,1 teigar. Sléttað tún 1/3. “Berjalestur kann hjer búinu að þjena, ef brúkaðist. Túninu grandar hjer lækur um vetur í hálkum og á vor með grjóts og sands áburði.” JÁM X,156 “Bærinn stóð sunnan undir skriðuvæng sem kemur nyrst úr Fagranesfjalli. Tóftir bæjarhúsanna hafa verið sléttaðar, en beitarhúsatóftirnar svolítið norðar sjást enn. Nafn jarðarinnar er vafalítið dregið af nafni Geirhildar hinnar fjölkunnugu sem getið er í Landnámu, en það hefur stundum afbakast í Geirreyðargarða.. Geirhildargarðar voru örreitiskot, túni og engi skriðuhætt og útbeit slök.” BE I, 531. “Þeir [þ.e. jörðin] voru taldir örreytiskot, þó stundum væri þar tvíbýli. Í eyði síðan 1940.” Mannfellirinn mikli, 28.

**EY-229:001** Geirhildargarðar bæjarhóll bústaður A 521049 N 562215



*Bæjarhóll EY-229:001, horft til suðurs.*

Geirhildargarðar fóru í eyði 1940. Bæjarrústin á Geirhildargörðum stóð lengi uppi en hefur nú verið sléttuð í tún. Bærinn var um 1,6 km sunnan við Engimýri 230:001 en um 600 m ASA við Þverbrekku EY-223:001 sem er vestan Öxnadalsár. Bærinn var um 150 m ofan (austan) við þjóðveg 1. Bæjarhóllinn er 41 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Greinilegur bæjarhóll sést ennþá í sléttuðu túninu. Hóllinn snýr nokkurn veginn norður-suður og er 50 X 40 m stór. Hóllinn rís mest 2 m upp úr túninu. Norðvestast á honum er hóltoppur úr hleðslugrjóti sem greinilega hefur verið rutt úr rústum á hólnum. Líklegast hefur síðasti bærinn staðið SSV-ast á hólnum sé tekið mið af túnakorti frá 1917. Ofan (austan) við heimatúnið er nú hjólhýsi og lítill bústaður á túnskika undir skriðu.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-229:002** heimild um útihús A 521081 N 562246

Um 45 m utan og aðeins ofan (norðaustan) við bæ EY-229:001 er merkt lítið útihús inn á túnakort frá 1917. Húsið hefur nú verið sléttað í tún en það var um 30 m sunnan við jaðar heimatúns og í svipaðri fjarlægð frá útihúsi 003 sem er fast við túnjaðarinn. Staðurinn er 35 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Hæð er í túninu þar sem húsið stóð í rennisléttu túninu.

Ekki sést til fornleifa að öðru leyti en því að hæð er í túnjaðri þar sem það hefur staðið.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917



*Tóft EY-229:003, horft til suðvesturs.*



Skýringar

Fornleifar  
Terfshlaði

0 1 2 3 4 m

*Uppmæling af tóft EY-229:003.*

**EY-229:003** tóft fjárhús

A 521077 N 562266

Um 60 m utan við bæ EY-229:001 og svolítið ofar (NNA) er merkt útihús inn á túnakort frá 1917. Leifar hússins standa enn fast utan (norðan) við núverandi túnjaðar en var innan heimatúns árið 1917. Tóftin er um 180 m ofan (austan) við Þjóðveg 1 og 30 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis fyrir Blöndulínu 2020.

Innar (sunnar) eru sléttuð tún en tóftin er á bletti sem er nú í órækt og hefur sloppið við sléttun.

Tóftin er 12,5x11 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf, annars vegar fjárhús með tveimur gördum og hins vegar hlöðu að baki. Op er á fjárhúsinu, sunnarlega á vesturvegg og greinilega hefur einnig verið op norðarlega á vesturveggnum en er nærri alveg hrúnið saman. Tvö op eru einnig úr húsunum yfir í hlöðuna. Fjárhúsin eru 7x5,5 m að innanmáli en hlaðan 7x1,3 m og snýr norður-suður. Öll er tóftin fremur stæðileg og standa hleðslurnar best í hlöðunni þar sem grjóthleðslur ná um 1 m hæð en þar ofan á er strengur þannig að hleðslur ná allt að 2 m hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-229:004** tóft stekkur

A 521083 N 562774

Um 560 m beint norðan við bæ 001 er tvískipt tóft í litlum grasgefnum hvammi. Tóftin er um 180 m ofan (austan) við Þjóðveg 1 og er sjö metrum utan við áhrifsvæði Blöndulínu 3. Helgunarsvæði tóftarinnar er hins vegar innan þess.

Grónir melhólar með grasgefnum hvömmum inn á milli eru allt í kring. Hvammurinn er alveg í skjóli og er grasi gróinn.



Uppmæling af stekk EY-229:004.



Tóft EY-229:004, horft til norðurs.

Tóftin er tvískipt og torfhlaðin. Hún er 9 X 9 m að stærð. Stærri hólfid er norðar og er 5 X 2 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur og op er á suðurvegg þess austast. Norðar er annað minna hólf. Það er 2,5 X 1,4 m að innanmáli og snýr eins og nyrðra hólfid. Ekki sést op á því. Staðsetning tóftar, fjarlægð frá bæ og útlit bendir helst til þess að hún hafi verið stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**EY-229:005** tóft útihús

A 521120 N 562267

Um 40 m ofan (austan) við tóft EY-229:003 er lítil útihústóft. Hún er um 10 m sunnan við raffínustaur, fast



Tóft EY-229:005, horft til suðurs.




Uppmæling af tóft EY-229:005.

norðan við túnjaðarinn eins og hann er nú. Tóftin er innan heimatúns líkt og það var afmarkað 1917 en ekki sýnd þar. Tóftin er undir miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3, Tóftin er í jaðri sléttaðs túns. Norðar eru grasi grónar hæðir þar til komið er að skriðu. Tóftin er einföld og 5 x 5 m að stærð. Op er syðst á austurvegg. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og gæti t.d. verið leifar lítills hesthúss. Vegghleðslur ná mest 1,4 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-229:006\_1** tóftir beitarhús A 521105 N 562473  
 “Tóftir bæjarhúsanna hafa verið sléttaðar, en beitarhúsatóftirnar svolítið norðar sjást enn,”segir í Byggðum Eyjafjarðar. Beitarhúsin eru um 250 m NNA við bæ 001 en um 200 m ofan (austan) við þjóðveg 1. Þær eru um 280 m sunnan við stekki 004. Á þessum stað er greinileg beitarhúsatóft 006\_1 og önnur mun ógreinilegri þúst/kantur 006\_2 norðar á svæði sem er 36 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli mannvirkjanna seytlar lækjarspræna.

Tóftirnar eru í hvammi en grýttir melhólar marka hann af að ofan innan og utan. Það er því aðeins vesturhliðin sem er opin. Hvammurinn er grasgefinn og í aflíðandi halla til vesturs.



Uppmæling af minjum EY-229:006.



Tóft EY-229:006\_1, horft til norðvesturs.

Beitarhúsin eru 20 X 10 m að stærð og snúa nálega norður-suður. Nyrst er sjálft fjárhúsið sem er 9 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er nyrst á vesturvegg þess og einnig á miðjum suðurvegg, yfir í hlöðu að baki. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hlaðan er 6 x 5 m að innanmáli og snýr eins og fjárhúsið. Veggir hennar eru að miklu leyti hrundir inn og er hún á kafi í grasi. Lítil tóft eða hól er sambyggð vesturvegg fjárhúsanna. Hún er 1,5 x 1 m stór og op er nyrst á vesturvegg. Tóftin stendur annars sámilega og sést vel frá vegi. Hún er hlaðin úr grjóti og torfi og í henni er vel hlaðinn klömbruhnaus. Hleðslur ná mest 1,8 m hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BE 1990, 531

**EY-229:006\_2** þúst óþekkt A 521098 N 562502  
 Um 8 - 10 m norðan við beitarhúsin 006\_1 rennur lítil lækjarspræna niður hliðina og fast norðan við hana er afar ógreinileg þúst. Hún er í raun hálfgerður hól, 16 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Í þennan hól er dæld sem er 3 x 3 m og snýr eins og hæðin. Frá dældinni liggur e.k. rani í átt að læknum, samtals í um 8 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki þjónaði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-229:007** garðlag brú A 524083 N 569248  
 Tvær hlaðnar brýr eru rúmum 400 m ofan við (austan) gamlan þjóðveg en 700 m utan (NNA) við bæ 001. Þær eru á svæði sem er samtals 230 m langt og er að hluta til beint undir miðlínu úttektarsvæðis 2020. Líklega voru þær hlaðnar svo hægt væri að komast þurrum fótum yfir að beitarhúsum 009. Brýrnar liggja yfir mýrlendi.

Brýrnar sjást í mýri og má greina tvo hluta sem báðir snúa (gróflega) norðaustur-suðvestur. Nyðri brúin er rofin í tvennt og sokkin í mýri. Hún er um 45 m löng en hverfur í læk á stuttum kafla. Brúin er að jafnaði um 3 m á breidd, 0,3 m á hæð og 0,2 m á hæð. Suðausturhlutinn er óljósari. Um 145 m SSV sést önnur brú í móa og deiglendi. Hún er orðinn mjög þýfð og mikið rof er í suðvesturenda. Brúin er um 70 m löng 0,3-0,5 m á hæð og að jafnaði 3 m á breidd en hún er alveg rofin í sundur á 3 m löngum kafla. Ekki sér til gatna á milli brúna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða EY-229:008, horft til vesturs.*



*Brú EY-229:007, horft til suðvesturs.*

**EY-229:008** varða óþekkt

A 521153 N 562618

Lítill varða er tæpum 140 m norðan við beitarhús 006 og um 400 m norðan við bæ 001. Varðan er uppi á lágum, jarðföstum kletti, norðvestarlaga í gamalli skriðu. Tilgangur hennar er óljós, mögulega var hún samgöngubót á leið milli bæjar og Engimýrar. Varðan er 54 m vestan við miðlinu Blöndulínu 3.

Skriðan myndar grýttan hrygg. Mold og smágrýti er inn á milli stærri steina. Lyng og mosi eru áberandi.

Varðan er ferköntuð, 0,3 x 1 m að stærð. Hún er einungis um 0,2 m á hæð og gerð úr 13 umförum af smáu hellugrjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-229:009** heimild beitarhús

A 521427 N 562971

Á Uppdrætti Íslands eru sýnd beitarhús um 850 m norðan við bæ 001, við rætur fjallshlíðarinnar. Svæðið er gróið og líklegt að vegur 007 hafi legið að þeim. Beitarhúsin eru hins vegar horfin og engin ummekri þeirra sjást á yfirborði. Samkvæmt kortinu voru þau um 122 m austan við miðlinu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Beitarhúsin voru að öllum líkindum neðan við gróna skriðu í fjallshlíð. Skriðan myndar grýttan hrygg. Inn á milli gróinna skriða í fjallshlíðinni er deiglendi sem nýtt var til beitar.

Engin ummerki um beitarhúsin sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Uppdráttur Íslands 63

EY-232 Þverá

35 hdr. 1712. Konungseign. JÁM X,158.

Þverár er getið í Þórðar sögu hreðu en samkvæmt henni bjó þá þar bóndi sem hét Einar og jafnaði Þórður Hreða þar sig eftir bardagann við Sörla sterka. ÍF XIV, 224.

1461: Þverárdals er getið í eignarskrá Miklagarðskirkju í Eyjafirði (beint austan við Þverá). Þar er sagt að kirkjan eigi “Þverardalur heim ath lamba badumegin.” DI V, 312. Í bréfinu kemur einnig fram að Möðruvellir eiga ítölur í dalnum en samkvæmt bréfinu eiga þeir “halfán þridia tog yxna manadar rekstur asaud fra þuera i oxnadal enn þar firir skulu þeir hallda vppi garde firir nedan...” DI V, 313.

1520: Kemur fram í testamenti Gottskalks Nikulássonar á Hólum að stóllinn eigi Þverá sem hann keypt fyrir fulla peninga og jörðin þá metin á 20 hdr. DI VIII, 727.

1522: Kemur fram í Miklagarðskirkjumáldaga að kirkjan á enn Þverárdal að Lambá beggja vegna Þverár. DI IX, 65-66.


“Þverá á land frá Steinastöðum að Þveránni og upp með henni inn á Lambsárdal, en Steinastaðir eiga Þverárdal frá Lambá og inn að botni.” BE 1990, 510.

Túnstærð 1917: 6,4 teigar. Sléttað tún 1/4, trjágarður 224 stikur(2). “Túninu grandar í stórveðrum grjótfok úr nálægum melum. Engjar spillast einninn af skriðum og leirlækja áburði, snöggvari en almennilega og langt burt, framar er hjer annarstaðar nálægt.” JÁM X,158. “Þverá var mikil fleytingsjörð með stóru túni. Engjaheyskapur var þar allgóður. Erfitt var talið að búa á Þverá og krafðist dugnaðar.” Mannfellirinn mikli, 27.

**EY-232:007\_1** Árgerði bæjarhóll bústaður

A 522766 N 565605

“Árgierde er hjer fornt eyðibýli. Fyrir 36 árum var hjer bygð, og varaði bygðin eitthvað um eður undir 10 ár,» segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Í ornefnaskrá segir: «Í Tungu er Árgerðismýri og Árgerði, sem nú er hallað [sic] Háagerði og mun vera Háagerði það, sem um getur í Jarðabók Á.M., því öðrum kosti er ekki ljóst hvar það hefði getað verið innan landareignarinnar.» Árgerði er 1,2 km sunnan við bæ 001 og rúmum 50 m vestan við tóft 027. Á staðnum eru tvær tóftir (007\_3 og 5), ein þúst 007\_4, bæjarhóll 007\_1 og stakt garðlag 007\_2 á svæði sem er 60 x 50 m að stærð og snýr norður-suður. Fornleifarnar eru um 38 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Svæðið er í þýfðum móa, grasivöxnum. Ofan



Uppmælingar af minjum EY-232:007.

við túngarð er mýri, um 200 m norðvestan við rætur ógreinilegra mela. Svæðið er í grasigrónum og mjög þýfðum og víðáttumiklum móa við bakka Þverárgils. Hér er bæjarhóllnum lýst. Hann er all myndarlegur rústahóll, 14 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Þegar staðurinn var fyrst skráður 2006 mótaði fyrir tveimur dældum. Svæðið var á kafi þegar staðurinn var aftur skráður 2020 í tengslum við Blöndulínu og engar greinilegar dældir fundust. Hóllinn er um 0,6 m á hæð og þar eru greinilega allmiklar mannvistarleifar undir.



Tóft EY-232:007\_1, horft til suðvesturs.

við túngarð er mýri, um 200 m norðvestan við rætur ógreinilegra mela. Svæðið er í grasigrónum og mjög þýfðum og víðáttumiklum móa við bakka Þverárgils.

Hér er bæjarhóllnum lýst. Hann er all myndarlegur rústahóll, 14 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Þegar staðurinn var fyrst skráður 2006 mótaði fyrir tveimur dældum. Svæðið var á kafi þegar staðurinn var aftur skráður 2020 í tengslum við Blöndulínu og engar greinilegar dældir fundust. Hóllinn er um 0,6 m á hæð og þar eru greinilega allmiklar mannvistarleifar undir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM X,158; Ö-Skrið, 125

**EY-232:007\_2** garðlag túngarður

A 522781 N 565611

Torfhlaðinn túngarður er um 10 m austan við bæjarhól 007\_1. Hann liggur nálega beint í norður-suður og er samtals um 45 m á lengd. Garðurinn er 0,6 m hár en 2-4 m á breidd. Hann er er grasi gróinn og mjög þýfður enda fjarar hann út í stórþýfi til beggja enda. Mögulegt er að framhald þessa garðs sé að finna nokkru norðvestar. Þar má greina óljósar leifar á um 70 m kafla í átt til norðvesturs að Þverárgili. Þetta er túngarður býlisins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft EY-232:007\_3



Túngarður EY-232:007\_2, horft til norðausturs.



**EY-232:007\_3** tóft útihús

A 522762 N 565623

Einföld tóft er um 15 m norðan við bæjarhól 007\_1. Tóftin er nokkuð óljós, 13 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er gjóthlaðin en mikið vallgróin og ekki sést í grjóti í veggjum. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð tóftarinnar. Mögulega er þetta útihús sem hefur tengst búskapi á Árgerði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-232:007\_4** þúst útihús

A 522743 N 565628

Þúst er um 7 m vestan við útihús 007\_3. Hún er um 8 m í þvermáli og rís 0,4 m hærra en umhverfið. Hún er með skýrar ytri brúnir en ekki er unnt að greina neitt tóftarlag á henni vegna mikils gróðus. Líkast til er þetta leifar eins útihúss býlisins.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-232:007\_5** tóft útihús

A 522754 N 565651

Einföld tóft er um 17 m norðan við þúst 007\_4. Tóftin er 10,5 x 7,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er torfhlaðin og eru veggir nokkuð signir, 0,3-0,4 m. Gengið er inn í tóftina fyrir miðju vesturhlíð hennar. Botn tóftarinn er sléttur. Ekki er ljóst um hlutverk tóftarinnar annað en að miðað við staðsetningu er hún útihús frá býlinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Uppmæling af tóft EY-232:007\_5.*


**EY-232:011** Hallsstekkur tóft stekkur

A 523104 N 566768

“Sunnan við hóla þessa er Sjónarhólskambur, en neðar Kúalágarhólar. Þar er Kúalág og tóftarbrotin Hallsstekkur,” segir í örnefnaskrá. Hallsstekkur er á hól sem er grasi gróinn, um 270 m austan við bæ 001 og rúmum 220 m austan við Lækjarhús 013. Hallsstekkur er tæpum 62 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Uppþornaður lækjarfarvegur er fast fast sunnan við rústahólinn. Sjálfur hóllinn er grasi gróinn en ofar (austar) taka við tveir berir melhólar.



*Tóft EY-232:011, horft til VSV.*



*Uppmæling af tóft EY-232:011.*

Á flata ofan á hólnum er tóftin. Hún er 9 x 5 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Það vestara (hólf A) er stærra eða 5 x 3 m að innanmáli og snýr það eins og tóftin. Op er á hólfinu fyrir miðju Á vesturhlíð þess. Innangengt er á milli hólfa. Austara hólfíð (B) er 2,5 x 2,5 m að innanmáli. Það stendur svolítið hærra en vestara hólfíð. Ekki er annað op á því en það sem liggur yfir í vestara hólfíð. Veggir eystra hólfsins eru 0,3-0,4 m á hæð en þess vestara 0,2-0,3 m. Í eystra hólfinu sést glitta í grjóthleðslu á einum stað en annars er

tóftin algróin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 125

**EY-232:013** Lækjarhús frásögn fjárhús

A 522887 N 566723

Fjárhús, nefnd Lækjarhús, voru um 60 m ofan við bæ 001 og örlítið innar (ASA). Húsin stóðu norðan við bæjarlækinn, um 136 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Húsin stóðu á svæði sem nú er utan túna. Þar er nú talsverð órækt.

Ekkert sést til húsanna á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-232:025** varða óþekkt

A 522812 N 566334



Varða er á hól um 800 m ofan austan við þjóðveg 1 og um 700 m SV af bæ 001. Rúmir 500 m eru að gílinu sem þverá rennur í og 40 m að öðru minna gili til suðurs. Girðing liggur rétt framhjá hólnum. Varðan er um 105 m VNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Hóllinn er í brekku sem er frekar brött til austurs. Er brekkan gróin grasi og melgróðri. Hóllinn er hins vegar nokkuð grýttur.

Varðan er 0,6 x 0,8 m á stærð að grunnfleti. Eitthvað virðist vera hrúnið úr henni. Gras vex á milli steinanna. Varðan er um 0,3 m að hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


*Varða EY-232:025, horft til suðvesturs.*

**EY-232:026\_1** tóft stekkur

A 522947 N 566192

Tvær tóftir (026\_1 og 3) og torfhlaðinn garður 026\_2 eru um 580 m SSA við bæ 001 og rúmum 190 m suðaustan við vörðu 025. Fornleifarnar eru á svæði sem er 40 x 25 m að stærð, snýr austur-vestur. Minjasvæðið er um 40

m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin og garðlagið eru í stórbýfðum móa í allbrattri hlíð og eru víða mýrardrög í kring og grösugt.



*Uppmæling af minjum EY-232:026.*



*Tóft EY-232:026\_1, horft til vesturs.*

Hér er vestari tóftinni lýst. Hún er um 8 x 5 m stór og snýr norður-suður. Op er á henni á norðurgaffli. Tóftin er torfhlaðin og eru veggir hæstir til suðurs, 0,5. Botn tóftarinnar er þýfður. Ekki er ljóst um hlutverk annað en hún er líklega einhvers konar aðhald fyrir skepnur, mögulega einfaldur stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Eva Kristín Dal (ritstj.) 2008, 36

**EY-232:026\_2** garðlag túngarður

A 522935 N 566195

Frá suðurgaffli tóftar 026\_1 er torfhlaðinn garður sem liggur í sveig til norðvesturs en hverfur í þýfið. Hann er um 23 m langur, 0,8 m breiður og um 0,5 m á hæð en mesta hleðsluhæð á tóftum er um 0,5 m. Stærð svæðis er um 50 x 25 m og snýr austur-vestur. Mögulega eru þetta leifar af vallargarði sem hefur afmarkað tóft 026\_1 og svæði við hana.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Garðlag EY-232:026\_2, horft til norðvesturs.*



*Tóft EY-232:026\_3, horft til suðvesturs.*

**EY-232:026\_3** tóft stekkur

A 522971 N 566193

Tóft 026\_3 er rúmum 25 m austan við tóft 026\_1 en fannst ekki við vettvangsskráningu árið 2020 en allt svæðið var á kafi í grasi. Hún sást greinilega 2008 og var tóftinni lýst svo: “Tóft A er um 7 x 6 m stór, snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda er hólfi I, það er að innamáli um 3,5 x 1,5 m, snýr suðaustur-norðvestur og op á suðausturgaffli að líkindum, en víðar er rof í vegg. Hólfi II er ívið minna, um 1,5 x 2 m, snýr norðaustur-suðvestur, óljóst hvar op hefur verið. Tóftin er gróin og ekki sést í grjóti henni.” Ekkert rask hefur átt sér stað engin ástæða að ætla annað en að tóftin sé enn varðveitt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Eva Kristín Dal (ritstj.) 2008, 36

**EY-232:027** tóft stekkur

A 522805 N 565631

Torfhláðin stekkjartóft er 1,1 km sunnan við bæ 001 og tæpum 40 m ANA við Ásgerði 007. Tóftin er um 70 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin tengist mjög líklega Ásgerði 007.

Tóftin er í blautri myri í annars stórþýfðum móa.



*Tóft EY-232:027, horft til austurs.*



Skýringar

Fornleifar

Torfhláð

0 1 2 3 4 m


*Uppmæling af tóft EY-232:027.*

Tóftin er tvískipt, er 11 x 8 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er torfhláðin og eru veggir stæðilegastir til suðurs, um 0,5 m. Hólfi A er nyrsta hólfið. Það er 2 x 1,5 m að innamáli og snýr h.u.b. austur-vestur. Op er á suðvesturhorni þess. Ekki er innangengt milli hólfa. Hólfi B er um 2 m sunnan við hólfi A. Það hólfi er stærra, 4 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Greinilegt op er á norðvesturhluta hólfsins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-232:028** varða óþekkt

A 522724 N 566184



Varða er á melhól um 590 m suður af bæ 001 og um 175 m SSV af vörðu 025. Rafmagnslína liggur um 30 m vestan við vörðuna. Varðan er um 150 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á grýttum melhól, lynggrónum á stöku stað. Umhverfis eru grasi gróin mýrarsund milli melhóla.

Varðan er um 1,4 m í þvermál og rúmir 0,2 m á hæð, 2-3 umför af grjótheðslu sem er skófum vaxin sjást í vörðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Varða EY-232:028, horft til vesturs.*

**EY-233** Steinsstaðir

34 hdr. 1712. Eign biskupsstólsins á Hólum.

Steinsstaða er getið í Guðmundar sögu Dýra en skv. henni bjó Guðmundur á Steinsstöðum árið 1188. Sturlunga I (útgáfa frá 1988), 133.

1387: 14. febrúar er jarðarinnar fyrst getið í Íslensku Fornbréfasafni. Þar kemur fram að Ólafur Kolbeinsson hefur þá átt bæði Efstaland og Steinsstaði og kaupir hann 12 femings torfskurð í landi Bakka fyrir peninga og er tekið fram að skurðinn megi nýta fyrir hvora jörðina sem er. DI III, 396-397.

1445: 1. febrúar en þá seldi Einar Þorleifsson Eiríki Loftssyni Steinsstaði fyrir Ysta-Gil í Langadal. DI IV, 664.

1469: 4. júlí selur Magnús Jónsson Þorleifi Björnssyni Böðvarshóla í Vesturhópi fyrir Steinsstaði. DI V, 546.

1487: 14. júní kaupir Helga Þorleifsdóttir jörðina í skiptum (ásamt Hvoli í Vesturhópi) fyrir Holtastaði í Langadal. DI VI, 599-600.

1520: Jörðin kemur fram í testamenti Gottskalks Nikulássonar á Hólum að stóllinn eigi Steinsstaði sem hann keypt fyrir fulla peninga og jörðin þá metin á 30 hdr. DI VIII, 729.

1525: Bæjarins getið sem eignar Hólastóls í Sigurðarregistri. DI IX, 301.

1550: 25. desember er jörðin talin upp sem eign Hólastóls eftir dauða Jóns Arasonar. DI XI, 866.

1553: Jarðarinnar getið í staðfestingarbréfi Kristjáns konungs þriðja á veitingu þeirra jarða sem Páll Hvítfeldr hafði lagt skólameistara og heyrara á Hólum. DI XII, 526.

1569: Jörðin talin upp sem Skóla jörð í Fornbréfasafni og metin á 20 hdr. DI XV, 227.

“Bærinn stendur uppi í hlíðinni undir rótum Landafjalls, en niður við ána er mikil lágsléttá og á jörðin land frá landamerkjum við Steinsstaði II og að norðurmerkjum Þverár. Auk þess eiga Steinsstaðir afréttarland á Þverárdal, frá Lambá og fram í botn. Steinsstaða er getið í Guðmundarsögu Dýra. Í Steinsstaðalandi, um miðja vegu milli bæja á Steinsstöðum og Þverá, var fornbylíð Steinsstaðagerði. Steinsstaðir II er nýbylí reist 1957 úr landi Efstalandskots og þess hluta Steinsstaða sem áður var býlið að fella undir Efstalandskot. Efstalandskot er nú nytjað frá Steinsstöðum II.” BE II, 512. Teikning af Steinsstöðum um miðja 19. öld birtist í bók Winkler: Island, Baunschweig 1861 og var hún endurprentuð í bók Páls Valssonar um Jónas Hallgrímsson.

Túnstærð 1917: 7,2 stikur. Sléttað tún 1/3, garðar 367 stikur. “Engjar eru hjer miklar. Líka hefur við borið að þær hafa öðrum jörðum ljeðnar verið fyrir ónefnt kaup.” JAM X, 159. “Jónasarlundur [Skírður í höfuðið á Jónasi Hallgrímssyni sem ólst upp á Steinsstöðum] er trjálundur neðan vegarins nærri Öxnadalsá og er þar hringsjá.” BE 1990, 512.



*Tóft EY-233:027, horft til suðausturs.*

**EY-233:027** tóft vatnsból

A 523630 N 567916

Ung og ferköntuð tóft undir þaki er um 460 m suðaustan við bæ 001 og rúnum 330 m ASA við tóft 013. Tóftin er um 73 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er ofarlega í grösugri fjallshlíð og er uppspretta inni í henni sem rennur fram og niður fjallshlíðina til norðvesturs.

Tóftin er um 3 x 3 m stór og er op á henni til norðvesturs. Veggir hússins eru lágir en virðast vera hlaðnir úr torfi og grjóti. Norðvesturgaffl er úr víði og þak úr bárujárni. Hæð veggja er um 0,5 m en hæðin upp í mæni er um 1,5 m. Inni í húsinu er uppspretta og mikið laust grjót og rennur vatn úr því og framan við það. Leifar viðarstokks eru í norðvesturgaffli og er líklegt að um vatnsból eða vatnsveitu sé að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-234 Efstaland

Dýleiki jarðarinnar var 36 hdr. 1712 að reiknaðri hjáleigunni. Eign biskupstólsins á Hólum. Hjáleiga Efstalandskot.

1387: 14. febrúar er jarðarinnar fyrst getið í Íslensku Fornbréfasafni. Þar kemur fram að Ólafur Kolbeinsson hefur þá átt bæði Efstaland og Steinsstaði og kaupir hann 12 femings torfskurð í landi Bakka fyrir peninga og er tekið fram að skurðinn megi nýta fyrir hvora jörðina sem er. DI III, 396-397.

1375: Jarðarinnar getið í sölubréfi. Þar kemur fram að bræðurnir á Munkaþverá samþykkja að Guðmundi Sigurðsyni bónda sé seldur hluti úr jörðinni Skriðulandi. Seinna sama ár kemur fram að hálf jörðin var seld og hún er þá nefnd Efstaskriðuland. Henni fylgdi þá torfskurðurinn í Bakka. DI III, 296, 298.

1467: 15. júní kaupir Ólafur biskup Röngvaldsson jörðina af Gottskálki Gottskáلكssyni DI V, 482-483.

1473: 17. janúar stefnir Ólafur Hólabiskup Þorláki Gíslasyni fyrir að hafa “brotið upp bæinn [á Efstalandi], raskað húsum og hrakið Ásgrím Árnason, landseta [í burtu]” DI V, 689.

1479: 30. júlí er jarðarinnar getið í bréfi um skipan Ólafs biskups Röngvaldssonar um sálumessur á Hólum en þar er jörðin talin upp með eignum biskupsstóls. DI VI, 219.

1525: Jarðarinnar getið sem eignar Hólastóls í Sigurðarregistri. DI IX, 301.

1550: 25. desember er jörðin talin upp sem eign Hólastóls eftir dauða Jóns Arasonar. DI XI, 867.

1553: Jarðarinnar getið í staðfestingarbréfi Kristjáns konungs þriðja á veitingu þeirra jarða sem Páll Hvítfeldr hafði lagt skólameistara og heyrara á Hólum. DI XII, 526.

1569: Jörðin talin upp sem Skóla jörð í Fornbréfasafni og metin á 20 hdr. DI XV, 227.

Jörðin hét áður Efsta-Skriðuland. “Efstaland nær frá Miðlandi að Efstalandskoti, en auk þess á Efstaland spildu neðan við Steinastaði II niðri við á. Á Efstalandi voru bænhús til forna. Miðland er nytjað héðan, en þar hefur ekki verið búskapur síðan 1963.” BE 1990, 516.

Túnstærð 1917: 4,2 teigar. Sléttað tún 3/5. “Á þessum slóðum er nokkuð skriðuhætt í rigningartíð, enda nefnist jörðin fyrrum Efstaskriðuland. Í júlí 1877 féllu aurskriður á Efstaland og brutu þar fjárhús og brunnhús en fólk flýði úr bæjarhúsum og tún og engi spilltust stórlega. Hér féllu líka skriður í ágúst 1927.” BE 1990, 516. “... var alltaf talið með betri jörðum í dalnum. Þar voru góðar engjar, en þó nokkuð áfallasamar vegna skriðufalla.” Mannfellirinn mikli, 27.

### EY-234:009\_1 Stekkjarlækur tóftir stekkur

Í Landafjalli. «Efsti hjallinn endar að sunnan þar sem heitir Stallur milli Efstalands og Kots, eða við Stekkjarlæk,” segir í örnefnaskrá. Greinilegar stekkjartóftir eru nálægt suðurmerkjum Efstalands en Stekkjargil heitir einmitt gilið sem skiptir merkjum. Tóftirnar eru um 400 m sunnan við bæ 001 en 10-15 m neðan við efri raflínu sem gengur um sveitina á þessum slóðum. Á þessum stað eru tvær, grjóthlaðnar tóftir á svæði sem er 30 X 16 m stórt norður-súður. Tóftirnar eru 35 m frá miðlínu Blöndulínu 2020.


Á grasi gróinni skriðu. Svæðið er á milli brattrar fjallsróta og sléttaðra túna neðar (VSV).

Syðri tóftin, 009\_1, er stærri og umfangsmeiri. Hún er 16 X 12 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Það syðra er 10 X 6 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Op er á vesturvegg þess og sömuleiðis á norðurveggnum inn í nyrðra hólf. Það er 8 X 3 m að innanmáli og snýr eins og það syðra. Ekki eru önnur op á því en það sem áður er getið á milli hólfanna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Skrið, 129

A 524363 N 569816



Skýringar

Fornleifar  
Torchlaðið

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af tóftum EY-234:009.



Tóft EY-234:009\_1, horft til suðvesturs.



Tóft EY-234:009\_2, horft til norðurs.

**EY-234:009\_2** tóft stekkur

A 524365 N 569831

Tóft 009\_2 er um 10 m utan (NNA) við tóft 009\_1. Hún er einföld og 7,5 X 3 m að stærð. Hún snýr nálega norður-suður og op er sunnarlega á vesturvegg hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-234:010** frásögn rétt

A 524408 N 570163

Fjárrétt fyrir Efstaland og næstu bæi að Þverá var um 60 m innan og ofan við bæ 001 (suðaustan). Réttin var fast ofan við þar sem nú standa tveir steiptir stólpar, síðustu leifar af girðingu. Áætluð staðsetning réttarinnar er 15 m utan við áhrifasvæði Blöndulínu 3 en helgunarsvæði tóftarinnar er 15 m.

Á þessum stað var réttað um miðja 20. öld þegar Sigurður Jónasson og Jónína Ásgrímsdóttir fluttu að Efstalandi og sjálfsagt lengi á undan. Svæðið er nú á kafi í háu grasi.

Þarna var, þegar heimildamenn muna fyrst eftir, timburrétt en Sigurði þóttist ráma í eldri rétt fast ofan og utan (norðaustan) við timburréttina. Örlitlar leifar eru á þessum stað og þar ber helst steinaröð (grjóthlaðin undirstaða) á um 10 m kafla og snýr hún norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**EY-234:012\_1** tóft rétt

A 524433 N 570058

Tóftir eru um 250 m norðan við stekk 009, í fjallinu ofan við bæ 001. Alls eru fimm minjæðingar innan svæðisins sem er 45 x 21 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Núverandi raflína er um 20 m til austurs og rafmagnsgirðing liggur fast sunnan við tóftirnar, nánast á einum vegg tóftar 012\_1. Tóftirnar eru 65 m vestan við miðlínu Blöndulínu 3.

Tóftirnar eru í lítt gróinni grjótskriðu sem hallar í vestur. Grjótaumar renna umhverfis og á milli tóftanna sem felur þær nokkuð.

Tóft 012\_1 er suðvestust af tóftunum og er byggð í halla til vesturs. Hún er 13 x 12 m stór, skiptist í þrjú hól og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru úr grjóti og eru 0,2-0,4 m á hæð. Fimm umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Tóftin er grasivaxin að innan. Hólf 1 er norðvestast í tóftinni. Op er á miðjum vesturvegg og annað til suðausturs, yfir í hólf 2. Hólfið er 4,5 x 2,5 m að innanmáli. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1 og er minna, 3 x 2 m að innanmáli. Hólf 3 er



**Skýringar**

**Formleifar**  
 Grjóthlaðið

0 5 10 15 20 m

Uppmæling af minjum EY-234:012.

suðvestan við hin hólfín og ekki er opið á milli þeirra. Virgirðing liggur eftir norðurveggnum sem raskar hólfínu eitthvað. Það er 13 x 5 m að innanmáli og opið til norðvesturs. Sá endi tóftarinnar er einnig bogadreginn. Til

suðausturs er veggurinn horfinn. Allir veggir þessarar hólfs eru signir og grónir að hluta, ólíkt hinum minjunum á svæðinu. Hlutverk þessarar tóftar er óljóst, allt eins gæti verið um tvær aðskildar tóftir að ræða, stekkt til norðurs og rétt til suðurs. Í lýsingu þessari er þetta talið rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-234:012\_1, horft til vesturs.*



*Tóft EY-234:012\_2, horft til norðvesturs.*

**EY-234:012\_2** tóft rétt

A 524431 N 570069

Tóft 012\_2 er að hluta til sambyggð tóft 012\_1, á milli þeirra er 2 m löng hleðsla sem liggur norður-suður. Hlutverk hennar er óljóst, mögulega garðlag til að varna búpening að komast á milli þeirra. Tóftin er 7 x 5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og sjást fimm umför grjóthleðslu í þeim. Op er á miðjum norðvesturvegg inn í tóftina sem er grasivaxin að innan. Tóftin er byggð í halla niður til vesturs líkt og tóft 012\_1.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-234:012\_3** tóft rétt

A 524457 N 570044

Tóft 012\_3 er um 18 m fyrir suðaustan tóft 012\_1. Hún er 3 x 2 m stór, einföld og op er á miðri vesturhlið. Tóftin er gróin að innan en ekki að utan. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og 3-4 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Tóftin er efst á 2 m háum malarhól, sem stendur upp úr grjótskriðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-234:012\_3, horft til suðausturs.*



*Tóft EY-234:012\_4, horft til suðausturs.*

**EY-234:012\_4** tóft óþekkt

A 524459 N 570040

Lítill tóft er 2,5 m suðaustan við tóft 012\_3, uppi á sama hól. Hún er 2,5 x 2,5 m að stærð, einföld og opin til NNV. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 2-3 umför af grjóti sjást í þeim. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en án efa tengt hinum minjunum á svæðinu. Mjög grýtt er umhverfis tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-234\_012\_5 kantur rétt

A 524454 N 570051



Hlaðinn bogadreginn kantur er 3,5 m norðan við tóft 012\_3, undir hólnum sem hún er á. Kanturinn er hlaðinn undir grjótskriðu og myndar skeifulaga aðhald (tóft) í góðu skjóli. Hann er 0,5 m á breidd og 4-6 umför af grjóthleðslu sjást í honum. Kanturinn er 0,5 m á hæð og móbergssteinn er hluti af norðurvegg, op myndast til vesturs milli þeirra. Til suðurs var grjót að öllum líkindum tekið í kantinn, þar er gróin lág við skriðubrúnina. Þetta var að öllum líkindum rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

Kantur EY-234:012\_5, horft til NNA.

EY-235 Efstalandskot

Hjáleiga frá Efstalandi. Nefnist í daglegu tali Kot. Er í byggð 1712 þegar Árni og Páll rita jarðabók sína. Túnstærð 1917: 2,9 teigar. Sléttað tún 2/5. Efstalandskot var landlítil jörð en heyskapargóð, engjar voru þar nokkrar, en lítið land til fjallsins. Þarna er nokkuð skriðuhætt í rigningartíð og í júlí 1877 spilltust engi verulega af aur- og grjótskriðum og einnig í ágúst 1927.”BE 1990, 532. “....er fremur landlítil jörð en heyskapargóð,” Mannfellirinn mikli, 27.

EY-235:007 tóft rétt

A 524083 N 569248


Rétt var um 280 m ofan og örlítið innan (suðaustan) við bæ 001 og er 65 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 3. Talsvert af grjóti úr þessari rétt var notað þegar íbúðarhúsið á Steinstöðum var byggt en þó má enn sjá móta fyrir réttinni. Hún er um 30 m fyrir neðan (VNV) við efri raflínu af tveimur sem ganga um sveitina á þessum slóðum.

Grasi gróinn en svolítið grýttur hagi. Ofan túna sem eru í afliðandi halla til VNV.

Aðeins sést nú brot af réttinni og Ásrún Árnadóttir, heimildamaður mundi ekki hversu stór hún var upprunalega.



Rétt EY-235:007, horft til vesturs.



Uppmæling af rétt EY-235:007.

Af þeim ummerkjum sem enn sjást virðist réttin þó hafa verið fremur stór og líklega fyrir nokkra bæi. Víðast er bara eftir einföld röð af grjóthleðslu en grjótið eru miklir hnullungar enda það sjálfsagt ástæða þess að þeir voru ekki teknir í húsgrunninn. Þær réttarleifar sem sjást eru um 30x9 m að stærð. Réttin snýr nokkurn veginn austur-vestur. Austast er hólfið sem er 6x7 m að innanmáli og snýr eins og réttin. Hólfið er talsvert niðurgrafið. Úr því er op vestarlega á norðurvegg. Hólfið sem tekur við vestar en enn brotakenndara. Reyndar má enn greina stóran hluta suðurveggjar en norðurveggurinn er nærri alveg horfinn. Á því er brot af vesturvegg sem er 2,5 m langur. Vestasta hólfið er 12,5x3 m á stærð en á því sést aðeins suður- og austurveggurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




**EY-235:008** tóft

A 524131 N 569209

Um 60 m ofan (ASA) við rétt 007 og um 340 m ofan og örlítið innan (suðaustan) við bæ 001 er kofatóft. Hún er 12 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 3. Tóftin er um 10 m ofan (ASA) við efri raflínu af tveimur sem ganga um sveitina á þessum slóðum.

Kofinn er á gróinni skriðu en lítið lækjargil rennur fast sunnan við.



Uppmæling af tóft EY-235:008.



Tóft EY-235:008, horft til suðausturs.

Grjóthlaðin, hringlaga tóft sem er 6,5 m í þvermál. Innanmál tóftarinnar er 2,5 x 2 m á stærð og er ekki alveg hringlaga. Tóftin virðist aðeins niðurgrafinn, a.m.k. eru veggir hærri að innan en að utan. Nokkuð hefur hrúnið af grjóti inn í tóftina. Op hefur verið á miðjum austurvegg en talsvert er hrúnið inn í það. Veggir eru mest 1,6 m á hæð að innanmáli en 0,9 m að utanmáli. Hlutverk tóftarinnar var að hreinsa hunda. Þá var hundum af næstu bæjum safnað saman og þeir settir í tóftina. Í æsku Ásrúnar Árnadóttur, heimildamanns léku krakkar sér í kofanum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-235:009** tóft óþekkt

A 524041 N 568872

Tóft er um 380 m sunnan við tóft:008 og um 580 m SSA við bæ 001, uppi í fjallshlíð. Tóftin er 53 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Tóftin er í laut í brekku mót norðvestri. Ofan við tóftina er sléttur grasbali en neðan við hana er smápýft.

Tóftin er um 6 x 7 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Tóftin er nokkuð ferköntuð og ekki er afgerandi op á henni. Tóftin er vel gróin og hleðslur eru signar. Veggir eru hæstir til norðvesturs um 0,6 m en innri brún hleðslna er mjög lág og tóftin því grunn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-235:009, horft til norðausturs.

## EY-237 Neðstaland

30 hdr. 1712. Bændaeign.

1397: Bæjarins er fyrst getið í Fornbréfasafni í sölubréfi. Böðvar djákni Ögmundarson selur þá jörðina ásamt hálfum Halfríðarstöðum fyrir Krossanes í Kræklingarhlíð. Í bréfinu kemur fram að bænhús er á báðum jörðum Böðvars, þ.e. bæði Halfríðarstöðum og Neðsta-Skriðulandi. Sbr. "sagde bauduarr til bænhus[s]skylldar a badum iordunum enn skilde ath sira halldorr abyrgiaz fyrnd a badum bænhusunum." DI III, 619-623.

"Fyrr á árum var jörðin stundum nefnd Neðstaskriðuland. Neðstaland tilheyrir nú Syðri-Bægisá." BE 1990, 534. Í eyði frá 1935.

Túnstærð 1917: 3,5 teigar. Sléttað tún 3/5, garður 85 stikur. "Land er hjer mjög so lítið og ógrasgefið, að nauðsynlega þyrfti haga að kaupa, væri hjer meiri peningamaður." JÁM X,160 "Neðstaland var allgóð jörð með sæmilegum engjaheyskap en engjar voru nokkuð grýttar en útbeit ágæt." BE 1990, 534 "Á Neðstalandi vita menn nú ekki um svo til nein örnefni." Ö-Skrið, 130. Neðstaland var meðaljörð. Þar var allgott tún og

engjaskapur í betra lagi. Ýmsum bændum farnaðist þar vel og búferli fremur sjaldgæf.” Mannfellirinn mikli, 27.

**EY-237:010** garðlag vörslugarður

A 525416 N 571813



Torfhláðið og fornt garðlag er tæpum 440 m SSA við bæ 001 og um 350 m suðaustan við túngarð 007. Garðurinn liggur þvert í gegnum (0 m) miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðurinn sést vel á loftmynd.

Garðurinn liggur gegnum smáþýft mólendi og mýrarlæk. Garðurinn er sjáanlegur á um 95 m löngum kafla. Hann er um 1,5-2 m breiður og um 1 m á hæð þar sem hæstur. Hann er nokkuð hlaupinn í þúfur og ekkert grjót sést. Hann liggur SSV-NNA. Garðurinn gæti hafa verið vörslugarður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

*Garðlag EY-237:010, horft til suðvesturs.*

EY-238 Syðri-Bægisá

60 hdr. 1712. Bændaeign.

Bægisá hin syðri var landnámsjörð en skv. Landnámabók en samvkæmt henni nam Auðólfur land frá Þverá niður til Bægisá og bjó á Syðri-Bægisá. ÍF I, 259.

Syðri-Bægisár er getið í Guðmundar sögu dýra en þar er sagt frá því að Guðmundur dýri hafi tekið til sín Þorstein Skeggjason skrínsmið sem á að hafa smíðað Þorláksskrínið í Skálholti og útvegaði honum síðan konu og staðfestu á Syðri-Bægisá. Sturlunga saga I (útgáfa 1946), 176 og 186.

Bægisár er getið í Ljósvefningasögu en ekki er ljóst hvorn bæinn um er rætt. ÍF X, 16-17.

Í Fornbréfasafni er Bægisár víða getið án þess að tekið sé fram hvort um Ytri- eða Syðri-Bægisá er að ræða. Víða er greinilegt að átt er við kirkjustaðinn (Ytri-) og voru því einungis teknar upp þær tilvitnanir sem talið var líklegt að ætti við syðri bæinn.

1428: 20. janúar selja Þórólfur Brandsson og Guðrún Bjarnadóttir kona hans Kristínu Björnsdóttur Flatatungu í Skagafirði “með gögnum og gæðum” í skiptum fyrir Syðri-Bægisá sem Kristín skilur sér þó forkauparétt á þegar hún verði fól. Jörðin var þá metin á 60 hdr og 30 hdr borguð aukalega í skiptunum. Þá er bænhússkylda á jörðinni og á hún einnig skóg með ummerkjum “fyrir handan Öxnadalsá.”

1471: Runólfur Höskuldsson gefur kirkjunni á Hólum jörðina Bægisá [og er þar að öllum líkindum átt við Syðri-Bægisá] vegna ýmisa brota. Er jörðin þá metin á 60 hrd. DI V, 602-603.

1555: 22. maí er bæjarins getið í Fornbréfasafni þar sem Jón Finnbogason fær syni sínum Finnboga jörðina til eignar. DI XII, 42.

1700: Jón Eyjólfsson selur sr. Halldóri Þorlákssyni 8 hdr. og 5 aura í Syðri-Bægisá fyrir 10 hdr í lausafé og á sama tíma selur Þorvaldur Ólafsson sr. Halldóri 5 hndr. og 5 aura í Syðri-Bægisá fyrir 6 hdr. í lausafé. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 233.

1702: Þorlákur Benediktsson selur Guðbrandi Þorleifssyni 20 hdr. í Syðri-Bægisá fyrir 20 hdr í lausafé. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 234.

”Syðri-Bægisá á allan vesturkjálka Bægisárdals fram í botn og suður Öxnadal allt að Miðlandi. Landnámsmaðurinn Auðólfur nam land á milli Þverár og Bægisár og bjó á Syðri-Bægisá. Neðstaland hefur nú verið lagt undir Syðri-Bægisá og eru þar allmiklar tóftir.” BE 1990, 528.

Túnstærð 1917: 7,5 teigar. Sléttað tún 1/3, garðar 480 stikur. “Skógur er hjeðan á Staðartúngulandi fyrir neðan reiðgötur, millum Bakka og Ytri Bægisár skóga, alt að Yxnadalsá. Valla er hann nú til kolagjörðar nýtandi. Rifhris er hjer í heimalandinu nægjanlegt til eldiviðar.” JÁM X, 518 “Á jörðinni eru örnefni eins og Kiðhólmi, Geitagerði og Geitagerðishóll sem gæti verið vísbending um beit. Ö-Skrið, 130. “Syðri-Bægisá er landmikil jörð. Vesturkjálki Bægisárdals liggur þar undir auk þess sem mikið land og vel gróið er þar suður með fjallshlíðinni. Túnið var stórt og fremur greiðfært, en harðlent og snöggt. Engjaheyskapur taldist vel viðhlítandi og útbeit var góð. Áður var Syðri-Bægisá sögd vera fleytingsjörð. Nú er þar stórbýli með afar miklum byggingum og ræktun. Frítt um móa og mýri,” segir í Mannfellinum mikla, 26.

**EY-238:022** tóft stekkur

A 527716 N 574330


Rúmlega 400 m ofan (ASA) við bæ 001 er lítil, þrískipt tóft. Hún er um 10 m suðvestan við suðvesturjaðar

skógræktar á Syðri-Bægisá. Tóftin er um 150 m ofan (ASA) við tóft EY-238:021. Tóftin er um 132 m norðvestur af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í lítilli, grasigróinni dæld eða lækjardragi þótt enginn sé þar lækurinn. Hún er í skjóli að norðan, sunnan og austan. Staðurinn var fyrst heimsóttur 2006 en síðan þá hefur skógrækt færst nær tóftinni og vaxa birkitré rétt NA við tóftina.



Tóft EY-238:022, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-238:022.

Tóftin er um 21 X 13 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólfi. Tóftin er í halla til vesturs. Bæði norður- og suðurveggir eru byggðir inn í brekkuna. Stærsta hólfið A er vestast. Það er 10-11 X 5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og op er á miðjum vesturvegg. Frá hólfi A er innangengt í minna hólfi B. Það er austar og er 3 X 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er annað op þar fyrir utan það sem er yfir í hólfi A. Þriðja hólfið C er svo sunnan við hólfi A. Það er 3 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Lag tóftar, staðsetning og fjarlægð frá bæ bendir helst til að tóftin sé af stekki. Hún hefur að hluta til verið byggð með því að stinga upp úr hólfunum hlaða veggj með uppkastinu. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni. Veggir eru mest 0,3 m á hæð.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-238:032** tóft heystæði

A 527259 N 573502

Einföld og torfhláðin tóft er á Bægisárháls, um 990 m sunnan við bæ 001 og rúnum 850 m vestan við Bægisársel 008. Tóftin er um 140 m suðaustan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í grösugum og lyngi vöxnum móa í fjallshlíð sem snýr gegnt norðvestri.



Uppmæling af tóft EY-238:032.



Tóft EY-238:032, horft til norðvesturs.

Tóftin er einföld, hlaðin úr torfi að öllum líkindum en orðin fornleg og lyngi vaxin. Tóftin er um 10 x 6 m stór og snýr norður-suður. Austur- og suðurveggur eru fallnir inn í brekkuna eða hafa verið grafnir inn. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki er hlaðinn veggur á norðurhlíð tóftarinnar. Óvíst er um hlutverk tóftarinnar en líklega er þetta heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-238:033 hleðsla brú

A 526288 N 572636



Brú EY-238:033, horft til norðvesturs.

Grjóthlaðin brú er um 2,1 km SSV við bæ 001 og rúnum 90 m norðaustan við brú 034. Brúin er tæpum 140 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Brúin liggur yfir mýrarlæk í lyngmóa. Allbratt er upp á lækjarbakkann til norðausturs.

Brúin er steinhlaðin yfir lítinn læk, sem nú er þornaður upp. Hún er um 5 m löng og snýr norðaustur-suðvestur. Brúin er um 0,5 m breið og hæst um 0,3. Brúin er grjóthlaðin en mjög vallgróin; ekki er því hægt að telja umför. Ekki sjást götur í framhaldi af brúnni, hvorki á loftmynd eða á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-238:034 hleðsla brú

A 526216 N 572580



Brú EY-238:034, horft til norðausturs.

Grjóthlaðin brú er um 2,2 km SSV við bæ 001 og rúnum 90 m suðvestan við brú 033. Brúin er tæpum 145 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Brúin liggur yfir mýrarlæk og er allhátt upp á bakkana. Rafína liggur hér beint yfir og er einn staur hennar fast sunnan við lækinn.

Lítið sést til brúar nema litlir hleðslubútar beggja vegna við lækinn. Ekki sést annað grjót í læknum en dálítill klöpp en líkur eru á að brúin sé steinhlaðin þó að sýnlegir hlutar hennar séu grónir. Ekki sjást skýr merki um götu frá brúnni en hún kann að hafa farið að hluta undir rafínustaur sem er sunnan við brú. Brúin er um 3 m löng, 0,5 m á breidd og um 0,2 m á hæð, snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-238:035 náma mógrafir

A 527148 N 573648

Við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi fundust mógrafir um 20 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Mógrafirnar eru um 150 m NNV við tóft 032 og um 850 m suðvestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í deiglendi, í fjallshlíð sem snýr gegnt norðvestri.

Mógrafirnar eru um 40 x 40 m að stærð og á loftmyndinni sést að þær skipta tugum. Ekki er unnt að lýsa þeim nánar án vettvangsheimsóknar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

EY-254 Grjótgarður

1394: “Laugalandz kyrckia. ... ä jord ä Griotgardi.” DI III, 521.

1399: ... þridia teig fim daga slattu sagdi [Einar seljandi Laugalandis í umboði Guðmundar prests föður síns] at iord kirkiunar a logalandi ætti er griott heiter enn j modru ualla stadar jord.” DI III 643.

1429: “a [Laugalandskirkja] jordina [vantar] griotgardæ.” DI IV, 379.

1461: “Kirkian aa laugalande ... aa jordena aa griotgarde” DI V, 291.

1645: Jón Þorvaldsson selur Benedikt Pálssyni Laugaland með tveimur heimalöndum þeirrar jarðar Krossastöðum og Grjótgarði, fyrir 60 hdr - Jarðabréf, 222.

1703: “Jörðin Laugaland í Hörgárdal og Möðruvallakirkjusókn með sínum heimajörðum, Krossastöðum, Grjótgarði og Heiðarhúsum, talin lxc að dýrleika, er eign minna barna og þeirra móðurarfur, sem hún hafði erft eftir sinn sáluga föður, Benedikt Pálsson. ... 3. Af Grjótgarði er landskuld 80 álnir, en kvildi tvö og hálf. Landskuld í sama máta gelst í aðskiljanlegum landaurum, kvikum og dauðum. ... Jón Thorðarson.” JÁM XIII,

368.

1712: “Fornt afbýli Laugalands í heimalandi, úrskift einasta að túni að útslægjum, og segjast nálægir heyrta hafa og so eftir tekið, að Laugalands hálfkirkju væri eignað þetta býli. Dýrleikinn undirréttast hjer ekki greinilega...”  
1917: 2,5 ha. 2/5 slétt. Hjáleiga frá Laugalandi. Laugalandskirkjueign.

**EY-254:014** *Bræðravarða* varða landamerki  
“[Landamerki eru] Að sunnan: Bræðravarða og Syðra-Klaufaskarð ...” segir í örnefnalýsingu. Bræðravarða er í mýrarsundi, um 200 m norðan við Bræður sem eru tveir klettadrangar og sund á milli. Varðan er alveg hrunin og sést ekki nema sem steinadreif í kafgrasi. Varðan er um 108 m norður af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Mýrarsund milli þýfðra holta.

Varðan sést sem grjótdreif, 15-20 cm há og 1,2 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Glæs,

A 534236 N 580664



*Bræðravarða EY-254:014, horft til NNA.*

**EY-254:016** heimild um herminjar

A 533974 N 583874

Árið 1999 voru skráðar herminjar við námu BAN 35. Samkvæmt hnuti sem var tekið þá voru minjarnar í jaðri námunnar að austan. Árið 2020 var svæðið heimsótt aftur og engin ummerki um grunnana sjást lengur. Minjarnar voru norðvestur af Grjótgarði og þjóðveginum, en spölkorn austan Hörgár. Árið 1999 voru á svæðinu grónar leifar braggagrunna frá hernámsárunum, á þessum stað var áður braggahverfi og voru grunnarnir a.m.k. 11 að tölu. Sunnan við svæðið eru malarnámur og getur verið að fleiri grunnar hafi hafi verið þar. Ekki er ljóst af hverju minjarnar eru horfnar en líklega hefur naman verið stækkuð til norðurs á síðustu 20 árum og grunnarnir horfið við þá framkvæmd.

Malarsvæði austan og ofan Hörgár.

Engin ummerki um braggahverfið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku

**EY-254:019** gata leið

A 534159 N 580396

Gróin leið er um 2,4 km sunnan við bæ 001 og rúmunum 650 m sunnan við Grafamó 009. Leiðin er um 145 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Suðurpartur leiðarinnar er að hluta til utan afmörkunar skipulagsmarka fyrirhugaðra framkvæmda.

Leiðin þræðir nokkuð gróna grjóthálsa og grasþýft votlendi.

Leiðin sést sem einn gróinn stígur sem um 0,3 m djúpur og um 0,5 m breiður. Leiðin er um 130 m löng og liggur í hlykkum nálega austur-vestur. Leiðin hefur líklega legið frá Grjótgarðsselli 013 og til engja.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Leið EY-254:019, horft til norðurs.*

**EY-254:020\_1** varða óþekkt

A 534141 N 580581

Tvær vörður eru uppi á klapparhól, um 125 m suðvestur af Bræðravörðu 014 og um 42 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Milli varðanna eru 12 m og er afstaða þeirra norðvestur-suðaustur. Vörðurnar eru um 35 m norður af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vörðurnar eru á flötu klapparholti, umhverfis eru mýrarsund og lágir lynggrónir hólar.

Hér er syðri vörðunni, 020\_1, lýst. Varðan er alveg hrunin, mest 10-15 cm á hæð en grjótdreif nær yfir svæði sem er um 1,3 x 0,8 m. Grjót er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-254:020\_2** varða óþekkt

A 534131 N 580588



*Vörður EY-254:020 sjást sem lágur grjótdreifur. Horft er til norðurs.*

Nyrðri varðan, 020\_2, er alveg hrúnin, mest 10-15 cm á hæð en grjótdreif er í hálfhring, á um 1,8 x 1 m svæði. Grjót er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-255 Laugaland

40 hdr. 1399, 20 hdr. 1712.

1186-92: Þar bjó þá Önundur Þorkelsson goðorðsmaður - Guðmundar saga dýra, Sturl, 125, 127, 130.

1192: "Þá fór Önundur bústað sínum í Lönguhlíð en Þorfinnur [Önundarson] bjó á Laugalandi." Guðmundar saga dýra, Sturl, 140.

1198: [Önundarsynir og Þorgrímur alikar l færdur ránsfé] á Laugaland. Þar bjuggu þeir þá Bjarnarsynir, Sighvatur og Eyvindur." Guðmundar saga dýra, Sturl, 157.

1198: "Síðan fóru þeir Þorgrímur á Laugland og söfnuðust þar margir saman og lögðu þar til þingmenn og sátu hvorirtveggju með fjölmenni og gerðu hvorigir á aðra. En Guðmundur [dýri] fór meðan á Laugaland og rændi þar og tók bú það er þar var eftir og svo fór hann of dalinn og tók fé af bóndum þeim er til höfðu ægt of haustið með Þorgrími." Guðmundar saga dýra, Sturl, 160-62.

1199: "Þá fór Þorgrímur á Laugaland og hafði þar eigi fleiri kýr of sumarið en tíu. ... fór Þorsteinn Jónsson sunnan og ætlaði utan .. Hann fór til Eyjafjarðar og var fyrst í Miklagarði .. En er menn spurðu að Þorsteinn var í hérað kominn þá drifu Innfirðingar til hans flokkum. En er Þorgrímur spyr það færir hann inn bú sitt allt og ræðst hann í flokk með honum og fóru þeir út stundum á Laugaland mjög margir saman eða til skipa og voru nótt saman." Guðmundar saga dýra, Sturl, 165-66.

1345: Munkaþverárklausur keypti 5 hdr í Laugalandi fyrir hluta í Miklagarði. DI II, 789.

1399: Einar Guðmundsson seldi með samþykki Guðmundar prests föður síns Laugaland Runólfi Sturlusyni. Sagði hann að jordin ætti halfsm[an]adar teig j audbrecku jord. annan halfsm[an]adar teig j modruvallastadar nesium ok segdizt einar ecki uilia aabyrgiazst þott hann uæri spilltr edr brotin af anne. þridia teig fim daga slattu sagði hann at iord kirkiunar a logalandi ætti er griott heiter enn j modru ualla stadar jord ei sidur at jordin logaland ætti gelldfiar Rekstr inn under brottu brecku j horgardal ok dagslattu af dauda tiorn j modro ualla stadar jordu. sagði hann til kirkiu skylldar aa jordunne ath þar ætti ad uera prestr annath huert aar ok biskups gisting j annath huert sumar ok at kirkiun j glæsibæ ætti manadar Rekstur a sumar j bædi mal bufé ella tueggia m[an]adar Rekstur j annath mal. hier j mot gaf Runolfr fira tigi kugillda og grip slikan sem hann uilldi til lata ok luka ut aa þremur aarum." DI III, 643.

Um 1430-1440: "Sagde eirekur [Ísleifsson seljandi Auðbrekku] jtaulu j brecku jaurd halfs manadar teigur af laugalande." DI IV, 436.

1444: "votta tveir menn að Runólfr Sturluson hafi fyrir tveimur árum selt Magnúsi syni sínum Laugaland fyrir 60 hdr "ad vandanteknm teignum a stadarnesium. reiknadi runolfr ath jaurdin aa laugalandi ette halfs manadar teig yfer j audbreku jaurd ... sagði runolfr ath jordin a laugalandi etti gelldfiarrekstur vnder bravttvbrekku a haugardal." DI IV, 660.

1586: Hákon Björnsson lýsti lögmála í hálfá jörðina Laugaland í Möðruvallaklausturskirkjusókn að Jón Hallsson lofaði að selja honum þá hann vildi. AÍ II, 79-80.

1593: Sr. Jón Jónsson selur Benedikt Halldórssyni 15 hdr í Laugalandi með tilgreindum ítökum - Jarðabréf, 220.

1606: "Halldóra Jónsdóttir eldri [dóttir Jóns Björnssonar Jónssonar Arasonar biskups] giptist Halldóri lögmanni fyrir norðan 1606, syni Ólafs Jónssonar og Þorunnar Benediktsdóttur ... voru Halldóri talin iij hundruð hundraða: Vindheimar og Laugaland ..." [Halldór dó 1636] - Bsk II, 366. Þorvaldur Ólafsson, bróðir Halldórs lögmans, átti Laugaland - Bsk II, 368.

1645: Jón Þorvaldsson selur Benedikt Pálssyni Laugaland með tveimur heimalöndum þeirrar jarðar Krossastöðum og Grjótgarði, fyrir 60 hdr - Jarðabréf, 222.


1703: "Jörðin Laugaland í Hörgárdal og Möðruvallakirkjusókn með sínum heimajörðum, Krossastöðum,

Grjótgarði og Heiðarhúsum, talin lxc að dýrleika, er eign minna barna og þeirra móðurarfur, sem hún hafði erfð eftir sinn sáluga föður, Benedikt Pálsson. 1. Af Laugalandi heima er landskuld 1c og 20 álnir, en kvildi tvö. Skileyrir ei tiltekinn, en alndskuld goldin um nokkur ár í aðskiljanlegum landaurum, sumpart í kvikum, sumpart í dauðum ... Jón Thorðarson.” JÁM XIII, 368. Engin búskapur síðan 1977. 1917: 5,6 ha. 1/2 slétt.

**EY-255:017** *Hola* garðlag býli

A 533845 N 583573

Í sóknarlýsingu frá 1841 er getið um eyðibýlið «Hóla fyrir sunnan Laugaland.» - «Beint norður frá Laugalandsbæ er hár hóll með viðarmóum umhverfis. Þar eru sýnileg tóftarbrott og einnig túngarður. Þarna var fyrrum kotbýli, kallað Hóla. Nú heitir þarna Holuvöllur.» segir í örnefnalýsingu. “Fornbýlið Hóla mun hafa verið norðan við bæinn, við Grjótgarðsmerkin, en þar er tún með þessu nafni en engar tóftir.” segir í Byggðum Eyjafjarðar. Hóla var 100-200 m neðan (vestan) þjóðveggar næstum beint norðan við Laugalandsbæ. Á þessum stað eru nú sléttuð tún en tóftirnar voru ofarlega í túni. Greinilega má sjá hvar í túninu þær voru en ekki sjást neinar tóftir lengur utan túngarðs. Túngarðurinn sem hefur verið umhverfis Hóla sést hinsvegar víða greinilega í túnjaðri þó sléttuð hafi verið yfir hann á einstaka stað. Í túni.



*Teikning af túngarði EY-255:017 frá 1999.*

Garðurinn er um 260 m og liggur í aflangan hring frá norðri til austurs. Austurhlíð garðsins er heillegust en nokkuð að norður- og suðurhlíð sést einnig. Vesturhlíðin hefur hins vegar að mestu verið sléttuð. Tóftirnar sem voru ofarlega í þessu túni og sá hluti túngarðsins sem nú er horfin voru sléttuð um 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SSE, 123. Ö-Glæs, BE.II.

**EY-257** *Krossastaðir*

20 hdr. 1712. Bændaeign. JÁM XIII, 172.

1645 selur Jón Þorvaldsson Benedikt Pálssyni Laugaland með tveimur heimalöndum þeirrar jarðar Krossastöðum og Grjótgarði, fyrir 60 hdr. Jarðabréf, 222.

1703: “Jörðin Laugaland í Hörgárdal og Möðruvallakirkjusókn með sínum heimajörðum, Krossastöðum, Grjótgarði og Heiðarhúsum, talin lxc að dýrleika, er eign minna barna og þeirra móðurarfur, sem hún hafði erfð eftir sinn sáluga föður, Benedikt Pálsson. ... 2. Af Krossastöðum er landskuld 1c, en kúgildi tvö. Skileyrir ei ákveðinn, heldur með sama móti í ýmsu goldið eftir því sem til verður. ... Jón Thorðarson.” JÁM XIII, 368. 1712: “Þessi jörð er sagt að sje heimaland Laugalands, og er það til líkinda, að landinu er óskift fyrir utan tún og útslægjur, og er þessi bær haldinn fyrir lögbýlisjörð í hreppnum og meinast fornbyli, so sem sýnilegt er af fornnum gördum.” JÁM X, 172.

1841: landskuld 120 álnir í peningum, SSE, 128-29. Jörðin fór í eyði 1990.

1917: 5,9 + 1,5 teigar. 4/5 slétt. Garður 200 ferstikur. 1841: tún 12 dagsláttur, gefur af 3 kýrfóður, 8 ásaudarkúgildi í málnty, tún þýft að hálfu, engi þýft og þurrt, nautgæft úthey ekkert. SSE, 128-29.

**EY-257:010\_1** *Krossastaðabeitarhús* tóft beitarhús

A 532443 N 580288

“[Á Beitarhúsasundi] eru Krossastaðabeitarhús.” segir í örnefnalýsingu. Krossastaðabeitarhúsin eru á hæð ofan við Krókhóla og fast utan við Fagraklett, um 1,7 km sunnan við bæ 001 og rúmum 160 m ANA við vörðu 015. Tóftin er um 100 m sunnan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Á þessum stað eru tvær tóftir (010\_1 og 2) og ein þúst (010\_3) á svæði sem er 25 x 25 m að stærð. Rétt neðan við minjabyrpinguna er sund; utan við sundið er lækur og síðan melur.




*Tóft EY-257:010\_1, horft til suðvesturs.*

Beitarhústóftin 010\_1 er norðaustust. Hún er 18 x 9 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Tóftin

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Örn.Jóh.Ól.

EY-257:010\_2 tóft beitarhús



**Skýringar**

Fornleifar  Grjóthlaðið  
 Þúst

0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmæling af minjum EY-257:010.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-257:015\_1 varða landamerki



*Vörður EY-257:015, horft til suðurs.*

EY-257:015\_2 varða landamerki

Syðri varðan, 015\_2, er mun betur varðveitt en sú nyrðri. Hún er 1,6 x 1,6 m að stærð og um 0,9 m á hæð. Hún er strýtulega og er vel hlaðin úr blöndu af smágrýti, flötu grágrýti og stæðilegu grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða EY-257:018, horft til vesturs.*

A 532437 N 580278  
Mjög ógreinileg tóft er um 5 m SSV við tóft 010\_1. Hún er um 8 x 8 m að stærð, en gæti náð lengra til norðausturs. Sá hluti er kominn undir tóft 1. Vestur- og suðurhluti tóftarinnar er mjög óskýr á köflum sem er öll á kafi í gróðri. Veggghæð er mest til norðurs, 0,5 m. Tóftin er tvöföld en engin sjáanlegur munur er á milli hólfa. Mögulega er op NNA-horni en það er ekki skýrt. Hugsanlega er þetta tóft af eldra beitarhúsi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-257:010\_3 þúst heystæði

A 532428 N 580280  
Þúst er um 5 m VNV við beitarhústóft 010\_2. Þústin er 4,5 m í þvermáli og rís 0,2-0,4 m hærra en umhverfið í kring. Hún sker sig úr umhverfinu vegna þéttari gróðurs. Ytri brún hennar er skýr en ekki er hægt að greina innamál á henni. Helst kemur til greina að þetta sé heystæði en ekki er hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða.

A 532320 N 580185  
Tvær vörður eru vestarlega á Fögruklöpp, um 1,7 km sunnan við bæ 001 og rúmum 45 m VSV við vörðu 018. Vörðurnar eru á svæði sem er 10 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær eru rúmum 90 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Óvíst er með hlutverk, vörðurnar eru á merkjum Krossastaða og Vagla EY-269. Mögulega eru þetta landamerkjavörður en Krossastaðaá er hins vegar mjög skýr náttúruleg afmörkun.

Vörðurnar tvær eru á nokkuð grónum kletthrygg; lynggróður og mosi er að uppistöðu þar.

Nyrðri varðan, 015\_1, er nær hruni og er um 1,5 x 1,5 m að stærð. Aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést og er varðan 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-257:018 varða

A 532362 N 580204  
Nær hrunin varða er á Fögruklöpp, sem er rétt austan við Krossastaðaá. Varðan er um 1,7 km sunnan við bæ 001 og tæpum 50 m NNA við vörðu 015. Ekki er ljóst um hlutverk vörðunnar. Varðan er 108 m suðaustan frá miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á fremur gróðursnaudu klettabelti. Umhverfið beltíð er deiglent graslendi, einkum norðan við það.

Varðan er nær alveg hrunin. Varðan er 1,5 m í þvermáli. Hún er 0,2-0,3 m á hæð og hlaðin úr 10-12 steinum. Óvíst er með



hlutverk hennar en hún er ekki á merkjum eða við þekktar leiðir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-258 Steðji

10 hdr. 1712, 20 hdr.

1495: Bændaeign (Hólastólseign 1493 til 1547). “Land hafði [Þorgils] átt átt at Steðja ok hafra tíu, er Þórir varðveitti.” Ljósvefninga saga, ÍF X, 25.

1493: Hallur Ásgrímsson fékk Ólafi Hólabiskupi Hólabiskupakirkju “jordina stedia j haugardal er liggur j lauglandz kirkiu sokn ... fyrir. xx. hundrut ok þar med fiogur malnytukugilldi.» DI VII, 161-62.

1495: Skriða í Hörgárdal er seld «ad tilskilddum ollum skogum a stedia jordu upp i fiall og ofan i a ut ad kidalæk og sudur i motz vid Audbreckuskog nema stedia skillde eiga elldeuid sem honum þarfnadest.” - DI VII, 236.

1520: “Stedia .xxc. vj kugilldi. Landskyllid .c.” talin meðal Hólastólsjarða í testamenti Gottskálks - DI VIII, 729.

1547: Meðkennist Jón Arason biskup að hann hafi fengið Guðnýju Grímsdóttur “jordina stedia er liggur j horgardal.” í jarðaskiptum . DI XI, 573.

1553: Gerir Jón Magnússon (maður Guðnýjar Grímsdóttur) lagakaup í umboði Magnúsar Jónssonar og Elínar Jónsdóttur við Gunnar Gíslason og konu hans Guðrínu Magnúsdóttur um jarðirnar Þórustaði á Svalbarðsströnd og Steðja í Hörgárdal sem aðrar tvær jarðir voru komnar fyrir eftir því kaupbréfi sem Jón Magnússon og Jón Arason biskup höfðu lagakaup um gjört, og hafði ólafur biskup samþykkt það kaup. DI XII, 633.

1712: “Skriða í Hörgárdal á þó allan skóginn fyrir utan áðursagða brúkun heimilisins.” JÁM X, 171. Fór í eyði 1968.

1917: 2,4 ha. 2/3 slétt. Sáðreitir 140 m<sup>2</sup>.

### EY-258:007\_1 Steðjasel tóftir sel

A 531537 N 579123


“Neðan við Viðarás er Selmór, breiður, þýfður hjalli, nokkuð grasgefinn. Yzt á honum eru tóftir Steðjasels, fast uppi við Viðarásinn,” segir í örnefnalýsingu. Seltóftirnar eru fast upp við Viðarás og rétt vestan við Kidalæk, um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 400 m SSA við Svarðarhjallda 008. Tvær tóftir, 007\_1 og 3, og þúst 007\_2 sem tilheyra selinu eru á svæði sem er 30 x 30 m að stærð. Tóftirnar eru um 140 m suðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftirnar eru á sléttlendi, neðan við þær er rakt en rennislétt svæði þar sem raflínustæðið er. Skammt ofan við er Viðarásinn en hann er hærri, vaxinn lyngi með klettabeltum.



Tóft EY-258:007\_1, horft til vesturs.

Hér er verið að skrá aðal seltóftina sem er austast á svæðinu. Hún er 25 x 16 m að stærð og snýr nálega NNA-SSV. Veggir eru torfhlaðnir og signir. Þeir ná mest 0,4 m hæð til norðausturs en suðvesturhluti tóftarinnar er óskýrri og á kafi í grasi. Tóftin er á lágum hól og ekki er óhugsandi að hann sé að hluta til uppsafnaðar mannvistarleifar. Á tóftinni má greina 5 hólf. Hólf A er syðst. Það er 3,5 x 2,5 m að innanmáli og gengið er



Uppmæling af minjum EY-258:007.

inn að austan. Hólf B er um 5 m norðaustan við hólf A. Það er 5 x 2 m að innanmáli. Op er á því til suðausturs gegnum 0,5 m breið göng. Hólf C er um 10 m NNA við hólf B. Það er ílangt, 9 x 5 m að stærð. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlíð hólfins. Hólf D er um 8 m vestan við hólf C. Það er 7 x 4 m að innanmáli og gengið er inn um það gegnum 0,4 m breið göng að vestan. Hólf E er um 5 m norðan við hólf D. Það er smærra í sniðun en önnur hólf tóftarinnar. Það er 2 x 2 m að innanmáli. Op er á hólfinu til VNV. Lítil tóft er um 10 m vestan við hólf E. Tóftin er stök en virðist vera frá sama tíma og seltóftin og tengist líklega henni. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torflaðnir, 0,3 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-258:007\_2** þúst heystæði A 531527 N 579126

Þúst 007\_2 er um 15 m VSV við seltóft 007\_1. Þústin er 6 x 5 m að stærð, snýr h.u.b. norður-suður og rís um 0,4 m hærra en umhverfið. Ekki er unnt að greina innanmál í þústinni. Líklega er þetta heystæði tengt selstöðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-258:007\_3** tóft kvíar A 531526 N 579137

Lítill tóft er um 10 m vestan við tóft 007\_1. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torflaðnir, 0,3 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð tóftarinnar. Mögulega eru þetta kvíar eða rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-258:008** Svarðarhjalli náma mógrafir A 531280 N 579366

“[Á Svarðarhjalla] var mótekjan og torfristan.” segir í örnefnalýsingu. Svarðarhjalli er móa/melhryggur sem liggur á miðju því votlendissvæði sem er á milli beitarhúsanna (EY-257:009) (sem eru á mel) og Selmóanna þar sem selið EY-257:007 er. Mótekjussvæðið er 180-200 m norðaustan (ofar og eilítið utar) við beitarhúsin. Austurhluti mótekjussvæðisins er 123 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulónu 3. Stór hluti þeirra er utan við áhrifasvæðið.

Svæðið er mjög rakt og vaxið sefgrasi.

Mógrafirnar eru á svæði sem er rúnum 1 ha að stærð, 164x125 m og snúr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar skipta tugum og áttahrof þeirra er æði misjafnt. Þær eru deiglendir en sjást illa vegna gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

EY-259 Ás

20 hdr. 1712, 30 hdr.

1452: Vitnisburður um að Möðruvallaklaustur ætti skóginn Maríuhrís “ok standa a as jaurdu j haurgardal j begisarþingum millum aubbrecku skogs ok vindheimaskogs uar hallden gaumul klaustursens eign a maudrwaullum j haurgardal. redur vtt vid aubbreck[u] skog jardkross lagdur af steinum ok suó langt sudur sem er reetsyne ofan a asgerde ok suo vtt af gerdinu ed nedra til mozs vid aubbrecku skog. enn vpp suo langt sem skogur vex. vissa eg at sueinn prestur magnusson er var radzmadur a maudrwaullum let vinna j fyrnefundum skoge ok adrer stadarens radsmenn vm nestu xx ar framan til mannplagunar bede haugget timbur ok wnet til kola klautursens vegna.” DI V, 93.

1453: Reiknaði Jón Sigmundsson “sier ok jordunni aa uindheimum. skog ut j ass jord. arliga sua sem jordunni þarfadiz at hafa [en Runólfur Höskuldsson] sagdi. at vindheimar ætti ongan skog. ut j ass jord. ok vændiz brefi ok jnsigli tueggia manna. at hauskulldr fader hans hefði af skilid at gunar gudnason ok jordin uindheimar hefði ongan skog leingr enn hann ætti hana. ut j ass jord. kom þeim það saman adrgreindum monnum joni ok runolfi at jon skyldi hoggua skoginn þar til er Runolf leti sueria. at vindheimar ætti ecki adrgreindan skog. þa skildi jon sier skoginn med hans minni. upp fra þui at hann leti sueria ok þacka honum þa skoginn.” DI V, 107.

1461: “Jtem a morduallaklaustur skogarpert er heiter marivhris. oc stendur j as jordu j horgardal millum aubbreckv skogs oc vindheima skogs. Rædr vtt vid aubbrecku skog jardkross lagdur af steinum. oc sua langt sudr sem er rettsyne ofan aa asgerde oc suo ut af gerdinu ed nedra til motzs vid aubbreckuskog enn upp suo langt sem skogur vex.” DI V, 286-91.

1510: Galt Jón Jónsson Gottskálf Hólabiskupi “iordina alla vindheima og ass er badar liggia i haurgardal i bægisar kirkiu sokn.” DI VIII, 328.

1520: Bændaeign. (Hólastólsjörð 1510-c. 1550).

1520: “Aas xxxc. vj kugilldi. Landskyllid. c. a hinu þridia ari.” talin meðal Hólastólsjarða í testamenti Gottskálks. DI VIII, 728.

1525 á Hólastóll “ás og áa j kræklingahlid.” DI IX, 301.

1525: “a modruvallaklaustur skogarpart er heiter mariuhris og stendur j asjordu j horgaardal millum aubreckuskogs og vindheimaskogs. Rædur vt vid aubreckuskog jardkross lagdur af steinum. og svo langt sudur sem er rettsyne ofan aa asgerde. og suo vt af gerdenu ed nedra til moz vid aubreckuskog enn upp so langt sem skogur vex.” DI IX, 20.

1550: “as .xxc.” meðal jarða sem höfðu burtlógast frá Hólastóli í biskupstíð Jóns Arasonar - DI XI, 873 sbr. sambærilegt skjal frá 1.9.1552. DI XII, 460.

1650: Guðrún Þorvaldsdóttir selur Benedikt Pálssyni Ás í Hörgárdal í Bægisárkirkjusókn, 20 hdr, og Bryta, en áður hafði Benedikt keypt Vindheima af bróður Guðrúnar - Jarðabréf, 244.

1712: “Skógarpart á jörðin [Vindheimar] í Ás jörðu fyrir ofan Brytagötu, en sá skógur er nú mjög eyddur og fallinn í fauska, en brúkast þó enn til nokkrar kolagjörðar. Beit fyrir allan búsmala í annað mál um mánaðar tíma á sumur er sagt að jörðin eigi í Ás land mót engjatakki þar sem Teigar hita í Vindheima engjum. En ekki hafa þessi ítök brúkast í vel 20 ár.” JÁM X, 168 sbr. 169. Jörðin fór í eyði 1971.

1917: 3,3 ha. 1/4 slétt. Sáðreitir 185 m<sup>2</sup>.


**EY-259:001** Ás bæjarhóll bústaður

A 529532 N 578497

Ekki er annað vitað en að bæjarstæðið að Ási hafi ávallt verið þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Við það var byggt samkomuhús árið 1918 og er húsið sem nú stendur án nokkurs vafa það sama og merkt er inn á túnakort frá 1917. Það er um 150 m norður af Fossá, á hjalla ofan gamla þjóðvegarins. Bæjarhóllinn er um 89 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ekkert sést til fornleifa en húsið sem nú stendur er eldra en frá 1918. Það stendur á leifum gamals bæjarhóls, að því er virðist og er sá hóll um 30 X 30 m, að mestu moldarflög og arfabreiður. Til suðurs í átt að Fossá eru tún en til austurs upp frá bænum er þýflendi og melar.

Elstu sjáanlegu mannvistarleifarnar eru reisulegt steinhús frá byrjun 20. aldar. Býlið fór í eyði árið 1971 en er í eigu



Heimatún Áss er að hluta innan áhrifasvæðis línukosts C2. ©Loftmyndir ehf.



Bæjarhóll EY-259:001, horft til suðausturs.

ábuenda á Vindheimum. Óljós hólmyndun er á bæjarstæðinu, um 42 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-259:002** heimild um útihús

A 529579 N 578542

Útihús er merkt á túnakort um 50 m norðan við bæ 001 í dálitilli lág út frá bæjarhólnum. Yngra úthús úr steypu hefur verið byggt á sama stað. Staðurinn er um 130 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Um 20 m ofan (norðan?) við hækkar láginn og eru þar leifar af steinsteypu húsi og er spýtna- og steinsteypubrot víða umhverfis. Vestan til er grasi gróinn slakki.

Ekkert sést til fornleifa og hefur útihúsunum eflaust verið raskað við síðari tíma framkvæmdir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-259:003** heimild um útihús

A 529530 N 578422

Um 50 m sunnan við bæ 001 og um fimm m suður af allstóru bjargi, í útjaðri bæjarhólsins, var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það er hofið og að öllum líkindum rífið. Útihúsið er 50 m norðan við miðlínu Blöndulínu 3. Stórgrýti er á við og dreif í túninu allt að gamalli raflínu skammt austur. Túnið er gróið en fallið úr ræktun. Mikil hrossabeit er á svæðinu sem veldur átroðningi á stórum hluta þess.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-259:004** Ásstekkur tóft stekkur

A 529693 N 578265

“Skammt fyrir ofan bæinn er Grænhóll (...). Skammt frá Grænhóli er Bæjarlöpp. Þar ofan við er Stekkjarásinn. Hann var talinn 150 faðma langur, og eru syðst á honum tóftir Ásstekklar. Sumir álíta að þar hafi býli verið”, segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 350 m suðaustur af bæ 001 og um 130 m austur af brúnni á Fossá 008. Tóftin er um 157 m suðaustur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og er utan þess. Helgunarsvæði tóftarinnar skarast þó á við áhrifasvæðið og er stekkurinn því hér talinn með.

Stekkurinn er efst í breiðri hvilft neðan þröngs gildrags þaðan sem áin kemur. Stekkjarfoss er lítið eitt suðaustan til frá stekknunum. Áin fellur um 5 m sunnan við stekkin.

Allstór og myndarleg tóft sem grafin er inn í brekkuna



Tóft EY-259:004, horft til vesturs.



Skýringar

Fornleifar

Torfhóll

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling af stekk EY-259:004.

norðanmegin en annars eru veggir greinilegir. Veggjaþykkt er um 1 m en tóftin er 13 X 14 m að stærð. Tóftin er tvískipt og er eystra hólfíð stærra. Op er til suðurs á báðum hólfum. Hafi þetta verið býli er bæjarstæðið bæði fallett og hentugt, við ána og gott graslendi á um hálfis hektara svæði til vesturs. Lítil garður liggur suður frá tóftinni og fram að bakkanum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-259:005** Torfhóll heimild um ristu

A 530223 N 578641

“Landmerkin milli Áss og Skóga eru í Merkjalág, Járnhrygg, Háuklöpp, Torfhóll og Litlulág,” segir í örnefnalýsingu. UM 500 m (norð)austan við bæjarstæðið voru mógrafir. Staðurinn er um 54 m suðaustur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Melur og holt. Land víða uppblásið en grónir blettir inn á milli. Engar mógrafir eru sjáanlegar nærri landamerkjum eða Torfhól.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-259:008** Fossárbrú hleðsla samgöngubót  
Brú var á Fossá um 200 m suður af bæ 001 og um 30 m ofan við þriðja háa fossinn í Fossá, talið neðan frá (að undanskildum þeim neðsta sem er undir gamla þjóðveginum og er að hluta manngerður). Staðurinn er um 110 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á suðurbakka árinna er melur og þýflendi en ás norðan megin sem liggur til austurs frá brúnni og nefndur er Stekkjarás (sbr. 004).

Brúarhleðslan er sitthvoru megin bakkans eins og gefur að skilja. Hún er um 2 m breið og 1 m há og virðist hlaðin um 5 m út frá bakkanum. Sennilega hefur stórgryti verið komið fyrir í ánni og síðan hlaðið ofan á það en það hefur nú skolast burt og eftir standa einungis leifar hleðslunnar á bökkunum. Fossinn skammt fyrir neðan heitir Brúarfoss.

Sé hér um stíflu að ræða er mjög óljóst hvaða tilgangi hún hafi átt að þjóna. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 2000. Síðan þá hefur mögulega rofið úr hleðslunni næst ánni en hún er þar um 1,5 m breið fyrstu 2,5 metrana en breiðkar síðan. Sunnan við ána sést minna af hleðslunni og nær hún þar um 2 m út frá bakkanum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-259:009** garðlag túngarður

Samkvæmt túnakorti frá 1917 afmarkaði túngarður heimatúnið á Ási til allra átta. Suðvesturhluti heimatúnsins lendir innan áhrifasvæðis Blöndulínu 3 2020 og lítill hluti túngarðsins er varðveittur þar. Hann er 50 m norðan við miðlínu áhrifasvæðis. Vesturhluti túngarðsins er betur varðveitt en ekki rakin í þetta sinn enda langt utan við áhrifasvæðið. Ekki er ábúð á bænum og heimatúnið er nýtt til beitar.

Heimatúnið er að hluta í brekku sem hallar niður til norðvesturs. Það er gróið og þýft. Til austurs er búið að grafa skurð, fast við túngarðinn og uppmokstur líklega yfir honum að mestu. Ekki er útilokað að hann hafi verið grafinn burtu.

Túngarðurinn sést í suðausturhorni heimatúnsins á 35 m löngum kafla. Hann er bogadreginn og algróinn. Til norðurs hverfur hann við fyrrnefndan skurð en fjarar út í túni til vesturs. Hann er 2 m á breidd, 0,3 - 0,5 m á hæð, stórþýfður og ógreinilegur vegna mikils átroðnings. Hann er að öllum líkindum hlaðinn úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**EY-259:010** tóft fjárhús

Skammt utan heimatúnsins er fjárhústóft sé tekið mið af staðsetningu og lögun hennar. Hún er um 80 m austan við bæ 001 og rúmum 40 m austan við túngarð 009. Tóftin er fast austan við raflínu, mastur er einungis um 3 m frá tóftinni. Tóftin er 45 m norðan við miðlínu Blöndulínu 3.

Gróið, þýft svæði. Það er nýtt til beitar. Land hækkar til austurs frá tóftinni í lágum hryggjum.

Tóftin er 12 x 10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er algróin, veggir stórþýfðir og gólf örlítið niðurgrafið. Hólf 1 er austar og hærra en aðrir hlutar tóftarinnar. Þar eru veggir 0,4 m á hæð að innan en 0,6 m að utan. Ekkert op sést á yfirborði. Til vesturs er annað hólf sem er verr varðveitt. Þar eru veggir 0,3 m á hæð og horfnir til suðvesturs. Mögulega er að þetta sé aðrekstrargarður, að eystra hólfinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

A 529597 N 578274



Fossárbrú EY-259:008, horft til vesturs.


A 529551 N 578434



Túngarður EY-259:009, horft til norðausturs.



Tóft EY-259:010, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft EY-259:010.


**EY-259:011** tóft óþekkt

A 529622 N 578590

Tóft er um 50 m NNA af útihúsi 002. Tóftin er um 156 m norðvestur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 en helgunarsvæði tóftarinnar skarast við áhrifasvæðið og er hún talin með af þeim sökum.

Skurður sem liggur u.þ.b. norður-suður er um 10 m vestan við tóftina. Handan skurðsins er tún í órækt. Grasi vaxið er kringum tóftina, en uppblásinn lyngmói er austur af henni. Rafmagnslína liggur norður-suður um 7 m austan við tóftina.

Tóftin er um 17 x 8 m og snýr norðvestur-suðaustur.



Uppmæling af tóft EY-259:011.



Tóft EY-259:011, horft til norðausturs.

Veggir eru um 0,5 m breiðir og 0,2 m háir, mjög hlaupnir í þúfur. Sléttara er innan tóftarinnar en utan en grjót er innan tóftarinnar á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**EY-259:012\_1** tóft fjárhús

A 529534 N 578340

Tvær tóftir, 012\_ og 2, og kálgarður 012\_3 eru um 60 m neðan (vestan) við Brúarfoss í Fossá, um 140 m



Tóftir EY-259:012\_1 og 2, horft til suðausturs.




Kálgarður EY-259:012\_3, horft til suðvesturs.

suður af bæ 001. Minjarnar raðast austur-vestur og ná yfir svæði sem er alls um 33 x 20 m að stærð. Rúmur meter er milli tófta 1 og 2 en um 6 m milli tóftar 2 og kálgarðs 3. Svæðið er við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Minjarnar eru í grasi gróinni brekku norðan við ána. Klettur er handan árinna sunnan megin. Dæld eða renna, hugsanlega uppþornaður lækur er milli tóftar 2 og garðs 3.

Austasta tóftin er einföld, um 5 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin inn í brekkuna að norðaustan og suðaustan. Hæð norðvestur- og suðvesturveggja er um 0,5 m að utan en mest um 0,2 m að innan. Breidd veggja er víðast 1-1,5 m. Tóftin er grasi gróin og ekki sést í grjóti. Að öllum líkindum er þetta fjárhús, rétt utan heimatúns.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Skýringar**

Fornleifar — Kantur Úttektargögn  
Torthlaðið — Miðlína 0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmæling af minjum EY-259:012.*

**EY-259:012\_2** tóft fjárhús

A 529526 N 578340

Miðtóftin, 012\_2, er einföld, um 8 x 7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er hugsanlega á tóftinni á suðausturhlið. Veggir eru víða um 1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Tóftin er grasi gróin og ekki sést í grjóti. Hún er tekin að hlaupa í þúfur en tiltölulega slétt er innan tóftarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-259:012\_3** gerði kálgarður

A 529517 N 578351

Vestast á svæðinu er gerði 012\_3, líklega kálgarður. Hann er um 21 x 15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggur er ekki greinanlegur á NNA-hlið. Veggir kálgarðsins eru 0,3-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd, breiðastir á ASA-hlið. Kálgarðurinn er í þremur stöllum, um 30 cm háum. Efsti stallurinn er um 6,5 m breiður, sá næsti tæpir 8 m en neðsti stallurinn rúmir 4 m. Kálgarðurinn er grasi gróinn og ekki sést í grjóti í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-259:013** tóft kálgarður

A 529326 N 578395

Tóft er um 30 m neðan (vestan) við Hesthúsfoss í Fossá, um 230 m VNV af bæ 001. Sé tekið mið af legu og gerð tóftarinn er um kálgarð að ræða. Tóftin er um 115 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Minjarnar eru í grasi vaxinni brattri brekku við ána. Ofan við brekkuna er afgirt tún í órækt. Minjarnar er u.þ.b. í brekkunni miðri en snarbratt er niður af þeim að ánni.



**Skýringar**

Fornleifar — Óljóst  
Torthlaðið 0 2.5 5 7.5 10 m



*Uppmæling af kálgarði EY-259:013.*

*Kálgarður EY-259:013, horft til norðausturs.*

Tóftin er um 18,5 x 9,5 m á stærð, snýr NV-SA og skiptist í tvö hólf, Veggir eru víðast um 1 m á breidd og 0,3-0,40 m á hæð að utan. SA-hólflið er um 8,5 x 5,5 m að innanmáli. Ekkert op sést á rýminu. NV-rýmið er um 6 x 4 m að innanmáli og grafið inn í brekkuna svo NA-hlið er um 1 m á hæð að innanverðu. Tóftin er grasi vaxin og ekki sést í grjóti í veggjum. Óljóst garðlag virðist liggja frá NV-horni tóftarinnar, um 15 m í NV en sveigir svo

til S um 6 m. Garðlagið er víðast um 1,5 m á breidd og um 30 cm á hæð en mjög gengið í þúfur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-260 Neðri-Vindheimar

40 hdr. 1712 en öll jörðin 70 hdr.

“Nú ríða þeir til frændkonu Vémundar [kögurs], er Þorgríma hét. Hon bjó á Vindheimum í Horgárdal.” Reykdæla saga, ÍF X, 188.

1452: Vitnisburður um að Möðruvallaklaustur ætti skóginn Maríuhrís “ok standa a as jaurdu j haurgardal j begisarþingum millum aubrecku skogs ok vindheimaskogs.” DI V, 93.

1431 reiknaði Jón Sigmundsson “sier ok jordunni aa uindheimum. skog ut j ass jord. arliga sua sem jordunni þarfadiz at hafa [en Runólfur Höskuldsson] sagði. at vindheimar ætti ongan skog. ut j ass jord. ok vændiz brefi ok jnsigli tueggia manna. at hauskulldr fader hans hefði af skilid at gunar gudnason ok jordin uindheimar hefði ongan skog leingr enn hann ætti hana. ut j ass jord. kom þeim það saman adrgreindum monnum joni ok runolfi at jon skyldi hoggua skoginn þar til er Runolf leti sueria. at vindheimar ætti ecki adrgreindan skog. þa skildi jon sier skoginn med hans minni. upp fra þui at hann leti sueria ok þacka honum þa skoginn.” DI V, 107.

1453: Vitnisburður um landamerki Vindheima að sunnan gefin Jóni Sigmundsyni “keypta ek ... gudmundr hey af þessare jardar eign at jone þorleifssyne þa hann bio a vindheimum en ek a efra Raudalæk.” DI V, 108.

1461: Jón Sigmundsson á enn heima á Vindheimum. DI V, 231-32.

1461: “Jtem a morduuallaklaustur skogarpart er heiter marivhris. oc stendur j as jordu j horgardal millum aubreckv skogs oc vindheima skogs.” DI V 286-91.

1510: Galt Jón Jónsson Gottskálf Hólabiskupi “iordina alla vindheima og ass er badar liggia i haurgardal i bægisar kirkiu sokn.” DI VIII, 328.

1525: Vindheimar eru taldir meðal eyðijarða Hólastóls “hofðu þesse eidekot flest obygd verid vm næstu .xxx. áar og leingur.” DI IX, 302.

1525: “a modruvallaklaustur skogarpart er heiter mariuhris og stendur j asjordu j horgardal millum aubreckuskogs og vindheimaskogs.” DI IX, 316-20.

1544: Greiddi Ari Jónsson föður sínum Hólabiskupi “xlc jord sem greindur are atte hia jone bonda magnussyne uegna unu finnbogadottur sem greindr jon skyllde giallda henne fyrir jordina uindheima j horgardal sem bref þar um giord uotta.” DI XI, 306.

1564: Fær Jón Jónsson konu sinni Helgu Gísladóttur “jordina Vindheima j Horgardal j Bæisar kirkiu sokn” í stað hennar heimanfylgju - DI XIV, 242.

1564: Samþykkir Jón Magnússon þessi jarðaskipti Jóns sonar síns. DI XIV, 243 sbr. DI XIV, 250.

1650: Hafði Benedikt Þorvaldsson selt Benedikt Pálssyni Vindheima - Jarðabréf, 244.

1681: Lofa bræðurnir Björn og Magnús Benediktssynir að selja sr. Einari Torfasyni hálfá jörðina Vindheima, 30 hdr, - en þá jörð áttu þeir alla - ef önnur jarðakaup þeirra gengju ekki eftir - Jarðabréf, 215.

1686: Selur Þorlákur Benediktsson sr. Einari Torfasyni hálfá Vindheima, 30 hdr - Jarðabréf, 225.

1698: Fær Einar yngri Vindheima með Bryta, 60 hdr, landsk 3 hdr 80 al, kúg. 11 og Raudalæk, 30 hdr, landsk 1 hdr 60 al, kúg 5 í arfaskiptum eftir sr. Einar Torfason föður sinn - Jarðabréf, 147-48.

1703: Eru Vindheimar meðal eigna Einars Einarssonar yngri “lxc. Landskyld nú í þrjú ár 2c 60 ál. í landaur(um). Leigukúgildi 4. Leigur í landaurum betalast.” JÁM XIII, 191.

1712: “Þessari jörðu er sundur skift í tvo sundurlausa bæi, sem báðir standa innan garða (að auk Brytans), og kallast nú neðri bærinn Nedre vindheimar, það er sjálf aðaljörðin að fornu. ... og er túni og engjum einasta skift á millum bæjanna.” JÁM X, 167-68. Í Jarðabók 1760 er aðeins talin ein jörð á Vindheimum, 40 hdr, en báðar eru taldar 1802. 1847 eru Neðri-Vindheimar 25 hdr. og Efri-Vindheimar 15 hdr. 1712: “Skógarpart á jörðin í Ás jörðu fyrir ofan Brytagötu, en sá skógur er nú mjög eyddur og fallinn í fauska, en brúkast þó enn til nokkrar kolagjörðar. Beit fyrir allan búsmala í annað mál um mánaðar tíma á sumur er sagt að jörðin eigi í Ás land mót engjatakni þar sem Teigar hita í Vindheima engjum. En ekki hafa þessi ítök brúkast í vel 20 ár.” JÁM X, 168 sbr. 169.

1917: 5,7 teigar. 3/5 slétt.

### **EY-260:007** *Hesthúsfoss* örnefni hesthús

A 529374 N 578869

“Fossárgil er sumsstaðar hrikalegt og margir fossar í ánni. Þessir eru helstir (taldir neðan frá): Háifoss, Hesthúsfoss, Brúarfoss og Stekkjarfoss, öðru nafni Strókur”, segir í örnefnalýsingu. Hesthúsfoss er þriðji fossinn í ánni, talinn neðan frá en sá fyrsti er að einhverju leyti manngerður og var minni áður en vegagerðin hóf framkvæmdir. Fossinn er um 3 m breiður efst og um 10 m hár. Hesthúsfoss er 75 m norðan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3, árið 2020.



Neðan við fossinn fellur áin í gilið að næsta fossi, Háafossi, en ofan við Hesthús foss er breiðari hvilft. Grasi- og lyngvaxið land og hamrar í fossgiljum. Um 40 m ofan við fossinn liggja talsvert margir steinar á við og dreif, allstórir, og liggja fjórir í röð upp brekkuna. Svipað grjót er hvergi í nágrenninu.

Hvergi sjást tóftir í nánd við fossinn í landi Efri-Vindheima og fremur langt að bænum. Engar framkvæmdir hafa verið þar í seinni tíð og er því væntanlega mjög langt síðan hesthús hefur verið í nágrenni fossins. Öllu líkleggra er að fossinn sé kenndur við hesthús í landi Áss en heimatún þess bæjar er norðan við fossinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.



*Hesthús foss EY-260:007, horft til norðurs.*

**EY-260:008** *Stekkjarlág* tóft stekkur


A 529039 N 578074

“Neðan túns en ofan þjóðvegarins er Vörðumelur [sjá 014], ofar Svarðarmelur, en ofan við hann er Svarðarsund [012]. Utan við Svarðarmelinn er Stekkjarlág”, segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 330 m norðan við bæ 001 og rúnum 50 m SSA við vörðu 014, sem er á Vörðumel. Tóftin er 45 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Smámelur (malarhóll) í ræktuðu túni, milli Vörðumels og Svarðarmels. Austast í honum eru þúfnabingar og grjóthrúgur sem munu vera gömul tóftarbrot.



*Stekkur EY-260:008, horft til suðurs.*



Skýringar

Fornleifar

Grjóthlaðið

0 1 2 3 4 m

*Uppmæling af stekk EY-260:008.*

Tóftin er skeifulaga og útfloft. Hún er 6,2 x 5,5 m að stærð, einföld og opin til suðurs. Veggirnir afmarkast af grjóti sem liggur á melnum heldur fremur en eiginlegum hlöðnum veggjum. Mögulegt er að efni hafi verið borið úr tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-260:012** *Svarðarsund* heimild um mógrafir

A 529034 N 577950

“Neðan túns en ofan þjóðvegarins er Vörðumelur [014], ofar Svarðarmelur, en ofan við hann er Svarðarsund”, segir í örnefnalýsingu. Svarðarsund er að öllum líkindum nyrst í lág við Svarðarmel en öll ummerki um mótekju eru horfin. Mógrafirnar voru um 220 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 130 m sunnan við stekk 008. Þær voru í sundi sem komið er í ræktað, framræst tún að mestu. Mógrafirnar voru um 150 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Svarðarmelur er þýft, nakið, grjótsett holt norðan við gamla bæjarstæðið og túnin neðan þeirra. Vestan við Svarðarmel eru ræktuð, framræst tún og mógrafirnar voru þar.

Engin ummerki um mógrafir sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-260:014** Vörðumelur varða samgöngubót

A 528999 N 578115

“Neðan túns en ofan þjóðveggarins er Vörðumelur, ofar Svarðarmelur, en ofan við hann er Svarðarsund [012]”,



Varða EY-260:014, horft til norðurs.

segir í örnefnalýsingu. Vörðumelur er melhóll fast austan við gamla þjóðveginn og uppi á honum er varða líkt og nafnið gefur til kynna. Varðan er rúmum 50 m norðvestan við stekki 008 og tæpum 390 m norðan við bæ 001. Staðsetningin gefur einna helst til kynna að um samgöngubót á gamla þjóðveginum sé að ræða. Varðan er tæpum 6 m norðan við miðlínu Blöndulínu 3.

Vörðumelur er greinilegur malarhóll. Á honum vex gras, mosi og lyng. Varðan er norðarlega á hólnum, þar sem hann er hæstur.

Varðan er hrúin og botninn gróin. Hún er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Það glittir 1-2 umför inn á milli gróðurs og greinilegt að alllangt er síðan varðan féll. M.a. er gróður yfir hrúni sem sést víða umhverfis vörðuna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-260:015** tóft óþekkt


A 529001 N 578111

Lítill, einföld tóft er uppi á Vörðuhól, 3 m sunnan við vörðu 014 og um 330 m norðan við bæ 001. Tilgangur tóftarinnar er óljós, hún er umfangslítill og minnir einna helst á verk barna. Tóftin er beint undir miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 ofarlega á hólnum, þar sem hann tekur að halla til suðurs.

Vörðumelur er greinilegur hóll. Á honum vex gras, mosi og lyng inn á milli malarfláka.



Tóft EY-260:015, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft EY-260:015.

Tóftin er 2 x 2 m að stærð og er gerð úr einfaldri röð af steinum. Ekki er um eiginlega vegg að ræða, einungis staka steina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## EY-261 Efri-Vindheimar

20 hdr. 1712 en öll jörðin 70 hdr. 1712: Þessari jörðu er sundur skift í tvo sundurlausa bæi, sem báðir standa innan garða (að auk Brytans), og kallast nú neðri bærinn Nedre Vindheimar, það er sjálf aðaljörðin að fornu. En efri bærinn kallast Efre Vindheimar, sem bygður er fyrir manna minni, og er túni og engjum einasta skift á millum bæjanna.” JÁM X, 167-68. í Jarðabók 1760 er aðeins talin ein jörð á Vindheimum, 40 hdr, en báðar eru taldar 1802. 1847 eru Neðri-Vindheimar 25 hdr. og Efri-Vindheimar 15 hdr. Sjá Neðri-Vindheima um ítök. Enginn búskapur frá 1988.

1917: 1,7 teigar. 1/2 slétt. 1990: jörðin var lítil, tún og engi blaut og beit í meðallagi.

**EY-261:003\_1** Vindheimastekkur tóft stekkur

A 530151 N 577910

Vindheimastekkur, nú oftast nefndur Gamlistekkur, er út og upp við Fossá, um 830 m ASA við bæ 001 og rúmum



Tóft EY-261:003\_1, horft til norðvesturs.

100 m norðaustan við Svarðarhjalla 005. Á þessum stað eru fimm tóftir á svæði sem er 30 x 20 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Tóftarnar eru rétt 160 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Þær eru því rétt utan marka úttektaarsvæðis. Helgunarsvæði fornleifa (15) nær hins vegar inn á áhrifasvæði framkvæmda og tóft 003\_1 fellur því innan þess. Hinar tóftirnar eru utan.

Beint fyrir ofan (sunnan) stekkinginn er allstór hamraklöpp en girðing er strengd milli hennar og stekkingarins. Suður af eru þýfðir grasbalar og melur.

Hér er verið að skrá stekkingartóftina 003\_1 sem að öllum líkindum hefur verið endurnýtt sem beitarhús miðað við lögun tóftarinnar. Tóftin er þreföld, 16 x 12,5 m og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 0,6 m á hæð. Tóftin er mjög vallgróin en þó má víða sjá 1-2 umför af stæðilegu grjóti. Sjálft fjárhúsið (hólf A) er suðvestasta hólfíð. Það er 8,5 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Grjóthlaðinn garði gengur eftir hólfínu endilöngu. Op er á hólfínu til norðvesturs. Hlaðan er að baki (hólf B). Hún er 5 x 3 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Hún er 0,3 m djúp og er botn hennar þýfður. Heystæði (hólf C) er um 5 m norðan við fjárhúsið. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er fyrir miðri norðvesturhlíð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-261:008** tóft stekkur


A 530198 N 577928

Stæðileg og torfhláðin stekkingartóft er fast vestan við Fossá, um 920 m ANA við bæ 001 og rúnum 40 m ANA við Vindheimastekk 003. Tóftin er um 140 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.


Tóftin er í grónum og litlum hvammi. Til suðurs er deiglendi.



Tóft EY-261:008, horft til norðurs.



Uppmæling af minjum EY-261:003.



Uppmæling af tóft EY-261:008.

Tóftin er 12 x 5 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Hún er tvöföld en eystri hluti hennar er á ívið lægri stelli en sá vestri. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, stæðilegastir til vesturs, 0,5 m. Tóftin er vallgróin og ekki

sér í umför í hleðslum. Hólf A er vestast, það er 5 x 4 m að innamáli og snýr austur-vestur. Op er á hólfinu til suðausturs. Hólf 2 er um 5 m austan við hólf 1. Það er smærra og veigaminna, 3 x 1,5 m að innamáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð hólfsins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## EY-262 Neðri-Rauðilækur

20 hdr. 1712. Möðruvallaklaustureign. Einnig Rauðilækur litli.

1447: Í eigu Möðruvallaklausturs: "Jtem med raudeleik vij kogylde. halft annat c j landskyld." DI IV, 710-12. Ekki getið 1525 en 1569 átti klaustrið hálf kúgildi með Rauðalæk, en Rauðalækjar ekki getið í kúgildatali frá 1570. DI XV, 363-67.

1917: 3,2 teigar. 1/3 slétt. 1990: Túnin eru umhverfis bæjarhúsin og skiptist þar á þurrlendi og framræst mýrlendi.

**EY-262:006** garðlag óþekkt

A 528483 N 576315

Sunnan við vélgrafinn skurð inn í afgirtu beitarhólfu og 100 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis eru tvö garðlög. Ekki er útilokað að þau séu hluti af rétt eða vörslugarði en aðrir hlutar virðast horfnir. Ekki var unnt að áætla hlutverk þeirra.

Þýft og flatlent beitarhólf sem er afgirt með vélgröfnum skurðum.

Garðlögin er á svæði sem er 25x15 m að stærð og snýr NNV-SSA. Nyrðra garðlagið snýr norðvestur-suðaustur og er um 20x2,5 m á stærð. Að norðvestan sést það á skurðbakka. Það er þýft og gróið og sést ekki neinsstaðar í grjóti. Garðlagið er mishátt en er hæst í norðvesturendanum, um 0,3 m á hæð. Norðvestan við skurðinn eru engar minjar að sjá, aðeins óreglulega grashóla. Lítil bútur af garðlagi er 5,5 m sunnan við garðlagið. Það er 12x2,5 m á stærð, 0,3 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Syðra garðlagið sést ekki jafn vel og nýðra garðlagið og er lögum þess frekar óregluleg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Nyrðra garðlag EY-262:006, horft til norðvesturs.



Brú EY-262:007, horft til NNA.

**EY-262:007** brú leið

A 528693 N 576141

Leið liggur þvert í gegnum áhrifasvæði Blöndulínu 3, í landi Neðri-Rauðalækjar. Leiðin liggur að öllum líkindum milli bæjanna Garðshorns og Neðri-Rauðalækjar en var aðeins rakin innan áhrifasvæðis. Hlaðnar brýr sjást á þremur stöðum í deiglendi en leiðin er horfin á melholtum. Leiðin liggur norður-suður og hlutar hennar sjást einnig nokkuð norðar, nærri bæ 001.

Gróið mýrlendi annarsvegar og þýfð holt annarsvegar, í aflíðandi brekku til norðvesturs.

Brú 1 er 80 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis og snýr SSV-NNA. Hún er um 100 m löng og að jafnaði 3-4 m á breidd. Ytri brún er mjög skýr að vestanverðu og er 0,2-0,4 m há. Að austanverðu eru ytri brúnir garðlagsins nærri alveg útfattar, það er hlaðið aflíðandi brekku til norðvesturs og sigur niður.

Brú 2 er 50 m NNA við brú 1 og 50 m SSV við miðlínu úttektarsvæðis. Hún er 4,8x3 m á stærð og snýr SSV-NNA. Brú 3 er 110 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis og 15 m austan við vélgrafinn skurð. Hún er um 180 m norðan við brú 2. Hún er 40x4 m að stærð og liggur norður-suður. Brúin var ekki skráð á vettvangi heldur fannst við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**EY-262:008\_1** tóft sel

A 528790 N 576022

Tvær tóftir eru um 117 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3, í grónum og grunnnum hvammi. Tóftirnar eru nærri landamerkjum við Garðshorn EY-265 og um 760 m sunnan við bæ 001, uppi í fjallshlíð. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftanna er um sel að ræða. Tóftirnar eru á svæði sem er 35 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Gróin hvammur, norðan við læk sem er á landamerkjum. Brekkan er aflíðandi til norðvesturs og lækurinn lokar hvamminum að sunnan. Raflína er skammt austan við hvamminn.

Tóft 008\_1 er suðvestar, í vesturhorni hvammsins. Hún er 15 x 15 m að stærð og skiptist í sex hólf. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sigrin. Veggir sjást engu að síður vel sem og lögun tóftarinnar. Hólf 1 er suðvestast í tóftinni. Það er 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri norðvesturhlið. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1, á milli þeirra er „opið svæði“. Ekki er ljóst af hverju veggir hólfanna ná ekki saman. Hólf 2 er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðvestur. Það er opið til suðausturs. Þessi tvö hólf eru líklega byggð „utan við“ hólf 3 og 4 sem liggja eftir miðri tóftinni og ekki endilega frá sama tíma. Hólf 3 er norðan við hólf 1. Það er 5,5x1,8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðri norðvesturhlið og annað til suðausturs, yfir í hólf 4. Það er mun minna og er 2,3x1,8 m stórt. Það snýr nálega norður-suður. Hólf 5 er norðan við hólf 4. Það er 3,7 x 1,5 m stórt og snýr VNV-ASA. Líkt og flest hólfín er það opið til norðvesturs. Hólf 6 er norðan við hólf 5. Það er 2x1,5 m stórt og er opið til norðvesturs. Hleðsla sést VNV, framan við hólf 5 og 6. Að öllum líkindum er þetta aðrekstrargarður en allt eins er mögulegt



*Uppmæling af seli EY-262:008.*



*Tóft EY-262:008\_1, horft til norðvesturs.*



*Tóft EY-262:008\_2, horft til vesturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-262:008\_2** tóft stekkur

A 528813 N 576031

Tóft er 84 m vestan við miðlínu Blöndulínu 3 og tæpum 13 m norðaustan við tóft 008\_1. Tóftin er 9 x 4,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er tvískipt og hólf I er austar í tóftinni. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hól II er vestar í tóftinni og er 2 x 1,5 m að stærð. Op er á tóftinni til VNV. Tóftin er mjög líklega stekkur út frá seltóft 008\_1.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-262:009** gata leið

A 528764 N 576038

Á loftmynd sést gata liggja upp fjallshlíðina til austurs að seli 008. Hún sést liggja upp brekkuna, til austurs frá suðvesturenda brúar 007. Miðlína áhrifasvæðis Blöndulínu 3 er 150 m austan við leiðina.

Gróid mýrlendi annarsveggar og þýfð holt annarsveggar, í aflíðandi brekku til norðvesturs.



Leið EY-262:009, horft til VNV.

Leiðin sést liggja til vesturs frá tóft 008\_1 en fjarar út í deiglendi við brú 007. Hún er lítið annað en kindagata, 0,3 m á breidd og ein rás sést. Líklega er þetta selstígur frá bæ 001.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-264 Ytri-Bægisá

Staður. Bægisá hin syðri var landnámsjörð (ÍF I, 259) en Bægisá ytri kemur fyrst við sögur á 11. öld: “Kona heitir Guðrún ok er frændkona bóndans at Bægisá ok er þar matselja fyrir búi. Hennar vilda ek [Þorsteinn verkstjóri] at þú [Guðmundr ríki] bæðir mér til handa. [Guðmundur tekur bónda á Bægisá tali og var þetta að samkomulagi] Síðan var kveðit á um brúðlaupsstefnu, ok skal vera at Bægisá ... En er menn váru at boðinu, þá hvíldu hvorir sér, konur ok karlar. Ok um morgininn, er menn risu upp ok fóru til kirkju, er at messum kom ...” Ljósvetninga saga, ÍF X, 16-19.

1199: Fálki Dálksson drepinn á Bakka í Öxnadal jarðaður á Bægisá (hafði verið heimamaður Þorgríms alikalrs á Möðruvöllum). Guðmundarsaga dýra; Sturl, 168 (sbr. 156).

1307: “Sá atburðr hafði gjörz um várit fyrirfaranda at Solveig Loftsdóttir, kona Þorvalds Geirssonar er þá bjó í Lönguhlíð í Hörgárdal, fór til tíða til Bægisár á skírdagskveld ... [hún druknaði í Hörgá, og var líkið flutt til Munkaþverár] átti hon þó leg at Bægisá. Bjó þar þá sá prestur sem Hildibrandr hét Grímsson. ... til Bægisár lagði [Þorvaldur] ekki meira en tólf alnir í legkaup.” Lárentíus saga, ÍF XVII, 277-79, 282.

1399: Elsti máldagi Bægisárkirkju er frá 1399 “er Bergþor prestur Jonsson tok með. Enn sijra asgrimur gudbiartzon liet laust.” Kirkjan átti þá m.a. “vij. kyr. xix ær og. xx. saudir veturgamler. flogur hundrud voruvird. ... Suo morg kugilldi hafa gefuist til sijdann er Bergdor prestur tok með. en syra asgrijmur liet laust. ad þad eru. xj. kugilldi. hundrad j slatrum og mælehlass taudu. ... Jtem reyknadist j portionem Ecclesiae. ad auk þess sem syra Bergþor hafdi adgiort stadnum. x. aurar voru.” DI III 518-19.

1429: var “[1] prestur ok diakn.” við Bægisárkirkju. DI IV, 381.

1461: Á kirkjan “allt heimaland.” og “Þetta j fridum penningum. xij. kyr. iij. asaadar kugillde. v. hundrut j gelldfie. ij. hundrut j koplum. eitt bord aa hapallen. Þar er prestzskylld. tekur heima iij merkur. en vttan gardz half seunda mork. heytollr oc liostollr af ix. bæivm. Tiund kirkiuhluti a þui are. x. aurar. Reiknadiz j porcio um. x. ar er sira jon hiellt stadin. v. c. til reikningsskapar. en. v. aurar hia sira magnuse assgrimssyne vm eitt ar. enn. v. aurar fiell nidr j subsidium palli firir erkibiskupen. ... afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm. tueggia hrossa beit j tunguland a vetturen. Tok sira olafur þorgeirsson með bægisáa þa sira magnus asgrimsson slepti. x. kyr. ij. asuadar kugillde. iij. gelldfiar hundrut. oc viij. hundrut j ofridvm peningvm. jtem ein ku j mortalia medan sira jon snorrason hiellt. oc. ij. kyr medan sira magnus asgrimsson bio.” DI V, 294-295.

1478: Tiund a þvi are. ix. aurar. Reiknadist j porcionem ecclesie vpp aa xij. aar. medan sira olafur þorgeirsson bio. vij. hundrut. afreiknad j subsidium pallij. xi. alner vadmals.

1489: Reiknaditz j porcio um .xi. ar. v. hundrud medan sira olafur bio. auk fyrri reikningtz. DI

1494: Reiknadizst i porcio vppa v. ar halft þridia hundrat. luckti sira olafur þorgeirsson kirkiune a bægisá iordina fagranes er liggur i backapungum til æfinligrar eignar firir. xxc.” DI V, 294-95.

Ytri Bægisá ll skipt úr landinu árið 1938.

1917: 7,5 teigar. 4/5 slétt.

**EY-264:008** Kot tóft býli

A 526765 N 575575


“Sunnan (Breiðasunds) er Heyhóll, en þar hét fyrrum Kot, enda mun þar hafa verið býli og heyrst hefur að það hafi heitið Hvammur,» segir í örnefnalýsingu. Hóll rís upp af háum malarbratta frá hyl í Öxnadalssá. Um 100 m norðan við er toppurinn á Háhól/Einbúa en þar á milli er hvammurinn neðst í grónum og þýfðum hlíðarsakka en þar er tóft. Hún er 60 m sunnan við miðlinu úttektarsvæðis og 60 m NNV við þúst 020.

Til vesturs er Öxnadalssá og mikill hamraklettur á vesturbakkanum, beint á móti hvamminum, en norðan hans malareyri og fram úr henni fellur áin um hamragjá. Hvammurinn rís sjálfur í um 10 m háum hörðum bratta upp af ánni, og er sléttur þar sem tóftin er en hækkar svo upp í brekkuna á milli hólanna.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin, tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er grafin inn í brekku til suðausturs og kanturinn hluti af vegg tóftarinnar. Hæð veggja er frá 0,4-0,6 m og er tóftin grasigróin og veggir farnir að síga og eru frá 1,5- 2.5 m á breidd. Stærri hólfid er 13x3,5 m að innanmáli og er opið til norðausturs. Minna hólfid er austar og er 4,7x2 m að innanmáli. Ekkert sjáanlegt op er á hólf 2 og möguleiki á að þarna hafi verið útihús



Tóft EY-264:008, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-264:008.

áfast við stærra hólfið. Út frá norðausturvegg tóftarinnar er 3 m langur veggur sem snýr norðaustur-suðvestur. Að öllum líkindum er þetta aðrekstrargarður.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ör n.Jóh.Ól.

**EY-264:009** Svarðarholt heimild um mógrafir

A 527689 N 575717

“Ofan við Fúsaholt eru Svarðargrafir og þar næst Svarðarholtið”, segir í örnefnalýsingu. Rétt austan gömlu þjóðbrautarinnar og rétt sunnan landamerkjanna voru áður mógrafir. Mógrafir hafa verið þar sem nú er sléttað tún, 185 m sunnan við miðlínu úttektaarsvæðis og 40 m sunnan við malarveg.

Tún er meðfram gamla þjóðveginum bæði til austurs og vesturs og voru grafirnar austan við en Fúsaholt vestar. Grafirnar voru þar sem túnið er nú.

Ekkert sést til mógrafanna nú enda hafa tún verið ræst og sléttuð. Þó sagði bóndinn á Ytri-Bægisá I að erfðara væri að halda túninu við á þessum kafla og vildu þau síga vegna hinna gömlu mógrafa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-264:011** gata leið

A 526828 N 575544

“Ofan við Breiðasund er Breiðalág sunnarlega, en Þjófalág sunnan við Heyhólinn. Lá þarna forni reiðvegurinn og er hann enn allgreinilegur. Í Þjófalág var góð hestabeit og áðu þar gjarnan ferðamenn. [...] Gamli reiðvegurinn liggur um mel, sem kallaður var bæði Háimelur og Einbúi. Er fyrrnefndur Heyhóll þar skammt ofan við,” segir í örnefnalýsingu. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 2000 og aftur árið 2020. Reiðgötturnar liggja þvert í gegnum úttektaarsvæðið.

Götturnar eru um 50 m austur af bökkum Öxnadalsár, efst í slakkanum ofan hvammsins þar sem Kot 008 er.

Enn má greina reiðgötturnar en þær eru ekki jafn fjölfarnar og áður. Þær eru algrónar grasi. Götturnar liggja í norður-suður og eru um 4 m á breidd þar sem þær sjást best, austan við hvamm 008.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn. Jóh.Ól.



Leið EY-264:011, horft til norðurs.

**EY-264:012** Fúsi heimild um draug

A 527596 N 575721

“Ofan [Bægisárflóa] nálægt norðurmerkjum, er Fúsaholt, kennt við Fúsa nokkurn, er þar varð úti. Hefur oft orðið þar vart við svip manns, jafnvel nú nýlega (1963)», segir í örnefnalýsingu. Fúsaholt er um 30 m vestan gamla þjóðvegarins og 150 m SSA við miðlínu úttektaarsvæðis.

Holtið er nú í túni og virkar sem dálítill hóll, aflíðandi til norðurs, vesturs og suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-264:017** varða óþekkt

A 527949 N 574479



Varða er um 100 m sunnan við Bægisá, um 260 m norðaustan við stekk EY-238:022 og 50 m VNV við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 3.

Varðan er efst á grýttum malarhól. Hóllinn er vaxinn lyngi og mosa.

Varðan er 0,6 m á hæð og um 2,5 m í þvermál. Fjögur umför af grjóti sjást og er það vaxið gulum skófum. Hóllin sem varðan stendur á er um 5 m hár og brattur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Varða EY-264:017, horft til norðurs.*

**EY-264:018** tóft óþekkt


A 528228 N 574563

Tóft er um 555 m norðaustan við stekk EY-238:022 og 135 m suðaustan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 3.

Tóftin er ofarlega í þýfðum móa þar sem dökkgrænt og kraftmikið gras vex, skammt frá ánni. Mýrlent er sunnan við og gróðurlítill melur norðan við.



*Tóft EY-264:018, horft til norðvesturs.*



*Uppmæling af tóft EY-264:018.*

Tvískipt tóft, um 9x12 m á stærð í heildina. Hólf I snýr norður-suður og er 3,5x2 m á stærð að innanmáli en tóftin er mjög þýfð og sést innanmálið sem stórar þúfur. Ekkert sjáanlegt op er á hólfinu. Hólf II er þvert á norðurenda I, snýr austur-vestur og er um 6 x 1,5 m og snýr opið á hólfinu til vesturs. Út frá millivegg á hólfi I og II er 5 m langur veggur sem snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m og er tóftin gengin í þúfur og orðin óskýr. Ofan við hana er dálítið barð sem er vaxið dökkgrænu grasi. Þar kunna mannvistarleifar að leynast en einnig mögulegt að þarna hafi orðið jarðvegsskrið. Ekki er hægt að segja með vissu um hlvutverk tóftarinnar en út frá fjarlægð frá bæ 001 og lögun tóftarinnar gæti þetta verið stekkur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-264:019** mannvirki óþekkt

A 528184 N 574562

Minjar eru um 50 m vestan við tóft EY-264:018 og fast norðan við Bægisá. Þær eru 100 m suðaustan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 3.

Grasi gróin laut, smáþýfð við árbakkann.

Á svæði sem er um 30 x 10 m og snýr suðaustur-norðvestur er dökkgrænt gras og grónir steinar en á um miðju svæðinu er allstór steinahrúga sem kann að vera hrúnið mannvirki en getur líka verið árburður. Svæðið allt er líklegt til þess að þar hafi staðið mannvirki þó að ekki sjáist til þeirra nú með greinilegri hætta.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda





*Mannvirki EY-264:019, horft til norðvesturs.*



*Gryfja EY-264:020, horft til norðausturs.*

**EY-264:020** gryfja óþekkt

A 526814 N 575530

Uppi á brekkubrún, um 60 m SSA við tóft 008 OG 15 m vestan við götur 011 er Uu tvær dældir. Þær eru 115 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 3.

Nær sléttur mói, til suðausturs er mýrlendi og til norðurs er brött brekka niður að býlinu Hvammi 008.

Tvær dældir eru upp á brekkubrún sem snúa þær norðaustur-suðvestur. Norðausturdældin er hringlaga, um 2,5 m í þvermál og 0,3 m að dýpt. Suðvesturdældin er sporöskjulaga og er 4x2 m á stærð og 0,3-0,5 m á dýpt, dýpst til suðvesturs. Dældirnar gætu mögulega verið náttúrulegar eða innanmál úr mjög siginni tóft þar sem ytri brúnir veggja eru alveg hofnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-264:021** gryfja mógrafir

A 528171 N 574958

Um 420 m NNA við Bægisá, 110 m VNV við miðlínu úttekarsvæðis og 200 m austan við háan klett í landi Ytri-Bægisá eru mógrafir. Þær eru á flatlendu svæði milli tveggja grýtttra hálsa.

Flatlend og gróin mýri, nokkuð blaut og í henni vex fífa. Mógrafasvæðið er um 50x60 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á svæðinu sjást þrjár mógrafir en þær eru fullar af vatni og ekki hægt að vita hversu djúpar þær eru. Þær eru frekar óreglulegar í laginu og er möguleiki á að grafirnar séu náttúrulegar tjarnir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Mógrafir EY-264:021, horft til vesturs.*

EY-266 Efri-Rauðilækur

30 hdr. 1712. Bændaeign.

1453: “Þat giorum vid gudmundr biarnason. hallr gislason godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe at vid hofum handfest jone sigmynzsyne so felldan vitnesburd at jordunne aa uindheimum var eignud jardar eign sudr j marklag firir sunan brytialæk ok sudr ok ofan aa snid ur lagenne firir sunnan vindheima stekk er stendr firir utan Raudalækiarnes. keypta ek fyrr nefndr gudmundr hey af þessare jardar eign at jone þorleifssyne þa hann bio a vindheimum en ek a efra Raudalæk.” - DI V, 108.

1657: Þorleifur Kortsson selur Sigurði Jónssyni 20 hdr í Rauðalæk og lofar að auki 10 hdr í sömu jörð ef losast kann - Jarðabréf, 186.

1692: Guðmundur Sigurðsson selur Jóni Jónssyni Rauðalæk í Hörgárdal, 30 hdr - Jarðabréf, 54-55.

1695: Jón Jónsson selur sr. Einari Torfasyni Rauðalæk í Hörgárdal, 30 hdr - Jarðabréf, 229.

1698: Fær Einar yngri Vindheima með Bryta og Rauðalæk, 30 hdr, landsk 1 hdr 60 al, kúg 5 í arfaskiptum eftir sr. Einar Torfasyn föður sinn - Jarðabréf, 147-48.

1703 er Rauðilækur meðal eigna Einars Einarssonar yngri “xxxx. Landskyld 1c 60 ál. í landaurum. Leigukúgildi 4. Leigur í landaurum betalast.” JÁM XIII, 192. Einnig Stóri Rauðalækur. Jörðin fór í eyði 1979.

1917: 3,7 ha. 1/3 slétt. Garðar 146 ferstikur.

**EY-266:010** tóft stekkur


A 529063 N 576494

Á merkjum Efri- og Neðri-Rauðalækjar, norðan við læk þar sem landamerkin liggja, og 100 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 3 er tóft. Út frá staðsetningu og lögun tóftarinnar er líklega um stekk að ræða.

Gróið lækjargil og valllendismói í kring, í aflíðandi brekku til vesturs.



Tóft EY-266:010, horft til norðvesturs.



Uppmæling af stekk EY-266:010.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hún er hlaðin upp við gilbrúnina að norðanverðu en hún er um 0,8 m á hæð á þessum slóðum. Tóftin er um 0,7 m á hæð að utanmáli til suðurs, en þar er aflíðandi brekka niður að læknum sem rennur sunnan við tóftina. Norðvesturhólflið er 7,5x1,5 m að innanmáli og snýr opið í norðvestur. Hæð veggja að innanmáli er 0,4 m. Suðausturhólflið er 1,6x2 m að innanmáli og hæð veggja um 0,3 m. Það stendur hærra en norðvesturhólflið en gilbrúnn er um 0,5 m á hæð innan þess. Líklega var op á milli hólfna sem sést ekki lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-268 Skógar

20 hdr. 1712. Möðruvallaklausturjörð.

Um 1430-40: Auðbrekka er seld með “skogahris j skogaland.” DI IV, 436.

1445: Auðbrekka er seld “med avllum þeim skogi sem stendr j skoga jordv fyrir handan havrga.” DI IV, 664.

1447: Á Möðruvallaklaustur “Jtem skogom viij kogylde. bykt jc j landskyld.” - DI IV, 710-12.

1525: Eru Skógar taldir með Möðruvallaklausturjörðum - DI IX, 316-20.

1569: Átti klaustrið 5 kúgildi með Skógum, 1570 voru þau 4 og þar af 2 kúr gamlar - DI XV, 363-67.

1712: “Auðbrekka á þó allan þennan skóg á Skóga jörðu eftir máldaganum og brúkar hann bæði til kola og eldiviðar, eyist því mjög og fellur í fauska.” JÁM X, 170.

1917: 2,8 ha. 2/3 slétt. Sáðreitir 100 m<sup>2</sup>. 1990: Skógar eru landmikil jörð með gott og mikið beutiland upp í Fossárheiði og eru túnin dreifið allt frá Hörgáreyrum og upp í heiðina.

**EY-268:005** Svarðarhall örnefni mógrafir

A 530521 N 578760

“Efst í túninu ofan við bæinn er afar stór nafnlaus hóll, síðan Neðrimýri og Mýrarhall, þá Efrimýri og Svarðarhall, talið upp eftir,” segir í örnefnalýsingu. Svarðarhall er fremur slétt og rakt svæði neðan við Háuósa en norðaustan við Stekkjarklett. Grafirnar eru nærri því að vera beint (450-500 m) ofan við gamla bæinn (001). Svæðið er um 80 m SSA af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið hefur greinilega áður verið mun rakara en það er nú. Það er vaxið háu sefgrasi og mosa en er nú nokkuð þurrt.

Ekki eru nú greinileg merki um svarðargrafirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-268:006** Stekkjarklappir heimild um stekk

A 530413 N 578723

“[Kirkjuklöpp er á merkjunum] Næsti hjalli er Stekkjarhjalli og nyrst á honum Stekkjarklappir tvær.” segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhjalli er grýttur hjalli sem liggur norður-suður í hliðinni norður frá merkjum. Stekkjarklappirnar eru nyrst á honum. Ekki eru greinilegar stekkarleifar við klappirnar. Svæðið er um 60 m SSA af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Neðan klappanna er lyngivaxinn mói en ofar rakt svæði að Háuósum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-268:008\_1** varða óþekkt

A 530740 N 578760

“Ofan við [Stekkjarklappir], og aðeins sunnar, gnæfa brattir og klöppóttir urðahjallar, nefndir Háuhausar. Um þá miðja, þar sem þeir eru hæstir, er varðan.” segir í örnefnalýsingu. Á svæðinu eru tvær vörður. Stærri varðan, 008\_1, er næstum á klöppinni miðri, nálega í beina stefnu upp af fjárhúsinu (002). Önnur minni og nýlegri varða, 008\_2, er um 40 m til SV. Vörðurnar er um 175 m SSA af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vörðurnar standa á klöpp. Ofar tekur við flatlendi og er raflínan í því miðju áður en brattari klettahjallar taka við. Stærri varðan er um 1,5 m á hæð og í þvermál, 8-10 umför. Steinarnir í henni eru vaxnir skófum. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 2000. Í heimsókn 2020 glitti í glæra glerflösku með skrúfuðum tappa, um 1/3 fullri af vökva, inni í vörðunni norðvestantil.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.



Varða EY-268:008\_1, horft til suðausturs.



Varða EY-268:008\_2, horft til norðvesturs.

**EY-268:008\_2** varða

A 530702 N 578739

Minni varðan er hrúnin, um 40 cm á hæð og 1 m í þvermál. Grót í vörðunni er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.


**EY-268:009\_1** tóft stekkur

A 530739 N 578985

Um 250 m sunnan við merki Skóga og Steðja og um 230 m norðvestan við vörðuna á Háuhausum 008 eru tóftir sem minna á stekk. Þær eru um 230 m suðvestan



Tóft EY-268:009\_1, horft til norðurs.



Uppmæling af minjum EY-268:009.

við vörðu 010 sem líklega er á merkjum. Tvær tóftir eru á svæðinu sem er alls um 22 x 15 m að stærð og er það um 25 m NNV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftirnar eru í móa en ofan við þær fjarar Svarðarhallinn út. Tóftirnar eru fagurgrænar og eru á hæð en sjálfir veggir þeirra eru mjög lágir (0,1-0,2 m).

Stærri tóftin, 009\_1, er sunnar. Hún er 12 X 6 m að stærð og er tvískipt. Út úr henni gengur um 18 m langur garður í hálfgerðan boga. Tóftin er svotil mitt á milli Stekkjarkletta og Háuósa en er mjög langt norðan við Stekkjarörnefnin. Þó er hugsanlegt að þau séu við þessa tóft kennd enda virðist hún eina tóftin á svæðinu auk þess sem hún er nokkuð "stekkjjarleg".

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-268:009\_2** tóft óþekkt

A 530746 N 579000

Um 7 m norðvestan við enda garðlagsins við tóft 009\_1, um 39 m NNV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020, er önnur tóft sem er lítil og einföld. Hún er 4,5 m á báða vegu, með op á SA hlið. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en mögulega er um að ræða heystæði eða litla rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.



Varða EY-268:010, horft til NNA.



Tóft EY-268:009\_2, horft til norðurs.

**EY-268:010** varða landamerki

A 530958 N 579070

Tæpum 220 m norðaustan við stekk 009 er varða á gróinni klöpp á landamerkjum Steðja og Skóga. Varðan er beint ofan við þar sem merkjagirðingu (og skógræktar-) sleppir. Varðan er um 9 m NNV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.


Varðan stendur á gróinni klöpp en umhverfis eru þýfðir, lyngi vaxnir melar.

Varðan er um 1 m á hæð en rúmur metri á breidd. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 2000. Miðað við ljósmynd tekna þá hefur nokkrum steinum verið bætt efst í vörðuna. Hún er um 7 umför, mjög reglulega hlaðin að NA-verðu. Grjót er skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Hleðsla EY-268:011, horft til norðurs.



Skýringar

Fornleifar Úttektargögn  
Gjótthlaði Úttektarsvæði

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af hleðslu EY-268:011.

**EY-268:011** hleðsla

A 531006 N 578460

Bogadregin steinlögn er rétt vestan við uppbornaðan læjarveg Steðjarlækar, um 980 m SSA við bæ 001 og rúmum 240 m VNV við Skógabeitarhús 007. Steinlögnin er um 145 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Hleðslan er í norðausturenda lyngholts en landslagið einkennist af holtahryggjum og mýrum á milli þeirra. Bogadregin steinlögn, sem er 5 x 3,5 m að stærð. Aðeins neðsta umfarið sést og er hleðslan 0,3 m á hæð. Grjótíð er stæðilegt en einnig sést talsvert af smágrýti á við og dreif kringum hleðsluna. Mögulega eru þetta seinustu leifar af vörðu sem hefur hrunið og grjót þess dreifst. Ekki er þó loku fyrir það skotið að þetta sé náttúrleg ummerki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-268:013** garðlag óþekkt

A530216 N 578880

Garðlag er um 235 m NV af Stekkjarhjalla og um 153 m NV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði garðlagsins skarast þó við áhrifasvæðið. Ekki er ljóst hvert hlutverk þess var.

Garðurinn liggur um lyngmóa, smápýfðara er NV af garðinum og meira rof. Klettaholt eru SV og NA af garðinum.

Garðurinn liggur SV-NA. Hann er um 36 m langur, hæstur um 0,6 m og alls 2,5 m breiður. Garðurinn er grasi gróinn, flatur í topp og í tveimur stöllum, lægri stallurinn er NV-megin, um 0,2 m hár og 0,5 m breiður. Garðurinn liggur út frá lágum hól SV til en hverfur smám saman í þúfur í NA-enda. Garðurinn er unglegur að sjá og ekki er öruggt að um fornleifar sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag EY-268:013, horft til norðausturs.*

**EY-268:014** gata leið


A 530405 N 578765

Gata liggur u.þ.b. SV-NA, norðvestan undir Stekkjarhjalla, framhá tóftum 009 og sunnan undir hól sem varða 010 stendur á. Leiðin er öll innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Gatan liggur um lyngmóa milli klettaholta. Víða eru rofabörð í móanum.

Gatan er víðast 0,5-0,8 m breið og um 0,3 m djúp. Hún sést á rúmlega 1 km löngum kafla og skiptist sumstaðar í 2-3 götur. Gatan hefur nýlega verið farin af hestum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Gata EY-268:014, horft til suðausturs.*

## EY-269 Vaglir

20 hdr. 1712. Möðruvallaklausturjörð.

1447: Möðruvallaklaustur á “Jtem vavglom ij kogylde. bykt halft annat c j landskyld.” DI IV, 710-12.

1461: Möðruvallaklaustur á: “skogarparta aa vagla jordu er runulfur sturluson oc þorstein þorsteinsson feingu prior sigurde til klaustursins. sudr fra fornagaskoge oc til kidialækjar fra dynhaga skoge oc suo ofan þadan.” DI V, 286-91.

1525: Vaglir eru taldir með Möðruvallaklausturjörðum og ennfremur á klaustrið «skogarparta aa vaglajordu. Sudur fra fornagaskogi. og til kidialækjar. fra dynhagaskogi og suo ofan þadan.” DI IX, 316-20.

1569: Átti klaustrið 5 kúgildi með Vöglum, 1570 voru þau 3 og öll gömul - DI XV, 363-67.


1712: “Skógarítak á Laugland hingað, annað Stóri-Dunhagi, þriðja Fornhagi, og brúkar hvör sinn skógarpart.” JÁM X, 171. Jörðin fór í eyði 1978.

1917: 4,9 teigar. 1/3 slétt. Garður 372 ferstikur.

**EY-269:016\_1** Gamlistekkur tóft stekkur

A 532103 N 580230

“Gamlistekkur, sem [Stekkarhæð] er kennd við, er út við Krossastaðaá,” segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur sem reyndar líkist beitarhúsum að stærð og lögun, er milli Efrilhæðar og Krossastaðarár, um 730 m suðaustan



### Skýringar

<b>Formleifar</b>	<b>Úttjektargögn</b>
Þúst	Úttektarsvæði
Torfhláðið	

0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmælingar af minjum EY-269:016.*

við bæ 001 og tæpum 520 m sunnan við garðlag 015. Á þessum slóðum eru þrjár tóftir (016\_1, 2 og 3) á svæði sem er 50 x 35 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Fornleifarnar eru um 110 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er nokkuð mýrlent en verður þurrara til norðurs og vesturs. Þar eru þýfðir og lyngivaxnir móar í kring.

Gamlistekkur er greinilegasta tóftin og er hún syðst. Hún er þrískipt, 21 x 18 m að stærð og snýr nálega NA-SV. Op er á tóftinni fyrir miðju norðurhliðar hennar. Veggir eru grjóthlaðnir en vegna gróðurs er ekki hægt að telja umfö. Veggir eru 0,3-0,5 m, hæstir til suðurs. Fjánhúsið (A) er norðvestast í tóftinni. Það er 4 x 4 m að innanmáli. Op er fyrir miðju norðvesturvegg. Ekki sér móta fyrir garða innan hólfsins. Hlaðan (hólf

B) er að baki. Hún er 2 x 2 m að innanmáli og 0,4 m djúp. Heystæði (hólf C) er norðaustast á tóftinni. Það er 5 x 5 m að innanmáli. Mögulega er ekki hlaðinn veggur á norðvesturhlið, en það svæði er þýft og mjög óljóst. Löggun stekksins minnir á beitarhús og Líklega hefur það verið notað sem slíkt á einhverjum tímápunkti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól. 2



*Tóft EY-269:016\_1, horft til norðurs.*



*Tóft EY-269:016\_2, horft til norðurs.*

**EY-269:016\_2** tóft beitarhús

A 532083 N 580246

Beitarhústóft 016\_2 er um 15 m NV við Gamlastekk 016\_1. Tóftin er einföld og ílöng. Hún er 20 x 10 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Tóftin er grjót- og torfhláðin og eru veggir 0,3-0,4 m á hæð. Garði er fyrir miðri tóftinni endilöngu, 0,5 m á hæð. Gróinn hryggur sést rétt sunnan við tóftina. Mögulega eru það leifar af öðru hólfi en gæti líka verið náttúrumyndun og því skráð hér undir fremur en því var gefið nýtt númer.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-269:016\_3, horft til norðvesturs.*

**EY-269:016\_3** tóft heystæði

A 532081 N 580226

Nær hringlaga, torfhláðin heytóft er um 10 m SSV við beitarhús 016\_2. Tóftin er 8 m í þvermál. Veggir eru 0,3-0,4 m á hæð en nær alveg útflattir á suðausturhluta tóftarinnar.

Ekkert op er greinilegt á tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-270 Skútar

10 hdr. 1712. Konungsjörð.

“Guðmundr [ríki] reið fjolmennr til fíránisdóma [á Steðja], ok varð þar ekki til tíðenda. Ok er hann ríðr á brott með fénu, - á Skútum heitir bær fyrir ofan Laugaland - ; þeir koma þar ok hittir Guðmundr sauðamann Þóris, er Oddr hét.” Ljósvetninga saga, ÍF X, 26.

1533: seldi Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti jörðina Skútir (einnig Skútur, Skútu) Jóni Arasyni Hólabiskupi. DI IX, 663.

1552: Voru Skútar meðal eigna Ara Jónssonar lögmanns og voru þar 6 kúgildi og landskuld 10 aurar. DI XII, 465. Jörðin fór í eyði 1963.

1917: 3,6 ha. 1/3 slétt. Sáðreitir 357 m<sup>2</sup>.

**EY-270:006** Skút[*n*]asel þúst sel

A 534638 N 580736

“Ofar í heiðinni má enn greina tóftir Skútasels.” segir í Byggðum Eyjafjarðar. “Neðri brún Skútnadals að vestan er nefnd Selbrún, því að Skútnasel er sunnarlega í dalnum. Uppi á brúninni er Selbrúnarvarða.” segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við hana segir: «Í miðjum Skútnadal stóðu Beitarhúsin á Beitarhúshóli.» Um 500-600 m suðsuðaustur frá selinu má sjá vörðu neðst á hálsi Hlíðarfjalls, neðan Litlahnjúks. Þústin er um 134 m norður af miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á þýfðum, lyngivöxnum hóli, um 300 m norðan raflínu sem eru sunnarlega á heiðinni.

Þústin er allstór (14 X 9 m), óregluleg og fremur óglögg því hún er sigin og þýft inni í henni og umhverfis. Hún er tekin að blása upp á kafla. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 2000 en síðan þá hefur rofið í þústinni gróið upp.

Selið er mjög óljóst og er ekki hægt að greina rýmisskipan með góðu móti.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BE.ll.; Örn.Jóh.Ól.



Skútasel EY-270:006, horft til norðurs.

**EY-270:027** náma mógrafir

A 534554 N 580577

Hugsanlegar mógrafir eru við miðlinu úttekarsvæði Blöndulínu 2020, um 330 m ASA af Bræðravörðu (254:014).

Umhverfis er hálfblaut mýri og fífugróður. Lynghólar eru á stöku stað í kring.

Grafirnar sjást sem 30-50 cm háar brúnir, tiltölulega beinar, á um 47 m löngu svæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir EY-270:027, horft til austurs.

EY-272 Sílastaðir

30 hdr. 1712 með Sílastaðakoti, 20 hdr heimajörðin. Bændaeign.

1447: Sírexstaðir eru meðal jarða Möruvallaklausturs og eru þar 4 kúgildi en landskuld 1,5 hdr. DI IV, 711.

1475: Selur Möðruvallaklaustur Magnúsi Benediktssyni Sírelsstaði í Kræklingahlíð í Glæsibæjarkirkjusókn. DI V, 787. sbr. 14.10.1478 - DI VI, 170.

1504: Jón Ásgrímsson selur Helga Ásgrímssyni Sírisstaði - DI VII, 681.

1551: Einar Brynjólfsson gefur Jón syni sínum m.a. Sírisstaði fyrir 30 hdr til kaups við Málmfríði Bjarnardóttur. DI XII, 302 sbr. 436.

1600: Jón Þorláksson selur Guðbrandi biskupi Sílastaði f. 30 hdr - BG, 529-30.

1604: Guðbrandur biskup selur sr. Jóni Þórðarsyni alla Sílastaði f. 30 hdr “at til skildum landamerkiem vt j motz vid Gardshorn og Hol sem halldit hefur verid til forna atolulaust sem vitnisburdur þar vm skrifader avijsa og so ofan j lonid motz vid Hol. allan Sulustada tanga. og þadan landeign og reka sudur a motz vid Einarstadi. a tanga þann sem er fyrir sunnan Fogruvijk og so upp j þann mykla klett sem stendur fyrir nedan reidgotur sem gamallt bref þar vm vtvijsar. enn ed efra milli Einarstada og Gardzhorns landz vestur a halz sem halldit hefur verid adur.” BG, 619.

1607: Gerir Guðbrandur Þorláksson vitanlegt “ad med því mier er sagt ad eignad sie jordunne Sijlostodum allt land nedra vid sioen. vt a motz vid Skialldarvijk. klypper so af domkirkiunnar jordu Solborgarhole allt land nedra og reka med oriettu. og þar vpp a er mier sagt tekner sie vitnisburder. Þvi giore jeg nu junnugt godum monnum. ad eg keypte Sijlustade ad Jone Þollakssyne. med þessum vmmerkium. sem hier seiger. vtij motz vid Gardzhorn og Hol. sem halldit hefur verid til forna atolulaust og so ofan j loned. motz vid Hol [þar lækurenn rennur j loned]. Jtem allan Sijlustada tanga og þadan land og reka sudur a motz vid Einarstade. a tanga þann sem er fyrir sunnan Fogruvijk. og so vppi þann mykla klett. sem stendur fyrir nedan reidgotur. enn hid efra mille Einarstada og gardzhorns vestur a hals sem halldit hefur verid. med þessum vmmerkium keypta eg jordina Sijlustade. og med somum vmmerkium sellda eg hana Sijra Jone Sijgurdzsyne. so ad Holl skylde eiga land og reka vr lonsendanum. og so vt a motz vid Skialldarvijk. og þessu lande byd eg kirkiunnar vmbodzmonnum ad hallda vnder domkirkiunnar jord Hol.” BG, 563-64.

1659: Gerir sr. Bjarni Hallsson kunnugt að hann hafi selt Birni Pálssyni 10 hdr jörð sem hafi komið fyrir 10 hdr í Sílastöðum, eign Sigríðar Ólafsdóttur konu sinnar. Jarðabréf, 222.

1661: Selur Jón Egilsson, með samþykki konu sinnar Sigríðar Jónsdóttur, Jóni Ólafssyni 10 hdr í Sílastöðum. Jarðabréf, 198.

1691: Játar Sigurður Þórðarson fyrir sig og konu sína Guðrúnu Jónsdóttur að Sigfús Jónsson bróðir hennar skuli halda til fullkomlegrar eignar 10 hdr í Sílastöðum. Jarðabréf, 226.

1712: Á Guðmundur Halldórsson á Mýrarlóni 10 hdr í jörðunni og höfðu þau verið í eyði í 4 ár en hinn helmingurinn, eign Sigfúsar Jónssonar í Súðavík, hafði verið í eyði um 20 ár.

1790: Afsalar sr. Erlendur Jónsson Sílistöðum, 20 hdr. til Jóns Sigurðssonar fyrir 60 rd. specie, og átti Jón þá bæði Sílastaði og Sílastaðakot sem hann hafði keypt 1789. AÍ XVII, 184.

1917: 3 teigar. 2/3 slétt. Garðar 384 ferstikur. Niður undan bænum er mikið ræktað flatlendi, að hluta ofan vegar notað til kartöfluræktar.

**EY-272:008** varða landamerki

A 535921 N 580141



Nær hrunin varða er um 1,5 km vestan við bæ 001 og rúmum 500 m norðan við leið 277:011. Varðan er á merkjum Sílastaða og Garðshorns EY-239. Mögulega er þetta Sílastaðavarða 008. Þessi varða er þó skráð hér undir sér númeri þar til að að frekari staðfesting fæst á því. Varðan er rúmum 135 m sunnan við úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er efst á Moldhaugahálsi, á litlum gróðurlausum mel.

Varðan er niðurfalinn og er nú grjótdreif, um 1,8 m í þvermál og um 0,2-0,3 m á hæð. Steinarnir eru meðalstórir og smáir, grónir við jörðina og sumir þeirra skófum vaxnir

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Varða EY-272:008, horft til norðurs.*

EY-277 Syðri-Brennuhóll

20 hdr. 1712, 1802 (öll jörðin). Skipt í Ytri- og Syðri –Brennihóll, 10 hdr. hvor, 1847. Bændaeign. Sjá Ytri-Brennihól.

1712: Túnið er fordjarfað af lánvarandi órækt. Úthagarnir eru nægir.” JÁM X, 188. 1917: 1,8 teigar. 1/2 slétt.



Garður 225 ferstikur. 1990: Tún neðan bæjarins eru framræst mýrlendi.

**EY-277:005** Hólsstekkur tóft stekkur

A 535885 N 580107

“Upp undan túni á Syðrahóli heitir Stekkjarhall og þar var Hólsstekkur,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn hefur verið miklu lengra frá bæ, segir í viðbótum og bætt við: “Hef ekki áttað mig á hvar hans er að leita.” Stekkurinn er um 1,4 km vestan við bæ 001 og tæpum 40 m vestan við leið 011, ofar í brekkunni. Tóft er 130 m vestan við miðlínu áhrifasvæði Blöndulínu 3 sem var skoðað árið 2020. Tóftin var ekki skráð á vettvangi en fannst við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi. Tóftin var mæld upp eftir loftmynd og af þeim sökum ekki hægt að lýsa henni nánar. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er um Hólsstekk að ræða.



Skýringar

Fornleifar

Torflabið

0 1 2 3 4 m



*Gróf lögun Hólsstekkjar EY-277:005, samkvæmt loftmynd.*

Tóftin er í brattri brekku, stórþýfðri og lyngivaxinni. Þýfður blautur mói er upp af bænum, grónar lægðir á milli mela.

Tóftin er 15 x 10 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hól en ekki er hægt að segja til um nánara lag tóftarinnar án vettvangsheimsóknar. Hólf 1 er syðst og er 3,4x3 m stórt. Op er í suðausturhorni, inn í tóftina, og annað til norðvesturs, yfir í hól 2. Það hól er 3x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Þessi tvö hól eru að öllum líkindum stekkurinn og lambakró. Hólf 3 er norðan við hól 2 og ekki er innangengt á milli þeirra. Það er 4 x 2,5 m að stærð og op, líkega til norðvesturs. Ekki er útilokað að fleiri minjar leynist norðan við stekkin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-277:010\_1** varða óþekkt

A 536008 N 579958

Varða og steinalögn eru um 1,4 km vestan við bæ 001 og rúmum 180 m sunnan við leið 011. Minjarnar eru á svæði sem er 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Fornleifarnar eru um 60 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Minjarnar eru uppi á stuttum, allháum grónum hólhrygg sem snýr norðaustur-suðvestur. Neðan hóls til austurs eru grösugar brekkur niður í fjörðinn en til vesturs er þýfð brekka með lynggróðri upp á brún MoldhaugAháls. Hryggurinn er algróinn en ekki grösugur og er allhart undir sverði. Sauðfé virðist halda til á staðnum, þar er vel beitt og nokkuð um skepnuúrgang.

Varða 010\_1 er á norðausturhluta svæðisins. Hún er 2 x 2 m að stærð. Hún er um 0,4 m á hæð og í henni eru allstórir, skófum vaxnir steinar að mestu. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-277:010\_2** hleðsla

A 536006 N 579957

Steinalögn 010\_2 er um 2 m suðvestan við vörðu 010\_1. Steinlögnin er um 4 x 2 m að stærð og snýr ANA-VSV. Grjótdreifin er nokkuð ferköntuð en breiðari í suðausturenda. Grjótið er fremur smátt, skófum vaxið og allgróið við svörðinn. Einn stór steinn er í suðurhorni. Í grjótdreifinni stendur ekki steinn yfir steini og mesta hæð víðast um 0,1-0,2 m en litlu meiri þar sem stærstu steinarnir eru. Mögulega eru þetta leifar af kofa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Minjar EY-277:010, horft til norðausturs.*



*Gata EY-277:011, horft til norðurs.*

**EY-277:011** gata leið

A 535921 N 580141

Djúp gata er greinileg um 1,5 km vestan við bæ 001 og tæpum 200 m norðvestan við Hólsstekk 005. Gatan er tæpum 80 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Leiðin stefnir að bæjum vestan við Moldhaugaháls.

Gatan liggur í brattri brekku, stórþýfðri og lyngivaxinni. Neðan götunnar er mýrlent.

Aðeins sést ein djúp gata, er víðast um 0,3 m breið og 0,3 - 1 m djúp. Götunni er haldið við af skepnum. Hún stefnir til norður og er um 650 m á lengd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-284 Hraukbær

30 hdr. 1712. Möðruvallaklausturjörð.

Fyrst getið 9.9.1397 en þá voru Hraukbæjargrafir landamerki við Ytra-Krossanes og sú jörð átti einnig upprekstur í Hraukbæjarfjall - DI III, 620.

6.11.1447 er Hraukbær meðal Möðruvallaklaustursjarða og voru þar 6 kúgildi og jörðin byggð fyrir hálf tólf þriðja hdr í landskuld - DI IV, 711.

1525 er Hraukbær meðal Möðruvallaklaustursjarða - DI IX, 318.

1569 voru 3 kúgildi með Hriðkjæ, Möðruvallaklaustursjörð, DI XV, 364, en 1570 voru þar engin eftir - DI XV, 367.


Hraukbæjarkot byggt um 1670 og taldist eftir það 10 hdr - JÁM X, 190. "Landið liggur frá fjallsbrún og niður að skógarreit Glæsibæjarhrepps ofan við Dvergastein, og er landareignin á milli Bitru og Hraukbæjarkots." BE 1990 II, 616.

1712: "Enginu spillir lítið í einum stað bæjarlækurinn með sansáburði. Úthagarnir eru sémilega grösugir, en þrönglendir. Hætt er kvikfé fyrir lækjum og fornum mógröfum." JÁM X, 190.

1917: 4,2 teigar. 2/5 slétt. Garður 140 stukur2. 1990: Tún ofan Blómsturvallavegar eru þurrland, en neðan vegar er framræst mýrlendi, BE ATH

**EY-284:011** tóft sel

A 536813 N 578351



Uppdráttur af seli EY-284:011.

"Út og upp frá Koti er svonefndur Klapparhóll og ofan við hann er Selhjallinn." Kristinn segir seltóftir vera upp í fjallinu, fast við lækinn, ekki mikið ofar en efsta rafmagnslína á grænum áberandi hól. Selið er um 660 m vestur af bæ 001, uppi á norðurbrún bæjarlæksins. Selið er 55 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 árið 2020.

Þýfður vallendisbali, bæjarlækurinn rennur í gili fast sunnar. Gilið er um 12 m breidd og 2-3 m djúpt en auðvelt að fara þar yfir.

Tóftin stendur á þýfðum vallendisbala, framlaga á brekku Hún er 12 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í tvö hól en veggir eru mjög þykkir og hafa sennilega fallið ofan í hólfin. Þeir eru hæstir 0,3 m. Syðra hólfið er 2,5 x 6 að innanmáli og opnast til austurs, fram í brekkuna. Norðar er ógreinilegt hringlaga hólfið, um 2 x 2 m að innanmáli, ekki sjáanlegt neitt op á því.

Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hraukbær og Hraukbæjarkot, 172

EY-287 Ásláksstaðir

30 hdr 1712. Hólastólsjörð.

24.5.1486 er dæmt að Eiríkur Loptsson hafi átt Á. og að Sveinn Sumarliðason sé réttur erfingi hans. - DI VI, 569-72.

1520 eru Ásláksstaðir taldir meðal þeirra jarða sem Gottskálf bp hafði komið undir Hólastól: 'Aslacksstader

.xlc. vj kugilldi. Landskyllid. c. þa wti eru iij är.' DI VIII, 728.

1525 eru Ásláksstaðir meðal Hólastólsjarða – DI IX, 301.

1569: 'Med Aslakstodum landsk .c. oc .xl. alner med tiundum kug. .v.' Reikningur Hólastaðar, DI XV, 227.

1570: 'Med Aslakstodum .v. kug.' Kúgildi Hólastóls, DI XV, 458.

Munnmæli 1712 að jörðin hafi átt skipastöðu í landi Syðra-Krossaness á móti afgirtum engjaparti í eigin landi. JÁM X, 192. "Landið nær frá fjallshlíðinni niður að Lóninu og liggur Bitrugerði norðan að því en land eyðibýlsins Hrappsstaða að sunnan. Þarna eru hreppamörkin milli Glæsibæjarhrepps og Akureyrarbæjar." BE 1990 II, 622.


1712: Túninu spillir nokkuð í einum stað bæjarlækurinn með leirs og sands áburði. úthagarnir eru mjög litlir en þó grösugir. Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgörðum og holugryfjulækjum." JÁM X, 192. 1917: 7,6 teigar. 3/4 slétt.

**EY-287:008** hleðsla rétt

A 537369 N 577387

Hleðsla er um 330 m VSV við bæ 001 og rúmum 110 m norðan við landamerki við Rafnsstaði EY-288. Sé tekið mið af legu og staðsetningu var þetta rétt. Hesthús/skemma er miðja vegu milli réttarinnar og bæjarins. Hleðslan er mitt á milli Rangárvallalínu til vesturs og Dalvíkurlínu til austurs. Réttin er 45 m vestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 árið 2020.

Gróin brekka í halla til austurs niður fjallshlíð. Mikil skógrækt er á þessu svæði. Fjallshlíðin er brött og



Uppmæling af rétt EY-287:008.



Rétt EY-287:008, horft til norðurs.

raflínumastur er fast norðan við réttina.

Hleðslan afmarkar austurvegg tóftar sem grafinn er til vesturs inn í hlíðina. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er þetta rétt. Hún er 14 x 7,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggirnir eru 0,6 - 1 m á hæð og algrónir. Að öllum líkindum eru þeir hlaðnir úr torfi og grjóti. Kanturinn til vesturs er um 2 m á hæð og brattur. Réttin er opin til norðurs, við kantinn en ekki sér til hólfaskiptingar inni í henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-288 Hrappsstaðir

20 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig Rafnsstaðir og Hrafnstaðir.

Getið 1417 en þá afhenti Ingibjörg Loptsdóttir Ingunni Árnadóttur erfingja sínum H. ásamt mörgum öðrum jörðum.

1.7.1538 selur Þorsteinn Torfason Ara Jónssyni lögmanni Rafnsstaði fyrir 30 hdr - DI X, 367.

230.4.1549 selur Ari Jónsson Teiti Magnússyni Rafnsstaði - DI XI, 704.

7.5.1622 selur Guðrún Skúladóttir Þorláki bpi bróður sínum hálfu Hrafnstaði fyrir 10 hdr. - Jarðabréf, 221.

24.5.1633 greiðir Þorlákur Skúlason bp Guðrúnu systur sinni m.a. hálfu Hrafnstaði, 10 hdr, vegna skuldar, með samþykki konu sinnar Kristínar Gísladóttur - Jarðabréf, 221.

Búskap lauk 1955. "Hrappsstaðaá deilir löndum að sunnan milli jarða niður að brekkurótum, en þar sveigir áin til norðurs. Eftir það eru landamerki Hrappsstaða í stefnu til austus frá gilskjafst að Lóninu. Sunnan við ána nefnist Hrappsstaðagrund og Hrappsstaðanes neðar og endar það í mjóum tanga þar sem árin sameinast Lóninu rétt norðan við þar sem áður stóð bærinn Mýrarlón." BE

1917: 4.4 teigar. 1/3 slétt. Garðar 207 ferstiklur. 1712: "Enginu hefur að fornu spillt jarðfallsskriða úr fjallinu,

sem nú er mikinn part grasi vaxinn til hagbeitar. Úthagarnir eru grösugir og litlir ut supra. Hætt er kvikfé fyrir holugryfulækjum og afætudýjum.” JÁM X, 193.

**EY-288:001 Rafnstaðir** bæjarhóll bústaður A 537700 N 577261

Bæjarhóllinn er þar sem íbúðarhúsið stendur enn, um það bil 250 metra vestur af Lögmannshlíðarveginum. Húsið er steipt á einni hæð með risi og er ónýtt. Bæjarhóllinn er greinilegur í óræktuðu túni og mikil uppsöfnun mannvistarlaga er þar sér í lagi til norðurs og norðausturs. Bæjarhóllinn er 6 m utan við áhrifasvæði Blöndulínu 3 en helgunarsvæði tóftarinnar lendir þar innan, það er 15 metrar.


Nokkuð hár og greinilegur náttúrulegur hóll í sléttu túninu.

Bæjarhóllinn er um 30 m í þvermál og um 1-3 m á hæð. Búið er að slétta yfir hólinn og mikið af njóla og kerfli vex þar. Bratt er niður af hólnum til norðurs og austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917,

**EY-288:006\_1** mannvirki herminjar



*Uppmæling af minjum EY-288:006*

“Neðan undir Hrappsstöðum og Ásláksstöðum dvöldu norsku hermennirnir löngum.” segir í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði eftir Jón Hjaltason. Austan við veginn um Kræklingahlíð má sjá leifar af kampi á loftmynd, þar sem vegurinn sveigir við hesthús, og í gilinu upp með Hrappsstaðaánni eru leifar af grunnum eftir bragga. Minjarnar eru rúmum 300 m sunnan við bæ 001. Minjarnar ná yfir mun stærra svæði en tekið var til athugunar árið 2020 vegna Blöndulínu 3. Minjarnar ná lengst 25 m til suðvesturs frá miðlínu áhrifasvæðisins við sumarbústað sem kallast Hrappsstaðir og þvert þaðan til norðausturs, yfir allt svæðið og áfram þaðan. Þær eru á svæði sem er 190x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Alls lenda sjö minjar innan áhrifasvæðis en þær eru mun fleiri utan þess, m.a. fyrrnefndur kampur. Af þeim sökum vantar inn mikið af upplýsingum um þessar minjar sem fyrst voru skráðar árið 1998. Sú skráning

uppfyllir ekki þær kröfur sem nú eru gerðar til fornleifaskráningar og svæðið tekið miklum breytingum.

Sléttur vallendismói var á svæðinu árið 1998. Nú er skógrækt yfir norðurhluta þess og sumarbústaðalóð með tilheyrandi raski er hjá syðsta hluta minjanna.

Árið 1998 var talað um að vestan við veginn í „gilinu“ væri L-laga garður 006\_1 um 25 metra langur. Líklega er átt við veginn um Kræklingahlíð, þar sem hann beygir við afleggjara að sumarbústaðnum. Ekkert er minnst á nánari legu garðlagsins en sé tekið mið af lýsingunni var hann suðvestastur af þeim minjum sem eru innan áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Garðurinn fannst ekki við þessa yfirferð árið 2020 og gæti allt eins verið komið undir byggingu eða horfin í skógrækt. Ekki reyndist hægt að staðsetja garðlagið með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** mikil hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Jón Hjaltason, 45.



*Grunnur EY-288:006\_2, horft til SSA.*



*Mannvirki EY-288:006\_3, horft til norðausturs.*

**EY-288:006\_2** mannvirki

A 537775 N 576951

Árið 1998 var steypdur grunnur af bragga 006\_2, austan garðlags 006\_1 sem er horfið. Hann var fast við greinilegan vegarlóða en miklar breytingar hafa átt sér stað á svæðinu síðan. Lítil hluti grunnsins sést núna, hann er kominn undir sólpall við sumarhús sem kallast Hrappsstaðir. Steypan kemur undan sólpallinum hér og þar til suðvesturs. Líklega var grunnurinn um 14 x 5 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur. Ekki er vitað hversu mikið er eftir af honum undir pallinum. Grunnurinn er 45 m suðvestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 árið 2020.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-288:006\_3** mannvirki

A 537805 N 576964

Austan við grunn 006\_2 var þýft, grýtt svæði árið 1998 með óljósum ummerkjum um umsvif hersins. Svo er enn. Svæðið er um 30 x 20 m og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru ógreinilegar byggingarleifar og U-laga grjóthryggur en ekki er útilokað að eitthvað af jarðraski sé gert í tengslum við sumarhúsið. Mannvirkin eru 10 m suðvestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 árið 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-288:006\_4** mannvirki

A537821 N 576985

Austan við grýtt svæði 006\_3 var steypdur grunnur bragga árið 1998 og sést hann enn árið 2020. Jóni Víkingi, heimildamanni árið 1998, þótti líklegt að hann hafi verið notaður til að geyma í vinnuvélar. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og steypdir. Grunnurinn er 11 x 5,5 að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á norðvesturgaffli. Miðlína áhrifasvæðis vegna Blöndulínu 3 árið 2020 er beint yfir grunninum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Grunnur EY-288:006\_4, horft til norðurs.*



*Mannvirki EY-288:006\_5, horft til suðurs.*

**EY-288:006\_5** gryfja

A 537904 N 577071

Milli kampsins (ekki skráður árið 2020) sem er nokkuð norðan við áhrifasvæði Blöndulínu 3 og bragga 006\_4 til suðurs eru nokkrir grjóthólar, greinilega gerðir af mannahöndum og milli þeirra nokkuð djúpar gryfjur sem nú eru fullar af drasli sumar hverjar. Minjarnar eru fast ASA við veginn um Kræklingahlíð og raflínur liggja þar beint yfir. Raflínumöstrin eru t.d. ofan á hólunum að hluta nú þegar. Þessi mannvirki eru öll skráð hér saman, á svæði sem er 70x35 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Öll mannvirkin eru óljós og í raun hvað er mangert og hvað ekki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

EY-291 Lögmanshlíð

100 hdr með afbýlum 1712. Bændaeign.

Getið í Ljósvefninga sögu, þá kölluð Hlíð og svo ávallt fram á fyrri hluta 15. aldar er Lögmanshlíðarnafnið festist og mun það vera kennt við lögmennina Guðmund Sigurðsson (1302-18, 1321-40) og Sigurð Guðmundsson (1358-80).

1254 : « Þeir [Gissur Þorvaldsson og flokkur hans] átu dagverð í Hlíð, sumir að Gríms Einarssonar skeggs en sumir á öðrum bæjum. » Íslendinga saga, Sturl, 647.

1285 : « Herra Jörundur biskup að Hólum greiddi peninga Sigurði í Hlíð fyrir Möðruvallastað ... » Árna saga

biskups, Sturl, 844.

Frá [1296] er til skrá um reka sem Jörundur biskup (þ.e. Hólastaður) og Sigurður lögmaður í Hlíð áttu saman, mest um Melrakkaslétu . DI II, 315-17.

1430 : Skipar Loptur Guttormsson þeim erfingja sínum er fær Lögmannshlíð að halda þar ómaga af Möðruvellingaætt og á hann að fá 8 álnir vaðmáls á ári . DI IV, 406.

[haustið 1432] er Hlíð meðal þeirra stórbýla sem komu til skipta eftir Lopt ríka Guttormsson á milli barna hans Þorvarðar, Eiríks, Ólafar og Soffíu . DI IV, 519.

[um 1500]: Eru leidd vitni um að “Eiríkr Loptsson. sem þa atte jordina Logmannzhlíð. hiellt þa og hafde og sier eignade med greindre jordu Logmannshlíð alla halfa Oddeyre rettsyni i sio þar sem Glera fellr fyrst ur gliufrum. Var þ.esse máldage og landamerke optlega lesin i logmannzhlíð. bæde þa Eiríkr lifde og Sumarlíde epter hann. hafde Eiríkr og svo Sumarlíde þessa greinda landaregin med hlíd atolulaust meir enn .xxxx. vetr.” DI XI, 55.

1506: Selur Finnbogi Jónsson lögmaður Gottskálk bpi jarðir gegn tilkalli og eignarorði biskupsins til Lögmannshlíðar eftir því sem sr. Eiríkur Sumarliðason hafði honum fengið . DI XI, 60-61.

1508 lét Finnbogi Jónsson lögmaður lesa upp 12 lögréttumannadóm þar sem þeir dæmdu Finnboga til fullrar eignar alla jörðina Lögmannshlíð. DI VIII, 236.

1528 selur Hrafn Brandsson lögmaður Jóni Arasyni bpi Lögmannshlíð, jörð konu hans Þórunnar Jónsdóttur - DI IX, 448-450.

30.11.1531 sagði Jón Arason að hann hafði gefið Helgu dóttur sinni 2 hundruð hundraða og var þar tilskilin í jörðin Lögmannshlíð með því búi og peningum sem þar þá samanstóðu, til akups við Eyjólf Einarsson. DI IX, 604.

1551 selur Erlendur Jónsson Birni Gíslasyni 17 hdr og 4 ágildi í Lögmannshlíð. DI XII, 261.

1554: kvittar Ólafur bp Hjaltason sr. Björn Gíslason af portio Lögmannshlíðarkirkju frá því að Gottskálk bp kvittaði Finnboga Jónsson 1505 og til 1526. DI XII, 670.

1558 gefur Eyjólfur Einarsson, með ráði konu sinnar Helgu Jónsdóttur, dóttur sinni Önnu 70 hdr uppí jörðina Lögmannshlíð og á kirkjan þar jörð á Hesjuvöllum . DI XIII, 324.

1569: Laugmannshlíð hun A kot heiter Hesiuvallir. vilia þeir aungum kirkiugodzum suara sem nu gardinn hallda. þui biskup Gottskal hafi giefid þeim kuit kirkiugodz. prest tiund af fastaeign xvij aurar. en það fallid hefur j kirkiutiund medan Vigfus Þorsteinsson hefur halldid vill hann suara kirkiunne ofrifum peningum fyrir so mikid sem hann a at suara. DI XV, 343.

1620 segir Guðbrandur Þorláksson bp í bréfi: “Sú jörð, Lögmannshlíð, fer nú sölum og skiptum, svo Jón Sigurðsson skal nú vera eigandi að 30 hndr. Bæjarhræ má sú jörð heita, niðurnídd og hrunin í grunn.” Jarðabréf, 217.

1622: Jón Sigurðsson sýnir framburð Guðbrands bps um að biskup Jón hefði gildið jörðina Á, Hlíðarkirkju fyrir fornan kirkjureikning og vitnar í skjal bps. « Nú hafa arfar biskups Jóns tekið þær báðar jarðir Á og Keppsá frá Hlíðarkirkju, skipt með sér sem öðru arfagózi, en Hlíðarkirkja hefur nú ekki þar. » vitnað er í bréf Jóns bónda Björnssonar frá 1607 sömu meiningar, að bp Jón hefði gildið Hlíðarkirkju Á fyrir kirkjureikning. Einnig meðkenning Eyjólfssonar að hans sálugi föðurfaðir Eyjólfur Einarsson hefði ekki gefið jörðina Á börnum sínum með Lögmannshlíð. Þá bar Jón Sigurðsson að jörðin Á hefði átölulaust legið undir Hlíðarkirkju um 50 ár eða lengur, því bóndinn [á Glerá ?] Einar Hákonarson fram bar ekkert fyrir sína hönd, það sem þessu hrinda mætti. Því var Jóni Sigurðssyni dæmt að halda þriðjung jarðarinnar Á undir Hlíðarkirkju, en þar sem bóndanum Einari Hákonarsyni hafði verið dæmdur þriðjungurinn á fyrirfarandi Öxarárþingi var hann sendur til síns heimildamanss eftir lögum. AÍ V, 82.

1632 telur Jón Sigurðsson Vigfúsi syni sínum í kaupmála m.a. hálfá Lögmannshlíð fyrir 50 hdr og lofar Vigfús að gefa Guðrúnu Haldórsstóttur heitkonu sinni hálfá Lögmannshlíð. Jarðabréf, 2443.

1641 selur Jón Jónsson Vigfúsi bróður sínum hálfá Lögmannshlíð . Jarðabréf, 243.

1660 telur Vigfús Jónsson Jóni syni sínum í kaupmála Lögmannshlíð, eitt hundruð hdr, með jörðunum Esjuvöllum, 20 hdr, Kollugerði, 10 hdr, og öðrum hennar heimalöndum. Þar að auki eru tilnefndar kirkjujarðirnar Á, 40 hdr, og Keppsá, 10 hdr. Jarðabréf, 222-223.

1621 selur Eyjólfur Eiríksson Jóni Sigurðssyni 66 hdr og 4 ærgildi í Lögmannshlíð. Jarðabréf, 217.

1703 : Jarðeignir Jóns Vigfússonar og Lögmannshlíðarkirkju. Solátandi reikning gef ég undirskrifaður yfir þær jarðir, sem Lögmannshlíðarkirkju og mér tilheyrar: Lögmannshlíð með sínum tilliggjandi heimalöndum, tíutíu hundruðum að dýrleika. Hennar heimalönd þessi : Esjuvellir, heimal. 20 hundruðum að dýrleika. Landskyld eitt hundruð á landsvíu. Þar upp í gelst tveggja daga sláttur fyrir 20 álnir, 20 álnir í eldi, en hitt annað í ullarvöru. Kúgildi 4ur, tilskildar leigur í smjöri. Titlingur með Uppsölum, heimal. landskuld áttatíu álnir, gelst í ullarvöru og sauðum. Kúgildi 3, eftir þaug áskildar leigur í smjöri. Kollugerði með Rangárvöllum, heimal. landskuld fimm ærgildi, gelst í ullarvöru og sauðum, þar með tveggja daga sláttur. Kúgildi 4ur, áskilin vætt smjörs í leigur. Á, Lögmannshlíðarkirkjujörð, 40 hundruðum að dýrleika. Landskuld tvö hundruð á landsvíu. Upp í þá landskuld gelst þriggja daga sláttur, 40 álna fôður, hitt annað í ullarvöru og sauðum. Kúgildi 7, eiga að gjaldast

leigur í smjöri. Keppsa, Lögmannshlíðarkirkjuförð, 12 hundruðum að dýrleika. Landskuld 4ur ærgildi. Þar upp í gelst tveggja daga sláttur, 20 álna fôður, hitt í ullarvöru. Kúgildi 3 og tvær ær betur. Eiga eftir þaug að gjaldast leigur í smjöri. Mýrarlón, lögbýli, 20 hundruðum. Landskuld eitt hundrað á landsvíu. Upp í þá landskuld gelst þriggja daga sláttur, 20 álna fôður, hitt í sauðum og ullarvöru eftir sem goldið verður. Kúgildi 4ur, áskilin vætt smjörs í leigur. » JÁM XIII, 374-75.

Hesjuvellir, Tittlingur, Kollugerði og Rangárvellir voru hjáleigur í byggð 1712 en Bandagerði var fornt eyðiból. Einnig voru Kriugerði og Sandgerði tvennar girðingar í landinu en ekki ætluðu menn þar byggð verið hafa. Búskap lauk 1972. “Land Lögmannshlíðar liggur á milli Hlíðarenda og Hesjuvalla og nær niður að merkjum við Rangárvelli. Þá á Lögmannshlíð spildu milli Hesjuvalla og Kollugerðis er nær norður að merkjum við Mýrarlón.” BE 1990, 687.

1917: 8.1 teigar. 1/2 slétt. Garðar 180 ferstiklur. 1712: “Túninu er mjög hætt við skaða og skriðufalli, bæði úr bæjarlæknum og fjárhúslæknum, sje ekki með bestu gætni við varðað. Engið spillist nokkur af sömu lækjum, sem ber á það grjót og sand. Úthagarnir eru nægilega grösugir og víðlendir. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum og lækjum og so fornum torfgröfum.” JÁM X, 197.

**EY-291:020** heimild um landamerki

A 538256 N 576873

Í örnefnaskrá segir: «Að norðan úr Ódrykkjulæk, sem rennur fyrir sunnan Syðra-Krossanes, þaðan beina stefnu í mitt Viðarholtsvik, svo beina stefnu þaðan í vörðu utan í svokölluðum Guddumel, er stendur rétt austan við Lónið ...» Guddumelur er austan Lónsins beint suður af túnunum á Mýrarlóni. Staðurinn var fyrst heimsóttur árið 1998 og aftur árið 2020. Á milli heimsóknanna er búið að græða upp landið og gróðursetja tré á svæðinu. Hnit var tekið 140 m NNA við miðlínu úttektarsvæðir og 220 m vestan við reiðveg.

Nokkuð grýttur og lítið gróinn melur en lyng og birkitré eru hér og þar.

Landamerkjagirðing liggur yfir melinn að norðanverðu. Þar eru nokkrar grjóthrúgur en engin heil varða. Á svæðinu er mikið af stóru grjóti og möguleiki að á þessu svæði hafi eitt sinn verið varða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Lögmannshlíð, 21.

EY-651 Fornleifar á afrétti

Fornleifar á afréttarlandi í Skriðuhreppi, m.a. á Möðruvallaafréttur.

**EY-651:003** Grjótáarkot þúst býli

A 514592 N 5645811

“Í sögu Guðmundar Arasonar biskups, er þess getið, að Ari Þorgeirsson, faðir hans, hafi búið á Grjótá í Hörgárdal [sjá líka 006] og þar væri Guðmundur fæddur. Dalskora gengur suður í fjöllin á milli Háafjalls og Grjótárhjúks. Heitir dalur þessi Grjótárdalur og áin, sem eftir honum rennur, Grjótá. Af býlinu Grjótá eru nú engar rústir eftir, nema ef vera kann, að það sé sama og Grjótágerði eða Grjótáarkot svo nefnt til skiptis, sem rústir eru enn til af, en eru hinum megin Hörgár í landi Flögusels. Þó mun sú nafngift á bæ tæpast til að kennt sé við á sem rennur um dalkjálka andspænis. Verður því að ætla, að bærinn Grjótá hafi verið við Grjótána og austan Hörgár, en Grjótágerði afbýli þaðan. Allt land er fyrir utan Grjótána er mjög skriðufallið,” segir Eiður Guðmundsson í Mannfellinum mikla. “Niður við ána er grjótrétt [209:005], en framan við Flöguselshóla er ógreinilegar rústir fornbylisins Grjótáarkots eða Grjótágerðis sem gæti þó verið sama býli og er nefnt Grjótá og er fæðingarstaður Guðmundar biskups góða. Þó eru uppi tilgátur um að Grjótá hafi verið handan við ána, nokkru framar en ummerki eru þá löngu horfin,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. 1712: “Griótáarkot er hjer nefnt. Þar hyggja menn bærinn að fornu hafa staðið hafi um ii ára tíma. Fyrir lv árum meinast í þessu landsplássi engin byggð verið hafi,” segir í Jarðabók Árna og Páls. “Þar niðri við ána var Grjótáarkot, eða Grjótá, sem talin er fæðingarstaður Guðmundar biskups hins góða. Mun kots-nafnið hafa bæst við hið upprunalega bæjarnafn eftir að jörðin fór í eyði, en er það ekki óalgengt. Bærinn mun hafa staðið mjög nærri Hörgá og túnið hafa verið stórt og þýft,” segir í örnefnaskrá. Svæðið sem Grjótáarkot á að hafa staðið er 1,2 km innan (suðvestan) við Flögusel (209:001). Það er fast neðan (suðaustan) við jeppaslóða sem liggur inn Hörgárdal, innan (suðvestan) við Flöguhóla. Talað er um aðra staðsetningu á Grjótá (sbr. 006) en mögulega hefur þetta átt að vera einn og sami staðurinn. Svæðið er grasi gróid, fagurgrænt og þýft.

Engar tóftir sjást nú á svæðinu en ekkert ólíklegt er að þær gætu leynst í stórbýfi, þá alveg hlaupnar í þúfur. Svæðið er um 130 X 80 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Sturlunga I (útgáfa 1988), 102; Eiður Guðmundsson: Mannfellirinn mikli, 43; BE 1990, 487; JÁM X,147; Ö-Skrið, 48

**EY-651:004\_1** Hörgárdalsheiði gata leið

A 510684 N 563623

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: «... Grjótárdalur, lítið en kjarngott dalverpi liggjandi til landausturs, en þaðan rétt í vestur liggur löng, djúpt niðurskorin afrétt, hér um bil hartnær eina mílu að lengd, kölluð Hörgárdalur, upp úr hveru suðursíður liggur brött gata sniðskorin uppá svokallaða Hörgárdalsheiði, sem leiðir vestur í Norðurárdal í Skagaffjarðar]sýslu.» Þegar þessi leið var farinn var farið yfir (vestur yfir) Grjótá. Skömmu vestar er komið fram á vörðubrot en leiðin yfir Hörgárdalsheiði er vörðuð. Þetta svæði hefur verið nefnt Sveigar og vörðunum má fylgja að Heimari-Slakka eða jafnvel alla leið að Fremri-Slakka þar sem Begguklöpp er. Samkvæmt Árbók Ferðafélagsins verður að fara með hross upp Fremri-Slakka en styttra og brattara var að fara um Hörgárdalsheiði. Stefna var þá tekin inn dalinn á heiðarbrúninni þar sem hún var lægst og gengið alla leið að vatnaskilum. Þaðan liggur leiðin um urðarhóla sem kallast Núpar og sjást fjárgötur á þeim kafla leiðarinnar. Vaðið var yfir Víkingsá og var þá komið að sýslumörkum.

Smá dalverpi er milli Heimari-Slakka og Borga en vestan við Borgir er aflíðandi svæði að Fremra-Slakka og Heiðará.

Í fornleifaskráningu frá árinu 2006 segir: «Vörðurnar þrjár sem sjást áður (austar) en komið er að Hörgárdalsheiði voru skráðar sem hluti af leið um Hjaltadalsheiði (sjá 008). Engar vörður eru á heiðinni sjálfri og ekki var skrásetjari var við áberandi göngustíga upp heiðina enda þarf þar að klífa talsverðan halla.» Árið 2020 var Hörgárdalsheiðin gengin vegna úttekta á Blöndulínu og þá komu í ljós augljósir kindastígar og ein varða (004\_2). Leiðin sést á tveimur stuttum köflum upp heiðina úr Hörgárdal, framhjá vörðunni og virðist greinast í tvær leiðir þegar komið er upp á heiðina. Hún sést sem einfaldur kindastígur, ýmist gróinn eða ógróinn.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** SSE, 137

Leiðin um Hörgárdalsheiði EY-651:004, horft til suðurs.



Varða EY-651:004\_2, horft til norðurs.

**EY-651:004\_2** varða leið

A 510778 N 563955

Varða 004\_2 er á mosavöxnum hól í suðurhlíð Hörgárdals, á leiðinni upp úr dalnum yfir heiðina. Hún er 50 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er mjög hrúnn og grjót úr henni er dreift um hólinn. Greinilegt er að grjótið er aðborið, því hólinn er algróinn og mosavaxinn. Varðan er 0.2 m á hæð og útlöft, 1,8 x 1,5 að flatarmáli. Steinar eru fremur stórir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda**EY-651:007** Laugareyri hleðsla bað

A 513731 N 564180

“Niðri við ána, nokkru frammar, er heit laug í Laugareyri og mun vatnið um 50 stiga heitt,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. “Heimara-hraun er mikil framhlaupsdyngja og allvel uppgróin. Þar við ána er Laugareyri ekki alllangt frá Hellunefi. Er uppspretta þessi um 30 stiga heit. Fyrrum rann úr henni lækur, en hann er nú fallinn undir urðarskriðu. Kringum laugina er líkast fjárréttargólfi eftir átroðning kinda, sem sækja mjög að þessum stað, til að drekka volga vatnið,» segir í örnefnaskrá. Laugin er í Laugareyri um 2,1 km innan (suðvestan) við Flögusel 209:001 en um 770 m utan (austan) við Saurbæjarsel 014. Laugin er fast neðan (suðaustan) við jeppaslóða sem liggur inn Hörgárdal. Hún er um 2 m ofan við (norðvestan) við kvísl Hörgár. Laugareyri er rúma 70 m sunnan við miðlínu Blöndulínu.

Laugin er á sléttri áreyri sem vaxin er grasi er er mjög grýtt í grunninn.

Laugin er rúmlega 3 m á lengd en 1,5 m á breidd. Hún snýr sem dalurinn norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að tala um eiginlega hleðslu umhverfis laugina en upprunalega hefur þó einfaldri steinaröð verið raðað umhverfis hana til að marka hana af. Laugin er grunn og nú aðeins ylvog eða um 30°C. Rás liggur úr lauginni í Hörgá.






*Laug EY-651:007, horft til norðausturs.*

Hlaðið hefur verið norðan við hina eiginlegu laug líka, mögulega var vatni veitt þangað eða uppsprettan færst til.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** BE 1990, 487; Ö-Skrið, 48



Skýringar

Fornleifar

Grjóthlaðið

0 1 2 3 4 m



*Uppmæling af laug EY-651:007.*

**EY-651:014\_1** *Saurbæjarsel* tóft sel  
 “Selstaða er hjeðan [frá Saurbæ 202:001] í því plássi, sem liggur millum stólsins og klaustursins landa fram af Hörgárdal, og nefnist Gullreitur,” segir í Jarðabók Árna og Páls. Elsta heimild fyrir eignarhaldi Saurbæjar á þessu svæði er frá 1560 í sölubréfi sem varðveist hefur: 1560 selur Jón Oddsson sr. Birni Gíslasyni hálfan Bakka og hálfar Auðnir og hálfu Skjaldastaði í staðinn fyrir Saurbæ. Í bréfinu koma fram upplýsingar um landamerki Saurbæjar en skv. Birni átti jörðin: “land fram a Horgardal a mille Hellna. og þess lækiar sem geijngur fram ofan epter Hafaleijte. fyrer vtan fram og være það land kallad Gullreijtur. enda GeijmlungsReijtur...” Í Mannfellinum mikla segir: “Í svokölluðum Gullreit eru gamlar rústir af seli, sem hét Saurbæjarsel. Þar var selstaða framundir lok átjándu aldar.” “Framan við Flöguselsland tekur Möðruvallaafréttur við og skammt sunnan við Laugareyri eru rústir Saurbæjarsels en selstaða mun hafa lagst af þar í lok átjándu aldar,” segir í Byggðum Eyjafjarðar. Saurbæjarsel er um 770 m innan (vestan) við laugina 651:007 en 2,8 km innan (VSV) við Flögusel 209:001.

A 512967 N 564121



*Saurbæjarsel EY-651:014, horft til suðausturs.*

Á þessu svæði er gott beitiland, aflíðandi og grasi gróin hlíð upp frá Hörgá.

Selið var upphaflega skráð árið 2005 sem hluti af aðalskráningu í Skriðuhreppi. Farið var aftur á vettvang í ágúst árið 2020 fyrir umhverfismat vegna Blöndulínu á milli Eyjafjarðar og Blönduvirkjunar. Tóftin var þá mæld upp með nákvæmum hætti og var minjalýsingunni breytt nokkuð til samræmis við aðra túlkun skráningarmanns og nákvæmari mælinga. Seltóftin er 114 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Allt umhverfis selið er fagurgrænt og þýft og ekki ólíklegt að fleiri tóftir en sú sem hér er skráð kunni að hafa hlaupið í þúfur og séu því ógreinilegar. Einnig er mögulegt að jeppaslóði inn Hörgárdal, sem liggur skammt ofan (norðvestan) við tóftina, hafi verið lagður yfir þústir. T.d. er fagurgræn hæð um 20 m ofan (norðvestan) við tóftina og að hluta undir vegi. Vel má vera að í hæðinni leynist mannvistarleifar, sjá 014\_2. Eina greinilega tóftin í Saurbæjarseli er hins



Skýringar

Fornleifar --- Öljóst

Torfhlaðið

0 2.5 5 7.5 10 m



*Uppmæling af seli EY-651:014.*

vegar um 15 m neðan og suðaustan við jeppaslóða. Suðurhluti tóftarinnar er greinilegastur og eru þar þrjú hólf en nyrst í henni má greina tvö ílöng hólf sem eru signari og fornlegri og tilheyra líklega eldri fösúm bygginga á þessum stað. Tóftin er 16,5x17,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er mikil uppsöfnun mannvistarleifa undir tóftinni en hún er þó greinanleg undir suðaustasta hluta hennar sem virðist jafnframt yngstur. Þar er einnig mest grænka í grasi. Á vesturhlíð eru skil á milli eldri og yngri hluta tóftarinnar. Hefst lýsingin vestast í syðri hluta tóftarinnar. Op er inn í vestasta hólfíð á norðurgaffli. Það hólf er 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er úr því til austurs inn í hólf sem er 8x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljós skil eru á milli þess og annars hólfis sem er þar norðan við og samsíða. Er það 5x1,5 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru yfirgrónir en greina má grjóthleðslur á stöku stað. Veggir eru víða 1,5-2m á breidd en 0,4 m á hæð. Norðan við þennan hluta tóftarinnar er ílangt hólf sem er 9x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op er á því í vesturenda. Mögulega hefur það gegnt hlutverki heystæðis en einnig kann það að tilheyra eldri fösúm byggingarinnar. Norðan við það og samsíða er annað svipað hólf en fornlegra sem virðist niðurgrafið. Er það um 11 m langt og 0,5-1 m á breidd. Innst og austast í því er mjög skýrt afmarkaður og dýpri niðurgröftur sem er 1,6x0,8 m að innanmáli. Veggurinn sem afmarkar þetta hólf er mjög hlaupinn í þúfur og orðinn óreglulegur. Hefur hann að líkindum tilheyrt eldra mannvirki sem byggt hefur verið ofan á í seinni tíð. Við það hefur myndast bil þarna á milli veggja sem minnir á ílangt hólf. Samkvæmt Eiði Guðmundssyni (Mannfellirinn mikli og Búskaparsögu í Skriðuhreppi forna) var það Marteinn Guðmundsson (f. 1749) á Saurbæ í Myrkársókn sem síðast hafði í seli á þessum stað, en hann bjó á Saurbæ 1786-1797. Lét hann, samkvæmt Eiði, ærnar ganga þar úti til jóla, ef veður og snjóalög leyfðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** DI XIII, 471-472, BE 1990, 487, JÁM X, 144, Mannfellirinn mikli, 43 og 80; Búskaparsaga Skriðuhrepps forna III, 10.

**EY-651:014\_2** þúst óþekkt

A 512931 N 564123

Fagurgræn og þýfð þúst er um 20 m NNV við seltóft 014\_1. Hún er Fjargötur liggja meðfram henni að norðanverðu og í gegnum hana. Hafa göturnar gert það að verkum að norðurjaðar þústarinnar virðist skýrt afmarkaður og erfiðara er að átta sig á þessu meinta mannvirki en ella. Þústin er 11,5x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Er hún lítillega kúpt að ofan og er 0,4 m á hæð. Lagning vegarslóða fast ofan og norðvestan við þústina kann að hafa raskað mannvistarleifum í henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-651:017** varða samgöngubót

A 510518 N 563408

Nær hrunin varða er rétt norðan við Heiðará, á Fremrislekki, rúnum 1,1 km suðvestan við vörðu 018 og um 1,4 km VNV við legstað 010. Varða er um 108 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á grýttum mel. Gróður er nokkur, mosi að uppistöði. Deiglent er kringum melinn.

Varðan er ferköntuð í botni, 1,8 x 1,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Aðeins neðsta umfarið af veglegu grjóti sést sem er 0,2-0,3 m á hæð. Varðan er hlaðin úr 4-8 steinum. Sennilega var hún vegvísir á leið 651:004.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða EY-651:017, horft til suðurs.



Varða EY-651:018, horft til norðurs.

**EY-651:018** varða samgöngubót

A 511299 N 564281

Stæðileg varða er rétt sunnan við Tvílæki, um 1,7 km NNV við legstað 010 og rúnum 1,2 km norðvestan við vörðu 017. Varðan er um 25 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á Hörgárdalsheið. Hún er rétt sunnan við áreyrar Hörgá, á mosa og lynngríku svæði. Varðan er um 2 m í þvermál. Hún er hlaðin mjög stæðilegu grjóti og er hún 0,5-0,6 m há. Varðan er strýtulega og hlaðin úr 15-20 steinum. Varðan hefur hrunið lítillega til norðurs. Sennilega var hún vegvísir á leið 651:008. **Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-651:019** tóft óþekkt


A 514113 N 564458

Tvískipt tóft úr torfi og grjóti neðarlega í hlíðum Flöguselshnjúks, ofan við stórt bjarg á þurru barði í mýri. Tóftin er 1,6 km suðvestan við bæinn í Flöguseli 209:001 og 195 m suðvestan við beitarhús 023. Hún er 66 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Mýrin á milli þurrari gróinna holta. Hún er nokkuð blaut en grösug. Farvegur lækjar sem rennur ofan úr fjalli er vestan við tóftina.



Tóft EY-651:019, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft EY-651:019.

Suðurhluti tóftarinnar virðist hafa verið grafinn ofan í barðið en í heild er tóftin 8x7 m að stærð. Op er inn í tóftina í suðausturhorni. Þar er komið inn í samansigið hól sem er 4,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Úr miðju þessu hólfi er op inn í annað hól til norðurs. Stendur það hærra og er 2x1,5 m að innanmáli, snýr eins og fremra hólfið. Mesta hæð veggja er 0,6-0,7 m á suðurhlið en þessi hlið virðist að mestu leyti náttúruleg brún barðisins. Er suðurveggur í tóftinni 3 m breiður. Í veggjum sést í grjót hér og hvar en ekki eiginlegar hleðslur. Vestan við tóftina er skarð inn í barðið sem virðist hafa myndast við efnistöku þegar tóftin var hlaðin, frekar en að þar sé þriðja hólfið í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt verður að teljast að þarna hafi verið fjárhúskofi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**EY-651:020** tóft óþekkt

A 513861 N 564317

Tvískipt tóft úr torfi og grjóti er í skoru á milli tungna í gríðarmikilli gamalli skriðu úr Flöguselshnjúki sem heitir Heimarhraun. Skuggsælt er þar þegar líður á kvöld en skjólsælt. Tóftin er 180 m norðaustan við laug 007 og 480 m suðvestan við beitarhús 023. Tóftin er 53 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Smáþýft og grösugt er í kringum tóftina en háar hlíðar skriðunnar eru allt í kring nema til suðausturs. Eru



Tóft EY-651:020, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft EY-651:020.

skriðan sumsstaðar gróin en ógóin annarsstaðar. Nokkurt grjóthrun úr þeim er í kringum tóftina, einkum ofan og norðvetstan við hana. Gróður einkennist af grasi, ljónslöpp, og fíflum.

Tóftin er 10x4,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í hana úr suðurhorni. Þar er lítið hól sem er 2x2 m að innanmáli. Veggur sem skilur á milli hólfa er siginn og ekki er augljóst hvar eða hvort op hafi verið á honum úr fremra hólfinu í það innra. Helst kemur til greina að op hafi verið suðaustt á þessum millivegg. Þar innan við er stærra hólfið í tóftinni sem er 4x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Norðausturendi tóftarinnar er orðinn ógreinilegur vegna grjóthruns og talsvert grjót hefur hrunið inn í tóftina í þeim enda. Austurhorn tóftarinnar er úr lagi gengið. Mesta hæð veggja er 0,7-0,8 m á suðausturhlíð. Ekki sjást eiginlegar grjóthleðslur í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að hún hafi þjónað sem e-k aðhald, mögulega stekkur en langt er í næsta þekktu bæjarstæði eða tæpir 2 km norðaustur að Flöguseli 209:001.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-651:021** tóft beitarhús


A 513505 N 564281

Gróin og sigin tóft er í dálitilli kvos neðarlega í hlíðum Flöguselshnjúks í norðanverðum Hörgárdal. Tóftin er fast austan við gróinn lækjarfarveg og litlu vestan við Heimarhraun, gríðarmikla og háa skriðu. Frá henni eru 560 m til suðvesturs að Saurbæjarseli 014 og 240 m suðaustur að laug 007 á Laugareyri. Er tóftin 21 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Smápýft og grasi gróid er í kringum tóftina en þó er þar ekki mikill grasvöxtur. Á tóftinni og í næsta nágrenni vex ljónslöpp, sóleyjar og fíflar.



Tóft EY-651:021, horft til suðausturs.




Uppmæling af tóft EY-651:021.

Tóftin er þrískipt, 10x7 m að stærð og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Norðaustast í tóftinni er lítillaga niðurgrafið hól sem er 4,5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er inn í það á suðausturhlíð. Suðvestan við það er hól sem er uppi á náttúrulegri hæð og stendur það því hærra. Hól þetta er 4x2 m að innanmáli og snýr það norðvestur-suðaustur. Op virðist hafa verið á milli þessara hólfa þó að ekki sjáist önnur ummerki um það ein einn stakur steinn upp úr grassverði. Í innanverðu horni sem þessi tvö hól myndu er lítillfjörleg hól með lága vegg, líklega heystæði. Það er 2x2 m að innanmáli og er op á því á norðausturhlíð. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru 0,3-0,4 m á hæð. Á stöku stað sést í grjóti í veggjum en engar eiginlegar hleðslur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en sterklega kemur til greina að þarna hafi verið beitarhús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-651:022\_1** kantur óþekkt

A 512921 N 564222



Uppmæling af minjum EY-651:022.

Mjög greinilegur kantur og lítil ógreinileg tóft eru ofan á flötum klapparhól sem gengur út úr brekkunni í norðanverðum dalnum. Minjarnar eru 100 m NNV og ofan við Saurbæjarsel 014 og 600 m vestan við beitarhús 021. Kanturinn sem hér er skráður er 23 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ofan við klapparhólinn er mýri og neðan við hann er þýfður mói.

Minjarnar eru á svæði sem er 15x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Kantur 022\_1 er 14 m langur og liggur frá tóft 022\_2 vestast á svæðinu í sveig til norðausturs. Kanturinn er

torfhláðinn og er 0,8 m á hæð en innri brún hans sést ekki. Hann er á skilum milli deiglendis og ógróinnar klappar fremst á hólum. Ekki er ljóst hvers konar minjar hér eru á ferðinni en ekki er útilokað að kanturinn hafi myndast við efnistöku, mótekju, þarna í jaðri deiglendisins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Kantur EY-651:022\_1, horft til norðausturs.*



*Tóft EY-651:022\_2, horft til norðausturs.*

**EY-651:022\_2** tóft óþekkt

A 512914 N 564225

Einföld tóft er vestast á minjasvæðinu og er hún 20 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er torfhláðin, er 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni á suðvesturhlíð. Veggir eru 0,3-0,4 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ef kantur 022\_1 hefur myndast við mósкурð má ætla að tóftin sé af móstæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-651:023\_1** tóft beitarhús

A 514284 N 564559

Tvær tóftir eru neðarlega í hlíðum Flöguselshnjúks og vestan við Heimarahraun, um 100 m norðan við tóft 024 og 1,4 km suðvestan við Flögusel 209:001. Eru þær á svæði sem er 18x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Sú tóft sem hér er til umfjöllunar er norðaustast á þessu svæði og er 37 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Minjarnar eru á þýfðu þurrlendi í grösugri mýri sem hallar niður að Hörgá til suðurs.

Tóftin skiptist í fimm hólf, er 18x13,5 m á stærð og snýr NNV-SSA. Op virðist vera inn í tóft í SSV-horni. Syðsti hluti VSV-veggjar er mjög siginn og genginn í þúfur og ekki útilokað að þar hafi frekar verið op. Komid er inn í hólf í SSA-enda sem er 5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Óljóst op er úr því í næsta hólf til NNV sem er 4x3 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Úr þessu miðjuhólfi er op í NNA-horni inn efsta hólfid sem liggur þvert á hin og er 6x2 m að innanmáli. Þetta hólf er líklega hlaða því það er niðurgrafið og samansigið. Úr því er op til ANA inn í hólf sem stendur litlu hærra og er 3,5x 2 m að innanmáli og snýr líka ANA-VSV. Mögulega er op úr meintri hlöðu (þá mjög óljóst) í óljóst hólf í kverk milli VSV- og NNV- hluta tóftarinnar. Það er 4,5x3,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Líklegt er að þarna hafi verið heystæði því þetta hólf hefur óverulega vegg og það stendur hærra en önnur hólf í tóftinni. Veggir tóftarinnar, sem virðast torfhláðinir, eru teknir að síga og ganga í þúfur en innanmál er enn nokkuð skýrt. Hæð veggja er mest 0,6 m. Tóftin hefur að öllum líkindum gegnt hlutverki beitarhúsa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-651:023\_1, horft til NNV.*

**EY-651:023\_2** tóft óþekkt

A 514271 N 564550


Einföld torfhláðin tóft er fast suðvestan við beitarhúsatóft 023\_1, rétt við jaðar mýrinnar vestan við. Hún er 47 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er 5x6 m stór og snýr austur-vestur. Op er á henni á miðjum suðurvegg. Tóftin virðist lítillega niðurgráfin og er rof í veggjum í norðausturhorni. Veggir eru 0,5-0,7 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Mögulega hefur hún verið hrútakofi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft EY-651:023\_2, horft til norðurs.



Uppmæling af minjum EY-651:023.


**EY-651:024** tóft beitarhús

A 514284 N 564453

Ílöng, allstór og nokkuð fornleg tóft er austan við Heimarhraun um 100m sunnan við tóftir 023, í austurjaðri mýrlendis. Tóftin er 30 m suðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á stórþýfðu og grösugu svæði, neðarlega í hallanda frá Flöguselshnjúki niður að Hörgá.

Tóft þessi er orðin mjög ógreinileg og hlaupin í þúfur. Hún er 15x7 m stór, snýr NNV-SSA, og skiptist í fjögur hólf. Op er inn í tóftina í SSA-enda og er komið inn í samansigið hólf sem er 4x1,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Op er úr því til NNV í annað, minna hólf sem er um 2 m í þvermál. Í NNV-enda er lítið hólf sem er 1,5x1,3 m að innanmáli og snýr þvert á áðurnefnd hólf. Innanmál þess er mjög skýrt og virðist það hafa verið



Uppmæling af tóft EY-651:024.



Tóft EY-651:024, horft til suðurs.

grafið út eða grafið innan úr því í seinni tíð. Ekki er op á þessu hólf. ANA við það er svo hólf sem er 2x2 m að innanmáli. Ekki sést skýrt op inn í það. Fjargata liggur yfir NNV-enda tóftarinnar og hefur hún aflagast þar af þeim völdum. Hvergi sést grjót í veggjum sem eru hæstir 0,3-0,4 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hún sé af beitarhúsum. Svipar þessari tóft talsvert til beitarhúsatóftar 023\_1 sem er litlu ofar í landinu og greinilega talsvert yngri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-651:025** hleðsla óþekkt

A 514516 N 564634

Hleðsla er 80 m norðaustan við Grjótárkot 003 og tæpum 290 m norðaustan við beitarhús 024. Hleðslan er ofarlega (norðvestar) í fjallshlíð upp frá Grjótárkoti, austan við grösugt lækjargil. Hleðslan er 24 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 2020,

Hleðslan er á gróinni skriðu, í grösugri mýri sem hallar niður að Hörgá til suðurs. Lyng er áberandi á svæðinu.

Hleðslan er á austurbrún grösugs gils og liggur samsíða því. Hún er 18 m löng en hlutverk hennar er ekki þekkt. Líklega er þetta vörslugarður eða hluti af rétt. Hleðslan gæti verið vesturhlið, hún sveigir til austurs til norðurs og vel gæti hafa verið hólf þar. Hið sama má segja um suðurhluta, þar sveigir hún til vesturs og vel gæti hafa verið lítið hólf þar. Hleðslan er 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggir eru grjórhlaðnir og hægt að greina 1 umfar hér og þar. Hér og þar eru stærri steinar í veggum. Hleðslan er rofin í miðjunni, neðar (suðaustar) eru hún greinilegri og myndar hólf þar á gilbrúninni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Hleðsla EY-651:025, horft til norðvesturs.*

**EY-651:026** þúst heystæði

A 514141 N 564304

Þúst er 70 m suðaustan við miðlínu Blöndulínu 2020. Hún er um 200 m suðvestan við beitarhús 024 og 150 m sunnan við tóft 019. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu þústarinnar er um heystæði að ræða.

Þústin er í mýri, fast norðan við vélgrafinn skurð við vegslóða inn Hörgárdal.



*Þúst EY-651:026, horft til ASA.*



*Hleðsla EY-651:027, horft til suðausturs.*

Þústin er 7 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er algróin og 0,3 m á hæð. Ekki sér fyrir innra byrði eða opi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-651:027** hleðsla óþekkt

A 513575 N 564204

Grjóthlaðin hleðsla er sunnan við lækjargil, um 140 m vestan við laug 007 og 80 m suðaustan við tóft 021. Hún er 40 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis vegna Blöndulínu 2020. Hlutverk hennar er óþekkt, mögulega hreinsun í gilinu.

Smáþýft og grasi gróið er í kringum hleðsluna en þó er þar ekki mikill grasvöxtur. Lækjargil er fast norðar og deiglent í því.

Hleðslan er 31 x 8 m löng. Hún liggur til ASA frá lækjargili, niður brekku. Hleðslan breikkar eftir því sem austar dregur og sveigir loks til suðurs. Ekki er útilokað um um skriðu sé að ræða en grjótið hafi verið hreinsað og sett saman. Hleðslan er 0,2 - 0,3 m á hæð en ekki má sjá eiginleg umför, veggirnir eru hrundir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-651:028** gata leið

A 515778 N 552992

Upphlaðin torfbrú (sjá EY-219b) sést í mýri suðaustan við gistiheimili EY-226:007, þ.e. Bakkasel. Brúin var notuð á leið EY-651:028 sem lá að öllum líkindum frá bæ EY-226:001 að Bakkaseli EY-219b:001. Leiðin liggur þvert yfir áhrifasvæði Blöndulínu 3, sunnan við brúnna. Ekki er vitað hvar hún lá norðan við gistiheimilið Bakkael SE-226:007. Til suðurs sameinaðist hún heimreið EY-219b:016.

Leiðin sést sunnar en gistiheimilið, í fjallshlið sem hallar til austurs.


Leiðin er víða 0,5-1,5 m á breidd. Við Nautá er hún eins konar skorningur ofan í gilið en annars er hún minni um sig.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

EY-661 Fornl. á fleiri en 1 j. í Glæb

**EY-661:003** Melgötur gata leið

A 536005 N 580465



*EY-661:003, horft til NNA.*

“Upp undan túni á Syðrahóli heitir Stekkjarhall og þar var Hólsstekkur. Uppi í hlíðinni er Steinhjalli og ofan við hann Melgötuhólar. Götutroðningar ofan við hóla þessa kallast Melgötur, sem vera munu hluti af alfaravegi frá Þelamörk.” Götturnar liggja um 100 m VNV af miðlinu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Gatan liggur í mólendi í fjallshlíð. Svæðið er vel blautt og safnast vatn í götuslóðann.

Ummerki götunnar sáust innan fyrirhugaðs línustæðis en þau voru óskýr. Ekki er hægt að sjá hvað göturnar hafa legið upp að hólnum frá bænum, sennilega hefur verið gróið hefur yfir slóðann. Ein rás sást á fyrirhuguðu línustræði og var hún um 0,1 m á dýpt og gróin. Hún hlykkjaðist upp á Moldhaugahálsinn og var sjáanleg á um 10 m kafla þar sem hnit d var tekið. Hnit B og C eru ekki innan fyrirhugaðs línustæðis.

Staðurinn hefur verið heimsóttur þrisvar, 1998, 2008 og 2020. Gatan sést á um 617 m löngum kafla, þar af eru 437 m innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún liggur u.þ.b. N-S en um 60 m frá þeim stað þar sem hún sést syðst greinist hún í tvo slóða og liggur annar til NNA en hinn til NNV. Báðar greinar götunnar fjara út nærri merkjum Sílastaða (EY-272) og Garðshorns (EY-239).

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brennihóll, ytri og syðri, 169 auk handskrifaðra viðbóta



## 4.2 Húnavatnssýsla

### HV-249 Eiðstaðir

1392/1393: Skiptabréf.” ... Sem hustrc steinvnn Rafnsdotter hafde þa gefit Rafni syni sinum . oc afhent sira þordi. ... eidstader firer sextan hundrat.» DI, III, 481.

Um 1560: Minnisgreinir sr. Gottskálks Jónssonar um byggingu jarða sinna. “Eistader bigder fyrir kugilldi oc jocundal oc all...” DI, XIII, 560.

Um 1561-62: Minnisgrein sr. Gottskálks um bygging jarða sinna.” Bygt Eistastade Andresa m iij k[ugilldum... ” DI, XIII, 682.

1564: Próventugjörningur Ljóst Arngrímssonar. “ i annari grein fiell Jone til erfda epter modur sina .iijc. og xl alner betur j jordvne Eistodum.” DI, XIV, 310.

1566: Afgjaldareikningur af jörðum sr. Gottskálks Jónssonar. “byggt Andresi Eistadi j þriu ar... ” DI, XIV, 558. 20 hdr 1706. Jörðinni skipt í tvö býli en aðeins er eitt íbúðarhús.

1840: “Eiðstöðum, 20 hdr.” SSH, 108.

1847: 20 hdr. Bændaeign. JJ, 237.

1706: “Túnunum grandar vatnsgangur til stórmeina, so sýknast þau í mýri falla vilja, og er það peningahúsunum að stórskaða. Sami vatnsgangur gjörir jarðföll í túninu. Engjum grandar leirskriða úr brattlendi.” JÁM VIII, 349 1839: “Þar er meðalheyskapur, en gott til haga.” SSH, 108. 1920: Tún 6,6 ha, um 1/3 þýft, garðar 140m2. “Landrými er þar mikið og gnægð ræktanlegs land.” Húnaþing II, 232

**HV-249:015** *Ullarlækur* örnefni þvottastaður A 462919 N 547192

“Ullarlækur, skammt fyrir norðan túnið,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þvottastaðurinn var nákvæmlega en lækurinn er að miklu leyti innan áhrifasvæðis Blöndulínu 2020 og liggur miðlínan yfir hann á tveimur stöðum. Grasi gróin og þýfð hlíð sem hallar til austurs að Blöndu. Tún hafa verið ræktað upp efst og neðst í henni. Heimildamaður hélt því fram að Ullarlækur væri á umræddu svæði. Lækur rennur eftir hlíðinni innan línustæðis. Er hann fremur vatnslítill og rennur hann í rás og er því nokkuð djúpt niður á hann. Hugsanlegt er að farvegi hans hafi verið breytt þegar túnin í kring voru ræktað upp þar sem skurðir voru grafnir til framræsingar og rennur lækurinn nú þar í gegn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eiðsstaðir, 2

**HV-249:017** *Digravarða* varða óþekkt A 462678 N 545266

“Digravarða, varða í Bæjarás norðan við Bríkarlæk,” segir í örnefnaskrá. Varðan stendur á ílöngum klapparhól á ásnum, hátt ofan og suðvestan við bæjarstæði Eiðsstaða. Varðan er 25 m ANA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á Bæjarásnum eru víða klappir og grjóturð en þýfður mói inn á milli. Af honum er víðsýnt um Blöndudal og sér heim að bænum.

Varðan er hlaðin ofan á stórt bjarg. Það er um 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Varðan sjálf er 0,6 m á hæð og 1 m í þvermál. Samtals er varðan því með bjarginu um 1,1 m á hæð. Hleðslan er ekki vönduð og ekki hægt að telja umför í henni. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Til greina kemur að hún sé eyktamark (nón kl. 15).

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eiðsstaðir, 2



*Digravarða HV-279:017, horft til norðausturs.*

**HV-249:020** heimild um leið A 462787 N 547188

“Kirkjuvegur háskalegur yfir Blöndu og þverá eina, sem Gilsá heitir. Hreppamannaflutningur háskalegur yfir sömu þverá annarsvegar, en á aðra síðu brattlendi til Eldjárnsstaða,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Úttektarsvæði Blöndulínu 2020 liggur á tveimur stöðum yfir leið eftir vestanverðum Blöndudal, gegnum Eiðsstaði inn að Eldjárnsstöðum. Leiðin var fyrst skráð í tengslum við úttekt vegna Blöndulínu 2008 og var hún þá staðsett á vegarlóða sem liggur á tún neðst í hlíðinni og norðaustan við bæinn

á Eiðsstöðum. Þegar kort frá upphafi 20. aldar er lagt ofan á loftmynd má sjá að gamla leiðin sem þá var farin eftir dalnum (og hefur að líkindum verið lítið breytt öldum saman) lá nokkru ofar eða á sama stað og malarvegur inn að Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum. Skráningin var endurskoðuð þegar aftur var farið á vettvang árið 2020. Vesturhlíðar Blöndudals eru talsvert brattar þegar komið er inn fyrir Gilsá og eru þær í nokkrum stöllum niður að ánni, að mestu grónar og stórþýfðar þar sem ekki eru slétt tún.

Engin ummerki sjást lengur um gömlu leiðina inn dalinn og eru þau að öllum líkindum horfin vegna vegagerðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM VIII, 349; Uppdráttur Íslands 53. Víðimýri


**HV-249:021\_1** tóft óþekkt

A 462962 N 547285

Tvær mjög illgreinanlegar tóftir eru í hlíðinni neðan vegarins sem liggur að Eiðsstöðum, aðeins norðar en Ullarlækurinn [HV-249:015] og um 150 m ofan við ræktað tún. Tóftirnar eru í smá slakka í miðri brekkunni. Upphaflega voru þessar tóftir skráðar árið 2008 en farið var aftur á vettvang í ágúst 2020 til þess að mæla þær upp með nákvæmari hætti en áður hafði verið gert. Minjarnar eru á svæði sem er 19x17 stórt og snýr austur-vestur. Í umfjöllun hér á eftir fær hvor tóft sitt kenninúmer og hefst lýsingin á tóft 021\_1 sem áður var skráð sem 021A. Lýsingunni var breytt til samræmis við túlkun skrásetjara og meiri nákvæmni í uppmælingum. Tóft



Tóft HV-249:021\_1, horft til suðurs



Uppmæling af minjum HV-249:021.

021\_1 er 48 m NNV við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasi grónar og þýfðar hlíðar sem halla brattar til austurs að Blöndu.

Hlíðin er afar þýfð en greina mátti tvær ógreinilegar tóftir og hugsanlega eitt tóftarbrott. Tóft A: Sú austari er 6x4,5 m að utanmáli og snýr í norður-suður. Breidd veggja er á bilinu 1,2 - 1,5 m. Breiðastir eru þeir að vestan. Hæð veggja er 0,3 - 0,4 m og sér ekki í grjóts í þeim. Ekki er afgerandi op á tóftinni en veggir eru mjög signir á norðurgaffli þar sem ætla má að hafi verið op. Fast sunnan við tóft 021\_1 er afar ógreinileg þúst sem gætu verið leifar mannvirkis. Hún er á barmi balans sem tóftirnar eru í og er um 9 m löng og 4 m breið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-249:021\_2** tóft óþekkt

A 462947 N 547285



Tóft HV-249\_021\_2, horft til suðurs.

Tóft 021\_2 var áður skráð sem 021B. Hún er 10 m vestan við tóft 021\_1 og er 51 m NNV við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vestari tóftin er 8 x 4,5 m að utanmáli og er líkt og tóft 021\_1 fremur ógreinileg sökum stórþýfis og gróðurs. Hún snýr einnig í norður-suður og er greinilegust nyrst. Op er á tóft í suðurenda. Svo virðist sem að vestur-langveggur sé 3 m lengri en austur-langveggur og nær hann lengra til suðurs. Heildarlengd tóftarinnar er því 11 m. Breidd veggja er 1 - 1,2 m og hæð þeirra er 0,3 - 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-249:022** varða óþekkt

A 462255 N 546158

Lítill varða er undir fuglaþúfu á gróðurryrum melrima ofan og vestan við bæinn á Eiðsstöðum. Litlar tóftir 023 eru 50 m suðaustan við vörðuna og meint heystæði er 70 m sunnan við hana. Allar eru þessar minjar á breiðum og flötum hjalla vestan við Bæjarás, á milli nokkuð brattrar hlíða sem eru í halla til austurs niður að Blöndu. Varðan er 20 m VSV við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Á melnum vex mosi og lyng en í kringum vörðuna og á henni vex einnig gras. Til austurs eru melar fram á hjallabrún en til vesturs eru blautar og grasgefnar mýrar. Varðan er um 0,7 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara vegna gróðurs í hundapúfu sem er ofan á vörðunni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. **Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða HV-249:022, horft til ASA

**HV-249:023\_1** tóft óþekkt

A 462302 N 546130

Tvær óljósar tóftir eru í þýfðu deiglendi á milli þurra melrima austarlega á breiðum hjalla upp og vestur af bænum á Eiðsstöðum og sunnan við Blöndustöð. Minjarnar eru 50 m suðaustan við vörðu 022 og 55 m norðaustan við meint heystæði 024. Er þær þétt saman á svæði sem er 6x6 m að stærð. Suðaustast á svæðinu er tóft 023\_1 sem hér verður fjallað nánar um. Hún er 12 m ANA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Í kringum tóftirnar og á þeim sjálfum vex valllendisgróður og mosi.



Tóft HV-249:023\_1, horft til austurs.

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er 2,6x2,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljóst op er á henni í vesturenda. Tóftin er lítillaga niðurgráfin og eru veggir hennar 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk hennar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hey eða mór hafi verið geymdur í henni.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda**HV-249:023\_2** tóft óþekkt

A 462298 N 546132

Tóft 023\_2 er fast norðvestan við tóft 023\_1 og er 9 m ANA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Á melnum vex mosi og lyng en í kringum vörðuna og á henni vex einnig gras. Til austurs eru melar fram á hjallabrún en til vesturs eru blautar og grasgefnar mýrar. Tóftin er ívið stærri en tóft 023\_1 en veggir hennar eru meira úr lagi gengnir og er ógróið jarðvegsrof í botni



HV-249:023\_2, horft til suðurs.



Skýringar

Formleifar  
Torfhláðið

0 0.5 1 1.5 2 m

Uppmæling af tóftum HV-249:023.

hennar. Tóftin er torfhláðin og 3,5x3 m að stærð, snýr norður-suður. Op er norðurgaffli og líklega hefur ekki verið veggheðsla á þeirri hlið. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,5 m á hæð og á þeim vex meiri elfting en annarsstaðar í næsta nágrenni. Um þessa tóft gildir það sama og tóft 023\_1 að hlutverk hennar er ekki þekkt. Helst kemur til greina að hey eða mór hafi verið geymdur í henni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-249:024** þúst heystæði

A 462271 N 546084



*Þúst HV-249:024, horft til suðurs.*

Óljós þúst með rofi í miðju er á þurrum bletti við suðurenda lítils melrana sem varða 022 er á. Er þústin á breiðum hjalla upp og vestur af bænum á Eiðsstöðum og sunnan við Blöndustöð. Hún er 31 m VSV við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Til austurs eru melar fram á hjallabrún en til vesturs eru blautar og grasgefnar mýrar. Þústin er grasi vaxin og þýfð.

Staðsetning þústarinnar og umfang hennar bendir til þess að þarna hafi verið heystæði en ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Þústin er 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Nokkurt þýfi er fast norðaustan við þústina en er þó lægra en hún. Ekki er útilokað að mannvirkið hafi náð lengra í þá átt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-249:025** heimild um leið

A 462575 N 545634

Á gömlu korti (Uppdrætti Íslands 53. Víðimýri) sem gefið var út árið 1923 er sýnd leið sem liggur frá bæ 001 til suðvesturs upp á Eiðsstaðaása þar sem hún tengdist öðrum leiðum sem lágu niður með Gilsá, upp með Gilsvatni inn á hálendið og niður í Sléttárdal. Ekki sáust skýr ummerki um þessa leið á vettvangi þegar úttektarsvæði Blöndulínu 2020 var tekið út á Bæjarásnum og nágrenni þess en úttektarsvæðið liggur yfir hana á stuttum kafla 300-350 m norðan við Digruvörðu 017.

Leiðin lá um deiglend og grösug sund og klapparása.

Nokkuð er um slóða innan jarðarinnar sem virðast vera farnir á fjórhjólum eða álíka farartækjum, einkum rétt neðan við Bæjarásinn. Má vera að einhver þeirra fylgi að hluta þessari gömlu leið sem lá frá bæ og til suðvesturs. Leiðin var staðsett gróflega út frá gamla kortinu þar sem hún er sýnd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

HV-273 Eyvindarstaðir

1255: "Kom þá Finnur af Eyvindarstöðum og þeir fjórir. Eigi fengust fleiri fyrir vestan Vatnsskarð." Sturlunga saga II, 691-692.

40 hdr 1708. Hólastólseign. Hálfkirkja var á jörðinni. Landnámsjörð. Jarðarinnar geti í Sturlungu. Sturlunga saga II, 179. 1380: Kaupmálabréf. "...gaf fyrrnefndr besse þorde syne sinum heiman jord a eyuindarstodum fyrir niutighe hundratha... ." DI III, 351.

1453: "seljandi jarðarinnar sagði hálfkirkjuskyld á henni ..." DI V, 116-117.

1486: Jarðarinnar getið. DI V, 352.

1468: Jarðakaupsbréf. "hier j mote gaf tittnefndr eigill optnefndum þorleifi jordina alla aa eyuindarstöðum er liggr j blaundudal j holakirkjusokn... ." DI V, 515.

1471: Vitnisburðarbréf gert í kirkjunni á Eyvindarstöðum. DI V, 612.

1476: Vottað um skipti bræðranna Þorleifs og Einars Björnssonar eftir Árna bróður þeirra. " ... Enn þorleifur biorsson i sinn hlut iordina skard i langadal eda eyuindarstadi i blaundudal... ." DI VI, 74.

1495: Testamentsbréf Solveigar Björnsdóttur. " hier til anam(n)a ec þeim til eignar bolstadarhlid og eyuindarstadi ... ." DI VII, 245.

1498: Vitnisburðarbréf þess efnis að Björn Þorleifsson afhenti mágum sínum, Grími Jónssyni og Eyjólfí Gíslasyni, í arf eiginkvenna sinna. "...helgu þorleifsdottur og gudnyar þorleifsdottur. Systra sinna. Til fullrar eignar med handabande j arflausn eppter fodur sinn og modur. .... Þessar jarder er suo heita. Stæri akra j blonduhlid j skagafirdi. Eyvindarstadi j blondudal." DI VII, 404.

1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jóns Arasonar biskups."Med Eiuindarstöðum .vj. kugillde. landskyllid. ij. c. og og suara prestir." DI XI, 868.

1552:Skýrsla og reikningar Eggerts Hannesson yfir jarðeignir sem Jón Arason hafði selt frá Hólastól og fengið í staðinn. Jarðir fengnar í staðinn «...Eyvindarstader lxxx [hdr].» DI XII,462.

1559: Reikningar Hólastóls. "Eyuendastodum. - kug. oc. .ij. .c. med tiundum - .vj." DI XV, 229.

1569: "Suo oc kom þar fram fyrir oss kaupbref med godra manna jnciglum suo hliodandi at biskup heitinn Jon godrar minningar hefði golldit Joni Halldorssyni ytra Vallholtt fyrir xl c j Eyu[i]ndarstodum j Blondudal." DI XV, 280.

Skipti eftir Þorleif Grímsson. " J fyrstu [skijfftest mier Orme Stullasyne med riettu hlutfalle i motz vid adra Erfingia Þorleifs heitins. ... Eivindarstader xl c." DI XV, 290; Jarðaskipti.

" Enn fyrir Seliahljid oc Eyuendarstadapart er greindur Ereckur hafði adur skrifadri sinne dottur Halldoru gefid oc af henne uar gengit skyllid hun halda adur skrifada jord Tiarnar." DI XV, 310.

1708: "Afrétt engin nema Eyvindastaðaheiði, sem liggur fram frá Ugludalslandi fyrri austan Blöndu. Hjer hefur áður afrjettur verið, vide Selland ut supra." JÁM VIII, 356.

1708 eru eyðihjáleigur Jökulgerði og Þrætugerði.

1839: Eyvindarstöðum, 30 hdr." SSH, 107.

1847: 40 hdr. Bændaeign. JJ, 238.

1708: "Túninu grandar smálækir, sem renna úr brattlendi og bera á völlinn leir og sand til stórskaða, sem verður við varðað. Enginu grandar í sama máta smálækir úr brattlendi, sem bera á þær grjót og leir til stórskaða, sem ácykst árlega." JÁM VIII, 357.

1839: "Þar er sæmileg beit sumar og vetur og góður heyskapur." SSH, 107-108. 1920: Tún 7 ha, 2979m<sup>2</sup>. "Tún er þar gott og samfelt út og suður frá bænum að mestu ræktun af framræslu. Landgott er á hálsinum og landið ágætlega gróið." Húnaþing II, 208

#### **HV-273:012** *Jökulgerði* bæjarstæði býli

A 463363 N 547358

1708: "Jökulgerði heitir eitt örnefni hjer í landinu, sem líklegt þykir að einhvörn tíma hafi bygt verið, því þar sjást enn tóftarústir og hjer og hvar deili til túngarðsleifa, sem þó er mjög uppblásið. Það þykjast menn heyrta hafa, að um þetta landspláts hafi einhvört sinn fyrri manna minni þræta verið millum jarðanna Eyvindastaða og Bollastaða, en það menn lengst til minnast, þá hefur þetta land verið eignað Eyvindastöðum og þaðan brúkað. Ekki má hjer aftur byggja því túnstæði er ei annað en melholt og grámosamóar, og land er mestalt holt og melar." Heimildamaður taldi býli þetta hafa verið nærri merkjum Bollastaða og Eyvindarstaða, niður við árbakka. Talið er að ef til vill hafi núverandi bílvegur verið lagður yfir það. Áætluð staðsetning býlis er um 1 km suðvestan við vörðu HV-273:029. Farið var aftur á vettvang í ágúst 2020 og möguleg ummerki um minjar á þessum stað mæld upp. Lýsingunni var breytt lítilliga til samræmis við túlkun skrásetjara og meiri nákvæmni í uppmælingum. Minjarnar eru 76 m SSA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Jökulgerði HV-273:012, horft til vesturs.*

Valllendismói, stórþýfður. Snarbrattur hamar er niður að Blöndu sem er skammt neðan og austan við en brött brekka er upp að vegi til vesturs.

Ekki sést til mannvirkjaleifa á þessum stað en hér er dálítill bunga, stórþýfð og vaxin dökku grasi þar sem leifar kunna að leynast. Er hún 11x6 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Bungan snýr NNA-SSV. Óljóst framhald af henni er til SSV þar sem er stórþýfi.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM VIII, 357

#### **HV-273:015** *Réttarnes* tóft rétt

A 462963 N 548048

"Réttarnes. Nes sunnan við mýrina, ber lægra á," segir í örnefnaskrá. Réttarnes er lítið nes á austurbakka Blöndu sem gengur út til vesturs frá hærri og brattari bökkum árinna. Á Réttarnesi er stór skilarétt um 700 m sunnan við bæjarstæði Eyvindarstaða 001 og 90 m norðaustan við op frárennslisganga fyrir Blönduvirkjun. Ofan og neðan við opið hefur miklum jarðvegi verið ekið í farveg Blöndu í tengslum við virkjunarframkvæmdir og til þess að koma í veg fyrir landbrot af völdum árinna. Réttartóftin er fast suðvestan við svæði þar sem jarðvegi, einkum



Uppmæling af rétt HV-273:015.



Rétt HV-273:015, horft til vesturs.

möl og grjóti, hefur verið ekið niður í farveginn. Slóði liggur meðfram tóftinni að norðaustanverðu að þessu svæði og hefur hann raskað nyrsta hluta tóftarinnar. Réttin var skráð á vettvangi árið 2020 í tengslum við úttekt á Blöndulínu 2020. Til skoðunar er að jarðvegsnámur BAN-3 verði á grjóteyrum í farvegi Blöndu, vestan undir bökkum hennar í landi Eyvindarstaða. Réttin er utan námusvæða en aðeins 3 m utan við syðstu námuna og ná mörk hennar því inn á friðhelgað svæði í kringum hana (15 m frá ystu mörkum).

Sléttað tún er sunnan við réttina á Réttarnesi og einnig eru sléttuð tún uppi á breiðum stalli austan við nesið. Stórþýft og mjög grösugt er innan réttar og í kringum hana.

Norðurhluti tóftarinnar er nokkuð vel greinanlegur en mikill og hár grasgróður byrgði sýn þegar skráning fór fram seint í ágúst. Suðurhluti tóftarinnar er mjög illgreinanlegur vegna þess hve þýft er þar og mikill gróður. Sá hluti stendur lægra. Heildarstærð réttarinnar (eða þess hlutar hennar sem hægt var að greina á vettvangi) er 56x28 m og snýr hún norður-suður. Norðurhlutinn er 36x28 m stór og snýr eins. Suðurhlutinn er 20x16 m stór og snýr líka norður-suður. Lýsingin hefst á norðurhluta tóftarinnar. Suðvestast í henni er tvö hólf sem eru langgreinilegust og virðast yngst. Í veggjum þeirra eru grjóthleðslur og standa þær vel. Stærri hólfíð er 13,5x7,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það í suðvesturhorni. Minna hólfíð er samsíða og austan við og er 7x2 m að innanmáli. Op er á því í suðausturhorni. Þar sem hleðslur standa best í norðurvegg stærra hólfins eru þær 1,1 m á hæð innanmáls og þar sjást 6 umför. Veggir í þessum torf- og grjóthleðnu hólfum eru aðeins farnir að síga saman og eru hæstir 0,5-0,6 m utanmáls. Önnur hólf í suðurhluta tóftarinnar eru að mestu torfhláðin. Þau eru fimm talsins sem eru nokkuð vel greinanleg og eru svipuð að stærð, 5-7x4-5 m að innanmáli. Ekki sjást skýr op á þeim öllum. Þrjú mjög óljós hólf eru að auki í þessum hluta tóftarinnar, norðvestast, frammi á árbakkanum. Þau eru ílöng að lögun, tvö nyrstu eru 9 m löng og 2,5-3 m breið. Syðsta hólfíð af þessum þremur er 3x3 m að innanmáli og virðist sem að minna torf- og grjóthleðna hólfíð, sem nefnt var í upphafi lýsingar, hafi verið hlaðið ofan í það að hluta. Veggir í torfhlöðnu hólfunum sem sjást nokkuð greinilega eru víða 0,4-0,6 m á hæð. Í suðurhluta tóftarinnar eru tvö til þrjú hólf en sem fyrr segir er mjög erfitt að greina þar á milli veggja og þýfis. Ekki er augljóst hvar almenningurinn hefur verið í tóftinni, mögulega er hann siginn í gróður og þýfi í suðausturhluta tóftarinnar ásamt fleiri hólfum. Ekki er vitað hvenær síðast var réttað hér en ljóst er að réttin hefur tekið breytingum á síðasta notkunarskeiði þegar hlutar hennar voru endurhlaðnir úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eyvindarstaðir, 1

**HV-273:020** gata leið



Gata HV-273:020, horft til SSA.

A 464243 N 547852

“Selás [019]. Ás austan við grófarsundið (þar reiðgötur),” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni liggur Selás eftir jörðinni endilangri, frá suðri til norðurs. Áætluð Blöndulína (2008) liggur örugglega yfir Selásinn og líklega göturnar einnig. Ekki sáust skýr ummerki um leiðina á vettvangi 2008 en þegar farið var aftur á staðinn 2020 var hægt að rekja leiðina og sést hún vel á loftmyndum. Er varða 029 við þessa leið. Úttektarsvæði Blöndulínu 2020 liggur þvert yfir leiðina.

Leiðin liggur norður-suður eftir þurrum melum í austanverðum Blöndudal. Grasi grónar hallamýrar eru ofan og neðan við melbrúnina.

Leiðinni var aðeins fylgt á stuttum kafla innan úttektarsvæðis en hægt er að framhald hennar á löngum köflum á loftmynd til norðurs og suðurs. Ofan og neðan við vörðu 029 sjást víða óglöggar götur sem hafa sömu stefnu. Má ætla að þetta hafi verið alfaraleið ofan byggðar í dalnum. Hún er ekki merkt á Uppdrátt Íslands 53. Víðimýri sem gefinn var út árið 1923.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eyvindarstaðir, 2

**HV-273:024** Réttarvað heimild um vað

A 463156 N 547794

“Réttarvað (Gamalt vað á Blöndu undan Litlklifi, nú eyðilagð),” segir í örnefnaskrá. Réttarvað hefur verið á Blöndu í nágrenni við skilarétt 015 sem Réttarnes dregur nafn sitt af. Víða rennur Blanda í þröngu og hömrum girtu gljúfri en sunnan við Réttarnes breiðir áin aðeins úr sér og hægara um vik að fara yfir hana þar en víða annarsstaðar. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu vaðsins en líklegt er að það hafi verið á svipuðum slóðum og bílvað sem liggur niður af túnnum í landi Eyvindarstaða, yfir ána við grjótagarð sem gengur út í farveginn frá vesturbakkanum í landi Eiðsstaða. Áætluð staðsetning vaðsins var skráð á vettvangi árið 2020 í tengslum við úttekt á Blöndulínu 2020. Til skoðunar er að jarðvegsnáma BAN-01 verði á grjóteyri niður við Blöndu í landi Eiðsstaða þar sem vaðið lá yfir ána. Fram kom í tilvísun hér að ofan að búið sé að eyðileggja vaðið, líklega af eldri framkvæmdum.



*Réttarvað HV-273:024, horft til norðvesturs.*

Talsverðar breytingar hafa orðið á ánni og farvegi hennar á þessum slóðum vegna framkvæmda við Blönduvirkjun en op frárennslisganga virkjunarinnar er litlu neðar og norðar í ánni.

Ekki sjást önnur ummerki um Réttarvað á bökkum Blöndu en bílslóði. Ekki er víst að Réttarvaðið hafi verið á nákvæmlega sama stað en það hefur verið á milli bílvaðsins og réttar 015.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Eyvindarstaðir, 3

**HV-273:029** varða óþekkt

A 464236 N 547856

Varða er við leið 020 um 860 m suðvestan við vörðu HV-273:030 og 1,2 km austan við rétt 015. Varðan var skoðuð aftur í ágúst 2020 þegar hún var mæld upp með nákvæmum hætti. Lýsingunni var ekki breytt. Varðan er 70 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varða er á gróðurlitilli melbungu sunnan við grasi gróið og þurr lækjardrag í brekku mót vestri, ofarlega í landi Eyvindarstaða.



*Varða HV-273:029, horft til norðurs.*

Varðan er hrunin og vel gróin. Hún er um 0,7 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Gróið grjótt umhverfis. Meðalstórt skófum vaxið grjótt í vörðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-273:030** varða samgöngubót

A 464681 N 548591

Varða er rétt innan við landamerki móti Barkarstöðum, um 860 m norðaustan við vörðu HV-273:029. Leið 031 liggur að vörðunni úr norðri. Varðan var skoðuð aftur í ágúst 2020 þegar hún var mæld upp með nákvæmum hætti. Lýsingunni var ekki breytt. Varðan er 127 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Er á blásnum, í löngum mel sem liggur austur-vestur.

Varðan er niðurfalinn og er hundapúfa ofaná henni. Hún er því vel gróin og steinar skófum vaxnir. Varðan er um 1 x 1,2 m í grunninn, snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m há. Steinar meðalstórir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða HV-273:030, horft til vesturs



Leið HV-273:031, horft til suðurs.

**HV-273:031** gata leið

A 464613 N 548781


Djúp gata er ofarlega í hlíðinni ofan og austan við Eyvindarstaði. Hún liggur til suðurs af leið HV-289:019 litlu vestan við merkin á milli Eyvindarstaða og Barkarstaða HV-289. Úttektarsvæði Blöndulínu 2020 liggur þvert yfir leiðina.

Leiðin liggur um stórbýfðan móa. Þar sem lágir hólrimar standa upp úr móanum er oft gróðurlaust.

Götunni var fylgt á stuttum kafla innan úttektarsvæðis þar sem hún skarast við leið HV-289:019. Hún liggur norður-suður og við vörðu 030 greinist hún í tvær götur sem liggja annars vegar áfram til suðurs en hins vegar sést hún á stuttum kafla þar sem hún beygir til suðvesturs, niður hlíðina. Gatan er ógróin og er 0,5-0,8 m djúp. Víðast er bara ein gata greinanleg sem er 0,3-0,5 m á breidd. Hún er enn farin af búfenaði. Ekki er ljóst hvert eða hvaðan leiðin liggur. Hún er ekki merkt á Uppdrátt Íslands 53. Víðimýri sem gefinn var út árið 1923.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

HV-275 Bollastaðir



**Skýringar**

Fornleifar Úttektargögn  
 Torflaðið — Miðlina

0 10 20 30 40 m

Uppmæling af minjum HV-275:009.

“sá atburðr varð norðr í Blöndudal, á þeim bæ er á Bollastöðum heitir, at tvær dætr húsfreyju þeirar sem þar bjó ok Gulaug hlét gengu út um kveldit fyrir nökkura nauðsyn, ... .” Þorláks saga C. Biskupa sögur II, 277.

1318: Eign Bólstaðarhlíðarkirkju. DI II, 47.

1708 eru girðingar á tveimur stöðum þar sem eyðibýli gætu hafa verið annað kallaðist Sveinskot. 20 hdr 1708.

1839: “Bollastöðum, 20 hndr.” SSH, 107.

1847: 20 hdr. Bændaeign. [“A.M. Telur hér með eyðihjáleiguna, Gerðar.”] JJ, 238.

1708: “Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem gjört hefur grjótskriðu um þvert túnið og ónýtist því mikið stykki úr vellinum; so og jetur vatn neðan völlinn, so grasrótin dettur niður allvíða, og verða af þessu grasleysugryfjur. Enginu granda smálækir, sem bera á það grjót og sand til stórskaða að þessu.” JÁM VIII, 355.

1839: “Það [er] góð kostajörð til beitar og slægna.” SSH, 107.

1920: Tún 6 ha, garðar 1788m<sup>2</sup>. “Eldra túnið er mjög brattlent, en nýræktir eru á framræstum mýrum sunnan þess, meðfram ruddum vegi sem liggur til heiðar.» Húnafing II, 207

**HV-275:009\_1** Girðingar heimild um stekk

A 463874 N 544564

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: «Girðingar kallast og annað örnefni hjer í



landinu, sem nær liggur bænum. Þar er nú stekkur frá Bollastöðum. Hjer sjást og gömul byggíngamerki af túngarðsleifum og tóftarústum. Enginn veit hjer um þessa bygð framur að undirrjetta.” “Stekkjarmýrar og Stekkjarlækjargils. Nafn þetta er sennilega ungt og þannig til komið, að neðan hamranna var stekkur frá Bollastöðum á seinni öldum [034]. En eldri stekkur mun hafa verið, þar sem nú nefnist Sveinskot ... Seinna mun þar hafa verið einsetubýli með dvalarmanni að nafni Sveinn. Glöggar rústir eru enn, einnig túngarðslægi,” segir í örnefnaskrá. “Það er Þvergil. Milli þess og Bollastaða eru rústir gamallar hjáleigu, Sveinskots. Norðvestan í þessari bingu eru Seljabrekkur [sjá 039], og var þar áður skógur, sem hét Seljabrekkuskógur,” segir í Föðurtúni eftir Pál V.G. Kolka. Sveinskot er um 320 m ofan við Blöndu og er á miðju úttekarsvæði Blöndulínu 2020. Líklegt er að býlið Sveinskot hafi verið byggt á Stekkjarstæðinu. Býlinu tilheyrja þrjár tóftir auk túngarðs. Alls er svæðið um 80 x 68 m að stærð.

Sveinskot er í þýfðri aflíðandi brekku. Grasi gróið er umhverfis kotið en brattara upp (austur) af svæðinu og lynggrónara.

Lýsingin hefst á meintu stekkjartæði 009\_1. Ekki sjást merki um stekkin en líklegt er að bæjartóft 009\_2 hafi verið byggð ofan á stekkjartæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM VIII, 355; Ö-Bollastaðir, 5; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 135


**HV-275:009\_2** Sveinskot bæjarstæði bústaður

A 463874 N 544566

Bæjartóftin er byggð upp við austurhlíð túngarðs 009\_3. Hún er um 15 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni sjást þrjú hólf, eitt í vesturhelmingi og tvö í austurhelmingi. Vesturhólf A og nyrðra hólf B í austurhluta hafa bæði op til norðurs. Ekki sést inngangur í syðra hólf C í austurhluta en líklega hefur verið innangengt í það úr nyrðra hólfinu. Breidd veggja er 1,5-3,5 m og eru



Tóft HV-275:009\_2, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft HV-275:009\_2

útveggir breiðastir. Hæð veggja er um 50-80 cm að innan, hæst í suðvesturhorni og vestantil í tóftinni, en um 50-60 cm að utanverðu. Hólf A er um 8,5 x 4 m að innanmáli, hólf B um 1,5 x 3,5 m og hólf C um 4 x 3,5 m. Mikið gras vex í tóftinni og hún er grænni en umhverfið en grjót sést á stöku stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**HV-275:009\_3** tóft útihús

A 463852 N 544598

Um 28 m NNV af bæjartóft 009\_2 er einföld tóft sem snýr ANA-VSV. Hún er um 14 x 6,5 m að stærð; breidd



Tóft HV-275:009\_3, horft til VNV.



Uppmæling af tóft HV-275:009\_3.

veggja er víðast 2-2,5 m og hæð 30-40 cm. Ekkert op er sjáanlegt. Mikið gras vex í tóftinni sem er grænni en umhverfið og sést ekki grjót í veggjum. Tóftin hefur líklega tilheyrt býlinu í Sveinskoti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-275:009\_4** garðlag túngarður

A 463879 N 544579



Torfhlaðinn túngarður sést umhverfis stærstan hluta svæðisins, alls um 80 x 68 m að stærð. Hann afmarkar ferhyrnt svæði og snýr NNW-SSA. Garðurinn um 2,5 m breiður og er hæstur um 40 cm á suður- og austurhlið en lækkar norðan og vestantil og er hann ekki greinanlegur á um 22 m kafla austast á norðurhlið og á um 25 m kafla nyrst á vesturhlið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

*Túngarður HV-275:009\_4, horft til SSV.*

**HV-275:009\_5** tóft útihús

A 544564 N 544532

Á loftmynd markar fyrir tóft í suðvesturhorni svæðisins, um 38 m frá bæjartóft 009\_2, en hún sást ekki á vettvangi vegna gróðurs. Tóftin virðist einföld, um 9,5 x 5 m að stærð og snúa vestur-austur. Breidd veggja er líklega um 1,5-2 m. Tóftin hefur að öllum líkindum tilheyrt býlinu í Sveinskoti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-275:040** heimild um leið

“Ofan við beitarhúsin hækkaði landið nokkuð og verða þá fyrst melhólar nokkrir austan við reiðgötturnar, og nefnast þeir Selhólar. Neðan þeirra er vallendissvæði, og sér þar til rústa. Sennilegt, að þarna séu gamlar selrústir, þar sem nafngiftir allt um kring benda til þess.” segir í örnefnaskrá.

Reiðgötturnar hafa að öllum líkindum legið yfir það svæði sem var tekið út fyrir Blöndulínu 2020. Engin ummerki um þær fundust á þessum slóðum og e.t.v. líklegt að þær hafi verið þar sem nú liggur malarvegur upp á heiði.

**Heimildir:** Ö-Bollastaðir, 10

**HV-275:044** tóft heystæði

A 464784 N 543951



Ferhyrndur pallur, líklega heystæði, er um 80 m suðvestur af vegi sem liggur til SSA frá Bollastöðum, um 60 m SSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Umhverfis pallinn er þýfður grasmói, lynggrónara og rofabörð á köflum austur og norður af. Lækur rennur til norðvesturs um 7 m norðan við pallinn.

Pallurinn er ferhyrndur, um 12 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 40-50 cm hár vestantil en um 1 m austantil. Smáþýfðara er uppi á pallinum en umhverfis. Pallurinn er grasi gróinn og ekki sést í grjót. Ekki mótár fyrir innanmáli.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Tóft HV-275:044, horft til norðausturs.*

**HV-275:045** varða óþekkt

A 464505 N 544069

Vörðubrot er á hól um 260 m suðvestur af vegi sem liggur til SSA frá Bollastöðum, um 108 m SSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Hóllinn er mosa og lyngvaxinn, hálfhvítur af hreindýramosa. Lítil kofi er um 118 m sunnan við vörðuna, handan girðingar. Grasi vaxið lækjargil er norðan við hólinn og þyrping af svipuðum melhólum norðvestur af honum.

Varðan er hrunin og er grjótdreifin um 20 cm há og 1 x 1,3 m að stærð. Grjót er allt skófum vaxið. Fluglaþúfa er um 1 m norðan við vörðubrotið. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en mögulegt er að hún hafi vísað á sel 039.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-275:046** þúst óþekkt

A 464526 N 544316

Óljóst mannvirki er 90 m vestan við malarveg, 245 m norðan við vörðu 045 og 115 m norðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020, ofan í gömlum lækjarfarvegi er töft.

Sund er á milli hárra melhóla og í því vex mikið og grænt gras.

Á þessum stað er greinileg brún í sundinu. Hún virðist regluleg og er líklega mannaverk. Hugsanlega hefur þarna verið töft sem er nú alveg sigin og óljós. Þústin er 9,2 x 8,6 m að stærð og snýr austur-vestur. Þúst er grafin inn í brekku sem er aflíðandi til vesturs. Ytri brún austurveggja er mjög óljós. Norður- og suðurveggur eru nokkuð skýrir og eru hæstir til austurs en lækka smám saman til vesturs. Innmál þústarinnar er skýrt, um 5,5x5 m á stærð og hæð veggja er frá 1,2-0,3 m á hæð, hæst á vesturvegg að innamáli. Ekki sést í grjóti í veggjum. Ekki er ljóst hvaða hutverki þústin hefur gegnt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Þúst HV-275:046, horft til austurs.*

**HV-275:047** varða óþekkt

A 465055 N 543992

Varða er á lágum melhól, 167 m norðaustan við malarveg, 100 m norðaustan við vörðu 048 og 110 m NNA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er ein af þremur vörðum sem eru í röð og eru innan við úttektarsvæði Blöndulínu.

Melhóllinn er nokkuð grýttur en þó glyttir í lynggróður á stöku stað.

Varðan er alveg hrunin og samanstendur af 5 stórum steinum sem eru skófum vaxnir. Grjótdreifin er um 1x1 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Víðsýnt er til suðurs og vesturs. Vörður 048 og 047 eru í röð samsíða girðingu norðar og gætu hugsanlega markað skil í landinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða HV-275:047, horft til vesturs.*

**HV-275:048** varða óþekkt

A 464956 N 543968

Varða er 65 m norðaustan við malarveg, 100 m norðan við vörðu 050 og 37 m NNA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er ein af þremur vörðum sem eru í röð og eru innan við úttektarsvæði Blöndulínu.

Varðan er á lágum melhól sem er vaxinn lyngi og hreindýramosa og glittir í mel hér og þar.

Varðan er um 1x1 m á stærð að grunnfleti og um 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti sem er skófum vaxið og er talsvert hrunið úr henni. Gróið er við botn hennar og er víðsýnt til vesturs og suðurs og má sjá til varða 050 og 054 frá henni. Vörður 055 og 056 eru í röð samsíða girðingu norðar og gætu hugsanlega markað skil í landinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða HV-275:048, horft til vesturs.*

HV-275:050 varða óþekkt

A 464984 N 543873



Varða HV-275:050, horft til vesturs.

Varða er á lágum og lítt grónum melhól sem er 83 m austan við malarveg sem liggur upp á heiðar, 100 m sunnan við vörðu 048 og 30 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Melhóllinn er grasigróinn í kringum vörðuna en annars er hann grýttur.

Varðan er grjóthlaðin og er um 1x1 m að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti og þunnum grjóthellum og er grjótið vaxið gulum og grænum skófum. Nokkrir grónir steinar eru í kringum vörðuna sem hafa mögulega hrunið úr henni. Víðsýnt er til vesturs og suðurs og einnig sést til vörðu 055 og vörðu 056. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt en gæti hugsanlega tengst vörðum 055 og 056.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

HV-275:051 gata leið

A 466242 N 543110



Leið HV-275:051, horft til suðurs.

Sjá má götur á óþektri leið um 160 m vestan við merkjagirðingu milli Bollastaða HV-275 og Steinár HV-285 og 1,5 km suðaustan við vörðu 050. Leiðin liggur þvert í gegnum úttektaarsvæði Blöndulínu 2020.

Leiðin liggur í gegnum stórbýfðan fjalldrapamóa.

Fjórar moldargötur liggja norður-suður á 200 m breiðu svæði og eru um 0,3-0,6 m djúpar og um 0,3-0,5 m á breidd. Vestustu götunni var fylgt á stuttum kafla en var svo rakin á loftmynd. Göturarnar hafa allar sömu stefnu og sjást vel á 1 km löngum kafla þar sem þær liggja í gegnum stórbýfðan fjalldrapamóa. Ekki er vitað hvaðan eða hvert göturnar liggja og er líklegt að um fjárgötur sé að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

HV-279 Stafn

30 hdr 1708. Bænhús var á jörðinni.

1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá., DI V 352.

Kuml fannst í landi jarðarinnar. Kuml og haugfé, 130.

1708 eru tvær eyðihjáleigur á jörðinni Stafnskot og Þorbjarnarstaðagerði. JÁM VIII, 371. Melkot og Teigakot einnig eyðibýli.

1708: “Túninu grandar bæjarlækurinn og ber á völinn grjót og sand til stórskaða. Engjar öngvar nema hvað hent er úr úthögum í fjallshlíðum, sem þó er mjög grýtt og sendið, sem áeykst árlega.” JÁM VIII, 370 1841: “Hún á mikið og gott land fram og upp til heiðar.” SSH, 117. 1920: Tún 5 ha, garðar 4639m<sup>2</sup>. “Túnið er ræktað upp úr samfelldum valllendismómum norðan Stafnklifs.” Húnaþing II, 205

HV-279:021 *Kiðjaskarð* sögustaður

A 476960 N 544981

“Frá Stafni og Hvammi liggja leiðir til fjalls og sameinast í Kiðjaskarði. Gegnum það er vegur í Mælifellsdal í Skagafirði. Í Kiðjaskarði söfnuðust saman flokkar þeirra Kolbeins unga og Gissurar Jarls fyrir Örlygsstaðaorustu.» Fyrirhugað línustæði Blöndulínu liggur um Kiðaskarð suðaustanvert.

Malarvegur liggur um Kiðaskarð. Víðast er lynggróið í skarðinu en brattar fjallshlíðar til beggja handa. Tvö lítil stöðuvötn eru austan vegar neðan við Kirkjuburst.

Ekki er vitað hvar í Kiðaskarði flokkar Gissurar og Kolbeins söfnuðust saman.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 124

**HV-279:023** *Moldbakkanes* náma mógrafir

A 471988 N 542893

Samkvæmt heimildarmani, Sigursteini Bjarnasyni, voru mógrafir í Moldbakkanesi vestan við Svartá, móts við merkin milli Kúfastaða og Stafns. Í örnefnaskrá segir: “Vestan Svartár, gegnt Gagnislæk áðurnefndum, er Moldbakkanes. Mógrafasvæðið er rúmum 40 m vestan við Svartá og tæpum 90 m suðaustan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Mógrafanes liggur hátt yfir ánni og er um 4 metra há brekka frá nesinu niður að ánni. Svæðið er grasi vaxið, stórþýft og mýrlent. Nokkrir djúpir lækjafarvegir liggja niður það og að ánni.

Ekki sást nein skýr ummerki um mógrafir á svæðinu. Þarna sjást nokkrar mjög óreglulegar dældir sem minna lítið á mógrafir og tengjast fremur lækjarfarvegnum á svæðinu. Aðeins á einum stað var hugsanleg mógröf, dæld sem var 1x3 m að stærð en samt fremur óregluleg. Hún er um 0.7 m á dýpt og þurr.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Stafn, 3

**HV-279:024** varða landamerki

A 472726 N 543373

Varða er á grýttum melhól sem er 735 m norðaustan við Svartárdalsveg (734), 139 m suðvestan við leið 022 og 7 m norðan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Kringum melhólin er lyngmói.

Varðan er um 1 m í þvermál og 0,9 m á hæð. Hún er hlaðin á nokkuð stóran stein samanstendur af þremur steinum sem eru skófum vaxnir. Í kringum vörðuna er grjót sem hefur líklega hrúnið úr henni. Viðsýnt er í allar áttir frá vörðunni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gengt. En hún gæti tengst leið 022. Þó er ekki hægt að útiloka að hún tengist landamerkjum Kúfastaða (og Stafns en samkvæmt landamerkjum RALA eru landamerkin um 60 m norðan við vörðuna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða HV-279:024, horft til suðvesturs.

## HV-281 Kúastaðir

20 hdr 1708.

Bænhús var á jörðinni. Kúga- eða Kúgastaðir rétt heiti að mati HP. HP: “Rannsókn og leiðrjettingar” Árbók 1923, 64.


1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 352

1529: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundssyni jörðina. DI IX, 489.

Skíthöll var í byggð um nokkura ára skeið af fyrrverandi bónda. Bóndinn býr að Stafni.

1708: “Túninu gandar bæjarlækurinn með grjóts og sands áburði, sem oft verður mein að. Engjar eru að mestu eyðilagðar fyri smálækjum og skriðum úr snarbröttu fjalli sem áeykst árlega.” JÁM VIII, 382

1841: “... nægur heyskapur og mikið og gott land.” SSH, 117. 1920: Tún 3 ha. garðar 7492m<sup>2</sup>. “Nokkuð er þar harðlent og aðkreppt af Svartárdalsfjalli. Túnið er ræktað á vallendisgrundum og er nokkru af uppgróinni skriðu. Flálandi er gott til fjallsins.” Húnabing II, 204



Uppmæling af minjum HV-281:011.

**HV-281:011\_1** *Kúfustaðasel* þúst sel


A 474029 N 543924

“Kúfustaðasel standur rétt austan við kvíslina [sem kemur af Sauðadal], grasi gróinn höll með tveim allstórum fjárhústóftum. Þar voru uppi beitarhús seint á síðastliðinni öld og gengið á þeim heiman að,” segir í örnefnaskrá. Selið er við Selkvísl, um 2,16 km austur af Svartárdalsvegi, á miðju úttektaarsvæði Blöndulínu 2020. Í selinu eru fimm tóftir og ná þær yfir svæði sem er alls um 64 x 46 m og snýr norðvestur-suðaustur.

Umhverfis selið eru þýfðir lyngmóar en grösugra er á flötinni næst ánni. Austan við selið er lágur hryggur og



Tóftir HV-281:011\_1 og 4, horft til VSV.



Uppmæling af bæjarhól HV-281:011\_1.

mýrarflæmi handan hans.

Lýsingin hefst á meintu selstæði Kúfustaðasels 011\_1

sem Beitarhús 011\_3 hafa að öllum líkindum verið byggð ofan á. Hóllinn sem þau standa á er grasi vaxinn og grænni en móinn umhverfis. Hann er um 23 m í þvermál, um 1,5 m á hæð austantil en rúmir 2 m vestantil. Engar byggingarleifar sem tengjast seltóftinni sjást lengur vegna rasks sem orðið hefur við byggingu beitarhúsanna. Vestantil á hólnum er smápýfi og dældir en ekki greinanleg hólf.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Kúfustaðir, 3

**HV-281:011\_2** tóft óþekkt

A 474060 N 543925

Tóft 011\_2 er 15 m austan við selstæði 011\_1. Hún er torf- og grjóthlaðin og snýr nálega norður-suður. Tóftin er 18x7 m á stærð og skiptist í tvö hólf. Nyðra hólfíð snýr VSV-ANA og er 4,5x2 m að stærð að innanmáli. Vestarlega á suðurvegg er op. Veggir eru gengnir í þúfur en eru vel greinilegir að undanskildum vesturvegg. Syðra hólfíð er sunnan við hólf 1 og það snýr NNV-SSA og er 9,5x2 m að stærð að innanmáli. Ekkert greinilegt op er á hólfinu en það hefur mögulega verið í norðvestur-horninu. Innanmál hólfins er mjög skýrt en utanmál þess er frekar óskýrt og veggir gengnir í þúfur. Hæð veggja að innanmáli er frá 0,2-0,6 m, hæst til suðurs. Hæð veggja að utanmáli eru 0,2-0,4. Ekki er vitað með vissu hvaða hlutverki tóftin gegndi, en gæti hafa verið kvíar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft HV-281:011\_2.



Tóft HV-275:011\_2, horft til suðurs.


**HV-281:011\_3** tóft beitarhús

A 474034 N 543918

Tóft 011\_3, beitarhús, er ofan á rústahól 011\_1, suðaustantil á hólnum. Beitarhúsin eru um 12 x 11 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Í tóftinni eru tvö hólf, hvort tveggja fjárhús með grjóthlöðnum gördum, opin til suðvesturs. Breidd veggja er víðast 2-2,5 m og hæð mest 40-50 cm. Gardarnir eru um 1 m á breidd, sá í norðvestara húsinu um 8 m á lengd en hinn er styttri, tæpir 7 m. Nyðra hólfíð er um 8,5 x 2,5 m að stærð en það syðra um 7,5 x 3 m. Rof er í veggjum á suðvesturhlið, einkum við vesturhorn tóftarinnar. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti. Þau eru að mestu grasi gróin en það glittir í grjót í veggjum á stöku stað og sjást grjóthleðslur vel í rofinu á suðvesturhlið.



Tóft HV-281:011\_3 í forgrunni og tóft 011\_6 er suðaustar.



Uppmæling af tóft HV-281:011\_4.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:011\_4** tóft óþekkt

A 474044 N 543918

Tóft 011\_4 er austanundir rústahól 011\_1. Tóftin er einföld, um 4 x 4 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur og hefur verið opin til norðvesturs en rof er einnig á suðvesturhlið. Breidd veggja er um 1,2 m og hæð 40 cm. Tóftin mikið hlaupin í þúfur og er mosavaxnari en beitarhúsin. Grjót sést ekki í veggjum. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en vera má að hún hafi tilheyrt selinu.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:011\_5** tóft óþekkt


A 474013 N 543911

Á loftmynd virðist marka fyrir tóft um 4 m vestur af rústahól 011\_1 en tóftin var ekki greinanleg á vettvangi. Tóftin virðist einföld, um 11 x 6 m að stærð og snúa austur vestur. Hún er mjög hlaupin í þúfur og rof virðist vera á suður- og norðurveggjum í vesturenda, breidd veggja er líklega um 2 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en vera má að hún hafi tilheyrt selinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft HV-281:011\_6.



Uppmæling af tóft HV-281:011\_5.

**HV-281:011\_6** tóft óþekkt

A 474068 N 543889

Á loftmynd virðist marka fyrir tóft um 33 m suðaustur af rústahól 011\_1, um 15 m suðaustur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020, en tóftin var ekki greinanleg á vettvangi. Tóftin virðist einföld, um 9,5 x 5 m að stærð, og snúa norðaustur-suðvestur með op til suðvesturs. Breidd veggja er líklega um 1,5-2 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en vera má að hún hafi tilheyrt selinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:012\_1** gata leið

A 473902 N 543949

“Kúfustaðasel [011] stendur rétt austan við kvíslina [sem kemur af Sauðadal], grasi gróinn hóll með tveim allstórum fjárhústóftum. Þar voru uppi beitarhús seint á síðastliðinni öld og gengið á þeim heiman að,” segir í örnefnaskrá. Götur liggur að Kúfustaðaseli úr vestri og áfram framhjá selinu til suðausturs. Leiðin liggur



Gata HV-281:012\_1, horft til austurs.

yfir úttektarsvæði Blöndulínu 2020, hún kemur inn á svæðið um 640 m vestur af Kúfustaðaseli en fer út af því um 285 m suðaustur af selinu. Á leiðinni eru þrjár vörður 02-04.

Leiðin liggur um holtamóa milli melása að Selkvisl og yfir ána, framhjá Kúfustustaðaseli og upp lágan hrygg suðaustan við selið. Austan hryggjarins eru mýrarflæmi.

Leiðina má rekja á alls um 2,7 km löngum kafla, þar af eru um 990 m innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Á loftmynd sést leiðin vestast um 820 m ofan (austan) við Svartárdalsveg en hún hefur líklega legið frá suðurenda túns að selinu, Á suðvesturenda fjarar leiðin smám saman út um 430 m norðvestur af vegarlóða sem liggur frá Svartárdalsvegi til norðausturs og um Kiðaskarð. Hugsanlega hefur leiðin því einnig verið farin frá Kúfustöðum ef fara átti um Kiðaskarð yfir í Skagafjörð. Frá Kúfustöðum að Kúfustaðaseli eru víðast 5-10 götur sem ná yfir allt að 20 m breitt svæði, en nokkrum á köflum eru göturnar aðeins 1-2. Frá Kúfustaðaseli eru göturnar færri, víðast 1-2. Göturnar eru um 30 cm djúpar og 30-50 cm breiðar. Mest eru um 2 m á milli gatna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kúfustaðir, 3

**HV-281:012\_2** varða samgöngubót

A 473520 N 543881

Varða er á grýttum malarás, 165 m norðvestan við vörðu 012\_3, 5 m vestan við vegslóða og 500 m vestan við Kúfustaðasel 011 og 85 m NNV við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á grýttum malarási en lyng og mosi vex næst vörðunni. Í kringum malarásinn er grýttur holtamói.

Varðan er tæpir 2 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti sem er vaxið gulum og grænum skófum. Frá henni er víðsýnt til norðurs og austurs og frá henni sést til vörðu 020. Vörður 012\_2, 012\_3 og 012\_4 eru allar í beinni sjónlínu og eru mögulega hluti af leið sem liggur að Kúfustaðaseli 011.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða HV-281:012\_3, horft til austurs.



Varða HV-275:012\_2, horft til austurs.

**HV-281:012\_3** varða samgöngubót

A 473682 N 543838

Varða er norðarlega á melás, 350 m VSV við Kúfustaðasel 011, 142 m VNV við vörðu 012\_4 og 10 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er hringhlaðin, um 1,6 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti sem er skófum vaxið. Lyng og mosi vex við vörðuna og víðsýnt er til austurs frá vörðunni og frá henni sést til vörðu 031. Varðan er líklega á leið 012\_1 sem liggur að Kúfustaðaseli 012.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:015** hleðsla rétt

A 472058 N 543036

Leifar af grjóthlaðinni rétt eru nærri merkjum milli Kúfasaða og Stafns nærri Svartá. Minjarnar eru 7,5 m suðvestan við Svartárdalsveg (734), 50 m norðaustan við tóft 017 og 12,5 m norðan við miðlínu úttektatsvæðis Blöndulínu 2020.

Hálfgróinn melur og frekar grýtt en gróinn mói er neðan við, nærri ánni. Réttin er austast á stuttum tanga sem gengur út til vesturs.

Að sögn Sigursteins Bjarnasonar, heimildarmanns, var réttinni ýtt út fyrir nokkrum áratugum þegar unnar voru



vegabætur á Svartárdalsvegi. Hún var um 20x20 faðmar að innanmáli og aðeins eitt hólf. Nú sést ekkert eftir af réttinni nema óregluleg grjótdreif sem snýr suðvestur-norðaustur og er um 12x3,3 m á stærð. Mikið grjót er til norðurs og suðurs sem gæti verið úr réttinni.

**Hættumat:** stórhatta, vegna framkvæmda




*Hleðsla HV-281:015, horft til norðausturs.*

**HV-281:016** tóft óþekkt

A 472090 N 542962

Lítill tóft er um 20 m er nærri merkum á milli Stafns og Kúfastaða, neðan (vestan) við Svartárdalsveg (734), um 60 m norðaustan við Svartá og um 56 m suðaustur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í smáþýfðu graslendi við veginn en grýttara er norður af tóftinni. Aflíðandi halli er til vesturs niður að Svartá.



*Uppmæling af tóft HV-281:016.*



*Rétt HV-281:016, horft til norðausturs.*

Tóftin er hringlaga, um 6 m í þvermál. Breidd veggja er um 2 m og hæð mest 30 cm. Tóftin er grasi og mosavaxin en glittir í grjót á stöku stað að utanverðu. Ekki er skýrt op á tóftinni en hefur mögulega verið á vesturhlið. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en á svæðinu er einnig rétt 015 og byrgi, mögulega smalabyrgi, 017, og tengist tóftin mögulega öðru hvoru mannvirkinu.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-281:017** hleðsla

A 472015 N 542997



*Byrgi HV-281:017, horft til NNV.*



*Uppmæling af tóft HV-281:017.*

Sæmilega hlaðið byrgi er rétt austan við Svartá, um 80 m NNV við tóft 016 og rúnum 70 m VSV við Svartárdalsveg 734. Byrgið er um 2 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Byrgið er ofarlega á grónum mel. Til norðurs er nokkuð grýtt svæði.

Byrgið er 3 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Sjá má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,4-0,5 m á hæð. Op er í suðausturhorni Byrgisins. Ekki er ljóst hver hlutverk þess var en mögulega var það skjól fyrir smala.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:018** varða landamerki

A 471562 N 542821



*Varða HV-281:018, horft til ASA.*

Nær hrunin varða í hlíð sem heitir Teigar og er rétt vestan við Svartá, um 500 m vestan við hleðslu 017 og tæpum 5 m norðan við vírgirðingu. Kúastaðir og Stafn áttu sitt hvorn hlutan í þessari hlíð. Mögulega hefur varðan verið landamerki milli þessara tveggja jarða áður en girðingin var reist. Sé það rétt er hún á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum en fær að njóta vafans og er tekin með í fornleifaskrá. Varðan er rúnum 2 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á grýttri fjallshlíð sem heitir Öxl. Nokkuð er um sand á svæðinu.

Varðan er um 1,5 m í þvermál. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést. Rétt sunnan við vörðuna er girðing á merkjum og mögulega hefur grjót úr vörðunni verið sett undir girðinguna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:019\_1** gata leið

A 473948 N 543863



*Leið HV-281:019\_1, horft til norðurs.*

Götur sjást til norðurs og suðurs 90 m suðvestan við Kúfustaðasel 011. Suðurgötur (019\_1) sjást um 35 m suðvestan við Selkvísl og 20 m sunnan við miðlínu úttekarsvæði Blöndulínu 2020. Þær stefna til suðurs frá selinu. Norðurgötur (019\_2) sjást fast norðan við selið og liggja til norðurs.

Götur liggja um þýfðan lyngmóa.

Götu 1 var fylgt á um 390 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Á henni sjást 1-3 götur sem eru 0,2-0,6 m djúpar. Nokkrar leiðir (012\_1 og 012\_2) eru skráðar að/framhá selinu 011 og gæti þessi leið tengst einhverri þeirra. Hún er greinileg suðvestan við Selkvísl og liggur til suðurs og var henni fylgt að mörkum úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Greinilegt er að hún liggur áfram til suðurs en ekki er vitað hvert hún liggur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-281:019\_2** gata leið

A 520298 N 559868

Óljós götuslóði liggur beint til norðurs frá Seli 011 en er greinilegur innan úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Leiðinni var fylgt innan úttekarsvæðisins en greinilegt er að hún liggur áfram til norðurs en ekki er vitað hvert hún liggur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-281:022** gata leið

A 472828 N 543580

Greinileg gata sést 125 m austan við vörðu 023 og 225 m vestan við leið 033. Leiðin er á merkjum milli Stafns og Kúfustaða og liggur þvert í gegnum úttekarsvæði Blöndulínu 2020.

Leiðin liggur um þýfðan lyngmóa.

Leiðin liggur norður-suður og sést sem einn greinilegur slóði sem er um 0,3-0,5 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Leiðin var mæld upp innan úttekarsvæðis en á loftmynd sést að leiðin liggur lengra til norðurs og suðurs. Ekki er ljóst hvaðan hún kemur eða hvert hún liggur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið HV-281:019\_2, horft til suðurs.*



*Leið HV-281:022, horft til norðurs.*

**HV-281:024** gata leið


Gata liggur NNV-SSA í hliðinni austantil í Svartárdal, um 1,08 km ofan (austan) við Svartárdalsveg. Gatan þverar úttektaarsvæði Blöndulínu 2020.

Gatan liggur um lynggrónar hliðar með litlum melhólum og rofabörðum á stöku stað. Fremur stórbýft er á svæðnu.

Götuna má rekja um alls tæpa 2,2 km. Hún sést nyrst um 230 m norðvestur af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 en syðst endar hún við vegarslóða sem liggur frá Svartárdal norðvestur í Kiðaskarð. Gatan er 30-50 cm breið og 40-60 m djúp. Mjór moldartroðningur er í botni götunnar en hún er annars gróin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

A 473070 N 543429



*Leið HV-281:024, horft til norðurs.*

**HV-281:026** þúst óþekkt



*Þúst HV-281:026, horft til vestus.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

A 477488 N 545456

Grjótpúst er á sýslumörkum Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu en ekki er alveg ljóst hvar nákvæm merki liggja og því ekki alveg ljóst hvaða jörð þessi þúst tilheyrir. Líklegast tilheyrir hún Kúfastöðum. Þústin er 10 m norðan við malarveg sem liggur um Kiðaskarð og 3,8 km vestan við landamerkjavörðu SK-170:009 (Í landi Reykjasels SK-170) og 120 m NNV við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Þústin er milli tveggja mjórra lækja og allt í kring er grasigróið og þýft.

Þústin er stór grjótdreif, um 11x4 m á stærð, snýr nálega austur-vestur og er um 0,4 m á hæð þar sem hún er hæst. Þústin sker sig úr umhverfinu en erfitt er að segja til um hlutverk hennar og gæti hún tengst einhverjum framkvæmdum á svæðinu, svo sem vegagerð eða lagningu raflína. Ekki er útilokað að hún gefi til kynna staðsetningu sýslumarka en þetta er óljóst.

**HV-281:027** varða óþekkt

Varða er í landi Kúfastaða, 220 m norðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020, en rúmum 10 m

A 472026 N 543242

norðaustan við námu BAN-102 í Svartárdal.

Varðan er uppi á hárrí malarhæð og girðing liggur alveg upp við hana. Svæðið er grasi og lyngi vaxið en stórir gróðurvana blettireru þó víða.

Varðan er 1,5 x 1.2 m að flatarmáli og nokkurnvegin ferköntuð. Varðan er 1.2 m á hæð. Hún er fallega hlaðin og sjást 5-7 umför steinum og hellum en efstu steinum hefur verið hrúgað saman. Steinar eru fremur stórir neðst en minni ofar. Neðstu steinarnir eru grónir en lítið annað sem bendir til að varðan sé mjög gömul.

**Hættumat:** hætta, vegna efnistöku



Varða HV-281:034, horft til VNV.



Varða HV-281:027, horft til austurs.

**HV-281:034** varða óþekkt

A 472026 N 543242

Varða er í landi Kúfastaða, 220 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020, en rúmum 10 m norðaustan við námu BAN-102 í Svartárdal.

Varðan er uppi á hárrí malarhæð og girðing liggur alveg upp við hana. Svæðið er grasi og lyngi vaxið en stórir gróðurvana blettir eru þó víða.

Varðan er 1,5 x 1.2 m að flatarmáli og nokkurnvegin ferköntuð. Varðan er 1.2 m á hæð. Hún er fallega hlaðin og sjást 5-7 umför steinum og hellum en efstu steinum hefur verið hrúgað saman. Steinar eru fremur stórir neðst en minni ofar. Neðstu steinarnir eru grónir en lítið annað sem bendir til að varðan sé mjög gömul.

**Hættumat:** hætta, vegna efnistöku

**HV-281:036** varða samgöngubót

A 473822 N 543824

Varða 012\_4 er um 227 m VSV af Kúfustaðaseli 011, um 32 m suður af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á melás ofarlega í grýttri hlið, lyngvaxinni á stöku stað. Bratt er niður af vörðunni til austurs en meira aflíðandi halli er upp af henni til vesturs. Lítil lynggróin laut er rétt vestur af vörðunni.

Varðan er hálfhrunin og liggur grjót á dreif til austurs frá henni. Hún er um 1,5 m í þvermál og 45 cm á hæð, mest sjást 3 umför. Grjót er skófum vaxið. Varðan er fjærst leið 012\_1 af vörðunum, um 100 m suður af leiðinni. Göturnar sveigja fyrir norðurenda ássins sem varðan stendur á en mögulega hefur leiðin verið fyrir suðurenda ássins þegar varðan var hlaðin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða HV-281:036, horft til austurs.

HV-284 Hóll

20 hdr 1708, 30 með hjáleigu.

Bænhús var á jörðinni. 1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 352.

1449: Vitnisburður um að Hóll liggir í Bergstaðakirkjusókn. DI IV, 759.

1479 Skúli Loftsson selur Tómasi Þorsteinssyni Vakurstaði fyrir hlut af Hóli í Svartárdal og lausagóss. DI VI, 180.

1527: Jón Hólabiskup selur Guðmundi Þorsteinssyni Hól sem var eign dómkirkjunnar fyrir Ystabil í Langadal. DI IX, 400.

1633. Arnfinnur Jónsson selur sr. Gísla Brynjúlfssyni 20 hdr í jörðinni fyrir hálfan Hól. Jarðabréf, 197  
Teigakot hjáleiga 1708 sennilega sama Teigakot og skráð er með Hvammi. Hólsgerði eyðibýli og einnig var búið um tíma í Hólsseli einnig byggðu hjónakorn bæ um 1883 en bjuggu þar stutt.

1708: “Túninu grandar lækur úr brattlendi sem ber á það grjót og leir í vatnavöxtum árlega. Engjar eru að mestu eyðilagðar fyri landbroti af örðum læk og grjóts og sands áburði, o er ei annað slægjuland heldur en það lítið sem skorið verður með smáblettum innan úr þessum skriðum.” JÁM VIII, 367.

1841: “... erfið jörð og arðlítill í flestu tilliti.” SSH, 117.

1920: Tún f. Hól og Hólsgerði 5 ha, garðar 7466m<sup>2</sup>. “Hólsdalur liggur vestan Oktana, og á jörðin þar land, gott og víðáttumikið, allt til heiðar. Tún er ræktað norðan Ofsans til merkja við Steinsá, og einnig fram með Svartá. Er það vallendisræktun að mestu.” Húnaþing II, 201

**HV-284:028** gata leið

A 469810 N 542280

Greinileg gata er rétt austan við Hólslæk og vestan við Öxl, um 100 m sunnan við Hólssel 013. Leiðin hefur legið frá selinu og til suðurs eða verið á leið sem lá framhjá selinu og áfram til norðurs og suðurs. Ekki er ljóst hvar leiðin endaði en mögulega hefur hún legið upp á Eyvindastaðaheiði. Leiðin liggur þvert yfir miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Leiðin liggur um mosagróið svæði, ofarlega í brekku. Til austurs er mosagróið og þýft svæði.

Á leiðinni sést ein alldjúp gata sem er 0,5 m djúp. Hún er 0,3-0,6 m breið, og liggur nálega norður-suður. Leiðinni var fylgt á um 300 m löngum kafla innan úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Á loftmynd má sjá greinilega að leiðin náði lengra til norðurs og suðurs, utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda Blöndulínu 2020. Ekki er þó loku fyrir það skotið að þetta sé fjölfarin fjárgata.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið HV-284:028, horft til norðurs.*

**HV-289** Barkarstaðir

20 hdr hdr 1708, Torfustaðir þriðjungur jarðarinnar, 10 hdr. JÁM VIII, 363-364.

1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 352

1526: Ögmundur Skálholtsbiskup fær Halldóri Magnússyni Hof á Kjalarnesi og leggur Halldór Barkarstaðir í Svartárdal upp í. DI IX, 391.

1542: Guðlaugur Ásgrímsson selur Birni Jónssyni 20 hdr í Torfustöðum í Miðfirði fyrir hálfá Barkarstaði. DI XI, 159.

1678: Ásgrímur Björnsson selur Jóni Þorlákssyni hálfan Torfalæk fyrir hálfá Barkastaði. Jarðabréf, 199.  
Barkastaðagerði var hjáleiga.

Sama á við 1708 og á Torfustöðum. JÁM VIII, 365.

1841: “... lítið sunnan að vestan, heyskapur sæmilegur, landnytjar allgóðar sumar og vetur, landlítið.” SSH, 117.

1920: Tún 5 ha, garðar 4687m<sup>2</sup>. “Túnrækt er á framræstum mýrum neðan brúna.” JÁM VIII, 194

**HV-289:019** gata leið

A 465137 N 549662

Gata er á óþekktri leið langt ofan við Barkastaði, austan í Járnhrygg sem skilur á milli Svartárdals og Blöndudals. Leiðin liggur framhjá vörðu 020 þar sem þessi leið og leið 021 mætast. Leiðin var upphaflega skráð árið 2008 en skoðuð aftur á vettvangi og mæld upp með nákvæmum hætti í ágúst 2020. Lýsingunni var þá breytt lítilliga. Leiðin er að hluta innan úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 og er minnst 70 m frá miðlínu þess.

Gatan liggur um smáþýfðan lyngmóa.

Greinileg gata er á löngum kafla í móanum ofarlega í landi Barkastaða. Gatan liggur norður-suður og er um 0,5 m breið og djúp. Hún er enn farin af kindum. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er en hún er ekki merkt á Uppdrátt Íslands 53. Víðimýri sem gefinn var út árið 1923.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Leið HV-289:020, horft til suðurs.



Varða HV-289:019, horft til suðurs.

**HV-289:020** varða samgöngubót

A 465094 N 549333

Vörðubrot er á krossgötum þar sem leiðir HV-289:019 og HV-289:021 skarast austan í Járnhrygg sem skilur á milli Svartárdals og Blöndudals. Varðan var skoðuð aftur í ágúst 2020 þegar hún var mæld upp með nákvæmum hætti og var lýsingunni breytt lítillega til samræmis við nákvæmari mælingar. Varðan er 25 m utan og suðaustan við úttektarsvæði Blöndulínu 2020.

Varðan stendur á blásnum mel en enn er gróðurtorfa undir vörðu. Umhverfis er smáþýfður lyngmói.

Varðan er niðurfallin. Hún er um 0,7 x 1,7 m að grunnfleti, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,3 m á hæð. Ekki er útilokað að byrgi eða svipað mannvirki hafi verið á þessum stað því umhverfis vörðu er grasi gróið grjót sem virðist vera laust, aðflutt. Þetta svæði er alls um 2 x 3 m, snýr norður-suður. Varðan er við krossgötur því að leið 019 liggur framhjá henni og stefnir norður-suður og leið 021 liggur framhjá henni og stefnir austur-vestur.

**Hættumat:** engin hætta

**HV-289:021** gata leið

A 464803 N 549247



Leið HV-289:021, horft til norðurs.

Götur á leið sem virðist hafa verið nokkuð fjölfarin eru sunnan við vörðu HV-289:020. Stefna göturnar þvert yfir Járnhrygg sem skilur á milli Svartárdals og Blöndudals. Leiðin var upphaflega skráð 2008 hún var skoðuð aftur á vettvangi í ágúst 2020 þegar hún var mæld upp með nákvæmum hætti. Minjalýsingunni var breytt lítillega í kjölfarið. Leiðin er innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og liggur miðlína hennar yfir leiðina á einum stað. Gatan liggur í stórþýfðum móa. Helsti gróður á svæðinu er hreindýramosi, lyng og gras.

Götunni var fylgt á 1,2 km löngum kafla en hún er mun lengri og hefur að öllum líkindum legið á milli Eyvindarstaða HV-273 í Blöndudal og Barkarstaða í Svartárdal. Á milli þessara bæjar eru um 3,8 km. Á leiðinni sjást 10-15 götur á svæði sem er 10 m breitt. Göturnar eru 0,3 m á dýpt og eru þær greinilega enn farnar af búsmala og mögulega við fjárrekstur því þær

eru ógrónar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-289:022** varða landamerki

A 464631 N 549062

Varða er nærri merkjagirðingu milli Barkarsstaða og Eyvindarstaða og er hún við leið 021 sem liggur framhjá henni á milli Svartárdals og Blöndudals. Leiðin liggur 10 m sunnan við allháan melhól sem varðan stendur á. Hún hefur áður verið á landamerkjum en girðingin á merkjum er 10 vestar þar sem auðveldara er að girða. Varðan var skoðuð aftur í ágúst 2020 þegar hún var mæld upp með nákvæmum hætti og var lýsingunni breytt lítillega til samræmis við nákvæmari mælingar. Varðan er 124 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er á melhól í stórþýfðum móa efst á Járnhrygg sem skilur á milli Svartárdals og Blöndudals.

Varðan er á um 2 m háum melhól með aflíðandi hlíðum. Hún er grasivaxin og greinilega hrugin fyrir löngu.

Varðan er 1,5x1,3 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Hún er 0,6 m á hæð. Ekki sjást skýrar hleðslur heldur glittir í grjót hér og þar. Út frá staðsetningu vörðunnar má ætla að hún hafi gegnt hlutverki landamerkjavörðu og varðað leið 021.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**HV-289:023** gata leið


A 464657 N 549009

Ógrónar götur liggja af leið 021 sunnan við vörðu 022 rétt austan við merkjagirðingu á milli Barkarstaða og Eyvindarstaða. Leiðinni var fylgt á stuttum kafla þar sem hún liggur til suðurs og er innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Miðlína þess liggur þvert yfir göturnar. Göturnar eru í stórpýfðum móa efst á Járnhrygg sem skilur á milli Svartárdals og Blöndudals.

Leiðinni var aðeins fylgt á um 300 m löngum kafla en

á loftmynd má greina hana lengra til suðurs. Sjá má tvo til þrjá ógróna troðninga sem greinilega eru farnir af búsmala sem er á beit á þessu svæði. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en margar leiðir virðast liggja eftir ofanverðum dölunum, Svartárdal og Blöndudal og óvíst að þær hafi allar verið ferðamannaleiðir. Þær götur sem hér eru skráðar eru samsíða leið HV-273:031 sem er vestan við merkin, 80-160 m vestar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða HV-289:022, horft til vesturs.*

HV-290 Torfastaðir

1708 er jörðin þriðjungur Barkarstaða, 10 hdr. Þá óskipt land milli jarðanna, munnmæli að Torfastaðir hafi byggst upp af stekkjarsvæði frá heimajörðinni. JÁM VIII, 363 Torfustaðir réttara heiti að mati HÞ. HÞ: “Rannsókn og leiðrjettingar” Árbók 1923, 64.

1708: “Túninu grandar landbroti sem vatn gjörir, sem grefur neðan jörðina, so grasrótin dettur niður, og verða þar af graslausar holgryfjur. Enginu grandar Svartá með grjóts og sands áburði, so og spillist engið að ofan af smálækjum, sem bera leir og sand í slægjulandið.” JÁM VIII, 364

1841: “... útbeit lítill, á veturnum útbeitarlítill.” SSH, 117.

1920: Tún 3 ha, garðar 6119m<sup>2</sup>. “Gott tún er á framræstu mýrlendi allt til merkja að sunnan, er ræktun er erfiðari vegna grjóts og brattlendis í úthluta landsins.” Húnaþing II, 193

**HV-290:009** vegur leið

A 466015 N 551496

Vegur lá inn Svartárdal beggja vegna við Svartána. Að sögn Guðmundar Valtýssonar hlykkjaðist hann inn dalinn og farið yfir ána eftir því sem hentaði hverju sinni. Vegurinn sést vel vestan megin í dalnum á þessu svæði og hlykkjast þar eftir ármelunum og heim að Torfustöðum. Vegurinn sést 242 m norðan við tóft HV-290:010. Upphaflega var vegurinn skráður árið 2008 en farið var aftur á vettvang í ágúst 2020 og voru ummerki um hann mæld upp með nákvæmari hætti en áður hafði verið gert. Aðeins var svæði til skoðunar sem er innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Miðlína þess liggur yfir leiðina en ummerki sjást hins vegar ekki nema syðst á úttektarsvæðinu. Lýsingunni var lítilllega breytt eftir síðari vettvangsskoðunina.

Vegurinn hefur legið eftir grónum áreyrum og valllendismóa þar sem hann er utan túna. Þar sem hluti hans var skráður er hann í vallendisbrekku í halla til austurs, niður að Svartá.


Ruddur vegur sést á um 50 m löngum kafla þar sem hann liggur upp grösuga brekku eða árbakka, um 7 m háan. Bakkin er ofan og vestan gróinna áreyra niður við Svartár. Vegurinn er þýfður, grasivaxinn og um 3 m á breidd. Vegurinn lá norður-suður eftir dalnum. Til norðurs hverfur hann í eyrnar og til suðurs í ræktuð tún.



*Vegur HV-290:009, horft til vesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-290:010\_1** tóft fjárhús



*Uppmæling af tóftum HV-290:010.*

er 12x9,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op eru inn í krær sitt hvoru megin við garðann á austurgaffli. Fjárhúshluti tóftarinnar er um 5x5 m að innanmáli. Garðinn er í þeim miðjum og skiptir í tvo jafnstóra hluta. Hann er grjóthlaðinn og sjást leifar steyptrar plötu á honum. Vesturhluti tóftarinnar er útflattur og sjást nánast engin merki um innri brún veggja í hlöðu sem þar hefur verið. Hlaðan er á að giska 5,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er úr torfi og grjóti og sjást 4 umför í grjóthleðslum. Mesta hæð veggja er um 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft HV-290:010\_2, horft til austurs.*



*Tóft HV-290:010\_1 horft til austurs.*

**HV-290:010\_2** tóft fjárhús

A 465831 N 551307

Tvískipt fjárhústóft er um 12 m suðvestan við tóft 010\_1. Hún er 15x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Fjárhúshlutinn er í austurenda tóftar og er 8,5x4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er nyrst á austurgaffli (í norðausturhorni). Hlaða er í vesturenda tóftar, snýr norður-suður. Það hólf er um 7x4 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúshlutann. Hlaðan er samansigin og rof eða op er í báðum endum hennar. Búið er að grafa skurð ofan (vestan) og sunnan við tóftina. Tóftin er grjót- og torflaðin. Mesta hæð veggja er um 0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**HV-290:011** tóft smalakofi

A 464853 N 550593

Lítill tóft af smalakofa er rúman 1 km vestan við tóft 010 og 1,3 km vestan við stór fjárhús sem eru í notkun. Tóftin er uppi á Járnhrygg, um 100 m neðan hjalla í hálsinum. Fyrir austan tóftina er mýrarfláki, sem liggur norður-suður, og nær eins langt og augað eygir í báðar áttir. Tóftin var fyrst skráð 2008 en farið var aftur á vettvang í ágúst 2020 og þá var tóftin mæld upp með nákvæmum hætti. Texta í lýsingu var breytt til samræmis við nákvæmari mælingar og aðra túlkun skrásetjara. Tóftin er 29 m austan við miðlinu úttektarsvæðis Blöndulínu. Tóftin er á melhól í stórþýfðum móa ofarlega á hálsi á milli Svartárdals og Blöndudals. Hún er grasvaxin og




mun grænni en umhverfið í kring. Helsti gróður á svæðinu er hreindýramosi, lyng og gras.

Tóftin er einföld og ferköntuð, 2 x 2 m að stærð. Melhóllinn sem hún er hlaðin á er um 1 m hár og 10 m langur, snýr norður-suður. Tóftin virðist hlaðin úr torfii og grjóti og sést neðsti hluti hleðslunnar vel í vestur- og suðurveggjum. Aðrir veggir eru ógreinilegri og signir. Hrunið hefur innan í tóftina og utan með henni. Ógreinilegt op er í norðvesturhorni. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og sést eitt umfar af grjóti í þeim. Fast sunnan við tóftina er græn torfa, 1,5x1 m að stærð, snýr norður-suður. Mögulega eru mannvistarleifar þar undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Tóft HV-290:011, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft HV-290:011.

## HV-292 Eiríksstaðir

40 hdr. 1847. Bændaeign. 50 hdr. með Eiríksstaðakoti sem talið er sér, 10 hdr frá 1708. Útkirkja var á jörðinni. 1390: “sagde [seljandi] til halfkirkju skylldar a æiríksstodum ...” DI III, 453.

1486: Jarðarinnar getið. DI V, 352

1504: Bréf um landamerki Eiríksstaða og Fjósa. DI VII, 729-730. Eiríksstaðakot og eyðihjáleigan Grófarkot hjáleigur 1708.

1708: “Jarðardýrleiki xl [hndr] á heimajörðunni, en alls með Eireksstaðakoti, sem stendur í úthögum, fímtíu hundruð, ... .” JÁM IX, 377.

1708: “Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber á völlinn til stórskaða grjót, sand og leir, sem ácykst árlega. Enginu grandar Svartá að neðan með landbroti og grjóts áburði, en smálækir úr brattlendi að ofan sem bera grjót og leir á slægjulandið til stórskaða.” JÁM VIII, 377

1841: “Það er valin jörð, heyskapur nægur, mikið og gott land upp til fjalls.” SSH, 117.

1920: Tún 4 ha,g arðar 5571m<sup>2</sup>. “Ræktun er að meiri hluta af vallendi, og nokkuð sundurslitin. Jörðin á víðáttumikið flálendi á Svartárdalsfjalli og gott beitaland í brekkum neðan brúna.” Húnaþing II, 192

**HV-292:022\_1** varða samgöngubót

A 469389 N 552683

Þrjár vörður eru uppi á Vörðumel, um 170 m vestur af götum HV-641:001. Varða 022\_01 er líklega samgöngubót á þeirri leið en vörður 022\_02 og 03 eru um 80 m norðvestar, fjarri leiðinni. Vörðurnar eru vel hlaðnar úr flötum, þunnum steinum. Þær eru á svæði sem er 90x50 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Leið 641:001 er 80-130 m sunnan við vörðurnar.

Vörðurnar standa á mosagrónum og grýttum mel.

Varða 022\_01 er 80 m suðaustan við vörður 022\_2 og 3. Hún er um 1 m í þvermál og um 1,3 m á hæð, hlaðin ofan á mikið jarðfast bjarg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-292:022\_2** varða samgöngubót

A 469327 N 552740

Tvær vörður eru nærri hvor annarri. Sú syðri er um 1 m í þvermál og um 1,8 m á hæð. Varðan er farin að halla til austurs. Hún er nokkuð jafnbreið upp á topp og flöt þar. Grjót í báðum vörðum skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-292:022\_3** varða samgöngubót

A 469324 N 552745

Nýðri varðan er um 1 m í þvermál og er fallin. Grjóti sést liggja í mel og er ljóst að alllangt er síðan varðan féll.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**HV-292:023** varða óþekkt

A 468561 N 552743

Varða er efst á ás sem kallast Selás. Hann dregur nafn sitt mögulega af Eiríksstaðaseli sem er rétt norðan við rannsóknarsvæðið á þessum stað. Varðan er tæpa 800 m suðaustan við vörðu HV-292:022 og 3 km vestan við vörðu SK-087:025. Hún stendur á bröttum melhól og blasir við úr öllum áttum. Varðan er um 159 m NNV af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 og er því utan svæðis en helgunarsvæði vörðunnar skarast við úttektaarsvæðið.

Varðan stendur á mosavöxnum melhól. Svæðið er lítt gróið og víða glittir í mel og hraun.

Varðan er hlaðin úr grjóti og er uppistandandi. Hún er um 0,6 m á hæð, 0,4 m á breidd og sjást fjögur umör af grjóti í henni. Melhóllinn er brattur og um 8 m á hæð. Snarbratt er til austurs frá vörðunni en hinar hlíðar hólsins eru meira aflíðandi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

HV-701 Fornleifar á fleiri en einni jörð

**HV-701:001** Skínandavegur vegur leið

A 468034 N 542553



*Skínandavegur HV-701:001, horft til VNV.*

Í örnefnaskrá Hóls segir: «Háavarða [HV-284:009] heitir gamalt vörðubrot skammt fyrir ofan ytri enda Háubrekku. Um hana liggur merkjalína Hóls og rétt hjá henni er Skínandavegur.» Skínandavegur liggur frá túnunum við Steiná HV-285 og til suðurs að Sellandi þar sem hann sameinast veginum upp á Eyvindastaðaheiði. Hægt er að rekja hann alla leið á loftmynd. Skínandavegur voru reiðgötur en seinna voru þær ruddar með ýtu og búinn til sá moldarvegslóði sem nú sést. Í landi Steinár liggur Skínandavegur þvert yfir úttektaarsvæði Blöndulínu 2020, tæpum 4,4 km sunnan við bæ 001.

Innan úttketrarsvæðisins liggur vegurinn yfir lyngi-, mosa- og grasvaxin svæði en á milli eru gróðurvana svæði. Norðvestast á úttektaarsvæðinu eru lágir klettur en hátt mastur útvarpssendis syðst.

Vegurinn er yfir 9 km langur en sést á úttektaarsvæðinu sem 2-3 m breiður moldarhlóði með bílförum. Hann

myndar eilítla dæld í landslaginu sem er 0.2 m á dýpt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hóll, 11

**HV-701:002** gata leið

A 468818 N 552520

“Vestan lækjarins [Klittnalækjarins], gegnt Grensbrekku, er Ferðamannaflá; þar um liggja götur, sem greinast vestur að Eiríksstöðum og Leifsstöðum,” segir í örnefnaskrá Valabjarga í Skagafirði. Göturnar sjást meðal annars um 170 m norðaustan við vörður 292:022 í landi Eiríksstaða. Leiðin þverar úttektaarsvæði Blöndulínu 2020 á tveimur stöðum en liggur annars 15-60 m utan við úttektaarsvæðið. Leiðin liggur yfir lönd Valabjarga SK-087 og Eiríksstaða HV-292. Leiðin liggur yfir sýslumörk og er skráð í báðum sýslum sem SK-641:001 og HV-701:002. Leiðin var fyrst skráð árið 2008 á númerið SK-087:009.

Göturnar eru greinanlegar frá kofa neðarlega í dalnum í landi Valabjarga og hafa verið ruddar að hluta fyrir fáum árum. Þær liggja yfir holt og hæðir í fremur hrjóstrugu landi.

Vestan við sýslumörk var leiðin var skoðuð í landi Eiríksstaða. Gata er enn vel greinanleg á gróðurlausum mel og er þar um 3-4 m breið og um 0,4 m djúp. Líklegt er að hún sé nærri Ferðamannaflá en heimildamaður kannadist ekki við þann stað. Gatan liggur SSV-NNA. Leiðin var fyrst skráð 2008 en var skoðuð aftur árið 2020 og mæld upp með nákvæmum hætti. Alls er um 2 km kafli af leiðinni sem liggur innan eða rétt við áhrifasvæði Blöndulínu. Í landi Valabjarga liggur leiðin SSV-NNA en sveigir síðan til VNV í landi Eiríksstaða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Valabjörg, 1

**HV-701:003** heimild um leið

A 475055 N 544030

“Um Hvammsdal liggur reiðvegur austur yfir #Kiðaskarð# til Mælifellsdals. Skarðið er um 600 m y. s. Sunnan þess er kletthyrna (910 m), er Baðstofuburst heitir (..). Um hana liggja sýslumót. Vegalengd frá Hvammi að Mælifelli er fullir 15 km, en lítið eitt styttri frá Stafni, enda mun vegurinn helst hafa verið notaður í réttarferðum að haustinu. Þá er þess getið í Sturlungu, að Kolbeinn ungi og Gizur Þorvaldsson riðu Kiðaskarð að sunnan, er þeir sóttu Örlygsstaðafund. (279:021].” Leiðin er sýnd á Uppdrætti Íslands, korti 53.

Leiðin lá þvert í gegnum úttektarsvæðið í landi Stafns og Kúfustaða, nánast á merkjum jarðanna. Engin ummerki hennar sást þar og hennar var ekki leitað utan þess.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Jón Eyþórsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1964, 108 Uppdráttur Íslands 53

## 4.3 Skagafjörður

### SK-085 Vatnsskarð

“Sæmundr nam Sæmundarhlíð alla til Vatnsskarðs, fyrir ofan Sæmundarlæk, ok bjó á Sæmundarstöðum;... ” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 228; “Þorkell vingnir, son Skíða ens gamla, hann nam land um Vatnsskarð allt ok Svartárdal.” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 230.

1310:”...og síðan höfðu greindar jarðir setid um snotier ara hlaup. at su væri landeign vatnsskards til thessar[a] ummerkia. at austan. Milli fialls oc vatnsskards. stendur Raudkolluholl aa argilsbarminum austan sneiding þann er liggur upp ur lestahuammi. ... “ DI III, 10.

1391:”oc ef þeir villde at iordini ganga skilldæ asgeirr kisoa huart hann tæki aftr sina peninga iafngriða edr þessar iarder eftor virdingu. vazskard. vazhlid. oc valadal... » DI III, 462.

1402:” ... Suo ok medkennumzt uid ath heyrðum ath ualadal uar eignat frayfir klupter ok þorleifr arnason sem gud hans saal hafe eignade sier ok lede þangat hrisrif nændum ...ok ath læk þeim esem fellur ur hlidaruatne ok ut gegnt uazskarde ok ur utedyrunum aa uazskarde... ” DI III, 674.

1478:” jtem skal holl eiga gellfiar Regsktur ueturguamlu feé ok elldra suo martt sem þeim bunade þarfmar er ää holi byr vpp j skarda jarðer vatzhlid ok uaztskard. ... “ DI VI, 146.

1493 -1739: Vitnsiburður Árna Egilssonar.” Vatnsskard og allt hans fasta goss var af honum dæmt á Seilu. Mig minnir 1528.” DI X, 65.

1522: Jarðir Teits Þorleifssonar lögmans.” Jn primis Jarðer j Skagafjörði. Glombær. Medalheijmur. Jelivogar. Vatnzstard og Vatzhlijd. ...” DI IX, 93.

1550-60: Afgjaldareikningur jar sr. Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ. “Uazskard med iij kugilldi. Iij ær j landskyllid. kurellid oc .v. aurar.” DI XII, 194.

Um 1560: Minnisgreinir sr. Gottskálks Jónssonar um byggingu jarða sinna. “Suo Uazskard med iij kugilldum .iij kugilldi j landskyllid. Kyr enu somu” DI XIII, 560.

Um 1561-62: Minnisgrein sr. Gottskálks um bygging jarða sinna.” Valadal med somu kostum oc Uazs[kard] .” DI XIII, 682.

1569: Minnisgrein um bygging Marbælis. “ bygt Helga Marbæli me ij kum oc iij asadarkugilldum. ... Ualadal. Uashlid. Uasskard.” DI XV, 342; Reikningur kirkna á prestssetrum í Hólabyskupsdæmi.” Kirkian j Glaumbæ beneficium. Hun a iord Vatzhlid med .iij. Khgilldum. landskyllid .c. Vatzkard med .iij. kugilldum.” DI XV, 353.

1713: Jarðardýrleiki xx hdr. JÁM IX, 83.

1839: “ Vatnsskarð 20 hndr.,... “ SSS, 63.

20 hdr. 1847. Glaumbæjarkirkjueign.

1713: ”Túnið spillista f leir og grjóti úr bæjarlæknum. Engjunum aðrir lækir með sama skaða úr brattlendi.” JÁM IX, 84.

#### SK-085:044 gata leið

A 475669 N 558865



Leið SK-085:044, horft til vesturs.

Sjá má greinilegar götur sunnan við þjóðveg um Vatnsskarð, nærri merkjum Stóra-Vatnsskarðs á mótí Víðimýrarseli. Voru þær skráðar þegar námustæði BAN-05 var tekið út í tengslum við Blöndulínu 2020. Gamall vegur er fast norðvestan göturnar og rudd slóð er sunnan við þær.

Göturnar liggja um þýfðan móa í lægð milli tveggja lágra og grýtttra melhæða.

Götunum var fylgt á 175 m löngum kafla þar sem þær sjást innan námustæðisins. Víðast sést ein gata en þrjár þegar best lætur á 5-6 m breiðu svæði. Göturnar eru 0,2-0,4 m á dýpt og breidd. Sumar göturnar voru grónar en aðrar ógrónar og eru notaðar af búsmala á svæðinu. Ekki er ljóst hvort að göturnar séu á ferðaleið eða hvort aðeins sé um fjárgötur að ræða. Mikil umferð hefur verið um þetta svæði í gegnum aldirnar milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu og styttri leiðir á milli bæjar innan héraðs

og má sjá ummerki um eldri vegagerð sunnan við þjóðveginn í grennd við göturnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku

SK-086 Valadalur

1238: "Miðfirðingar riðu norður Vatnsskarð sjö saman og komu um kveldið fyrir Lárentínusmessu í Valadal og slógust þar inn og tóku það er laust var." Sturlunga saga I, 407; "Hann [Kolbeinn ungi] reið suður af Kili þá er hann hafði lausa látið menn Sturlu þá er teknir voru í Valadal." Sturlunga saga I, 409.

1391: "oc ef þeir villde at iordini ganga skilldæ asgeirr kisoa huart hann tæki aftr sina peninga iafngrida edr þessar iarder eftor virdingu. vazskard. vazhlid. oc valadal... » DI III, 462.

1402: "... Vid heyrðum ockur ellre menn sueria at ualadalur ætte kuarinnngsdal ok selfavrena med... ." DI III, 674.

1493 -1739: Vitnsiburður Árna Egilssonar." ... Ad tunga allt upp ad Arnarvatni hefði first verid leigd frá Vatnshljð Jóni nockrum Þordarsyni a Valadal til heilmingabeitar og brukunar... ."DI X, 65.

1544: Skiptabréf eftir Jón Einarsson á Geitaskarði."Suo og skiptu vier eignarskipti fodurarfi þeirra. þriggia brædra eigils jonssonar. gottskalks og olafs. ....en gottskalk skyldi hafa hofudbol vik j skagafirdi. og ualadal." DI XI, 312; Reikningar sr. Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ." Enn ec godskalk wik firir hundrad. c. valadal xx c." DI XI, 358.

1546: "Valadalr med .v. kvilldum malnytvkvilldi j landskyllid oc iij daga slatt oc allar tvinder." DI XI, 519.

1550-60: Afgjaldareikningur jar sr. Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ. "Valadalur med iij kugildi. kugilldi j landskyllid. Iij daga slatt. x sauda geymsla oc kola tunna oc tiunder" DI XII, 194.

1552: Minnisgrein sr. Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ um búpening sinn."xj uetra naut j Ualadal j elldi oc ij lomb. uænt j Stafni."DI XII, 486.

1553: Minnisgrein sr. Gottskálks. Jónssonar um fénað sinn: xij veturgamler hier aa bæum ocheima. en xij j Uik. vj. J Ualadal. ... ." DI XII, 637.

Um 1560: Minnisgreinir sr. Gottskálks Jónssonar um byggingu jarða sinna. "... bygt Arnfinne Valadalr... ." DI XIII, 560.

Um 1561-62: Minnisgrein sr. Gottskálks um bygging jarða sinna." Valadal med somu kostum oc Uazs[kard] ." DI XIII, 682.

1562: Minnisgrein sr. Gottskálks um bygging jarða sinna."Bygt Arnfinne Valadal j þriv ar... ." DI XIV, 35.

1556: Afgjaldareikningur af jörðum sr. Gottskálks Jónssonar."Valadalr med iij kugilldum." DI XIV, 559.

1569: Dómur um arftöku eftir Guðmund Gunnlaugsson. "... ad adurnefndur Bjarne Gunnlaugzson fader nefndz Gunnlaugs hafði lagt med knijfe Eyiof Arnason heima aa hans heimile nordur j Waladal ... ." DI XV, 317; Minnisgrein um bygging Marbælis. " bygt Helga Marbæli me ij kum oc iij asaudarkugilldum. ... Ualadal. Uashlid. Uasskard." DI XV, 342.

1713: "Bænhús segja menn hjer muni að fornu verið hafa, og er þetta að heyrn en öngvum sjónarmerkjunum. Jarðardýrleiki með Valabjörgum xx hndr." JÁM IX, 84.

1839: "Valadalur, 15 hndr.,..." SSS, 63.


1847: 20hndr. Bændaeign. ["1802 og nú hjá hreppstjóra er Valadalur talinn 15, og Valabjörg sér 5 h. að dýraleika, en jarðabækurnar telja Valabjörg sem hjáleigu, og segir A.M. þar frá leigumála sér".JJ, 258 neðanmáls]

1713:"Selstaða er í eigin landi. Túnið hefur nýlega lækur grafið í jarðföll, og borið á það sand og leir til stórskemda." JÁM IX, 85.

**SK-086:022\_1 Hádegissel tóft sel**

"Neðarlega í gilinu [Hádegisgili] er allhár foss sorfinn í bergið. Lítil en djúpur hvammur er utan við lækinn, neðst ofan við mót lækjarins og Kvarningsdalsár [...]. Í þessum hvammi eru rústir af u.þ.b. 12 m löngu húsi og því nær 4 m á breidd. Sunnan við á gilbarminn kunna að vera aðrar rústir, e.t.v. af litlum kvíum eða kofa. Hvammurinn hefur verið algirtur með garði sem glögglega sést ofarlega í hvamminum þar sem hann fer upp á melbrúnina að norðan en þar er hann óljós og að nokkru veðraður burtu með öllu. Að utan og neðan sést hvar hann liggur niður melinn sem lítill hryggur niður að ánni," segir í Byggðasögu Skagafjarðar II. Hádegissel er um 1,9 km suður af bæ 001. Á svæðinu sjást tóft og garður á svæði sem er alls um 65 x 88 m að stærð. Tóftin er innan fyrirhugaðrar námu BAN-68. Minjarnar eru í grasi vöxnum, þýfðum hvammi,

A 471576 N 553990



Uppmælingar af minjum í Hádegisseli SK-086:022.

afliðandi halli er niður að bökkum árinna sem rennur suðvestan við hvamminn. Bakkin er um 5 m hár og er virkt rof í bakkanum. Suðaustan við minjarnar er gil, að mestu gróið, með litlum fossi.

Tóft selsins er óglögg og mjög gengin í þúfur. Hún er um 13 x 7,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Óljóst mótar fyrir hóli í SSA-hluta en erfitt er að greina frekari rýmisskipan. Tóftin er grasi og lynggróin, rétt glittir í grjót á stöku stað. Hæð tóftarinnar er mest um 1 m. Mjög stórþýft er sunnan og austan við tóftina en ekki sjást skýr merki um byggingar.



*Tóft SK-086:022\_1, horft til suðausturs.*



*Túngarður SK-086:022\_2, horft til austurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS II, 467

**SK-086:022\_2** garðlag vörslugarður

A 471632 N 553992

Garðurinn sést skýrast um 52 m austan við seltóftina, við gilbarminn. Garðurinn er þar 0,5-0,60 m hár en fjarar smám saman út til norðvesturs. Hann er greinanlegur á alls um 45 m löngum kafla og er víðast 1,5-2 m á breidd. Garðurinn er grasi gróinn og mjög genginn í þúfur. Syðri endi garðsins er um 2 m frá fyrirhugaðrar námu BAN-68.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS II, 467

**SK-086:030\_1** varða óþekkt

A 472004 N 555009

Tvær vörður eru á hæð um 930 m SSA af bæ 001. Um 18 m eru á milli varðanna og er afstaða milli þeirra NNA-SSV. Varða 030\_1 er um 30 m suðaustur af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vörðurnar eru á grýttu holti, hálfgrónu lyngi og mosa. Rof er í holtinu á stöku stað. Mýrlent er umhverfis holtið. Syðri varðan er stærri, um 1,8 m í þvermál, 0,4 m á hæð og sjást í henni 3-4 umför. Töluvert er af stóru grjóti í vörðunni, allt að um 0,45 m í þvermál. Grjótið er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-086:030\_1, horft til vesturs.*



*Varða SK-086:030\_2, horft til suðvesturs.*

**SK-086:030\_2** varða óþekkt

A 472010 N 555026

Vörðurnar eru á grýttu holti, hálfgrónu lyngi og mosa. Rof er í holtinu á stöku stað. Mýrlent er umhverfis holtið.

Nyrðri varðan er hrunin og er um 22 m suðaustur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Grjótdreifin er um 1,5 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Grjótið er skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-086:033** varða óþekkt

A 471814 N 554928

Varða er utan í grýttum malarás, um 200 m VNV við vörðu 041 og 65 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæði Blöndulínu 2020.

Varðan eru á grýttu holti, hálfgrónu lyngi og mosa. Rof er í holtinu á stöku stað. Mýrlent er umhverfis holtið.

Varðan er um 1x1 m á stærð að grunnfleti og um 0,2 m á hæð. Hún er hlaðin úr nokkuð stóru grjóti sem er vaxið grænum skófum. Varðan er nærri alveg hrunin og frá henni er viðsýnt til norðurs og einnig sést til vörðu 041.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-086:033, horft til suðurs.*

SK-087 Valabjörg

1713: “Valabiog. Fjórðungur úr heimajörðunni talinn og tíundaður v [hdr], úrskrift að húsum, túni og engjum. Dýrleikinn talinn í heimajörðunni ut supra v [hdr]” JÁM IX, 85.

1839:” Valabjörg, 5 hndr., ... .” SSS, 63.

1847: Hjáleiga [“1802 og nú hjá hreppstjóra er Valadalur talinn 15, og Valabjörg sér 5 h. að dýraleika, en jarðabækurnar telja Valabjörg sem hjáleigu, og segir A.M. þar frá leigumála sér”. JJ, 258 neðanmáls]

1713:” Aðrir kostir og óskostir sem á heimajörðunni, nema hjer grandar ekki so mjög túninu, og hættara er hjer fyrir dýjum.” JÁM IX, 85.

**SK-087:020** þúst óþekkt

A 471351 N 554049

Skammt upp til vesturs frá Kvarningsdalsá er stórbýfður grænn blettur sem sker sig verulega úr umhverfinu vegna þess hve grænt og kraftmikið gras vex þar. Staðurinn er um 340 m suðaustan við vörðu SK-087:022 og er um 140 m suðaustur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ofan við svæðið til vesturs er gróðurlaus hæð og neðan við, til austurs, er blaut mýri.

Svæðið er um 20 x 20 m og snýr mót austri. Hádegisfjall til suðurs. Óljóst má greina 2 hólf milli þúfna. Kann að vera náttúrulegt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-087:021** varða óþekkt

A 471023 N 553686

Varða er um 490 m suðvestan við þúst SK-087:020 og er um 122 m suðaustur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Varðan stendur á háum melhól í hrjóstrugu landslagi. Milli melhóla eru blautar mýrar.

Varðan er fornleg og niðurfallin, gróin neðst og skófum vaxin. Hún er nokkuð ferköntuð í grunninn og er um 1 m á kant og um 0,8 m á hæð. Stórt og meðalstórt grjót hefur verið í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-087:021, horft til vesturs.*

**SK-087:026** Smalavarða varða óþekkt

A 471507 N 553931



Smalavarða SK-087:026, horft til austurs.

“Smalavarða er vestan við Kvarningsdalsár móti Hádegislæk á allháum mel,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar II. Varðan er á grýttum melhól, 90 m suðvestan við Hádegissel 086:022 og 65 m sunnan og vestan við Kvarningsdalsá, Varðan er innan áhrifasvæðis námu BAN-68.

Grýttur melhóll og austan og norðan við hann rennur Kvarningsdaldá.

Varðan er hlaðin úr frekar stóru grjóti sem er skófum vaxið. Hún er nokkuð þríhyrningslaga og er um 2x2 m stór að grunnfleti og er 0,4 m á hæð. Gróið er við rætur vörðunnar og frá henni er víðsýnt í allar áttin nema til vesturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS II, 464

SK-088 Brekka

1686: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1695: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1713: 20 hdr., samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, 88. Þar segir enn fremur: “Eigendur hverjir eru að þessari jörðu kemur hjer engin skýr undirjettung fram, þó geta menn til að Páll Torfasón að Núpi í Dýrarfirði [ÍS-057] sje eigandi að hálfri. En hvert vicelögmaður Oddur eða kirkjan að Víðimýri sje eigandi að hálfri eru menn óvissir um, þó hafa aldrei goldist í nálægna manna minni nema 2 tíundir af hálfri.

1847: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 58.

Í viðbótum við Jóns sögu segir: «Sá atburður varð á Víðimýri, í ágætis manna hýbýlum, Kolbeins Tumasonar, at kona sú er vann Gyriði húsfreyju fær til laugar, ok önnur kona með henni af næsta bæ, þeim er í Brekku heitir.” Bsk. I, 211; sjá einnig Bsk. I, 457, 482.

1540: “Jón biskup á Hólum gefr sínum kæra frænda síra Birni Jónssyni jörðina Víðimýri í Skagafirði með öllum eignum og kvittar um fornan reikning kirkjunnar [...] ad kirkian æ sagde jorðu æ jordina kirkiuhol [SK-091] sem þar liggur vndr. og halldin hefir verid gomul kirkiu eign. og jordina Brecku. er liggur j somu kirkiusokn.” DI X, 518-519.

1689: “Þuríður Snæbjörnsdóttir selur séra Einari Torfasyni 4 hndr. í Hlíð í Þorskafríði [BA-041] og Staðarkirkjusókn, þau sömu sem hún hafði veðað honum 21. mars 1688. Hér á mót gefur sr. Einar Þuríði 4 hndr. í jörðu sem hún vill heldur í Brekku í Víðimýrarkirkjusókn (Skag.) eða Neðstaland í Bægisárkirkjusókn [EY-237] (Eyf.) með því skilyrði, að Þuríður selji honum og börnum hans fyrstum þessi fasteignahundruð fyrir jafnaðarandvirði í föstu. Á meðan Þuríður útitekur ekki þetta greint andvirði fyrir 4 hndr. í Hlíð, skal sr. Einar svara henni, að þessu ári afstöðnu, fjórum aorum, sem svari landskuld af 4 hndr. í Hlíð, og einnig má hún hafa frjálssa vistaveru á þessum Hlíðarparti eins lengi og hana girnir og hún er ógift eða getur unnið sér atvinnu. En sr. Einar hafi ágóða og umráð af andvirðis fjórum hundruðum.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 141.

Önnur býli á jörðu: Brekkuhús (SK-088:005).

“Brekka fór í eyði 1945, en var nytjuð frá Vallanesi til ársins 1949,” segir í Byggðasögu Skagfirðinga (BS III, 443).

1917: Tún 2,6 ha að stærð, þar af 1/10 sléttað.

1713: “Torfrista og stunga góð. Reiðingsrista tilfengin. Selstaða er í eigin landi og búfjarhagur sameiginlegir í Víðimýrar og þessarar jarðar landi, og hefur ágreiningslaust verið um lánagan aldur, og engin nálægna minnist að þar um hafi verið ágreinungur, og eru kostir allir og ókostir álíka og segir á Víðimýri og með henni sameiginlegir.” JAM IX, 88.

**SK-088:005\_1** Brekkuhús tóft býli

A 477077 N 559754

“Fast við pósthleiddina (SK-651:006) að norðan fyrir ofan Víðimýri standa á grjóthól einum beitarhús, sem heita Brekkuhús [...]. Ekkert túnstæði hefur verið kringum Brekkuhús, en þó hefur verið búið þar. Merkust eru þessi hús fyrir það, að þar dó þjóðskjaldið Bólu-Hjálmar (hinn 25. júlí) 1875. Ekki hefur búið verð í Brekkuhúsum síðan,” segir í örnefnaskrá.

“Þau Brekkuhús sem uppi stóðu á 19. öld voru tættur einar þegar fram kom um aldamót, ef skilinn er undan



kofi þar sem stungið var inn hestum við og við, en hann féll þó litlu síðar og risu ný beitarhús, með allt öðru lagi en gömlu húsin, á sama stað skömmu eftir 1910. Það eru þeirra rústir sem nú getur að líta [...]. Guðmundi virtust kofarnir hafa verið tveir hlið við hlið og snúið frá austri til vesturs; syðri kofinn einhöluhús og styttri en hinn, svo munaði á að gizka þriðjungu, og dyr syðst á austurstaftni; benti breiddin til þess að verið hefði hesthús, en hesthúskofar stóðu víða áfastir öðrum fénaðarhúsum. Nyrðri tóttin bar öll merki fjár-húss; hafði garði legið eftir því miðj og dyr verið beint framund-angarðahlaupinu. Kofarnir náðu jafnlangt vestur, að heytóttarholu sem þar var. Brekkuhús nýju, sem risu á sama balanum og hin eldri, voru tvö undir einu risi og stór. Þar var fé haft vetur hvern framundir 1930, ef til vil lengur,” segir í Lesbók Morgunblaðsins 1975.


Brekkuhús hafa verið friðlýst frá 1976, samkvæmt Fornleifaskrá. Minjastofnun Íslands skráði staðinn árið 2012 undir númerinu 1780-651 og 652. Brekkuhús er rúmum 200 m norðvestan við leið SK-651:008 og rúmum 220 m norðaustan við veg SK-651:006. Brekkuhús er um 175 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði friðlýstra fornleifa er 100 m radíus frá ystu mörkum. Það svæði sker því inn í áhrifasvæði framkvæmda vegna Blöndulínu 2020. Á staðnum er beitarhús (005\_1), hesthústóft (005\_2) og þúst (005\_3) á svæði sem er 30 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Brekkuhús eru norðarlega á grónum meli. Til vesturs eru framræstar mýrar. Unnið er að endurheimt votlendis á jörðinni og fyllt upp í framræsluskurði.

Beitarhúsið er tvískipt, 22 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru grjóthlaðnir. Sjá má 4-6 umför af stæðilegu grjóti í bland við smágrýti í hleðslu sem eru 0,5-0,9 m á hæð. Veggir eru veglegastir til norðurs.

Sjálft fjárhúsið (hólf A) er að austan. Það er 13 x 9,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Tveir steiptir garðar liggja eftir fjárhúsinu endilöngu. Gengið er inn í fjárhúsið fyrir miðri austurhlið tóftarinnar. Hlaðan (hólf B) er að baki. Hún er 9 x 4 m að stærð og snýr þvert á fjárhúsið. Hún er 0,4 m djúp og er botn hennar nokkur þýfður. Brekkuhús eru reist ofan á gróinni náttúrulegri bungu sem mögulega er að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekka, 1; Fornleifskrá (1990), 44; Minjasjá MÍ; Lesbók Morgunblaðsins (12.10.1975), 2



#### Skýringar

Fornleifar  
 Rústahóll  
 Þúst  
 Grjóthlaðið

0 5 10 15 20 m

*Uppmæling af minjum SK-088:005.*



*Tóft SK-088:005\_1, horft til vesturs.*



*Tóft SK-088:005\_2, horft til vesturs.*



*Þúst SK-088:005\_3, horft til suðvesturs.*

**SK-088:005\_2** tóft hesthús

A 477088 N 559743

Grjóthlaðin hesthústóft er um 5 m sunnan við Brekkuhús 005\_1. Tóftin er einföld, 11,5 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í hleðslum sjást 2 umför af stæðilegu grjóti. Veggir eru 0,4 m á hæð. Op er á tóftinni sunnarlega á austurhlíð hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-088:005\_3** þúst útihús


A 477086 N 559730

Þúst er um 10 m sunnan við tóft 005\_2. Þústin er 8,5 m í þvermál og rís 0,2-0,3 m hærra en umhverfið í kring. Hún er algróin og með mjög affliðandi hlíðar en skarpar brúnir. Þústin sker sig út vegna þéttari gróðurs. Ekki sést móta fyrir innanmáli hólfs í þústinni. Þarna leynast líklega mannvistarleifar undir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-088:009\_1** Kot tóft+garðlag beitarhús

A 477764 N 560778



*Uppmæling af minjum SK-088:009.*

“Á svonefndum Svarðarhóli [027] í vestur frá Brekkutúni eru allmiklar húsarústir,” segir í örnefnaskrá. “Húsarústirnar vestur af túninu á Brekku voru nefndar Kot,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Beitarhús með vallargarði eru um 350 m vestan við bæ 001 og rúmum 320 m norðan við Vörðumel 010. Hér er um sama stað og Kot að ræða. Tóftirnar eru í brekku upp af bænum, þar er nú þétt skógrækt. Minjarnar eru 100 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Beitarhúsatóft 009\_1 og vallargarður 009\_2 eru þar á svæði sem er 43x38 m að stærð og snýr austur-vestur.

Svæðið umhverfis beitarhúsin er gamalt tún sem komið er í órækt, Svæðinu hallar niður til austurs, Allt umhverfis “túnið” er skógrækt, barrtré eru þar einna mest áberandi. Tóftin er vestarlega, fyrir miðju svæðisins. Hún er 11 x 7 m stór, tvískipt og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf, bæði snúa þau austur-vestur og inni í þeim er grjóthlaðinn garði. Hólfín eru opin til austurs, fram í brekkuna. Syðra hólfíð virðist stærra en allt eins gæti

verið um veggjahrun að ræða sem ýkir lengd þeirra. Þegar skrasetjari var á ferðinni var mikill gróður á svæðinu og erfitt að greina návæma legu minjanna. Veggir eru um 0,2-0,3 m á hæð og hér og þar glittir í eitt umfar grjóthleðslu í þeim. Ekki er hlaða að baki beitarhúsunum og alls ekki ólíklegt að hún gæti leynst í næsta nágreppi en óskýr sökum gróðurs.



*Beitarhús SK-088:009\_1, horft til suðvesturs.*



*Túngarður SK-088:009\_2, horft til norðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekka, 2; Ö-Brekka Aths. og viðb., 2-3

**SK-088:009\_2** garðlag túngarður

A 477784 N 560756

Vallargarðurinn sést norðan og sunnan við beitarhús 008\_1. Hann afmarkaði svæði sem var 43 x 38 m að stærð

en til austurs er hann horfinn í skógrækt. Að vestan náði garðurinn eflaust allt að beitarhúsunum en rof er við tóftina. Garðurinn er siginn, útflattur og sést sem gróinn þýfður hryggur í túninu. Hann er 2-4 m á breidd, 0,2 -0,3 m á hæð og algróinn. Hér og þar glittir í grjóti. Garðurinn er 94 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-088:010\_1** *Vörðumelur* varða samgöngubót A 477703 N 560459  
“En Vörðumelur eru suður og upp frá Svarðarhóli [027],” segir í örnefnaskrá. Vörðumelur er áberandi grýttur melur sem er innan skóræktar. Á honum eru tvær vörður á svæði sem er 85 x 6 stórt og snýr norður-suður. Varða 010\_1 er nyrst á melnum, um 325 m SSV við fjárhús 009 og 80 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu



*Varða SK-088:010\_1, horft til suðausturs.*



*Varða SK-088:010\_2, horft til suðausturs.*

2020. Hún var að öllum líkindum samgöngubót á leið 011. Grýttur og nokkuð hár melur, skógrækt er norðan hans. Varðan er nærri alveg hrunin, er um 2 m í þvermál og um 0,2 m á hæð. Mosi og lyng vex í kringum vörðuna.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Ö-Brekka, 2

**SK-088:010\_2** varða óþekkt A 477743 N 560385  
Varða 010\_2 er sunnarlega á Vörðumel, 85 m SSA við vörðu 010\_1 og 60 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er alveg hrunin og er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Mjög gróið er í kringum vörðuna og er grjótið skófum vaxið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.  
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-088:011** *Gata* heimild um leið A 447624 N 560490  
“Frá Brekku að Beitarhúsum (Brekkuhúsum) [005] lá Gata. Hún lá eftir þurrum blettum, sem voru hér og þar í mýrinni. Á Götunni og við hana eru ýmis kennileiti,» segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Leiðin sést illa, að austan er skógrækt þar sem hún lá en ógrónir melar og framræstar mýrar til vesturs. Hún lá gróflega á sama stað og slóði sem þarna er og liggur enn að Beitarhúsunum. Gata lá þvert (austur-vestur) í gegnum áhrifasvæði Blöndulínu 3.  
Gata lá yfir holt og mýrar. Þær eru nú framræstar og holtið að hluta undir skógrækt.  
Engin greinileg ummerki sjást um leiðina á yfirborði.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda  
**Heimildir:** Ö-Brekka Aths. og viðb., 1

**SK-088:024** *Rósuvað* heimild um vað A 476731 N 559349  
“Fyrir neðan Arnarstapa er hvakkur, ekki djúpur. Hann heitir Rósuhammur. Þar er vað í ánni, Rósuvað. Neðar með ánni er Húsahammur, dálítill graslaut,» segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Rósuvað er á Víðimýrará, um 500 m vestur af Þjóðvegi 1 og er um 145 m VSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.  
Lynggróin aflíðandi brekka og hvammer er norðan við ána.



*Rósuvað SK-088:024, horft til suðvesturs.*

Brattara er S við ána og grasi gróið. Smáklettur eru suðaustantil við hvamminn. Áin breiðir aðeins meira úr sér á svæðinu en vestan og austan við það.

Áin er um 3-5 m breið og mest um 20 cm djúp á svæðinu. Hægt er að stikla að mestu yfir á steinum. Ekki sjást götur að vaðinu en leið 006 liggur samsíða ánni um 55 m norðar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekka Aths. og viðb., 3

**SK-088:027** Svarðarhóll örnefni mógrafir

A 477737 N 560908

Í örnefnaskrá segir: «Á svonefndum Svarðarhóli í vestur frá Brekkutúni eru allmiklar húsarústir [009].» Mýri var neðan og austan við Svarðarhól þar sem nú er mikil skógrækt rúmum 130 m austan við miðlinu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Mór var tekinn úr mýrinni.

Svæðið er alveg þornað upp og þar vex nú þéttur lerkiskógur.

Ekki sjást nein ummerki um mógrafirnar á svæðinu enda hefur landnotkun breyst mikið. Mýrin er uppþornuð og skógurinn hefur breytt jarðvegi mikið og má ætla að mógrafirnar séu alveg horfnar og því ekki í neinni hættu frá þeim framkvæmdum sem munu eiga sér stað á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brekka, 2

**SK-088:029** náttúrumin vað

A 477015 N 559507



*Vað SK-088:029, horft til suðurs.*

Vað er á leið 651:008 yfir Víðimýrará, á landamerkjum Brekku og Víðimýrar. Engar heimildir geta vaðsins.

Vaðið sést ekki vel lengur. Áin er um 5 m breið á þessum slóðum og var mjög grunn þegar skrásetjari var á vettvangi haustið 2020.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-091** Kirkjuhóll

1382- c.1600: Máldagi Akarakirkju í Blönduhlíð:” Jtem gaf nefndur Biörn Akarakirkju smäjörd þa er Görf heiter. og liggur ä milli Alfgeirsvalla. Kirkiuhols. og Gegnishols. Er nu kallast Kryddholl. ... .”DI XII, 27; “med samri grein aa Akarakirkia fiärhalld. Regstra. beit. selför. edur jardareign vestur vmm Lägafell og Smiordali.



*Bæjarhóll SK-091:001, horft til suðausturs.*

Sem profast að Gegnisholl hafi ätt motz við Kirkiuholl Vijdimyrarjörd. og Algeirsvöllu.” DI XII, 27.

1713: “Kirkiuhóll heitir hjer utan landamerkja og hefur ábúandinn á Álftagerði þar grasnyt og er honum bygt ásamt Álftagerði. Er þetta kot kirkjunni eignað og gildið eftir í landskuldar nafni xl ánlir næsta ár, ... .» JAM IX, 87.

1839:” Kirkjuhóll, 10 hndr., lítið vestar og ofar, Víðimýrarhjáleiga.” SSS, 62.

1847: 10 hndr. Eign Víðimýrarkirkju. JJ, 258.


1713: ”Engjar eru hjer nær öngvar nema það sem hent er úr fúaflóum og hagmýrum.” JAM IX, 87.

**SK-091:001** Kirkjuhóll bæjarhóll bústaður

A 478557 N 558131

Í örnefnaskrá Kirkjuhóls segir: «Bærinn á Kirkjuhóli var

neðst á túninu - á Bæjarhól og nokkru neðar en húsinn eru núna (1997). [...] Djúpt, en örstutt gil sem Bæjargil heitir er norðan við hvolinn [sem Bæjarhóllinn er], þar sem lækurinn rennur ofan í Kirkjuhólsdalinn. [...] Jörðin var hjáleiga frá Víðimýri. Hún var í eigu Víðimýrarkirkju, en var seld árið 1915 [...]. Árið 1917 fór Kirkjuhóll í eyði og var svo nytjaður frá Ytra-Vallholti um skeið.” Í Byggðasögu Skagafjarðar II segir: “Bæjarhóllinn á Kirkjuhólsdal, stór og langur hóll sem endar að orðan í djúpu lækjargili og glyttir í klappir í gilinu norðan hólnum. [...] Bærinn stóð á sunnanverðum hólnum en norðast á honum standa upp úr einir fjórir steinar, tveir og tveir saman með nokkurra metra millibili. Engar minjar sjást nú um bæjarhúsinn.” Bæjarhóll Kirkjuhóls er sunnarlega á aflöngum hól rúmum 250 m austan við skúr sem er nú á svæðinu og kallast Kaffistofa. Hóllinn er í austurjaðri úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020, 140 m austan við miðlínuna.



Heimatún Kirkjuhóls er að hluta innan áhrifasvæðis jarðstrengs A1.

Bæjarhóllinn er grasi vaxinn og augljóst hvar bærinn stóð en grasið þar er ljósgrænna og meiri arfi sjáanlegur. Tún er vestan við hólinn en mólendi til austurs. Lækur rennur meðfram hólnum vestanverðum, framhjá norðurhlíð hans og til austurs.

Hóllinn er 36 x 36 m að stærð og er syðst á hólnum. Ekki sjást nein ummerki um byggingar á hólnum lengur en bæjarrústirnar voru jafnaðar út með jarðýtu milli árána 1954 og 1967, þegar jörðin var eigu Halls Jónassonar. Hinsvegar er bænum lýst ágætlega í Byggðasögu Skagafjarðar II, eins og hann leit út þegar Stephan G. Stephanson fæddist í baðstofunni árið 1853: “Bærinn sem Stephan G. fæddist í var ekki reisulegur, einungis þrjú herbergi: baðstofa, búr og hlóðaeldhús, auk bæjarganga, stóð á sunnanverðum Bæjarhólnum og snéri dyrum mót austri en langhlíð baðstofunnar til vesturs. Hún var einungis tvö stafgólf, 6 álnir og 5 þumlungar á lengd (um 2,4 m). „[...] Fyrir dyrum er brúkanleg hurð á járnum við stoð og einn dyrastaf með trésnarli. Veggir sums staðar sjást ekki að utan, en það sem sjáanlegt er eru þeir moldrunnir og gamlir og mikið gallaðir sums staðar. Þak brúkanlegt.” Baðstofan hefur því væntanlega verið að sjá sem grasivaxin þúfa á hólnum fremur en mannabústaður og austan frá séð hefur ekki verið mikið reisulegra því ekkert bæjarþil var við dyrnar en moldarstafnar búrs og eldhúss voru sitthvoru megin bæjardyra.”

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2-3; BS II, 401; BS II, 400

**SK-091:002** heimild um fjárhús

A 478514 N 558012

Í örnefnaskrá Kirkjuhóls segir: «Gömlu fjárhúsin voru á flöt þar skammt suðvestan við bæjarstæðið [001]. Hvorutveggja er alveg horfið.» Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Auk þessa [bæjarhúsanna] var á jörðinni fjárhús fyrir 30 kindur og fjós fyrir 3 nautgripi [003].” Fjárhúsin eru merkt inn á túnakort Kirkjuhóls rúmum 125 m SSA við bæ 001 og vestan við Kirkjuveg 012 sem liggur til suðurs. Ekki sjást nein ummerki fjárhússins á svæðinu lengur en þau hafa verið um 70 m norðaustan við miðlínuna úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Fjárhúsin stóðu upp við lítin grasivaxinn hól suðvestan við bæjarhólinn. Svæðið er grasivaxið og smápýft Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsið á vettvangi en þegar loftmyndir eru skoðaðar sést móta fyrir einhverju á svæði sem er 13 x 12,5 m að stærð. Líklega hafa fjárhúsin verið sléttuð á sama tíma og bæjarhóllinn en augljóst er að leifar af húsunum eða eldri húsum leynast undir yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2; BS II, 401

**SK-091:003** heimild um fjós

A 478561 N 558137

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: «Auk þessa [bæjarhúsanna] var á jörðinni fjárhús fyrir 30 kindur [002] og fjós fyrir 3 nautgripi.» Útihús er merkt inn á túnakort rúmunum 5 me austur af bæ 001 sem líklega er fyrrnefnt fjós. Fjosið stendur á bæjarhól Kirkjuhóls, 170 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Bæjarhóllinn er grasi vaxinn og augljóst hvar bærinn stóð en grasið þar er ljósgrænna og meiri arfi sjáanlegur. Tún er vestan við hólinn en mólendi til austurs. Lækur rennur meðfram hólnum vestanverðum, framhjá norðurhlið hans og til austurs.

Ekki sjást nein ummerki um fjosið á hólnum en bæjarrústirnar voru jafnaðar út með jarðýtu milli árana 1954 og 1967, þegar jörðin var í eigu Halls Jónassonar. Þó má vel vera að leyfar fjóssins eða eldri útihúsa leynist undir yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; BS II; 401

**SK-091:004** huldufólksbústaður huldufólksbústaður

A 478528 N 558213



*Huldufólksbústaður SK-091:004, horft til norðausturs.*

Í örnefnaskrá Kikjuhóls segir: «Bærinn á Kirkjuhóli var rifinn eftir að hætt var að búa í honum. Hann stóð sunnarlega á Bæjarhól. Svo var hólinn sléttaður og ýtt ofan af honum, en hann reyndist vera álagablettur og urðu mikil vanhöld á skepnum næstu árin. Svo var norðurhluti hólsins friðaður- hætt að slá hann eða eiga neitt við hann og síðan hafa engar skepnur farist eða slasast. Steinar standa upp úr hólnum norðan til á tveim stöðum og er talið að þar sé álfabyggð.» Í Byggðasögðu Skagafjarðar talar Hallur Jónasson um álagablettinn og huldufólksbústaðinn á norðanverðum bæjarhólnum. Hann segir meðal annars: “Einu sinni voru krakkar mínir að hjálpa mér að marka fölöld. Þau gengu eftir Bæjarhólnum og á norður enda hans og fara þá að tala um að þarna verði þau að byggja sumarþústað á hólnum norðan við gilið. En nóttina eftir dreymir mig huldufólksmanninn og hann er heldur full við mig. Ég spyr hvort að við séum ekki vinir. “Jú, við höfum verið það en það getur breyst ef þú ætlar að fara

að byggja hús.” Ég lét því snarlega vita daginn eftir að þarna yrði enginn sumarþústaður byggður.” Stór hluti norðanverðs hólsins er utan við úttektarsvæði Blöndulínu 2020 en 5-10 m eru innan svæðisins, 140 m vestan við miðlínu úttektarsvæðisins.

Hóllinn er grasi vaxinn og fjórir stórir steinar, 2 og 2 saman standa á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóls, 2; BS II, 401

**SK-091:007** varða óþekkt

A 476822 N 557628



*Húsás SK-091:007, horft til SSA.*

“Hann heitir Húsás [SK-091:006] og á honum er stæðileg varða,” segir í örnefnaskrá. Varðan er við hlið smalabyrgis SK-091:008 á Húsás, um 450 m vestan við heystæði 021 og rúmunum 450 m suðvestan við vörðu 016. Varðan er tæpum 120 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er efst á allháum melás. Þyft tún og múrlendi í kring. Austan við ásinn er nokkuð hærri múli.

Grunnflötur vörðunnar er aðeins ílangur og er hún um 0,7 x 0,5 m að stærð. Hæð vörðunnar er 0,4 m. Hleðslugrjótið er meðalstórt en líklega hefur eitthvað hrunið úr henni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2

**SK-091:008** tóft smalakofi

A 476825 N 557629

“Hann heitir Húsás [SK-091:006] og á honum er stæðileg varða [SK-091:007] og fast við vörðuna leifar af grjóthlöðnu byrgi eða smalakofa,” segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er ofarlega á grýttum ás, um 450 m vestan við heystæði 021 og rúmum 450 m suðvestan við vörðu 016. Smalakofinn er tæpum 120 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



Smalakofinn er ofarlega á mosa- og lyngivöxnum ási en víða glittir í mel. Þýft tún og mýrlendi er í kringum ásin. Smalakofinn er grjóthlaðinn og hruninn. Hann er 3 x 2 m stór og snýr norður-suður. Inngangur hefur líklega verið á austurhlið, í norðurhorni. Þó erfitt að segja nákvæmlega til um það; þakið hafa fallið yfir alla tóftina. Tóftin er lyngivaxin. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og við það að sökkva í gróður. Að innan hefur þakið hrunið ofan í tóftina og hafa að minnsta kosti verið 2 - 3 umför af grjóti í þakinu. Þakhellurnar liggja þar í beinum röðum, hver ofan á annarri.

*Smalakofi SK-091:008, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2

**SK-091:009** heimild

“Á litlum mel vestan við dalinn [Kirkjuhólsdal] er fuglapúfa við steina og virðast vera leifar af hruninni vörðu við þúfuna. Þetta er skammt sunnan við girðinguna,” segir í örnefnaskrá. Varðan var að öllum líkindum innan úttekarsvæðis en fannst ekki við vettvangsgöngu árið 2020. Hlutverk hennar er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2;

**SK-091:010\_1** heimild um traðir

A 478521 N 558148

Traðir eru merktar inn á túnakort Kirkjuhóls og liggja annarsvegar til norðvesturs (010\_1) og hinsvegar til suðurs (010\_2). Minjasvæðið samanstendur því af tveimur tröðum og vaði yfir bæjarlækinn (010\_3) en traðirnar sameinuðust svo Kirkjuvegi SK-651:001 til beggja átta. Minjarnar eru á svæði sem er tæpir 210 m að lengd og náðu yfir þvert og endilangt túnið á Kirkjuhóli.

Traðirnar liggja yfir grasi vaxinn bæjarhól. Tún er vestan við hólinn en mólendi til austurs. Lækur rennur meðfram hólnum vestanverðum, framhá norðurhlið hans og til austurs.

Traðir 1 liggja norðvestur frá bæ um 140 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar en hóllinn var sléttaður og jafnaður út með jarðýtu milli árána 1954 og 1967, þegar jörðin var í eigu Halls Jónassonar. Ekki er vitað hvort að traðirnar voru hlaðnar eða aðeins slóði í gegnum tún Kirkjuhóls en þó má þess vænta að einhverjar leifar traðanna gætu leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**SK-091:010\_2** heimild um traðir

A 478544 N 558075

Traðirnar lágu suður frá bæjarhólnum, rúmum 140 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar en hóllinn var sléttaður og jafnaður út með jarðýtumilli árána 1954 og 1967, þegar jörðin var í eigu Halls Jónassonar. Ekki er vitað hvort að traðirnar voru hlaðnar eða aðeins slóði í gegnum tún Kirkjuhóls en þó má þess vænta að einhverjar leifar traðanna gætu leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-091:010\_3** heimild um vað

A 478494 N 558199

Vað var á bæjarlæknum 80 m NNV við bæ 001 og rúmum 140 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Bakkar læksins er lægstir á þessu svæði og því hefur verið auðveldast að fara yfir hann á þessu svæði.



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Vað SK-091\_010\_3, horft til suðurs.*

**SK-091:011** varða landamerki

A 478451 N 557483

“Á Stórahól (Stórhól) er (ævagömul) varða, studd af fuglaþúfu. Varðan er þar sem höllinn er hæstur og hún heldur vörð um réttu landamerkin milli jarðanna - og hreppanna,” segir í örnefnaskrá. Varðan er rúman 1 km norðaustan við stekk SK-116:030 og tæpa 350 m vestan við leið SK-091:017. Merkjadirðing Kolgrafar og Kirkjuhóls er 15 m norður af vörðunni sem er innan landamerkja Kolgrafar miðað við núgildandi merki. Um vörðuna liggja gömlu hreppamörk Seylu- og Lýtinsstaðahreppa. Varðan er um 120 m suður af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.



Varða SK-091:011, horft til austurs.

Varðan er á grónum melhrygg. Hann er mosa- og lyngivaxinn en að stærstum hluta er melurinn sjáanlegur. Varðan er 0,3 m á hæð og hálfhrunin. Grunnur hennar sést þó og er um 0,7 m í þvermál. Það grjótið sem hefur hrunið úr vörðunni er dreift um svæðið umhverfis hana. Varðan er gerð úr grjóti og sjást þrjú umföng greinilega. Grjótið er vaxið gulum og gráum skófum. Varðan er efst á háum melhrygg, um 8 m háum og 30 m löngum. Hryggurinn snýr norður-suður. Hryggurinn er brattur til austurs en byrjar ekki að lækka fyrir en um 30 m til vesturs.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2;

**SK-091:013** tóft stekkur

A 478495 N 558245

Í örnefnaskrá Kirkjuhóls segir: «...þar sem lækurinn rennur ofan í Kirkjuhólsdalinn. Rétt norðar kemur annar lækur og milli lækjanna er mjó en nokkuð há tunga. Á tungunni eru leifar af mannvirki, sem nokkuð minni á stekk. Aðaltóftin er 4x4 m ca. og við hana virðist vera önnur tóft minni.» Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “ Á hólnum utan við Bæjargilið eru umfangslitlar húsatóftir.” Stekkjatóftin er norðan við bæjarlækinn, á öðrum hól rúnum 130 m NNV við bæ 001 og 140 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er á suðurbakka hólsins sem er grasi vaxinn og brattur niður að læknum.



Uppmæling af stekk SK-091:013.



Stekkur SK-091:013, horft til suðurs.

Tóftin er 6x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 1,2 m á breidd og 0.3-0.4 m á hæð. Ekki sést greinilegur veggur á norðausturhlíð tóftarinnar og þar gæti því hafa verið viðargrind til að loka henni. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 4x3 og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést votta fyrir öðru hólfi eða annarri tóft á svæðinu eins og sagt er frá í Byggðasögu Skagafjarðar en svæðið var mjög grasi vaxið í ágúst 2020. Má ætla að það hólfi sem ekki fannst hafi verið lambakróin en það sem enn sést sé stekkurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 3; BS II, 402

**SK-091:014** tóft stekkur

A 478313 N 558222


“Rétt hjá Kaffistofunni er hól sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að heita Stekkjarhóll. Hann er nokkuð hár og allstórir steinar ofan á. Norðaustan við hann, í krika milli mela, eru leifar af Stekk að því er sagt er. Og



Þær mannvirkjaleifar minna á stekk. Þær eru 7x9 metrar utanmáls, snúa austur - vestur, eru hærri austast. Innrekstrargarður hefur verið norðan við og dyrnar því verið um miðju að norðan,” segir í örnefnaskrá. «Sá hóll [sem Kaffistofan stendur á] er stór um sig og gæti hafa heitið Stekkjarhóll. Í lautinni norðaustan undir hólum er stekkur frá Kirkjuhóli,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar II. Stekkurinn er 60 m norðaustan við uppistandandi hús (Kaffistofan) og 40 m vestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.



Stekkur SK-091:014, horft til austurs.



Uppmæling af stekk SK-091:014.

Stekkurinn er í grasigróinni laut, norðaustan undir háum hól. Til austurs er affiðandi niður að sléttuðu túni. Tóftin er torf- og grjóthlaðin, snýr suðvestur-norðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það snýr suðvestur-norðaustur og er 7x7,3 m að innanmáli. Á því er ekki veggur til norðausturs. Hólf 2 er norður af hólf 1, snýr einnig suðvestur-norðaustur og er opið í norðaustur. Hólfíð er 6x6 m á stærð og er nokkuð hringlaga. Ytribrún norðvesturveggjarinnar er óskýr því hólfíð er hlaðið upp við hól. Hæð veggja er frá 0,2-0,5 m. Tóftin er nokkuð skýr en sigrin og gengin í þúfur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 3-4; BS II, 402;

**SK-091:015** varða óþekkt

A 478149 N 558267

“Þar [syðst á Kirkjuhólsás] er varða, gömul, á miðjum aflöngum mel, norðvestan við Stekkjarhólinn [014],” segir í örnefnaskrá. Varða er á hæð um 320 m NNV af útihúsi í ræktuðu stakstæðu túni, um 50 m suður af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á grasi vöxnum hrygg. Grýtt holt eru umhverfis og litlir túnbleðlar.

Varðan er hrunin, um 1,2 m í þvermál og 0,03 m há, mest sjást 2 umför. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 4



Varða SK-091:015, horft til SSA.



Varða SK-091:016, horft til vesturs.

**SK-091:016** varða óþekkt

A 477249 N 557761

“Önnur varða, gömul og nokkuð stór, en hálfhrunin, er á mel vest- suðvestur af fjárhúsunum og talsvert frá,” segir

í örnefnaská. Varðan er um 450 m ANA við smalakofa 008 og rúmunum 150 m norðan við heystæði 021. Varðan er um 15 m suðvestan við miðlínu Efríbyggðarleiðar og rúmunum 45 m norðan við miðlínu Kiðaskarðsleiðar, sem eru hluti af Blöndulínu 2020.

Varðan er efst mosa- og lynggrónum melhól. Umhverfis hólinn skiptast á votlendi og gróðursnaður melhólar. Varðan er 0,3 m á hæð og sjást 3 umför af grjóti í henni. Hún er hálfhrunin og allt umhverfis er grjótdreif, um 0,4 m í þvermál. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki við þekkt merki eða leiðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 4

**SK-091:017** gata leið

A 478121 N 557560

“Nokkuð suður og upp þaðan [frá vörðu SK-091:016], og suður undir merkjum er einkennilegur steindrangi, rúmlega axlarhár, við gamlar götur sem liggja suður og upp eftir,” segir í örnefnaskrá. Leiðin er rúmunum 710 m norðaustan við vörðu 020 og um 320 m vestan við landamerki 011. Leiðin liggur þvert í gegnum miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Leiðin þræðir smáþýft og mýrlent tún. Melhólar eru inn á milli.

Leiðin liggur h.u.b. norður-suður. Hún er afar greinileg og sést á um 170 m löngum kafla. Henni var aðeins fylgt innan áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Á loftmynd sést hún nær þó lengra til suðurs, utan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Er leiðin afar greinileg, breiðust um 0,8 m og liggur framhjá steindranganum einkennilega.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 4;

**SK-091:018** varða óþekkt

A 477411 N 558044



*Varða SK-091:018, horft til norðurs.*

“Enn ein varða, stór og stæðileg, er á klapparhæð vestan við miðju landareignarinnar og norður undir jaðri hennar,” segir í örnefnaskrá. Varðan er um 870 m norðvestan við leið 017 og tæpum 340 m norðaustan við vörðu 016. Varðan er um 144 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er efst á lynggrónum ási. Í kring er þýft tún og á stöku stað mýrlent.

Varðan er hlaðin úr stæðilegu grjóti. Grunnflötur vörðunnar er ferhyrndur, um 1,2 x 1 m að stærð. Hæð hennar er u.þ.b. 0,8 m. Varðan er byggð á brún ássins og hvílir í austri á stóru bjargi og virðist hún því veglegri séð úr þeirri átt. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki á þekktum leiðum eða við landamerki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 4;

**SK-091:019** Gerðið örnefni tún

A 478544 N 557998

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: «... og fer Kirkjuvegurinn [651:001] þar vestan við Bæjarhólinn eða um hann, suðvestur á Gerðið þar sem fjárhúsin á Kirkjuhóli voru fyrrum.” Ekki er víst hvaðan örnefnið kemur en í Byggðasögunni er vísað er til Rósmundar Ingvarssonar. Örnefnið á við um svæðið sunnan við bæjarhól Kirkjuhóls og liggur miðlína úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 rúmunum 25 m suðvestan við það.

Gamalt tún sem komið er úr rækt, grasivaxið og smáþýft.

Ekki sjást nein ummerki um garðlög á svæðinu og má ætla að þau séu löngu horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS II, 401

**SK-091:020** varða óþekkt

A 477470 N 557367

Stæðileg varða er um 310 m suðaustan við heytóft 021 og rúmunum 660 m suðvestan við leið 017. Varðan er um 137 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á mosa- og lyngivöxnum melhrygg. Víða stendur upp úr grjót og glittir í mel.

Varðan er 0,5 m á hæð, um 0,6 m í þvermál og sést í fjögur



*Varða SK-091:020, horft til austurs.*

umför í grjóthleðslu. Hrun úr vörðunni er allt umhverfis hana og hefur hún því verið töluvert hærri. Hún er úr grjóti sem er nú vaxið skófum. Varðan sést víða að og er áberandi í umhverfi sínu. Óvíst er um hlutverk hennar en hún er ekki við þekktar leiðir eða landamerki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**SK-091:021** tóft heystæði

A 477273 N 557610

Sigin heytóft er um 150 m sunnan við vörðu 016 og rúmum 300 m norðvestan við vörðu 020. Tóftin er um 57 m austan við miðlínu Efríbyggðarleiðar og rúmum 104 m sunnan við miðlínu Kiðaskarðsleiðar sem er hluti af Blöndulínu 2020.



*Heystæði SK-091:021, horft til suðurs.*



*Uppmæling af heystæði SK-091:021.*

Tóftin er rétt sunnan við gróðursnaudan melhól. Hún er á gróinni bungu sem er umhverfis grasríkt deiglendi. Tóftin er einföld, 4,5 x 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru torfhlaðnir og signir, 0,4 m á hæð en mjög útlattir til vesturs. Þar er veggghæð 0,1-0,2 m á hæð. Ekkert op er greinilegt á tóftinni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-092 Víðimýri

1686: 80 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1695: 80 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1713: 40 hdr, bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, 85. Þar segir enn fremur: “so tíundast með Álftagerði [SK-092:023] 10 hdr., áður hefur hún fyrir innan 20 ár verið tíundið öll 80 hdr.”

1847: 60 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatal Johnsen, 258. Þar segir enn fremur: “1802 hjá hreppstjóra er jörð þessi talin sér 50 h. og Álptagerði sér 10 h. að dýrleika. A.M. telur hér, auk Álptagerðis og Paronsgerði [SK-092:009] (40 al. 1 / 2 kúg.) og Þrætugerði [SK-092:010] sem nú eigi er getið. Hreppstjóri segir að kirkjan á Víðimýri eigi prestsskydu í heimalandi, að prestur fái þaðan 6 fjórð. smjör, og að 2 ½ h. lsk. Sé nú á allri eigninni.”

Í Landnámu segir: «Rauða-Björn keypt land af Skalla-Grími millim frá Eskiholti. Hans son var Þorkell trefill í Skarði og Helgi í Hvammi, faðir Þorkels er átti Helgu, dóttur Þorgeirs á Víðimýri.» ÍF I, 90; sjá einnig ÍF I, 91, 170, 171.

Í Hænsa-Þóris sögu segir: «annar var Gunnvaldr faðir Þorkels, er átti Helgu, dóttur Þorgeirs á Víðimýri.» ÍF III, 6.

Í Guðmundar sögu segir: «[Um ferðir Guðmundar góða] þaðan norðr til Miðfjarðar, ok svá heim til Víðemýrar um haustið, ok var þar um veturinn í góðu yfirléte, ok lagðe Kolbeinn svá mikla virðing [á hann], at hann kallaði hann þá sannliga heigan mann, ok kallaðist seálfr margar raunir á því hafa. Um sumarit áðr var Thorláksmessa leidd í lög.” Bsk. I, 458. Í Guðmundar sögu segir enn fremur: «Hann kaus þá, við ráð vina og frænda, Guðmund prest hinn góða Arason til biskups er þá var prests á Víðemere með Kolbeini Tumasyne.” Bsk. I, 470. Sjá einnig Bsk. I, 473, 474-475 og Sturl. I, 238, 286; og DI, I, 321.

1192. í Guðmundar sögu dýra segir: “En Björn Ólafsson fylgði Brandi á Víðimýri til Kolbens Tumasonar, en Kolbeinn lét fylgja honum austr til Svínafells, er Sigurður Ormsson kom honum útan, ok andaðist hann á suðrvegi.” Sturl. I, 175; sjá einnig Sturl. I. 180, 183.

1199. Í Prestsögu Guðmundar góða segir: “Eftir þetta fer Guðmundr prestur heim ok er at Stað með Kolbeini þau

missiri. En um várit ræðst hann á Víðimýri til Kolbens Tumasonar.» Sturl. I, 142; sjá einnig Sturl. I, 146, 151, 152.

1229. Í Íslendinga sögu segir: “Á Víðimýri var kastali sá, er Snorri Sturluson lét gera, þá er Arnór um hafði skipa honum ríki sitt, er hann fór utan,” segir í Sturl. I, 333.

1385 - c 1600. “Máldagi Akkrarkirkju í Blönduhlíð eptir gömlum gjafabréfum og máldagaskráum [...]. Med samri grein Akkrarkirkia [...] Vjðimyrarjord.” DI XII, 27.

1525: Jarðarinnar getið í reikningi Reynistaðaklausturs þar sem getið er um ítak (sjá neðar). DI IX, 321.

1526: “Dómr þriggja klerka og þriggja leikana útnefndr í prestastefnu af Ögmundi biskupi um jörðina Víðimýri í Skagafirði er Ögmundur biskup reiknaði sína eign.” DI IX, 357.

1527/1528: “Sáttagerð þeirra biskupanna Ögmundar í Skálholti og Jóns á Hólum um alt, sem þeim hafði á milli borið, og lofa þeir að innleiða hvorur “í annars biskupsdæmi nokkra villu, leynt eða ljóst”; þeir gera og upp með sér “kláran” reikningsskap um jarðinar Víðimýri og Kalmanstungu [MH-002].” DI IX, 411

1529: “Skipta og testamentisbréf síra Björns Jónssonar milli barna sinna [...].Item odrum minum arfleiddum syne Magnuse Biornsyne held ec oc gef jordina Videmyre j Skaagafirði med þeim smajordum sem þar liggia j kring fyrir c. hundraða og car til halft annad c. hundraða j smajordum.» DI XI, 725-726.

1540: “Jón biskup á Hólum gefr sínum kæra frænda síra Birni Jónssyni jörðina Víðimýri í Skagafirði með öllum eignum og kvittar um fornan reikning kirkjunnar.” DI X, 518.

1540: “Ögmundur biskup í Skálholti gefr Þorsteini Þórðasyni systursyni sínum, jörðina Galmanstungu í Hvítársíðu [MH-002] og tuttugu hundruð að auk, og gangi Galmanstunga af, þá eigi Þorstenn aðgang að Víðimýri í Skagafirði.” DI X, 552.

1600: “Sjöttadómr, kvaddr af Þorsteini sýslumanni Finnbogasyni, dæmir gildar eignarheimildir hans að ýmsum jörðum [...]. Voru þar þessar jarðer til greindar [...] Videmyre j Skagefirde.” DI XII, 304-305.

1660: “Bóndinn Hákon Árnason selur Hallgrími Halldórssyni Víðimýri með samþykki konu sinnar, Guðríðar Gumundardóttur. Þá jörð reiknar bóndinn, Hákon, 80 hndr. að dýrleika, að tilliggjandi hennar kirkjueign. Hér í mót greiðir bóndinn Hallgrímur bóndanum Hákonu Urriðará (Hún.), 24 hndr. að dýrleika, Fitjar fremri (Hún.), 16 hndr. að dýrleika, Vog(a)tungu (Borg.), 20 hndr., og sem á vantar, lofar Hallgrímur að fullnægja í Miðfirði.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 212.

1710: “Eigandi að allri [jörðu] Benedict Þorsteinsson sýslumaður í Þingeyrarþingi, hefur eignast að kaup sínu af vice lögmanninum Oddi Sigurðssyni að Narfaeyri síðan 1710.” JÁM IX, 85.

Hjáleigur 1713: Alftagerde (SK-092:023) og Patronsgerde (SK-092:009).


Eyðibýli 1713:

Þrætugerði (SK-092:010).

1940. “Jörðin kemst í eigu Landnám ríkisins og hélst svo í áraðir,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2012, 140. Nýbýli og jarðaskipting: “Hefur þessari miklu jörð nú verið skipt upp í níu sjálfstæðar bújarðir: Víðimýri, Víðimýrarsel [SK-092b], Víðiholt (nýbýli), Víðidal (nýbýli), Víðidal II (nýbýli) [...], Álftagerði (upphaflega nýbýli), Álftagerði II (nýbýli úr landi Álftagerðis) og Víðimel (nýbýli).” ÁFÍ 2012, 140.

Kirkja var á jörðinni (SK-092:002).

Jarðarítök:



Heimatún Víðimýrar er að litlum hluta innan áhrifasvæðis jarðstrengs A2.

1389. “Reynestader maldge. Med brokarlæk. Halfuer Rekar vr midri torfgrof j bas þann med sem jnn er fra fagre base til motz vid selnes ad helminge vid vijdemyrar kirkju.” DI III, 429; sjá einnig reikning Reynsistaðaklausturs 1525, DI IX, 321.

1917: Tún 10,3 ha að stærð, þar 3/4 sléttað.

1713: “Torfrista og stúnga góð. Reiðingur er keyptur. Mósukurður meinast hafa verið og vera enn, brúkast ekki. Hrísrif til eldiviðarstyrks lítið. Lax og silúngsveiðivn í Húseyjarkvísl og Sæmundará að gagni, ef aðsókt yrði. Reka á kirkja á Skaga, þar sem heitir Hvalsnessbás. Selstaða er í eigin landi. Engjatak í Reykjarhólslandi, þar sem kallast Sandengi, og Reykjarhóll aftur selstöðu í Víðimýrarlandi á vetur, hefur ekki beitin í Húseyjarlandi brúkuð verið um nokkra tíma, en í Víðimýrarlandi jafnlega þá með hefur þurft. Engjar mjög snöggvar og eru engjar til keyptar oft annarsstaðar. Hætt fyrir foröðum, pyttum og skurðum.” JÁM IX, 85.

**SK-092:001** *Víðimýri* bæjarhóll bústaður

A 478238 N 560171

Í örnefnaskrá Víðimýrar segir: « Víðimýri er snemma nefnd. Hennar er tvívegis getið í Landnámu. [...] ...Víðimýri byggð á landnámsöld og er eina jörðin á þessu svæði, sem virðist kunn vera í lok landnámsaldar. [...] ...hún [Víðimýri] kemur fram í Sturlungaöld, enda þar miklir höfðingjar, t.d. Kolbeinn Tumason og Kolbeinn ungi, og er líklegt, að vegur Víðimýrar hafi þá verið mestur, þó að þarf hafi lengst af verið stórbýli og höfðingjaóðal.” Bæjarstæði Víðimýrar er merkt inn á túnakort frá 1917, 30 m norðvestan við kirkju 002. Það er jafnframt 600 m sunnan við Þjóðveg 1 og gengur heimreið Víðimýrar rétt framhjá núverandi íbúðarhúsi og áfram í suður inn að Kirkjuhól [SK-091]. Víðimýrará rennur 20 m vestan við núverandi íbúðarhús. Engin ummerki eru um bæjarhól á svæðinu en samkvæmt túnakorti stóð bærinn 3-5 m suðaustan við núverandi staðsetningu, 160 m NNA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020, 10 metrum utan við úttekarsvæðið. Ekki er víst hvert stafnar bæjarhúsanna snéru en þó má leiða líkur að því að þeir hafi snúið til suðurs.



*Bæjarhóll SK-092:001, horft til norðausturs.*

Á bæjarstæðinu er steinsteypt íbúðarhús og húsgarður með trjám. Norðan við það er malarplan.

Ekki sjást nein ummerki um bæjarhólinn á svæðinu og hefur hann líklega verið sléttaður og eldri bæjarhús

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Víðimýri M.J, 1-2

**SK-092:002\_1** *Víðimýrarkirkja* hús kirkja

A 478258 N 560148

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kirkja tæpum 30 m suðaustan við bæ 001.

1199-1201: Guðmundur Arason prestur þar hjá Kolbeini Tumasygni, gerði bú á Brekku liði sínu en bjó sjálfur á Víðimýri. Bsk I, 457, 465, 470.

1253: Þorgils skarði og menn hans hafa þar tíðir Þorláksmessu. Þorgilssaga skarða, Sturl, 605.

1318: LXV. Wijdemyrar kyrckia. Kyrckia a vydemyre er helgud sælle marie oc petro postula. hun ä land ä holi [...]. hualreki oc vidreki halfr ä hualnesi. til motz vid stad [...af. xij. Bæium lysistollur oc heytollur. Kyrckiu Tyund taki anno. [Kyrkiu messudag in festo Mau ricij et sociorum eius\* \*b.v. m. annari h. Máld DI II, 466-467.

1360: xxxij. Wydemyre. Kyrckia ä Wydemyre er helgud sælle Mariæ oc petro postula. hun ä land ä kyrkiu holi [...]. Máld DI III, 175.

1402: ä land a Hole [+hvalreka og viðreka]. Máld DI IV, 244.

1429: [1] prestr ok diakn. DI IV, 381.

1432: war metin firir .x. hundrot æn giortt vpp a kirkona xx hundrot. Visitasíugerð DI IV, 511.

1445: Gagnishóll [...] er nu er kalladur kryddhóll [...] stendur j vidimyrar kirkiu sokn. DI IV, 666.

1453: Jörðin Gagnishóll er j uidemyrarkirkiusokn, DI V, 104.



*Víðimýrarkirkja SK-091:002\_1, horft til austurs.*

1477: Jörðin Kryddhóll í Skagafirði er í Víðimýrarkirkjusókn. DI VI, 95.

1461: Máld DI V, 329, 330.

1461: 1 prestu.r DI V, 361.

1492: kryddhol [...] j videmyrar kirkiv sokn. DI VII, 88.

1525: „med brokarlæk halfer rekar úr midri torfgrof. og báas þann med sem inn er fra fagrabasi til motz vid selnes ath helminge vid vidimyrarkirkju.“ Máld Reynistaðar, DI IX, 321.

1540: „hofum vier [Jón Arason] giefid vorum kiæra frænda sera Birne jonssyne jordina vijdimyre. med ollum þeim gognum og giædum. eignum og jtokum sem greindre jordu eiga med logum ad fylgia med þeim skilmaala. ad kirkian aa sagdre jordu aa jordina kirkiuhól sem þar liggur vnder. og halldin hefur verid gomul kirkiu eign. og jordina Brecku. er liggur j somu kirkiusokn. og þar til xc málnitu kugillde [...]. DI X, 519.

1574: Guðbrandur bp leyfir að öll tíund úr Reykjasókn leggist til uppihalds prests, auk vins og baksturs, en hann situr þar að þriðjungi við Víðimýri og Geldingaholt. BG, 60-61

1612: [sr. Þorbergi Ásmundssyni byggð dómkirkjunnar jörð Geldingaholt] og af þui ad su Holltz sokn hefur verid skickud til Glombæiar og Vijdemyrar þa læt eg það so standa. nema það eg læt Holltz kirkiu hallda og hafa alla halfkirkiu skylldu og Rentu þar til og so leingi. þar giorist einhuor god skickan a vm þær halfkirkiur. enn af þui ecki er sæmiligt ad prestur se þeigiandi. og predika ecki gudz ord. synt nie heilagt. og það ongar kirkiur adrar eru þar j nanad. þa hef eg skickad ad hann skal hafa Vijdemyrar kirkiu. og messa þar annan huorn helgan dag [...] Þo samt skipa eg honum þar vist ad helmingi. adra huora viku og so hef eg skipad þega j vor. þuiat jeg helld su kirkia eige noga peninga. ad hallda prest einungis auk helldur ad helmingi. ef eignarmenn vilia þar epter tala epter sinne skylldu. BG, 603.

1713: “Kirkja er hjer og tíðir veittar þriðja hvern sunnudag af prestinum á Glaumbæ.” JAM IX, 85.

Elsta lýsingin af kirkjunni er frá ofanverðri 17. öld en sú kirkja sem nú stendur á svæðinu var byggð árið 1834. Ítarlegri lýsingu af sögu, kirkjunnar, byggingu og viðhaldi er hægt að lesa í Kikjur Íslands 5, bls 256-286. Minjasvæðið samanstendur af kirkju og kirkjugarði. Víðimýrarkirkja er staðsett tæpum 30 m suðaustan við bæ 001 og 150 m norðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 en kirkjugarðsendinn er 135 m norðaustan við miðlínu.


Kirkjan og kirkjugarðurinn standa við suðaustur hlið bæjarstæðisins, þar er íbúðarhúsið og húsgarður á milli. Víðimýrarkirkja er timburkirkja, 10x10 m að stærð. Hún snýr vestur-austur og dyr hennar vísa í vestur. Svartmálað timburpil er á vestur og austurveggjum með rauðum hurða- og gluggakömrum en grænmáluðum gluggum og hurð. Langveggir hennar, norður og suður hliðar, eru fallega torfhlaðnar úr klömbrum með streng á milli. Þeir eru 1-2 m á hæð. Frá dyrum kirkjunnar liggur fallega hlaðin stétt og að kirkjuhliðinu. Innan kirkjunnar má líta fallegt timburverk á öllum veggjum og gólfum og kirkjubekkir eru sömuleiðis úr timbri. Þar er altari og altaristafla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; Bsk. I, 457, 465, 470; DI II, 466-467; DI III, 175; DI IV, 95, 244, 381, 511, 666; DI V, 104, 329, 330, 361; DI VII, 88; DI IX, 321; DI X, 519; BG, 60-61, 603; Kirkjur Íslands 5, 256-286

SK-092:002\_2 garðlag legstaður

A 478257 N 560138



Skýringar

Fornleifar

Torfhlaðið

Grjóthlaðið

Undir þaki

Kirkjugarður

Úttektargögn

Úttektarsvæði

0 5 10 15 20 m

Réttthyrndur kirkjugarður er utan um Víðimýrarkirkju og er hann 135 m norðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu. Hann er 45 x 31 m að stærð en á túnakorti frá 1917 er hann þó minni en hann er í dag, um 30x24 m að stærð. Hann snýr vestur-austur og er kirkjugarðshlið úr timbri við miðjan vesturvegginn. Vesturveggur kirkjugarðsins er grjóthlaðinn en grindverk afmarkar hann frá öðrum hliðum. Kirkjugarðsveggurinn hefur verið endurhlaðinn nýlega og stendur 1,5 hár, grjóthlaðinn með torfstreng efst. Hann er hlaðinn úr fremur stóru grjóti og hellugrjóti og sjást 6-7 umför. Hann er um 1,2 m á breidd. Líklega má finna leifar eldri kirkjugarðsveggja undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort

Uppmæling af kirkju og kirkjugarði SK092:002

SK-092:004 heimild um útihús

A 478226 N 560116

Samkvæmt túnakorti Víðimýrar frá 1917 var útihús tæpum 60 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 100 m NNA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Útihúsið hefur staðið rétt austan við veginn sem liggur að næstu bæjum, á malarvegi sem liggur nú niður að nýlegu fjósi og hlöðu.

Malarafleggjari, grasi vaxin svæði beggja vegna við hann.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og má ætla að það hafi verið rutt niður áður en eða þegar vegurinn var lagður. Hugsanlega gætu einhverjar leifar þess eða eldri útihúsa leynst undir veginum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**SK-092:008** heimild um útihús

A 478273 N 560078

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús rúmum rúmum 100 m SSA við bæ 001 og rúmum 100 m norðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Þar er nú nýlegt fjós og hlaða.

Nýlegt fjós, hlaða og tún í kring

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hurfu þau líklega við byggingu fjóssins og hlöðunnar sem þar standa núna. Hugsanlega gætu einhverjar leifar útihússins leynst undir byggingunum en það telst þó mjög ólíklegt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**SK-092:012** heimild um traðir

A 478241 N 560148

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir í gegnum bæjartúnið og upp að bæ 001 frá SSV. Traðirnar lágu á svipuðum stað og nú er hlaðinn kirkjugarðsveggur 002.2 og hefur kirkjugarðurinn verið stækkaður eftir að traðirnar voru teknar úr notkun. Traðirnar eru rúmum 140 m NNA við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Kirkjugarðsveggur, kirkjuhliðið og túnblettir eru nú þar sem traðirnar voru áður. Þaðan lágu þær inn í húsgarð núverandi íbúðarhúss Víðimýri.

Ekki sjást nein ummerki um traðirnar lengur og ekki er vitað hvort þær voru upphlaðnar eða aðeins vegslóði. Vel má vera að eldri leifar traðanna gætu leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**SK-092:031** varða óþekkt

A 476793 N 559133

Varða er á hól um 230 m suður af Víðimýrará, um 100 m vestur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Varðan er á hálf mosa- og lynggrónu holti milli mýrarsunda.

Varðan er hrúnin, um 1,3 m í þvermál og 0,3 m á hæð, mest sjást 2-3 umfö. Steinar eru vel skófum vaxnir og er gras og mosi byrjað að vaxa í vörðunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða SK-092:031, horft til norðurs.


**SK-092:032\_1** tóftir kvíar

A 478142 N 559978

Tvær tóftir, kvíar 032\_2 og rétt 032\_2, eru í grónum hvammi sunnan við Víðimýrará, fast sunnan við landamerki við Brekku SK-088. Þær eru á svæði sem er 37 x 14 m og snýr nálega austur-vestur. Tóftirnar eru rúmum 210 m SSV við bæ 001 og eru 22 m suðvestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3 sem skoðað var árið 2020.

Hvammurinn afmarkast af ánni til norðurs og brattri brekku til suðurs, hún er um 5 m há og nokkuð brött. Klettur sjást á stöku stað í brúninni.

Tóft 032\_1 er suðvestar. Hún er 15 x 6 m að stærð, tvískipt og er skálalaga. Hún er þó ekki nægielga forn til að teljast til skála og öllu líklegra að um kvíar sé að ræða. Tóftin skiptist í tvö hólf. Stærra hólfíð er austar og er 8 x 3 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Það sést glitta í grjóti á stöku stað. Op er á báðum langveggjum hólfisins og hið þriðja til vesturs, yfir í hólf 2. Inni í hólfinu



Uppmælingar af minjum SK-092:032

er þúst, grjót finnst í henni en líklega er þetta veggjahrun. Hólf 2 er vestar. Það er 2,6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Kvíar SK-092:032\_1, horft til VNV.*



*Rétt SK-092:032\_2, horft til vesturs.*

**SK-092:032\_2** tóftir kvíar

A 478167 N 559994

Tóft 032\_2 er um 20 m norðaustan við kvíar 032\_1. Hún er 8,5 x 5,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Löggun og gerð tóftarinnar bendir til þess að um rétt sé að ræða. Veggirnir eru um 2 m á breidd, algrónir en víða finnst að grjót er í þeim þegar gengið er yfir svæðið. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og falla vel inn í umhverfið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-092:033** varða óþekkt

A 478255 N 558914

Varða er 72 m austan við sléttuð tún, 140 m vestan við malarveg og miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún er nú í landi Víðidals sem áður tilheyrði Víðimýri. Nokkuð gróinn og smápýfður lyngmói.

Varðan er hrunin og er um 3x3 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Hún hefur verið hlaðin úr stóru grjóti sem er nú skófum vaxið. Gróðurkragi er neðan við vörðuna og héðan er vísýnt til allra átta. Hlutverk hennar er óþekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-092:033, horft til norðurs.*


SK-092b Víðimýrarsel

Jörðin er líkast til upphaflega sel frá Víðimýri (SK-092) en síðar breytt í beitarhús. Byggð hefst á jörðinni um 1877, segir í Byggðum Skagafjarðar II, 448.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Glaumbæjar- og Víðimýrarprestakalli segir: «Víðimýrarsel, þar upp undan [þ.e. Víðimýri], suður frá Arnarstapa [...] Til skamms tíma hefir haft verið í Víðimýrarseli og endur og sinnum í Seyluseli, unz landið og selstaðan var undan Seilu dæmt, undir Skarðsá, árið 1828. Hvenær hin hafa niður lagzt, vita menn eigi, og mun orsök til þess hafa verið mannfækkun og harðæri [...] Búið var í Víðimýrarseli á árunum 1857-1914, að 5 árum undanskildum. Síðan var byggt nýbýli árið 1954.» Býlið er byggt þar sem upphaflega var sel og síðar býli og eyðibýli.» (SSS, 62).

“Þegar landnám ríkisins keypti Víðimýri árið 1949 eignaðist það jafnframt Víðimýrarsel sem varð síðar ein þeirra bújarða sem skipt var út úr Víðimýri árið 1953 og 1954. Átti ríkið síðan jörðina þar til hún var seld ábúendum 1992,» segir í Byggðasögu Skagfirðinga (BS II, 448).






Uppmæling af Hólmaseli SK-092b:014

tóft 014\_8 sem byggð hefur verið ofan í seltóft 014\_7 er að öllum líkindum heystæði sem tekið var til notkunar nokkru eftir að seljabúskapur leggst af. Ekki er augljós skipting á milli seljasvæða en líklegt er að tóftir 014\_1-4 hafi tilheyrt syðra selinu og tóftir 014\_5-9 því nyrðra. Aðeins syðsta tóftin á svæðinu 014\_2 lendir að hluta innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og er 146 m frá miðlínunni. Næst henni er seltóft 014\_1 og er hún við NNV-jaðar úttektarsvæðisins en 15 m friðhelgað svæði í kringum tóftina lendir innan úttektarsvæðisins. Aðrar tóftir eru lengra frá og ekki í neinni hættu vegna framkvæmda en eru skráðar með hinum þar sem að þær mynda stóra minjaheild sem ekki þótti rétt að klippa í sundur.

Minjarnar eru í breiðum og flatlendum en þýfðum hvammi á vesturbakka Víðimýrarár. Utan hvammsins er þýfður mói á árbakkanum. Á melabrúnum ofan og vestan við selið er búið að græða upp stór svæði á síðustu áratugum.



Uppmæling á tóftum SK-092b:014\_1 og 2.

“Enn eru á dalnum vestan við ána allglöggar tóftir, nálega í þyrpingu, 4 eða 5. Kallast þær einu nafni Hólmasel og segja munnmæli að bændur úr Vallhólmi hafi notað þau fyrr á öldum. [...] Upp undan Hólmaseli er Hólmaselsflá. ( Örn.skrá Víðimýrar frá 1934). [...] Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1842 eru Hólmasel ekki nefnd “...og geta því Hólmasel og Steingrímssel verið eitt og hið sama . En það er líka pláss fyrir hvorutveggja og nógar rústir, allar vestan við ána og nálægt ánni,” segir í örnefnaskrá. Steingrímssel 015 er ofar með ánni, um 470 m sunnan við Hólmasel og er um tvö aðskilin sel að ræða.

Fjallað er um Hólmasel í Byggðasögu Skagafjarðar II: “Hið neðra kallast einu nafni Hólmasel í breiðum hvammi vestan við ána og munu þar vera tvennar selrústir. Þar eru tveir áberandi rústahólar með um 100 m millibili. Á tveimur stöðum milli þeirra eru þúfnahólar sem virðast geyma mannvirki en engin veggjaskil verða þar greind. Sama er að segja um ysta hólinn. Þar eru veggjaskil vart greinanleg, en e.t.v. hefur hey verið sett upp á hólinn, [...]. Á syðsta hólnum eru stórar rústir og glöggar af selkofum ásamt kvíum. Gamlar kvíar eru síðan á tveimur stöðum nærri samsíða skammt útvestur frá síðarnefndu selrústinni,” segir í BS II. Á selstæði Hólmasels eru níu tóftir á svæði sem er 190x50 m að stærð og snýr norður-suður. Greinileg seljarúst 14\_7 eru á lágum rústahól norðarlega á svæðinu. Mögulega var annað sel í stórra tóft 14\_2 sunnarlega á svæðinu.

Ekki verður fullyrt um hlutverk annarra tófta en



Sel SK-092b:014\_1, horft til norðausturs.

Lýsing á tóftum innan Hólmasels hefst á meintri seljatóft 014\_1 sem er næstsyðsta tóftin á minjasvæðinu. Hún skiptist í fjögur hólf, er 15,5x11 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er frammi á lágru brún á árbakkanum. Nyrst í tóftinni er mjög samansigið hólf en óljóst má greina innri brún veggja nyrst í því. Ofan á það virðist hafa verið hlaðið yngra heystæði og sjást norður- og vesturveggir þess. Af þeim má dæma að heystæðið hafi verið 4x2,5 m að innanmáli. Stærsta hólfid er í miðri tóftinni og er op inn í það á vesturhlið. Það er 9,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í austurenda hólfins er annað op sem virðist frekar hafa myndast vegna rofs en að þar hafi einnig verið inngangur í hólfid og tóftina. Suðvestast í tóftinni er op inn í hólf sem er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur og op er úr því til austurs inn í lítið hólf í suðausturhorni tóftar. Það er 2x2,5 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Á austurvegg þess er rof, líklega eftir umferð sauðfjár. Veggir tóftarinnar eru signir og hlaupnir í þúfur. Þeir eru víðast 0,5-0,6 m á hæð og sést hvergi grjót í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Víðimýrarsel,3; BS II, 449;

**SK-092b:014\_2** tóft óþekkt

A 475702 N 557921



*Tóft SK-092b:014\_2, horft til austurs.*

Tóft 014\_2 er tvískipt torfhlaðin tóft sem stendur neðan við brúnina sem seltóft 014\_1 er á og er 5 m austan við þá tóft, allra syðst á minjasvæðinu. Tóftin er 8,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Op eru inn í hólfín á vesturhlið. Syðra hólfid er tæpir 2 m á kant innanmáls. Nyrða hólfid er heldur stærra, 2,5x2,5 m að innanmáli en það er orðið nokkuð aflagað því norðausturhorn og austurveggur í því eru að hrynja ofan í Víðimýrá sem grefur úr bakkannum. Ekkert grjót sést í veggjum sem eru 0,6-0,7 m á hæð. Heldur er þessi tóft ungleg í samanburði við flestar aðrar tóftir á svæðinu en hlutverk hennar er ekki þekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SK-096 Syðra Vallholt

1246: "Miðvikudaginn reið Þórður ofan í Vallaholt." Sturlunga saga II, 537.

1411: Vitnisburður um jarðarsölu, gerður í Vallholti, þann 15. desember 1411. DI, V, 3-4.

1411: Vitnisburður um jarðarsölu, gerður að Vallholti þann 15. desember 1411. DI, VIII, 19-20.

1417:"... Ath væe hofum tekit astríði jorundsdottur til æfinlegrar profentu konu wpp aa holastad j suo mata ath hun gefr med samþycki sueins halluarðzxonar bonða síns wallholtt er ligr j skagafirðe... ." DI IV, 255.

1419:"... Vorum vær j dom nefnder af biskup jone atth holum huortt su prouentta sem astridr jorundardot(t)er gaf med ser til æuinligrar framfærslu þa biskup arne hafdi vmbod holastadar mætti halldazst edr eig. Nu saker þess ath astridr fyr nefnd sór fullann bokareid ath hun gaf til hola kirkju j prouenttu med ser jordina j vallholtti ok hun gaf all dri samþycki til atth jordinn skylldi seliazst edr gefazst ... ." DI IV, 272.

1461: Máldagi Miklabæjarkirkju. " bænhus fimm. j solheimum. j midskytiu. j daal. oc vallholtum tueimur med forne skylld." DI V, 324.

1465: Bréf um að Skúli Loftsson héldi og reiknaði Syðra-Vallholt í Skagafirði sína jörð. DI V, 435-436; Dómur Ólafs biskups á Hólum um eignarrhald á jörðinni, en biskup taldi hana í eigu Hólakirkju í Hjaltadal. DI V, 436-439; Samþykkt Vallhólsdóms frá 14. janúar 1465. DI V, 439-440.

1525: Sigurðarregistur, máldagar Hóládómkirkju þegar Jón Arason tók við."...sydra vallholt. ... ." DI IX, 301.

1569: Reikningar Hólástóls. " Med Vallholtti .i.ii/2. med tiundum kug. .vi." DI XV, 224.

1570: Kúgildareikningar Hólástóls."Med Vallholti .vi." DI XV, 457.

1713:" Jarðardýrleiki I [hdr.] ... Eigandi biskupsstóllinn Hólar." JÁM IX, 105.

1839:"Syðra-Vallholt, 50 hmdr., ... ." SSS, 61.

1847: 50 hdr. Bændaeign. JJ, 258.

"Syðst og vestast í Vallhólmi er aflangt holt, Vallholt, og bæir nefndir eftir því (Ytra- og Syðra-Vallholt) við hvorn enda." KK III, 50.

1839:" Land oflítið og verður haga burt að kaupa fyrir ýmsan góðvilja." JÁM IX, 106.

**SK-096:030** gata leið

A 483273 N 558033

"Önnur vöð voru á Vötnunum frammar, fram á Steinstaðahólmi og voru kölluð Miklabæjarvöð, að ég held. Í

Syðra-Vallholti er greinilegar götur í átt að báðum þessum vöðum, samgrónir skorningar, sumstaðar greinilegir 10-15 í röð, en víða eru þeir þó með öllu horfnir vegna ræktunar og breytinga á landinu á yfirborðinu. Ég held að Krappamóssléttan hafi tekið af göturnar fram og austur um Hólminn á Miklabæjarvöð. Áratugum eftir að Krappimórinn var sléttaður komu göturnar greinilega í ljós. Það var ekki hægt að aka þvert á þetta stykki vegna skorninga svo ég varð að taka það til endurvinnslu fyrir nokkrum árum,» segir í örnefnaskrá. Göturnar eru um 60 m sunnan við núverandi raflínu og hverfa undir kornakra og ræktuð tún til vesturs. Í örnefnaskrá er því svæði líklega lýst að sögn Jónínu Guðrúnar Gunnarsdóttur og götunar legið undir kornökrunum. Göturnar sjást syðst um 20 m suður af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og liggja út af svæðinu til norðausturs.



*Leið SK-096:003, horft til austurs.*

Göturnar liggja í grónum, sléttum ármel. Melurinn er vaxin grasi, mosa og lyngi. Þar sem hnitíð var tekið er blautur mýrarfláki, síki, fast vestan við. Samkvæmt örnefnaskrá á ekki sjást mikið til þessarra gatna, svæðið hefur verið sléttað og er komið undir kornrækt. Þó sjást götur á grónum mel fast norðan við kornakurinn sem sveigja til vesturs um 50 m sunnan við núverandi raflínu. Þetta er líklega önnur gatan sem minnst er á í örnefnaskrá þótt ekki sé hægt að segja það með vissu. Það sjást um 10 rákir sem eru um 0,15 m á dýpt og sjást þær á um 150 m kafla. Heildarbreidd svæðisins er um 10 m. Gatan liggur eins langt og augað eygir þar til hún fer undir ræktað land bæði til austurs og vesturs. Hafa verður í huga að greinilega hefur verið farið með plóg um svæðið og því er mikið af skorningum allt umhverfis göturnar. Svæðið var fyrst heimsótt 2008 en var skoðað aftur árið 2020. Alls má rekja leiðina á um 595 m löngum kafla, þar af eru um 325 m innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðra-Vallholt,9;

#### SK-116 Kolgröf

1713:”Jarðardýrleiki x [hdr.]... . Eigandi Stóru Akra kirkja í Blönduhlíð og proprietarius þar til.” JÁM IX, 109-110.

1839:” Kolgröf, 10 hndr., ... .” SSS, 73.

1847: 10 hdr. Bændaeign. JJ, 258.

1713:”Engjar öngvar nema það sem hent verður á hagnýrum.” JÁM IX, 110.

#### **SK-116:015** Kolgrafarvegur vegur leið

A 479071 N 556619

Kolgrafarvegur er gamla heimreiðin að Kolgröf. Vegstæðinu var breytt árið 2000 og var þá fært norður fyrir

Stórusteina [SK-116:016] en lá áður fyrir sunnan þá. Gamla heimreiðin sést fast norðan við steinana. Leiðin sést austast um 54 m VSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og liggur áfram í sömu átt út af svæðinu. Leiðin sem sést er væntanlega ung en miðað við túnakort 1918 og Uppdrátt Íslands 1923 lágu heimreið að bæ og Efribyggjavegur þá á svipuðum stað og nú.

Leiðin lá um melholt að bænum í Kogröf. Víða er stórgryti á holtinu. Efribyggðavegur liggur u.þ.b. norður-suður um 35 m austan við þann stað þar sem leiðin sést austast.

Á svæðinu mótast fyrir sléttum malarvegi, um 3 m breiðum, frá gamla Efribyggðaveginum og í um 160 m í átt að Kolgröf. Þar af eru um 97 m innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kolgröf, 5; BS II, 518; Túnakort 1928, Uppdráttur Íslands 53



*Kolgrafarvegur SK-116:015, horft til SSV.*

**SK-116:016** Stórusteinar álagablettur



*SK-116:016, horft til suðvesturs.*

um 2 m á hæð en sá minnsti rúmur metri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kolgröf, 5; BS II, 518;

**SK-116:020\_1** gata leið



*Gata SK-116:020\_1, horft til suðausturs.*

**SK-116:020\_2** varða samgöngubót

Varða 116\_2 er um 20 m vestan við leið 116\_1 og er ofarlegar á grónum melhól. Varðan er 1,5 m í þvermáli. Hún er 0,3 m á hæð og mikið hrunin. Aðeins neðsta umfarið sést. Varðan er hlaðin 12-15 steinum og sést greinilega þegar leið 1 er gengin. Varðan er um 2 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-116:002\_2, horft til suðausturs.*

A 479073 N 556629

“ Stórusteinar eru fast norðan við fyrrverandi heimveg, Kolgrafarveg, og eru ekki færri en sex og allir saman. Sérstaklega einn þeirra er feikna mikið bjarg, og nálgast að vera klettur [...]. Að sögn bónda eru engir álagablettir í Kolgröf, en steinn er í túninu sem Hrólfur bað um að yrði ekki hreyfður,» segir í örnefnaskrá.

“Þá [Stórusteina] má ekki hreyfa að sögn ábúanda. Sama er að segja um steina sunnan við íbúðarhúsið, austan gamla bæjarstæðisins,» segir í Byggðasögu Skagafjarðar III. Steinarnir eru um 17 m sunnan við núverandi heimreið, 45 m vestan við Efrabyggðaleið og er um 65 m VSV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Steinarnir standa á stórgrýttu melholti.

Stórusteinar eru sex og raðast u.þ.b. Í skeifu. Á milli steinanna eru frá 0,3 m upp í 2 m. Stærsti steinninn er

A 477710 N 556782

“Vegur upp á Skörð lá með Kolgrafartúni að norðan og austan, yfir Kvihól um Hvítahól að Hundapúfu, sem er næsta hæð neðan við Olnbogasund og þaðan neðanvert í Hjalla eftir Húsaás í Kirkjuhólslandi, og áfram þar gegnum Viðimýrarselstún á Skarðaveg austan Fossflatar í landi Brekku,» segir í örnefnaskrá. Leiðin er um 310 m SSA við vörðu 033 og rúmunum 240 m austan við vörðu 041. Leiðin liggur þvert yfir miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Leiðin er vörðuð (sjá 020\_2 og 020\_3), og eru fornleifarnar á svæði sem er 300 x 150 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur.

Leiðin þræðir gegnum mosa- og grasríkt deiglendi.

Leiðin sést sem ein og ógróin gata. Hún er 0,5 m breið og 0,3-0,6 m djúp. Hún er dýpst að austan. Leiðin er um 300 m löng og liggur í nálega norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kolgröf, 8;

A 477571 N 556842



*Varða SK-116:020\_3, horft til suðausturs.*

**SK-116:020\_3** varða samgöngubót

A 477558 N 556832

Varða 116\_3 er 15 m suðvestan við vörðu 116\_2, á sama melhól. Hún er sömuleiðis mjög lík vörðu 2 og er 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Varðan er hlaðin 8-12 steinum. Hún sést aðeins frá leið 1 þegar leiðin er gengin niður brekkuna, til austurs Varðan er um 12 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-116:033** varða landamerki

A 477477 N 556991

“Á Stórahól er (ævagömul) varða, studd af fuglapúfu. Varðan er þar sem hóllinn er hæstur og hún heldur vörð um réttu landamerkin milli jarðanna,” segir í örnefnaskrá. Varðan er nær alveg hrunin. Hún er um 170 m NNV við vörðu 030 og rúmum 270 m NNA við vörðu 041. Varðan er rúmum 17 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á mosa- og lynggrónum melhól. Umhverfis hóllinn er deiglend og þýft graslandi.

Varðan er um 0,6 m í þvermáli. Hún er hlaðin 4-6 mosavöxnum steinum og nær alveg horfin. Hún er 0,1-0,2 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kolgröf, 9;



Varða SK-116:033, horft til austurs.



Varða SK-116:041, horft til suðausturs.

**SK-116:041** varða óþekkt

A 477499 N 556728

Varða er á holti um 1,14 km VNV af bæ 001, um 110 m suðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Varðan er á hálf-lynggrónu grýttu holti. Umhverfis eru mýrarsund.

Varðan er hrunin. Vörðubrotið er um 1,3 m í þvermál og um 0,20 m á hæð en meira grjótt úr vörðunni er á dreif um holtið í kring. Grjótið í vörðubrotinu er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SK-117 Álfgeirsvellir

“Álfgeirr hét maðr, er nam um Álfgeirsvöllu ok upp til Mælifellsár ok þjó á Álfgeirsvöllum.” Landnámabók, Íslensk fornrit I, 230.

1528:” ... ad so fyrir skildu adr sagdr herra biskup jon sellde fyr skrifudum þorgrime gudmundssyni jordina ägeirsvelle j skagafirde j Reykia kirkiu sokn med öllum þeim gognum og giædum ... .» DI IX, 453-454.

1382- c.1600:Máldagi Akarakirkju í Blönduhlíð: Jtem gaf nefndur Biörn Akarakirkju smäjörd þa er Görf heiter. Og liggur “a milli Alfgeirsvalla. Kirkiuhols. Og Gagnishols. Er nu kallast Kryddholl. ... ”DI XII, 27; “med samri grein aa Akarakirkia fiärhalld. Regstra. beit. selför. edur jardareign vestur vmm Lägafell og Smiordali. Sem profast ad Gagnisholl hafi ätt motz vid Kirkiuhol Vijdimyrarjörd. Og Algeirsvöllu.” DI XII, 27.

1385:” “... Vorum vær i hia og säum ä handaband þeirra fru Oddbiargar abbadisar ad Stad af eirne älfu og sira Steinmodar þorsteinszonar af annare ad so fyrer skilldu ad greind fru abbadis Oddbiorg handlagdi sögdum Steinmodi preste til fullrar eignar þau x sem hun kalladi stadenn i Reynenese eiga upp i jordina ä Alfgeirsvöllum j Tungusveit.” DI III, 381.

1453: “ hier j modt gaf adr nefndr sigmundr einarsson þrattnefndum skula loptzsyne þessar jarder er suo heita. Alfgærsvellir er stendr j skagafirde j Reykia kirkiu sokn ok gegneshol er stendr j saumu sueit j


uidemyrarkirkjusokn... ” DI V, 104.

1550: Hier i mote gafu þau Þorgrimur Gudmundzson fader Tuma og Margriet Finnbogadotter. hans moder. Kvinna Þorgrims. greindum Tuma syne sinum iordena Alfgeirsvelle ... ” DI XI, 824.

1690:”Ólafur Markússon yngri selur, með samþykki móður sinnar, Guðrúnar Jónsdóttur, Skúla Ólafssyni 24 hndr. í breið fyrir 20 hndr. í Alfgeirsvöllum og 8 hndr. í lausafé.” Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 215.

1713:”Hjer segja menn verið hafi bænhús þar sem enn nú stendur skemma á hlaðinu. Sumir kalla þessa jörð Ásgeirsveller. Jarðardýrleiki I [hdr.]» JÁM IX, 111.

1839:” Engin eru hér nýbýli nema aðeins eitt af fyrrnefndum gerðum, kallað Ásgeirsvallagerði, og tilheyrir



Stór hluti minja innan heimatúns Álfgeirsvalla er innan áhrifasvæðis jarðstrengs A1.

Ásgeirsvöllum.» SSS, 76.

1847: 10 hndr. Bændaeign. [“Hér telur nú hreppstjóri kúgildilin 5. A.M. Telur með eyðihjáleiguna Álfgeirsvallagerði, en prestur einn nefnir nú Vallmúla, ..., sem hér er sleppt.» JJ, 259 neðanmáls]

“Túni og engjum grandar Þverá, sem fellur hjá bænum með sand, aur og grjót, so og mikill hluti túns í órækt kominn.” JÁM IX, 112.

**SK-117:001** Álfgeirsvellir bæjarhóll bústaður

A 479759 N 555248



Bæjarhóll SK-117:001, horft til vesturs.

Í ornefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Gamli bærinn á Álfgeirsvöllum var skammt neðar en íbúðarhúsið í dag (1997), austan vegar og rétt vestan við árfarveginn, þar sem áin enþá rennur.» Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: “Gamla bæjarstæðið [...] er beint neðan við íbúðarhúsið, skammt upp frá ánni. Í bænum var grjóthlaðinn kjallari undir syðstu og austustubæjarröðinni. Mótar enn fyrir honum í túninu.” Bæjarstæðið er einnig merkt inn á túnakort Álfgeirsvalla frá 1918. Búið var slétta yfir hólinn þegar heimildamaður, Indriði Stefánsson, flutti að Álfheimum árið 1974. Bæjarhóllinn var 80 m austan við Efrabyggðarveg [751] og 20 m vestan við ána, 10-15 m norðvestan við kartöflugarð 032 1. Hann er jafnframt tæpum 60 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Ekki er víst hvert stafnar bæjarhúsanna snéru, en líklega þó til suðurs

eða suðvesturs.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu.

Í dag sjást engin ummerki um bæjarhólinn eða hleðslur á honum og hefur hann verið jafnaður alveg við jörðu. Auðveldlega gætu þó leynst heillegar minjar undir sverði af eldri bæjarhúsum þó svo að yngstu bæjarhúsin hafi verið fjárlægð og eyðilögð.

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9; túnakort 1918; BS III, 509

**SK-117:002** heimild um bænhus

A 479767 N 555255

Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Hjer segja menn verið hafi bænhus þar sem enn nú stendur skemma á hlaðinu. Sumir kalla þessa jörð Ásgeirsveller. Jarðardýrleiki I [hdr.]... .I .”X. Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima er bænhusið einnig nefnt og þar segir: «Talið er að þar hafi verið bænhus og ef til vill kirkja í kaþólskum sið.» Í Byggðasögu Skagafjarðar er tekið mið af þessu upplýsingum: “Ábúanda, Marínó Sigurðsson, rekur minni til að út og austur frá bænum hafi sést móta fyrir smágörðum á varpanum og þar kunni forðum að hafa verið skemma. Annars heyrði hann aldrei talað um kirkju eða bænhus á Álfgeirsvöllum.» Nákvæm staðsetning bænhusins er mjög óljós en ætla má að það hafi staðið á bæjarhólnum, þá austan við bæjarhúsin, nær ánni.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Landi hallar nokkuð niður að ánni til austurs.

Ekki sjást nein ummerki um bænhusið né skemmuna sem þarna mun hafa staðið en líklega hefur það staðið á eða við bæjarhólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX,111; Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 1; BS III, 509;

**SK-117:004** heimild um útihús

A 479857 N 555150

Útihús er merkt á túnakort frá 1918, 140 m suðaustan við bæ 001 á eystra túninu. Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir um sama svæði: “Tvídyra hesthús var norðan við fjárhúsin [003], með breiðum, tvískiptum, steinsteyptum stalli með baðkari fyrir sauðfé í fremri enda.” Steinsteyptar rústir og spýtnabrak hesthússins sjást í dag (2020) en ekki nein ummerki eru um eldra útihús. Rústirnar eru 140 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 85 m vestan við Neðstuhús 003. Jafnframt eru þær 110 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Lítill hóll suðaustan við steinsteyptu rústirnar og eru þær í skjóli hans. Svæðið er grasi og arfa vaxið og fremur hæðótt. Víða eru smáhólar. Landið hallar líttillaga niður að hólnum sem Neðstuhús 003 er byggð á.

Ekki sjást nein ummerki um gamla útihúsið sem merkt er inn á túnakort, aðeins steinsteyptur kofi og spýtnabrak úr nýlegu hesthús sem lýst var hér ofar. Engar grjót- né torfhleðslur voru í því húsi. Viðarveggjum hefur verið skellt upp með bájárnsklæðningu og einangrunarefni á milli. Hesthúsið er því ekki mjög gamalt en leyfar útihússins á túnakortinu gætu þó leyst undir sverði á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9; túnakort 1918

**SK-117:005** Pálshús heimild um hesthús

A 479615 N 555155

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Gamla túnið var að hluta vestan við ána og náði upp þangað sem íbúðarhúsið, Álfgeirsvellir, stendur. Þar var hesthús sem kallað var Pálshús en hvernig það nafn var tilkomið vita menn nú ekki (1997). Heimildarmaður telur þó sennilegt að húsið hafi verið kennt við Pál Halldórsson, sem bjó hér fimm tímabil á 19. öldinni. Pálshús var lítill kofi sem, tók aðeins örfá hross.» Í Byggðasögu Skagafjarðar segir einnig um Pálshús: “Upp frá, þar sem íbúðarhúsið er núna, var lítill torfkofi fyrir hrúta og trippi og hét Pálshús.” Pálshús stóðu ofan við nýja íbúðarhúsið, rúmum 170 m VSV við bæ 001 og tæpum 60 m suðaustan við kvíar 024, tæpum 110 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasmói og holt. Stórir steinar víða á svæðinu.

Ekki sjást nein ummerki um hesthúsið Pálshús og hefur því líklega verið ýtt út og jafnað við jörðu. Leifar af tóftinni gætu þó enn leynst undir yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9;

**SK-117:006** Sveinshús heimild um fjárhús

A 479731 N 555216

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Við bæinn voru Sveinshús, sjálfstætt hús sunnan og ofan við bæinn.» Útihús er merkt inn á túnakort Álfgeirsvalla, rúma 40 metra suðvestur af bæ 001. Um er að ræða vestasta útihúsið á túnakortinu. Sveinshús eru nú horfin en hafa staðið rúmum 40 m suðvestan við bæinn. Jafnframt stóðu þau rúmum 20 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Landi hallar nokkuð niður að ánni til austurs en er hærra nær veginum þar sem úrihúsin hafa staðið.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og því líklega ýtt út og jafnað við jörðu, ef til vill á sama tíma og bæjarhóllinn var jafnaður við jörðu. Hinsvegar gætu enn leynst einhverjar leifar útihússins undir yfirborði eða annarra eldri útihúsa sem hafa verið byggð á sama svæði,

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15; Túnakort 1917

**SK-117:007** heimild um fjós

A 479706 N 555237

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Fjós fyrir 4 kýr og 2 ungvíði og hlaða við, var beint upp undan bænum.» Þar segir einnig: “Fjósið, gamla, var vestan við gamla bæinn norðarlega, vestur undir núverandi girðingu. Það var sex bása fjós úr torfi og grjóti og aðeins frá bænum. Hlaðan var í þrennu lagi og var þá votheyslaða í miðjunni.” Í Byggðasögu Skagafjarðar segir um fjósið; “Fjósið var skammt vestan við bæinn og haugurinn milli fjóss og bæjar.” Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 á þessu svæði sem fjósinu er lýst. Það hefur staðið um 50 metrum vestan við bæinn og er það útihús sem stendur í miðjunni af húsunum þremur á túnakortinu. Jafnframt stóðu þau um 4 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarrólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Landi hallar nokkuð niður að ánni til austurs en er hærra nær veginum þar sem útihúsið á að hafa staðið.

Ekki sjást nein ummerki um fjósið og því líklega ýtt út og jafnað við jörðu, ef til vill á sama tíma og bæjarhóllinn. Hinsvegar gætu enn leynst einhverjar leifar fjóssins undir yfirborði eða annarra eldri útihúsa sem hafa verið byggð á sama svæði,

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15; Túnakort;

**SK-117:008** heimild um útihús

A 479705 N 555272

Útihús er merkt inn á túnakort Álfgeirsvalla um 55 metrum norðvestan við bæ 001 og rúnum 35 m norðan við fjós 007. Útihúsin stóðu jafnframt tæpum 15 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarrólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Landi hallar nokkuð niður að ánni til austurs en er hærra nær veginum þar sem útihúsin hafa staðið.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og því ýtt út og jafnað við jörðu, ef til vill á sama tíma og bæjarhóllinn. Hinsvegar gætu enn leynst einhverjar leifar útihússins undir yfirborði eða annarra eldri útihúsa sem hafa verið byggð á sama stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort

**SK-117:009** garðlag landamerki

A 480244 N 554202



Garðlag er rúnum 1,1 km SSA við bæ 001 á landamerkjum milli Álfgeirsvalla og Ytra-Vatns (SK-118). Það er austan við Efribyggðarveg (751). Jafnframt er það tæpum 75 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Garðlagið sést uppi á hálfgrónum melhól en hverfur í mýrinni neðan við melhólinn, þar sem nú hefur verið ræst fram og er djúpur skurður.

Garðurinn sést á 38 m löngum kafla og liggur VSV-ANA. Hann liggur undir girðingu og er hlaðinn úr frekar stóru og miðlungsstóru grjóti. Það sést í 1 umfar af grjóti og 1-2 raðir. Hann er að mestu ógróinn en þar sem grasvöxtur er mikill er hann orðinn ógreinilegri. Garðurinn er 0,7-1 m á breidd og aðeins um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Garðlag SK-117:009, horft til vesturs.*

**SK-117:013\_1** hús

A 479592 N 555321

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla segir: «Heimilis-rafstöð var reist á Álfgeirsvöllum og áin látin knýja hana. Það var Jónas bóndi Björnsson sem virkjaði Álfgeirsvallaána árið 1930 og rafmagnið var notað til lýsingar, hitunar og suðu.» Síðar segir í sömu heimild: “Bæjargilið, er lækjargil spölkorn norðan við núverandi fjósbyggingu. Þar stendur rafstöðvarhús frá tíma heimilisrafveitu.” Stöðvarhúsin tvö sjást ennþá vel og eru í læknum vestan við Efribyggðarveg (751), tæpum 180 m norðvestan við bæ 001 og rúnum 160 m norðan við núverandi íbúðarhús. Húsin eru sömuleiðis tæpum 80 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.




Grasmói er í kringum lækinn og rennur hann niður brekkuna vestan og norðan við rafstöðvarhúsin og niður til austurs.

Minjasvæðið samanstendur af tveimur steinsteypum stöðvarhúsum, eldra og yngra húsinu. Eldra húsið var byggt árið 1930. Það er 3.2x2,3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á því framanverðu og að innan sést ýmiskonar drasl, t.d ryðguð túrbína. Dyr og gluggi vísa til norðausturs. Þakið er alveg hrúnið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Rafstöðvar SK-117:013\_1 og 2, horft til suðvesturs.



Uppmæling af minjum SK-117:013.

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 3, 14-15;

**SK-117:013\_2** hús

A 479597 N 555314

Yngra húsið var byggt árið 1960 og er tæpum 5 m suðaustar, niðurgrafið að hluta ofan í skurði. Það er stærra, 4,3x4 m að stærð og snýr eins og hitt, norðvestur-suðaustur. Austan við húsið er svoltið steinsteypuhrun og brak. Þak þess er enn uppstandandi og dyr vísa til norðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:023** Áveitustýfla heimild um áveitu

A 479776 N 555218

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Það ár [1942] var einnig byggt úr steinsteypu; sex hliðarstaurar, einn hornstaur og tveir stýflustólpar í ána þar sem Áveitustýfla var sett til að veita vatni á engið. [...] Vatnið í áveituna var tekið úr ánni og var stýflan niður undan bænum (gamla) og veitt á mikinn hluta flóans nema vestasta hluta hans. Flóðgarðar voru a.m.k. Sex og í gegnum þá voru göt til að hleypa vatninu af landinu.» Í örnefnaskrá segir einnig: «Talið er að það hafi verið í tíð Ólafs Briem bónda á Álfgeirsvöllum [ca. 1885-1920] að framkvæmdir við áveituna hafi verið gerðar eða byrjað á þeim.» Stíflan var í Álfgeirsvallaá, neðan við bæinn rúmum 35 m SSA við bæ 001 og tæpum 20 m SSA við kartöflugarð 032.1. Jafnframt er hún rúmum 65 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Árbakkarnir eru grasi grónir, og svæðið eru nokkuð bratt upp til norðurs. Engin sem veitt var á voru norðan og austan við ána og nú eru þar ræktuð tún.

Stíflan er alveg horfin og engir steypuklumpar sjást lengur í ánni. Á þessum hluta árinna er hún frekar mjó og hefur því verið auðvelt að stífla hana á þessu svæði. Stórir steinar eru á austurbakkanum á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9, 15-16;

**SK-117:024** heimild um kvíar

A 479647 N 555202

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Jónas bóndi Björnsson byggði samstæð fjárhús f. 80 kindur norðan við Pálshús [005]. Þar norðan við voru Kvíar. Þær eru alveg horfnar.» Í Byggðasögu Skagafjarðar III segir: «Litlu utar og neðar [en fjárhús Jónasar Björnssonar] voru gamlar kvíar frá tímum fráfaranna, um það bil þar sem er austurendi fjóssins.» Kvíarnar voru rúmum 120 m vestan við bæ 001 og rúmum 40 m norðaustan við núverandi íbúðarhús, þar sem austurendi fjóssins er nú (2020). Jafnframt voru þær rúmum 65 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Fjósbygging hefur verið byggð þar sem kvíarnar voru.

Ekki sjást nein ummerki um kvíarnar á yfirborði. Ef þarna hafa verið einhverjar leifar má ætla að þær hafi allar eyðilagst þegar fjósið var byggt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9; BS III, 509;

**SK-117:025** heimild um hesthús

A 479694 N 555042

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Túnslétta var suður frá íbúðarhúsinu og suður að ánni og þar var fyrir löngu síðan hesthús.» Nú eru öll ummerki um útihúsið horfin og erfitt að segja nákvæmlega hvar í túninu sunnan við núverandi íbúðarhús, hesthúsið stóð en það hefur líklega verið rúmum 200 m suðvestan við bæ 001, 60-70 m vestan við úttektaarsvæði Blöndulínu 2020.

Túnið er ekki nýtt lengur sem tún heldur beitarhólf. Það er grasi vaxið og smáþýft á köflum. Víða stendur grjót upp úr jarðvegi.


Ekki sjást nein ummerki um hesthús á svæðinu og heftur leyfum þess líklega verið ýtt út. Hinsvegar gætu leifar hesthúsins eða eldri útihúsa leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9;

**SK-117:026** þúst hesthús

A 479713 N 554957



Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Síðar var hesthús sunnan við túnið og nálægt ánni. Einnig þar er nú horfið.» Þúst sést nálægt ánni þar sem hesthúsið gæti hafa staðið, tæpum 300 m SSV við bæ 001. Jafnframt er hún rúmum 100 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasmói er við ána og skógræt er um 15 m norðan við hana.

Þústin er 6.5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0.7 m á hæð. Ekki sjást nein ummerki um vegghleðslur eða innanmál í þústinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 9;

*Uppmæling af þúst SK-117:026.*

**SK-117:027\_1** heimild um traðir

A 479721 N 555225

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að Álfgeirsvöllum að VSV. Í Byggðasögu Skagafjarðar III segir: “Skammt sunnan við bæinn var vað yfir ána og lá þar vegurinn yfir og upp með garðinum sunnan við bæinn og upp fyrir fjósið.” Minjasvæðið samanstendur af tröðum 027\_1 sem liggja í VSV frá bæ 001, tröðum 027\_2 sem liggja suður með kartöflugarðinum og yfir ána og vaði 027\_3 á ánni og hafa verið á svæði sem er 70 x 40 m að stærð. Traðir 1 lágu þvert yfir miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 en traðir 2 og vað 3 voru 60-70 m austan við miðlínuna.

Svæðið er grasi vaxið, smáþýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Minjarnar eru innan gamla heimatúnsins sem er ekki nýtt lengur.

Ekki eru til neinar upplýsingar um það hvort traðirnar voru hlaðnar eða götur en í dag (2020) sjást engin ummerki um þær á svæðinu. Hinsvegar gætu leifar traðanna enn leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917; BS III, 509

**SK-117:027\_2** heimild um traðir

A 479769 N 555222

Traðir 027\_2 eru ekki sýndar á túnakorti og gætu hafa verið dottnar úr notkun fyrir 1917 eða gerðar seinna. Þær lágu frá bæ til suðurs, meðfram kartöflugarði (032\_1) og yfir vað 027\_3. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:0273** heimild um vað

A 479777 N 555211

Vaðið lá yfir Álfgeirsvallaá, neðan og sunnan við bæ 001. Ekki sjást nein ummerki um vaðið lengur enda hefur áin breyst mikið frá því að bærinn stóð á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**SK-117:028** Heygarðstunga heimild um mógafir

A 479539 N 556105

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Norðarlega í flóanum, norður undir landamerkum voru (og eru) Skúlámór austast, þá Heygarðstunga (þar var mótekja).» Í örnefnaskrá egir einnig: «Utarlega á Heygarðstungu var svonefnt Móbyrgi og Mógrafir þar vestur af. Var mórinn þurrkaður þarna ú frá og settur saman.» Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir: «Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, brúkast ei.» Heygarðstunga er alveg við landamerkin við Kolgröf SF-116, tæpum 890 m norðan við bæ 001 og rúnum 810 m NNA við rafstöðvarhúsin 013. Jafnframt var hún rúnum 130 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið hefur allt verið ræktað undir tún.

Ekki sjást nein ummerki um mógrafir eða móbyrgi á þessum stað enda hefur svæðið verið ræst fram og ræktað upp.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 10, 15; JÁM IX, 112;


**SK-117:032\_1** gerði kartöflugarður

A 479769 N 555238

Í Byggðasögu Skagafjarðar III segir: «Smáspölur var frá hlaðinu niður á árbakkann þar sem var kartöflugarður austan í bakkanum við ána. Þar var einnig kartöflukofi í gilbarminum og mótar enn fyrir honum.» Kartöflugarðurinn er tæpum 14 m suðaustan við bæ 001, alveg við ána, rúnum 60 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu.



*Kartöflugarður SK-117:032\_1, horft til suðurs.*



*Uppmæling af minjum SK-117:032.*

Minjasvæðið er 12 x 7 m að stærð og samanstendur af kartöflugarði 032\_1, kartöflukofa 032\_2 og blómargarði 032\_3.

Grasi vaxin brekka niður af bæjarstæðinu, hallar til suðausturs. Rabbabari er nú innan garðsins.

Kartöflugarðurinn afmarkar 9,5 x 5 m stórt svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur sjást í norðvestur- og suðvesturhlíðum en kartöflukofi 2 byggður yfir norðausturhlíðina. Engin hleðsla er á suðausturhlíð. Veggir eru um 0,5-0,7 m á breidd og er 0,2-0,3 m á hæð og eru torfhlaðinir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 16

**SK-117:032\_2** tóft skemma

A 479773 N 555240

Kartöflukofi var 17 m suðaustan við bæ 001, alveg við ána, tæpum 75 austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu. Tóftin er innan kartöflugarðsins og byggður yfir norðausturhlíð hans. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr vestur-austur. Þakið er hálfhrúnið en hylur þó innanmál í suðurhluta tóftarinnar að hluta. Innra byrgði mældist 3.5 x 1.5 m að stærð en það nær líklega lengra til suðurs. Norðurhlíðin er grafin inn í brekku og hlaðinn veggur er að innanverðu. Þar sést í tvö umför af grjóti. Veggjahæð er 0.8 að innanverðu en 0.2-0.6 m að utanverðu. Veggir eru hæstir að austan þar sem gengið hefur verið inn í tóftina. Samkvæmt heimildamanni, Indriða Stefánssyni, var kartöflukofinn einnig notaður sem reykkofi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Kartöflukofi SK-117:032\_2, horft til ASA.*

SK-117:037\_1 Tungur tóftir beitarhús

A 478821 N 553731



Skýringar

Forleifar Úttektargögn  
Torflaðið Úttektarsvæði  
Kantur

0 25 50 75 100 m

Uppmæling af minjum SK-117:037



Tóft SK-117:037\_1, horft til austurs.

tóftinni endilangri eru þúfur sem gætu verið leifar garða. Veggir eru heldur ógreinilegir og ekki er hægt að greina op á þeim. Tóftin er grasi gróin og sést hvergi í veggjagrjót. Tóftin er nokkuð grænni á að líta og litlu greinilegri en sú vestari sem bendir til þess að hún sé e.t.v. yngri.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS III,511-512

SK-117:037\_2 tóft sel

A 478802 N 553734

Tóft 037\_2 er um 212 m VSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Um 10 m vestar en tóft 037\_1 er nánast hringlaga tóft, fremur óglögg. Er hún um 10 m í þvermál. Breidd veggja er 1 m og hæð þeirra 0,2 - 0,3 m. Greinilegastir eru veggirnir vestast í tóftinni. Veggur sem liggur í gegnum miðja tóftina skiptir henni í tvö hólf. Er hann 7 m langur og á upphaf austast í tóftinni. Veggurinn er um 7 m langur en beygir þá til suðurs að útvegg. Er þessi veggur mun greinilegri en útveggirnir, 1,5 m breiður og 0,4 m hár. Hugsanlegt er að hann sé síðari tíma viðbót. Ekki sést í grjót í veggjum. Hvergi sjást merki um op á þessari tóft en það gæti stafað af því hversu ógreinilegir útveggir eru.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda

SK-117:037\_3 garðlag vörslugarður

A 478834 N 553678

Garður 037\_3 umhverfis tóftirnar sást ekki á vettvangi vegna gróðurs en vel má sjá móta fyrir honum á loftmynd.

“Á svokölluðum Tungumóum eða Tunguhúsmóum, niður undan (Sel) Tungum, á að giska 300 metrum neðan við brekkufótinn, eru smáhólar tveir með skýrum mannvirkjaleifum. Þar eru tvær glöggar tóftir. Hin neðri er á dálitlum hól og gæti verið forn beitarhúsatóft. Önnur tóft vinkillaga er litlu utar og ofar, gæti verið af selkofum. Sunnan undir henni er önnur tóft sem kann að vera af kvíum. Þarna vottar fyrir vallargarði að austan og sunnan og af loftmynd má greina hann í óreglulega löguðum hring. [...] Að austan, við garðinn utanverðan, er réttartóft,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar III. Enn fremur segir: “Það er tilgáta að hér hafi á þjóðveldisöld verið fornbyli. Síðar hafi þarna verið byggt sel. Sterk vísbending um það er örnefnið Selás fyrir neðan og Seltungur fyrir ofan. Loks hafa þarna verið byggð beitarhús vegna hinnar góðu vetrarbeitar uppi í Tungunum,” Um 100 m norður af landamerkjagirðingu milli Álfgaersvalla og

Ytra-Vatns og mitt undan tveimur giljum, um 300 m austan við myndarlega á eru tvær tóftir 037\_1 og 037\_2 og garður 037\_3 umhverfis þær. Rétt 037\_4 fannst ekki í skráningu en annað garðlag 037\_5 er sunnan við garð 037\_3. Alls ná minjarnar yfir svæði sem er um 240 x 143 m að stærð og snýr NV-SA. Austasti hluti svæðisins er um 128 m VSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Minjarnar eru í þýfðu og víðlendu mólendi. Tóftirnar tvær eru á lágum hólum innan garðs 037\_3.

Tóft 037\_1 er um 190 m VSV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún er fremur ógreinileg og nær nánast yfir allan hólinn sem hún stendur á. Er hún um 11 x 5,5 m að stærð og snýr gróflega í austur-vestur. Breidd veggja er um 0,6 m og hæð þeirra aðeins um 0,1 m. Eftir



Uppmæling af tóftum SK-117:037\_1 og 2.



Tóft SK-117:037\_2, horft til vesturs.

Austasti hluti garðsins er um 165 m VSV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðurinn er alls um 130 x 105 m að stærð og snýr VSV-ANA. Skýrastur er garðurinn austantil á suðurhlið og virðist hann þar 2,5-3 m breiður. Óskýrastur er garðurinn til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SK-117:037\_4** heimild um rétt

A 478869 N 553733

Rétt, við garð 037\_3 utanverðan austantil, sem lýst er í Byggjasögu Skagfirðinga fannst ekki á vettvangi og ekki sjást skýr merki um minjar austan við garðinn á loftmynd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:037\_5** garðlag vörslugarður

A 478887 N 553605

Garður 037\_5 sást ekki á vettvangi vegna gróðurs en vel markar fyrir honum á loftmynd. Vesturendi garðsins er um 32 m suður af garði 037\_3 og austurendi garðsins er um 128 m VSV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðurinn er L-laga og liggur frá vesturenda um 132 m til ASA en sveigir þá til NNV og liggur áfram um 44 m. Breidd garðsins virðist víðast um 3-4 m. Líklega er þetta forn vörslugarður.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:040** heimild um brunn

A 479705 N 555239

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Rétt norðan við fjósið [009] var brunnur í Brunnhúsi og þar tekið vatn í fjósið.» Brunnurinn sést ekki lengur en var líklega staðsettur nokkrum metrum norðan við fjósið og rúnum 50 m vestan við bæ 001. Jafnframt var hann aðeins 5 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Viða sést mikið grjót í hólfinu.

Ekki sjást nein ummerki um brunninn á svæðinu og líklega var hann eyðilagður eða fyllt upp í hann. Því gætu leifar hans enn leynst undir yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15;

**SK-117:041** Gvendarkofi heimild um fjárhús

A 479706 N 555242

Í örnefnaskrá segir: «Gvendarkofi var norðan við fjósið [007]. Þar voru hýst lömb og hrútar. Blesakofi [042] var vestan við - og norðvestast af byggingum við fjósið.» Lýsingin á þessum húsum bendir til þess að bæði hafi þau staðið nálægt fjósinu, líklega á svipuðum stað en Gvendarkofi norðar og Blesakofi vestar. Brunnur 040 hefur þá líklega staðið á milli fjóssins og Gvendarkofa. Gvendarkofi er með öllu horfinn en hefur staðið rúnum 50 m vestan við bæ 001 og 5 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Viða sést mikið grjót í hólfinu.

Ekki sjást nein ummerki um Gvendarkofa og tóftunum líklega ýtt út og jöfnuð við jörðu á sama tíma og öðrum húsum á svæðinu. Þó gætu leynst leifar af húsunum undir yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15; BS III, 509

**SK-117:042** heimild um hesthús

A 479701 N 555243

Í örnefnaskrá segir: «Gvendarkofi var norðan við fjósið [007]. Þar voru hýst lömb og hrútar. Blesakofi [042] var

vestan við - og norðvestast af byggingum við fjósið." Lýsingin á þessum húsum bendir til þess að bæði hafi þau staðið nálægt fjósinu, líklega á svipuðum stað en Gvendarkofi norðar og Blesakofi vestar. Blesakofi er með öllu horfinn en hefur staðið tæpum 60 m vestan við bæ 001 og alveg við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Svæðið er grasi vaxið, smápýft og nýtt sem beitarhólf fyrir hesta. Víða sést mikið grjót í hólfinu. Ekki sjást nein ummerki um Blesakofa og tóftunum líklega ýtt út og jöfnuð við jörðu á sama tíma og öðrum húsum á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15;

**SK-117:043** heimild um myllu

A 479776 N 555189

Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Kornmylla var við ána, sunnan við gamla bæinn: Myllan var ekki notuð eftir að Jónas Björnsson kom á Álfgeirsvelli 1920, en heimildamaður, M.S., man eftir veggjaleifum þar.» Ekki er víst nákvæmlega hvar í ánni sunnan við gamla bæinn kornmyllan var en nokkur straumur og flúðir eru í ánni um 60 m sunnan við bæ 001 og tæpum 60 m austan við miðlínu úttektarsvæði Blöndulínu 2020.

Grasi grónir bakkar árinna og smávegis flúðir í ánni.

Ekki sjást nein ummerki um mylluna í ánni og hafa allar veggjaleifar horfið, þó ástæðan sé óþekkt. Frekar ólíklegt má teljast að einhverjar leifar reynist eftir undir sverði af myllunni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 15;

**SK-117:044** garðlag kálgarður

A 479764 N 555227



*Kálgarður SK-117:044, horft til austurs.*

Í Byggðasögu Skagafjarðar III segir: «Smáspölur var frá hlaðinu niður á árbakkann þar sem var kartöflugarður austan í bakkanum við ána. Þar var einnig kartöflukofi í gilbarminum og mótur enn fyrir honum. Annar garður var sunnan bæjarins.» Í örnefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Blómagarður var sunnan undir gamla bænum, ekki kartöflugarður.» Lágur garður, líklega af áðurnefndum blómagarði er rúmum 20 m sunnan við bæ 001 og tæpum 10 m suðvestan við kartöflugarð 032 1. Jafnframt var hann rúmum 60 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu.

Grasi vaxið svæði innan beitarhólfs, hallar til suðaustur niður að árbakkanum.

Blómagarðurinn sést mjög illa, aðeins sést lítið horn af hleðslu sem afmarkar svæði sem er 4x4 m að stærð. Þar sést smávegis grjót en einnig torfhleðsla, 0.1-0.2 m að hæð. Garðlagið er 1 m á breidd. Þetta eru líklega leifar

að áðurnefndum blómagarði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:047** varða óþekkt

A 478683 N 554176



*Varða SK-117:047, horft til norðvesturs.*

Varða er á hól um 450 m NNV af tóftum 037, um 65 m austur af Borgará og er hún um 136 m suðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Varðan er á melhól, hálfgrónum grasi og lyngi. Graslendi er til norðurs og vesturs en melur sunnan og austan við hólinn. Stórgrýtt er austantil á hólnum.

Varðan er að mestu hrunin, um 1,8 m í þvermál og 0,4 m á hæð, mest sjást 2-3 umför. Mikið af grjótinu er tiltölulega stórt, um 0,4 m í þvermál. Gras er aðeins farið að vaxa í vörðunni austantil. Grjótið er skófum vaxið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-117:048** varða óþekkt

A 478390 N 555073

Mjög hrunin varða er 900 m norðan við vörðu 047 og um 1,2 km vestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Varðan er um 15 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á grónum melhól. Umhverfis er fremur deiglent og grasríkt svæði. Sunnan við hólinn er gamall lækjafarvegur,

Varðan er 1 x 1 m að stærð og 0,2 m á hæð. Hún er hlaðin úr 8-12 steinum sem eru að hluta til byrjaðir að hverfa undir gróður. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er ekki við leið eða við landamerki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða SK-117:084, horft til austurs.

## SK-118 Yztavatn

1679: “Jón Jónsson selur Tómasi Bjarnasyni Syðstavatn, 20 hndr. að dýrleika, fyrir Ystavatn, 10 hndr. að dýrleika, og 28 hndr. í góðum og gildum peningum.” Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 213.

1713:” Ytstavatn og Midvatn, ein jörð að fornu, en þá fyrir manna minni sundurdeildir bæir, tún og engi.” Jarðardýrleiki á allri xxx [hndr.] og er Ytstavatn kallað þriðjýngur og tíundað x [hndr] fjórum tíundum.” JÁM IX, 113.

1839:” Yzta-Vatn, 15 hndr., ... .” SSS, 73.

1847: 15 hndr. Bændaeign. JJ, 259.

1713:” Túninu grandar vatnságangur.” JÁM IX, 114.


**SK-118:001** Yztavatn bæjarhóll bústaður

A 480355 N 553366

“Yzta-Vatns bærinn var norður af því [íbúðarhúsinu], norðar á sama ási, sunnan við hól og vestur frá núverandi fjárhúsum. Tóftunum var ýtt út,” segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn er merktur austarlega í túni jarðarinnar samkvæmt túnakorti frá 1918, um 120 m norðaustan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1956). Bæjarhóllinn er illgreinanlegur og ekki sér til tófta eða annarra mannvirkja á hólnum vegna þess að þeim var ýtt út eins og fyrr segir. Bæjarhóllinn er um 136 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Bærinn var neðarlega í gróinni brekku rétt vestan við útihús (ekki fornleif). Til suðurs er ræktað tún. Svæðið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarlok 2020.

Búið er að slétta út tóftirnar á hólnum eins og fyrr segir. Enn mótar þó óljóst fyrir bæjarhól. Gróflega má áætla að hólinn sé 30 x 15 m að stærð og snúi austur-vestur. Líklega hefur hann náð lengra til austurs en þar er uppistandandi útihús.



Allt heimatún Ytra-Vatns er innan áhrifasvæðis jarðstrengs A1.



Bæjarhóll SK-118:001, horft til norðurs.

Erfitt er að greina uppsafnaðar mannvistarleifar vegna rasks. Þar sem bæjarhóllinn er hvað greinilegastur er hann 0,3 m hár. Mörk hans eru sömuleiðis afar óskýr. Sennilega eru einhverjar mannvistaleifar undir sverði þótt þær hafi líklega raskast eitthvað vegna niðurrifs og sléttunar á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 1; Túnakort 1918

**SK-118:002** *Indriðahús* tóft útihús

A 480334 N 553404


Á túnakorti frá 1918 er útihús um 40 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 50 m SSA við útihús 004. “[Indriðahús] standa á sléttu uppi á ásnum, út og vestur frá nýrri fjárhúsunum og framan við þau er brött brekka,” segir í örnefnaskrá. “Tvö gömul torfhús standa á hólum út og upp frá fjárhúsunum. Þau taka um 100 fjár bæði og eru enn nothæf, heita Indriðahús,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar III. Enn sjást greinileg ummerki um útihús á þessum stað. Húsið er um 149 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Útihúsið er rétt ofan við gróna brekku. Graslendi er umhverfis húsið og til vesturs sést dauflega í akslóða sem liggur norður-suður.

Útihúsið stendur enn. Það er þó að falli komið. Þakið er víða mjög bogið og er við það að falla. Húsið er 17 x



*Útihús SK-118:002, horft til SSV.*



*Uppmæling af útihúsi SK-118:002.*

14 m að stærð og snýr austur-vestur. Húsið er hlaðið úr torfi, grjóti og með timburgrind. Veggir eru 2 m á hæð og það sjást 4-7 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Tóftin er þrískipt. Að austan eru tvö fjárhús (hólf A og B). Húsið er við það að hrynja og því treysti skrásetjari sér ekki inn í þau. Þó er greinilegt að steypur garði sé í sitthvorum fjárhúsunum. Gengið er inn í hólfin að austanverðu. Að baki er kró (hólf C). Hólfið er ekki undir þaki og eru veggir þar aðeins 0,4-0,5 m á hæð. Það er 11 x 2 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Ekki er hlaðinn veggur til norðurs.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Ytra-Vatn, 2; BS III, 502;

**SK-118:003** tóft útihús

A 480316 N 553434

Sigin og torfhlaðin tóft er um 70 m norðan við bæ 00 og rúmum 15 m suðvestan við útihús 004 samkvæmt



*Uppmæling af tóft SK-118:003.*



*Útihús SK-118:003, horft til austurs.*



túnakorti frá 1918. Tóftin er tæpum 155 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði fornleifarinnar (15 m) liggur hins vegar rétt svo inn á áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda; því var hún tekin með í þessa skrá.

Tóftin er við grasigrónna brekkubrún.

Tóftin ert tvískipt, og er 7 x 7 m að stærð. Hún er torfhláðin og eru veggir signir, 0,3 m á hæð. Ekki eru hlaðni veggir á vesturhlið tóftarinnar. Bæði hólfín eru 3 x 2 að innanmáli og snúa austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-118:004** tóft útihús


A 480302 N 553450

Útihús er um 80 m NNV við bæ 001 og rúmum 50 m norðvestan við útihús 002. Á þessum stað sést greinileg tóft sem er um 165 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði tóftarinnar (15 m) nær hins vegar inn á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda Blöndulínu og því er hún tekin með í fornleifaskrá. Tóftin er á grasigróinni bungu. Umhverfis er fremur graslent. Til vesturs er áveituskurður.

Tóftin er þrískipt, 10 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru 0,4 m á hæð og eru þeir torf- og grjóthlaðni. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Hólf A er suðaustast. Það er 5 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Gengið er inn sunnarlega á austurhlið tóftarinnar. Hólf B er 5 m norðan við hólf A. Það er jafnstórt en snýr



*Tóft SK-118:004, horft til suðurs.*



*Uppmæling af útihúsi SK-118:004.*

austur-vestur. Hólfid er opið til norðausturs. Hólf C er um 5 m suðvestan við hólf B. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið hólfins. Tóftin er á gróinni og náttúrulegri bungu sem er líklega að hluta til uppsafnaðar mannvistaleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-118:005** heimild um útihús

A 480383 N 553449

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 80 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 70 m ANA við útihús 003. Engin ummerki um útihús sjást lengur á þessum stað. Minjastaðurinn er um 92 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Í sléttuðu en óræktuði túni sem nýtt er til beitar.

Engin merki útihúss sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-118:006** þúst útihús

A 480329 N 553301

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 70 m sunnan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við heinmreið að núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar. Á þessum stað sést þúst sem er um 165 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði fornleifarinnar (15 m) skerst inn á áhrifasvæði framkvæmda og því er hún tekin með í fornleifaskrá.

Þústin er í sléttuðu túni, rétt norðan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar.



*Þúst SK-118:006, horft til norðurs.*

Þústin er 9 m í þvermáli. Hún er 0,6 m á hæð og eru ytri brúnir hennar mjög greinilegar. Líklega leynist nokkur mannvist þarna enn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-118:019** *Svarðarmelar* heimild um mógrafir A 480493 N 553547

“Rétt austan við þjóðveginn, austur undan fjárhúsunum eru Svarðarmelar eða Svarðarholt [...]. Nöfnin benda til að þar hafi verið þurrkaður mór,” segir í örnefnaskrá. Svarðarmelar eru rúmum 230 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 80 m norðan við leið SK-651:007. Svarðarmelar eru um 48 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Halfgróinn melur, rétt austan við Efríbyggðarveg. Til norðurs og vesturs er framræst votlendi.

Svarðarmelar eru halfgrónir mosa og lyngi. Viða glittir í bert grjót og sand. Líklega hefur torf verið tekið í mýrinni austan við Svarðarmela. Búið er að ræsa landið þar fram og engin merki mógrafa sjást þar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 3;

**SK-118:020** *Torfholt* heimild um ristu A 480432 N 553664

“Torfholt er norðan við Svarðarmelana og austan við veginn. Þar var altaf þurrkað torf,” segir í örnefnaskrá. Torfholt er rétt sunnan við Svartaflóa, um 310 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m norðan við leið 022. Holtið er tæpum 47 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Torfholt er lítt gróið holt. Umhverfið er framræst votlendi sem nýtt er til beitar.

Engin merki sjást lengur um mósukurð eða ristu á þessum slóðum. Líklega hefur torf verið tekið í Svartaflóa en þar er búið að framræsa mýrina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 3

**SK-118:021** þúst útihús A 480302 N 553438



Greinileg þúst er um 70 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 10 m sunnan við útihús 004. Þústin er tæpum 165 m vestan vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði þústarinnar (15 m) liggur hins vegar rétt svo innan áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Vegna þess er þústin tekin með í fornleifaskrá.

Dauflegur akslóði liggur rétt sunnan við þústina. Umhverfis er fremur slétt graslandi. Ber klöpp stendur upp úr grasinu rétt suðvestan við þústina.

Þústin er áberandi vegna mikillar grænku. Hún er 9 m í þvermál og rís 0,5 m hærra en umhverfið. Hún er með aflíðandi og grónar hlíðar. Líklega hefur útihús staðið á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

*Þúst SK-118:021, horft til vesturs.*

**SK-118:022** gata leið A 480517 N 553474



“Merkjagirðingin milli Ytra-Vatns og Reykjavalla liggur eftir miðjum Miðás. Þar er hlið, því götur milli bæjanna lágu yfir ásinn og þær sjást greinilega vestan við ásinn. Þær munu nú vera fáfarnar,” segir í örnefnaskrá. Leiðin er um 190 m ANA við bæ 001 og tæpum 50 m austan við Efríbyggðarveg 751. Leiðin er um 41 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Leiðin þræðir gróna ása og framræst votlendi.

Leiðin liggur nálega norðaustur-suðvestur og er greinileg á um 190 m löngum kafla. Hún sést sem 0,6 m djúp gata með moldarbotn. Gatan er 0,6 m breið, hún er breiðust að sunnan en mjókkar lítillga því norðar sem gengið er. Leiðin er að hluta greinilega enn farinn af hrossum.

*Leið SK-118:022, horft til suðausturs,*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 3

**SK-118:024** varða samgöngubót

A 480264 N 553618

“Brekkan beint út frá túninu, er austan í miklum ás, sem nær suður í tún og fyrir er nefndir. Hann er mjög grýttur þegar norður fyrir tún kemur, en gróinn milli steina og á honum er fornleg varða hjá stórgrýtinu,” segir í örnefnaskrá. Varðan er ofarlega á Götuási, um 260 m NNV við bæ 001 og rúmunum 5 m austan við leið 027. Varðan er um 124 m VSV við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á fremur gróðursnaudu svæði og eini gróðurinn á svæðinu er mosi. Til austurs og vesturs eru framræst votlendi.

Varðan er 2,5 m í þvermáli. Hún er 0,6 m á hæð og hlaðin um 20-30 stæðilegum steinum. Varðan er við leið 027 og hefur sennilega varðað hana.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 3;



*Varða SK-118:024, horft til SSA.*

**SK-118:028** mannvirki óþekkt

A 479227 N 553579

“Sjónarhóll er vestarlega norðan ár og hefur tvo kolla. Á hærri kollinum virðast vera leyfar af einhverju litlu mannvirki (grjótraðir),” segir í örnefnaskrá. Mannvirkið er um 1,2 km VNV við bæ 001 og rúmunum 740 m NNA við Rústir 030. Mannvirkið er rúmunum 90 m ANA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Mannvirkið er ofarlega á grónum hhól. Umhverfis er þýft deiglendi.

Mjög óljóst sést í 2-4 steina sem standa 0,2 m upp úr grasinu á svæði sem er 5 x 3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mögulega eru þetta seinstu leifar af vörðu sem staðið hefur á hólnum. Ekki er þó loku fyrir það skotið að þetta sé náttúrumyndum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 4;



*Mannvirki SK-118:028, horft til suðausturs.*

**SK-118:030** Rústir örnefni

A 479359 N 552834

“Rústir heitir stórpýfður grasmór nokkurn spöl fyrir sunnan og ofan Hóla. Þær eru norðan við landamæralínuna milli Ytra-Vatns og Syðra-Vatns og ná upp að Illukeldu. Í Rústunum eru djúpír og krappir skorningar milli þúfnanna og þar er vont reiðfæri,” segir í örnefnaskrá. Rústir eru um 800 m sunnan við Sjónarhól SK-118:028. Úttektarsvæði Blöndulínu liggur yfir Rústir.

Engin merki eru um tóftir á svæðinu sem er afar stórpýft og ógreiðfært yfirferðar. Fremur blautt er á svæðinu og vex þar mýrargróður í bland við graslendi. Mögulega er örnefnið til komið vegna náttúrulegra aðstæðna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 5;

**SK-118:040** tóft útihús

A 480294 N 553465

Tvískipt útihúsartóft er um 120 m norðvestan við bæ 001 og rúmunum 15 m norðvestan við útihús 004 samkvæmt túnakorti frá 1918.


Tóftin er á grasigróinni bungu. Til vesturs er framræst votlendi.

Tóftin er tvískipt, 6 x 5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Hólf A er nrýst. Það er 4,5 x 3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Gengið er inn í hól A fyrir miðri austurhlið þess. Hólf (B) er til suðurs en þau ummerki eru afar óljós. Þar sést 0,1-0,2 m hár veggur. Hólfíð er 2,5 x 2,5 m að stærð. Mögulega op til norðausturs, en það er óskýrt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Útihús SK-118:040, horft til suðvesturs.



Uppmæling af minjum SK-118:040.

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-118:041** garðlag túngarður

A 480431 N 553295

Á túnakorti frá 1918 er túngarður sýndur sem umlykur heimatún bæjarins. Aðeins sér til suðausturhluta túngarðsins. Hann er um 100 m suðaustan við bæ 001. Garðurinn er um 65 m vestan við miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Garðurinn liggur í gegnum sléttað tún

Garðurinn var ekki skráður við vettvangsvinnu 2020 en við yfirferð loftmynd sést hann skýrt á suðausturhlið gamla heimatúnsins. Garðurinn er um 40 m langur, liggur norðaustur-suðvestur og er um 1 m breiður. Hann er líklega mikið raskaður vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

SK-120 Syðstavatn

1411: "Hjálmur bóndi Marteinnsson og Ástríður Jörundardóttir kona hans kennast, að þau hafi selt Pétri Ormssyni Syðravatn." Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 214. ???

1679: "Ódagsett yfirlýsing sr. Ólafs Jónssonar um að Ingibjörg Tómasdóttir kona hans eigi Syðstavatn. ... Jón Jónsson selur Tómasi Bjarnasyni Syðstavatn, 20 hndr. að dýrleika, fyrir Ystavatn, 10 hndr. að dýrleika, og 28 hndr. í góðum og gildum peningum.» Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 213.


1681: "Kvittun fyrir 10 hndr. í Syðstavatni." Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 215.

1713: "Jarðardýrleiki xx[hdr.]... ." JÁM IX, 114.

1839: "Syðsta-Vatn, 20 hndr.,.... ." SSS, 73.

1847: 20 hndr. Bændaeign. JJ, 259.

"Engjunum spillir grjót og leir úr þverá lítilli." JÁM IX, 114.



Austurhluti heimatúns Syðstavatns er innan áhrifasvæðis jarðstrengs A1.

**SK-120:001** Syðstavatn bæjarhóll bústaður

A 480398 N 552952

“Bæjarhóll heitir hóllinn sem bærinn stendur á,” segir í örnefnaskrá. “Gamli bærinn var á sama stað og íbúðarhúsið er núna svo að þvottahúsið er þar sem skálinn var. Bærinn var byggður af Konráð Magnússyni nálægt aldamótum 1900,” segir í byggðasögu Skagafjarðar III. Síðar segir úr sömu bók: “Úr hlóðældhúsinu var gengið niður í kjallarann og einnig út í fjósið sem var áfast norðan við bæinn en norðan fjóssins var fjóshlaðan.” Gamli bærinn er merktur vestarlega inn á túnakort frá 1918, um 5 m vestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1954). Núverandi íbúðarhús er byggt á gamla bænum sem ljóslega hefur raskað bæjarhólnum. Engar leifar eldri bæjarhúsa sjást lengur staðnum. Gamla bæjarstæðið er um 110 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Bæjarhóll SK-120:001, horft til norðausturs.*

Bæjarhóllinn er ofarlega á grasigróinni klöpp. Umhverfis er sléttað tún. Núverandi heimreið að bænum liggur að norðan að íbúðarhúsinu.

Ekki er afgerandi bæjarhóll á gamla bæjarstæðinu og honum hefur augljóslega verið rutt út þegar núverandi íbúðarhús var byggt. Greina má mjög óskýra bæjarhólsmyndun, sem er 20 x 20 m að stærð og 0,1-0,3 m á hæð. Kjallari var í gamla bænum. Í Byggðasögu Skagafjarðar er máverk af gamla bænum. Þar sjás tvær burstir sem sneru mót suðri. Austurhluti bæjarins var torfhlaðinn með timburþiljum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðra-Vatn, 6; BS III, 496; Túnakort 1918

**SK-120:002** heimild um útihús

A 480371 N 552963

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 20 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m sunnan við myllu 027. Ekki sér lengur til fornleifa á þessum stað. Minjastaðurinn er um 148 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á þessum slóðum liggur malavegur upp á ungu útihúsi.

Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-120:007** garðlag túngarður

A 480450 N 552800

“Gamall vallargarður var umhverfis túnið og stendur hluti hans ennþá,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar III. Túngarðurinn sést einnig á túnakorti frá 1918 og umlykur hann allt heimatún bæjarins. Aðeins sér til túngarðs á suðurhluta núverandi túns, um 150 m sunnan við bæ 001 og rúmum 50 m vestan við Efríbyggðarveg 751. Garðurinn er um 50 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Garðurinn liggur um framræst votlendi í suðurjaðri gamla heimatúns jarðarinnar. Hann skilur að sléttað tún til norðurs og óræktað svæði til suðurs.

Túngarðurinn er torfhlaðinn og er um 100 m langur og 1-1,5 m breiður. Garðurinn liggur nálega austur-vestur. Hann er hæstur um 0,8 m til vesturs. Austurhluti garðsins er mikið rofinn og sums staðar aðeins 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS III, 496; Túnakort 1918



*Túngarður SK-120:007, horft til austurs.*

**SK-120:027** dæld mylla

A 480377 N 553026

“Vatnsmylla til að mala korn, var, samkvæmt heimild, á Syðra-Vatni,” segir í örnefnaskrá. “Vatnsmylla var á Syðra-Vatni í ánni beint út frá bænum. Sést ennþá hornvinkill af tóftum hennar en áin búin að brjóta helming þeirra í burtu. Heitir Myllumýri norðan við bæinn,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar III. Myllustæðið er um 70 m NNV við bæ 001 og rúmum 60 m norðan við útihús 002. Myllan er um 139 m vestan við miðlínu



úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Myllustæðið er við grasigróinn árbakka.

Aðeins sér til 2 x 2 m dældar sem eru seinustu ummerki um mylluna. Dældin er um 0,4 m djúp og með grasvaxinn botn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðra-Vatn, 5; BS III, 496

*Mylla SK-120:027, horft til suðurs.*

**SK-120:029** tóftir stekkur

A 479636 N 551997

“... en ekki stekkjarmótur upp undir fjalli,” “Stekkjarmótur er upp undir fjalli,” segir í örnefnaskrá. Svæðið þar sem heimildamaður telur líklegt að tóftir SK-120:029 og SK-120:032 séu innan, er afar þýft og er notað til hrossabeitar. Skurður er grafinn þar í gegn, frá norðri til suðurs. Vestan skurðarins er ekki eins þýft og austan við hann. Minjarnar eru 2 m utan við áhrifasvæði Blöndulínu 3, vestan þess. Minjarnar voru ekki mældar upp en á loftmynd má greina nokkrar tóftir vestan við skurðinn á svæði sem er 37x30 m að stærð og snýr NNV-SSA. Minjarnar eru á þurrum hól í framræstri mýri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðra-Vatn, 6-7;

SK-121 Brekkukot

1449: Skrá um kúgildi Hólastaðar. “Jtem brekkakoe vj kugyllde l. iij marker.” DI, V, 36.

1569: Reikningar Hólastóls. “Med Brekkukoti .c. med tiundum kug. .iii1/2.” DI, XV, 223.

1570: Kúgildareikningar Hólastóls. “Med Brekkukoti .iiii.” DI, XV, 457.

1713: “Brekukot. Partur úr Skíðastöðum ut supra. Dýrleikinn x [hdr.] ut supra.” JÁM IX, 115.

1839: “Brekukot, 10 hndr.,... .” SSS, 73.

1847: 10 hndr. Bændaeign. [“A.M. einn telur jörð þessa part úr Skíðastöðum... .” JJ, 260 neðanmáls]

1713: “Enginu grandar átroðningur af peningi nábúa, því landþröng er á allri jörðunni ofurleg, síðan ekki er menning til selfarar.” JÁM IX, 116.

**SK-121:027** Stekkjarstallur tóft stekkur

A 480088 N 551345

“Stekkjarmótur er stuttur grashjalli, er liggur norður - suður neðarlega í Brekkukotsfjalli (í fjallshlíðinni). Framan í honum er stekkjarmótur gamalt, sem enn sést vel fyrir (1935) og dregur stallurinn nafn af því,” segir í örnefnaskrá. Einnig segir þar: «Austanvert við hól, sem er neðan við Stekkjarstall og rétt norðan við Stekkjarlæk, eru mannvirkjaleyfar, og er þar greinilega um stekki eða þá litla rétt að ræða. Þar eru undirstöður veggja með nokkru grjóti í norður- og vesturvegg. Innrekstrargarður hefur verið suður frá vesturvegg að læknum.”

í



*Stekkur SK-121:027, horft til ANA.*



Skýringar

Fornleifar Úttektargögn

Terfhláðið Míðlina

0 2 4 6 8m

*Uppmæling af stekki SK-121:027.*

byggðasögu Skagafjarðar III eru þessar tvær lýsingar sameinaðar. Stekkurinn er um 290 m suðaustur af merkjaskurði Brekkurkots og Syðra-Vatns (SK-120) og er á miðju úttekarsvæði Blöndulínu 2020.

Stekkurinn er suðaustan undir grasi vöxnum hól sem á stendur varða 028. Smáþýft graslendi er umhverfis og rennur lækur til norðausturs um 13 m sunnan við stekkin.

Stekkurinn er um 12 x 8 m að stærð, snýr norður-suður og er op sjáanlegt á suðurhlið. Stekkurinn er grasi gróinn að mestu en grjót sést í veggjum á stöku stað. Austuveggur er rofinn á köflum og lægri en aðrir veggir, um 0,3 m, en hæð veggja er annars allt að 0,5 m. Út frá vesturvegg gengur um 14 m langur garður, mikið hlaupinn í þúfur, sem sveigist til SA.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot, 5-6; BS III, 492

**SK-121:028** varða samgöngubót

A 480061 N 551352

“Vörðubrot er uppi á hólnum skammt frá og ofan við rústirnar [SK-121:027],” segir í örnefnaskrá. Varðan er á hól sem stekkur 027 er suðaustan undir, um 227 m suðaustur af merkjaskurði Brekkurkots og Syðra-Vatns (SK-120) og um 23 m VSV af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á grasi vöxnum hól en grjót er á dreif um hólinn. Smáþýft graslendi er umhverfis og rennur lækur til norðausturs um 50 m suðaustan við vörðuna.

Varðan er um 1 m í þvermál, 0,30 m á hæð, 3 umför og er við það að hverfa í gras austan og norðan til en grjót sést að öðru leyti vel og er það mjög skófum vaxið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot, 6



Varða SK-121:028, horft til NNA.

**SK-121:029** þúst sel

A 480306 N 551244

“Sunnan og neðan við staðinn [SK-121:027?] og rétt við lækinn eru stórar þúfur, með nokkru rofi og þar er hugsanlegt að verið hafi einhverjur selkofar. Minjar þessar virðast vera talsvert fornar,” segir í örnefnaskrá. Í Byggðasögu Skagfirðinga segir. “Þessar umtöluðu tóftir eru nú afar óglöggar orðnar svo að sumar eru vart greinilegar en þær munu vera í móanum vestur og norðvestur af túninu. Þar er langur og djúpur framræsluskurður sem gerður var til þurrkunar vestan við túnið og liggur út og suður. Vestan hans, norðan við lítinn læk, svokallaðan Þverlæk, niður undir skurði er greinilegur garðstubbur og af því virðist smátóft sem kann að vera leifar af hinu eldra seli.” Á þessum stað sést þúst. Hún er um 270 m suðaustan við vörðu 033 og um 290 m vestan við bæ 001. Þústin er um 160 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði fornleifa (15 m) liggur hins vegar inn á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og því er staðurinn tekin með í fornleifasskrá.

Svæðið er á kafi í grasi, í fjallsrótum Vatnsfjalls. Til austurs er voldugur framræsluskurður.

Þústin rís 0,4 m hærra en umhverfið og sker sig út vegna grænku. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er með skýrar ytri brúnir. Mögulega er þarna nokkur mannvist undir sverði. Rétt norðvestan og austan við þústina eru ummerki um mannvist. Þar eru tvær 0,2 m háar þústir. Þústin til norðvesturs er ívið stærri, 7 x 5 m að stærð og snýr norður-suður en eystri þústin er 4,5 m í þvermál. Báðar þessar þústir eru svo óljósar að þær eru frekar skráðar undir þessu númeri en undir sér númeri

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot, 6; BS III, 493



Þúst SK-121:029, horft til vesturs.

“Álfgeirr hét maðr, er nam um Álfgeirsvöllu ok upp til Mælifellsár ok þjó á Álfgeirsvöllum. Þorviðr hét maðr, sá er land nam upp frá Mælifellsá til Giljár” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 230.

1391:” ... At benedict bryniolfsson keypti at jvari nikolaassyni irod nautabu j tungusveit medr handabandi til fullrar eignar medr þeim vmmerkium at mælifellzaa rædr firir sunnan ok sa grandi sem geingr firir sunnan beitines er aion hefir geingit at fornu.” DI III, 457.

1467:” Eg Oddr Asmundsson lögmann firir sunnan og austan á Jslandi geri godum [mönnum) kunnigt med þessu minu opnu brefi ad eg hefi bygt Eyiolfi Andressyni jordina halfa Mælifellsá j Skagafirdi til næstu fardaga... .” DI V, 481.

1473:” Jarðarsala. “enn nautabw ætte hier j moti vpp j mælifellzäär jord tueggia manada rekstur ok beit bædi dægur ää sumar aullu bwfie edur selfor ef þat uill hellldr fram j mælifellzäär jord suo leingi sem adr seiger... .” DI V, 707.

1527:”... skipttist ingibiorgu Grijmzdóttur j sinn partt af greindum arfe þessar jarder. Gil og mælifellzä j Skagafirde. ... “ DI IX, 429; “ ... skiptist Jingibiorgu Grijmsdottur j sinn part af greindum arfe þessar iarder Gil og mælifellsä j Skagafirde. ... .” DI IX, 431.

1531:”Suo felldan vitnesburd ber ec helge niculason at ec var uppvaxtarmadur a mælefellza þa sæmundur biorgolfson bio a reykivm j tungusvucit... .” DI IX, 573; “... Ok biuggu þa eignarmenn a mælefellzaa ok eignudu sier alldre pk einge annar þenna reit nema Reykiamenn.... .” DI IX, 596.

1568:” ... Enn þo sagdizt hann vilia ad ad nyü stadfesta so þad skillde æfenlig eign Reykia vera þad frekazt hann mætti med logum giora og fieck tittnefndum Gottskalk med handsolum optnefndan reit til fullkomligrar eignar vndan sier og sinum erfingium enn vnder Gottskalk og hans erfingia Reykia vegna enn vndann Mælifellsar ef hun mætti þetta land med riettu eiga. var margnefndur Magnus riettur eignarmadur halfrar Mælifellsar j þann tima.” DI XV, 136.

1572: “Einnig selur sr. Jón Brandsson Jóni Jónssyni hálfa Mælifellsá, 20 hndr., fyrir 12 málnytukúgildi og 10 hndr. í fríðum peningum og ófríðum.” Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 205.

1713:”Ytre Mælefellsá og Sydre Mælefellsá eru að fornu ein jörð báðar saman. ... En fyrir manna minni er jörðunni í helmínga sundur skift að húsum, túnnum og engjum, og því Ytre Mælefellsá talin og tíunduð xx [hdr.]” JÁM IX, 116.

1847: 20 hdr. Bændaeign. JJ, 260.

Mælifellsá var upphaflega ein jörð og voru bæjarstæði Ytri-Mælifellsár og Syðri-Mælifellsár hlið við hlið í sama túni. Fjallað er ítarlega um skiptingu jarðarinnar og nafngiftir á jarðarhlutum í Byggðasögu Skagafjarðar III (479): “Upphaflega var Mælifellsá ein jörð og óskipt út að merkjum Brekkukots sem var hjáleiga Skíðastaða, 40 hundruð að dýrleika. Síðar var jörðinni skipt í tvíbýlisjörð, líklega á 15. öld. [...] Árið 1713 er þess getið að henni hafi þá verið skipt til helmínga fyrir minni þeirra manna sem þá lifðu, í Ytri- og Syðri-Mælifellsá. [...] Og í lögfestu frá 1796 eru landamerki tilgreind eins og um eina jörð sé að ræða. Trúlega hefur hún aldrei verið skipt nema að túni og engjum. Þessi skipting hélst fram um 1860. Það ár fluttu þangað frá Víðimýri Einar Hannesson og Sigurlaug Eyjólfsdóttir, keyptu báðar jarðirnar og sameinuðu í eina, Mælifellsá, enda aðeins bæjarlækurinn sem skildi að túnin og bæina tvo og trúlega hefur hann skipt löndum. Áfyrri hluta 20. aldar skiptist jörðin aftur á tímum Sveins Gunnarssonar sem átti hana en hætti að búa 1909 og börn hans ýmis tóku við næstu árin. Árið 1922 keypti Árni Sveinsson af móður sinni landspildu norðan af Mælifellsárlandi og var þar þá byggt nýbýlið Mælishóll á gömlum beitarhúsatóftum frá Mælifellsá. Árið 1928 fékk þetta býli útmæld og þinglýst landamerki og þar með norðurhluta Mælifellsárlands upp í fjallskriður. Um eða eftir 1930 var nafninu breytt í Ytri-Mælifellsá en eftir sem áður oftast kallað Hóllinn. Ytri-Mælifellsá nútímans er samt ekki nema hluti af sama landi og tilheyrði Ytri-Mælifellsá hinni fyrri. Árið 1963 varbæjarstæði Ytri-Mælifellsár (Mælishóls) flutt rúma 300 m ofaneftr og eftir þar heitir bærinn alfarið Ytri-Mælifellsá. Þá var aftur farið að tala um Syðri-Mælifellsá. Henni var formlega skipt að túni og ræktunarlandi 11. júní 1959 í Syðri-Mælifellsá I og Syðri-Mælifellsá II. Um 1980 gerðu eigendurnir Sveinn Jóhannsson á Varmalæk og Margeir Björnsson á Syðri-MælifellsáII með sér skipti á öllu landinu enþeim var ekki þinglýst fyrr en 23. október 1995 þannig að syrði hlutinn varð Syðri-Mælifellsá II, eign Margeirs, en ytri hlutinn, Syðri-Mælifellsá I, hluti Björns Sveinssonar á Varmalæk. Loks var útgefið leyfi Örnefnanefndar hinn 7. febrúar 2002 til nafnbreytingar á eignarhluta Margeirs Björnssonar og heitir Syðri-Mælifellsá II síðan Mælifellsá en Syðri-Mælifellsá I er skráð sem sérstök jörð.”

Sökum þess að lögbýlin Ytri- og Syðri-Mælifellsá áttu óskipt land fram á 20. öld er ekki augljóst hvernig skipta eigi minjaskráningunni á milli þeirra. Farin verður sú leið að fylgja landamerkjum á milli syðri hluta jarðarinnar (Mælifellsá og Syðri-Mælifellsá I) og ytri hluta jarðarinnar þar sem býlið Mælishóll byggðist upp snemma á 20. öld og heitir nú (frá 1930) Ytri-Mælifellsá. Bæjarstæði Ytri-Mælifellsár er þá skráð með ytri hluta jarðarinnar þó að það sjálf sé innan syðri hluta jarðarinnar.

1713:”Torfrista engin nema í enginu og eyðir það því.” JÁM IX, 117.



**SK-122:001** *Mælifellsá ytri* bæjarhóll bústaður

A 481857 N 550213

“Gamli bærinn var rétt vestan við, þar sem ytra íbúðarhúsið er nú,- en það stendur í rauninni á hlaði gamla bæjarins,” segir í örnefnaskrá. Bæjarstæði lögbýlanna Ytri-Mælifellsár SK-122 og Syðri-Mælifellsár voru á sama staðnum, norðan við miðju gamla heimatúnsins. Ytri- og Syðri-Mælifellsár og er því ekki ljóst hvaða túnhluti tilheyrði hvorri jörð á sínum tíma. Til hægðarauka eru því allar þekktar minjar innan þess skráðar undir Syðri-Mælifellsá. Á 20. öld var jörðinni skipt upp í þrjá jarðarparta, heitir ysti parturinn Ytri-Mælifellsá, miðparturinn Syðri-Mælifellsá I og syðsti parturinn Mælifellsá. Heimatúnið er innan síðastnefnda jarðarpartsins. Núverandi íbúðarhús á Mælifellsá var byggt árið 1969. Kirkjuhóll 002 er svo að segja samtengdur bæjarhólnum að sunnanverðu en áður fyrir rann bæjarlækurinn á milli hólanna. Á Kirkjuhóli stendur hús sem byggt var árið 1938. Bæjarhóllinn er 145-150 m frá miðlínu úttekarsvæðis vegna Blöndulínu 2020 og því að litlu leyti innan úttekarsvæðisins. Hins vegar lendir friðhelgað svæði í kringum bæjarhóllinn innan úttekarsvæðisins.



*Bæjarhóll Mælifellsár ytri SK-122:001 og Mælifellsár syðri, SK-123:001, horft til suðausturs.*

Túnið í kringum bæjarhóllinn er sléttað en nokkuð mishæðótt, einkum í vesturhlutanum. Túnið hækkar til vesturs og suðurs en austurhlutinn er jafnlandari og lækkar til austurs. Bæjarhóllinn er á lágum hæðarhrygg og er Kirkjuhóll syðst á honum.

Bæjarhóllinn er um 50x35 m stór og snýr norður-suður. Hann er hæstur og best afmarkaður að vestanverðu þar sem hann er 1,5 m hár. Byggingaleifum og jarðvegi á bæjarhólnum var ýtt undir grunn núverandi íbúðarhúss sem er á austurjaðri bæjarhólsins. Að sögn Margeirs Björnssonar, heimildamanns, varð ekki vart við hleðsluleifar, ösku eða bein (dýra- eða manna-) við byggingu hússins. Í húsavirðingu frá 1901 sem birt er í örnefnaskrá jarðarinnar eftir Rósmund Ingvarsson eru bæjarhúsin talin upp: “Baðstofa, Búr, Eldhús, Göng, Bæjardyr með lofti, Skáli með lofti, Stofa með lofti, Skemma með lofti. Síðan segir: Bæjarhús þessi eru öll áföst, traustlega byggð og vel við haldið.”

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-122:009** *Stekkjjarhóll* tóft stekkur


A 480778 N 549915

“Stekkjjarhóll heitir allhár hóll upp undir fjallsrótum, suður undir merkjagirðingu. Uppi á kalli hans er gamall tóft, ferhyrnd og heldur ógreinileg að veggjum. Hún líkist í fáu stekkjartóft, fremur litlum beitarhúsum. E.t.v. hafa þarna verið byggð beitarhús í gamalli stekkjartóft á Stekkjarhólnum,” segir í Byggðasögu Skagafjarðar. Stekkurinn er um 430 m sunnan við vörðu 016 og 1,3 km VSV við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Stekkur er um 73 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Stekkurinn er á vel grónum hól og umhverfis hann er smáþýfð mýri en hún hefur verið ræst að hluta. Sunnan við hólinn er melholt.



*Stekkur SK-122:009, horft til norðurs.*



*Uppmæling af stekki SK-122:009.*

Tóftin er orðin mjög óskýr en norðaustur horn hennar er þó allskýrt og þar hefur grjóti verið safnað saman, e.t.v. úr veggjum. Hún er um 7 x 6 m ANA-VSV og líklega op á henni til austurs en það er óljóst. Tóftin hefur líklega verið grjót- og torfhláðin og sést á stöku stað í grjót í veggjum en þó langmest í áður nefndu norðausturhorni. Jarðfast grjót hefur einnig verið notað, sér í lagi í vestur-gafl. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS III, 488

**SK-122:011** heimild um þvottalaug

A 481758 N 550666

“Hin gamla Mælifellsárlaus var upp hlaðin og forðum notuð til þvotta frá Mælifellsá. Síðast var hún 1,5x2 m að stærð og meira en metradjúp. Þegar landi var skipt út til Ytri-Mælifellsár [1928] varð laugin syðst í landi hennar, um það bil 20 metrum sunnan við vegg íbúðarhússins,” segir í byggðasögu Skagafjarðar III. Að sögn heimildamanns var borað fyrir heitu vatni fyrir nokkrum áratugum þar sem laugin var en þá voru ekki sýnileg mannvirki á staðnum, aðeins drullupollur. Ekki fékkst nægilega heitt vatn úr borholunni en þar er enn krani sem vatn rennur úr. Laugin var 460 m norðan við bæjarstæði Ytri- og Syðri-Mælifellsár (SK-122:001/SK-123:001\_1) og 27 m ANA við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Laugin var þar sem nú (2020) er húsagarður sunnan við íbúðarhús á Ytri-Mælifellsá. Þar er slétt grasflöt sunnan við gróðurhús.

Engin ummerki sjást um laugina og óvíst að nokkuð heillegt sé eftir af henni undir sverði eftir gerð borholunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** BS III, 488;

**SK-122:016** Stórhólsvarða varða

A 480601 N 550304

“Beint norður af Stekkjarhól [SK-122:009] er Stórhóll, hár hóll eða melur. Á honum er varða, Stórhólsvarða,” segir í örnefnaskrá. Varðan er um 430 m norðan við stekk 009 og rúmum 1,2 km vestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Varðan er um 56 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Stórhólsvarða SK:122:016, horft til norðurs.*

Í brekkunni vestan Stórhóls eru blaut mýrardrög en skurður er meðfram hólnum að vestanverðu og eftir öllu landi Ytri-Mælfellsár frá norðri til suðurs. Austan hólsins eru smápýfðar mýrar sem búið er að ræsa fram og eru orðnar allþurrar. Hóllinn er grýttur og gróðurlítill.

Varðan er hlaðin austan í og ofan á stóran jarðfastan stein úr meðalstóru og góðu hleðslugrjóti, flötu og þunnu. Það er vel skófum vaxið. Varðan er um 1 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hún er kringlótt að lögun og mjókkar lítið upp, er flöt að ofan. Hrunið hefur úr vörðunni en hún stendur enn vel. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er hvorki við landamerki né við þekktar leiðir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytri-Mælifellsá, 5

**SK-122:022** renna landamerki

A 481829 N 550665



*Renna SK-122:022, horft til vesturs.*

“Þar sem merkin milli Ytri- og Syðri-Mælifellsár liggja suður, var Vörsluskurður sá er nefndur er í afsalsbréfi frá 1922,” segir í örnefnaskrá. Við merkjagirðingu sést móta fyrir samansignum skurði neðan og austan Efribyggðarvegar. Landamerkjaskurðurinn er 30 m sunnan við íbúðarhús byggt 1965 og 32 m frá miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ræktað tún er sunnan við merkin í landi Syðri-Mælifellsár I en norðan við merkin er gamalt tún komið í órækt í landi Ytri-Mælifellsár. Vatn úr borholu sem gerð var í gömlu þvottalauginni 011 rennur í þennan gamla skurð.

Skurðurinn er allur siginn saman og er sést varla. Hann er þó greinanlegur á 68 m löngum kafla þar sem hann liggur austur-vestur. Skurðurinn er 0,1-0,2, m djúpur og innan við 1 m á breidd. Ofan og vestan Efribyggðarvegar er

vélgrafinn skurður á merkjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytri-Mælifellsá, 7;

**SK-122:023** náma mógrafir

A 481538 N 550741

Ummerki um móskurð eru austanvert í lágu holti á milli túna ofan og vestan Efríbyggðarveggar. Grafirnar eru 160 m norðaustan við nýbýlið Mælishól 002 og líklegt að þær hafi verið notaðar af ábúendum þar en kunna þó að vera eldri. Lítil tvískipt tóft 024 er 8 m vestan við mógrafirnar og líklegt að þar hafi verið mókofi. Mógrafirnar eru 76 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Mógrafirnar eru á grösugu og þýfðu svæði á mörkum holti og mýrar þar sem nú eru ræktuð tún. Vélgrafnir og alldjúpir skurðir eru austan og sunnan við mógrafirnar.



Mógrafir SK-122:023, horft til norðurs.

Ummerki um móskurð sjást á svæði sem er 90x10 m stórt og snýr norður-suður. eru mógrafirnar fremur ógreinlegar og sést aðeins brún þar sem grafið hefur verið næst holti, vestast á svæðinu. Skýrust eru ummerkin syðst þar sem grafið eru allt að 1,2 m djúpar en verða ógreinilegt eftir því sem lengra dregur til norðurs. Svæðið er þurr, þýft og innan þess og í kringum það er mjög mikill og hár grasvöxtur (ágúst 2020). Ekki er ósennilegt að mógrafirnar nái lengra til norðurs eða vesturs, upp í hallann en ummerkin sjást þá ekki skýrt vegna gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-122:024** tóft óþekkt


A 481514 N 550781

Tvískipt lítil tóft er fast ofan og vestan við mógrafir 023 og 185 m norðvestan við nýbýlið Mælishól 002, miðhlíðis á ílöngu holti á milli túna. Staðsetning tóftarinnar gæti bent til þess að þarna hafi verið mókofi eða móstæði en hlutverk hennar er ekki þekkt. Tóftin virðist ekki gömul en aldur hennar er ekki þekktur. Hún er 100 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Holtið sem tóftin er á er grösugt og þýft, sér í lagi suðurendi þess. Nyrst á því er skógræktarreitir.



Tóft SK-122:024, horft til SSA.



Uppmæling af stekk SK-122:024.

Torfhlaðin tóftin er grafin inn í aflíðandi halla til vesturs. Hún er 6x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Lágur veggjahleðslur eru ofan á brúnum niðurgrastarins á vesturhlið og lágir veggir eru á öðrum hliðum tóftarinnar. Op er á báðum hólfulum á austur-langhlið, við millivegg sem skilur á milli hólfa. Syðra hólfið er 2,5x2,5 m að innanmáli og nyrðra hólfið er 3,5x2 m að innanmáli, snýr þvert á legu tóftar. Þar sem veggjahleðslur eru veglegastar og standa best eru þær 0,3-0,4 m á hæð og 0,5-0,6 m á hæð. Lítilsháttar rof er í innra byrði vesturveggjar í syðra hólfi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SK-122:025, horft til norðurs.

Grasi vaxin þúst er nyrst á gróinni hæð milli túna, ofan og vestan við Efríbyggðarveg. Þústin er 340 m norðvestan við mógrafir 023 og 410m norðan við nýbýlið Mælishól 002. Óvíst er að um fornleif sé að ræða og kemur sterklega til greina að þarna hafi grjóti verið safnað saman við túnræktun. Ekki sést þó grjót í þústinni en það finnst fyrir því undir sverði. Þústin er 87 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Þýft og grösugt er á þústinni og norðan við hana. Sunnan við þúst er lægri gróður á hæðinni og er þar slétt. Talsvert af grjóti eftir túnrækt er hér í kringum þústina en það er fremur smátt.

Þústin er 6x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er 0,3-0,4 m á hæð, fremur flöt að ofan.

**Hættumat:** stórhætta

## SK-123 Mælifellá syðri

“Álfgeirr hét maðr, er nam um Álfgeirsvöllu ok upp til Mælifellsár okj bjó á Álfgeirsvöllum. Þorviðr hét maðr, sá er land nam upp frá Mælifellsá til Giljár” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 230.

1391:” ... At benedict bryniolfsson keypti at jvari nikolaassyni irod nautabu j tungusveit medr handabandi til fullrar eignar medr þeim vmmerkium at mælifellzaa rædr firir sunnan ok sa grandi sem geingr firir sunnan beitines er aion hefir geingit at fornu.” DI III, 457.

1467:” Eg Oddr Asmundsson lögmann firir sunnan og austan á Jslandi geri godum [mönnnum) kunnigt med þessu minu opnu brefi ad eg hefi bygt Eyiolfi Andressyni jordina halfa Mælifellsá j Skagafirdi til næstu fardaga... .” DI V, 481.

1527:”... skipttist ingibiorgu Grijmzdóttur j sinn partt af greindum arfe þessar jarder. Gil og mælifellzä j Skagafirde. ... “ DI IX, 429; “ ... skiptist Jingibiorgu Grijmsdottur j sinn part af greindum arfe þessar iarder Gil og mælifellsä j Skagafirde. ... .” DI IX, 431.

1531:”Suo felldan vitnesburd ber ec helge niculason at ec var uppvaxtarmadur a mælefellza þa sæmundur biorgolfson bio a reykivm j tungusvueit... .” DI IX, 573; “... Ok biuggu þa eignarmenn a mælefellzaa ok eignudu sier alldre pk einge annar þenna reit nema Reykiamenn.... .” DI IX, 596.


1568:” ... Enn þo sagdizt hann vilia ad ad nyü stadfesta so þad skillde æfenlig eign Reykia vera þad frekazt hann mætti med logum giora og fieck tittnefndum Gottskalk med handsolum optnefndan reit til fullkomligrar eignar vndan sier og sinum erfingium enn vnder Gottskalk og hans erfingia Reykia vegna enn vndann Mælifellsar ef hun mætti þetta land med riettu eiga. var margnefndur Magnus riettur eignarmadur halfrar Mælifellsar j þann tima.” DI XV, 136.

1572: “Einnig selur sr. Jón Brandsson Jóni Jónssyni hálfa Mælifellsá, 20 hndr., fyrir 12 málnytukúgildi og 10 hndr. Í fríðum peningum og ófríðum.” Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 205.

1713:”Ytre Mælefellsá og Sydre Mælefellsá eru að fornu ein jörð báðar saman.... .” JÁM IX, 116; “Sydre Mælefellsá. Annar helmíngur jarðarinnar. ... Dýrleikinn xx [hdr.]” JÁM IX, 117.

1847: 20 hndr. JJ, 260.

Mælifellsá var upphaflega ein jörð og voru bæjarstæði Ytri-Mælifellsár og Syðri-Mælifellsár hlið við hlið í sama túni. Fjallað er ítarlega um skiptingu jarðarinnar og nafngiftir á jarðarhlutum í Byggðasögu Skagafjarðar III (479): “Upphaflega var Mælifellsá ein jörð og óskipt út að merkjum Brekkukots sem var hjáleiga Skíðastaða, 40 hundruð að dýrleika. Síðar var jörðinni skipt í tvíbýlisjörð, líklega á 15. öld. [...] Árið 1713 er þess getið að henni hafi þá verið skipt til helminga fyrir minni þeirra manna sem þá lifðu, í Ytri- og Syðri-Mælifellsá. [...] Og í lögfestu frá 1796 eru landamerki tilgreind eins og um eina jörð sé að ræða. Trúlega hefur hún aldrei verið skipt nema að túni og engjum. Þessi skipting hélst fram um 1860. Það ár fluttu þangað frá Víðimýri Einar Hannesson og Sigurlaug Eyjólfsdóttir, keyptu báðar jarðirnar og sameinuðu í eina, Mælifellsá, enda aðeins bæjarlækurinn sem skildi að túnin og bæina tvo og trúlega hefur hann skipt löndum. Áfyrri hluta 20. aldar skiptist jörðin aftur á tímum Sveins Gunnarssonar sem átti hana en hætti að búa 1909 og börn hans ýmis tóku við næstu árin. Árið 1922 keypti Árni Sveinsson af móður sinni landspildu norðan af Mælifellsárlandi og var þar þá byggt nýbýlið Mælishóll á gömlum beitarhúsatóftum frá Mælifellsá. Árið 1928 fékk þetta býli útmæld og þinglýst landamerki og þar með norðurhluta Mælifellsárlands upp í fjallskriður. Um eða eftir 1930 var nafninu breytt í Ytri-Mælifellsá en eftir sem áður oftast kallað Hóllinn. Ytri-Mælifellsá nútímans er samt ekki nema hluti af sama landi og tilheyrði



Nyrsti hluti heimatúns Mælifellsár syðri er innan áhrifasvæðis jarðstrengs A1.

Ytri-Mælifellsá hinni fyrri. Árið 1963 varbæjarstæði Ytri-Mælifellsár (Mælishóls) flutt rúma 300 m ofaneftr og eftir þar heitir bærinn alfarið Ytri-Mælifellsá. Þá var aftur farið að tala um Syðri-Mælifellsá. Henni var formlega skipt að túni og ræktunarlandi 11. júní 1959 í Syðri-Mælifellsá I og Syðri-Mælifellsá II. Um 1980 gerðu eigendurnir Sveinn Jóhannsson á Varmalæk og Margeir Björnsson á Syðri-Mælifellsá II með sér skipti á öllu landinu en þeim var ekki þinglýst fyrr en 23. október 1995 þannig að syðri hlutinn varð Syðri-Mælifellsá II, eign Margeirs, en ytri hlutinn, Syðri-Mælifellsá I, hluti Björns Sveinssonar á Varmalæk. Loks var

útgefið leyfi Örnefnanefndar hinn 7. febrúar 2002 til nafnbreytingar á eignarhluta Margeirs Björnssonar og heitir Syðri-Mælifellsá II síðan Mælifellsá en Syðri-Mælifellsá I er skráð sem sérstök jörð.”

Sökum þess að lögbýlin Ytri- og Syðri-Mælifellsá áttu óskipt land fram á 20. öld er ekki augljóst hvernig skipta eigi minjaskráningunni á milli þeirra. Farin verður sú leið að fylgja landamerkjum á milli syðri hluta jarðarinnar (Mælifellsá og Syðri-Mælifellsá I) og ytri hluta jarðarinnar þar sem býlið Mælishóll byggðist upp snemma á 20. öld og heitir nú (frá 1930) Ytri-Mælifellsá. Bæjarstæði Ytri-Mælifellsár er þá skráð með ytri hluta jarðarinnar þó að það sjálft sé innan syðri hluta jarðarinnar.

1713:” Sameiginlegt er báðum jörðunum: Mánaðarþing á vetur og mánaðarþing á sumur eiga þessar tvær Mælifellsár í Nautabúsland eður engjatak, ef þeir heldur vilja.” JÁM IX, 117.

**SK-123:001\_1** *Mælifellsá syðri* bæjarhóll bústaður A 481859 N 550206

“Gamli bærinn var rétt vestan við, þar sem ytra íbúðarhúsið er nú,- en það stendur í rauninni á hlaði gamla bæjarins,” segir í örnefnaskrá. Bæjarstæði lögbýlanna Ytri-Mælifellsár SK-122 og Syðri-Mælifellsár voru á sama staðnum, norðan við miðju gamla heimatúnsins. Fyrir 20. öld hafði jörðinni ekki verið skipt á milli Ytri- og Syðri-Mælifellsár og er því ekki ljóst hvaða túnhluti tilheyrði hvorri jörð á sínum tíma. Til hægðarauka eru því allar þekktar minjar innan þess skráðar undir Syðri-Mælifellsá. Á 20. öld var jörðinni skipt upp í þrjá jarðarparta, heitir ysti parturinn Ytri-Mælifellsá, miðparturinn Syðri-Mælifellsá I og syðsti parturinn Mælifellsá. Heimatúnið er innan síðastnefnda jarðarpartans. Núverandi íbúðarhús á Mælifellsá var byggt árið 1969. Kirkjuhóll 002 er svo að segja samtengdur bæjarhólum að sunnanverðu en áður fyrr rann bæjarlækurinn á milli hólanna. Á Kirkjuhóli stendur hús sem byggt var árið 1938. Bæjarhóllinn er 145-150 m suðvestan við miðlinu úttektarsvæðis vegna Blöndulínu 2020 og því að litlu leyti innan úttektarsvæðisins. Hins vegar lendir friðhelgað svæði í kringum bæjarhóllinn innan þess. Heimildir geta um fjós á bæjarhólum og er það skráð sérstaklega sem eining 001\_2.

Túnið í kringum bæjarhóllinn er sléttað en nokkuð mishæðótt, einkum í vesturhlutanum. Túnið hækkar til



*Bæjarhóll Mælifellsár ytri SK-122:001 og Mælifellsár syðri, SK-123:001, horft til suðausturs.*

vesturs og suðurs en austurhlutinn er jafnlendari og lækkar til austurs. Bæjarhóllinn er á lágum hæðarhrygg og er Kirkjuhóll syðst á honum.

Bæjarhóllinn er um 50x35 m stór og snýr norður-suður. Hann er hæstur og best afmarkaður að vestanverðu þar sem hann er 1,5 m hár. Byggingaleifum og jarðvegi á bæjarhólnum var ýtt undir grunn núverandi íbúðarhúss sem er á austurjaðri hólans. Að sögn Margeirs Björnssonar, heimildamanns, varð ekki vart við hleðsluleifar, ösku eða bein (dýra- eða manna-) við byggingu hússins. Í húsavirðingu frá 1901 sem vísað er til í örnefnaskrá jarðarinnar eftir Rósmund Ingvarsson eru bæjarhúsin talin upp: “Baðstofa, Búr, Eldhús, Göng, Bæjardyr með lofti, Skáli með lofti, Stofa með lofti, Skemma með lofti. Síðan segir: Bæjarhús þessi eru öll áföst, traustlega byggð og vel við haldið.”

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 12; Túnakort 1918; BS III, 481

**SK-123:001\_2** heimild um útihús

A 481858 N 550221

Á túnakort frá 1918 er merkt útihús fast norðan við bæjarhús en einbýli var á jörðinni það ár (sjá einnig SK-122:001). Útihúsið var á bæjarhólnum 001\_1 og má ætla að þarna hafi verið fjós sem nefnt er í húsavirðingu frá 1901 og vísað er til í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar: “Næsta hús [við bæjarhúsin] er fjós og er það 12 faðma frá bænum.»

Engin ummerki sjást lengur um fjósið en yngstu húsum á bæjarhólnum og hluta hólans hefur verið rutt út. Var það líklega að mestu gert þegar núverandi íbúðarhús var byggt árið 1969 þó að eitthvað rask og sléttun kunnist að hafa átt sér stað fyrir þann tíma.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Syðri-Mælifellsá, 6 (eftir Hsk. 23 fol.)

**SK-123:002** *Kirkjuhóll* heimild um bænhús

A 481871 N 550160

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar segir: «Munnmæli segja hjer hafi bænhús [verið] og enn sjest tóftarbrotið, so er hjer og kallaður Kirkjuhóll þar sem tóftin er.” Er þessi færsla með umfjöllun um Ytri-Mælifellsá en það er leiðrétt og segir í umfjöllun um Syðri-Mælifellsá: “Híngað heyrir það, sem um bænhúsið er skrifað á ytri Mælifellsá.” Í Örnefnaskrá Syðri-Mælifellsár segir: “Hóllinn, sem íbúðarhúsið syðra stendur á, var kallaður Kirkjuhóll. Á honum mótaði áður fyrir tóft og er álitid að þar hafi fyrrum verið bænhús. Litli hvammurinn norðan í hólnum hét Kirkjuhvammur. Tóftir voru á Kirkjuhól, þegar Lovísa [Sveinsdóttir, bjó á bænum 1921-1954] man eftir.» Í Byggðasögu Skagafjarðar er eftirfarandi haft eftir Andrési Valberg: “Árið 1921 byggðu foreldrar mínir bæ og gripahús á gömlum bænahússtöftum á svonefndum Kirkjuhól. Var hann sunnan við gamla bæinn á Mælifellsá, aðeins bæjarlækurinn á milli í nokkuð djúpu gili.” Kirkjuhóll er fast sunnan við bæjarhól Syðri-Mælifellsár SK-123:001\_1 og Ytri-Mælifellsár SK-122:001 en tvíbýli var um aldir á jörðinni og bæjarstæðin á sama stað, að því er næst verður komist. Búið er að fylla upp í gilið milli hólanna sem bæjarlækurinn rann eftir og ekki lengur skýr skil á milli þeirra.

Túnið í kringum bæjarhóllinn er sléttað en nokkuð mishæðótt, einkum í vesturhlutanum. Túnið hækkar til vesturs og suðurs en austurhlutinn er jafnlendari og lækkar til austurs. Bæjarhóllinn er á lágum hæðarhrygg og er Kirkjuhóll syðst á honum.

Kirkjuhóll er um 40 m í þvermál og er hátt og bratt fram af honum til vesturs en lægra til annarra átta. Vesturjaðarinn er að mestu leyti náttúrulegur hóll en uppsöfnun á hólnum 1-1,5 m. Talsvert rask hefur orðið á honum og sjást engin ummerki um tóftir eða kirkjugarð. Steinsteipt íbúðarhús var byggt á hólnum árið 1938 og við það vestanvert var byggt fjós árið 1959 (nú geymsla) og norðanvert við það var byggð geymsla árið 1965. Engin ummerki sjást um torfbæinn sem byggður var á hólnum árið 1921 og hefur hann verið rifinn þegar yngri hús tóku að rísa á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM IX, 116-117; Ö-Syðri-Mælifellsá, 2, 12; BS III, 481

**SK-123:003** *Járnhryggur* öskuhaugur

A 481893 N 550220

“Rétt framan við íbúðarhúsið (nýrra) [byggt 1969] og gamla bæjarstæðið [001\_1] var rindi, ca. 3 - 4 m. á

breidd og um eins metra hár, algróinn og hét Járnhryggur. Heyrst hafði að menn teldu þetta vera álagablett, en ekki fylgdi sögu hvað átti að ske ef átt væri við hrygginn. En þegar svo hryggur þessi var jafnaður út, kom í ljós að þetta var gamall öskuhaugur. Ekki munu nein ösköp hafa skeð, þó rindinn væri jafnaður út,» segir í örnefnaskrá. Öskuhaugurinn sem leyndist í Járnhrygg er fast austan við bæjarhól Syðri-Mælifellsár 001\_1 og Ytri-Mælifellsár SK-122:001 en tvíbýli var um aldir á jörðinni og bæjarstæðin á sama stað. Útflött tóft 021 er svo fast sunnan við Járnhrygg og virðist hafa verið eitthvað samband milli þessara minja en ekki er ljóst hvernig því var háttað. Járnhryggur var 140 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Umhverfis bæinn eru sléttuð tún og austan við hann eru tún í aflíðandi halla til austurs.

Engin ummerki sjást lengur um Járnhrygg en mögulega er framhald af honum þar sem virðist vera útflött tóft 021 fast sunnan við hann. Enn kunna leifar af öskuhauginum að leynast undir sverði þó að búið sé að slétta stóran hluta hans.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 13;

**SK-123:010** heimild um leið

A 481921 N 550191

Á túnakorti frá 1918 er merktur vegur sem lá frá bæ 001\_1 til ASA á 100 m löngum kafla. Leiðin lá suðvestan í nokkuð afgerandi tungu í túninu og norðaustan við skurð neðan og sunnan við tunguna.

Leiðin lá um sléttuð tún í mjög aflíðandi halla til austurs.

Engin ummerki um traðir eða veg sjást lengur í túninu vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-123:020** *Vaðhvammur* heimild um vað

A 482105 N 550212

“Neðst, við merki Mælifellsár og Nautabús, heitir Vaðhvammsklöpp við ána og kemur merkjagirðingin fram á hana. [...] Skammt ofan Stóðhvamms [sjá Hrossavað/ Stóðvað SK-126:024] er Vaðhvammur. Í honum er einnig vað yfir Mælifellsána,» segir í örnefnaskrá. Leið yfir Kiðaskarð SK-651:002\_1 lá yfir vaðið og má sjá veg SK-651:002\_2 á þeirri leið liggja að vaðinu beggja vegna við ána. Vaðhvammur er 240 m austan við bæ 001 og 235 m suðvestan við Stóðvað SK-126:024. Vaðið er 115 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Í Vaðhvammi breiðir áin talsvert úr sér, þar er hún grunn og stórgrýtt. Í landi Mælifellsár er lágur bakki niður að ánni en talsvert hærri og brattari í landi Hamarsgerðis/ Hvíteyra.

Vaðið hefur stefnuna norðaustur-suðvestur og liggur yfir tvær eyrar. Ekki sjást ummerki um vaðið sjálft en sem fyrr segir sést ruddur vegur SK-651:002\_2 liggja að því.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 7-8;




*Vað SK-123:020, horft til suðvesturs.*

**SK-123:021** tóft óþekkt

A 481908 N 550205



*Tóft SK-123:021, horft til ASA.*



Skýringar

Fornleifar  
 ■ Forhliðið  
 --- Öljost  
 Úttektargögn  
 □ Úttektarsvæði

0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmæling af tóft SK-123:021.*

Útflött tóft er í túni fast austan við bæjarhól 001 og virðist vera í beinu framhaldi af Járnhrygg 003, öskuhaugi sem ýtt hefur verið um. Mögulega er þessi meinta tóft framhald af Járnhrygg en samband þessara minja er óljóst. Tóftin er 130 m suðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Flatlent, slétt tún sem hallar lítillega til austurs.

Tóftin er 27x14 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er flöt að ofan en það örlar á innanmáli hólfs í SSA-enda, þar sem tóftin er greinilegust. Er það 8x3 m að stærð og snýr eins og tóft. Mörk veggja til NNV eru mjög óljós en þau eru skýrust á NNA-hlið. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-123:022** *Stekkjjarhvammur* tóft stekkur A 481693 N 549231

“Rétt ofan Votahvams er hvammur nefndur Stekkjjarhvammur. Í honum er hár og sérkennilegur klettahóll. Stekkjjarhvammsslækur rennur í Mælifellsá í gegnum Stekkjjarhvamm. Tóftir af stekki eru í Stekkjjarhvammi,” segir í örnefnaskrá. Um stekkin segir í Byggðasögu Skagafjarðar III: “Hann er óvenjustór og ferkantaður, enda var þarna fært frá allt að 200 ám á búskaparárum Sveins Gunnarssonar [1893-1909].” Tvískipt stekkartóft er í hvamminum frammi á háum og snarbröttum árbakkanum. Hvammurinn er víður og alldjúpur og er flatlent innan hans. Bratt er að komast niður í hann. Klettahóllinn sérkennilegi er í norðvestanverðum hvamminum og rennur lækurinn neðan og norðvestan við hann. Stekkurinn er 990 m sunnan við bæ 001. Hann er 134 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 en línan er austan árinna og því ólíklegt að framkvæmdir muni raska tóftinni.



*Stekkur SK-123:022, horft til SSA.*



*Uppmæling af stekki SK-123:022.*

Grösugt og þýft er í hvamminum og er þar gott tún sem kann að hafa verið véltækt en ekki augljóst hvar hægt væri að koma vélum að fyrir bratta. Búið er að planta öspum hér og hvar innan hvammsins og talsverð skógrækt er ofan og vestan við hann. Mikill gróður vex á stekkjartóftinni, gras, sóleyjar, fíflar og hundasúra. Einnig vex talsvert af elftingu á minna hólfinu í norðvesturhorni tóftar.

Stekkurinn er á lágri hæð og er hæst fram af henni til norðurs (0,3-0,5 m). Stærri hólfið í tóftinni er á þessari hæð og minna hólfið í afliðandi halla niður af henni til norðvesturs. Norðausturhorn tóftarinnar er alveg frammi á brún árbakkans. Tóftin er 14,5x12,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er inn í stærra hólfið í suðausturhorni tóftarinnar. Þar nær ANA-veggurinn aðeins suður fyrir SSA-vegginn og hefur líklega náð alveg fram á brún árbakkans. Hefur það auðveldað innrekstur í stekkin. Stærri hólfið er vinkillaga og er 8x8 m að stærð. Ekki er op úr því inn í minna hólfið sem er í innanverðu vinkilhorninu. Minna hólfið er 3,5x3,5 m að innanmáli. Hæð veggja er mest um 0,7 m. Þeir eru grónir og farnir að hlaupa í þúfur. Hvergi sést í grjóti í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 8; BS III, 482;

**SK-123:029** *Vörzluskurður* heimild A 481967 N 550486

“Lítill handgrafinn skurður á milli Syðriflóa og Keldu var nefndur Vörzluskurður. Hann er nú kominn í tún,” segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning skurðarins er ekki þekkt en sögn heimildamanns, Margeirs Björnssonar, var skurðurinn neðan og norðan Efríbyggðarvegar. Skurðurinn hefur að öllum líkindum verið innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Þar eru sléttuð tún á milli yngri skurða.

Engin ummerki eru sýnileg á yfirborði um vörzluskurðinn. Hann telst ekki í hættu af völdum fyrirhugaðra framkvæmda úr því að öll ummerki um hann eru horfin.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 11;

**SK-123:030** heimild um túngarð

A 482000 N 550237

“Ofan Mýrar, innan garðlags, sem var í kringum túnið, var lítil mýri, sem ýmist var kölluð Mýrin innan garðs eða Litlamýri,” segir í örnefnaskrá. Ekki er að sjá að túngarður sé teiknaður í kringum heimatún á túnakorti fyrir jörðina sem gert var 1918 og getur verið að hann hafi verið hlaðinn eftir það en einnig kemur til greina að hann hafi til staðar en ekki verið sýndur á kortinu. Engin ummerki um túngarð sást innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 þegar það svæði var kannað í ágúst 2020. Náði það yfir norðaustasta hluta túnsins.

Túnið í kringum bæjarhólinn er sléttað en nokkuð mishæðótt, einkum í vesturhlutanum. Túnið hækkar til vesturs og suðurs en austurhlutinn er jafnlendari og lækkar til austurs. Vestasti hluti gamla heimatúnsins er utan þess svæðis sem slegið er (2020) og virðist komið í órátt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Syðri-Mælifellsá, 12

SK-125 Mælifell

“Vékell enn hamrammi hét maðr, er land nam ofan frá Gilá til Mælifellsár og bjó at Mælifelli; hann spurði til ferða Röðreks.” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 231.

1318: LXII. Mælefell. Kyrkia hins heilaga Nicholas vnder mælifelli ä allt heima land. land ä starrastodum. settung j vykarlondum. fiordung j rekum ä kieflarbacka. xiiij. kýr. Land halft ad Brunastodum. halfur fiorde Tugur äsaudar. vetrgamler sauder. xvij. iiij. hross. xvij. merckur vax. þriu naut veturgomul. So micid lagdi þorkiell prestur til. kaleuk firi. cc. j Bokum oc j kyrkiu skruda. iijc. Tijda Bækur per anni circulum. messubækr. ij. dominicales ad aullu vm. xij. manudi. þridia de sanctis og þar med alltaris Bok. Graduale. Sequentiu Bok. processional. Aspiciens Bok til paska fra jolafostu. vorbækur. ij. ad aullu. Les dominicalis ad ollu enn de sanctis er eigi fullt. Capitularium. Hymnarius. messuklædi. ij. medur. ij. hoklum. kalykr. j. yferlsoppur. kapa. ij. Tiold vm alla kyrckiu. kluckur. v. krossar. ij. lykneki. ij. vnder odrum. mariuskript. nichulas lykneski. peturs lykneski. Glerglugg. Glodarkier fornt. kiertastykur. ij. Þar er. ij. presta skyld. tekr heimaprestur vtangardz af. iiij. Bænhusum. ij. merkur. Enn annar prestur tekur af lytingstodum. iiij. merkur. half mork af hafgrimstodum. af ij. Bænhusum mork. af. vij. Bæium lysistollur oc heytollur. Máld DI II, 465.

1368: xxxiv. Mælefells kyrckia. Anno Domini .M. ccc. lx. octavo var svo mikid gotz Mælefells kyrkiu sem hier filger afreiknadre allre portione þeirre sem falled hafdi vmm þa .xv. vetur sem syra þorvalldur hiellt stadinn. In primis. kyrkia ad Mælefelli er helgud hinum helgum Nicholao. hun ä allt heima land. starastadi. halfa brvnastadi. siettung j vykar londum. fiordung j rekum a kieffla Backa. Þetta j kuikfie. halft siounda asaugar kugilldi .xiiij. kyr .iiij. hross .iij. naut veturgomul. xvij. saudir veturgamler. þriu hundrud voru. hundrad j hafnar vodum .iij. hundrud jnnan veggia. sölun fornt. suo gott sem .ij. ær. þetta jnnan kyrckiu. Messuklædi for ad aullu. kápur .ij. sloppur. kaleykar .ij. Tyda Bækur per anni circulum. psalltarar .iij. forner. Nicholaus saga. setian merkur vax. kyrckiu sær med vmbunadi. Elldberi. Glodar kier. kyrckiu kietill. kierta stykur. iiij. munnlaug. krossar .iij. Mariu skript. lykneski .iij. Tiold vm alla kyrckiu med dvkum vtan vm þuera kyrkiu. kistur .ij. alltare .iiij. Bryk og Tabulum. Brykar klædi. sotdrift. paxspialld. lectare og dvkur .iiij. kluckur .iij. Broddstafer .ij. glergluggar. Bakstur jarn. þar er tueggia presta skyld. tekur hann heima j leigu .iiij. merkur af .iiij. Bænhusum .ij. merkur. Enn annar prestur tekur af Lytingstodum .iiij. merkur .ij. merkur aff Haffgrimsstodum. og tueymur Bænhvsum mork. Tyund. heytollur. lysistollur af .vj. Bæium. iiij. hundrud stodu epter er reyknudust j portionem og x. aurar; Máld DI III, 176.

1385:” Ok saker þess ad vid systir Oddbiorg med G[uds] n[ad] abbadis ad Stad oc Steinmodur prestur þorsteinsson medkennumst þessa ockar giörd sanna vera setium vid ockar jinnsigli med jinnsiglum fyrrgreindra manna fyrir þetta bref sem gert var undir Mælefelli in festo ... .” DI III, 381.

1394: xxiv. Mælifells kyrckia. Kyrckia ad Mælefelle er helgud hinum heilaga Nicholao. hun a heimaland allt. starastadi alla. Brunastadi halfa. siettung j vijkum j landi og reka. fiordung j reka a kieflarbacka. þetta jnnann kyrckiu. ny messuklædi og aunnur forn god. tuenn slitin. v. hocklar. kapur. ij. alltarisklædi. iij. slitinn. Brijkarklædi eitt. merki. ij. kaleykar. ij. alltarisklædi. iij. slitinn. kietill vondur. Elldberi og Elldbera brot. lijka krakur. glodarkier. sloppur slitinn. brij jk og tabula. fontur med vmbunadi. kluckur. ij. og hin þridia kolfalaus. krossar tueyr og hinn þridie med vnderstodum. mariu lijkneski. Nicholaus lijkneski. magnus lijkneski. spiolld. iij. glergluggur stor og ij. litler. kistur. ij. Broddur. kiertestykur. iij. med jarn. og. ij. med kopar. Baksturjarn. almarium. Bialla. lijkakross. mariuskript. med alabastrum. Biarnskinn. salun stort. skari. tuær merkur vax. mork reykelsis. Hia sijra Steinmode kiertestyka og Gudz lijkama hvs. er stendur morck med sylfur. þetta j Bokum. songbok fra aduentu. og til paska de tempore. Bok samsett ad aullu de tempore fra paskum og til hvjitasunnu.

Bok vm hvíjtsunnu viku & de sanctis inter pascha & pentecostem. Bok fra Trinitatisdeigi til aduentu de tempore ad song og lesi. Lesbok vond til paska fra aduentu de tempore vtann eij Jolales. Grallare vondur. songbok de sanctis fra Jonsmessu Baptistæ og til paska. Lesskra de sanctis per Anni circulum. processionale. Sequentiubok. Burtsonguabok. Commune sanctorum. psalltare. Capitularius og Hymnarius ä einni Bok. ij. Bækur lijkar per annum ad collectum. pistlum og Gudspiollum. Lägasonguaskra[r]. iiij. festum Nouum ä kueri. Nicholaus saga a Latinu og norrænu. þar er tueggia presta skyllt. tekur heimaprestur j leigu heima. iiij. merckur. af Bænhusum fiorum. ij merckur. Enn þingaprestur af lytingstodum fiorar merckur. af hafgrimsstodum. ij. merckur. af tueymur Bænhusum morck. Lysistollur og heytollur af. vj. Bæium. Tijund a þui ari. kyrekiuhluti. halfr xiiij. Eyrer. Ecclesia non dedicata. þetta j lausagodzi. kyr. xx. og vj. asaudur. xj. kugilldi. Gielldfie. vj. kugilldi. og ad auk vetrgamler sauder 24. hross roskinn fiogur. J virdingarfie og vadmalum. xx. hundrud. Var þa metinn stadurinn og reyknud portio; Máld DI III 531- 532.

1402: Máldagi Víðimýrarkirkju í Skagafirði. “Jtem i þridia máldaga sem dateradur (er) Mcdij. Kirkiann a vijdemyre er helgud sællre Mariæ og Petre postula. hun ä land a Hole. viij kyr. Asaudar kugillde. Jtem hualreke og vidreke a Hualnese halfur motz vid stad. DI IV, 244.

1432: Vísitásiugerð Jóns Vilhjálmssonar Hólabiskups.” Jtem ecclesia sancti petri apostoli aa widæmyri war metin firir.x. hundrot æn giortt vpp a kirkona xx hundrot.” DI IV, 511.

1429: ij prestar ok diakn; DI IV, 381.

1431: Dómsbréf skrifað á Mælifelli um hald Stefáns Hallssonar prests og kirkjutíundm af Uppsölum fyrir Munkaþverárklausu. DI IV, 453-454.

1435/1436: Jarðakaupsbréf gert og innsiglað á Mælifelli, varðandi jörðina Nýlendi á Höfðaströnd. DI, IV, 553.

1461: Máld DI, V,327.

1461: 2 prestar og 1 djákn DI V, 361.

1476: 2 ... Vorv vid j hia aa mælifellz stad j tvngus(v)eit fostuvdaginn næstan fyrir huitasvnnvdag ad þordr ionsson gaf sigurdi prest þorlakssyne med handabande iordina alla hol j siglvfirdi... ” DI VI, 73.

1479: Vitnisburðarbréf um sölu jarðarinnar tíu hundraða í jörðinni Hóli í Sæmundarhlíð, gjört á Mælifelli þann 21. maí 1479. DI VI, 195-196.

1479: Jörðin Hamrar í Tungusveit er í Mælifellskirkjusókn. DI VI, 217; Skrá um landamerki Brúnastaða í Tungusveit í Skagafirði. “Þesse landamerke hafa halldin verid Brunastada i tijd Sira Sigurdar Þorlakssonar sem Mælefells stad hiellt .... ” DI VI, 236.

1486: Máld DI V, 328.

1500: Vitnisburður um Víðidalstunguslag, gerður á Mælifelli í Tungusveit. DI, VII, 476-477: Vitnisburður um landamerki þriggja bæja, gerður á Mælifelli þann 13. október 1500. DI VII, 522-524.

1520: Átta klerkar og ábótinn á Þingeyrum samþykkja Pétur Pálsson prest, forstjóra Hóladómkirkju fram að næstu prestastefnu. Þ.á.m. “nichulas vilialmsson beneficiatus a mælufelle.” DI VIII, 767-768.

1522:”Þui fyrir þessar saker boder eg og stefner teite þorleifssyne og audrum þessum adur greindum hans medfylgiorum til mælefellz j skagafiord... ” DI, 70; Tuttugu og fjórir prestar notta að þeri hafi lesið útskrift af bréfi kanúka Þrándheimsdómkirkju, þ.á.m. “... Sira nichulas wi(l)hialmsson beneficiatus ää melefelle.” DI IX, 119.

1523:” Og til sanninda hier vm setium vid fyr skrifader menn eoekur jnncigle fyrir þetta transkriptarbréf er skrifat uar aa mælefelli j tungusueit j skagafirdi... ” DI IX, 185.

1525: Sigurðarregistur, máldagar Hóladómkirkju þegar Jón Arason tók við.”Mælifellzstadur beneficium.” DI IX, 294.

1528:”Og til sanninda hier um set eg mitt jnsigle fyrir þetta vitnisburdarbréf er skrifat uar ää mælefelle j tungusueit ... ” DI IX, 463.

Um 1530:” Eg Tumas prestur Eireksson logfeste hier i dag first stadenn Mælefell ut ad Mælefellsä... ” DI IX, 565.

1531:”... og þar efter var ec vinnmadur a mælefelle j tvngosueit hia halldore sigurdsyne ... ” DI IX, 573; “ Suo fallinn vitnisburd ber ek nickulas prestur vilhialmsson at ec bio aa mælefelle j tungusueit vppa ij ar og xx ... ” DI IX, 596; “Voru þesser uottar ad ädur saugdum giorninge. ... sira Tumas Eireksson beneficatus aa Mælefelle.” DI IX, 604.

1532: Tómas Eiríksson, prestur á Mælifelli ættleiðir börn sín þrjúþ” Þath giorum wier markus þorkelsson. arne nichulasson. Biorn biornsson og Olafur gudmundsson leikmenn godum monnum kvnngt med þessu woru brefe... a mælefelle j tungusueit... ” DI IX, 610.

1551: Hollustueiðar Norðlendinga til handa Kristjáni konungi og eftirmönnum.”... oc Stole Eynarsson tiill Meelffeldt Szom Sogneprestere ere.”DI XII, 264; Hollustueiður Íslendinga fyrir norðan og vestan við Kristján konung .”... Sera Stulli Einarsson aa Mælifelli ... ” DI XII, 267.

1551/1575: Vitnisburður Þórunnar Jónssdóttur á Grund þess efnis að hún þiggur sínar eignir að léni. Skráð á Mælifelli. DI XII, 288.

1560: Kaupbréf fyrir Völlum og Tungufelli, gert á Mælifelli í Tungusveit í Skagafirði 11. nóvember 1560. DI XIII, 536-538.

1563/1564: Um framfæri uppgjafarpresta í Hólabiskupsdæmi. "Mælifell 9" DI XVI, 121.

1566: Heitbréf Skagfirðinga. " með þuj ec sannferdugliga spurt og formerkt hefe. Ad heidarligur og vel lærdur kiennemann Sira Magnus Arason soknarprestur ad Mælefelle. vithallde þeim. (af vorumm forverjurum). vel tilskickada heitdeige. med Gudligre þiönustu og Embættizgiord ... ." DI XIV, 466.

1569: Reikningur kirkna á prestssetrum í Hólabyskupsdæmi."Kirkia a Mælifelli beneficium. Hun a jord Starastadi.... Brünastader,,,,," DI XV, 353.

1590: Þjsks. Bps. B, III, 2, s. 20

1713: Kirkjustaður og beneficium. ... Dýrleikinn óviss, því jörðin tíundast öngvum, ... ." JÁM IX, 118.

1839: "Mælifell, prestssetur og hjáleiga Hamarsgerði, í landnorður frá Mælifellshnjúk." SSS, 74.; " Prestssetur og höfuðkirkja er á Mælifelli, en annexía þaðan á Reykjum." SSS, 76.

1847: 40 hdr. Kirkjustaður. [" 1802 er hjáleigan 10 h. Að dýraleika sér. A.M. Telur með staðnum gamla eyðijörð, Einarsdalskot." JJ, 260]

"Fjallið er hátt og toppmyndað og er nú venjulega nefnt Mælifellshnjúkur, því að nafnið Mælifell er komið yfir á prestsetrið, sem stendur undir fjallinu." KK III, 51.

16.11.1907: Goðdala og Árbæjarsóknir lagðar til Mælifells; (PP, 246) [lög]

**SK-125:018** heimild um ristu

A 482856 N 548685

"Torfrista og stunga sæmileg. Reiðingsristu þarf til að fá," segir í Jarðarbók Árna og Páls frá 1713.

Í örnefnaskrá segir: «Torfhóll hefur sennilega verið notaður til að þurrka á honum torf, sem rist hefur verið í Réttarmýri í landi Mælifells.» Réttarmýri er um 720 m norðvestan við stekk SK-125:031. Ristan er 40 m norðan við miðlinu Blöndulínu 3.

Réttarmýri er blaut mýri, smáþýfð að mestum hluta en lítið um þúfur þar sem er blautast.

Ekki sjást skýr merki um ristu eða mógrafir. E.t.v. hefur verið rista þar sem nú er lítið um þúfur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 119; Ö-Hvíteyrar, 9

**SK-125:031** tóft stekkur

A 483527 N 548417

Stekkjatóft er um 60 m suðaustan við vað 032 2 á leið 032 1 og tæpum 50 m norðan við miðlinu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í grösugum stórþýfðum móa norðan undir hamrabelti. Lækjardrag vestan við tóftina liggur til norðurs úr suðri.

Í fornleifaskráningu árið 2008 var svæðið skráð sem býlið Blómsturvellir en þegar rýnt var betur í heimildir kom í ljós að Blómsturvellir voru á öðrum stað, utan úttekarsvæðisins í landi Háubrekku við Mælifell. Þessi stekkjatóft er hinsvegar innan þess og í fornleifaskráningunni segir um hana: «Tóftin er greinileg, vel græn og stendur dálítið upp úr annars flatlendum móa. Hún er einföld, snýr suðaustur-norðvestur. Inngangur er



Stekkur SK-125:031, horft til suðausturs.



Skýringar

Fornleifar  
Torfhóll

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af stekk SK-125:031.

suðaustast á norðaustur langvegg. Tóftin er um 7 x 5 m en við norðvestur enda hennar er lítið gerði (mögulega annað hólf en mun ógreinilegra) sem er um 2 x 3,5 m að utanmáli, snýr norðaustur-suðvestur og inngangur inn í það í norðausturenda. Veggir mun ógreinilegri en í tóft. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m." Árið 2020 var farið aftur á staðinn. Tóftin var orðin mun ógreinilegri enda gróður úr sér vaxinn þegar farið var af stað í ágústmánuði.

Litlu var bætt við lýsinguna hér á undan fyrir utan stærðir tóftarinnar, Hún er tvískipt og er alls 14x9 m að stærð. Stærra hólfíð er suðaustast í tóftinni og er 6.5x4 m að innanmáli. Minna hófíð, líklega lambakró, er norðvestar í tóftinni. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Mælifell, 12,14

**SK-125:032\_1** gata leið

A 483264 N 548323



*Leið SK-125:032\_1, horft til suðausturs.*

Í örnefnaskrá segir frá athugasemdum Séra Ágústs Sigurðssonar, en þar segir: «1973 lét hann gera jeppaveg frá fjárhúsunum (Vallarhúsum) [SK-125:027] á Mælifelli, vestur um Mælifellssel á Fjallveg (165) um Mælifellsdal.» Um 60 m norðvestan við stekk SK-125:031 verður vart gatna og vörðu. Minjasvæðið samanstendur af götum 032\_1 og vörðu 032\_2 og er 40 x 5 m stórt.

Göturnar liggja um stórþýfðan móa og bratta, lyngi vaxna brekku.

Vað [054] er yfir lækjardag sem liggur til norðausturs í átt að bæ og gata liggur frá því til suðvesturs upp bratta brekku. Við vaðið er djúp skál sem myndast hefur beggja vegna við lækinn, sér í lagi sunnan við lækinn og úr henni sést gata, í grónum valllendismóa, um 2 m breið og um 1,4 m djúp. Í brekkunni ofan við er litill gróður og þar verða götur ógreinilegar. Neðan við læk eru götur,

ekki mjög margar eða greinilegar, aðallega kindagötur á gróðurlitlum mel. Leiðinni er fylgt til suðurs. Liggur að leið sem hefur verið rudd af vél og liggur A-V. Í brekkunni litlu suðvestan við götuna upp úr vaðinu er djúp og breið gata um 3 m breið og 1 m djúp upp brekkuna á um 20-30 m kafla.”

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Mælifell, 12

**SK-125:032\_2** varða samgöngubót

A 483258 N 548341



*Varða SK-125:032\_2, horft til austurs.*

Varða er á háum hól norðan við götu.032\_1, nokkuð suðvestarlega, þar sem hún liggur frá vaði 054 og upp brekkuna. Hún er rúmum 90 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er að miklu leyti hrunin og eru neðstu hleðslur hennar ásamt hruni vel sokkin í gróður. Nokkrum steinum hefur nýlega verið bætt í hana. Steinarnir eru nokkuð stórir en í henni miðri má sjá minni hellur. Varðan er 0.3 m á hæð og um 1 m í þvermál. Hún er nokkurnvegin hringlaga.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-125:042** Réttarmýri tóft heystæði

A 482912 N 548571

Í örnefnaskrá segir «Réttarmýri er vestan við Háubrekkuhrygginn. [...] Réttarmýri er stór mýrarlægð, áþekkt aflangri fjárrétt að lögun til. Af því gæti nafnið verið. ( En ekki man heimildarmaður þessarar lýsingar eftir réttarrústum þar.) Vestan, sunnan og austan við mýrina eru allháar hæðir, en opið til norðurs. (Ó. Þ.) [...] Slétt, grasgefin en blaut mýri norður af Háubrekku.[...] ( T.K.) Þetta segja fyrri örnefnaskrár. Hér má bæta því við að ekki er vitað til að nein rétt hafi verið þarna nálægt. Nafnið Réttarmýri er líklega eldra en Mælifellsrétt, enda er hún of langt frá til að geta skýrt þessa nafngift. V.Ó. segir hinsvegar, að hey munu hafa verið sett saman í næsta nágrenni við mýrina og sjáist minjar þess, en aðrar minjar man hann ekki til að hafa séð þarna.” Tóft er um 205 m suðvestan við vörðu SK-125:051 og tæpum 40 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóft er sunnarlega í Réttarmýri þar sem er nokkuð þurr og smáþýft en flatlent.



*Rétt SK-125:042, horft til suðurs.*



*Uppmæling af rétt SK-125:042.*

Tóftin er einföld og ekki fornleg, gæti verið heystæði en ólíklegt er að hún hafi verið rétt. Hún er um 7 x 4,5 m snúr norðaustur-suðvestur, inngangur norðaustan við miðjan norðvesturlangvegg. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Mælifell, 16;

**SK-125:051** varða óþekkt

A 483083 N 548681

Varða er um 460 m norðvestan við leið SK-125:032 og um 510 m norðvestur af stekki SK-125:03 og rúmum 125 m NNA við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan stendur uppi á háum melhrygg, gróðurlausum að mestu. Norðvestan við melinn er Réttarmýri SK-125:042 en til annarra átta eru háir, gróðurlausir melar.

Varðan er hrunin og er um 1,4 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Grjótið er skófum vaxið og meðalstórt og smátt. Frá þessari vörðu sést til annarrar um 300 m til norðurs en hún var ekki skráð að sinni því hún er langt utan athugunarsvæðis fyrir línustæðið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-125:051, horft til suðvesturs.*

**SK-125:052** varða óþekkt

A 483196 N 548421

Vörubrot er um 280 m sunnan við vörðu SK-125:051 og beint undir miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er allhátt á gróðurlausum mel- og klapparhrygg, suðaustan við Réttarmýri.

Varðan er hrunin og eftir standa fáir stórir steinar sem mynda fering, um 0,8 m á kant. Vart stendur steinn yfir steini, er um 0,2 m á hæð. Ekki fornleg, dálitlar skófir á steinum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-125:052, horft til SSA.*

**SK-125:054** gata vað

A 483479 N 548439

Vað er yfir lækjardag sem liggur til norðausturs í átt að bæ og gata 032\_1 liggur frá því til suðvesturs upp bratta brekku. Það er tæpum 55 m norðan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vaðið sést ágætlega enda liggja götur beggja vegna frá

Því. Bakkar eru lágir og lækurinn grunnur. Möl og steinar eru við bakka vaðsins og auðvelt hefur verið að komast þarna yfir

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Varða SK-125:055, horft til norðausturs.



Vað SK-125:054, horft til NNA.

**SK-125:055** varða óþekkt

A 481958 N 546747

330 m austan við malarveg og 155 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu á uppblásnum malarás er varða. Hún er 20 m utan úttektarsvæðis.

Uppblásinn malarás vaxinn mosa og lyngi hér og þar.

Varðan er 2 m í þvermál og er um 0,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr nokkuð stóru grjóti sem er vaxið gulum og grænum skófum. Frá henni sést vel til allra átta en hlutverk hennar er óþekkt.

**Hættumat:** hætta

SK-126 Hamarsgerði

1500: Landamerki milli Merkigarðs og Hafgrímsstaða í Tungusveit í Skagafirði. “Riettsyni ur kielldufalli því. Sem geingur firir sunnan Hamarsgerdi ofan í Svará.” DI XI, 57.

1713:”Dýrleikinn óviss, því kotið tíundast öngvum og er talið í heimastaðarins, Mælifells, dýrleika.” JÁM IX, 119.

1839:” Mælifell, prestssetur og hjáleiga Hamarsgerði, í landnorður frá Mælifellshnjúk.” SSS, 74.

1847: Hjáleiga. JJ, 26.

1713:”Úthagar eru óskiftir með heimataðnum og eru aðrir kostir og ókostir sameiginlegir, nema grjóti feykir stórviðri á völlinn.” JÁM IX, 119.


**SK-126:022** hleðsla skotbyrgi

A 481955 N 548225

Í örnefnaskrá segir «Á melhól syðst á Bugnum - austan vegarins eru leifar af grjótbyrgi, - grjóthleðsla sem sýnir



Skotbyrgi SK-126:022, horft til austurs.



Skýringar

Fornleifar

Grjóthleðsla

0 0.5 1 1.5 2 m

Uppmæling af skotbyrgi SK-126:022.

glögglega stærð og lögun. Vilhjálmur Óskarsson upplýsti, að Jón Helgason frá Merkigarði hlóð þetta byrgi, til að sitja þar fyrir tófum.” Byrgið er 65 m austan við malarveg, 70 m norðan við vélgrafinn skurð og 67 m NNA við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Byrgið er á grýttum malarási og til austurs er framræst land.

Byrgið snýr austur-vestur og er 3 x 2,4 m á stærð. Ekkert op er á byrginu en innanmál þess er 1,3 x 0,8 m á stærð, hæð veggja frá 0,4-0,7 m og eru þeir hæstir til austurs. Byrgið er hlaðið úr grjóti og er lítið sem ekkert hrúnið úr veggjum þess. Gróið er í kringum byrgið. Frá byrginu er víðsýnt í allar áttir en best sést til austurs yfir framræst land.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hvíteyrar, 9;

**SK-126:024\_1** *Hrossavað* heimild um vað

A 482306 N 550314

Í örnefnaskrá segir «Neðan við Vaðhvammsklöpp er allmikill foss. Hann er í fjórum þrepum og hylur undir, en standberg yfir hylnum. Rétt ofan við klapparendann er Hrossavað, öðru nafni Stóðvað, og þar var bílvegur yfir ána áður en brú kom þar skammt ofar, en hún var byggð 1982 eða um það bil.” Minjasvæðið samanstendur af Hrossavaði 1 og vegi 2 sem liggur beggja vegna við vaðið, í landi Hamarsgerðis og Mælifells SK-125. Vaðið er tæpum 60 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Bílvegurinn er fremur gróinn og liggur yfir grasi og lyngi vaxna móa niður að grónum bökkum árinna. Bakkinn norðan megin er mun hærri og rof í honum sem hrúnið hefur út í ána

Vaðið sést ágætlega enda liggur vegurinn beggja vegna þess. Eyja er í miðri ánni sem vaðið hefur verið upp á og út í ána aftur. Norðan við ána er vegurinn ruddur í árbakkann og liggur brattur upp brekkuna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 10;



*Hrossavað SK-126:024\_1, horft til norðurs.*



*Vegur SK-126:024\_2, horft til suðurs.*

**SK-126:024\_2** vegur leið

A 482305 N 550309

Bílvegur liggur frá vaðinu til suðurs á 160 m löngum kafla en hverfur undir núverandi veg. Syðst er vegurinn 7 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Vegurinn er 2 m á breidd, hefur verið ruddur og sést sem 0.2 m djúp dæld með aflíðandi kanta. Hann er orðin hálfgróinn og farinn að falla í landslagið og mun líklega hverfa á næstu árum. Vegurinn sést einnig norðan við ána á 45 m löngum kafla. Rof er komið í neðsta kafla hans og bakkar hrundir. Hann hefur verið ruddur í hlíðina. Ekki er víst hvenær vegurinn var ruddur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-126:027** varða óþekkt

A 482068 N 549973

Varða er 75 m austan við Mælifellsá, 37 m vestan við malarveg og 45 m vestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á grýttum malarhól.

Varðan er 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr stóru grjóti sem er skófum vaxið. Gróið er við rætur vörðunnar ásamt því að í kringum hana er grjót sem hefur mögulega hrúnið úr vörðunni. Frá vörðunni er víðsýnt til allra átta.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hvíteyrar, 11



*Varða SK-126:027, horft til norðvesturs.*



*Varða SK-126:029, horft til norðurs.*

**SK-126:029** varða samgöngubót

A 481832 N 548731

Vörðubrot er um 1 km vestan við ristu SK-125:018 og rúmunum 30 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á gróðurlausum melhól og allt í kring eru gróðurlausir melar og gróðurtorfur inn á milli. Er skammt suðaustan við Mælifellsá og vegi meðfram henni.

Varðan er fallin fyrir allnokkru og virðist nokkuð fornleg. Hún er gróin neðst og steinar skófum vaxnir. Þeir eru meðalstórir og smáir. Varðan er um 1 x 0,7 m stór í grunninn, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-126:030** varða óþekkt

A 481810 N 548598



*Varða SK-126:030, horft til suðausturs.*

Varða er suðaustarlega á lágri hæð, um 135 m sunnan við vörðu 029 og 160 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er á lágri hæð sem er vaxin lyngmóa.

Grjótdreif sem hefur líklega eitt sinn verið varða, er 1,5 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Grjótið er vaxið grænum og gulum skófum og mjög gróið er í kringum grjótið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SK-127 Starastaðir

1318: Máldagi Mælifellskirkju. “Kyrkia hins heilaga Nicolas vnder mælifelli ä allt heimaland. land ä starrastodum... ” DI II, 465.

1360: Máldagi Mælifellskirkju. “ hun ä allt heima land. starastadi. halfa brvnastadi. ... ” DI III, 176.

1394: Máldagi Mælifellskirkju. “ hun a heimaland allt. starastadi alla. Brunastadi halfa. ... ” DI III, 531.

1461: Máldagi Mælifellskirkju. “ hun á heimaland allt. starrastadi alla. brunastadi halfa ... ” DI V, 327.

1530: “Þesse eru landamerke Starastad(a): ad austan Svartaa þegar hun renur under hafgrijmstada laugar höl. ad nrodan markgardur sem geingur upp ur itra presthöl við Svartä og ur honum til fialls uppi urdardal. En ad sunan ür torfhöl ep(t)er garde og til fialls under heidar hofud. rædur þa riggurin ad vestan.” DI IX, 565.

1569: Reikningur kirkna á prestssetrum í Hólabyskupsdæmi. “Kirkia a Mælifelli beneficium. Hun a jord Starastadi... .Brünastader... ” DI XV, 353.

1713: “ Jarðardýrleiki xxx [hdr]... ”

1839: “ Jarðir, sem liggja undir Mælifellskirkju, auk staðarins hjáleigu, ... , eru Starrastaðir, 30 hndr., ... ” SSS, 77.

1847: 30 hndr. Mælifellskirkjueign. JJ, 260.

1713: “Engjunum grandar Svartá með sandáburði til stórskaða.” JÁM IX, 120.



**SK-127:015** *Markgarður* garðlag landamerki  
Í örnefnaskrá segir frá að «...í lögfestuskjali frá um 1530 segir að merki Mælifells séu eftir Svartá suður í Markgarð og réttsýnis úr Markgarði upp í Urðardal. Fram kemir í skjalinu að Markgarður gengur upp frá Ytra- Presthól.» Seinna í örnefnalýsingu segir “Enþá sést móta fyrir Markgarði þeim, sem getið er um landamerkjaskrá. Nú er merkjagirðing og sunnan við hana vestur af hólnum, sést móta fyrir garðinum.” Á merkjum undir girðingu á miklum melhrygg er grjótröð sem er að mestu sokkin í jörðu, gróin, um 670 m norðvestan við býli SK-125:031. Garðlagið liggur þvert yfir miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Gróðurlítill melhryggur, mýrar ofan og neðan hans. Grjótröðin sést á öllum hryggnum á um 180 m löngum kafla og er um 1 m þar sem beiðast. Stendur lítið sem ekkert upp úr jörðu. Óvíst þetta hvort hluti af Markgarði eða seinni tíma hleðsla undir netagirðingu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Starrastaðir, 5



*Garðlag SK-127:015, horft til suðvesturs.*

## SK-159 Brúnastaðir

1318: Máldagi Mælifellskirkju. “Kyrkia hins heilaga Nicolas vnder mælifelli ä allt heimaland. ... Land halft ad Brunastodum... .” DI II, 465.

1360: Máldagi Mælifellskirkju. “hun ä allt heima land. starastadi. halfa brvnastadi. ... .” DI III, 176.

1394: Máldagi Mælifellskirkju. “hun a heimaland allt. starastadi alla. brunastadi halfa. ... .” DI III, 531. “Þesse eru landamerke. sem Brunastade addeiler fra ödrum jordum “a tuær hendur og ad austan. Fyrst a millum Þorsteinst(ada) úr soragriote vid svartä... » DI, VI, 236. 1544: Skrá um kúgildi og leigumál á nokkrum jörðum sr. Gottskálks Jónssonar.” Brvnastader med .ij. kvilldvm. attatige alner j landskyllid... .” DI XI, 359.

1461: Máldagi Mælifellskirkju. “hun á heimaland allt. starrastadi alla. brunastadi halfa ... .” DI V, 327.

1457-1479: Skrá um landamerki Brúnastaða. DII VII, 7-8.

1479: Skrá um landamerki Brúnastaða. “Þesse eru landamerke. sem Brunastade addeiler fra ödrum jordum “a tuær hendur og ad austan. Fyrst a millum Þorsteinst(ada) úr soragriote vid svartä... .” DI VI, 236.

1508:” Path giore eg gvdmundr þorleifsson godvm monnum kvnngigt med þessuv minuv brefi at ec var þar hia sa egh og keyrda eg aa at Þorbiorg Þorleifsdotter. Lofadi og samþyckti og vpplagdi med handabandi vid þorstein jonsson bonda sinn at hann skyllidi frialsliga mega selia edr Rad fyrir giora þeim jardar parti er hvn atti j brvnastodum.” DI VIII, 202-203.

1508/1512: Kaupmálabréf Þorvarðs Erlendssonar lögmans og Kristínar Gottskálksdóttur. „Brvnastader halfer xx c.” DI VIII, 231.

1509:” ... at greindvr biskvp Godskalk galltt ok gaf dottvr sinne Kristinu Godzskalksdttvr hennar heimann fyllgiv j motz di Þorvard til fyllrar eignar ok frials forrædis vnder hana og hennar erfingia... Posteinssstader fyrir xl c er liggvr j Tvngvsveit. Brvnastader halfer fyrir xx c. ... .” DI VIII, 281-282.

1546: “Brvnastader med .ij. kuilldum ix fiordvngum smiorz j landskyllid oc tvinder halfar.” DI XI, 519.

1552: Minnisgrein sr. Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ um búpening sinn.” Brunastodum halfum ij kugilldi. landskyllid iij ær oc xx alner oc tivnder.” DI XII, 486.

1560: Minnisgreinir sr. Gottskálks Jónssonar um byggingu jarða sinna. “Brvnastader med somu [kostum].” DI XIII, 560.

1561: “.... At sera Niculas selldi sera Gottskall Jonssyni [til] fullrar eignar jordina halfa Kimbastadi er liggvr j Siafarborgar kirkiusokn.... . hier i mot gaf sera Gottskall adur nefndum hionum halfa jordina Brunastadi er liggvr j Mælefellz kirkiu sokn ... .” DI XIII, 601.

1569: Reikningur kirkna á prestssetrum í Hólabykupsdæmi.”Kirkia a Mælifelli beneficium. Hun a jord Starastadi.... Brúnastader,,,,, ,” DI XV, 353.

1651:” Helen Sigurðardóttir fær dóttursyni sínum, Snæbirni Torfasyni, 7 hndr. í Brúnastöðum ásamt fimm málnytukúgildum fyrir þann kostanð og ómak, sem hann hefði haft vegna málsóknar Helenar og Guðlaugar sálugu systur hennar við Þorberg Hrólfsón” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 212.

1652:”Helen Sigurðardóttir selur dóttursyni sínum, Snæbirni Torfasyni 8 hndr. Í brúnastöðum, en Snæbjörn

skyldi greiða, sem honum mögulegt væri, 60 ríkisdali, sem Teitur Torfason bróðir hans var skyldugur að gjalda utanlands.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 212.

1654: “Teitur Torfason auglýsir, að hann hafi vegna ömmu sinnar, Elínar (Helenar) Sigurðardóttur, meðtekið 60 ríkisdali af bróður sínum, Snæbirni Torfasyni, fyrir 8 hndr. Í Brúnastöðum.” Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 212.

1713:”Brunastader, sundurskift jörð í tvo bæi ogso að túni og engjum. Jarðardýrleiki xxx [hdr]. Eigandi að hálfri Mælifellskirkja beneficium. En að hálfri eggert Snæbjörnsson að Kirkjubóli í Ísafjarðarsýslu.” JAM IX, 133.

: “ Brúnastaðir, 30 hndr.” SSS, 74; “ Jarðir, sem liggja undir Mælifellskirkju, auk staðarins hjáleigu, ... hálfir Brúnastaðir, 15 hndr.,... .” SSS, 77.

1847: 30. hndr. Hálf kirkjueign (Mælifell) og hálf bændaegn. JJ, 262.

1713:” Engjunum spillir lækur með grjótsáburði og túni Jóns með jarðföllum.” JÁM IX, 133.

**SK-159:012** heimild um stekk

A 486744 N 547436

Í örnefnaskrá segir: «Ekki eru nefnd hús annarstaðar í landareigninni, en stekkur mun hafa verið vestan undir Klöpp nokkuð norður frá Ytra-Gerði.” Ekki sást til stekkjaraens en líklega hefur hann verið við Stekkjarmel sem er um 140 m suðaustan við mógrafir 015. Stekkurinn var um 130 m sunnan við miðlónu Blöndulínu 3.

Niður undan Klöpp er stórgrýti og svæði sem er að hluta sléttað en að hluta smápýft niður að Stekkjarmel, gróðurlitlum og sléttum mel. Neðan hans er svo uppþurkað, smápýft mýrarsvæði.

Ekki sáust neinar mannvirkjaleifar á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brúnastaðir, 6

**SK-159:015** heimild um mógrafir

A 486612 N 547482

Í örnefnaskrá segir «Mýrlendið ofan (austan) Skagafjarðarvegar, frá túni og út að Merkjalágarholti er kallað Mýrar allt upp að Stekkjarmel [SK-159:012]. Þær eru samfeltt graslendi, áður blautt en þó sámilega greiðfært á hestum, en nú forþurkað. Þarna var mótekja áður fyrir. ( S.S.)” Mógrafirnar hafa verið um 600 m norðvestan við bæ SK-159:001 og 2,3 km vestan við beitarhús SK-162:013. Mótekja var um 55 m sunnan við miðlónu Blöndulínu 3

Vestan undir hömrum hefur mýri verið ræst fram og er þar nú þýft tún.

Nú er þarna afar þýft tún nýtt til beitar. Engin merki mógrafa sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

SK-162 Litlidalur

1570: Kaupbréf fyrir Litla-Dal í Tungusveit í Skagafirði.”... ad suo fyrir skildo ad adurnefndur Oddur selldi Gunnari Gijslasyni halfa iördina Litladal i Tungosueit .xx. hundrad er liggr i Reykiakirkju sokn ... .” DI XV, 386.

1713:” Harðardýrleili xl [hdr.]... .” JÁM IX, 140.

1839: “Litlidalur, 30 hndr. austur undan Brúnastöðum.” SSS, 74.

1847: 30 hndr. Bændaeign.[“Auk Litladalskots, sem A.M. telur hjáleigu héðan, nefnir hann hér og Bæjarstaði, sem eyðihjáleigu.” JJ, 262 neðanmáls]

1713:”Engjunum spillir sama.” JÁM IX, 140.

**SK-162:011** *Reiðgötur* heimild um leið

A 488836 N 547372

Í örnefnaskrá segir «..fram í Skerjagróf. Úr grófinni og í garð [010] þann sem fyrir sunnan Sandagerði er. Svo þaðan og vestur í reiðgötur,” seinna “..fram í Landgróf, sem liggur austur við Jökulsá, og réttsýnis úr grófinni og vestur í Reiðgötur.” Leiðin liggur framhá beitarhúsum 013 í u.þ.b. 100 m fjarlægð. Syðst er leiðin um 42 m suður af miðlónu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 og liggur hún í sveig út af svæðinu til norðvesturs.

Þarna eru melhólar nokkuð miklir og er grasi og lyngi gróið í lægðum þar á milli.

Samkvæmt Hönnu Björg Hauksdóttur, heimildamanni, liggja reiðgötur þar yfir frá norðri til suðurs. Greinilegir troðningar sáust á vettvangi sem koma heim og saman við lýsingu. Virðast enn vera í notkun. Staðurinn var fyrst heimsóttur 2008 en var skoðaður aftur árið 2020. Troðningar í stefnu norðvestur-suðaustur sjást á um 780 m löngum kafla, þar af eru um 375 m innan úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Viðast er ein gata skýrust en smærri troðningar kvíslast víða út frá henni en sameinast götunni svo aftur. Mest eru um 15 m milli samliggjandi troðninga.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 2

**SK-162:013** *Beitarhúsamelur* tóft beitarhús


A 488978 N 547394

Í örnefnaskrá segir: «Sandagerði hefur hugsanlega verið þar sem voru beitarhús frá Litladal. Sá staður er nefndur Beitarhúsamelur.» Síðar segir í sömu örnefnaskrá: “Við eða í leifum beitarhúsanna fannst, í búskapartíð Gísla Ingólfssonar og Ásgerðar Jóhannsdóttur í Litladal [1971-1983], steinn með áhöggnum fangamarki og ártali. Þau fóru með stein þennan heim í Litladal, og nú, 1995-2002, er hann sunnan undir íbúðarhúsinu [001]. Á steininn, sem mun vera úr blágrýti, er höggvið: T Þ 1876. Þetta eru vel gerðir stafir...Vilhelm Jóhannsson, bóndi í Laugardal 1929-1973, vissi um stein þennan og vissi að stafirnir táknuðu Tómas Þórðarson, en sá mun hafa verið beitarhúsamaður í Litladal.” Tóftin er um 240 m norðvestan við mógrafir 015, uppi á svokölluðum Beitarhúsamel. Gróinn malarhóll er um 10 m fyrir sunnan tóftina. Tóftin er um 47 m norður af miðlinu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á grónum malarási þar sem stöku steinn stendur upp úr sverðinum. Annars er svæðið vaxið grasi, lyngi og mosa.



*Beitarhús SK-16:013, horft til austurs.*



Skýringar

Fornleifar  
Torhlaðið

0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af beitarhúsum SK-162:013.*

Tóftin stendur á svokölluðum Beitarhúsamel sem er gróinn malarás. Hann liggur norður-suður, er um 10 m hár og nær eins langt og augað eygir til austurs. Tóftin er 11 x 6 m stór og snýr nálega austur-vestur. Veggirnir eru útflettir, 0,2 m á hæð, og hvergi sést glitta í grjóti. Inngangur er á miðri vesturhlíð og ekki sést til annarra hólfa. Norðurveggurinn er mikið raskaður og horfinn að mestu. Suðurveggurinn er einnig raskaður á um tveggja metra kafla. Garði gengur eftir tóftinni endilangri. Hann er grjóthlaðinn og um 10 m langur. Ekkert sást til hlöðunnar sem minnst er á í örnefnaskrá. Hjalti Pásson tekur það fram í Byggðasögu Skagfirðinga III hlaða hafi ekki verið við beitarhúsin og rangt sé farið með í örnefnaskrá. Heldur er ekki tekið fram í örnefnaskrá hvað Sandagerði er. Telja má ólíklegt að Sandagerði, ef það er býli, hafi verið á Beitarhúsamel. Lítil gróður er á melnum og því hefðu grjóthleðslur og önnur mannvirki blasað við.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 2, 9; Hjalti Pálsson: BS III, 190.

**SK-162:014** heimild um ristu

A 489129 N 547206

Í Jarðabók Árna og Páls segir «Torfrista og stunga sæmileg.» Svæðið þar sem ristan fór fram í seinni tíð var þurrkað upp með skurðum sem liggja þar víða og sjást á loftmynd. Þarna var mýri en nú eru þar þurr og þýfð tún. Fyllt var upp í mógrafir á svæðinu þegar skurðirnir voru gerðir en ekki er vitað hvort að torfristurnar sáust. Tæpa 250 m til austurs er svo kallaður Beitarhúsamelur 013, malarás sem liggur eftir endilöngu svæðinu eins langt og augað eygir í báðar áttir. Landamerkjagirðing á milli Þorsteinsstaða og Litladals er 400 m til suðurs. Línustæði Blöndulínu 2020 liggur yfir svæðið.

Þýfð, grasivaxin og uppþurrkuð mýri.

Engin ummerki torfristu sjást á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 140

**SK-162:015** heimild um mógrafir

A 489129 N 547205

Í Jarðabók Árna og Páls segir: «Móskurður hefur verið, brúkast ei, óreynt hvort enn er.» Svæði þar sem mótekja fór fram í seinni tíð var þurrkað upp með skurðum sem liggja þar víða og sjást á loftmynd. Þarna var mýri en nú eru þar þurr og þýfð tún. Fyllt var upp í mógrafir á svæðinu þegar skurðirnir voru gerðir. Mótekja var á öllu skurðstykkinu eins og svæðið er kallað í dag. Tæpa 250 m til austurs er svo kallaður Beitarhúsamelur, malarás

sem liggur eftir endilöngu svæðinu eins langt og augað eygir í báðar áttir. Landamerkjagirðing er 400 m til suðurs. Línustæði Blöndulínu 2020 liggur yfir svæðið.

Þýfð, grasivaxin og uppburrkuð mýri.

Engin ummerki mógrafa sjást á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 140

**SK-162:033** gata leið

A 489015 N 547332



*Gata SK-162:033, horft til norðurs.*

Götur eru rúma 40 m austan við beitarhús SK-162:013 og rúma 200 m norðvestan við mógrafir SK-162:015. Göturnar liggja fast fyrir austan Beitarhúsamel, sem er malarás, og eru sumsstaðar í hlíðum hans. Göturnar liggja meðfram ásnum og sjást eins langt og augað eygir í báðar áttir. Malarásinn er um 10 m hár og nokkuð brattur. Syðst sjást göturnar um 16 m suður af miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020 og liggja þær út af svæðinu til norðurs.

Göturnar liggja á malarás sem er vaxinn mosa, lyngi og grasi.

Göturnar eru greinilegar og sjást um 4 - 6 rásir. Þær eru um 0,4 m á dýpt og mold í botninum. Göturnar liggja norður - suður, og eru fast austan undir Beitarhúsamel. Líklegt má telja að göturnar sameinist eða liggji nálægt Reiðgötum 011 fyrir sunnan hann. Göturnar gæti hafa legið frá Litladal og Laugalandi að Reiðgötunum.

Göturnar eru greinilega ennþá notaðar í dag af skepnum. Staðurinn var fyrst heimsóttur 2008 en var skoðaður aftur 2020. Göturnar sjást á um 500 m löngum kafla, þar af eru um 170 m innan úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-163** Litladalskot

1839: "Litladalskot, 10 hndr., litið norðar og austar en Litlidalur." SSS, 74.

1847: 10 hndr. Bændaeign. JJ, 262.

**SK-163:014** garðlag nátthagi


A 489434 N 548874

Tvö garðlög sem afmarka túnblett eru 1 km suðaustan við bæ 001 og 350 m norðvestan við beitarhús 018. Þau ganga þvert yfir miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Grasmói og gróinn melur eru í kringum túnblettinn en greinilegt gamalt tún innan þess, smáþýft og grasi gróið.

Garðlögin afmarka túnblett sem er 120 x 90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þau eru 0.4-0.6 m á hæð og 2.5-3.5 m á breidd. Nyrðra garðlagið er mjög útflatt en það syðra virðist vera betur farið. Garðlögin eru nokkuð hlaupin í þúfur en sjást samt vel. Ekki sjást nein ummerki um tóftir innan túnsins. Líklega hefur þetta verið einhverskonar gerði, hugsanlega nátthagi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Uppmæling af nátthaga SK-163:014.*




*Nátthagi SK-163:014, horft til norðurs.*

**SK-163:018\_1** tóft beitarhús  
1886: Í bókinni Hofdala-Jónas segir:  
“Beitarhús höfðu verið byggð frá Litladalskoti æði kipp suður af bænum, og var fimmtán til tuttugu mínútna gangur milli þeirra og bæjarins. Nú stóðu tóftirnar opnar, en svo vel stæðilegar, að setja mátti þak á þær án mikillar fyrirhafnar, því hvergi var þar hruninn steinn úr garða né snidda úr vegg. Voru þetta tóftir tveggja samstæðra húsa og munu hafa rúmað um áttatíu fjár.”

Í örnefnaskrá segir «Sunnan og ofan við Moldhrygg voru Beitarhús. Þar var hýst sauðfé allt fram til 1976 og var féð oft látið liggja við opið. [...] Beitarhúsin eru nú fallin, en leifar þeirra sáust 1995, enda voru veggir þá ekki hrundir til grunna. [...] Tún eru í kringum húsin og hefur verið girðing í kringum það. Einnig sést vallgróinn túngarður frá fyrri tíma. Þá eru í túninu vallgrónar leifar eldri húsa á a.m.k. tveim stöðum.” Beitarhúsið og túnið í kring er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1923. Minjasvæðið samanstendur af beitarhúsatóft 018\_1, tveimur túngörðum 018\_2 og 3, og tveimur tóftum 018\_4 og 5. Svæðið er 130 x 60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft beitarhúsanna er um 1,5 km suðaustur af bæ 001, um 120 suðvestur af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Beitarhúsatóftin er á grasi vöxnum hól. Grýtt holt er ofan (suðvestan) við hólinn en grasi vaxið neðan við hann. Mikill arfi vex á hólnum.

A 489589 N 548576



#### Skýringar


<b>Fornleifar</b>	— Kantur
Rústahóll	<b>Úttektargögn</b>
Grjóthlaðið	Úttektarsvæði
Torfhláðið	

0 10 20 30 40 m

*Uppmæling af minjum SK-163:018.*



*Beitarhús SK-163:018\_1, horft til vesturs.*



<b>Skýringar</b>	Torfhláðið
<b>Fornleifar</b>	<b>Úttektargögn</b>
Rústahóll	Úttektarsvæði
Grjóthlaðið	

0 5 10 15 20 m

*Uppmæling af beitarhúsum SK-163:018\_1.*

Tóftin er um 17,5 x 15,5 m að stærð og snýr SV-NA með op á báðum endum. Hæð veggja er hæst um 1,2 m og breidd víðast 2-3,5 m. Grjót sést vel í veggjum að innanverðu. Spýtna- og bárujárnsbrak er inni í tóftinni vestantil. Tveir grjóthlaðnir garðar eru í beitarhúsunum, um 1,5 m á breidd og a.m.k. 8,5 m á lengd. Mögulega hefur verið hlaða í SV-hluta en erfitt ákvarða lengd garðanna með fullri vissu vegna hruns úr veggjum og braks úr þaki. Rof er í SA-vegg tóftarinnar að utanverðu. Hóllinn sem tóftin er á er um 45 x 35 m að stærð og 1,5 m hár þar sem hann stendur hæst. Líklegt er að leifar eldri húsa séu undir tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hofdala-Jónas; Ö-Litlidalur, 9; Uppdráttur Íslands 1923, 53

**SK-163:018\_2** garðlag túngarður

A 489622 N 548557

Torf- og grjóthlaðinn túngarður afmarkar tún umhverfis beitarhús 018\_1, 95 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Hann afmarkar tún sem er 110 x 56 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Garðlagið er mjög greinilegt suðvestan við beitarhúsin en verður fremur útflatt norðvestar. Á norðausturhlið sést það aðeins sem kantur. Garðurinn er 0.3-0.5 m á hæð og er yfirleitt um 1,2-1,5 m að breidd en breiðastur og stærstur er hann þó 2,2 m breidd, á suðvesturhlið. Það sést í grjóthleðslur í utanverðum túngarðinum að sunnan og suðvestan. Annar túngarður 018\_3, sést einnig utan um túnið og er þetta líklega yngri túngarðurinn og hefur grjót úr þeim eldri líklega verið notað til að byggja þann yngri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 9; Uppdráttur Íslands 1923, 53



Garðlag SK-163:018\_2, horft til suðvesturs.



SK-163:018\_3, horft til norðvesturs.

**SK-163:018\_3** garðlag túngarður

A 489596 N 548534

Grjóthlaðinn túngarður afmarkar tún umhverfis beitarhúsin og er aðeins utar en túngarður 018\_2. Hann er 90 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Hann afmarkar tún sem er 125 x 60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er orðinn mjög sokkinn í gróður og er sumstaðar að hverfa, enda lítur út fyrir að grjótið úr honum hafi verið nýtt að hluta til að byggja túngarð 2. Garðurinn er allstaðar grjóthlaðinn fyrir utan á smá hluta vestast, á 8-10 m kafla. Einnig sést engin hleðsla norðvestast. Garðurinn er 0.1-0.2 m á hæð og sést 1 umfar af grjóti. Oftast sést aðeins 1 röð. Skráningarmaður telur túngarð 3 vera eldri en túngarði 2, en á norðaustur hliðum túngarðanna, þar sem túngarður 2 sést sem kantur, er hann nánast byggður ofan á túngarð 3.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-163:018\_4** tóft beitarhús

A 489540 N 548613

Tóft sést innan túngarðs 18\_2, 60 m norðvestan við beitarhús 018\_1 og tæpum 140 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Svæðið var mjög grasi vaxið í ágúst mánuði og tóftin því mjög ógreinileg enda leifum lýst sem mjög vallgrónum. Tóftin myndi líklega sjást mun betur snemma vors þegar gróður hefur ekki tekið almennilega við sér. Tóftin er einföld, 6x5.5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op snýr út til norðausturs. Innanmál tóftarinnar er 3,5 x 3 m. Hæð veggja er 0.2-0.3 m og breidd þeirra er 1.8 þar sem þeir eru breiðastir. Þetta eru beitarhús, líklega eldra en beitarhúsin. Hugsanlega hefur svæðið því gegnt öðru hlutverki áður en beitarhúsin voru byggð þar og einnig gæti verið um tún býlis að ræða, bæjarhól og útihús. En það eru enn sem komið er getgátur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 9



Beitarhús SK-163:018\_4, horft til suðvesturs.



Skýringar  
 Fornleifar Úttektargögn  
 Torhlaðið Úttektarsvæði

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft SK-163:018\_4.

**SK-163:018\_5** heimild um útihús

Nákvæm staðsetning þessarar tóftar er ekki þekkt, fyrir utan að hún er innan túngarðarins. Svæðið var mjög loðið í ágústmánuði og þrátt fyrir að það hafi verið þaulgengið sáust engar vísbendingar um hvar seinni tóftin gæti hafa verið. Nauðsynlegt er að fara aftur á svæðið snemma vors þegar gróður hefur ekki tekið almennilega við sér, til þess að freista þess að finna tóftina.

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 9

SK-167 Steinstaðir

“Þenna kost þekkisk Hreiðarr ok bjó á Steinsstöðum; hann kaus at deyja í Mælifell.” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 233.

“Tungu-Steinn hét maðr, er bjó á Steinsstöðum; hann var Bjarnarson, ... .” Grettis saga, Íslenzk fornrit VII, 227. 1311:”... þa merkiagerde hamrar til þess at gardr geingr utan ór geil ok suo ofan firir utan steinstada uoll ok fram i mylnu tiorn. ... .” DI II, 373.

1449: Jarðasölubréf.” gaf tjtt nefndr einar hier j mot jordina reyki j sakgafirdi j tvngusveit. steinstade.... .” DI IV, 755.

1525: Sigurðarregistur, máldagar Hóladómkirkju þegar Jón Arason tók við.”Þetta j fasta gozi reykiavalle,.... steinstader... .” DI IX, 321.

1565: “at suo firir skilldu at Magnus bondi gaf Gottskal syni sinum alla jorduna Steinstadi i Tvngusveit i sina loggiof... .” DI XIV, 400.

1565/1604: Festingarbréf Gottskálks Magnússonar og Guðrúnar Gottskálksdóttur. “so og med jæordi og samþycki födur og modur optsagdrar gudrunar. talldi Goskalk Magnusson sier til kaups vid þrattnefnda Gudrunu halft anat hundrad hundrada. war þar j fyrstu jordin Reykier j Skagafirdei og Steinstader ... .” DI XIV, 414.

1569: Reikningar Hólastóls. “Hier til var skilad heim til Miclagardz fra Hleinargardi vm vorid siukri aflogs ku oc annarri fra Steinstodum vm haustid..” DI XV, 220; “... ad suo felldur giorningur for framm millum þeirra Sigrijdar Grimsdottur oc hennar sonar Gottskalks Magnussonar ad fyrrnefnd Sigrijdur med radi og samþycki bonda sins Magnugar Bjornssonar gaf syni sinum Gottskalk jordina alla Steinstadi j Tungusueit til æfinligrar eignar... .” DI XV, 331-332.

1713:” Steinstader ytre og Steinstader sydre. Ein jörð báðar saman og hafa báðar eitt fyrrisvar, sundurskriftar að húsum, túnum og engjum og báðar saman taldar og tíundaðar að jarðardýrleika xxx [hdr].” JÁM IX, 137.

1839:”Steinsstaðir, 30 hndr.” SSS, 74.

1847: 30 hndr. Bændaeign. JJ, 262.

“ Meðal bæja í Tungu má nefna Steinsstaði norðvestan til. ... Sagt er um landnámsmanninn á Steinsstöðum, að hann kaus að deyja í Mælifell.” KK III, 51.

1713: Engjunum grandar Svartá með leirs og sands áburði.” JÁM IX, 138.


“Jarðhiti er bæði þar og á Reykjum nágrannabæ fyrir norðvestan.” KK III, 51.

**SK-167:053** tóft rétt

484347 555223

Mjög gróin réttartóft er um 1,6 km norðan við leið 054 og rúmum 50 m vestan við Héraðsvötn. Tóftin er tæpum 32 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í rótum grasgróinnar brekku, rétt vestan við áreyrar Héraðsvatna. Mjög uppblásið svæði er rétt Tóftin er einföld, 16 x 7 m að stærð og snýr nálega norður-



Uppmæling af rétt SK-167:053.



Rétt SK-167:053, horft til ANA.

suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,6 m á hæð. Ekki sér í umför vegna mikils gróðurs. Op er á tóftinni norðarlega á vesturhlið hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-167:054 gata leið

A 484954 N 553781



Greinilegar götur eru um 1,6 km sunnan við réttartóft 053 og tæpum 200 m vestan við Hérðasvötn. Göturnar eru rúmum 85 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.


Göturnar liggja ofarlega í grasigrónum brekkurótum. Til suðurs er skógræktarreitur.

Göturnar eru grónar og sumar þeirra eru líklega enn farnar af hestum. Þær eru víða 2-3 samvaxnir paldrar, 0,5 djúpar og 1-1,5 m breiðar. Göturnar eru greinilegar um 380 m löngum kafla og liggja nálega norður-suður. Þær hafa líklega legið til réttar 053.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

Gata SK-167:054, horft til norðurs.

SK-168 Vindheimar



16 hdr árið 1713. "Afdeildur bær frá heimajörðinni Reykjum, útskiptur að túni og engjum." JÁM IX,136.

44 hdr árið 1847. JJ, 262.

1918: Tún 6,8 teigar. Matjurtargarðar 152 flatarstíkur. "Torfrista bjargleg, þó er langt til hennar að sækja. Stúnga lök heimavið" JÁM IX, 136.

**SK-168:002** heimild um leið  
A 483048 N 556396

Samkvæmt túnakorti liggur heimreið norðvestur frá bæ 001. Heimreiðin lá þar sem núverandi heimreið liggur að bænum. Vesturendi traðanna endar um 150 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Malarvegur og sléttuð tún.

Engin ummerki um leið vegna vegagerðar og túnasléttunar

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

Norðurhluti heimatúns Vindheima er innan áhrifasvæðis línukosts B4.

SK-168:003 heimild um kálgarð

A 483301 N 556428

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var matjurtagarður 170m norðustan af bæ 001 og 154 m austan við útihús 007. Útihúsið er horfið en var 40 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Gróið tún nýtt til beitar.

Engin ummerki eru um kálgarð sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918



**SK-168:007** heimild um útihús

A 483147 N 556447

Samkvæmt túnakorti voru útihús 110m norðan við bæ 001 og tæpum 50 SSV við útihúsið 008. Útihúsið er horfið en var 85 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 3.

Sléttað tún í ræktun.

Engin ummerki eru um útihús vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-168:008** heimild um útihús

A 483167 N 556495

Samkvæmt túnakorti voru útihús 160m NNA við bæ 001 og rúmum 130 m VNV við kálgarð 003. Útihúsið er horfið en var 40 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 3.

Skógrækt í halla til norðurs. Ekki er ólíklegt að útihúsið hafi verið örlítið sunnar, uppi á brúninni.

Engin ummerki eru um útihús sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SK-168:011** *Laugar* mannvirki þvottalaug

A 483818 N 555994

“Syðst á Austur-Hólminum er svokallaður Laugarhólmi, en hólmi þessi markast annars vegar af jökulvatni úr Héraðsvötnum og hins vegar af frárennsli frá laugum og volgrum í hallanum upp af hólmanum. Af laugum þessum ber ein nafnið Laugar, og er þá almennt átt við tiltekna laug, en þar var reist hús til þvotta,» segir í örnefnaskrá. Ungt þvottalaugarmannvirki er rúmum 700 m suðaustan við bæ 001 og tæpun 180 m norðan við stekk 013. Mannvirkið er tæpum 5 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Mannvirkið er syðst við volga tjörn. Til austurs er malarslóði,

Mannvirkið er steipt, 3 x 1,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það er 1,5 m á hæð. Þak hefur verið á mannvirkinu en það er fallið. Gengið er inn í laugarhúsið að sunnan.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vindheimar, 3




*Laugar SK-168:011, horft til suðurs.*

**SK-168:013** tóft stekkur

A 483806 N 555826

“Upp af Arnarbergi er allstór mýrarfláki, er nefnist Laugarmýri. Tak-markast hún af tveimur “hvalböku” er nefnast Klappir. Á annarri klöppinni sér fyrir hleðslu, sem talin er vera gamall stekkur. Á hinni klöppinni, þeirri syðri, standa veggir gamals smalabyrgis [014],» segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 790 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m NNV við þúst 021. Stekkurinn er tæpum 136 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Uppmæling af tóft SK-168:013.*



*Stekkur SK-168:013, horft til austurs.*

Stekkurinn er norðarlega á gróinni klöpp. Deiglendi er umhverfis stekkin. Til vesturs er djúpur áveituskurður. Stekkurinn er tvöfaldur, 9,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir og eru þeir 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför vegna gróðurs en víða glittir í stæðilegt hleðslugrjót. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið tóftarinnar. Hólf A er suðvestara hólfid. Það er 3 x 2 m að innamáli og snýr eins og tóftin. Hólf B er norðeystra hólfid. Það er 4 x 3 m að innamáli, snýr eins og tóftin. Op er á því hólfu til norðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vindheimar, 4


**SK-168:014** tóft smalakofi

A 483941 N 555750

“Upp af Arnarbergi er allstór mýrarfláki, er nefnist Laugarmýri. Tak-markast hún af tveimur “hvalböfum” er nefnast Klappir. Á annarri klöppinni sér fyrir hleðslu, sem talin er vera gamall stekkur [013]. Á hinni klöppinni, þeirri syðri, standa veggir gamals smalabyrgis,” segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er um 960 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 160 m ASA við stekk 013. Kofinn er rúmum 117 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.



*Smalakofi SK-168:014, horft til vesturs.*



*Uppmæling af smalakofa SK-168:014.*

Smalakofinn er ofarlega á berum klöppum. Til suðurs er þýft deiglendi. Djúpir áveituskurðar eru vestan og sunnan við smalakofann.

Tóftin er ferhyrnd, 2,5 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og er hlaðin úr stæðilegu grjóti. Sjá má 2-4 umför í veggjum sem eru 0,6 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vindheimar, 4

**SK-168:018** gata leið

A 483899 N 556988



*Leið SK-168:018, horft til SSV.*

Grónar og grunnar götur eru við austurmerki Vindheima, um 990 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 1 km NNA við leið 019. Göturnar eru rúmum 40 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Götur eru á grónu, flötu eylandi á gömlum árbakka Héraðsvatna. Norðvestan við götur eru kornakrar og austan við eru grónar eyrar.

Í landi Vindheima eru um 5 samliggjandi götur á um 30 m löngum kafla. Göturnar sjást vel á merkjum við árbakkann en þeim fækkar þar sem þær liggja áfram áleiðis að Vindheimum. Svæðið sem göturnar fara yfir er breiðast um 3 m, göturnar eru mjóar og grunnar, um 0,2 m djúpar og 0,2 m breiðar. Þær liggja norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-168:019** gata leið

A 484062 N 555946

Grónar en skýrar götur eru um 930 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 260 m ANA við laug 011. Göturnar eru

tæpum 15 m vestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Göturnar liggja um hart en gróið eylandi. Skammt vestan við þær er rof í sandbarð og hafa Héraðsvötnin rutt sér þarna leið.

Göturnar eru allskýrar, um 15 samsíða rásir sjást á um 5 m breiðu svæði og hægt að rekja á um 80 m löngum kafla. Rásirnar eru mjóar, um 0,2-0,3 m breiðar og svipaðar að dýpt. Þessi leið kann að hafa legið á slóða sem sést í brattri hlíð suðaustan við Vindheimabæinn, þar sem flóðvarnargarður endar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið SK-168:019, horft til norðurs.*



*Þúst SK-168:021, horft til norðurs.*

**SK-168:021** þúst

A 483819 N 555791

Greinileg þúst er rétt sunnan við Klappir, um 820 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 40 m SSA við stekk 013. Þústin er um 156 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Helgunarsvæði hennar (15 m) nær hins vegar inn á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda Blöndulínu.

Þústin er í þýfðu deiglandi. Til vesturs og suðurs eru djúpir áveituskurðir.

Þústin er 8,5 m í þvermáli og rís 0,6 m hærra en umhverfið í kring. Hún sker sig úr umhverfinu vegna þéttari gróðurs. Mögulega leynast mannvistarleifar undir sverði. Ekki er loku fyrir það skotið að ummerkin séu uppmokstur frá áveituskurðum í kring, en þústin er þó í talsverði fjarlægð frá þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-168:022\_1** garðlag áveita

A 482497 N 556816

Signir og torfhlaðnir flóðgarðar eru 870 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 130 m norðan við núverandi heimreið Vindheima. Garðlögin eru rúmum 120 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Þrír flóðgarðar liggja á svæði sem er 140 x 70 m að stærð og snýr norður-suður.

Flóðgarðarnir eru rétt norðan við malarveg, á deiglandu svæði. Til norðurs er ræktað tún.

Hér er austasti flóðgarðurinn skráður og er hann best varðveittur af flóðgördunum. Garðurinn liggur nálega norður-suður á um 20 m löngum kafla en sveigir síðan til norðausturs og er greinilegur þar á um 60 m löngum kafla. Samtals er garðurinn 80 m á lengd og 0,5-0,8 m breiður. Hann er stæðilegastur að sunnan, 0,6 m á hæð en minnkar lítillega því norðar sem dregið er.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda




*Flóðgarður SK-168:022\_1, horft til suðausturs.*



*SK-168:022\_3, horft til norðurs.*

SK-168:022\_2 garðlag áveita



#### Skýringar

Fornleifar Úttektargögn  
Torflaðið Úttektarsvæði

0 10 20 30 40 m

Uppmæling af áveitu SK-168:022.

úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-168:023 gryfja óþekkt



Gryfja SK-168:023, horf til vesturs.

SK-169 Reykir

60 hdr 1713. Bændaeign. JÁM IX, 136.

44 hdr árið 1847. JJ, 262. Í JÁM IX er sagt um hjáleigur: «Vindheimar. Afdeildur bær frá heimajörðunni Reykjum...» Eyðihjáleigur er taldar Reikiagerde og Fagrakinn, öðru nafni Guddukot.

1238: Kolbeinn ungi skriftar fyrir Þórði presti á Reykjum, Íslendingasaga, Sturl, 416

1318: LXIII. Reykia kyrckia. Kyrckia ad Reykium j Tungu ä kuikfie. iij. kыр. äsaudar kugilldi. ij. Ross. ij. messufot. j. Bækr. ij. alltarisklædi. ij. oc kista læst. Tiolld vm alla kyrkiu. krossar. ij. kluckur. v. abreydsl Glodarkier. Elldbere. mercki. ij. Glrgluggr. artijdashkrä. Michilas lykneski. Þar er prestz skylld j lande. tekur hann heima j leigu iiij. merkur. j dal. iiij. merckr. af. x. Bæium lysisitollur og heytollur Tyund tali anno. xj. hundrud; DI II, 465-466.

1360-89: xxxiiij. Reyker j Tungusueyt. Kyrckia ad Reykium er helgud hinum heilaga Michaele. hun ä .vj. kyr .iiij. asaudar kugilldi .vj. ross .ij. hundrud voru. Geyrdys gaf .... Þetta jnnann kyrkiu. Messufot ein. Bækur .iiij. alltarisklædi .ij. kista læst. Tiolld vm alla kyrkiu. krossar .ij. Maichials lykneski. kluckur .v. Lyka abreydsl. Glodar kier. Elldberi. vatzkietill. sacrarium. munnlaug. mercki .ij. glergluggur. kaleykur. Mariu skriptt.

A 482404 N 556840

Flóðgarður 022\_2 er um 90 m vestan við flóðgarð 022\_1. Garðurinn er 0,4 m hár og liggur nálega norður-suður á um 20 m löngum kafla. Hann er breiðastur fyrir miðju, 0,7 m, en annars staðar aðeins 0,4 m breiður. Garðurinn er um 85 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-168:022\_3 garðlag áveita

A 482365 N 556854

Flóðgarður 022\_3 er um 40 m vestan við flóðgarð 022\_2. Garðurinn liggur nálega norður-suður og sést aðeins á um 15 m löngum kafla. Hann er 0,3-,0,4 m hár og 0,4 m breiður. Hann er um 110 m norðan við miðlínu

A 483334 N 556380

Gryfja er um 167 m norðaustan við bæ 001, 100 m austan við vélaskemmu og 90 m suðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Gryfjan er efst í aflíðandi brekku til norðurs, rétt norðan við sléttað tún, rétt norðan við merki Vindheima 1 og Vindheima 2.

Grasigróin og þýfð aflíðandi brekka til norðurs.

Óljós gryfja sem er aðeins grafinn inn í brekkuna. Hún er 4x1,8 m á stærð og snýr norður-suður. ytri brún veggja ekki sjáanleg. Hlutverk minjar er óþekkt og er möguleiki á að þetta sé náttúrulegt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

1918: Tún 5,5 teigar, þar af 2/3 slétt. Matjurtargarðar 540 flatarstíkur.  
1713: Lax og silungsvéiðivon í Hjeraðsvötnum heppnast misjafnt.” JÁM IX, 136

**SK-169:056** varða óþekkt

A 484221 N 555973

Hrunin varða er um 150 m austan við leið SK-168:019 og rúmunum 170 m norðvestan við Héraðsvötn. Varðan er rúmunum 148 m austan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Ekki er ljóst um hlutverk vörðunnar en hún er ekki við þekkta leið eða landamerki.

Varðan stendur á dálitlum jarðvegsbakka á grónum áreyrum. Lítil kvísl árinna hefur runnið austan við vörðuna.

Varðan er úr meðalstóru, skófum vöxnu grjóti. Hún er um 1,2 x 1 m að grunnfleti, snýr NNA-SSV og er um 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-169:056, horft til austurs.*

SK-170 Reykjagerði (Reykjasel)

1713: Eyðihjáleiga frá Reykjum (SK-169) samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 137. Þar segir enn fremur: «ekki byggð í næstu 40 ár. Kemur hjer og engin undirretting fram, sem ljóst gjöri hversu þetta kot byggdist, hvað hjer var landskulds eður kúgildi, nema það ætla menn að hjer muni hafa kunnað að fódrastr í kýr og v lömb.»

1847: Sögd hjáleiga undir Reyki og reiknast dýrleiki með henni, samkvæmt Jarðatal Johnsen, 262.

1531: “Vitnisburðabréf að Reykjareit milli Reykjases og ár þeirrar sem fullr vestan úr Kiðaskarði og ofan í Mælifellsá, hafi verið haldinn eign Reykja (í Tungusveit.” DI IX, 573; sjá einnig DI IX, 596.

1905/1908: “Reykjasel og Reykjasesland fylgdi alltaf Reykjum fram til ársins 1905 að Jóhann Pétursson á Brúnastöðum, eigandi Reykja, seldi hinn 3. júlí Sveini Gunnarssyni bónda á Mælifelli jörðina Reykjasel í Lýtingsstaðahreppi, 8 hundruð að dýreika [...]. Sveinn átti ekki Reykjasel lengi. Hann seldi hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps landið þrem árum síðar,” segir í Byggðasögu Skagfirðinga III, 474.

1997: Jörðin aftur komin undir Reyki samkvæmt Byggðasögu Skagfirðinga III, 474.

Búið var samfellt á Reykjasesi á árabílinu 1839 til 1905 samkvæmt Árbók Ferðafélags Íslands 2012, 167.

Jarðarítak 1531: Í Íslensku fornbréfasafni er þess getið að Reykir hafi “eftir annan leto bæde riifa hriis i þessum sama reit o allar gagnsnytiar af hafa.» DI IX, 573; sjá einnig DI IX, 596.

“Reykjasel, eða Reykjasesland hefur lengi verið notað sem afréttarland. Lengst af var það ógirt og opin leið fyrir býpening, bæði af afrétt og úr byggð,” segir í Byggðasögu Skagfirðinga III, 475. Á sama stað kemur fram að jörðin hafi verið girt 1956.

**SK-170:009** varða landamerki

A 481194 N 546370

Nær hrunin og gróin landamerkjavarða er um 340 m sunnan við malarveg og rúmunum 140 m vestan við Mælifellsá. Hún er um 83 m suðaustan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er rétt sunnan við Sellæk, á fremur gróðursnauðum melhól. Umhverfis er deiglendi og smáþýft.

Varðan er 1 x 1 m að stærð. Hún er 0,4 m á hæð og hefur hrúnið mikið til suðurs. Hún er hlaðin úr 6-8 steinum og er að hverfa undir gróður. Varðan er á merkjum Reykjases og Mælifells og líklega hefur hún markað landamerki milli þessara tveggja jarða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Varða SK-170:009, horft til vesturs.*

SK-174 Daufá

1686: 20 hdr., konungseign (liggur undir Reynisstaðaklaustri), samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1695: 50 hdr., konungseign (liggur undir Reynisstaðaklaustri), samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 250.

1713 20 hdr., konungseign (liggur undir Reynistaðaklaustur), samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, 110.

1847: 20 hdr., Reynisstaðaklaustursjörð, samkvæmt Jarðatal Johnsen, 263.

1446: “Reikningur Reynistaðaklausturs, er Gamli ráðsmaður Björnsson gerði fyrir Gottskálf [Kænekssyni] biskup á Hólum.” Jörðin er nefnd þar. DI IV, 701; sjá einnig reiking klaustursins 1525 (DI IX, 321) og 1556 (DI XIII, 144).

1563, 31. mars: “Vitnisburðr um landamerki Seylu á langholti í Skagafirði eptir reikningsbók Gottskalks biskup.” DI XII, 75

Eyðibýli 1713: Káratóft.

1918: Tún 2,8 teigar (2/3 slétt). Matjurtagarðar 530.

1713: “Torfrista og stúnga sæmileg. Reiðingur til fenginn. Veiðivon í Svartá ut supra. Upprekstur ut supra. Vatnsból ilt og lítið. Túnið hálf er fordjarfað af lángrandi órækt,” segir í JÁM IX, 110.

**SK-174:018** heimild um lögn

A 481933 N 556543

Lögn var í Húseyjarkvísl, um 560 m norðaustan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar og tæpum 15 m austan við leið 019. Lögnin er um 149 m suðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Lögnin var við gróinn árbakka Húseyjarkvíslar. Til vesturs er mosapýft svæði.

Ekki sjást nein ummerki um lögnina í ánni enda ekki mikil ummerki sem slíkt skilur eftir sig. Áin er ekki straumþung á þessum stað og er um 30 m breið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-174:019** gata leið

A 481918 N 556541

Grónar götur eru um 550 m norðaustan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar og 15 m vestan við lögn 018. Göturnar eru tæpum 150 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Göturnar þræða grónar brekkurætur. Til austurs er árbakkar Húseyjarkvíslar og til suðurs er ræktað tún

Göturnar sjást sem 1-3 samsíða paldrar. Þeir eru 0,6 m djúpir, mosi er í botni þeirra. Göturnar liggja norður-suður og eru greinilegar á um 40 m löngum kafla. Þær eru breiðastar fyrir miðju, um 1 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Leið SK-174:019, horft til norðurs.*



*Varða SK-174:020, horft til austurs.*

**SK-174:020** varða landamerki

A 481542 N 556529

Landamerkjavarða er um 440 m norðan við bæ 001 og rúmum 85 m NNA við hleðslu 021. Varðan er um 35 m suðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Varðan er á landamerkum Daufár og Saurbæjar SK-175. Varðan er á gróinni bungu rétt vestan við ræktað tún. Umhverfis er smápýft deiglendi.

Varðan er nær hrunin. Hún er um 2 x 2 m að stærð og 0,1-0,2 m á hæð. Aðeins neðsta umfarið sést. Hún er hlaðin úr 15-17 steinum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-174:021** hleðsla

A 481528 N 556446

Gróin hleðsla er um 350 m norðan við bæ 001 og rúnum 85 m SSA við landamerki 020. Hleðslan er um 101 m suðvestan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020. Hleðslan er á grónum melhól sem er rétt vestan við ræktað tún. Til austurs og norðurs er grasríkt deiglendi. Hleðslan er 2 m á lengd og 0,8 m á breidd. Hleðslan snýr NNA-SSV og er 0,5 m á hæð. Ekki sér í umför vegna þess hve illa varðveitt hleðslan er. Mögulega er þetta leifar af smalakofa en þetta gæti líka verið ummerki eftir vörðu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SK-175 Saurbær

1544: Kaupbréf fyrir hluta tíu hundruðum upp í jörðina Brenniborg í Skagafirði. "... at suo fyrir skildu at. jon jonsson en yngre fieck faudur sinvm x. hundrut. vupp j jordina Brennvborg. Til fullrar eignar og frials forrædis. var þar tilskilin jordin saurbær er þar er bygd vr heimalande. Med suo mickille jardeign at þar see full tiu hundrut." DI XI, 338.  
1713: "Þriðjungur úr Brenniborg ut supra. Dýrleikinn x [hdr]... ." JÁM IX, 109.  
1847: 10 hdr. Bændaeign. JJ, 263.  
1713: "Kostir og ókostir sem á Brenniborg heima, nema engið fordjarfast af peningi ágangi úr Vallhólmi, so nú er það mestan part í harðlendi komið." JÁM IX, 109.

*Hleðsla SK-174:021, horft til ANA.*

**SK-175:007** heimild landamerki

A 481713 N 556634

Í örnefnaskrá segir «Að austan ræður Svartá, austan við Gráhólma og Bæjarhólma, suður móts við merkjavörðu á melnum fyrir sunnan Saurbæjarklauf. Að sunnan eru merkin frá Svartá beint upp í nefnda vörðu [008], þaðan sjónhending í vörðu [009] á ásabruninni norður undan Háahrauni, og eftir sömu línu í Grástein á ásunum norðaustur undan Vallmúla.» Varðan var sunnan við gatnamótin þar sem heimreiðin niður að Vindheimum mætir Skagfirðingavegi (752), á svipuðum stað og hornstaur girðingarinnar er nú (2020). Jafnframt var varðan um 5 m norðan við miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vegurinn liggur vestan við áætlaða staðstningu vörðunnar en tún og grasmóar að austan og sunnan.

Ekki sjást nein ummerki um vörðuna á svæðinu og hefur hún verið eyðilögð þegar túnið var ræktað eða vegaf framkvæmdir hófust.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurbær, 3

**SK-175:010** heimild um landamerki

A 480764 N 557498

Í örnefnaskrá segir «Að austan ræður Svartá, austan við Gráhólma og Bæjarhólma, suður móts við merkjavörðu [SK-175:007] á melnum fyrir sunnan Saurbæjarklauf. Að sunnan eru merkin frá Svartá beint upp í nefnda vörðu [008], þaðan sjónhending í vörðu [009] á ásabruninni norður undan Háahrauni, og eftir sömu línu í Grástein á ásunum norðaustur undan Vallmúla [...] Að norðan eru merkin frá Borgará beint í nefndan klett og úr honum í merkjavörðu austan til á ásunum, þaðan sjónhendingu í vörðu [SK-175:011] á Laufásás.» Melurinn er tæpa 500 m vestan við vörðu 011 og um 730 m austan við vörðu SK-176:025. Varðan er nú horfin og þar er nú uppmokstur úr skurði sem er á landamerkjum Saurbæjar og Brenniborgar. Úr honum hefur verið gerð ný varða úr grjóti og mold sem mögulega gæti verið á svipuðum slóðum.

Hnit var tekið á malarhóll sem stendur upp úr ræktuðu túni fast sunnan við landamerki Saurbæjar og Brenniborgar. Rafgirðing er fast norðan við hólinn, á landamörkum.

Engin ummerki vörðunnar eru sjáanleg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Saurbær, 3

**SK-175:011** heimild um landamerki

A 481191 N 557745

Í örnefnaskrá segir: «Að austan ræður Svartá, austan við Gráhólma og Bæjarhólma, suður móts við merkjavörðu [SK-175:007] á melnum fyrir sunnan Saurbæjarklauf. Að sunnan eru merkin frá Svartá beint upp í nefnda vörðu

[SK-175:008], þaðan sjónhending í vörðu [SK-175:009] á ásabruninni norður undan Háahrauni, og eftir sömu línu í Grástein á ásunum norðaustur undan Vallmúla [...] Að norðan eru merkin frá Borgará beint í nefndan klett og úr honum í merkjavörðu [SK-175:010] austan til á ásunum, þaðan sjónhendingu í vörðu á Laufásás.” Varðan er um 490 m norðaustan við vörðu Sk-175:010 og varða SK-176:025 er 1,2 km til austurs. Merkjagirðing Saurbæjar og Brenniborgar er 10 m til vesturs.

Þar sem varðan var er nú malbikaður vegur inn Lýtingsstaðahrepp. Hún gæti mögulega líka hafa staðið í vegöxlinni og horfið við framkvæmdir.

Engin ummerki vörðunnar eru sjáanleg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Saurbær, 3

**SK-175:031** Saurbæjarvað vegur vað

í



Saurbæjarvað SK-175:031, horft til norðausturs.

A 481946 N 556850  
örnefnaskrá segir «..vegurinn heldur einnig áfram niður að ánni og yfir hana og heitir Vindheimavegur [002] frá þjóðveginum Skagafjarðarvegi og austur yfir. Þar á Svartá var (og er) vað, Saurbæjarvað, sem oftast var jeppafært.” Vaðið er rétt suðaustan við brúna yfir að Vindheimum og þar sést vegur beggja vegna vaðsins. Vaðið er rúmum 135 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Malarvegur með grónum bökkum, beitarhólf suðaustan við veginn, nýlegur vegur og brú norðan við.

Malarvegur liggur beggja vegna vaðsins. Bakkar eru lágir og grónir utan veggins. Auðvelt færi fyrir bíl og er enn notað fyrir dráttarvélar og þyngri bíla.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Saurbær, 8

**SK-175:035** hleðsla


A 480122 N 556780

Gróin hleðsla er 1,7 km vestan við núverandi bæ 001 og tæpum 520 m suðaustan við vörðu 008. Hleðslan er um 36 m suðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Hleðslan er ofarlega á gróðursnaudum mel. Umhverfis er smáþýft graslendi. Til austurs er djúpur áveituskurður.



Hleðsla SK-175:035, horft til austurs.



Skýringar

Fornleifar  
Grjóthlaðið

0 0.5 1 1.5 2 m

Uppmæling af hleðslu SK-175:035.

Hleðslan er L-laga og er 3 x 1 m að stærð. Hún snýr nálega austur-vestur. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,5 m á hæð. Vegna mikils gróðurs sést ekki í umför. Óvíst er með hlutverk hleðslunnar, mögulega smalakofi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-175:036** þúst óþekkt

A 480768 N 556368

Þúst er staðsett tæpum 1,3 km vestan við vað 031 í litlum túnbletti. Hún er 15 m norðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ræktað tún sem enn er í noktun



Þústin er 7,5 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0.4 m á hæð. Hlutverk þústarinn er ekki þekkt en hugsanlega leynist þar einhverskonar skepnuhús undir sverði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Þúst SK-175:036, horft til norðausturs.*



*Varða SK-175:037, horft til VNV.*

**SK-175:037** varða

A 479711 N 557130

Varða er rétt austan við Borgará, tæpum 2 km VNV við núverandi íbúðarhús jarðarinnar og um 540 m norðvestan við hleðslu 035. Varðan er rúmum 2 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan er ofarlega á grýttum hól, fast norðan við vírgirðingu. Fremur gróðursnautt svæði, mosi er þó einhver og sums staðar er smávegis lynggróður.

Varðan er 1,2 m í þvermál. Aðeins neðsta umfarið sést og er varðan 0,2 m á hæð. Hún er hlaðin 9-11 steinum sem eru við það að hverfa undir mosa-og lynggróður. Mögulega hefur grjót úr vörðunni verið tekið og sett undir vírgirðinguna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## SK-176 Brenniborg

1544: Kaupbréf fyrir hluta tíu hundruðum upp í jörðina Brenniborg í Skagafirði."... at suo fyrir skildu at. jon jonsson en yngre fieck faudur sinvm x. hundrut. vupp j jordina Brennvborg. Til fullrar eignar og frials forrædis. var þar tilskilin jordin saurbær er þar er bygd vr heimalande. Med suo mickille jardeign at þar see full tiu hundrut." DI XI, 338.

1713:" Brenne Borg. Jarðardýrleiki xxx [hdr] að meðreiknuðum Saurbæ, sem er fyrir manna minni, þeirra sem nú lifa, sjerdeilis býli afskift að töðum og engjum, en óskift högum; er Saurbær kallaður þriðjúngur jarðarinnar, en heimajörðin beheldur nafninu. Brenneborg. Talin og tíundð xx [hdr]. JÁM IX, 108.

1847: 20 hdr. Bændaeign. ["A.M. Telur hér með eyðihjáleigu, Borgargerði."JJ, 263 neðanmáls]

1713:"Engið fordjarfast af sandifoki á háum melum." JÁM IX, 109.

**SK-176:025** varða óþekkt

A 480038 N 557616

Varða er um 1,6 km austan við vörðu SK-091:011 og tæpa 700 m austan við Káragerði SK-177:007. Varðan er á hábrúninni fast fyrir austan gil Borgará. Gilbrúnin liggur eftir endilangri jörðinni og snýr norður-suður. Hlutverk hennar er óljóst.

Varðan er á malarás fast austan við landamerki Brenniborgar og Krithóls. Hann er vaxinn mosa og lyngi en mest sést þó í mel. Bratt er til vesturs niður af ásnum.


Varðan er heil, um 0,5 m á hæð, 0,3 m á breidd og grasivaxin. Það sést í fjögur umför af grjóti í vörðunni, gætu þó verið fleiri en á kafi í grasi. Varðan virðist hafa verið hærri, töluverð grjótdreif er allt umhverfis hana.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




*Varða SK-176:025, horft til norðurs.*

SK-177 Kríthóll (Kryddhóll)



**Skýringar**

**Fornleifar** — Niðurgroftur  
 Torfhláðið



Uppmæling af Káragerði SK-177:007.

1382- c.1600:Máldagi Akrakirkju í Blönduhlíð: “Jtem gaf nefndur Biörn Akrakirkju smäjörd þa er Górf heiter. og liggur ä milli Alfgeirsvalla. Kirkiuhols. og Gegnishols. Er nu kallast Kryddholl. ... ”DI XII, 27.

1445:”Her med selldi greindur torfi adur nefndum skula jordina gegnishol i skagafirði er nu er kalldatur kryddholl. Er stendur j vidimyrrar kirkiu sokn... .” DI IV, 666.

1453: “ hier j modt gaf adrnefndr sigmundr einarsson þrattnefndum skula loptzyne þessar jarder er suo heita. Alfgearsvellir er stendr j skagafirde j Reykia kirkiu sokn ok gegneshol [Ath. Kryddhóll gekk einnig undir heitinu Gegnishóll sbr. DI IV, 666 ] er stendr j saumu sueit j uidemyrarkirkiusokn... .” DI V, 104.

1477:” Þath giore ek þorleifur biornson godum minnum kunnigt med þessu mino opnu brefe ath ek medkennumztt ath ek hefi fulla ok

alla penninga vpp borit af sueine gudmundzsyne suo mier uel ää næger. fyrir jordena kryuddhol.” DI VI, 94-95.

1492:”Þath giore eg sueinn gudmundzson profentomann a holvm godvm monnum viturligt med þessv minv opnu brefe ath eg hefi gefit heilagri hola kirkiv til euenligrar eignar jordina kryddhol er liggur j videmyrrar kirkiv sokn med ollvm þeim gognvm ok giædvvm sem greindre jordv fylger ... .” DI VII, 87-88.

1525: Sigurðarregistur, máldagar Hóladómkirkju þegar Jón Arason tók við.”.(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. ... fyrer vestan votn og upp j skagafirde þessar jarder. kryddhöl.” DI IX, 301.

1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jóns Arasonar biskups.”Med Kryddholi. vj. kugillde. landskylld .ij. c.” DI XI, 860.

1569: Reikningar Hólastóls. “ Med Kryddholi .ij. c. med tiundum kug. .vj.” DI XV, 224.

1570: Kúgildareikningar Hólastóls.”Med Kryddholi .vi.” DI XV, 457.


1713:” Jarðardýrleiki xx [hdr]... . Eigandi biskupsstóllinn Hólar.” JÁM IX, 107.

1847: 20 hdr. Bændaeign. [“A.M. Nefnir hér eyðihjáleigur, Efra- og Neðra-Kríthólsgerði og Káratóptir.” JJ, 263, neðanmáls]

**SK-177:007\_1 Káragerde tóft útihús**

A 479361 N 557514

“Káragerde er hjer kallað gamalt gerði í úthögum. Þar hefur ekki í manna minni bygð verið nema um fáein ár,



**Skýringar**

**Fornleifar** — Úrtæktargögn  
 Torfhláðið — Miðlina  
 Dæld



Uppmæling af tóft SK-177:007\_1.



Tóft SK-177:007\_1, horft til norðvesturs.

kanske 10, og eyddist atur fyrir 50 árum. Ekki vita menn hvert þar var nokkur nautpeningur og ætla heldur hann hafi lifað við ásauð, því að túnstæði er lítið og illt til slægna. Ekki vita menn hvað eftir var galdið, en hvað sem það var, hefur til heimabóndans verið,” segir í Jarðabók Árna og Páls. Káragerði er sunnan í Gerðisás, 670 m vestan við vörðu SK-176:025. Káragerði skiptist í sex tóftir (007\_1-6) og eitt garðlag (007\_7) og nær yfir svæði sem er um 75 x 55 m að stærð. Minjarnar eru á miðju úttektarsvæði Blöndulínu 2020. Ekki er ljós hver tóftanna á svæðinu er leifar bæjarins en hugsanlega er það tóft 007\_2 þar sem hún er u.þ.b. miðsvæðis og líklega stærst ef dældir nálægt henni hafa verið hluti af byggingunni.

Tóftirnar eru á grasi grónum ási, umkringdum afar þýfðri mýri. Melhólar og grónir ásar eru vestan við þær. Tóft 01 er vestast fyrir svæðinu miðju, er 16 x 8 m að stærð og snýr í norður-suður. Er hún fremur sigin og er hæð veggja aðeins um 0,1 -0,2 m. Skiptist hún í tvö hólfi og eru bæði álika stór. Breidd veggja er 1,5 m en engin op eru greinileg á þeim. Hvergi sést í veggjagrjót. Tóftin er fremur fornleg, e.t.v. eldri en hinar.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.

**SK-177:007\_2** tóft býli

A 479371 N 557523

Tóft 007\_2 er um 4 m austur af tóft 007\_1, undir miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Hún er 9 x 5 m að utanmáli og snýr í NNV-SSA, líkt og allar aðrar tóftir á svæðinu nema tóft 1. Breidd veggja er um 1 m og er hæð þeirra 0,3 - 0,4 m. Hún skiptist í tvö hólfi, hið nyrðra er 2,5 x 3, m að innanmáli en hið syðra er 3 x 4 m. Engin op eru sjáanleg. Ekki sést í grjót í veggjum. Austan við tóftina eru óljós merki um tví- eða þrískipt hólfi. Hefur



Uppmæling af tóft SK-177:007\_2



Tóft SK-177:007\_2, horft til norðvesturs.


það verið 11 x 5 m að stærð. Tvö önnur hólfi eru sunnan og suðaustan við tóftina. Hólfin eru fremur ógreinileg en sjást sem dældir á yfirborðinu. Svæðið var fyrst heimsótt 2008. Þegar tóftin var skoðuð aftur 2020 var ekki hægt að greina öll hólfi sunnan og austan við tóftina vegna mikils gróðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.

**SK-177:007\_3** tóft útihús

A 479374 N 557535



Uppmæling af tóft SK-177:007\_3.



Tóft SK-177:007\_3, horft til norðvesturs.

Tóft 007\_3 er um 2 m norðaustan við tóft 007\_2, um 11 m norður af miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Hún er 12 x 8 m að utanmáli og snýr í norður-suður. Breidd veggja er 1,5 - 2 m og er hæð þeirra um 0,2 m. Tóftin skiptist í tvö hólf, hið nyrðra er 4 x 3,5 m en hitt 4 x 4 m að innanmáli. Haftið á milli þeirra er nokkuð mjórri en aðrir veggir, um 0,6 m. Greinilega má sjá op á austari langvegg fyrir hólfinu miðju. Austan við tóftina sést móta fyrir hólf, 9 x 7 m að stærð. Svæðið var fyrst heimsótt 2008. Þegar tóftin var skoðuð aftur 2020 var ekki hægt að greina hólfid austan við tóftina vegna mikils gróðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.


**SK-177:007\_4** tóft útihús

A 479353 N 557536

Tóft 007\_4 er um 13 m vestan við tóft 03, upp við garðlag 007\_7, um 9 m norður af miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er 6 x 4 m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Breidd veggja er um 0,6 m og hæð þeirra 0,3 m. Skiptist hún líkt og flestar tóftir Káragerðis í tvö hólf. Hið nyrðra er 3 x 2,5 m að innanmáli og hið syðra



*Tóft SK-177:007\_4, horft til vesturs.*



*Uppmæling af tóft SK-177:007\_4.*

1 x 2,5 m. Op er á báðum hólfum, á stærra hólfinu austanverðu en að sunnan til í því minna. Hvergi sést í grjót í veggjum. Sunnan við tóftina greinileg rétt, 8,5 x 4 m að stærð. Snýr hún þvert á tóftina og virðast veggir hennar örllítið veigaminni en tóftarinnar. Garðlag 7 liggur upp að tóftinni norðanverðri frá austri og vestri.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.


**SK-177:007\_5** tóft útihús

A 479372 N 557493

Tóft 007\_5 er um 10 m suðaustan við tóft 007\_1, um 22 m suður af miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Hún er 7 x 4,5 m að stærð, tvískipt og snýr í NNV-SSA. Breidd veggja er um 1 m og hæð þeirra 0,1 - 0,2 m. Líkt og í tóft 1 þá eru veggir afar jarðsokknir og hvergi sést í grjót. Op á er á báðum langveggjum í vestara hólfinu. Hið vestara snýr inn í rétt, hólf 2, sem er áföst tóftinni að austan. Er hún 11 x 6 m að stærð. Veggir réttarinnar álíka að gerð og veggir tóftarinnar. Svæðið var fyrst heimsótt 2008. Þegar tóftin var skoðuð aftur 2020 var ekki hægt



*Tóft SK-177:007\_5, horft til suðurs.*



*Uppmæling af tóft SK-177:007\_5.*

að greina op á vestara hólfinu vegna mikils gróðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.

**SK-177:007\_6** tóft útihús

A 479388 N 557537

Austast og yst á ásnum eru ógreinilegar veggjaleifar, tæpa 7 m frá tóft 007\_3 og um 14 m norður af miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 2020. Líklega eru þetta leifar mannvirkis og sést þá í austasta vegginn og hluta gaffla, um 8 x 5 m á stærð. Hæð veggja er um 0,2 m og breidd þeirra um 1 m. Svo virðist vera sem op hafi verið á SA-horni.



Tóft SK-177:007\_6, horft til norðvesturs.



Skýringar

Fornleifar  
Torhlaðið

0 1 2 3 4 m

Uppmæling af tóft SK-177:005\_6.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 108.

**SK-177:007\_7** garðlag túngarður

A 479370 N 557553

Túngarður liggur norðan við tóftirnar og upp að tóft 007\_4. Miðlína áhrifasvæðis Blöndulínu 2020 liggur yfir garðinn. Breidd hans er víðast 1,5 m og hæð 0,3 m. Ekki sést í grjóti í garðinum. Hann liggur um 45 m til norðausturs að tóft 4, fram hjá henni og heldur sömu stefnu í 30 m til viðbótar. Þá beygir garðlagið til suðausturs og heldur áfram um 26 m þar sem það fjarar út.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Túngarður SK-177:007, horft til vesturs.

SK-178 Stokkhólmi

1839:”Stokkhólmi, 10 hndr., á Hólminum, ... .” JÁM IX, 74.

1847:Bændaeign. [“Jörð þessi er fyrst nefnd 1802 og þá talin 10 h. Að dýrleika, ... .” JJ, 263, neðanmáls.]

**SK-178:031** gata leið

A 484259 N 556713

Götur eru á uppþurrkuðum áreyrum Héraðsvatna, um 880 m suðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar og tæpum 180 m vestan við varnargarð. Götturnar eru um 112 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Götturnar liggja á hörðum, grónum eyrum.

Götturnar eru aðeins greinilegar á fremur stuttum kafla. Alls sjást þær á um 18 metra kafla. Þær eru 8-10 samliggjandi götúrásir sem stefna suðvestur-norðaustur. Breiðast er gatnasvæðið um 6 m. Dýpstar eru götturnar um 0,2 m og eru um 0,2 -0,5 m á breidd. Í framhaldi af götum til suðvesturs sést óljós bílslóði.



Leið SK-178:031, horft til norðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SK-202b Gulreitur (Víðivellir)

Víðvallakirkja átti land á Norðurárdal á milli Stóralækjar og Skriðugils, sunnanmegin, á milli afréttarlands (Krókárgerðis) og Borgargerðis. 1318: “Kyrckia ä vijdevollum ä land j vijk. tekur af. iij. merkur.... halfa Teiga framm j norðrär ärdal.” DI II, 461-462, sbr. 1394 - DI III, 534-535. Þess hefur verið getið til að bærinn Vík hafi verið í Norðurárdal en það verður þó að teljast mjög óvíst og teigarnir geta átt við selland Víðivalla yst í afréttinni norðan Norðurár. Þessi landspilda tilheyrir nú afrétti Akrahrepps.

**SK-202b:001** tóft sel

A 502128 N 550844


Seltóft er vestarlega á Gulreit, um 30 m sunnan við Þjóðveg 1 og rúnum 250 m austan við vörðu SK-223:010. Tóftin er rúnum 50 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í grasmóa, í aflíðandi halla. Ofan við skiptast á lyngmóar og melar. Framar á Gulreit er votlendi næst árbakkanum og talsverðar slægjur þar. Næst tóftinni er hinsvegar harðlendara.

Tóftin er tvískipt, heldur óglögg og sjást hvergi dyr á



Sel SK-202b\_001, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft SK-202b:001.

henni. Hún er 12 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,3 m á hæð og ekki sér í umför vegna gróðurs. Hólf A er austast. Það er 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Botn þess er þýfður. Vestast er hólf B. Það er 3 x 3 m að innanmáli. Innangengt er milli hólfa. Tóftin og lögun hennar bendir til sels eða beitarhús og eflaust allgamalt. Ójöfnur eru fast ofan við tóftina sem gætu verið eldri leifar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

SK-220 Flatatunga

“Kári hét maðr, er nam land á milli Norðrär ok Merkgigils ok bjó í Flatatungu; hann var kallaðr Tungu-Kári; frá honum eru Silfrstæðingar komnir.” Landnámabók, Íslenzk fornrit I, 234.

60 hdr 1695, 1713, þar af Tungukot 10 hdr. Hólastólseign. JÁM IX, 156.

1234:”Sighvatur snýr þá til Flatatungu og var þar um nótt með lið sitt.” Sturlunga saga I, 358; “ Þeir Sighvatur bjuggust fyrir í Flatatungu og fylktu þar liði sínu hjá húsum í túninu. Þá er þeir riðu neðan að Flatatungu, Kolbeinn og Órækja, ... . Riðu þeir þá upp til Flatatungu og hljópu af baki og heim á bæinn. ... Vestfirðingar komu það kveld í Skagafjörð er sleit fundinum í Flatatungu og mæltust þeir illa um er þeir urðu svo seinir.” Sturlunga saga I, 359; “ Er er Sighvatur spurði þetta þóttu honum eigi haldast sættir þær allar er undir handsöl

höfðu komið í Flatatungu og bjóst hann því eigi til þingreiðar. ... Kolbeinn ungi fór heim á Flugumýri eftir fundinn í Flatatungu.” Sturlunga saga I, 360; 1234 “ Þá er þeir höfðu sæst í Flatatungu Sighvatur og Kolbeinn og Órækja fór Guðmundur biskup með Kolbeini á Flugumýri ... .” Sturlunga saga I, 384-385; 1255 “Gisti Þorvarður á Sillfrastöðum en Þorgils í Flatatungu.» Sturlunga saga II, 707.

1318: LVIII. FlataTungu kyrekkia. Kyrekkia j flataTungu ä eitt kugilldi. ix. aura voru. xx. rapta. vidreka ä skaga J skrudu. alltarisklädi. iij. krossa. ij. mariuskript. kluckur v. Glodarkier. oc Elldbera. Tiolld vm alla kyrekiu. munnlaugar ij. þar skal prestur vera. tekur hann heima j leigu. iiij. merckr. oc [at] halfkyrkiu. ij. Merkr af. j. Bæ lisistollur oc heyt[ollur]. Tyund tali Anno. x. aurar ad þorvarde prest. peturs likneske nytt. Messufot. kaleykur. Ellberi. Bækr. viij. Bakstur jarn. DI II, 462-463.

1350: Magnús Eiríksson Noregskonungur stefnir utan átta bændum fyrir mótþróa við Orm Ásláksson biskup á Hólum þ.á.m. “ nikolas a flatatungo.” DI, II, 857.

1374: Rekaskrá Hólastaðar.”... En arfuar kolbeins þridiungh þar vid En þerss sem efter er aa flata tungu kirkia halfuan þridiungh.” DI III, 279; “...enn arfar kolbeins þridiungh þar vidh En þess sem eppter [er] a flatatungu kirkia halfann þridiungh...” DI III, 283.

1405/1622: Máldagi Miklabæjarkirkju.”annan þridiung Flatatunga oc Holastdur.” DI XII, 36.

1428: sagdi þorolfur [Brandsson seljandi] til kirkv skylldar j flatatvngv ath þar ætti ath wera heimilis prestur ok livka fiorar merkr arliga ef prestvr syngvr til. sagdi ok ... þorolfur ath kirkian j flatatvngv ætti allann widreka fra hravni a skaga fyrer avstan fram vr fornv vor ok jnn ath hofsenda ok settvng vr avllvm hvalreka jnn fra fornv vor ok jnn ath horknaa ok enn toltvng vr avllvm hvalreka vt fra fornv vor ok ath deildarhamri; DI IV, 353.

1429: [1] prestr; DI IV, 381.

1458: Skrá um jarðir Kristínar Björnsdóttur í Vatnsfirði í umboði Markúss.” J fyrstu grein jordin flatatunga fyrir niutigi hundrada oc hamrar fyrir þritigi hundrada.” DI V, 162.

1461: Máldagi kirkjunnar í Flatatungu.” kirkian j flatatvngv er helgut gudi oc heilaga petro.” DI, V, 292; Máldagi kirkjunnar á Miklabæ.” Enn suo skal hual deila ath landzhluta skal skipta j þridiunga. tekr ein(n) þridiung holastadur. annan þridiung flatatunga oc holastadur.» DI V, 324.

1474: Kvittunarbréf vegna sölu Hamra í Tungusveit, gjört í Flatatungu þann 3. október 1474. DI V, 765; Bannsetningarbréf Jóns Broddasonar officialis yfir Solveigu Þorleifsdóttur. “ J fiordv grein sor sira hallr jonsson fullan bokar eid. Ad þv solveig þorleifsdotter hefdir rvskat sier og tekit af sier brefen þav sem hann for med. og byrjadi ad lesa. j kirkivne j flatatvngv.” DI V, 771.

1475: Vitnisburðarbréf. “ ... ad solveig þorleifsdotter hefdi sagtt sier ad þav savmv incigle sem hon syndi honum. hefdi hon tekit af sira halle jonssyni j kirkivne j flatatvngv. ... .” DI V, 801.

1478:”Setti fyrgreindr sira sigmundur adrnefndum biskup olaf til panta j fyrsagda peninga jordena flatatungu er liggur j skagafirde...” DI VI, 144; Vitnisburðarbréf. “...at jon sigmundzson handabandadi sira sigmunde fodur sinum ath hann skyllde frialslegha meggha pansetia jordena flatatungu er liggur j skagafirde...” DI VI, 145.

1479: Solveig Þorleifsdóttir “... Ad ek skil aptur vnder mik og mina erfingia suo miked upp j jordina flatatungu sem ek lyk eda læt ek livka. Matti ok jon sigmvdnzson alldre fyrnefnda jord flatatungu setia til panta vit nockvrn ma... .” DI VI, 184; “... Ath fyrnefnd solueig þorleifsdotter sellde fyr nefndum ionne sigmundzsyne syne sinum jordina stadarhool ... Hier j mot gaf tittnefndur jon sigmundzson solueigv modur sinne jordina flatatungv er liggur i skagafirde ... .” DI VI, 187-188; “ ... Saum og heyrðum aa ord ok handaband hustru solueigar þorleifsdotter ok jons sigmundzsonar [sonar] hennar ath suo fyrer skildu ath solueig spurdi jon epter huort hann uiolldi nu kiosa jordina stadarhol edur uidudalstungu sier til eignar huora hann uilddi epter þui sem hun medkendiz. Þa þar hann hefdi skilit att þa hann feck solueigu modur sinne jordina flatatungu .... .” DI VI, 190; Skrá um fasteignir Solveigar Þorleifsdóttur. “flatatungua lxxx [hdr]” DI VI, 199; Skipan um sálumessur að Hólum í Hjaltadal. “Jn primis bægisaa. Skollatvngu. ... Suo ok þar med iordena flatatungu j skagafirde ef hun uerdur dómkirkjunnar eign innan þrenna xij mánaða.” DI VI, 219 ATH Árb. 1892: 80

1525:”Þad giorum wier petur prestur palsson. sisle hakonarson. jon grimsson. benedict einarsson. Godum monnum kunnigt ... j flatatungu j skagafirde wourum wier h hia saum og heyrðum ää ord og handaband þessara manna.” DI IX, 284; Sigurðarregistur, máldagar Hóladómkirkju þegar Jón Arason tók við.”(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. ... fyrer vestan votn og upp j skagafirde þessar jarðer. ...flatatunga...” DI IX, 301; “Þetta eru hualskipti ää skaga. millum hölknäär og fornu varar ef recur. ... enn þess er epter er ää flatatungu kirkia halfan þridung.” DI IX, 303.

1542: Ágreiningur um landeign Írafells í Tungusveit, gjörð sex manna í Flatatungu í Skagafirði, 4. júní 1542. DI XI, 128-129. “Hólabiskupar höfðu um langan aldur útibú í Flatatungu, og mun það hafa haldizt fram um 1650.” JBS III, 34. Jörðin á hálfan Egilsdal og notast hann stundum fyrir afrétt. Hringlastaðir eyðibýli 1713, húsmannsbýli 1849. JÁM IX, 157; JBS III, 34. Sóknarkirkja var í Flatatungu á miðöldum og er til máldagi hennar frá 1318. Samkvæmt honum átti kirkjan ekkert í landi, en reka á Skaga. Þá var aðeins einn bær í sókninni, Flatatunga sjálf - DI II, 462-63.

1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir fráfall Jóns Arasonar biskups."Med Flatatungu stadarins bui sem fyr seiger." DI XI, 860.

1568: Búfjárreikningur á Hólum." Jtem j Flatatungu: kyr vij: oc ein kuiga ä iij wetur gielld.:" DI XV, 60.

1569: Reikningar Hólastóls. "Jtem j Flatatungu. Kyr. .vij. Þreuetur naut. ... ." DI XV, 219; " Jtem i Tungu sum[m] a .iiij. .c. og .v. agilldi." DI XV, 221.

1570: Búfjárreikningur Hólastóls við fráfall Ólafs Hjaltasonar biskups."Jtem Flatatunga kyur vij. þreuetur. ... ." DI XV, 372.

"Af bréfabók Guðbrands biskups sést, að árin 1571 og 1572 hefur enn verið stólbú í Flatatungu. Mjög líklegt er, að stólsbú hafi verið þar lengi eftir það, eða jafnvel fram um 1650. Á seinni hluta 17. aldar virðist Flatatunga vera orðin leigujörð, og býr þar þá (máske skömmu eftir 1650) Sigurður Jónsson og eftir hann sonur hans Jón Sigurðsson. Býr Jón þar árið 1703, þegar manntalið var tekið, þá 70 ára. Þeir feðgar voru sagðir sauðabændur miklir. - Í Flatatungu bjuggu svo niðjar Jóns og venzlafólk þeirra þar til laust fyrir aldamótin 1900, að önnur ætt kemur þangað. Má því með sannni segja, að niðjar Sigurðar Jónssonar hafi búið í Flatatungu í tvær aldir, og þó líklega nokkru betur. Þegar Hólastólsjarðir voru seldar 1802, bjó í Flatatungu Stefán Guðmundsson, og keypti hann ábúðarjörð sína. ... Eins og fyrr segir, flutti Stefán Guðmundsson árið 1819 burtu frá Flatatungu (eignarjörð sinni), fyrst að Tungukoti, sem hann átti líka, ... . Á þau, sem Stefán leigði Flatatungu, bjuggu ýmsir á jörðinni, og flest árin var þar tvíbýli." SJ, 123.

1840:"Flatatungu, 50 hndr., ... væn jörð til heyskapar og útbeitar." SSS, 99.

"Undir hliðinni, sem fyrr var nefnd, er röð bæja, og er Flatatunga þar nyrzt. ... Bærinn kemur við Þórðar sögu hreðu ásamt nærliggjandi hluta Norðurárdals, því að Þórður dvelst þar lengi hjá bóndanum að smíða honum skála. Segir sagan að skálinn hafi staðið allt frá á 14. öld. Er jafnvel talið að fjalir úr skálanum séu enn varðveittar í Flatatungu, prýddar útskurði eftir Þórð hreðu. Er sagt að nokkrar fjallanna hafi komizt á bæinn Bjarnastaðahlíð í Vesturdal; í Flatatungu eru nú geymdar 5 og eru nú þiljur innan í baðstofusúð. Þegar þær eru settar saman án hliðsjónar af myndunum, eru margar myndanna óheilar og merking þeirra óviss. Þessum 5 fjölum er skipt í aflanga ferhyrnda reiti, sem eru að nokkru eða alveg fylltir myndum, og eru útlínurnar settar með skorum í viðinn. Myndirnar eru tvímælalaust frá miðöldum; þar sjást munkar og aðrir andlegrar stéttar menn með kross í höndum og sennilega einnig biskupar; nokkrir virðast biðjast fyrir með framréttar hendur; ein nakin vera situr á hækjum með þumalfinger í munni. Tvær verur í síðum klæðum virðast halda á vogarskálum, og er önnur með sverð; á einum stað sjást nokkrir afhöggnir limur." KK III, 53.

1713: "Á Egilsdal er högunum hætt við skriðum og snjóflóðum, og þar í sama máta fyrir gljúfrakletum." JÁM IX, 157

1919: Tún 8,7, garðar 220m<sup>2</sup>.

**SK-220:025** *Grænatópt* tóft stekkur

A 493450 N 547592

"Norðan við Reitinn er Tunguselið [SK-220:021] [...]. Norður frá Selinu kallast brekkurnar Hlíð og er það stórt svæði. Þar fyrir norðan er Grænatópt niður við Norðurá. Ef til vill hefur þar verið gamall stekkur," segir í örnefnaskrá Flötutungu. Grænatóft er á lágu nefi sem gengur út á eyrar Norðurár, rúnum 1,3 km VNV við dys 028 og rúnum 15 m sunna við akfæran malarveg sem liggur að Egilsá. Tóftin er um 80 m SSV við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á nesinu og fast ofan við skiptast á valllendi og mýrar en ofar eru lyngmóar. Neðan við eru áreyrar, grónar næst nefinu og er langt síðan að Norðurá hefur runnið meðfram suðurbakkanum á þessum slóðum.

Tóftin er einföld, allbreið tóft með breiðum veggjum. Hún er 17 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir



Uppmæling af stekk SK-220:025.



Grænatópt SK-220:025, horft til norðurs.



eru torfhlaðnir, 0,5 m á hæð. Hún hallar talsvert frá suðurgafli að norðurenda. Op er á tóftinni til suðurs. Tóftin er á hólþungu og er stórþýfi í kring og gætu vel verið eldri byggingaleifar undir. Fast vestan við tóftina sést í óljósan hrygg sem gæti hafa afmarkað annað hól á tóftinni. Þessi ummerki eru hins vegar mjög óljós.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Flatatunga, 4

**SK-220:032** Ullarklettur náttúrumin þvottastaður

A 492222 N 547874

“Yzt og austast á Bugnum heitir Ullarklettur. Rétt hjá honum er síki, gamall Norðurárfarvegur. Þar hefur frá ómunatíð verið þveginn ull frá Tungukoti og Flatatungu og þurruð á klettinum,» segir í örnefnaskrá Tungukots. Ullarklettur er um 180 m austan við tóft 035 og rúmum 210 m vestan við Kjálkaveg. Þvottastaðurinn er rúmum 149 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Ullarklettur er fast fyrir vestan gróið hamrabelti sem er um 3 m á hæð og 10 m langt. Steinninn er ekki gróinn né með önnur áberandi einkenni. Umhverfis hamrabrúnina er gróið svæði, vaxið berjalýngi og mosa.

Ullarklettur er 1,5 m langur og 2 m hár og stendur stakur um 5 m fyrir suðvestan lítið hamrabelti. Samkvæmt Einari Gunnarssyni, heimildamanni, var hér þvottastaður. Líklega hefur allt hamrabeltið verið notað í þeim tilgangi. Líklegt er að ullin hafi verið þvegin í Norðurá og breidd til þerris á klettinn.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Tungukot, 1



Þvottastaður SK-220:032, horft til austurs.

**SK-220:035** tóft


A 492049 N 547846

Ung tóft er á grónum ármelum, rúmum 180 m vestan við Ullarklett 032 og um 270 m NNA við leið 037. Tóftin er tæpum 137 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er á mosa- og lyngivöxnum ármelum. Svæðið er þó ekki alveg gróið, melurinn sést víða og grjótt stendur upp úr sverðinum. Þrátt fyrir að tóftin sé lág stendur hún upp úr umhverfinu vegna þess hversu flatt það er.



Tóft SK-220:035, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft SK-220:035.

Tóftin er 5 x 5 m að stærð. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,3-0,4 m á hæð. Innangengt er í tóftina í suðurhorni. Í suðausturhorni tóftarinnar er hola fast upp við vegg. Holan er um 1 m í þvermál og full af járndrasli. Í norðurhorni tóftarinnar stendur brotinn girðingarstaur upp úr veggjunum. Óljóst er hvaða tilgangi tóftin þjónaði. Ekki virðist hafa verið þak á henni og því hefur þetta mögulega verið aðhald eða rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-220:037** gata leið

A 491975 N 547593

Greinilegar götur eru um 270 m SSV við tóft 035 og rúmum 280 m vestan við Kjálkaveg. Göturnar liggja þvert



*Leið SK-220:037, horft til suðvesturs.*

yfir miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Götur þræða mosa- og lyngivöxnum rima og þúfur. Götur liggja norður-suður. Þær eru greinilegastar til suðurs, þar sjást á milli 8 - 10 rásir sem eru í heildina um 11 m breiðar. Rásirnar eru um 0,6 - 0,2 m á dýpt og er mold enn í botni þeirra. Götur sjást á um 190 m löngum kafla. Suðurhluti þeirra er utan áhrifasvæðis Blöndulínu 2020.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-222 Egilsá

30 hdr. 1695, 1713. Bændaeign. 1444: "Jarðirnar Egilsá og Þorbrandsstaðir ... liggja j nordardal j silfrastada kirkiv sokn" DI IV 649.

1446: Skiptabréf eftir Þorvarð Loftsson á Möðruvöllum.

"Jtem j annari grein Reiknadist hustru margrietu j sitt hlutskipti ... Eigilsaa og þorbrandzstadir j nordardal j skagafirdi." DI IV, 678.

1448: reiknadi Besse Einarsson kirkiunne [á Silfrastöðum] Jordena Egilsä. kunne Jordan echi ad verda kirkiunnar. þa lofadi Bessi ad luka so marga peninga sem Jordan være verd half. en firnefndur Einar Þorleifson lofadi ad sækia nefnda Jord Egilzä eptir vorum laugum [Bessi kaupir Héraðsdal af Einari fyrir hálfá Silfrastaði]; DI V 25. Jörðin á hálfan Egilsdal.

1560: Skiptabréf á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms, sonar hans."Jtem skiptu vær Hallottu Þorleifsdottur j sinn arf jordina Silfrastadi fyrir j c. Hvndruta. [Eigilster .xxx c." DI XIII, 521. [Villa í handriti skv. Registri. DI,XIII, 788, Ash]

1840: "Egilsá, 20 hndr., ... ." SSS, 99.

"Skáhallt á móti er Egilsá allhátt uppi í hlíðinni. Þórðar saga hreðu segir að Þórður hafi eitt sinn komið úr Eyjafirði yfir Hörgárdalsheiði og ætlað til Flatatungu, en nálægt Egilsá hafi ofurefli fjandmanna ráðizt á hann. Lýsingin stendur mjög vel heima. Fyrir utan Egilsá er einmitt riðið yfir víðlendar grjóteyrar árinna; vestan við bæinn, handan við ána Egilsá er hóll undir hlíðinni, og þar á bardagi Þórðar að hafa verið." KK III, 54.

1919: Tún 3,8 ha, garðar 115. 1713: "Túnið spillist af leir og rauðskriðu, því þar er brattlendi mikið sem aurnum steypir á túnið. Engjar má nú öngvar telja, en þær sem verið hafa, er mjög so í hrjóstur komnar af aur og leirskriðum." JÁM IX, 155

**SK-222:007 Stórhús** heimild um fjárhús A 496163 N 547034

UM 80-90 m norður af austurenda Hólhúshóls - og mun neðar í túninu - voru fjárhús, kölluð Stórhús. Þar er svolitill pallur í túninu með meiri blómgróðri en umhverfis. Útihúsið hefur staðið um 165 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 eða 15 m utan svæðisins og er því ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar í túni. Það er allsstaðar í miklum halla og er víðast heldur dældótt - hefur að líkindum ekki verið sléttað með jarðýtu.

Engar misjöfnur sjást að öðru leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1919

**SK-222:012 Stekkjarnes** heimild um stekk A 496349 N 547261

"Stekkjarnes er rétt sunnan og neðan við túnið og skagar það fram í eyrarnar. Á því eru einhverjar rústir." segir í örnefnaskrá. Stekkjarnes er um 300 m NA við bæ og skagar þar lítil jarðvegstorfa fram á eyrar Norðurár. Stærsti hluti nessins er þó brotinn af og tóftirnar þar með. Miðlína úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 liggur beint yfir Stekkjarnesið en þar sem tóftirnar hafa brotnað niður í ána má ætla að engar leyfar þeirra séu eftir á svæðinu. Grasi gróið nes. Um 2 m þykkur jarðvegur er ofan á eyrunum. Tún er ræktað alveg út á brún.

Áin tók stærsta hluta nessins um 1980 og með því hurfu tóftirnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Egilsá, 3

**SK-222:013\_1 Beitarhúsagil** tóft stekkur A 497515 N 547705

Í örnefnaskrá segir: «Suður af Böndunum [samfelld klettabelti í hálsbrúnunum suður af Einbúa] er Beitarhúsagilshaus, einstakur klettur, og sunnan við hann er Beitarhúsagilið.» Þar segir einnig: "Upp af


Stekkjarihöfða er Stekkjarlæg, breið graslout; eftir henni fellur Beitarhúsagilslækurinn. Utan við Stekkjarlægina er Hvíthóllinn rétt neðan við götuna. Sunnan við lækinn er hár hól sem heitir Stekkjarhól. Á honum eru rústir af beitarhúsum og síðar stekk sem þar var.” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við skrána segir að 30-40 mín gangur sé frá bæ að stekknunum. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: «Fyrirverandi beitarhús voru á Stekkjarhól... Þessi beitarhús hafa trúlega lagzt af við fráfall Stefáns Tómassonar læknis. Á uppboði á dánarbúi Stefáns er seldur trjáviður úr fjárhúsi, trúlega beitarhúsum. ... Stekkur hefur líklega verið reistur í tóftarbrotum húsanna á Stekkjarhól.” Minjarsvæðið samanstendur af stekki 013\_1, heimild um beitarhús 013\_2 og þúst 013\_3. Stekkjatóftin er uppi á hól, bröttum og háum að norðan, um 200 m austan við fjárhúsbragga á Hvíthól og um 140 m sunnan við bakka Norðurár. Jafnframt er hún 85 m SSA við miðlínu úttektsvæðis Blöndulínu 2020 en þúst 3 er rúmum 80 m SSA við miðlínu.

Uppi á breiðum og grasi grónum hól. Í kringum hann eru mýrar - nú að hluta framræstar. Lækur rennur fast vestan við hólinn.

Í fornleifaskráningu frá árinu 2000 segir: «Einföld aflöng tóft með dyr á norðurgaffli. Hún er grjóthlaðin og sjást 3 umför. Vestan við hana er regluleg dæld, grafin niður í hábungu hólsins og er grjót fyrir henni að norðan - þó ekki regluleg hleðsla. Gæti verið heytóft. Dyr eru líka á vestur-langvegg, um 1,5 m breiðar og gæti króin hafa verið þar vestan við í dældinni.» Farið var aftur á staðinn árið 2020 og tóftin túlkuð eilítið öðruvísi þá. Tóftin er þrískipt og er 14 x 11 m að stærð. Hún er grjóthlaðin og hleðslur eru vel grónar en þó sést í 2-3 umför í austurvegg og suðvestur horni. Hæð veggja er 0.5-1 m. Hólf I er norðaustast í tóftinni og er 8x3 að innanmáli. Op er út að norðan en einnig er opið á milli hólf I og II. Hólf II er vestan við hólf I og er 7.5x3.5 m að innanmáli. Það er niðurgrafið í hólinn á vesturhlið og sést í grjóthleðslu í innanverðum norðvesturvegg. Suðaustan við hólf I er lítið hólf, 1.5 x 1.5 m að stærð en opið til vesturs. Í heimildum segir að stekkur hafi verið byggð á gömlum beitarhúsum og má því ætla að þetta sé stekkurinn, þó svo að heytóft virðist verð byggð við hana (hólf II). Hólf I mun því hafa verið stekkurinn og hólf III lambakró.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Egilsá, 3, 4; Ö-Egilsá ath og viðb, 2; Orri Vésteinsson



#### Skýringar

Fornleifar  Þúst  Niðurgröftur 

0 2.5 5 7.5 10 m

*Uppmælingar af minjum SK-222:013.*



*Tóft SK-222:013\_1, horft til NNW.*



*Þúst SK-222:013\_3, horft til norðausturs.*

**SK-222:013\_2** heimild um beitarhús

A 497522 N 547711

Beitarhús voru þar sem stekkjartóftin stendur nú en engin ummerki um hana sjást nú. Hugsanlega hefur grjót úr henni verið notað til að byggja stekkin en þó má ætla að einhverjar leyfar hennar finnist enn undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-222:013\_3** þúst óþekkt

A 497531 N 547725

Lítill þúst er 15 m norðaustan við stekkjatóft 013\_1 og 85 m norðaustan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Þústin er nokkuð neðar í brekkunni. Hún er flöt og græn að ofan og um 0.4 m á hæð. Hún er 4 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-222:014** þjóðsaga draugur

A 497277 N 547755

“Niður við ána móti Gvendarnesi er Stekkjarhvamur, rétt sunnan við hann er hár kletthöfði fram í eyrarnar og heitir Stekkjarhöfði. Um hann er sú þjóðsaga, að á Höfðanum á að vera draugur í líki grárrar kvígu.” segir í örnefnaskrá. Stekkjarhöfði gengur út á Norðuráreyrar beint neðan við fjárhúsbragga á Hvíthól, næst framan við Gvendarnes handan árinna. Stekkjarhöfði er 66 m norðan við miðlínu Blöndulínu 3.

Engar mannvirkjaleifar sjást á höfðanum eða næst nágrenni hans en á honum er hvammur sem gæti verið ágætt stekkjastæði. Höfðinn heitir eftir stekknunum 013. «Eitt sinn var ég [Gísli Jónsson áður bóndi á Þorljótsstöðum] ásamt föður mínum að slá niður á túninu á Egilsá í glaða sólskini og blíðviðri. Varð mér þá litið fram á Stekkjarhöfða, og sá ég þá greinilega gráan kálf (vetrung) á höfðanum. Benti ég föður mínum á þetta, og sá hann það einnig. Sáum við kálfinn ganga niður eftir Höfðanum og hverfa þar. Vissum við þar enga von neins náttúrulegs kálfs með þessum lit.” segir í örnefnaskrá

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Egilsá, 3

**SK-222:025** varða

A 497610 N 547841



*Varða SK-222:025, horft til ANA.*

Varða er um 150 m norðaustur af tóft SK-222:013 og rétt ofan við vegarslóða sem liggur að Borgargerði um 150 m sunnan við Norðurá. Varðan er tæpum 20 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan stendur ofan á melhól umkringdum þýfðu túni sem hallar aðeins til norðurs.

Grjóthlaðin varða sem er um 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Steinarnir eru meðalstórir og vaxnir skófum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

SK-223 Borgargerði

1560: Skiptabréf á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms, sonar hans.”Item skiptu vær Hallottu Þorleifsdottur j

sinn arf jordina Silfrastadi fyrir .j c. Hvndruta. ... Borgargerdi .xij c.” DI XIII, 521.

12 hdr 1695, 1713 með Gullreit. Bændaeign. Selfjall hefur verið selt frá jörðinni og er nytjað frá Úlfsstöðum - JBS III, 31. Það er austurhluti jarðarinnar.

1840:”Borgargerði, 10 hndr. ... ” SSS, 99.

1713: “Engjanefnur, sem voru, hafa leirskriður tekið og víða grandað landinu.” JÁM IX, 155.

1840:”... heyskparlítið.” SSS, 99.

1919: Tún 2,1 ha.

**SK-223:005** Húsagil tóft beitarhús

A 500788 N 550073


“Borgargerðisland takmarkast að framan af svonefndu Skriðugili. Alllangt þar fyrir utan er Húsagil, lítið klettagil skammt suður og upp af beitarhúsunum, sem standa þar út og niður við Norðurá.” segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er 20 m sunnan við bakka Norðurár, á höfða eða nesi, sem gengur út á eyrarnar milli Fremri-Kota og Skriðugilsskriðu. Tóftin er um 210 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og um 20 m sunnan við námu BAN-16.

Á lagu nesi sem gengur út á áreyrar. Yst á nesinu er vallendi í kringum tóftina en strax ofan við hana tekur við mjög blaut mýri. Ofar og framan við Húsagil og allt fram að Gulreit er gróskumikið graslendi, votlent á köflum. Utan við Fremra-Selgil er hinsvegar lítið sem ekkert graslendi á löngum kafla.

Stór tvískipt fjárhús með hlöðu aftan við, alls um 17 m á lengd og 11 m á breidd. Garðar sjást ekki í húsunum.



Tóft SK-223:005, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft SK-223:005.

Tóftin er grjóthlaðin og standa hleðslur enn mjög vel í hlöðunni, allt að 7 umför og 1,7 m á hæð, en eru miklu lægri í fjárhúsunum, 1-2 umför þar sem á annaðborð sést í grjót. Hvergi sjást dyr milli fjárhúsa og hlöðu heldur er þar rammger veggur, en dyr eru vestast á suðurlangvegg hlöðunnar. Fast sunnan við tóftina eru vel grónar bungur og hvompur sem gætu verið eldri leifar sbr. 006.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

**SK-223:006** Vík heimild um býli

A 500807 N 550085

“Gömlu munnmæli herma, að eyðibýlið Vík, eða Vík hafi til forna verið skammt sunnan við beitarhúsin, en litlar rústir held ég, sjáist þar.” segir í örnefnaskrá. Austur frá beitarhúsunum gengur vel vallgróinn höfði um 70 m út á Norðuráreyrar. Á honum gera hafa verið tóftir þó ekki sjáist þær nú. Næst beitarhúsunum 005 eru hvompur og bungur sem gætu verið eldri byggingaleifar. Svæðið er um 210 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og fast sunnan við námu BAN-16.

Kafloðinn grasmói á árbakka en mýrlendi ofanvið.

Bungurnar ná um 15 m austur frá beitarhúsunum og mynda hvirfingu um laut eða bolla. Samanber örnefnið Selgil, virðist sem sel hafi verið á þessum stað í eina tíð og þá ekki útilokað að býli hafi verið þar líka. Hitt er svo óvíst hvort hugmyndin um býlið Vík í Norðurárdal sé raunverulega byggð á gömlum munnmælum eða hvort að um er að ræða mistúlkun á máldaga Víðvallakirkju frá 1318 þar sem fram kemur að kirkjan eigi jörðina Vík - en ekki hvar hún var. Árni Bjarnason á Uppsölum kannst ekki við rústir aðrar en beitarhúsin. Guðmundur L. Friðfinnson á Egilsá telur að rústir Víkur hafi verið miklu austar, í landi Krókárgerðis, en þar á bakkanum út frá bænum sá hann tóftaleifar um 1970 og var þær þá farið að brjóta af. Engar mannvirkjaleifar sjást þar nú lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

**SK-223:007\_1** Þorbrandshaugur þúst legstaður

A 500755 N 549945

“Þorbrandshaugur er lítill hóll skammt út og upp af beitarhúsum; þar á Þorbrandur örrekur landnámsmaður að vera heygður; á hól þessum eru nú rústir af litlum kindakofa [007\_2,” segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 120 m sunnan af beitarhúsum 005 og um 100 m suðaustur af bakka Norðurár. Hóllinn var aftur skráður við vettvangsúttekt Blöndulínu 2020 og er hann 130 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hringlaga náttúrulegur hóll, flatur að ofan. Hann er umflotinn af mjög blautri mýri.

Hóllinn er líklega náttúrulegur. Hann er um 50x30 m á stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,8 m á hæð. Hrutakofi (007\_2) var byggður inn í austurhlíð hólsins, norðanmegin og sjást leifar hans. Uppi á hólnum eru reglulegar dældir sem sennilega eru mannaverk og gætu verið heystæði eða jafnvel leifar af tóftum. Rof er í sumum dældunum og eru þær að jafnaði 4-8 m á lengd



Þúst SK-223:007\_1, horft til norðausturs.

og 2-3 m á breidd og um 0,2-0,4 m djúpar.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

**SK-223:007\_2** tóft fjárhús

A 500772 N 549964

Tóft hrútakofans er 9 x 6 m að stærð, snýr NNV-SSA og með dyr á norðurgaffli. Utanmál veggja er mjög ógreinilegt en innanmálið er skýrt. Hæð veggja er um 0,3 m. Ekkert grjót sést í veggjum.



Uppmæling af tóft SK-223:007\_2.



Tóft SK-223:007\_2, horft til norðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-223:008** Selgil örnefni sel

“Rétt utan við beitarhúsin er Fremra-Selgil, næsta gil þar utan við er Ytra-Selgil.” segir í örnefnaskrá. Selgilin eru utan við gróðurlendið þar sem beitarhúsin SK-223:005 og Þorbrandshaugur SK-223:007 eru. Engar tóftir eru í nágunda við þau og gróður lítill, en hlíðarnar eru mun brattari við gilin heldur en framan við.


Sennilegast er að gilin séu kennd við sel sem hefur verið þar sem beitarhúsin SK-223:005 eru nú.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

**SK-223:009** Stekkurinn hleðsla stekkur

A 499394 N 548964



Uppmæling af stekki SK-223:009.

“Stekkjargil er alllangt fyrir utan Ytra-Selgil; milli þeirra gilja uppi eru svonefndar Borgir, sem eru grashjallar með klettabeltum framan í. Utan í Stekkjargilsskriðunni er Stekkurinn; þar er nú fjárrétt.” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn eða réttin er allhátt uppi í hlíðinni, um 180 m sunnan við bakka Norðurár og um 750 m norðaustan við bæ 001. Stekkurinn er um 65 m norðvestur af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Á gróinni skriðu en grjótaumar og -hrúgur eru þó víða á henni og er réttin hlaðin undir einum slíkum. Í kring eru vallgrónar grundir en ofan við að mestu melar.

Grjóthlaðin rétt með eitt óreglulegt hólf sem hefur mátt skipta niður með trégrindum, um 13 x 10 m að stærð og snýr NV-SA. Dyr eru á norðurvesturvegg undan brekkunni. Þar til beggja handa ganga grjótveggir niður hlíðina og mynda kví að réttardyrum - eystri veggurinn er um 48 m að lengd en sá vestari 34 m. Hæð veggja í réttinni er um 1,6 m en lægri í löngu veggjunum, ekki nema um 0,3 m nyrst í eystri veggnum. Fast

ofan við réttina er regluleg dæld sem gæti verið leifar af eldri stekki,

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Borgargerði, 1

**SK-223:010** heimild um landamerki

A 501887 N 550808

Varða var á vesturbakka gilsins sem skiptir löndum Borgargerðis og Víðivalla (Gulreits), um 50 m ofan við

bakka Norðurár. Hún var skáhalt á móts við Stekkjarhöfða í landi Fremri-Kota. Varðan var upphaflega skráð árið 2000, um 10 m norðan við Þjóðveg 1 og tæpum 40 m sunnan við Norðurá. Þá var þar greinileg varða en þegar hún var skráð aftur árið 2008 fannst engin varða. Líklega hvarf hún undir nýtt vegstæði Þjóðveggar 1. Varðan var um 15 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Varðan var á grónum skriðubunka. Um 20 m var frá vörðunni í lækjarfarveginn í gilinu.

Engin varða er lengur á þessum stað eins og fyrr segir. Þegar varðan var skráð árið 2000 var henni lýst svo: “Hálfrunin varða hlaðin úr stóru grjóti. Um 3 umför standa, illa þó. Nokkuð öruggt má telja að þetta sé landamerkjavarða, og hefur hún verið sett upp til að merkja sjónhendingu úr gilkaftinum.”

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## SK-224 Krákugerði

20 hdr að fornu en aðeins 10 hdr eftir að Hálfánartunga var byggð. Jörðin heyrði undir Silfrastaði. “Silfrastaðaafreitt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afreittina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.” Í eyði síðan 1898. JBS III, 28, 31

### SK-224:001\_1 Krókárgerði bæjarhóll býli


A 503692 N 551187

“Krókárgerði var í byggð fram undir síðustu aldamót. Bærinn stóð í smáhalli utan við Króká, og sjást rústir hans enn,” segir í örnefnaskrá. Krókárgerði er um 250 m vestan við Króká, og er allhár hólrani á milli bæjarstæðisins og Krókárgils. Tryggi Emilsson gekk framhjá bænum árið 1919: “Þegar ég kom að Krókárgerði sem var löngu komið í eyði [...]. Lengi stundar sat ég á rofvegg að sjá vel í kringum mig [...] og hvergi hef ég komið á eyðibýli sem býr yfir slíku seiðmagni [...]. Bærinn er um 400 m sunnan við Norðurá, efst í túni sem nær allhált upp í hlíðina. Bærinn hefur lítið sem ekkert verið raskað og þar sést skýr bæjarhóll með bæjartóftum. Bæjarhóllinn er um 34 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Í túninu eru 11 fornleifar á svæði sem er 170 x 60 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Túnið er þríhyrndur vallendisrimi sem liggur upp í brekkuna milli

malarhóla og endar í kverk þar sem tveir lækir koma saman. Sameinaður rennur lækur sá er austan við túnið en dæld er einnig milli túnsins og brekkunnar vestan við, sem setur túninu skýr mörk. Mörk túnsins í norður eru síst skýr en þar rennur það saman við þýfðan grasmóa skammt norðan við neðstu útihúsin og nær hann niður á árbakkann. Rimi gengur þó alllangt niður með læknum að austan. Túnið er slétt á pörtum einkum austast meðfram læknum en norðar og vestar er það smáþýft. Stórþýfi er í túnjaðrinum vestanmegin. Gróðurlendi er lítið í landi Krókárgerðis, mest grasmóar í fjallshlíðum en þó er mjög grösugt engi með bökkum Norðurár í vesturhluta landareignarninnar, en ekki er það stórt.

Bæjarhóll 001\_1 er 20 x 15 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Bæjartóftin er 11 x 7 m að stærð og snýr eins. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,3 m á hæð. Vegna mikils gróðurs er ekki hægt að sjá umför í þeim þótt víða glitta í stæðilegt grjót. Bæjartóftin er heldur óglögg en virðist hafa haft eitt hús (A) fremst, með bæjardyr í miðju og göng inn úr þeim. Það er 4 x 3 m að innanmáli. Göng eru úr því til norðurs sem legið hafa til baðstofu innst en úr þeim hefur verið gengið í tvö hús sitt til hvorrar handar milli baðstofu og framhúsa. Vestara framhúsið (B) hefur haft eigin dyr fram á hlað. Það er 2 x 2 m að innanmáli. Eystri framhúsið (C) er að hverfa undir gróður




Uppmæling af minjum í heimatúni Krákugerðis SK-224:001.

og sést sem 5 x 3 m stór þúst sem rís 0,2 m hærra en umhverfið. Ekki er skýrt tóftarlag á þústinni þótt ytri brúnir hennar séu skýrar.



Tóft SK-224:001\_1, horft til norðurs.



Uppmæling af Krákugerði SK-224:001\_1

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt, 5; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 272

**SK-224:001\_2** tóft útihús


A 503685 N 551168

Efst (syðst), raunar rétt utan við sjálft túnið, um 20 m SSV við bæjarhól 1 er lítil útihúsatóft 001\_2. Hún er um 52 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 2020. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðin veggur á tóftinni til suðausturs - í átt til fjalls. Veggir eru hlaðnir úr stæðilegu grjóti og sjást 1-2 umför í hleðslum sem er 0,4-0,5 m á hæð. Rétt norðvestan við útihúsið sést óljóst í 0,5 m breiðan hrygg. Hann liggur norðvestur-suðaustur og er um 5 m á lengd. Þar sem ummerkin eru óljós var hryggnum ekki gefið sérstakt númer.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Minjar SK-224:001\_1 og 2, horft til SSV.



Uppmæling af tóft SK-224:001\_2.

**SK-224:001\_3** öskuhaugur

A 503689 N 551202

Þúst 001\_3 er um 5 m norðan við bæ 1. Hún er um 20 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 2020. Hún er fremur lítil og lág, 6 x 6 m að stærð og rís 0,3 m hærra en umhverfið. Hún er mjög gróin og með aflíðandi hlíðar. Hún sker sig úr umhverfinu vegna þéttari gróðurs. Mögulega er þetta leifar af öskuhaugi bæjarins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-224:001\_4** tóft útihús

A 503677 N 551212

Greinileg útihúsatóft 001\_4 er um 20 m NNV við bæjarhól 001\_1 og rúmum 10 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún er þrískipt og ílöng, 15 x 6 m að stærð. Tóftin snýr NNV-SSA. Veggir eru torf og grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför vegna mikils gróðurs. Hólf A er vestast. Það er 3,5 x 3,5 m að innanmáli. Ekki er hlaðinn veggur á norðurhlíð hólfins. Hólf B er 2 m austan við A. Það er stærsta hólf tóftarinnar, 5 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er fyrir miðri norðurhlíð þess. Hólf C er austast. Það er 2 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Miðað við lögun er hólf A og C líklega heytóftir og hólf B




verið útihús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Yfirlitsmynd af tóftum SK-223:001\_4, 5 og 6, horft til vesturs.*



**Skýringar**  
Fornleifar Úttektargögn  
Torfhlaðið Miðlina 0 1 2 3 4 m


*Uppmæling af tóft SK-224:001\_4.*

**SK-224:001\_5** tóft útihús

Sigin útihúsatóft 005\_5 er við vesturtúnjaðar heimatúnsins, um 25 m norðvestan við bæjarhól 001\_1 og um 5 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hún er nokkuð óglögg, er 20 x 6 m að stærð og snýr norðavestur-suðaustur. Hún er einföld og fremur óregluleg í laginu, mögulega eru þetta tvær tóftir sem hafa runnið saman. Veggir eru torfhlaðnir og á kafi í grasi, 0,1-0,3 m á hæð, greinilegastir til suðurs. Op er á tóftinni fyrir miðri vesturhlið tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

A 503660 N 551203



**Skýringar**  
Fornleifar Úttektargögn  
Torfhlaðið Miðlina 0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af tóft SK-224:001\_5.*

**SK-224:001\_6** tóft fjárhús

Greinileg fjárhústóft 001\_6 er um 70 m norðvestan við bæjarhól 001\_1 og rúnum 7 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu. Tóftin er tvöföld, 14 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,5 m á hæð en vegna gróðurs sést ekki í umför þótt víða glitti í stæðilegt hleðslugrjót. Sjálf tóftin (hólf A) er norðvestar. Það er 6,5 x 3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er fyrir miðri norðvesturhlið hólfins. Hlaðan (hólf B) er að baki. Hún er 3 x 3 m að innanmáli og 0,4 m djúp.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

A 503629 N 551223



**Skýringar**  
Fornleifar Úttektargögn  
Grjóthlaðið 0 2 4 6 8 m

*Uppmæling af tóft SK-224:001\_6.*

**SK-224:001\_7** garðlag túngarður

Túngarður 001\_7 sést afmarka suðvesturhluta túnsins en líklega hefur hann afmarkað allar hliðar þess. Garðurinn

A 503617 N 551217

liggur þvert (0m) yfir miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Garðurinn er torfhlaðinn og sést á um 120 m löngum kafla. Garðurinn liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hann er 1,5-2 m breiður og 0,4 m hár. Norðurhluti hans er mjög óljós en hann verður skýrari því sunnar sem dregið er.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-224:001\_8** tóft útihús


A 503571 N 551272

Útihúsartóft 001\_8 er á norðvesturhluta túnsins, um 140 m norðvestan við bæjarhól 001\_1 og um 70 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er tvöföld, 9 x 5 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru signir, 0,4 m á hæð og vegna gróðurs er ekki hægt að sjá umför. Op er á tóftinni til norðurs. Innangegt er á milli hólfa. Hólfin eru jafnstór, 3,5 x 2 m að innanmáli og snúa eins og tóftin.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft SK-224:001\_8.



Uppmæling af tóft SK-224:001\_9.

**SK-224:001\_9** tóft útihús

A 503610 N 551269

Lítill og einföld útihústatóft er um 105 m NNV við bæjarhól 001\_1 og um 57 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er 6 x 5 m að stærð og torfhlaðin. Veggir eru signir, 0,3 m á hæð og ekki er hlaðinn veggur til norðurs. Tóftin er byggð ofan á náttúrulegan hól sem að hluta er líklega uppsafnaðar mannvistarleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-224:001\_10** þúst fjárhús

A 503652 N 551312



Þústir SK-224:001\_10 og 11, horft til vesturs.

Mjög gróin og óljós þúst er um 125 m NNA við bæ 1 og rúmum 86 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.. Þústin var öll á kafi í grasi þegar skrásetjari var á vettvangi haustið 2020. Tóftin sást betur þegar staðurinn var skráður árið 2000, þá var henni lýst svo: «...er fjárhústóft með hlöðu aftan við neðst í túninu austanmegin og liggur vírgirðing yfir hana (J) Sú tóft er með garða og hefur verið lítill kofi til hliðar við fjárhúsið vestanmegin.» Aðeins sást þar 16 x 5 m stór þúst sem snýr austur-vestur og rís 0,5 m hærra en umhverfið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-224:001\_11** þúst útihús

A 503638 N 551309

Þúst er norðarlega innan túns, um 110 m NNA við bæ 1. Þústin er aflöng, 15 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,5 m á hæð og með grónar og aflíðandi hliðar.

Hún sker sig úr umhverfinu vegna þéttari og grænni gróðurs. Sennilegast er að hús hafi staðið á þessum stað en ekki er vitað hvaða hlutverki það gegndi annað en að líklegast er að það hafi verið útihús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**SK-224:002** tóft rétt

A 503727 N 551279

Tóft er rétt austan við túnið í Krókárgerði, um 100 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 115 m austan við



Rétt SK-224:002, horft til suðurs.



Skýringar  
Fornleifar  
Grjóthlaðib



Uppmæling af rétt SK-224:002.

útihús 001 9. Tóftin er rúmum 46 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Rétt vestan við tóftina er lækur sem hefur líklega afmarkað austurhluta tún bæjarins.

Tóftin er ofarlega á gróðursnauðum melhól. Grasmóar eru ofan við en flagmór neðan við.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin, 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru 0,3 m á hæð og aðeins neðsta umfarið af stæðillegu mosagrónu grjóti sést. Ekki er hlaðinn veggur til norðurs. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar var, mögulega einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-224:003** garðlag landamerki

A 502746 N 551061

Grjóthlaðinn landamerkjagarður skiptir löndum milli Gulreits (SK-202b), Viðivalla (SK-202), og Krókárgerðis. Garðurinn er um 940 m vestan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við Þjóðveg 1. Garðurinn er rúmum 20 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Garðurinn liggur upp lynggróinn mel. Fast vestan við hefur áin



Garðlag SK-224:003, horft til SSA.



Skýringar  
Fornleifar  
Grjóthlaðib



Uppmæling af garðlagi SK-224:003.

grafíð djúpan og breiðan farveg niður í melinn.

Garðurinn er grjóthlaðinn og L-laga. Hann sést á um 40 m löngum kafla. Garðurinn er um 0,5-1 m breiður og aðeins neðsta umfarið sést. Mesta hæð er 0,5 m á norðurhluta garðsins en suðurhluti hans er útflattur, 0,1-0,2 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-224:005** tóft rétt

A 503071 N 551136


Mjög greinileg tóft er um 620 m vestan við bæ 001 og tæpum 40 m sunnan við Þjóðveg 1. Tóftin er rúmum 45 m norðan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Tóftin er í grónum hvammi sem afmarkaður er af gróðursnauðum melhólum.

Tóftin er einföld og er 6 x 6 m að stærð og nánast hringlaga. Hún er torf- og grjóthlaðin og sjá má 1-3 umför í



Rétt SK-224:005, horft til norðurs.




Uppmæling af tóft SK-224:005.

veggjum sem eru 0,5 m á hæð. Botn tóftarinnar er sléttur. Op er á tóftinni til norðurs og lítill aðrekstargarður. Ekki er ljóst um hlutverk tóftarinnar, líklega er þetta aðhald fyrir skepnur, mögulega rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## SK-225 Hálfánartungur- Silfrastaðaafréttur



Uppdráttur af minjum SK-225:001, innan heimaúns Hálfánartungna.

1713: “Fornt eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni ... munnmæli segja að það kallað hafi verið X hdr ...” JÁM IX, 153.

Getið sem kotbýlis í Ljósvefninga sögu - ÍF X, 47-49.

1188 galt Guðmundur dýri “lönd tvö fyrir vestan heiði. Annað heitir í Hálfánartungu en annað að Uppsölum hið næsta Silfrastöðum.” í vígsbætur eftir Hrafn Brandsson - Guðmundar saga dýra, Sturl, 133.

“En líklegt má þykja, að jörð þessi hafi verið í ábúð á fyrri öldum. Í Ljósvefninga sögu er getið ábúðar þar og ekki þó virðulega. - Jörðin er komin í ábúð um 1750, en fór aftur í eyði fyrir 1780. - Þegar jörðin byggðist aftur 1813 var hún ekki metin til dýrleika en metin með Silfrastöðum, en eftir 1861 var jörðin kölluð 5 hundr. að dýrleika. Sami eigandi mun alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfánartungum, voru því Hálfánartungur leigujörð, og búendur á Silfrastöðum munu oftast hafa haft umráðarétt jarðarinnar.” Hálfánartungur fóru í eyði 1876. “Afrjetti á jörðin [Silfrastaðir] tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnanverða; geldfjár og lamba uppreksur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúanda á Silfrastöðum eður hann eftir gefur þeim tollinn fyrir góðvilja. ... Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili.” JÁM IX, 151.

“Silfrastaðaafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.” JBS III, 28.

1318: “Kyrekia a myklabæ j Blönduhlíj. ä ... afriett j norðrárdal.” DI II, 461.

1395 átti Miklabæjarkirkja sem þá var orðin staður “ hrijs a auxnadalsheydi. fra fiallsenda fyrer ofuann reydgotur. og framm til Griothryggs til motz vid vjdivollu. kross land halft fyrer framann valagilsä. og til Seliadalsar. nautarekstur j millum krakuär og kalldbaksar. millum reydslugils og griotär.” - DI III, 565-566


**SK-225:001\_1** Hálfdánartungur bæjarhóll bústaður

A 505754 N 553493

1713: “Fornt eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggíngamerki og girðingar miklar so sem á stórvörðu; veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða, er það talið og meint með þeim afrjettum, sem áður er skrifaður á Hörgárdalsheiði, munnmæli segja að það kallað hafi verið X hdr land, hefur nú ábúandinn á Krákugerði frjálsa beit og slægjur á þessum Hálfdánartungum. Byggja mætti hjer aftur með stórkostnaði, ef ekki bannaði vetrarríki, en fyrir því óttast menn að ekki mundi hjer byggð haldast og atla það hafi þessa jörð eyðilagð.” “Spölkorn innan við búna á Norðurá stendur á sléttum grundum gangnamannakofi, þar sem fyrr var fremsta býlið í dalnum, Hálfdánartungur.” segir í örnefnaskrá. “Í bakaleiðinni stansaði ég um stund og tyllti mér á tóttarbot þar sem áður fyrrs stóð bærinn Hálfdánartungur en þar í tústæðinu var gangnamannakofi,» segir í bókinni Fátækt fólk. Þar þótti reimt. “Af Hálfdánartungum er það að segja að þar var búlið um aldir fram en 1878 fór jörðin í eyði og lagðist þá undir afrétt blöndhlíðinga,” segir í sömu bók. Í Byggðarsögu Skagafjarðar er fjallað ítarlega um býlið og minjarnar á svæðinu. Hálfdánartungur eru austan við Norðurá, um 1,8 km norður af Þjóðvegi 1. Gamla Þjóðleiðin liggur vestan árinna en göngubrú er yfir ána um 550 m suðvestur af Hálfdánartungum. Á svæðinu sjást sjö tóftir auk túngarðs og ná þær yfir svæði sem er um 300 x 260 m að stærð. Tóftirnar eru allar vestantil, innan áhrifasvæðisins en túngarðurinn nær niður að ánni. Grasi vaxin affliðandi hlið er niður að ánni en grýtt fjallshlið ofan við bæinn. Litlar lækjarsprænur renna víða niður hliðina.



Tóft SK-225:001\_1, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft SK-225:001\_1.

Tóft 001\_1 er nokkuð miðsvæðis á svæðinu, um 20 m vestan við túngarð 001\_7 og 130 m norðvestan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Ítarlega bæjarlýsingu má finna í Byggðarsögu Skagafjarðar frá síðustu ábúendaskiptum 1875. Þar er talað um að bæjarhús séu enn sémilega stæðileg og skiptast í baðstofu, eldhús og búr. Veggir góðir að innan sem utan og þak gott. Árið 1922 var byggður gagnamannkofi ofan í bæjarrústina. Staðurinn var heimsóttur 2020 við úttekt Blöndulínu. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, snýr norðvestur-suðaustur, er um 13 x 9 m stór og skiptist í eitt hólf. Á norðvesturvegg er op inn í tóftina en það er orðið nokkuð óskýrt og mikið af grjóti hefur hrunið inn í opið. Veggir eru signir en skýrir og eru 1-2 m á breidd. Hæð veggja er frá 0,3-0,7 metrar að innanmáli og eru hæstir til vesturs og lægstir til austurs. Innanmál tóftarinnar er orðið þýft og óskýrt. Í Byggðarsögu Skagafjarðinga er gagnamannakofanum lýst og er þar talað um að hann hafi rúmað 16 menn og hesta þeirra en aðeins ein fjöl skildi þar á milli. Þetta er stæðlegasta tóftin á svæðinu og er af gangnamannakofanum. Bygging hans hefur raskað bæjartóftinni en ekki er hægt að greina bæjarhól undir tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafreitt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272. Byggðasaga Skagafjarðar - III. bindi, 436.

**SK-225:001\_2** þúst bústaður

A 505778 N 553499

Í Byggðarsögu Skagafjarðinga er fjallað um tóftarsvæði nokkrum metrum ofan (austan) við bæjarrúst 001\_1 og að það sé að öllum líkindum eldri bæjartóft. Ekki er hægt að vita með vissu hvort þúst 001\_2 sé í raun eldri bæjartóft en það er líklegt. Hún er 10 m austan við tóft 1 og er fast vestan við túngarð 001\_7. Hún er 10 x 14 m á stærð, um 0,4 m á hæð og snýr norður-suður. Þústin er óregluleg í laginu en utanmál hennar er nokkuð skýrt. Þústin hækkar nokkuð austast, er grasigróin og þýfð. Greina má dæld eða innanmál hóls suðvestarlega í henni. Einnig mótár fyrir öðru hólf norðar og virðist það opnaðst til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Uppmæling af tóft SK-225:001\_2.




Tóft SK-225:001\_2, horft til vesturs.

**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272. Byggðasaga Skagafjarðar - III. bindi, 436


**SK-225:001\_3** tóft útihús

A 505681 N 553419

Tóft 001\_3 er um 136 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er suðvestast á svæðinu, um 93 m suðvestur af tóft 001\_1. Hún er um 11,5 x 7 m að stærð og snýr NA-SV. Eitt hólf sést í tóftinni, með op til NA. Tóftin er grasi vaxin en grjót sést á stöku stað í veggjum að innanverðu fremst í tóftinni. Veggir eru víðast 1,5-2 m breiðir og um 0,50 m háir.



Uppmæling af tóft SK-225:001\_3.



Tóft SK-225:001\_3, horft til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272


**SK-225:001\_4** tóft fjárhús

A 505732 N 553430

Tóft 001\_4 er fjárhús. Þau eru um 105 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020, um 58 m suður af



Tóft SK-225:001\_4, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft SK-225:001\_4.

tóft 001\_1 og er fast vestan við túngarð 001\_7. Hún stendur austantil á hól sem er um 2 m hár að vestanverðu. Tóftin er um 12 x 6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Breidd veggja er víðast um 1,5 m og hæð 0,3-0,4 m. Fjárhús er í suðvesturhluta, og vottar fyrir opi til suðvesturs. Grjóthlaðinn garði er í fjárhúsinu, rúmir 3 m á lengd og 70 cm á breidd. Hlaða er í norðausturhluta. Tóftin er töluvert gengin í þúfur, einkum norðantil en grjót sést í veggjum að innanverðu á stöku stað.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272


**SK-225:001\_5** tóft útihús

A 505796 N 553438

Tóft 001\_5 er um 60 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er utan túns, um 35 m utan (austan) við túngarð 001\_7 og um 63 m suðaustan við bæ 001\_1. Tóftin snýr NNA-SSV, um 9 m á lengd og



SK-225:001\_5, horft til VSV.



Uppmæling af tóft SK-225:001\_5.

víðast 6 m á breidd en NNA-veggur virðist ná aðeins lengra til vesturs og er alls tæplega 8 m langur. Tóftin er einföld og er op inn í hana nyrst á VNV-hlið. Tóftin er töluvert gengin í þúfur og grjót sést ekki í veggjum. Breidd veggja er um 2 m og hæð 0,4 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272


**SK-225:001\_6** tóft útihús

A 505776 N 553545

Tóft 001\_6 er um 143 m VNV af miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftin er um 45 m norðvestur af bæ 001. Hún er einföld, um 8 x 7 m að stærð og snýr ASA-VNV. Op er líklega á miðri VNV-hlið. Tóftin er upphlaðin, um 0,4 m á hæð að utanverðu en aðeins um



Tóft SK-225:001\_6, horft til suðausturs.



Uppmæling af tóft SK-225:001\_6.

0,2 m að innan. VNV-hlið er hlaðin með köntuðu grjóti, 30-45 cm í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** JÁM IX, 153; Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271-272

**SK-225:001\_7** garðlag túngarður

A 505782 N 553504

Túngarður er meðfram heimatúninu til ASA og SSV. Vestast er garðurinn um 100 m VNV af miðlínu



*Túngarður SK-225:001\_7,  
horft til norðausturs.*

úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og um leið næst henni. Á vettvangi sást hann nyrst um 33 m norðaustur af bæ 01\_1. Garðurinn liggur þaðan um 145 m til SSV en er rofin á tveimur stöðum af lækjum sem renna niður hlíðina sitt hvoru megin við tóft 001\_2. Hann sést svo aftur um 120 m VNV og heldur þaðan áfram rúma 66 m að Norðurá og hefur áin rofið af enda garðsins. Garðurinn er mjög hlaupinn í þúfur og er hæstur 0,4-0,5 m austantil en er um 0,2 m hár nær ánni. Á loftmynd má óljóst sjá marka áfram fyrir garðinum á ASA-hlíð um 175 m til NNA og sveigir hann þaðan um 32 m til VNV en hverfur þar. Rétt sunnan við þúst 2 er óljóst veggjarbrot sem myndar litla tóft sem er áföst túngarðinum, utan túns. Veggurinn er 7 m langur og 1,5 m breiður og liggur norður-suður. Mögulega hafa verið kvíar eða rétt utan heimatúnsins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**SK-225:001\_8** tóft fjárhús

A 505787 N 553610

Tóft 001\_8 er nyrst á tóftarsvæðinu, 110 m NNA við tóft 001\_1 og 190 m norðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Tóftinni er lýst í Byggðarsögu Skagfirðinga, sem þrískiptri tóft og ókennileg, um 7 m breið og 14 metra löng, snýr upp og niður. Við skráningarúttekt Blöndulínu 2020 var tóftin mæld upp. Hún er 17 x 8 m á stærð, snýr nálega austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er vestast, og er um 5,5 x 2 m á stærð og snýr



*Tóft SK-225:001\_8, horft til vesturs.*



*Uppmæling af tóft SK-225:001\_8.*

austur-vestur. Hólf 2 er í miðjunni, er um 5 x 2 m á stærð og snýr norður-suður. Hólf 3 er austast, og er nokkuð hringlaga, um 2 m í þvermál. Engin op eru sjáanleg á milli hólfanna en innanmál þeirra er nokkuð skýrt. Hæð veggja að utanmáli eru frá 0,3-0,6 m, hæst að norðan og vestan verðu. Tóftin er hlaðin úr torfi- og grjóti og er grasivaxin og sigin. Líklegt er að tóftin hafi verið fjárhús eða beitarhús.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Byggðasaga Skagafjarðar - III. bindi, 437

**SK-225:003\_1** þúst beitarhús

A 505882 N 551655

“Í Hornsporði sést fyrir tóft. Jón hefur heyrt gamlar sagnir um, að búið hafi verið í Hálfánartungum á Öxnadalshéið lengi fram eftir og beitarhús hafi verið þaðan bæði í Horni og Skógarhlíð.» segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Þjóðvegurinn kemur austur með Krókánni um Skógarhlíð, þar er lyng og fjallgróður og mjög veðursælt, segir í örnefnaskrá. Tóft er framarlega í Skógarhlíð á Öxnadalshéið, um 1,8 km sunnan við bæ 001 og rúmum 160 m vestan við kuml 004. Staðurinn var áður skráður árið 2000 og sást þá þrískipt tóft. Við skráningu 2020 fékkst önnur mynd af staðnum. Þar sést aðeins greinilegur rústahóll. Sú lýsing sem hér fylgir sú sem gerð var þegar tóftirnar voru mældar upp 2020. Á þessum stað er þúst (003\_1), tóft (003\_2) og garðlag (003\_3) á svæði sem er 55 x 40 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Fornleifarnar eru um 140 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu.


Tóftin er á nefi sem gengur út í um 30 m djúpt gljúfur. Vel gróið er í kringum tóftina og er valllendismói á stalli



neðst í fjallshlíðinni ofan við tóftina og nær hann yfir 5-6 ha svæði. Nafnið Skógarhlíð bendir til að móarnir og fjallshlíðarnar ofan við hafi áður verið skógi vaxið.



Beitarhús SK-225:003\_1, horft til suðurs.



**Skýringar**

Fornleifar	Torfhláðið	Úttektarsvæði	0 5 10 15 20 m
Þúst	Óljóst		

Uppdráttur af minjum SK-225:003.

Þústin er 22 x 13 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Þústin er með nokkuð aflíðandi og grónar hlíðar en skarpar brúnir. Á þessum stað hefur líklega verið náttúrulegur hóll sem byggt hefur verið á. Svæðið er allt á kafi í grasi og ekki sér skýrt í dældir eða önnur ummerki um tóftir á hólnum. Mjög sennilega leynist talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Staðnum var lýst svo árið 2000: “Þrískipt tóft, 15x5 m, en afhýsi eða eldri bygging gengur undan suðurlangvegg um 3 m til suðurs. Þar er skýrt horn vestast en veggurinn verður svo fljótlega óglöggur eftir því sem austar dregur. Dyr eru hvergi greinilegar. Tóftin er vel gróin og stendur allhátt einsog eldri byggingarstig geti verið undir. Það er sennilega hrein ágiskun að þessi tóft sé beitarhús og raunar ekki fullvíst að átt sé við hana í lýsingunni.”

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt ath og viðb, 1; Ö-Silfrastaðaafrétt, 4

**SK-225:003\_2** tóft heygarður

A 505855 N 551641

Sigin og torfhláðin heytóft er um 10 m sunnan við þúst 003\_1. Tóftin er einföld, 6 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð, greinilegastir til vesturs. Ekki er hlaðinn veggur á norðurhlíð tóftarinnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-225:003\_3** garðlag túngarður

A 505900 N 551670

Garðlag er um 30 m norðaustan við þúst 003\_1. Garðurinn sést sem afgerandi hryggur sem liggur norður-suður á um 20 m kafla. Hann er 1-1,5 m breiður og 0,1-0,3 m hár. Til norðurs hverfur hann rétt sunnan við Þjóðveg 1.



Túngarður SK-225:003\_3, horft til norðausturs.



Þúst SK-225:003\_2, horft til SSA.

Garðurinn hefur líklega náð lengra til norðurs. Mögulega er þetta túngarður sem hefur afmarkað tún fyrir þúst 1 og tóft 2.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-225:004** kuml legstaður

A 506050 N 551667

Árið 1962 gróf Kristján Eldjárn upp kuml á Öxnadalsheiði. Á móts við þar sem Króká og Heiðará koma saman gengur höfði út í gilið að norðan. Hann heitir Skógarnef. Á bakkanum, utan við þar sem höfðinn gengur



*Kuml SK-225:004, horft til suðurs.*

lengst til suðurs er lítill melur, hálfgróinn og efst á honum tvær steinsetningar í röð. Þær eru um 15 m frá gilbrúninni. Kumlið er rúmum 150 m austan við beitarhús 003 og 160 m sunnan við miðlínu Blöndulínu 3, utan áhrifasvæðis.

Á hálfgrónum mel skammt frá djúpu gili. Ofan við er vel gróinn grasmói og fjallshliðin beint ofan við er einnig vel gróin. Til norðurs er breiður stallur meðfram gilinu með vallendi og mýrateygingum, en austan við þennan stað sleppir undirlendinu alveg. Hin forna leið um Öxnadalsheiði hefur á þessum slóðum legið á svipuðum stað og núverandi þjóðvegur, uppi undir

fjallsrótum, a.m.k. 100 m frá kumlinu.

Vestar er 2x1 m steinsetning og 0,4 m austan við hana önnur minni, 1,5x0,7 m og snúa báðar austur-vestur, sú austari þó heldur meira VNV-ASA. Báðar eru úr fremur litlu grjóti (15-20 sm). Um 15 m suðaustan við, úti á nefinu sem skagar fram í gilið, er stór regluleg þúfa (á henni mælingahæll) sem gæti verið mannaverk. Um 30 m ofan við kumlið er breið gróin bunga sem mögulega er mannvirkjaleifar. Uppi á henni er regluleg dæld, 5x3 m að stærð með op til suðurs. Ekki er það þó ótvírætt mannaverk. Steinsetningarnar eru sennilega kumlið sem Kristján Eldjárn gróf upp og hefur hann þá raðað steinunum aftur í upprunalegt horf. Hann lýsir fundinum svo: “Snemma sumars 1962 hringdi Ingólfur Nikódemusson á Sauðárkróki til Þjóðminjasafns og skýrði frá því, að hann hefði orðið var við mannsbein og hrossbein á blásnum mel uppi á Öxnadalsheiði. Mikil ferðalög lágu þá fyrir starfsmönnum safnsins, og gafst ekki tími til að rannsaka fundinn fyrr en seint í september. Þá var ég á eftirlitsferð um Norðurland og notaði tækifærið til að koma við á þessum stað. Rannsaði ég fundarstaðinn dagana 20. og 21. sept. Fyrri daginn voru með mér nokkra stund þeir Ingólfur Nikódemusson og Stefán Jónsson fræðimaður á Höskuldsstöðum (2. mynd), en annars vann ég einn að rannsókninni. Reyndist þarna vera kuml konu og hests frá heiðnum tíma.”

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** KE: Árbók 1965, 13-18

**SK-225:011** gata leið

A 510684 N 563623



*SK-225:011, horft til suðvesturs.*

Í örnefnaskrá segir: «Heiðará fellur til suðvesturs og myndar Norðurá ásamt Horná og Miðsalsá. Norðan hennar heita Hörgárdalsheiðartungur, venjulega aðeins nefndar Tungur, en kallaðar Hörgárdalstungur í landamerkjalykingu. Sunnan árinna er Hörgárdalsheiði. Farið er upp á heiðina vestan frá um brattar melbungur, og er hún þar í um 400 m hæð yfir sjó. Stutt þar fyrir innan sníður djúpt gljúfur, Illagil, sundur hlíðina þvera. Er það vond leið og stórgrytt, en framan við liggja götuslóðar, víðast með ánni, um mela, giljadrög og lyngi vaxnar lautir og gróðurgeirar.» Leiðin er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1923, þar sem hún liggur frá Krákugerði yfir Hörgárdalsheiðina til norðurs og kemur niður í Hörgárdalinn og sameinast þar annarri leið sem

liggur þvert á þessa. Hún liggur ýmist þvert yfir miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 eða 20-100 m frá henni.

Leiðin liggur yfir fjölbreytt landslag, mela og móa, gil, mýrlendi, lyngbrekkur og kjarlendi. Hún sést illa í mýrlendinu en sést helst þar sem þurt er og minni gróður.


Leiðin sést á nokkrum köflum yfir Hörgárdalsheiðina og sést oftast sem einn eða fleiri mjóir kindastígar, grónir eða ógrónir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt, 3

### SK-225:012\_1 SelA 510986 N 552383

“Heiðará fellur til suðvesturs og myndar Norðurá ásamt Horná og Miðsalsá. Norðan hennar heita Hörgárdalsheiðartungur, venjulega aðeins nefndar Tungur, en kallaðar Hörgárdalstungur í landamerkjalyfingu. Sunnan árinna er Hörgárdalsheiði. Farið er upp á heiðina vestan frá um brattar melbungur, og er hún þar í um 400 m hæð yfir sjó. Stutt þar fyrir innan sníður djúpt gljúfur, Illagil, sundur hlíðina þvera. Er það vond leið og stórgrýtt, en framan við liggja götuslóðar, víðast með ánni, um mela, giljadrög og lyngi vaxnar lautir og gróðurgeirar. Selfjall heitir fjallið ofan við þetta. ... Selfjall er milli Hörgárdalsheiðar og Öxnadals ...” segir í örnefnaskrá. Síðar segir: “Sagnir eru um býli á Öxnadasheiði, Grjótá og Selgrundir, og einnig um grafreit frá því í heiðni.” Örnefnakort Árna Bjarnasonar. Selfjall er helst talið draga nafn af seli sem hefur verið uppi á Öxnadalsheiði. Þar heita Selgrundir framan við Klif og að Grjótá. Tóftabunga er á vallendisgrund vestast á



#### Skýringar

Fornleifar: Bæjarhöll  
Úttekargögn: Úttekarsvæði  
Púst: Púst  
Leið: Leið

Uppmælingar af seli SK-225:012.

Selgrundum, um 400 m vestan við Grjótá og um 200 m ofan við núverandi þjóðveg. Tóftirnar eru um 30 m ofan við gamla malarveginn, en eldgömul rudd gata (018) liggur fast ofan við tóftirnar, í fjallsrótum. Ein tóft (012\_1) og tvær þústir (012\_2 og 3) eru milli tveggja lækja og ná yfir svæði sem er um 42 x 22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft 1 er um 140 norður af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020.

Vallendisblettur undir fjallshlíð. Neðan við eru mýrar en síðan eyrar meðfram Grjótá og Heiðará.

Rústir þessar eru mjög óglöggar. Vestast er lítil tóft 012\_1, um 7 x 7 m að stærð, ekki skýr en þó greinilegust af þeim sem þarna eru, stendur hærra og er grænni og unglegri en hinar. Hún er fast á lækjarbakka.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; Örnefnakort Árna Bjarnasonar.

### SK-225:012\_2 SelA 511006 N 552384

Þúst 012\_2 er um 140 norður af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Um 10 m austan við tóft 012\_1 er aflangur þúfnarimi, um 20 x 8 m, sem þó hefur enga húslögun. Séð ofanfrá er þó skýr brún í móanum. Um 2 x 1 m hola hefur verið grafin í vesturendann á þessum rima. Hún er um 0,5 m djúp og sér í grjót í sverðinum. Sigríður Sigurðardóttir í Glaumbæ mun hafa verið þar að verki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; Örnefnakort Árna Bjarnasonar.



Minjar SK-225:012, horft til vesturs.

SK-225:012\_3 þúst sel

A 511015 N 552401

Vallendisblettur undir fjallshlíð. Neðan við eru mýrar en síðan eyrar meðfram Grjótá og Heiðará.

Þúst 012\_3 er um 155 norður af miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Þriðja tóftin gæti verið norðaustan við norðausturhorn rimans - þar er þúfnakragi, um 10 x 9 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Silfrastaðaafrétt, 3; Örnefnakort Árna Bjarnasonar.

SK-225:014 Hálfánartungur heimild

“Í bakaleiðinni stansaði ég um stund og tyllti mér á tóttarbot þar sem áður fyrrs stóð bærinn Hálfánartungur en þar í túnstæðinu var gangnamannakofi.” Segir í bókinni Fátækt fólk eftir Tryggva Emilsson.

Þjóðsaga: Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar kvað Hálfán bóndi í Hálfánartungum fastan óvætt við jarðfastan stein og sagði að þar yrði hann að dúsa næstu níu mannsaldra. Níu öldum síðar urðu gangnamenn varir við að hundar ýlfrudu auk furðulegur þytur heyrðist utan gangnakofans. Þegar út var komið um morguninn voru allir hestar horfnir, höfðu hlaupið út um víðan völl í ofsahræðslu. Var uppvakningum kennt um, þessa nótt hefði hann losnað úr fjötrunum.“ SKOÐA TILVÍSUN. Ekki er vitað hvar jarðfasti steinninn var en líklega nærri bæ 001.

**Heimildir:** TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 271

SK-225:018 vegur leið

A 511001 N 552403



Rudd gata liggur í fjallsrótum, fast ofan við tóftir 012, að gamla þjóðveginum um 135 m ofan (norðan) við núverandi þjóðveg. Vestari endi leiðarinnar er um 66 m norðan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020 en austari endi er um 170 m frá miðlínunni. Hugsanlega er hér um eldri leið yfir Öxnadalshéiði að ræða.

Vallendisblettir eru undir fjallshlíðinni. Neðan við eru mýrar en síðan eyrar meðfram Grjótá og Heiðará.

Vatn hefur runnið um götuna ofan við tóftirnar og er hún mjög djúpt grafin á kafla, allt að 2 m. Svæðið var fyrst heimsótt árið 2000 en var skoðað aftur 2020. Leiðin sést á alls um 255 m löngum kafla og er um 1,5-2 m á breidd þar sem hún er breiðust. Hún sveigist norðaustur-suðvestur, og endar við gamla þjóðveginn norðaustantil en fjarar smám saman út á suðvesturenda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

Vegur SK-225:018, horft til suðvesturs.

SK-225:019 þúst óþekkt

A 504930 N 552250

Suðaustan við Norðurá er ógreinileg tóft. Hún er 1,5 km SSV við Hálfánartungur 001 og 35 m suðaustan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 3. Þústin er í gróinni fjallshlíð og sker sig lítt frá nánasta umhverfi.

Grasigróin fjallshlíð sem er aflíðandi til norðvesturs niður að Norðurá.

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 4,5x3,2 m á stærð og líklega er op til norðausturs. Suðausturveggur sést nokkuð vel og er um 0,2 m á hæð en lítið mótat fyrir innra byrði nema á stöku stað. Tóftin er mosagróin, sigin og en sé tekið mið af staðsetningu er um beitarhús að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



SK-225:020 varða óþekkt

A 505711 N 551678

Í Skógarhlíð um 170 m vestan við tóft 003 er hrunin varða. Hún er 15 m neðan (sunnan) við eldri veginn og um 50 m ofan (norðan) við gilbrún Krókár. Varðan var skráð aftur við vettvangsútekt Blöndulínu 2020 og er hún 90 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðisins.

Á lynggrónum skriðtaumi, valllendi í kring en gamalt vegstæði ofan við og núverandi vegur þar ofan við.

Varðan er því sem næst þríhyrnd að grunnfleti, 2 umför. Hún er 0,3 m á hæð og nærri alveg hrunin. Hún er á hringlaga þúst sem er um 4 m í þvermál. Hún er líklega

Varða SK-225:020, horft til austurs.

náttúruleg en ekki er hægt að útiloka að hún sé manngerð. Langhlið snýr norðvestur-suðaustur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-225:021** tóft óþekkt


A 505583 N 551559

Í Skógarhlið, rúmum 300 m vestan við tóft 003 og 173 m suðvestan við vörðu 014 er ungleg tóft á barmi Krókargíls. Tóftin er 175 m sunnan við miðlínu úttekarsvæðisins og er 25 m utan við úttekarsvæðið.

Á gilbrún. Ofan við er vallendi upp að vegi.



*Tóft SK-225:021, horft til vesturs.*



*Uppmæling af tóft SK-225:021.*

Tóftin er 6 x 5,8 m að utanmáli og hefur dyr á suðurvegg, niður í gilið. Hún er grafin inn í gilbrún og er norðurveggur um 1,5 m hár að innanverðu en sléttur við jörðu að utan. Grjóthleðslur sjást í norður-, austur- og suðurveggjum og eru þrjú umför í suðurvegg að innaverðu en eitt í hinum. Spýtnabrak í kring bendir til að stutt sé síðan þessi tóft var undir þaki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SK-225:022** gata vað

A 497522 N 547711

Vað er á ánni 7,5 km norðaustan við Hálfánatungur og 140 m austan við miðlínu úttekarsvæðis Blöndulínu 2020. Vaðið sést ágætlega og götur liggja að ánni. Bakkar eru lágir.

**Hættumat:** engin hætta

SK-641 Fornleifar á fl. 1 jörð

**SK-641:001** gata leið

A 469532 N 552746

“Vestan lækjarins [Klittnalækjarins], gegnt Grensbrekkunni, er Ferðamannaflá; þar um liggja götur, sem greinast vestur að Eiríksstöðum og Leifsstöðum,” segir í örnefnaskrá. Göturnar sjást til dæmis um 170 m norðaustan við vörður HV-292:022. Leiðin þverar úttekarsvæði Blöndulínu 2020 á tveimur stöðum og liggur þar á milli 15-60 m frá mörkum svæðisins. Leiðin liggur yfir lönd Valabjarga SK-087 og Eiríksstaða HV-292. Leiðin liggur yfir sýslumörk og er skráð á SK-641:001 og HV-701:002.

Göturnar eru greinanlegar frá kofa neðarlega í dalnum í landi Valabjarga og hafa verið ruddar að hluta fyrir fáum árum. Þær liggja yfir holt og hæðir í fremur hrjóstrugu landi.

Leiðin var skoðuð í landi Eiríksstaða. Gata enn vel greinanleg á gróðurlausum mel og er þar um 3-4 m breið og um 0,4 m djúp. Líklegt er að hún sé nærri Ferðamannaflá en heimildamaður kannaðist ekki við þann stað. Gatan liggur SSV-NNA. Staðurinn var fyrst heimsóttur 2008 en var skoðaður aftur árið 2020. Alls er



*Leið SK-641:001, horft til NNA.*

um 2 km kaffi af leiðinni sem liggur innan eða rétt við áhrifasvæði Blöndulínu. Í landi Valabjarga liggur leiðin SSV-NNA en sveigir síðan til VNV í landi Eiriksstaða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Valabjörg, 1;

SK-651 Fornleifar á fl. 1 jörð

**SK-651:001** *Kirkjuvegur* vegur leið



*Leið SK-651:001, horft til NNA.*

A 478499 N 557977

Í örnefnaskrá Kirkjuhóls segir: «Vegur að Kirkjuhóli liggur suður frá Víðimýri eftir Víðimýrarás. Þar voru áður götur sem nefndar voru Kirkjuvegur og lágu áfram suður neðan við túnið í Kolgröf og suður ofan við Álfgæisvelli og áfram. Sumstaðar var uppbyggður vegur yfir mýrasund. Eftir að Hallur eignast jörðina var lagður þangað bílfær vegur.» Þar segir einnig: «Kirkjuvegurinn mun vera yfir þessa tungu (göturnar sjást óglögg) - og síðan út barminn - nokkru austar en núgildandi heimvegur. Um landamærin milli Kirkjuhóls og Víðidalssýnist Kirkjuvegurinn vera nánast á sömu slóð og núverandi vegur.» Í byggðasögu Skagafjarðar segir: «Kirkjuvegur kölluðust göturnar fram Víðimýrarásinn og fer bilvegurinn eftir þeim að hluta. Ásinn náði allt fram að Kirkjuhóli og fer Kirkjuvegurinn þar vestan við Bæjarhólinn [SK-091:001] eða um hann, suðvestur á Gerðið [023] þar sem fjárhúsin [003] á Kirkjuhóli voru

fyrir, heldur áfram suður og upp á efribýggð, neðan túns í Kolgröf og fram fyrir ofan Álfgæisvelli.» Í örnefnaskrá Álfgæisvalla og Álfheima segir: «Nokkru norðar [en Fossllækur] er Brúarmelur á landamerkjunum og hann mun draga nafn af upphlöðnum vegarþotta norðan merkjanna, þar sem vegur fortíðarinnar, Kirkjuvegur, sést ennþá. Götuslóðinn stefnir suðaustur yfir Fossllækinn og í áttina að íbúðarhúsinu á Álfgæisvöllum.» [...] Brúarsund gengur suður úr Álfgæisvallaflóa austan við hólinn sem húsin voru og eru á. Þvert yfir það austur-vestur eru greinilegir götuslóðar og þar var upphlaðinn vegur með grjótræsi, svonefnd brú, en þarna var kirkjuleiðin austur yfir á brúninni, en ökuleiðin áfram suður sundið. Þetta var alfaraleið þangað til bílar og bílvegir komu til sögu. [...] Akstursleiðin var gjarnan nefnd Sleðabraut. [...] Neðan við Húsasund er Brúarsund. Torfbrú er (var) yfir sundið yzt, því þar var illt yfirferðar. «Kirkjuvegurinn er merktur inn á uppdrátt Íslands frá árinu 1923 og þar sést að hann liggur frá Víðimýri [SK092] suður að Kirkjuhól, framhjá Kolgröf, Álfgæisvöllum, Ytra-Vatni, Syðra-Vatni og svo síðast Gillkoti en þar sameinast hann leið í neðri byggð. Kirkjuvegurinn var skoðaður í landi Kirkjuhóls og landi Álfgæisvalla [SK-651:001]. Ekki eru nein ummerki um hann norðan við tún Kirkjuhóls en hann sést ágætlega sunnan við túnið þar sem hann liggur suður í átt að Kolgröf. Þar liggur hann í miðlínu úttektaarsvæðis Blöndulínu.

Vegurinn liggur yfir holt, móa og ræktuð tún en er að mestu leyti horfinn í gróður og undir túnrækt.

Í eldri skráningu á leiðinni frá árinu 2008 segir: «Ekki sást til leiðarinnar á vettvangi en hún mun hafa legið skammt frá landamerkjavörðu SK-091:011, frá norðri til suðurs, þvert á línustæðið. Leiðin sést á loftmynd í landi Kolgrafar.» Leiðin var skoðuð aftur árið 2020 í landi Kirkjuhóls. Þar sem hún liggur til norðurs frá bæ 001 yfir varð 010.3 í átt að Víðimýri [SK-092] sést nokkur dæld þar sem vegurinn hefur líklega legið en engin ummerki um veginn sjálfann sjást á þessu svæði né annarsstaðar á leið að Víðimýri, enda hefur hann legið að stórum hluta þar sem núverandi vegur liggur. Hinsvegar sést vegurinn ágætlega sunnan við tún Kirkjuhóls og hægt að rekja hann á loftmynd. Þar er breiður gróðurvana slóði sem liggur yfir holt og móa.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Kirkjuhóll, 2; Ö-Álfgæisvellir og Álfheimar, 10-11; BS II, 401

**SK-651:002\_1** *Kiðaskarð* heimild um leið

A 478806 N 545510

Í örnefnaskrá Mælifellsár segir: «Eftir hvamminum [Sellækjarhvammi] liggur vegurinn fram dalinn og rétt sunnan við hvamminn greindist Kiðaskarðsvegur frá honum og lá þar vestur yfir ána. Nú (2002) er búið að færa þau vegamót langt suður í Selflóa.» Í örnefnaskrá Mælifellsár 1 segir jafnframt: «Þröskuldur er á sýslumerkjum á milli Skagafjarðar og Húnavatns[sýslu], í Kiðaskarði. Er það klapparhæð fremur lítil og vörðubrot eru á merkjum, gerð af Hjörleifi, er hann var 12 ára barn í hjásetu frá Mælifellsá.» Samkvæmt Uppdrætti Íslands

frá 1923 liggur leið frá heimatúni Mælifellsár til suðurs og fer þar yfir Kiðaskarð yfir í Húnavatnssýslu. Leiðin hefur legið eftir vesturbakka Mælifellsár og svo upp Kiðaskarðið.

Hefur legið yfir gróin svæði og grasmóa, mela og móa.

Ekki sjást nein ummerki um leiðina og er hún því að öllu leyti horfin í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mælifell, 18; Ö-Mælifellsá 1, 1; Uppdráttur Íslands 53

**SK-651:002\_2** vegur samgöngubót

A 482404 N 550344

Í landi Mælifellsár (áður Syðri-Mælifellsár SK-123) má sjá ruddan vegarspotta liggja meðfram bökkum Mælifellsár niður að vaði í Vaðhvammi SK-123:020 og upp frá ánni í landi Hvítáreyra (áður Hamarsgerði SK-126) að yngri ruddum vegi 002\_3 á sömu leið. Sunnan Efribyggðarveggar sést leiðin á um 800 m löngum kafla en hún er ekki samfelld því rof er á henni vegna vegagerðar og túnræktar. Leiðin var aðeins skoðuð innan úttektarsvæðis Blöndulínu 2020 og í næsta nágrenni við það. Þessar vegabætur eru ekki mjög gamlar og líklegt að þær séu of ungar til þess að geta talist til fornminja út frá aldursákvæði laga um menningarminjar. Aldur þeirra er ekki þekktur og rétt þótti að taka þær með á minjaskrá, enda mikilvægur vitnisburður um sögu samgangna og samgöngubóta á svæðinu.



*Vegur SK-651:002\_2, horft til norðvesturs.*

Vegurinn liggur um gróðursnauda mela og gróin, deiglend svæði á bökkum Mælifellsár.

Vegurinn er víðast 1,5- 2 m á breidd en er orðinn illgreinilegur og yfirgróinn, þar sem hann liggur yfir gróin svæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-651:003** Hrómundarskarð gata leið

A 479800 N 555122

Í ornefnaskrá Álfgeirsvalla og Álfheima segir: «Hrómundarskarð liggur austur-vestur, þvert í gegnum Efribyggðar-fjallgarðinn, eins konar dyr milli héraða eins og Kiðaskarð. [...] Í ævisögu Gísla Konráðssonar, bls. 41, má sjá frásögu um ferð þeirra bræðra, Gísla og Konráðs, um skarðið, enda mun þar fyrrum hafa verið töluvert fjölfarin vegur.» Í ornefnaskrá segir jafnframt: «Sunnan við Moshlíðarhnjúk er Hrómundarskarð. Um skarðið liggja götur, og liggja þær milli Svartárdals og efrbyggðar. [...] Eftir Hrómundarskarði mun hafa legið forn alfaraleið milli byggða.» Leiðin lá frá Álfgeirsvöllum og lýsingu á því er einnig að finna í ornefnaskrá: «Suður og upp með Álfgeirsvallaánni er Slóðamelur, nefndur svo af götum eftir melnum.» Í byggðasögu Skagafjarðar III segir einnig: «Götur lágu eftir honum [Slóðamel] upp fyrir norðan árgilið og vestur í Hrómundarskarð.» Leiðin um Hrómundarskarð er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1923. Leiðin lá frá tröðum Álfgeirsvalla (117 1) að ánni og upp fjallið á norðurbakka hennar. Götur sjást við árbakkann tæpum 250 m SSV við Álfgeirsvelli (117 1) og rúmum 60 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu.

Árbakkarnir eru grónir og nokkur tré eru á svæðinu.

Göturnar voru mældar upp af loftmynd og sjást ágætlega á 50 m löngum kafla, upp að þúst 026.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Álfgeirsvellir og Álfheimar, 5, 12-14; BS III, 510; Uppdráttur Íslands 53

**SK-651:004** gata leið

A 489917 N 548686

Í ornefnaskrá segir «Suður með Vötnunum eru götur eftir Vatnabörmum, en þar var allfjölfarin leið fyrrum, meðan mest var ferðast á hestum.» Leiðin er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1923 og liggur þar eftir Héraðsvötnum endilöngum, frá Reykjum að Goðdölum. Götupaldar í stefnu norðvestur-suðaustur sjást meðfram bökkum Héraðsvatna á stórum hluta jarðarinnar Litladals. Göturnar liggja meðfram norðvesturjarðri úttektarsvæðis Blöndulínu 2020, um 70 til 190 m frá miðlínu svæðisins.



*SK-651:004, horft til suðausturs.*

Meðfram bökkum árinna eru víða lynggróin holt og mýrarsund milli þeirra.

Götur sjást á alls um 1,46 km löngum kafla. Þær hverfa í ræktað land til norðvesturs en fjara smám saman út til suðausturs. Á holtum meðfram ánni sjást 10-35 m breiðir götupaldrar. Leiðin er illgreinanlegri í mýrarsundum en þar sést víðast a.m.k. ein skýr gata. Götur eru víðast mjóar, 0,2-0,3 m breiðar og 0,3 m djúpar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 9; Uppdráttur Íslands 1923, 53

**SK-651:005** heimild um leið

A 489032 N 549563

Í örnefnaskrá Litladals segir: «Fyrir tíma bílvega var þjóðleið um Dalsplássið yfir Héraðsvötnin, er ferðast var á hestum.» Gatan er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá árinu 1923 og þar sést hún liggja frá þjóðleið SK-651:004, austan við heimatún Litladalskots yfir Héraðsvötn og austan við tún Bólu. Leiðin er 630 m austan við bæ 001 og liggur þvert frá miðlinu úttektarsvæðis Blöndulínu 202 til austurs.

Sandhólar og sléttur með litlum árfarvegum á milli.

Leiðin var skoðuð í landi Litladalskots en þar sást ekki nein ummerki um hana yfir Héraðsvötnin og hafa öll ummerki um hana orðið vatnsflauminum að bráð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Litlidalur, 9; uppráttur Íslands 1923, 53

**SK-651:006** vegur leið

A 477018 N 559509



*Vegur SK-651:006, horft til vesturs.*

“Fast við póstleiðina að norðan fyrir ofan Víðimýri standa á grjóthól einum beitarhús, sem heita Brekkuhús [005] [...]. Víðimýrará aðskilur lönd milli bæjanna Brekku og Víðimýrar [SK-092], og suður við ána upp undan Víðimýrabæ heitir, Kirkjubrekka. Hún er allbrött og nokkuð grýtt, og þar liggur póstvegurinn,” segir í örnefnaskrá. Vegurinn liggur þvert í gegnum úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Leiðin er um 240 m suðvestan við Brekkuhús SK-088:005 og rúmum 10 m norðvestan við vað SK-088:032 2. Vegurinn er merktur inn á upprátt Íslands frá 1923

Vegurinn liggur rétt norðan við Víðimýrará. Vegurinn þræðir gróna árbakka þar sem á skiptast lyng- og mosavaxnir melar og votlendi.

Vegurinn er greinilegur og var honum fylgt á um 300 m löngum kafla innan áhrifasvæðis Blöndulínu 2020.

Vegurinn liggur nálega austur-vestur, eftir gilbrún

Víðimýrará og er hann 1,5 m breiður malarvegur. Á loftmynd sést hann greinilega halda áfram til beggja átta, utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda Blöndulínu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-brekka, 2; Uppdráttur Íslands 53, Víðimýri

**SK-651:007** vegur leið

A 480401 N 553663



*Vegur SK-651:007, horft til norðurs.*

“Eftir Torfholti [SK-118-020] norður suður, sjást leyfar af fyrsta bilveginum eftir Efríbyggð. Hann lá út vestan við Svarðarmelana [SK-118:019] norður Torfholtið og síðan upp á Háubrekku og áfram úteftir,” segir í örnefnaskrá. Vegurinn er um 20 m austan við miðlinu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Hluti vegarins var kannaðar á vettvangi í landi Ytra-vatns SK-118 árið 2020 í tengslum við Blöndulínu. Vegurinn er líklega á mörkum þess að teljast til fornleifa en var tekinn með í fornleifaskrá þar sem hann er merk heimild um samgöngur í Skagafirði.

Vegurinn liggur gegnum Svartaflóa í landi Ytra-vatn en þar er gamall mýrafláki sem búið er að ræsa fram, rétt norðan við Torfholt.

Vegurinn liggur nálega norður-suður á um 670 m löngum karfla. Hann er 1-2 m breiður, breiðastur til suðurs. Vegurinn er upphlaðinn og rís 0,2-0,5 m frá jörðu. Hann er malarborinn og er víða að hverfa undir mosa, einkum



norðurlhuti hans og hvefur rétt norðan við landamerki Ysta-vatns SK-118 og Álfgaersvalla SK-117.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SK-651:008** *Efribyggðarleið* gata leið

A 476954 N 559594

Efribyggðagötur lágu um alla Efribyggð í Skagafirði. Hluti leiðarinnar var tekin út vegna fornleifaúttektar í tengslum við Blöndulínu 2020. Leiðin var mjög greinileg í landi Brekku SK-088. Djúp og greinilega gata er um 1,7 km suðvestan við Brekkubæ SK-088:001 og rúmum 200 m suðvestan við Brekkuhús SK-088:005. Gatan þverar miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020. Á leiðinni er vað (02) í landi Brekku, við Viðimýrará.

Í landi Brekku liggur gegnum framræst votlendi rétt austan við Melhóla. Annars staðar er lynggróður og mosi er ríkjandi gróður á svæðinu.

Leiðinni var fylgt á vettvangi á um 300 m löngum kafla í landi Brekku og liggur leiðin h.u.b. norðvestur-suðaustur. Á loftmynd sést að leiðin liggur lengra til norðvesturs, utan áhrifasvæðis framkvæmda. Í Brekkulandi sést leiðin sem ein ógróin gata, 0,5 m á breidd og 0,4-0,7 m djúp. Norðvesturhluti götunnar er mjög greinilegur en hún verður ógreinilegri eftir því sem sunnar dregur. Leiðin hverfur við Viðimýrará. Á loftmynd sést hún vel á heldur leiðin áfram til suðausturs, utan áhrifasvæðis framkvæmda 2020. Mögulega er leið 091:017 hluti af þessari leið frekar heimildir þarf til þess að segja af eða á um það.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Leið SK-651:008, horf til norðausturs.*

**SK-651:009** *Skagafjarðarvegur* heimild um leið

A 481399 N 557802

Í örnefnaskrá segir: «Þjóðvegurinn, Skagafjarðarvegur, liggur þvert í gegnum landareign Saurbæjar ofan við bæinn. Hann liggur eftir Laufásnum, sem næst sem hann er hæstur, og suður af honum og áfram. Meðan vegurinn var lítið uppbyggður var Laufásinn stundum þungfær eða ófær og snjór settist í brekkuna sunnan í ásnum. Nú sest þar lítill snjór, enda vegurinn þarna vel uppbyggður. Fyrrum var aðeins kerruvegur eftir Laufásnum.» Leiðin liggur eftir Laufásnum austanverðum, u.þ.b. í miðri brekku.

Laufás er melás, verður víst mjög forugur í bleytu. Sléttuð tún eru neðan við hann.

Vegurinn sést greinilega og er um 2 m breiður úr mold og smágerðu grjóti. Liggur hann meðfram rafmagnsgirðingu eftir ásnum endilöngum. Er hann líklega bílfær.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Saurbær, 11

**SK-651:010** *Götuás* gata leið

A 480284 N 553566

“Götuás er uppblásið holt utan og ofan við túnið á Ytra-Vatni og nær ala leið út á merki milli Álfgaersvalla og Vatns. Eftir því endilöngu eru götuslódir milli bæjanna. [...] eftir honum [Götuás] lá vegur fortíðarinnar, Kirkjuvegur,” segir í örnefnaskrá. Greinileg leið er á Götuási. Hún er 210 m NNV við bæ SK118:001 og rúmum 60 m sunnan við vörðu SK-118:024. Leiðin er um 127 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2020.

Leiðin liggur ofarlega á Götuási. Þar er mosi ríkjandi. Umhverfis ásinn er grasríkt deiglendi.

Leiðin sést sem ein gróin og grunn gata. Hún er 0,4 m djúp og liggur í nálega beinni línu norður-suður. Hún er greinileg á um 200 m löngum kafla og er 0,5 m breið en víða aðeins 0,2 m breið, einkum á norðurluta hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Ytra-Vatn, 4;

#### 4.4 Jarðir þar sem ekki fékkst leyfi fyrir vettvangsúttekt

Við vettvangsskráningu sumarið 2020 fékkst ekki leyfi landeigenda til úttektar vegna Blöndulínu á þremur lögbýlum, tveimur í Eyjafirði og einu í Skagafirði. Jarðirnar í Eyjafirði eru innan áhrifasvæðis línukosts C2 og tilheyra sveitarfélaginu Hörgársveit. Ábúandi á Garðshorni EY-265 gaf ekki leyfi til vettvangsúttektar og ekki fékkst leyfi til að ganga um jörðina Hóla EY-231, í sömu sveit, þar sem ekki náðist í landeigendur á meðan á vettvangsvinnu stóð. Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Eyjafjarðarsýslu á árunum 1998-2006 og voru báðar jarðirnar í Hörgársveit skráðar sem hluti af þeirri aðalskráningu. Fornleifar í Garðshorni voru skráðar árið 2000 þegar minjar í þáverandi Glæsibæjarhreppi voru skráðar og minjar á Hólum voru skráðar árið 2006 þegar fornleifaskráning var unnin í sveitarfélaginu Hörgárbyggð.<sup>3</sup> Árið 2008 þegar eldri fornleifaúttekt var gerð vegna Blöndulínu fékkst leyfi til þess að deiliskrá áhrifasvæði á báðum jörðunum og litlar sem engar breytingar eru á legu þess nú.<sup>4</sup> Það yfirlit um minjar innan áhrifasvæðis á jörðunum tveimur sem er að finna hér að neðan byggir því á eldri skráningu, bæði aðalskráningu og svo deiliskráningu frá 2008. Sökum þess að ekki fékkst leyfi til að fara um jarðirnar sumarið 2020 var ekki hægt að mæla upp fornleifarnar líkt og gert var annars staðar. Þess í stað voru teikningar af minjunum settar inn í landshnitakerfi (GIS) til að gefa grófa hugmynd um útlit þeirra og staðsetningu.

Í Skagafirði liggja fyrir tveir línukostir um jarðir í Efríbyggð í gamla Lýtingsstaðarhreppi. Ekki var gengið yfir efra úttektarsvæðið, línukost B1, í landi jarðarinnar Mælifellsár syðri, einungis hið neðra (sem kallast A1 jarðstrengur). Erfitt er að segja til um hvort að einhverjar fornleifar séu innan áhrifasvæðis línukosts B1 án upplýsinga heimildamanns sem og vettvangsvinnu. Við yfirferð loftmynda fundust engar augljósar minjar innan þessa svæðis. Aðalskráning fornleifa hefur ekki farið fram í Skagafirði með skipulögðum hætti en svæðisskráning (heimildaúttekt) er til yfir þetta svæði. Samkvæmt henni má ætla að 34 fornleifar séu innan landamerkja jarðarinnar. Ekki er hægt að segja neitt um það með vissu hvort minjar séu innan þessa svæðis né heldur hversu margar þær eru. Ef til framkvæmda á þessum línukosti kemur er þörf á deiliskráningu fornminja á þeim kafla sem enn hefur ekki verið kannaður á vettvangi. Minjar innan línukosts (A1 jarðstrengur) eru í fornleifaskrá framar í skýrslunni en þar fékkst leyfi til vettvangsvinnu líkt og áður sagði.

EY-231 Hólar

20 hdr. 1712. Eign biskupstólsins á Hólum.

1461: Í eignarskrá Miklagarðskirkju í Eyjafirði (beint austan við Þverárdal) kemur fram að Þverárdalur sé eign kirkjunnar, þ.e. “Þverárdalur heim ath lamba badumegin” og er því ljóst að kirkjan hefur einnig átt það land á dalnum sem síðar tilheyrði Hólum. DI V, 312. Í bréfinu kemur einnig fram að Möðruvellir eiga ítölur í dalnum

3 Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl., 2001; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2008

4 Eva K. Dal, 2008

en samkvæmt bréfinu eiga þeir “halfan þriðja tog yxna manadar rekstur asaud fra þuera i oxnadal enn þar firir skulu þeir hallda vppi garde firir nedan...” DI V, 313.

1490: Bæjarins er getið í Fornbréfasafni í tólf manna dómi um kæru Odds Sigurðssonar til Björns Ásgrímssonar um að Björn hefði farið með hóp manna á heimili Odds á Hólum og misþyrmt Oddi, og gripið fé af honum DI VI, 699-700.

1510: Geldur Jón Jónsson Gottskalki biskup til fullrar eignar nokkrar jarðir fyrir brot sín og Rögnu Finnbogadóttur, þar á meðal Hóla. DI VIII, 328.

1520: Kemur fram í testamenti Gottskalks Nikulássonar á Hólum að stóllinn eigi Hólajörðina og hafi eignast hana fyrir sakfelli. Hún er þá metin á 20 hdr. DI VIII, 729.

1522: Kemur fram í Miklagarðskirkjumáldaga að kirkjan á enn Þverádal að Lambá beggja vegna Þverár. DI IX, 65-66.

1525: Bæjarins er getið sem eignar Hólastóls í Sigurðarregistri. DI IX, 301.

1550: Jörðin er talin upp sem meðal þeirra eigna Hólastóls sem seldar voru í tíð Jóns Arasonar og hún þá metin á 15 hdr. DI XI, 873.

1556: Til er kaupbréf fyrir jörðina en þá seldi Ásgrímur Einarsson sr. Bjarna Gíslasyni jörðina. DI XIV, 302-303. “Hólar eiga land frá Þveránni að Engimýri og tilheyrir jörðinni allur vesturkjálki Þverárdals, sem nefnst Hóladalur, og einnig megnið af Hólahólum.” Fornbýlið Torfagerði tilheyrði jörðinni. BE 1990, 508.

Ekki er föst ábúð á jörðinni.

Túnstærð 1917: 3,2 teigar. Sléttað tún 1/4. “Við heimreiðina er skógarreitir.” BE 1990, 508. “Hólar voru allgóð jörð. Oft var þar búið vel og farsælega, og venjulega eirðu bændur þar vel. Túnið var fremur gott og drjúgar slægur uppi á dalnum.” Mannfellirinn mikli, 28.

#### EY-231:007\_1 Hólasel tóft+garðlag beitarhús

A 522717 N 564958

“Yzt í Hálsinum er í Dalsmynninu eru tóftarbrott nefnd Hólasel eða Hólabeitarhús” segir í örnefnaskrá. “Tóftirnar eru um 560 m suðaustan við bæ 001 en um 250 m innan (SSV) við Þverárgil (Lambá). Á Hólasei eru talsverðar minjar. Þar er þó aðeins ein skýr tóft 007\_1 en auk hennar er a.m.k. tvöfaldur vallargarður (007\_2 og 007\_3) og mögulegt að þriðja garðlagið 007\_4 kunni að tengjast selinu sem og tóft 007\_5 á milli ytri vallargarðs 2 og meints garðlags 4. Selið sést vel, milli vallargarðanna tveggja er stæðilegur melhóll með hraunnibbu upp úr toppinum. Umfang vallargarða er mikið og minnir talsvert á býlisrústir fyrri alda. Við úrvinnslu skráningar Blöndulínu 3 árið 2020 fannst aðhald við hólbrún, skammt sunnan við tóft 007\_5. Séu allar þessar minjar taldar saman er minjasvæðið um 200 m á kant. Alls eru því sex minjaeiningar sem falla hér undir.




Hólasel EY-231:007, horft til norðurs.

Umhverfis er talsvert flatlendi í halla til norðurs. Tún hafa verið ræktuð í hlíðinni, alveg að minjunum.

Hér hefst lýsingin á einu skýru tóftinni sem er í miðjum innri vallargarðinum. Tóftin er 16 X 8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún skiptist í a.m.k. þrjú hólf. Syðst er lítið hólf, um 3 X 3 m að innanmáli. Op er á því á miðjum suðurvegg. Norðan við það er annað hólf stærra. Það er 5 X 3 m að innanmáli og op er á miðjum norðurvegg þess. Þriðja hólf snýr þvert á hin tvö eða nokkurn veginn austur-vestur. Það er 5-6 X 2 m að innanmáli og ekki eru önnur op á því en það sem liggur yfir í miðjuhólfið. Tóftin er á dálítilli hæð sem er 23 X 12 m stór. Talsvert þýft er á henni og má vel vera að þar leynist fleiri hólf og talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Engar grjóthleðslur eru í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skrið, 124



Uppmæling af Hólasei EY-231:007.

**EY-231:007\_2** garðlag túngarður

A 522705 N 564908

Ytri vallargarðurinn afmarkar svæði sem er 117 x 98 m stórt og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Hann er minnst um 10 m frá þeim innri en mest um 40 m frá. Hann er torfhlaðinn og fremur heillegur nema helst hluti af vesturhlið, þar er rof en mögulega gæti þar einnig hafa verið op. Túngarðurinn er 126 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-231:007\_3** garðlag túngarður

A 522705 N 569978

Rústahóllinn sem tóft 1 er á er byggður fast við norðausturhlið innri vallargarðsins. Sá vallargarður afmarkar svæði sem er 62 X 62 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er torfhlaðinn, grasi vaxinn og fremur skýr nema á stuttum kafla að NNV þar sem hann er hlaupinn í þúfur. Heillegastur er garðurinn í námunda við tóftina þar sem hann nær 0,4 m hæð. Garðruinn er 150 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**EY-231:020** náma mógrafir

A 522449 N 564872

Greinilegar mógrafir eru á hálsinum ofan við bæ 001. Þær eru um 520 m SSA við bæ 001 en um 190 m vestan við Hólasel 007. Grafirnar eru fast vestan við framræst tún og eru 23 m austan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Grafirnar eru í deiglendi en vestan við taka við framræst tún. Allt umhverfis er talsvert af melhólum.

Grafirnar eru 55 X 40 m stórar og snýa NNA-SSV. Þær eru vel greinilegar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**EY-231:024** tóft óþekkt

A 522496 N 564793

Tóft er um 80 m sunnan við mógrafir 020 og um 180 m suðvestan við ristu 012. Hún er 32 m austan við miðlínu Blöndulínu 3. Hlutverk hennar er óþekkt.


Tóftin er í smáþýfðum en nokkuð blautum móa ofan (norðvestan) við framræsta mýri og er skurður fast norðvestan við. Tóftin sem er vel gróin og áberandi mikið um elftingu á henni og í kring. Ofan (suðaustan) við tóft eru háir melhólar.

Tóftin er um 12 x 6 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Lag tóftar minnir óljóst á skálatóft en skálar höfðu sveigðar langhliðar og mjókkudu lítilliga til endanna. Tóftin er hinsvegar orðin mjög óskýr og hlaupin í þúfur en líklega hefur verið op í norðausturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést í grjóti í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft EY-231:024, horft til norðurs.*



*Uppmæling af tóft EY-231:024.*

EY-265 Garðshorn

20 hdr. 1712. Hólastólsjörð.

1550: Garðshorn et meðal Hólastólsjarða með 1 kúgildi. DI XI, 867.

1551: Gefinn vitnisburður um að Einar Hafliðason hafi selt Jóni Arasyni undir Hóladómkirkju “iordina Gardshorn i Horgardal i Bæissaar kirkjusokn. fyrir xc. iord sem Einare likade. Enn fyrir halfa þessa iord Gardzhorn lofode biskup Jon lata kenna syne hans Stulla Einarssyne til prestz. Enn medan iord þesse være ecki greidd. lofode

biskupenn Einare. x. aurum a hvoriu are. hafa þetta verid vel. xx. ar sidan þessi giorningur fram for. og hefer Einar optlega hier um talad þessa iord hia biskup Jone ætte hann og ekki fenget.” DI XII, 260.

1553: Staðfestir Kristján III veitingu Garðshorns með 1 hdr landskuld og 5 leigukúgildum til upphalds skólameistara á Hólum. DI XII, 527.

1569: “Med Gardzhorni landsk. .i. .c. med tijundum kug. .v.” meðal skólajarða í Hólastólsreikningi. DI XV, 227.

1569: gerði Björn Gíslason Sigurði Jónssyni reikningskap “at med skolameistara rentu iordum og einne lokatz iordu sem Gardzhorn heiter væri eigi meir en xl oc v kugilldi” DI XV, 335.

1570: Eru 5 kúgildi með Garðshorni, Hólastólsjörð. DI XV, 459.

1672: Lofar Gísli Þorláksson Hólabiskup sr. Böðvari Gíslasyni byggingarráðum yfir stólsins jörðu Garðshorni, þá hún verður að lögum aus með venjulegum skilmálum. Prestastefnudómar og Bréfabók Gísla Þorlákssonar, 326.

1676: Hefur Gísli Þorláksson gefið sr. Jóni Gunnlaugssyni byggingarráð yfir stólsins koti Garðshorni, landskuld 1 hdr, kúgildi 4 með skilmálum. Prestastefnudómar og bréfabók Gísla Þorlákssonar, 481.

Tvö Garðshorn í hreppnum. Ekki ljóst hvaða túnakort á við hvorn bæ. 1712: “Enginu spillir bæjarlækurinn sumstaðar með grjóts og sands áburði, þar með er það mjög votsókt, so að heyskapurinn verður þar fyrir stundum svipull, líka jetur vatnið allvíða úr rótina. Úthagarnir eru nokkurneginn sæmilega grösugir, en mjög litlir um sig.” JÁM X, 165. BE 1990: Gömlu heimatúnin eru ræktað á grýttu mólendi, en síðan hafa mýrarnar neðan bæjarins verið ræktaðar til túns og meirihluti túnanna í Garðshorni framræst mýrlendi.

**EY-265:006** hleðsla heimarafveita

A 528527 N 575503

Ofan við gamla bæinn (001) og 150-200 m suðaustan við útihúsamstæðuna sem nú stendur eru tveir hólur sem liggja norður-suður og er heimarafstöð austan í þeim syðri. Rafstöðin er 80 m vestan við miðlínu Blöndulínu 3. Hóllinn er mjög grösugur.

Heimarafstöðin var gerð í kring um 1930. Þá var hlaðið ferhyrnt hól á hólum og steypur kassi vestast í því og úr honum grafinn skurður heim að bæ. Hleðslurnar eru nokkuð breiðar og eru mest 27 m að lengd en 7 m að breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-265:007** tóft rétt


A 528714 N 575548

Fast neðan við hlið á fjallgirðingu er rétt. Réttin er u.þ.b. 220 m beint ofan við hesthúsið (EY-265:004). Hún er um 5 m norðan við Garðshornslæk.


Tóftin er á grösugu og svoltið þýfðu svæði. Ofar taka við móar og rakt svæði, mjög þýft.

Tóftin er alveg grjóthlaðin. Hún er 15 X 11 m að stærð og tvískipt. Op er á vesturhlið hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Upprätt teikning af rétt SK-265:007.



Upprätt teikning af rétt EY-265:012.

**EY-265:012** tóft rétt

A 528502 N 575130

Tóft er um 475 m SV við rétt EY-265:007.

Tóftin er í stórrí laut, sléttur grasbali er ofan við hana en framan við er stórþýft og lyngi vaxið. Neðan við lautina til norðvesturs er mýrlent.

Tóftin virðist skiptast í tvö hól en það fremra (norðvestara) (II) er hlaupið í þúfur og er ógreinilegt. Alls er tóftin um 10 x 7 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið í SA endanum (I) er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Veggir þess hólfs eru einnig að hluta hlaupnir í þúfur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4m utanmáls. Hólf (II) er um 4 x 2 m og snýr eins og (I). Ekki er skýrt hvar inngangur hefur verið á tóft. Líklegt að hlutverk tóftar sé

stekkur eða rétt.

**Hættumat:** hættu, vegna framkvæmda